ALÞINGI 1958

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Árið 1958, föstudaginn 10. október, var sjötugasta og áttunda löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það sextugasta og fyrsta aðalþing í röðinni, en nítugasta og þriðja samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni kl. 1.30 miðdegis. Séra Páll Þorleifsson, prófastur að Skinnastað, sté í stólinn og lagði út af V. Mós. 11.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir þingmenn voru til þings komnir:

1. Alfreð Gíslason, 1. landsk. þm.
2. Ágúst Þorvaldsson, 1. þm. Árn.
3. Áki Jakobsson, þm. Siglf.
4. Ásgeir Bjarnason, þm. Dal.
5. Benedikt Gröndal, 5. landsk. þm.
6. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
7. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
8. Björgvin Jónsson, þm. Seyðf.
9. Björn Jónsson, 8. landsk. þm.
10. Björn Ólafsson, 2. þm. Reykv.
11. Eggert Þorsteinsson, 4. þm. Reykv.
12. Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv.
13. Eiríkur Þorsteinsson, þm. V-Ísf.
14. Emil Jónsson, þm. Hafnf.
15. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S-M.
16. Friðjón Skarphéðinsson, þm. Ak.
17. Gísli Guðmundsson, þm. N-Þ.
18. Gunnar Jóhannsson, 6. landsk. þm.
19. Gunnar Thoroddsen, 6. þm. Reykv.
20. Gylfi Þ. Gíslason, 3. landsk. þm.
21. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M.
22. Halldór E. Sigurðsson, þm. Mýr.
23. Hannibal Valdimarsson, 7. þm. Reykv.
24. Hermann Jónasson, þm. Str.
25. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Rang.
26. Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv.
27. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
28. Jón Kjartansson, þm. V-Sk.
29. Jón Pálmason, þm. A-Húnv.
30. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
31. Lúðvík Jósefsson, 2. þm. S-M.
32. Magnús Jónsson, 2. þm. Eyf.
33. Ólafur Björnsson, 9. landsk. þm.
34. Ólafur Thors, þm. G-K.
35. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N-M.
36. Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk.
37. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
38. Ragnhildur Helgadóttir, 8. þm. Reykv.
39. Sigurður Ágústsson, þm. Snæf.
40. Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf.
41. Sigurður Ó. Ólafsson, 2. þm. Árn.
42. Sigurvin Einarsson, þm. Barð.
43. Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv.
44. Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf.
45. Sveinbjörn Högnason, 2. þm. Rang.

Framantaldir þingmenn voru allir á fundi.

Ókomnir til þings voru:

1. Finnbogi R. Valdimarsson, 4. landsk. þm.
2. Friðjón Þórðarson, 11. landsk. þm.
3. Guðmundur Í. Guðmundsson, 7. landsk. þm.
4. Karl Guðjónsson, 2. landsk. þm.
5. Karl Kristjánsson, þm. S-Þ.
6. Kjartan J. Jóhannsson, þm. Ísaf.
7. Pétur Pétursson, 10. landsk. þm.

Forseti Íslands setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, kom forseti Íslands, Ásgeir Ásgeirsson, inn í salinn og gekk til ræðustóls.

Forseti Íslands (Ásgeir Ásgeirsson): Hinn 1. okt. s. l. var gefið út svo hljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að reglulegt Alþingi 1958 skuli koma saman til fundar föstudaginn 10. okt. 1958.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lok-

inni guðsþjónustu í dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gert í Reykjavík, 1. okt. 1958.

Ásgeir Ásgeirsson.

Hermann Jónasson."

Samkvæmt því bréfi, er ég hef nú lesið, lýsi ég yfir því, að Alþingi Íslendinga er sett.

Frá því er Alþingi var stofnað, eru nú 1028 ár, frá því er Alþingi var endurreist og kom saman af nýju fyrir 113 árum, er þetta 93. samkoma þess, en frá því það fékk aftur löggjafarvald fyrir 84 árum, er þetta þing hið 78. í röðinni, en 61. aðalþing.

Ágætur maður, sem heimsótti Ísland fyrir nokkrum árum, taldi Íslendinga búa á yztu þröm hins byggilega heims. Sjálfir kvörtum við ekki, en teljum legu landsins góða, m. a. vegna fiskisældar og friðsældar. Íslandsálar eru djúpir og greina landið glögglega frá öðrum þjóðlöndum. Það er sannmæli, að Ísland byrji, áður en það rís úr sæ, og „landsbrún" heitir frá fornu fari það, sem vér nú köllum landgrunn. Landkostir hafa jafnan verið hálfir í sjó, og sjávaraflinn, sem er erlendur gjaldeyrir vor, gerir það kleift að halda uppi nútímamenningu á þessari „yztu þröm".

Það er tækni nútímans, sem gerir oss kleift að njóta landsins gæða í ríkum mæli, bæði til lands og sjávar. En jafnframt veldur hin sama tækni vaxandi ágangi og ofveiði á fiskimiðum. Frá byrjun togaraaldar og til skamms tíma hafa Íslendingar búið við 50 ára samning við Breta um þriggja mílna landhelgi. Þennan samning héldu Íslendingar vel, og vita þó allir, sem muna aftur til síðustu aldamóta, hve þungum búsifjum hann olli íslenzkum fiskimönnum.

Það þarf því engan að undra, að Íslendingar höfðu mikinn viðbúnað til þess að endurheimta gömul fiskimið, þegar samningurinn rann út, og kæmi ekki til hugar, að tímabundinn samningur ynni hefð. Að þessum undirbúningi hefur verið unnið dyggilega af ríkisstjórnum og sérfræðingum þeirra í rúm 10 ár og málið flutt á vettvangi hinna Sameinuðu þjóða. Það hefur verið sýnt fram á algera sérstöðu Íslendinga um fiskveiðar, ofveiði, og saga íslenzkrar landhelgi rakin. Fram undan er nú sívaxandi tækni í fiskveiðum og fljótandi fiskiðjuver. Öllum er kunnugt um afleiðingar ofveiðinnar í Norðursjó, við Skotlandsstrendur og Færeyjabanka. Íslendingar vilja ekki bíða aðgerðarlausir sama örreytis á sínum fiskimiðum. Þeir hafa flutt mál sitt á alþjóðavettvangi í þeirri von, að settar yrðu alþjóðareglur um víðáttu landhelgi og að viðurkennd væri sérstaða þeirra strandríkja, sem byggja afkomu sína að mestu á fiskveiðum. En sú von hefur brugðizt til þessa. Þar fyrir hefur mikið áunnizt um skilning á sérstöðu Íslands. Það hefur verið gengið frá hinni gömlu kenningu um þriggja mílna fallbyssulandhelgi dauðri, og hugsunarháttur í landhelgismálum er gerbreyttur. Mest er það þó enn þá í orði og minna í framkvæmd.

Hér er eins og oftar beitt þófi, þegar hagsmunir rekast á og fámennar þjóðir vilja rétta sinn hag. En það ætti öllum að vera orðið ljóst, að meðan engar alþjóðareglur eru settar, munu þau ríki, sem afskipt eru um fiskveiðalandhelgi, halda áfram að taka sér sjálfdæmi. Landhelgisdeilur eru engin nýjung og hafa stundum orðið býsna langdregnar. En breyttur hugsunarháttur og vaxandi alþjóðasamstarf ætti nú að geta gert þessar deilur stuttar. Til þess eru samtök þjóðanna að leysa knýjandi viðfangsefni með sanngirni á friðsamlegan hátt.

Íslendingar sætta sig ekki lengur við þóf um ófyrirsjáanlegan tíma. Reglugerðin um 12 mílna landhelgi gekk í gildi 1. sept. s. l. Við undrumst það ekki sérstaklega, þó að ýmsir hrykkju við af þessum tíðindum. Einn árangurinn mætti verða sá að vekja aðrar þjóðir til þess að sinna hinni aðkallandi nauðsyn strandríkja um fiskveiðar og láta ekki dragast úr hömlu að setja alþjóðalög, þar sem engin eru til, og forðast þannig hættulega árekstra í framtíðinni. Er þetta eitt af hinum sjálfsögðu viðfangsefnum hinna Sameinuðu þjóða, og Íslendingar hafa nú öðru sinni lagt til, að hinar Sameinuðu þjóðir leiddu landhelgismálin í heild sinni til lykta.

Það hnykkti að vísu ýmsum við, þegar hin nýja fiskveiðareglugerð gekk í gildi, en þó engum meir en Íslendingum sjálfum. Það mun vera í fyrsta skipti, sem herflota er beitt gegn stækkun fiskveiðalandhelgi, þegar Bretar sendu herskip sín veiðiskipum til trausts og halds innan íslenzkrar landhelgi. Vér höfum vænzt þess að njóta fisksældar og friðsældar, sem fylgt hefur legu landsins í miðju Norður-Atlantshafi, og gerðum ráð fyrir því, ef einhver teldi brotin á sér lög, að þá mundi það mál sótt á alþjóðavettvangi. Sjálfir höfum vér verið vopnlaus þjóð um margar aldir og ætlum oss engan hlut í vopnaviðskiptum. En Bretar hafa að sinni kosið sér vopnað sjálfdæmi um hagsmunaágreining við bandalagsþjóð. Ég harma það, að góðir og gamlir nágrannar skuli „svo mikla ógæfu saman eiga". En gott tækifæri hafa Bretar til að hætta þessum hættulega leik nú, þegar hinar Sameinuðu þjóðir taka málin í heild aftur til athugunar. Um hitt standa allir Íslendingar saman sem einn maður, að hvorki herfloti Breta né nokkur annar herskapur verður látinn ráða þessum málum til lykta, hverju sem fram vindur.

Það er vá fyrir dyrum, ef Bretar halda uppteknum hætti, og vaxandi nú, þegar vetur gengur í garð og með auknum bátaflota á vertíð. Íslenzk varðskip hafa farið með löndum af varfærni og þó með festu. Þjóðin fagnar einróma drengilegri framgöngu í landhelgisgæzlunni, og mættum vér, sem sitjum öruggir í landi, hafa meir það fordæmi, bæði í umræðum og í orðbragði. Þjóðareining þolir ekki sífelldar hnippingar á gamla flokksvísu. Það verður jafnan nokkur ágreiningur um aðferðir, þó að markið sé eitt. En á alvöru- og úrslitastundum verður þjóðareiningin að skyggja á allt slíkt.

Að svo mæltu óska ég og vona, að Alþingi og ríkisstj. beri gæfu til að leiða vandamál og

viðfangsefni þjóðarinnar svo til lykta, að afkoma hennar, öryggi og heiður verði tryggður á komandi árum.

Að svo mæltu bið ég alþingismenn að minnast ættjarðarinnar með því að rísa úr sætum.

[Þingheimur stóð upp, og forsætisráðherra, **Hermann Jónasson,** mælti: „Heill forseta vorum og vorri þjóð. Ísland lifi.“ Var tekið undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú aldursforseta að stjórna fundi, þar til kosning forseta sameinaðs þings hefur farið fram.

Tók forseti Íslands sér síðan sæti í þingsalnum, en aldursforseti, Jóhann Jósefsson, þm. Vestm., gekk til forsetastóls og tók við fundarstjórn.

Minning Sigurjóns Þ. Jónssonar.

Aldursforseti (JJós): Hæstv. forseti lýðveldisins. Háttvirtu alþingismenn. Frá því er síðasta Alþingi sleit, hefur einn fyrrv. alþm. látizt, Sigurjón Þ. Jónsson, fyrrv. bankastjóri. Hann lézt í sjúkrahúsi hér í bæ 24. júlí s. l., áttræður að aldri.

Sigurjón Þorgrímur Jónsson fæddist 27. júní 1878 í Efra-Lýtingsstaðakoti í Tungusveit í Skagafirði. Foreldrar hans voru Jón bóndi þar og síðar á Stóru-Seylu Jónsson og kona hans, Björg Pétursdóttir bónda að Reykjum í Tungusveit Bjarnasonar. Hann lauk stúdentsprófi í Reykjavík árið 1901, var einn vetur kennari við gagnfræðaskólann á Akureyri, en sigldi því næst til Kaupmannahafnar og hóf þar verkfræðinám. Á árinu 1905 hvarf hann aftur heim til Íslands, var kennari við Flensborgarskólann 1905—1906, við barna- og unglingaskólann á Ísafirði 1906—1910 og skólastjóri þar 1910—1915. Hann starfaði að útgerð á Ísafirði 1915—1917 og aftur á árunum 1920—1926, en var hafnargjaldkeri í Reykjavík 1918—1920. Árið 1926 gerðist hann bankastjóri við útibú Landsbanka Íslands á Ísafirði og gegndi því starfi til ársins 1937. Eftir það dvaldist hann eitt ár í Kaupmannahöfn, en bjó síðan á Helgafelli á Seltjarnarnesi til dauðadags.

Sigurjón Þ. Jónsson sinnti fleiri trúnaðarstörfum en hér voru talin. Á Ísafirði var hann umboðsmaður Brunabótafélags Íslands 1920—1937, afgreiðslumaður Eimskipafélags Íslands 1920—1927, var formaður fasteignamatsnefndar við matið 1930 og átti mörg ár sæti í bæjarstjórn. Eftir að hann fluttist að Helgafelli, var hann oddviti Seltjarnarneshrepps á árunum 1938—1946, starfaði sem trúnaðarmaður hjá hlutafélaginu Kol & Salt í Reykjavík, átti sæti í stjórn þess félags 1938—1943 og var framkvæmdastjóri þess um skeið. Hann var trúnaðarmaður Landsbanka Íslands hjá hlutafélaginu Alliance 1939—1941 og átti síðar sæti í stjórn þess félags. Eftir 1940 var hann um hríð endurskoðandi Eimskipafélags Íslands og meðstjórnandi Fiskifélags Íslands. Þingmaður Ísafjarðarkaupstaðar var hann á árunum 1924—1927, sat á fjórum þingum.

Sigurjón Þ. Jónsson gætti í hvívetna ýtrustu reglusemi í störfum, var röggsamur skólastjóri og árangur af kennslu hans mjög rómaður. Samvizkusemi hans við bankastjórn og sveitarstjórn var við brugðið, og á sama veg mun hann hafa reynzt í þeim störfum öðrum, sem honum var til trúað. Hann var afkastamikill starfsmaður, reikningsglöggur og forsjáll. Í starfi sínu á Ísafirði sinnti hann einkum kennslumálum og útvegsmálum, og á Alþingi átti hann sæti í sjávarútvegsnefnd og menntamálanefnd.

Sigurjón Þ. Jónsson var fyrirmannlegur í fasi, gæddur ríkum skapsmunum, en kunni að stilla þeim í hóf. Hann var trygglyndur og hollráður vinum sínum og átti ást og virðingu nemenda sinna. Mál sitt flutti hann af einurð og festu. Tvo síðustu áratugi ævinnar naut hann sín ekki að fullu sökum heilsubrests.

Ég vil biðja hv. þingheim að minnast Sigurjóns Þ. Jónssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Fundi frestað.

Mánudaginn 13. okt. var fundinum fram haldið. Voru nú allir þingmenn komnir til þings nema Guðmundur Í. Guðmundsson, 7. landsk. þm., og Kjartan J. Jóhannsson, þm. Ísaf. Hannibal Valdimarsson, 7. þm. Reykv., hafði boðað veikindaforföll, og Jóhann Jósefsson, þm. Vestm., var fjarstaddur vegna utanferðar.

Kosning forseta.

Aldursforseti, sem nú var Páll Zóphóníasson, lét fram fara kosningu forseta sameinaðs Alþingis. Kosningu hlaut

Emil Jónsson, þm. Hafnf.,

með 28 atkv. — Jón Pálmason, þm. A-Húnv., hlaut 15 atkv.

Hinn kjörni forseti lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosinn var

Gunnar Jóhannsson, 6. landsk. þm.,

með 29 atkv. — 16 seðlar voru auðir.

Þá fór fram kosning annars varaforseta, og hlaut kosningu

Karl Kristjánsson, þm. S-Þ.,

með 28 atkv. — 18 seðlar voru auðir.

Kosning skrifara.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar, og var á A-lista SkG, en á B-lista FÞ. — Þar sem ekki voru tilnefndir fleiri en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv., og
Friðjón Þórðarson, 11. landsk. þm.

Kjörbréfanefnd.

Loks fór fram kosning kjörbréfanefndar. Fram komu tveir listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Gísli Guðmundsson (A),
Bjarni Benediktsson (B),
Áki Jakobsson (A),
Alfreð Gíslason (A),
Friðjón Þórðarson (B).

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi Sþ., 14. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu hverrar nefndar komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárveitinganefnd.

Halldór Ásgrímsson (A),
Pétur Ottesen (B),
Karl Kristjánsson (A),
Karl Guðjónsson (A),
Jón Kjartansson (B),
Friðjón Skarphéðinsson (A),
Halldór E. Sigurðsson (A),
Magnús Jónsson (B),
Sveinbjörn Högnason (A).

2. Utanríkismálanefnd.

Aðalmenn:
Gísli Guðmundsson (A),
Ólafur Thors (B),
Steingrímur Steinþórsson (A),
Emil Jónsson (A),
Bjarni Benediktsson (B),
Finnbogi R. Valdimarsson (A),
Sveinbjörn Högnason (A).

Varamenn:
Páll Zóphóníasson (A),
Jóhann Jósefsson (B),
Halldór Ásgrímsson (A),
Gylfi Þ. Gíslason (A),
Björn Ólafsson (B),
Einar Olgeirsson (A),
Halldór E. Sigurðsson (A).

3. Allsherjarnefnd.

Eiríkur Þorsteinsson (A),
Jón Sigurðsson (B),
Ásgeir Bjarnason (A),
Benedikt Gröndal (A),
Björn Ólafsson (B),
Alfreð Gíslason (A),
Steingrímur Steinþórsson (A).

Þingfararkaupsnefnd.

Á sama fundi var tekin til meðferðar kosning þingfararkaupsnefndar.

Fram komu tveir listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Kosningu hlutu því án atkvgr.:

Eiríkur Þorsteinsson (A),
Jón Pálmason (B),
Gunnar Jóhannsson (A),
Pétur Pétursson (A),
Kjartan J. Jóhannsson (B).

B.

Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi var fyrsti fundur efri deildar settur af Páli Zóphóníassyni, 1. þm. N-M., sem gegndi störfum aldursforseta vegna fjarveru Jóhanns Jósefssonar, þm. Vestm. Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Alfreð Gíslason, 1. landsk. þm.
2. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
3. Björgvin Jónsson, þm. Seyðf.
4. Björn Jónsson, 8. landsk. þm.
5. Eggert Þorsteinsson, 4. þm. Reykv.
6. Finnbogi R. Valdimarsson, 4. landsk. þm.
7. Friðjón Skarphéðinsson, þm. Ak.
8. Friðjón Þórðarson, 11. landsk. þm.
9. Gunnar Thoroddsen, 6. þm. Reykv.
10. Hermann Jónasson, þm. Str.
11. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
12. Jón Kjartansson, þm. V-Sk.
13. Karl Kristjánsson, þm. S-Þ.
14. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N-M.
15. Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf.
16. Sigurður Ó. Ólafsson, 2. þm. Árn.
17. Sigurvin Einarsson, þm. Barð.

Allir þingdeildarmenn voru á fundi nema Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Karl Kristjánsson og Sigurð Ó. Ólafsson.

Kosning forseta og skrifara.

Þá var gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.,

með 11 atkv. — Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf., hlaut 5 atkv.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Friðjón Skarphéðinsson, þm. Ak.,

með 10 atkv. — 6 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Alfreð Gíslason, 1. landsk. þm.,

með 11 atkv. — 5 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var KK, á B-lista SÓÓ. — Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Karl Kristjánsson, þm. S-Þ., og
Sigurður Ó. Ólafsson, 2. þm. Árn.

Sætaskipun.

Forseti (BSt): Samkvæmt þingsköpum ber að hluta um sæti deildarmanna. Það má samþykkja um það afbrigði frá þingsköpum. Er tillaga um það? (**Gripið fram í:** Já.) Það er tillaga um að veita þau afbrigði frá þingsköpum, að þingmenn sitji eins og þeir hafa tekið sér sæti.

ATKVGR.

Afbrigði um sætaskipun samþ. með 13 shlj. atkv.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 14. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram tveir listar, og var hverju sinni stungið upp á jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.
Bernharð Stefánsson (A),
Gunnar Thoroddsen (B),
Eggert Þorsteinsson (A),
Björn Jónsson (A),
Jóhann Jósefsson (B).

2. Samgöngumálanefnd.
Sigurvin Einarsson (A),
Jón Kjartansson (B),
Friðjón Skarphéðinsson (A),
Björgvin Jónsson (A),
Sigurður Bjarnason (B).

3. Landbúnaðarnefnd.
Páll Zóphóníasson (A),
Friðjón Þórðarson (B),
Finnbogi R. Valdimarsson (A),
Sigurvin Einarsson (A),
Sigurður Ó. Ólafsson (B).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Björgvin Jónsson (A),
Jóhann Jósefsson (B),
Björn Jónsson (A),
Eggert Þorsteinsson (A),
Sigurður Bjarnason (B).

5. Iðnaðarnefnd.
Björgvin Jónsson (A),
Gunnar Thoroddsen (B),
Eggert Þorsteinsson (A),
Björn Jónsson (A),
Jóhann Jósefsson (B).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Karl Kristjánsson (A),
Friðjón Þórðarson (B),
Alfreð Gíslason (A),
Eggert Þorsteinsson (A),
Sigurður Ó. Ólafsson (B).

7. Menntamálanefnd.
Sigurvin Einarsson (A),
Gunnar Thoroddsen (B),
Friðjón Skarphéðinsson (A),
Finnbogi R. Valdimarsson (A),
Sigurður Ó. Ólafsson (B).

8. Allsherjarnefnd.
Páll Zóphóníasson (A),
Friðjón Þórðarson (B),
Friðjón Skarphéðinsson (A),
Björn Jónsson (A),
Jón Kjartansson (B).

C.

Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur af aldursforseta, Jóni Sigurðssyni, 2. þm. Skagf., að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi. Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Ágúst Þorvaldsson, 1. þm. Árn.
2. Áki Jakobsson, þm. Siglf.
3. Ásgeir Bjarnason, þm. Dal.
4. Benedikt Gröndal, 5. landsk. þm.
5. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
6. Björn Ólafsson, 2. þm. Reykv.
7. Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv.
8. Eiríkur Þorsteinsson, þm. V-Ísf.
9. Emil Jónsson, þm. Hafnf.
10. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S-M.
11. Gísli Guðmundsson, þm. N-Þ.
12. Guðmundur Í. Guðmundsson, 7. landsk. þm.
13. Gunnar Jóhannsson, 6. landsk. þm.
14. Gylfi Þ. Gíslason, 3. landsk. þm.
15. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M.
16. Halldór E. Sigurðsson, þm. Mýr.
17. Hannibal Valdimarsson, 7. þm. Reykv.
18. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Rang.
19. Jóhann Hafstein, 5. þm. Reykv.
20. Jón Pálmason, þm. A-Húnv.
21. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
22. Karl Guðjónsson, 2. landsk. þm.
23. Kjartan J. Jóhannsson, þm. Ísaf.
24. Lúðvík Jósefsson, 2. þm. S-M.
25. Magnús Jónsson, 2. þm. Eyf.
26. Ólafur Björnsson, 9. landsk. þm.
27. Ólafur Thors, þm. G-K.
28. Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk.
29. Pétur Ottesen, þm. Borgf.
30. Pétur Pétursson, 10. landsk. þm.
31. Ragnhildur Helgadóttir, 8. þm. Reykv.
32. Sigurður Ágústsson, þm. Snæf.
33. Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv.
34. Steingrímur Steinþórsson, 1. þm. Skagf.
35. Sveinbjörn Högnason, 2. þm. Rang.

Allir þingdeildarmenn voru á fundi nema Guðmundur Í. Guðmundsson, 7. landsk. þm., og Kjartan J. Jóhannsson, þm. Ísaf., sem voru ókomnir til þings, og Hannibal Valdimarsson, 7. þm. Reykv., sem hafði boðað veikindaforföll.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Magnús Jónsson og Pál Þorsteinsson.

Kosning forseta og skrifara.

Var nú gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv.,
með 18 atkv. — Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf., hlaut 11 atkv.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M.,
með 19 atkv. — 12 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Áki Jakobsson, þm. Siglf.,
með 18 atkv. — 13 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var PÞ, en á B-lista MJ. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk., og
Magnús Jónsson, 2. þm. Eyf.

Sætaskipun.

Loks var hlutað um sæti deildarmanna samkvæmt þingsköpum, og fór sætahlutunin á þessa leið:

8. sæti hlaut Kjartan J. Jóhannsson,
9. — — Eiríkur Þorsteinsson,
10. — — Emil Jónsson,
11. — — Halldór Ásgrímsson,
12. — — Áki Jakobsson,
13. — — Benedikt Gröndal,
14. — — Pétur Pétursson,
15. — — Halldór E. Sigurðsson,
16. — — Steingrímur Steinþórsson,
17. — — Jón Pálmason,
18. — — Gísli Guðmundsson,
19. — — Ingólfur Jónsson,
20. — — Jón Sigurðsson,
21. — — Ásgeir Bjarnason,
22. — — Karl Guðjónsson,
23. — — Sigurður Ágústsson,
24. — — Jóhann Hafstein,
25. — — Gunnar Jóhannsson,
26. — — Ólafur Björnsson,
27. — — Björn Ólafsson,
28. — — Ragnhildur Helgadóttir,
29. — — Pétur Ottesen,
30. — — Ólafur Thors,
31. — — Bjarni Benediktsson,
32. — — Sveinbjörn Högnason,
33. — — Ágúst Þorvaldsson,
34. — — Skúli Guðmundsson.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 14. okt., var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram tveir listar, og var hverju sinni stungið upp á jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir þannig skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.
Skúli Guðmundsson (A),
Jóhann Hafstein (B),
Einar Olgeirsson (A),
Emil Jónsson (A),
Ólafur Björnsson (B).

2. Samgöngumálanefnd.
Eiríkur Þorsteinsson (A),
Jón Pálmason (B),
Karl Guðjónsson (A),
Páll Þorsteinsson (A),
Ingólfur Jónsson (B).

3. Landbúnaðarnefnd.
Ásgeir Bjarnason (A),
Jón Sigurðsson (B),
Gunnar Jóhannsson (A),
Ágúst Þorvaldsson (A),
Jón Pálmason (B).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Gísli Guðmundsson (A),
Pétur Ottesen (B),
Áki Jakobsson (A),
Karl Guðjónsson (A),
Sigurður Ágústsson (B).

5. Iðnaðarnefnd.
Ágúst Þorvaldsson (A),
Bjarni Benediktsson (B),
Emil Jónsson (A),
Pétur Pétursson (A),
Ingólfur Jónsson (B).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Steingrímur Steinþórsson (A),
Ragnhildur Helgadóttir (B),
Gunnar Jóhannsson (A),
Benedikt Gröndal (A),
Kjartan J. Jóhannsson (B).

7. Menntamálanefnd.
Páll Þorsteinsson (A),
Ragnhildur Helgadóttir (B),
Benedikt Gröndal (A),
Einar Olgeirsson (A),
Kjartan J. Jóhannsson (B).

8. Allsherjarnefnd.
Gísli Guðmundsson (A),
Bjarni Benediktsson (B),
Gunnar Jóhannsson (A),
Pétur Pétursson (A),
Björn Ólafsson (B).

Lagafrumvörp samþykkt.

1. Þingsköp Alþingis.

Á 16. fundi í Nd., 6. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis [40. mál] (stjfrv., A. 65).

Á 18. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Í 16. gr. l. nr. 115 frá 1936, um þingsköp Alþ., var svo ákveðið, að sameinað Alþingi skyldi kjósa utanríkismálanefnd, skipaða 7 mönnum, til utanrmn. skyldi vísa utanríkismálum, n. skyldi einnig starfa á milli þinga, og skyldi ríkisstj. ávallt bera undir n. utanríkismál, sem fyrir koma á milli þinga.

Þetta ákvæði frá 1936 var framkvæmt þannig um mörg ár, að ríkisstj. hafði um öll utanríkismál, sem einhverju máli skiptu, náið samstarf við utanrmn. Voru málin yfirleitt borin undir n. og rædd þar, og hún lét uppi um þau sitt álit, en ríkisstj. var auðvitað hverju sinni í sjálfsvald sett, að hve miklu leyti hún fór eftir þeim skoðunum, sem fram komu í n. Bera fundargerðir utanrmn. það með sér, að þar hafa verið tíðir fundir og utanríkismál yfirleitt rædd þar.

Árið 1951 var sú breyt. gerð á 16. gr. þingskapanna, að kjósa skyldi þrjá menn innan utanrmn. í sérstaka undirnefnd. Þingið skyldi eftir sem áður vísa málum, sem undir utanríkismál heyrðu, til utanrmn. til meðferðar, en utanrmn. skyldi sjálf ekki lengur vera til samstarfs og samráðs við ríkisstj., heldur átti þessi þriggja manna n. að gera það, bæði á þingtíma og utan þingtíma.

Reynslan af þessari breyt. hefur orðið sú, að því er utanrmn. sjálfa varðar, að síðan 1951 hefur n. naumast leyst önnur störf af hendi en kjósa sér formann og ritara og kjósa þessa þriggja manna undirnefnd. Hafa sjaldan verið haldnir í n. nema tveir fundir á ári. Á öðrum fundinum hafa formaður og ritari verið kosnir, á hinum fundinum hefur undirnefndin verið kosin. Hafi utanrmn. haldið fundi utan þessara tveggja, þá hefur það eingöngu verið til þess að afgreiða till., sem til hennar hefur verið vísað frá hv. sameinuðu Alþingi.

Undirnefndin hefur átt að koma í staðinn fyrir aðalnefndina til samráðs og ráðuneytis fyrir ríkisstj. Ég hef athugað það í utanrrn., hvort nokkur skjöl eða skilríki finnist þar fyrir því, að hve miklu leyti samráð hefur verið haft við þessa þriggja manna undirnefnd, síðan hún var lögtekin, og ég hef ekki getað fundið þar nein skilríki fyrir því, að samráð hafi yfirleitt verið haft við þessa þriggja manna nefnd. Þar finnast engar fundargerðir og engin skjöl eða skilríki, sem benda til neins slíks samstarfs. Hygg ég þó, að eitthvert samráð hafi verið við þessa n. haft, en þá aðallega í formi þess, að ráðh. hefur rabbað við þessa nm., þegar honum hefur þótt ástæða til, án þess að haldnir hafi verið formlegir fundir eða nokkrar bókanir eða skilríki finnist fyrir því, að nokkuð hafi þar gerzt.

Þetta er að sjálfsögðu mjög óviðkunnanlegt og óþægilegt fyrirkomulag. Það er nauðsynlegt fyrir ríkisstj. á hverjum tíma að geta haft samráð við utanrmn. um viss utanríkismál, og það er nauðsynlegt að geta haft það samráð á sem breiðustum grundvelli, þannig að hægt sé að hafa samstarf og samráð við þingflokkana yfirleitt.

Til þess að ráða bót á þessu er frv. það, sem hér liggur fyrir til umræðu, fram borið og í því skyni, að l. verði færð aftur til sama horfs og þau voru fyrir 1951, þannig að nú beri að hafa samráð við utanrmn. í heild. Þegar breyt. var gerð 1951, var hún rökstudd með því, að ekki væri hægt að sýna kommúnistum þann trúnað að hafa samstarf við þá um viss viðkvæm utanríkismál. Menn gera sér fullkomna grein fyrir hinum alþjóðlega kommúnisma og gera sér alveg fullkomna grein fyrir því, hvaða samstarf er við þá hægt að hafa og hvaða trúnað er hægt að sýna þeim, og ef þetta frv. yrði samþykkt, eins og það liggur hér fyrir, þá verður það að sjálfsögðu að vera á mati utanrrh. hverju sinni, hvernig með þann trúnað skuli fara, og hann verður að haga sínum málflutningi við utanrmn. með hliðsjón af því, sem hann telur öruggt og heppilegt hverju sinni. Ætti að vera vandalaust að komast út af slíkum hlutum. Hitt er óheppilegt og getur ekki gengið svo til lengur, eins og verið hefur allar götur síðan 1951, að samráð við utanrmn. eða undirnefndina virðist naumast hafa verið til. Þessu frv. er, eins og ég sagði áðan, ætlað að ráða bót á því.

Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn.

Ólafur Thors: Herra forseti. Það er eins og hæstv. utanrrh. sagði, að árið 1951 gerði Alþ.

þá breyt. á þingsköpum varðandi skipan og starfshætti utanrmn., að n. skyldi velja úr sínum hóp 3 menn, sem væru sérstaklega ríkisstj. til aðstoðar um hin vandasamari mál.

Þetta frv. var flutt í samráði við þáv. ráðh. alla, en þá fóru með stjórn Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn undir forustu hv. 1. þm. Skagf., Steingríms Steinþórssonar. En frv. var á Alþ. samþ. með atkv. lýðræðisflokkanna svokölluðu. Það fór ekki dult, hver var tilgangurinn með þessu frv. Ég hef ekki athugað sjálfa grg. En ég var flm. frv. og hef auðvitað ekki farið dult með þá, hvað fyrir mér vakti, fremur en ella. Ég sagði eins og var, að það væri skoðun lýðræðisflokkanna, að ekki væri hægt að treysta kommúnistunum fyrir þeirri vitneskju í utanríkismálum, er ríkistj. þó væri neydd til eðli málsins samkvæmt að láta öðrum í té, þeim er á Alþ. eiga sæti. Með leyfi hæstv. forseta, byrja ég þá ræðu mína á þessa leið:

„Ég þarf ekki að fara um þetta mál mörgum orðum, vegna þess að í sjálfri grg. frv., stuttri eins og hún er þó, segir í raun og veru allt, sem segja þarf um málið. Þar er frá því skýrt, að ástæðan til þess, að farið er fram á breyt. á þingsköpunum varðandi skipan utanrmn., sé sú, að lýðræðisflokkarnir hafi ekki á undanförnum árum séð sér fært og sjái sér ekki heldur fært enn að sýna kommúnistum þann trúnað í utanríkismálum, sem þó er skilyrði þess, að hægt sé að hafa eðlilegt samstarf í utanrmn. um meðferð þessara mála, eins og í öndverðu var ætlazt til, þegar ákvæði þingskapa í þessum efnum voru sett. Nú er það engu að síður ósk ríkisstj. að geta samt sem áður ráðfært sig við nefnd utan ríkisstjórnar, jafnt hvort sem þing á setu eða ekki, um utanríkismálin og þá sérstaklega við þá menn, sem Alþ. hefur falið að fjalla um þessi mál."

Þetta er aðalefni málsins af minni hendi, og umræður hníga að langsamlega mestu leyti um þessa hugsun. Og eins og ég sagði, þá var þetta frv. þá samþ. með atbeina svonefndra lýðræðisflokka.

Nú er það rétt, að eftir að svokölluð vinstri stjórn, hæstv. núv. stjórn, tók við völdum, hefur ekki tekizt að fá kosna þessa undirnefnd. Í fyrra var hv. 1. þm. Skagf. formaður n. Við umboðsmenn Sjálfstfl. í n., hv. 1. þm. Reykv. og ég, bárum þá fram eindregna ósk, sem raunar áður hafði verið hreyft, um það, að nú yrði þessi undirnefnd kosin tafarlaust. Hv. form. n. mæltist undan því, en hét því, að n. skyldi kosin á næsta fundi utanrmn. Þessi hv. þm., form. n., gerði nú hvorugt að efna það heit né að svíkja það. Hann var ekki líklegur til að vilja svíkja sín ummæli frekar þá en ella. Hins vegar lágu atvik að því, að hann átti ekki auðvelt um vik að efna það og kaus þess vegna þann kostinn að kalla ekki saman neinn fund í n. eftir þetta. Við hreyfðum þessu nokkrum sinnum á þinginu, en á því fékkst engin leiðrétting.

Á fyrsta fundi n. nú var kosinn nýr formaður, hv. þm. N-Þ. Við bárum þá fram ósk og raunar kröfu um, að þessi undirnefnd yrði kosin, en hv. þm. kvaðst ekki geta orðið við þeirri ósk þá, en hét að athuga málið, og okkur skildist, að hann mundi vilja láta kjósa n. þegar á næsta fundi, þó að ég megi ekki fara með, að hann hafi gefið um það fyrirheit. En við skildum orð hans þannig, að honum fyndist þetta eðlilegt, og þjuggumst við því, að svo yrði. N. kom svo aftur saman á annan fund. Við ítrekuðum þá okkar kröfur og höfðum tilbúna skriflega grg., en formaður tók þá þann kostinn að fresta fundi, og grg. var ekki lögð fram með allra nm. samþykki.

Það orkar ekki tvímælis frá mínu sjónarmiði, að það sé skýlaus skylda að kjósa þessa nefnd og jafnvel helzt að kjósa hana á fyrsta fundi. Með leyfi hæstv. forseta, stendur svo í 16. gr. þingskapa, sem um þetta fjallar: „Til utanrmn. skal vísa utanríkismálum. Utanrmn. kýs úr sínum hópi með hlutfallskosningu þrjá menn til ráðuneytis ríkisstj. um utanríkismál, enda skal stjórnin ávallt bera undir þá slík mál, jafnt milli þinga sem á þingtíma."

Ég hygg, að enginn vefengi, að þegar hin nýja utanrmn. hefur verið kosin, falli niður umboð þessarar 3 manna n., sem áður var að verki, einnig vegna þess, að það er ekki trygging fyrir, að þeir, sem í henni áttu sæti, eigi sæti í þeirri utanrmn., sem hið nýja þing hefur kosið. Ef þessi nefnd samkvæmt þingsköpunum á að vera til ráðuneytis ríkisstj. um utanríkismál og enda skal ávallt bera undir þá n. slík mál, jafnt milli þinga sem á þingtíma, — ef þetta er ákveðið í þingsköpum, þá er það líka ákveðið, að um leið og utanrmn. sezt á laggirnar, þá kýs hún þessa nefnd. Það er ekki hægt að bera ávallt, eins og stendur í þingsköpunum, undir nefnd hin mest áríðandi mál, nema n. sé til. Það er þess vegna enginn vafi, að það er hugsun og vilji löggjafans, að um leið og utanrmn. kýs sér formann og ritara, þá kjósi hún einnig þessa undirnefnd.

Ég held þess vegna, að það sé ekki ofmælt, þó að staðhæft sé, að það sé beint brot á þingsköpunum að kjósa ekki þessa n. þegar í stað á fyrsta fundi. Hitt er náttúrlega augljóst mál, að það að láta líða svo ár eftir ár, að nefndin sé ekki kosin, er hreint brot á þingsköpunum, þannig að jafnvel þeir, sem tilhneigingu hefðu til að vefengja mín rök, geta auðvitað ekki komizt undan að viðurkenna það út af fyrir sig. Við skulum ekki vera að fara neitt leynt með hér fyrir hv. þingheimi, hver ástæða er til, að þessi undirnefnd hefur aldrei fengizt kosin. Það er ekki af því, að þessir menn, sem fara nú með þessi mál, hæstv. utanrrh. og hans félagar, séu svo rangsleitnir, að þeir út af fyrir sig vilji ekki fullnægja þessum einlægu tilmælum okkar, sem hafa alveg verið borin fram áreitnislaust. Ástæðan til, að n. hefur ekki fengizt kosin, er sú, að í n. eiga sæti þrír menn, eins og talað er um. Sjálfstfl. ræður einum manninum. Hann hefur 2 nm. af 7. Hverjir eiga þá hinir tveir að vera? Það verður ekki undan því komizt, meðan þeir flokkar skipa ríkisstj., sem nú gera það, að stærsti flokkur stjórnarinnar, nefnilega kommúnistarnir, ráði einum manninum. Fram hjá því verður ekki

komizt. En út á við má það ekki verða heyrinkunnugt, að kommúnistar fái sæti í þeirri þriggja manna nefnd, sem sérstaklega er til aðstoðar ríkisstj. um utanríkismál. Og það er vegna þess, að hæstv. utanrrh. og aðrir þeir menn, sem í hans nafni tala við umheiminn, segja umheiminum, að kommúnistarnir hafi alls engin áhrif á utanríkismál. Hann segir: Á meðan ég er hér, þá ræð ég, og ég þarf enga kommúnista til að ráðleggja mér, hvað ég á að gera. — Þetta er grímulaus myndin, eins og hún er.

Nú sjáum við, hvernig á að komast út úr vandanum. Það á ekki að reiða hnefann framan í kommúnistana og segja: Við kjósum tvo menn, framsóknarmann og Alþýðuflokksmann, í þessa n. Það á ekki að gera það. Það á ekki heldur að segja umheiminum frá því leyndarmáli, að kommúnistar eiga rétt á manni í þessa n. og mundu fá hann, ef nefndin væri kosin. Það á að stýra fram hjá vandanum með því að breyta þingsköpunum aftur. Rök hæstv. utanrrh. í þessum efnum voru ákaflega veigalítil. Hann sagði, að það hefði ekki almennt verið haft samráð við þessa þriggja manna n., en sagði þó, að ráðh. hefði ráðgazt við n., þegar honum hefði þótt nauður reka til eða atvik liggja að því, að það væri heppilegt. Og sannarlega er það satt. Ég hef ekki farið með utanríkismál á þessum tíma frá 1951, en ég þykist muna það, að þessi n. eða þeir, sem þá áttu að mæta fyrir hönd flokkanna, voru kvaddir til ráða undir margvíslegum kringumstæðum. Hvort um það er nokkuð bókað eða ekki, veit ég ekki. Það skiptir heldur engu aðalmáli. Aðalmálið var það, að stjórnin gat þá ráðgazt við menn, sem hún bar traust til og þóttist mega bera utanríkismálin undir, án þess að því fylgdi nokkur sérstök hætta.

Nú segir utanrrh.: Þetta er mjög umhendis allt saman, því að stjórnin verður að geta borið sig saman við alla flokkana. — Ja, því ekki það? Ef stjórnin vill bera sig saman við alla flokkana, þá getur hún líka borið sig saman við þann flokkinn, sem ekki ætti umboðsmann í þessari þriggja manna nefnd. Auðvitað gæti hún það. Hún getur borið sig saman, hvenær sem er, við alla utanrmn. Þetta er þess vegna bábilja, aðeins tyllirök til að leyna sannleikanum.

Við skulum játa, að það, sem hér er að ske, er það, að utanrrh. Íslands er í nafni ríkisstj. að lýsa yfir trausti á kommúnistunum. Hann er að lýsa yfir því, að hann sjálfur, forsrh. og aðrir ráðh. ríkisstj., þeir sem ekki eru taldir í Alþb., beri fullt traust til kommúnistanna. Hann lýsir yfir: Við þurfum enga þriggja manna nefnd, við þurfum hins vegar alla nefndina til að ráðgast við.

Þetta frv. er þess vegna og á að heita traustsyfirlýsing utanrrh. og forsrh. til kommúnista í utanríkismálum. Ég segi það að vísu, að ég veit orðið ekkert, til hvers ég ber mest og til hvers ég ber minnst traust í utanríkismálunum. Ég veit það orðið ekkert. Þetta er allt einn hrærigrautur. Það er ekki einu sinni fyrir gleggstu menn að gera sér grein fyrir, hver er hvað í þessu öllu. Ég hef langmesta tilhneigingu til að láta það alveg afskiptalaust, að hæstv. utanrrh. kemur inn í Alþ. og lýsir trausti á kommúnistunum í sambandi við utanríkismálin. Og mér finnst ekkert óeðlilegt, að hann geri það, eftir að kommúnistar hafa stjórnað stærsta utanríkismáli Íslands nú að undanförnu, þ. e. a. s. landhelgismálinu.

Það hefur að vísu verið talinn glæpur, þegar sjálfstæðismenn hafa sagt frá því, að þetta væri svona. Þá hefur blað forsrh. ráðizt á okkur fyrir það, að við værum að spilla landhelgismálinu með því að segja frá því, hverjir stýrðu förinni. En hins vegar, þegar blað sjútvmrh. hefur sagt, að hann væri hinn athafnamesti foringi í þessu máli, þá þorir enginn að blaka við hári á hans höfði. Þá er allur sá sannleikur látinn vera heilagur, sem er hreinasta og svartasta lygi, ef við segjum hann. Þetta er auðvitað á allra vitund. Til góðs eða ills hafa þeir stýrt förinni — og til ills frá mínu sjónarmiði. Ég veit vel, að ýmsir í ríkisstj. hafa viljað annað, en hér gildir enginn vilji samanborið við verkin. Og við erum ekki búnir að bíta úr nálinni um það mál enn þá. Utanrrh. lýsti yfir í ræðu alveg nýlega, að það væri bábilja, ef nokkur maður héldi, að búið væri að bíta úr nálinni um landhelgismálið, það væri algerlega óleyst. En blað stærsta stjórnarflokksins undir forustu hæstv. sjútvmrh. segir, að það sé búið að leysa þetta mál. En ég spyr: Hafa Íslendingar fengið uppfylltar óskir sínar?

Ég hef ekki umboð til að tala fyrir hönd míns flokks í þessu máli, en mér finnst langeðlilegast, að við sjálfstæðismenn segjum: Ef utanrrh. langar til að gefa kommúnistum traust í sambandi við utanríkismálin, þá er það hans mál. Ég tel það hafa sína ókosti, og ég skal ekki vera að tíunda þá frekar en ég gerði í umræðunum 1951, enda ókostirnir nú minni en þá, vegna þess að nú er búið að fela þessum mönnum svo mikið vald í þessum efnum, það skiptir minnstu máli, hvað héðan af er gert.

En það er líka kostur á þessari breyt. Það er nefnilega sá kostur, að þá er hægt að starfa í utanrmn. Utanrmn. hefur af núv. stjórn verið sett út úr starfi. Hún hefur verið rekin frá sínum störfum. Nú er hægt að taka til starfa aftur. Ég mun leggja þetta undir minn flokk, þótt ég viti ekki, hvernig hann tekur undir það, að við látum þetta mál alveg lönd og leið og lofum þeim að eigast við um það, sem eru í stjórninni. Kunnugir bítast bezt — og hæstv. utanrrh. hlýtur að vita vel, að það er óhætt að trúa kommúnistunum fyrir öllu í utanríkismálum! Ég minni aðeins á, að utanrmn. á að vera í nánu samstarfi við stjórnina um utanríkismálin, og þetta nána samstarf allrar nefndarinnar var fellt niður með ákvæðinu um, að þrír menn skyldu valdir til þessara starfa. Nú ber sjálfur ráðherra fram frv. um, að þessir þrír menn, sem átti að sýna sérstakan trúnað, séu skornir niður við trogið, en upp af því blóðbaði rísa þá sjö menn, þar sem kommúnistar eiga sinn fulltrúa. Það er hans dómur, og hann hlýtur að þekkja öll málsatvik vel, að það sé bitamunur, en ekki fjár, hvort þeir fái að vita

í utanrmn. eða uppi í stjórnarráði hans leyndustu þanka á sviði utanríkismálanna.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Ég hygg, að það sé mikill misskilningur hjá hv. þm. G-K., að hægt sé að finna nokkur ákvæði um það í þingsköpunum, að skylda beri til að kjósa þessa þriggja manna undirnefnd á fyrsta fundi utanrmn. Það segir eingöngu í þingsköpunum, að þessa nefnd beri að kjósa, en hins vegar segir ekkert um það, hvenær það skuli gert. Þetta ákvæði verður ekki skoðað á annan veg en þann, að nefndina skuli kjósa það tímanlega, að hún sé til, þegar ríkisstj. eða utanrrh. óskar eftir að hafa samstarf við hana. Þau ein tímatakmörk virðast vera eðlileg og sjálfsögð, enda gefa lögin ekki tilefni til að ætla annað. Hitt er greinilegt, að það segir í lögunum, að ávallt skuli hafa samstarf við þessa undirnefnd, en eins og ég sagði áðan, þá virðist það hafa verið regla, síðan nefndin var sett 1951, að það hefur ekki verið haft samstarf eða samráð við hana. Það finnast engin gögn fyrir því í utanrrn., og það virðast engar fundargerðir vera til, enda ekki fundir haldnir í nefndinni. Ég gat mér þess til áðan, að utanríkisráðherrar mundu einhvern tíma sennilega hafa spjallað við einstaka nefndarmenn, þegar þeim hefur þótt tilefni til, og ég hygg, að það sé rétt til getið. En viðskipti ríkisstj. undanfarinna ára við þessa undirnefnd hafa áreiðanlega ekki verið með þeim hætti, sem l. gera ráð fyrir, og tel ég, að miklu sé hreinlegra og eðlilegra að afnema n. algerlega og hafa samráð við utanrmn. í heild.

Hv. þm. G-K. sagði, að það hefði verið erfitt að fá þessa nefnd kosna, vegna þess að ef hún hefði verið kosin með eðlilegum hætti, þá hefðu kommúnistar fengið fulltrúa í nefndina og við Alþýðuflokksmenn hefðum viljað koma í veg fyrir það. Það er misskilningur hjá þessum hv. þm., ef nefndin hefði verið kosin með venjulegum hætti, að kommúnistar hefðu fengið þar nokkurn fulltrúa. Í nefndina hefði farið einn sjálfstæðismaður og tveir framsóknarmenn. Flokkaskiptingin er nú þannig í utanrmn., og þetta hefur þess vegna ekki verið neitt sérstakt atriði í þessu sambandi.

Það er líka misskilningur hjá þessum hv. þm., að ég með því að flytja þetta frv. sé að gefa kommúnistum einhverja traustsyfirlýsingu í sambandi við utanríkismál. Frv. segir ekkert um þá hluti, hvorki til né frá. Ég er eingöngu að óska eftir því, að utanrmn. sé gerð starfhæf, þannig að það sé hægt að hafa eðlilegt samstarf við hana. Það verður síðan að vera á mati þess utanrrh., sem er á hverjum tíma, með hverjum hætti hann notar þetta ákvæði og með hverjum hætti hann skiptir við utanrmn., enda þótt hann haldi þær reglur, sem í lögunum eru settar, að hafa samráð og samstarf. En af minni hálfu felst engin yfirlýsing að því er varðar traust eða vantraust á kommúnista í sambandi við þessa hluti.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Það var í tilefni af ummælum, sem hér féllu frá hv. þm. G-K. Hann minntist á það hér, að einu af stærstu utanríkismálum þjóðarinnar nú, landhelgismálinu, væri nú stjórnað af kommúnistum, eins og hann sagði, og að það væru þeir, sem réðu því, hvað gert væri í því máli, eins og hann sagði, að þeir stýrðu þar förinni. Hann lýsti því enn fremur yfir, að það væri hans skoðun, að það væri til ills, að þeir skyldu hafa stýrt því máli eins og gert hefði verið.

Ég tel, að þessi ummæli séu þess eðlis, að það sé full ástæða að spyrja hér þennan hv. þm. um það, hvað það er viðvíkjandi ákvörðunum, sem teknar hafa verið varðandi landhelgismálið, sem hann telur að sé sérstaklega til ills og hann er hér að lýsa yfir andstöðu sinni við og þá líklega andstöðu síns flokks. Er hann hér að gefa yfirlýsingu um það, að hann sé andvígur því, sem hefur verið tekin ákvörðun um af hálfu ríkisstj., að lýsa yfir stækkun landhelginnar út í 12 mílur? Það er sú för, sem farin hefur verið, það er sú ákvörðun, sem tekin hefur verið. Er þessi yfirlýsing þessa hv. þm. um það, að hann og hans flokkur lýsi sig hér með andvígan þessu? Það er full ástæða til þess, að um þetta sé spurt, þegar þannig er hagað orðum eins og hér var gert.

Ég vil minna á það í þessu efni, að ríkisstj. öll tók ákvörðun sameiginlega um það, hvaða ferð hefur verið farin í þessu landhelgismáli okkar, og ég hélt fyrir mitt leyti, að stjórnarandstaðan væri samþykk því að lýsa því yfir, sem lýst hefur verið yfir af hálfu Íslands í þessu máli. En það er rétt, að það komi þá alveg umbúðalaust fram, ef annað er.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að blanda mér mikið í þær umræður, sem hér hafa farið fram. Þær eru að sumu leyti um þetta mál, og allt málið er þess eðlis, að það hlýtur að vera þeim til vansæmdar, sem stóðu að breytingunni á þingsköpum hér á Alþingi árið 1951. Það má öllum vera ljóst, að til þess var ætlazt eftir lögum og reglum frá Alþingi, að viðkomandi ríkisstj. hefði samráð við þá utanrmn., sem Alþingi sjálft hefur kosið til þess að fylgjast með slíkum málum. En 1951 þótti ástæða til þess undir sérstakri forustu þm. G-K. að reyna á ólýðræðislegan hátt að svipta einn þingflokkinn, sem þó var með réttum reglum kosinn í utanrmn., rétti til þess að fylgjast þar með þeim málum, sem utanrmn. átti að fylgjast með. En það er eins og stundum áður, svo kemur þetta í höfuðið á manni aftur síðar, og þá kemur í ljós, að þessi regla, sem átti að verða ákveðnum aðila til ógagns, kemur svo í höfuðið á manni sjálfum aftur eftir nokkurn tíma. Ég vil taka fram, að það er mín skoðun, að hið gamla ákvæði hafi verið eðlilegt, það beri að halda sér við það, að utanrmn. öll hafi þessum störfum að gegna, það beri tvímælalaust að hafa samráð við hana alla og það sé ekkert einkamatsatriði viðkomandi ráðherra, hvort hann ber sig saman við einn eða nokkra menn úr nefndinni, heldur beri að hafa formlegt samráð við nefndina alla og allt annað sé brot á réttum leikreglum og

brot á því, sem ætlazt er til í þingsköpum Alþingis.

Út frá þessu sjónarmiði erum við Alþýðubandalagsmenn því fylgjandi, að þetta óréttláta og óeðlilega ákvæði verði numið úr lögum og fært til síns fyrra upphafs og þannig hafi stjórnmálaflokkar hér á Alþingi réttan og jafnan rétt til þess að fylgjast með þeim málum, sem þar kunna að verða rædd eða afgreidd á hverju stigi málsins. En hitt var svo aðalatriði þess, að ég bað hér um orðið, að spyrja hv. þm. G-K. að því, hvað hann meinti með þeim orðum, sem hér féllu hjá honum um það, að hann teldi, að þær ákvarðanir, sem teknar hefðu verið í landhelgismálum, hefðu verið teknar til ills, og hvort hans flokkur stæði þar á bak við.

Ólafur Thors: Herra forseti. Hæstv. utanrrh. sagði, að það mundi vera rangt hjá mér, að ætlazt væri til þess, að undirnefndin í utanrmn. yrði kosin á fyrsta fundi nefndarinnar. Ég skal ekki um þetta deila. Ég staðhæfði það ekki skilyrðislaust, en taldi það þó vera rétta skýringu hjá mér. Hæstv. ráðh. sagðist skilja það þannig, að það væri nóg að kjósa hana svo tímanlega, að hún væri reiðubúin, þegar utanrrh. óskaði eftir því. Ég styð mitt álit við það, að það á að bera undir þessa nefnd öll meiri háttar mál, jafnt milli þinga sem á þingtíma, og eins og ég sagði áðan: Hvernig á að bera mál undir nefnd, sem ekki er til. — Atvik geta legið til, að snögglega þurfi að kjósa þessa nefnd, ef hún er ekki kosin á fyrsta fundi, þegar nefndin kýs sér formann. Hver segir þá, að viðstaddir séu þeir menn, sem bærir eru til þess að kjósa nefnd? Það getur vel verið, að þótt þessir þrír menn, sem kosnir hefðu verið á fyrsta fundi, séu allir staddir í bænum, þegar ráðh. þarf að tala við þá, þá séu hinir fjórir, sem þá mundu hafa kosið, ekki í bænum. Hvernig á þá að kjósa undirnefndina? Og það er einmitt í utanríkismálum, sem oft þarf að taka snöggar ákvarðanir. Ég hygg þess vegna, að mínar ályktanir séu réttar í þessum efnum.

Hæstv. ráðh. sagði, að Alþfl. hefði eitthvað sérstaklega viljað koma í veg fyrir vald kommúnista 1951. Það var ekkert frekar Alþfl. en aðrir þessir svokölluðu lýðræðisflokkar. Þeir voru þá að punta sig með þessu, og nú eru þeir að taka þessar orður af sér.

Ég veit ekki, hve margir hafa trúað því, sem hæstv. ráðh. sagði, að eins og utanrmn. er skipuð, þá yrði enginn kommúnisti í henni, það yrðu tveir framsóknarmenn og einn sjálfstæðismaður. Ja, trúi því hver, sem trúa vill. Trúi því hver, sem trúa vill, að Framsfl., þó að hann hafi þrjá menn í nefndinni, hefði fengið því ráðið, að hann fengi tvo menn kosna, en hvorugur stjórnarflokkanna hinna fengi neinn mann kosinn. Svona rök geta menn fært fram, þar sem ekki eru viðstaddir þeir, sem til þekkja.

Ég skal svo ekki deila við hæstv. ráðh. Mig langar bara að vekja athygli á því, að hann hefur ekki fært fram nein rök fyrir því, hvers vegna nú rekur nauður til að afnema þetta fyrirkomulag. Ég sagði áðan, að hann getur auðvitað kallað saman alla utanrmn., þótt þessi undirnefnd væri til, og ég hygg, að mér trúi líka allir um það, sem ég áður sagði, að ástæðan fyrir því, að verið er að afnema þessa undirnefnd núna, er sú, að kommúnistar létu ekki bjóða sér það að vera utan við hana, en út á við má ekki sýna þá af ýmsum ástæðum. Skal ég svo ekki fara um það fleiri orðum.

Hæstv. sjútvmrh. kom hér til þess að loka mig inni í gildrunni, eða það held ég að hann hafi ætlað að gera. En ég vil alveg segja honum hiklaust, eins og minn er vandi, að það, sem ég fyrst og fremst ámæli honum fyrir, og er það þó ekki það eina, það er, að hann skyldi ekki nota þann rétt, sem Íslendingar höfðu til að færa fyrst og fremst út grunnlínurnar, svo 12 mílur á eftir. Það vita allir, að útfærsla grunnlínunnar fagnaði miklu meira fylgi á Genfarráðstefnunni heldur en 12 mílurnar, og það vita þar af leiðandi allir, að það sætti miklu minni gagnrýni, að grunnlínurnar væru færðar út, heldur en 12 mílna útfærslan, sem líka er nauðsynleg. Og hann á eftir að svara því fyrir dómstóli þjóðarinnar, þó að það ekki verði gert hér í dag, hvers vegna hann lagði aðaláherzluna á 12 mílurnar, en vildi aldrei neitt ræða um grunnlínurnar. Hann á eftir að svara því. Það er ekki af því, að það sé ekki fleira, sem ég vil finna að honum í því máli og skal gera. Ég vil bara ekki á þessu stigi málsins gera það, vegna þess að ég skaða ekki málstað Íslands út á við, þó að ég staðhæfi þetta um grunnlínurnar, en það gæti skaðað málstað Íslands út á við, ef ég færi nú að gagnrýna ýmislegt annað, sem hann hefur gert.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Það fór nú eins og mig grunaði, að hv. þm. reyndist ekki sá kappi, að hann þyrði að standa við þær stóru fullyrðingar, er hann hafði hér í frammi áður. Hann varð nú að heykjast á því að standa við það og í rauninni játa það, að hann gæti ekki fært sínum stóru orðum neinn stuðning. Hann reyndi þó aðeins að halda því hér fram, að það, sem hann hefði átt við með sínum stóru orðum, væri það að ásaka mig fyrir að hafa ekki viljað standa að því að færa út eða breyta grunnlínupunktum. Nú veit þessi hv. þm. það, og það vita í rauninni allir þm., að þetta er algerlega úr lausu lofti gripið hjá þessum hv. þm. Það liggur fyrir skrifleg till. frá mér í þeirri nefnd, sem starfaði frá öllum stjórnmálaflokkum á Alþingi, um framkvæmdir í þessu máli, flutt 28. apríl 1958 í landhelgismálanefndinni, þar sem ég legg til, að grunnlínunum verði breytt á þann hátt, sem ýtrast höfðu komið fram till. um, en fulltrúi Sjálfstfl. í nefndinni hefur ekki tekið undir það, og daginn áður en reglugerðin var sett, var hann og aðrir spurðir sérstaklega að því, hvort hann vildi standa að því að breyta grunnlínunum, og hann fékkst ekki til þess að taka undir þær tillögur, ekki með einu orði, vildi ekki standa að því. Það hefur því sannarlega ekki staðið á mér eða mínum flokki að vilja fara út í enn

frekari útfærslu á landhelginni heldur en nú var gert og breyta m. a. grunnlínupunktum, en það stóð á fulltrúa Sjálfstfl., sem vann í nefndinni. Hann flutti aldrei till. um það, og hann vildi ekki styðja till., sem fram kom í nefndinni um það. Þetta veit hv. þm. G-K. ofur vel, því að ég hygg, að það sé svo, að það hafi ekki staðið á fulltrúa Sjálfstfl., sem í nefndinni var, sjálfum að vera með þessu, en það mun hafa staðið m. a. á formanni flokksins og flokknum sem heild að vera með þessu. Það er því vitanlega algerlega haldlaust að kasta fram slíkum fullyrðingum eins og þessi hv. þm. gerði hér í sinni ræðu og ætla að komast út úr því með því að reyna að ásaka mig fyrir það, að ég hafi ekki viljað standa að því að breyta grunnlínum. Það er með öllu tilgangslaust. En eftir stendur svo hitt, að þessi þm. sá þó þannig að sér, að hann mundi ef til vill vera að skaða málstað Íslands út á við með slíkum dylgjum sem þessum, og í rauninni verð ég að segja það, að það er meira en ég gat búizt við af honum, að hann rynni frá þessum stóru orðum sínum, sem hann hafði hér, vegna þess að hann fann það, þegar hann var búinn að segja þetta, að þá stefndi hann að því að skaða málstað Íslands út á við, — og það mætti kannske þakka honum fyrir það að renna þó á þessari fullyrðingu sinni, þegar hann sá, að svona var fyrir honum komið.

Ólafur Thors: Herra forseti. Það er nú eins og fyrri daginn, að það er heldur leitt verk að deila með rökum við þennan hæstv. ráðh. Ég sagði, að til góðs eða ills hefðu kommúnistarnir haft forustuna í þessum málum — og að mínu viti til ills. Ég sagði að gefnu tilefni frá honum, að það, sem ég gæti í dag um þetta sagt án þess að skaða málstað þjóðarinnar, væri það, að hann hefði ekki þorað að færa út grunnlínurnar, enda þótt sú stefna nyti miklu meira fylgis á Genfarráðstefnunni en 12 mílurnar. Ég sagðist mundu geta gagnrýnt fleira í hans stjórn á þessum málum, þótt ég teldi ekki þjóðinni til farsældar að gera það opinberlega nú. Svar hans var ekkert annað en þessi venjulegi haldlausi marglittu-ósannindavefur, þar sem erfitt er að festa hendurnar á því, en hvergi er hald í neinu, sem hann segir. Helzt var það þó það, að Sjálfstfl. hefði ekki viljað aðhyllast útfærslu grunnlínanna, — alls ekki. En ég hef nú hér í fundarbók flokksins afrit, sem raunar hefur einnig birzt á prenti, af þeirri yfirlýsingu, sem ég í viðurvist borgarstjóra Reykjavíkur las upp fyrir hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. á skrifstofu utanrrh. hinn 20. eða 21. maí s. l., kl. 4 e. h., sem stefnuyfirlýsingu Sjálfstfl. í þessum málum, og þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Forsrh. hefur tilkynnt Sjálfstfl., að Framsfl. hafi ákveðið að hafna algerlega viðræðum við NATO-ríkin, áður en fiskveiðimörkin verði færð út, og hafi samþykkt, að fiskveiðimörkin skuli vera 12 mílur frá landi, en að óbreyttum grunnlínum“ o. s. frv. Svo kemur: „Sjálfstfl. getur ekki fallizt á þessa ákvörðun Framsfl., sumpart vegna efniságreinings og sumpart vegna ágreinings um málsmeðferðina.“ Og loks segir: „Sjálfstfl. treystir því, ef málstaðurinn sé skýrður fyrir samstarfsþjóðum okkar, að eftir þær útskýringar og rökræður muni ekki aðeins útfærslan í 12 mílur, heldur og nauðsynleg rétting á grunnlínum fagna meiri skilningi og samúð en nú og geta komið fyrr til framkvæmda.“

Þetta er tilkynning frá Sjálfstfl., lesin upp af formanni flokksins — og í fjarveru formanns þingflokksins í viðurvist borgarstjórans í Reykjavík — fyrir hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. Það er stefnuyfirlýsing flokksins, hún er lesin og tilkynnt þeim ráðherranum, sem okkur bar fyrst og fremst að snúa okkur til í þessum efnum, einum eða tveimur dögum áður en ríkisstj. tekur sína ákvörðun. M. ö. o., þessi hæstv. ráðh. veit það, að eitt af því, sem gerir, að Sjálfstfl. vill ekki fallast á þeirra stefnu í málinu, er það, að stjórnin vildi ekki færa út grunnlínurnar. Svo kemur hann hér og segir, að Sjálfstfl. hafi verið á móti því að færa út grunnlínurnar. Ég veit ekki, hvað ætlazt er til að sagt sé um svona ráðherra eins og þennan, en ég vil bara minna hann á, að honum væri bezt að tala um þetta varlega, því að hann á eftir að standa skil á þeim stóru svæðum, sem hann gaf eftir, þegar hann var að bolast við að færa út í því skyni að koma ófriði á stað. Þá vildi hann ekki grunnlínurnar, sem kannske skipta Íslendinga ekki minna máli en 12 mílurnar, og þurfti þó hvort tveggja til og hefði samt ekki nægt.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Ekki tekst nú betur fyrir hv. þm. G-K. að reyna að koma sér út úr vandanum. Nú tekur hann það ráð að lesa hér hluta af yfirlýsingu Sjálfstfl., þeirri sem hann birti fyrir forsrh. og fleirum, um stefnu Sjálfstfl. í málinu. Þessi yfirlýsing Sjálfstfl. var um það að meginatriðinu, og hann auðvitað kaus að hlaupa yfir að lesa það upp, að Sjálfstfl. legði til, að málinu yrði frestað — eins og þar stóð — í nokkrar vikur, og það var þar, sem brast á við Sjálfstfl., að Framsfl. og Alþb. voru andvíg því að fresta málinu á þessu stigi. Sjálfstfl. lagði til, að því yrði frestað, en segir svo, að hann sé andvígur í efnisatriðum og málsmeðferð, og segir, að ef málinu væri frestað, þá sé það hans trú, að það mætti skýra það svo út fyrir fulltrúum í NATO, að ef til vill mætti fást nauðsynleg rétting á grunnlínum. En fulltrúi Sjálfstfl. var bæði á undan þessari yfirlýsingu og á eftir og ég fullyrði: daginn áður en gengið var frá reglugerðinni, sem gefin var út, þá var hann spurður að því í nefndinni, hvort hann styðji einhverjar breytingar á grunnlínum og hvaða breytingar hann vilji styðja. Frammi í nefndinni lá till., skrifleg till. um breytingar á grunnlínum. Þá hafði þessi fulltrúi Sjálfstfl. engar tillögur að gera og gat ekki stutt þá till., sem fram hafði verið lögð. Þetta er auðvelt að sanna með framburði allra þeirra manna, sem í nefndinni voru. Nei, sannleikur málsins var sá, að allt tal Sjálfstfl. á þessu stigi málsins — og þá fyrst og fremst formanns flokksins —

um það, að hann vildi breytingar á grunnlínum, var bundið við það, að hann vildi tala um að breyta grunnlínum, vildi ekki segja, í hverju breytingin ætti að vera fólgin, vildi ekki samþykkja með öðrum neina tiltekna breytingu, en vildi fresta málinu um óákveðinn tíma til að tala við okkur fjandsamlega aðila í málinu, m. a. um samninga, sem voru stórhættulegir, varðandi grunnlínurnar, og væri málefni út af fyrir sig að skýra frá því. Sjálfstfl. og form. hans fá ekki hlaupizt frá þeirri staðreynd, að fulltrúi flokksins lagði aldrei fram í landhelgismálanefndinni eina einustu tillögu um breytingu á grunnlínum og studdi ekki þá till., sem lögð var fram í nefndinni, og aðspurður, daginn áður en endanlega var gengið frá málinu í landhelgismálanefnd, þegar bæði fulltrúi Alþb. og fulltrúi Framsfl. lýstu því yfir, að þeir væru reiðubúnir, ef það mætti verða til samkomulags, að breyta grunnlínum, þá fékkst fulltrúi Sjálfstfl. ekki til þess að samþykkja slíkt. Frá þessum staðreyndum verður nú ekki hlaupið, hvernig sem menn vilja reyna að vefja það inn í einhverjar yfirlýsingar, sem flokkurinn hafi gefið út, — samtímis því að hann vildi fresta málinu óákveðinn tíma, — um það, að hann vildi reyna að sannfæra einhverja útlendinga um það, að ætti að breyta grunnlínum.

Sá flokkur, sem í fullri alvöru hefði við þessa meðferð málsins haft mótaða stefnu í því, hvernig ætti að breyta grunnlínunum, hefði vitanlega átt að gera einhverjar till. En ég er hræddur um, að hann finni seint þær till., sem fulltrúi flokksins lagði fram í undirbúningi málsins um breytingar á grunnlínum. Ég er hræddur um, að hann finni það heldur seint, svo að hann verður nú að sætta sig við það að hlaupa gersamlega frá þessum stóru orðum sínum í einu og öllu og hafa einnig litla sæmd af því að hafa minnzt hér á grunnlínubreytinguna, — eins og það mál liggur fyrir.

Ólafur Thors: Herra forseti. Ég má ekki bera fram neitt nýtt. Ég segi þess vegna: Ég endurtek, að ef mín sök átti að vera einhver í því að vilja fresta málinu, þá endurtek ég, að það er einnig sök hæstv. viðskmrh., því að hann frestaði málinu til 1. sept. Það er nú það fyrsta. Og úr því að hæstv. ráðh. vissi, áður en ríkisstj. tók sínar ákvarðanir, að Sjálfstfl. óskaði eftir, að grunnlínunum yrði breytt, þá endurtek ég: Hvers vegna fór hann ekki að þeirri ósk? Sjálfstfl. var alltaf mjög inni á grunnlínubreytingunum. Og aðalatriðið er það, hvernig stendur á því, að þessi hæstv. ráðh. vildi ekki færa út grunnlínurnar, úr því að hann vissi, að Sjálfstfl. stóð að því, áður en ákvarðanirnar voru teknar í ríkisstj.

Hitt er nú frekar til að brosa að, ef nú á að áfellast mig fyrir það, að ég hafi ekki sagt þessum hæstv. ráðh., hvernig hann ætti að breyta grunnlínunum. Hann hefur verið á ráðstefnu alltaf, alltaf frá því að hann varð ráðh. Áður en hann varð ráðh., þóttist hann kunna öll ráð í þessu máli. Þegar hann var ráðh., kunni hann engin ráð. Og ráðlaus kallaði hann svo saman ráðstefnur og fékk ráð og gleymdi ráðunum jafnóðum. En hann hafði þó alltaf verið á ráðstefnum til að spyrja um, hvernig ætti að breyta grunnlínunum. Og ég endurtek að lokum: Það er ekki sanngjarnt af manni, sem hefur í tvö ár verið á ráðstefnum um grunnlínurnar, að fá að vita frá mér, hvernig ætti að breyta grunnlínunum.

Nei, ég þarf hér ekkert aftur að taka, enda mun nú betur verða að láta kné fylgja kviði á sínum tíma um það, sem gert hefur verið og vangert í málinu, og er hvort tveggja jafnsaknæmt.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Aðeins til frekari skýringar vildi ég segja hv. þm. G-K. það, að mig skortir ekki neinar upplýsingar frá honum um það, hvernig æskilegast væri að breyta grunnlínunum. Og sú till., sem ég gerði 28. apríl, var svo greinilega sundurliðuð, hvar skyldi breyta grunnlínunum og hvernig, að það var ekki nóg með það, að þetta væri orðað eins skilmerkilega og hægt var, heldur var einnig teikning af landhelginni með breyttum grunnlínum látin fylgja með og afhent fulltrúa Sjálfstfl. í nefndinni eins og öllum mönnum í nefndinni. Þannig lágu því fyrir skýrar till. um breyt. á grunnlínunni í orðum og með tilheyrandi teikningu, svo að það þurfti ekki að fá neina aðstoð hjá honum eða hans flokki til þess, hvernig væri hægt að breyta grunnlínunum. En það vantaði tilstyrk frá fulltrúa Sjálfstfl. til þess að vilja samþykkja þessa till. eða flytja við hana einhverja brtt. Það var á því, sem strandaði.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Nd., 13. nóv., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 21. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 65, n. 70 og 72).

Frsm. meiri hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Allshn. hefur athugað frv. og borið það saman við gildandi lög um þingsköp Alþingis. Meiri hl. n. mælir með því, að það verði samþ. óbreytt. Minni hl. mun ekki vera því andvígur, en hefur skilað sérstöku nál. Nál. eru á þskj. 70 og 72. Að öðru leyti get ég látið mér nægja að vísa til nál. á þskj. 70.

Frsm. minni hl. (Ingólfur Jónsson): Með vísun til umræðna hér á Alþingi í dag og að stjórnarflokkarnir telja nauðsyn bera til, að málið nái fram að ganga nú þegar, vilja sjálfstæðismenn ekki tefja fyrir því, og mun ég því ekki halda neina framsöguræðu um málið, en vísa til nál. á þskj. 72.

Ólafur Thors: Þar sem samkomulag hefur náðst um að afgreiða mál þetta hér á Alþingi í dag, sé ég ekki ástæðu til að hindra það.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 18. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Finnbogi R. Valdimarsson: Ég sé, að utanrrh. er í sæti sínu, og vænti ég þess, að hann mæli fyrir frv. þessu.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Árið 1951 var sú breyting gerð á 16. gr. laga um þingsköp Alþingis, að kjósa skyldi þrjá menn innan utanrmn. í sérstaka undirnefnd. Þingið skyldi eftir sem áður vísa málum, sem teldust til utanríkismála, til utanrmn. til meðferðar. En utanrmn. sjálf skyldi ekki lengur vera til samstarfs og samráðs við ríkisstj., heldur átti þessi þriggja manna nefnd að gera það, bæði á þingtíma og utan þingtíma.
Reynslan af þessari breytingu hefur orðið sú, að utanrmn. hefur að jafnaði ekki haldið nema tvo fundi á ári, annan til að kjósa sér formann og ritara, hinn til að kjósa þriggja manna undirnefnd.
Ég hef athugað í utanrrn., hvort nokkur skilríki finnist þar fyrir því, að hve miklu leyti samráð hefur verið haft við þessa þriggja manna undirnefnd, síðan hún var lögtekin, en hef ekki getað fundið þar nein skilríki fyrir því, að samráð hafi yfirleitt verið haft við þessa þriggja manna nefnd. Þar finnast engar fundargerðir og engin skjöl, sem benda til neins slíks samstarfs. Það mun þó rétt til getið, að ráðherra hafi rætt við þessa þrjá nefndarmenn, þegar honum hefur þótt ástæða til, án þess að haldnir hafi verið formlegir fundir eða nokkrar bókanir liggi fyrir um það, sem þar hefur gerzt.
Þetta er óviðkunnanlegt fyrirkomulag. Það er nauðsynlegt fyrir ríkisstj. að hafa samráð við utanrmn. á sem breiðustum grundvelli, þannig að hægt sé að hafa samráð og samstarf við þingflokkana yfirleitt.
Af þessum ástæðum er frv. þetta lagt fyrir Alþingi. Þingflokkarnir hafa haft samráð um að hraða málinu, og vænti ég þess, að unnt verði að ljúka afgreiðslu þess hér í deildinni í dag.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég hjó eftir því í ræðu þeirri, sem hæstv. utanrrh. hélt hér áðan eða var ýtt til að halda, má segja, að flokkarnir hefðu eitthvað komið sér saman um að ræða ekki mikið um þetta mál, sennilega til þess að tefja ekki framgang þess á þinginu. Ég veit nú ekkert um, hvaða flokkar það geta verið, það eru sjálfsagt stjórnarflokkarnir, a. m. k. veit ég ekki til, að við sjálfstæðismenn séum undir neinni þagnarskyldu hvað þetta snertir. Hitt er ekki mín ætlun að tefja málið með langri ræðu, en ég vildi leyfa mér að láta í ljós það álit mitt, að hér er um spaugilegan skrípaleik að ræða hjá hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj., sem að þessu frv. stendur, og kommúnistar eru eiginlega í sinni aðstöðu við ríkisstj. og önnur landsmál eða landsstofnanir vel að því komnir fyrir atbeina sinn við hæstv. aðra ráðh. eða ráðamenn í ríkisstj. að njóta þess trausts, sem hæstv. utanrrh. er að votta þeim með þessu frv. Og það fór vel á því, að það skyldi einmitt vera hv. 4. landsk. þm., sem rak hæstv. utanrrh. til að taka til máls yfir höfuð um málið, — það fór vel á því, en hann hefur talið sig vera í sínum fulla rétti og þótt uppreisn sín og sinna flokksmanna ekki vera fullgerð, fyrr en hæstv. ráðh. hefði sjálfur gengið undir það jarðarmen að flytja hér ræðu um málið.
Það mun vera staðreynd, eins og sagt er í nál. hv. minni hl. allshn. hv. neðri deildar, að árið 1951 hafi lýðræðisflokkarnir beitt sér fyrir því, að lögum um þingsköp Alþingis var breytt í það horf, sem þau hafa verið í fram að þessu, en nú á að fara að breyta. Hæstv. ráðh. sagði um þetta fyrirkomulag, að það hefði ekki reynzt heppilegt í meðferð, og ég skal að vissu leyti taka undir það, að það hefur ekki reynzt heppilegt í höndum núv. hæstv. ríkisstj., vegna þess að hún hefur algerlega gengið á snið við það lagaákvæði, sem að baki þingskapanna stendur, m. ö. o. brotið lögin, og finnst einfaldasta leiðin út úr því að afnema þau og setja ný lög. Það er mikið talað um lögbrot í þessu þjóðfélagi, ekki sízt núna á síðustu tímum, á ýmsum sviðum, en það eru ekki allir, sem eiga eins hægt um vik og hæstv. ráðamenn þjóðfélagsins, sem — eftir að þeir eru búnir árum saman að brjóta viss ákvæði laganna — geta með dálítilli lagabreytingu afnumið þau ákvæði, sem þeir hafa dundað við að brjóta svona lengi og skapað nýtt ástand.
Að öðru leyti vil ég leyfa mér að mótmæla því, ef það er rétt haft eftir hæstv. utanrrh., sem stendur í nál. meiri hl. allshn. Nd., að utanrmn. hafi allt frá þeim tíma, að þetta ákvæði var sett, haldið ekki nema tvo fundi á ári. Ég var form. utanrmn. um tíma og allt fram að kosningum 1956 og var vel kunnugt um það, að ekki hvað sízt á því ári voru miklu fleiri fundir haldnir í n. en ráðh. virðist hafa gefið í skyn með sínum ummælum og haft er eftir honum í opinberu þskj. A. m. k. ættu þeir að muna það, sem mest gengust fyrir því að nota utanrmn. sem stökkpall til þess að koma hér

af stað stjórnarbreytingu, að þá voru miklu fleiri utanríkismálanefndarfundir haldnir á því ári en gefið er í skyn í þessu nefndaráliti.

Það er að vísu ekki óeðlilegt, að kommúnistar út af fyrir sig uni því illa, að þeir eru ekki jafnréttháir og aðrir í utanrmn., frá sínu sjónarmiði séð. Hitt er allt annað mál, að það er ekki bara á þessu sviði, en þeir hafa komizt til valda á fleiri sviðum og þykir því leitt og hafa kúgað það í gegn, að þeim væri líka veitt sú umbun síns stuðnings að breyta þingsköpunum á þann hátt, sem hæstv. utanrrh. nú berst fyrir eða færir í form.

Áður en kosningar fóru fram, vita menn það, að hinir svonefndu lýðræðisflokkar, sem nú eru í stjórn og 1951 gengust fyrir því ásamt sjálfstæðismönnum að breyta þessu ákvæði þingskapanna á þann veg, að kommúnistar hefðu ekki aðgang að leyndarmálum utanrmn., hafa kyngt svo miklu af sínum ummælum um kommúnista frá þeim tíma, — þar á ég við hv. foringja Alþfl. og ekki síður hv. foringja Framsfl., — að þessi aukabiti, sem hér er um að ræða, er svipur hjá sjón á móts við allt það, sem þeir hafa rennt niður af sínum fyrri ummælum og heitstrengingum um áhrif kommúnista í landinu. Ég ann þeim þess arna því ekkert illa fyrir mitt leyti sem sjálfstæðismaður og skal ekki tefja þetta mál með langri ræðu, því að ég ætla að lýsa því yfir fyrir mitt leyti, að ég vil ekki taka þátt í þeim skrípaleik, sem hér er haldinn, og vil láta valdamenn landsins njóta ávaxtanna sem bezt af þessu frv. og breytingu á meðferð utanríkismálanna, sem hér er stefnt að.

Ég mun því fyrir mitt leyti ekki greiða þessu frv. atkv., hvorki með né móti. Ég lít á það sem skrípaleik og veit, að það eru hrossakaup, sem eru knúin fram innan ríkisstj., ein af mörgum, sem við höfum haft vitund um á þeim tíma, sem liðið hefur, síðan þessir háu herrar settust í valdastól, og skal þess vegna vera hlutlaus við afgreiðslu málsins.

Finnbogi R. Valdimarsson: Herra forseti. Þetta frv. er stjórnarfrv. og hefur þingflokkur Alþb. samþykkt að standa að framgangi þess. Ég hef hins vegar ekki getað komið auga á neina sérstaka ástæðu til þess nú að hraða meðferð þess og gangi gegnum þingið sérstaklega í dag með afbrigðilegum hætti. Ég tek þó ekki til máls til þess að eyða tíma þessarar hv. deildar lengi í meðferð þessa máls og því síður til þess að hindra framgang þess nú í dag, eins og ætlazt er til.

Ég get ekki séð, að utanrmn., eins og hún er nú skipuð, geti ekki verið fullkomlega starfhæf, hvort sem þetta frv. verður fyrr eða síðar að lögum. Ég álít, að nefndin sé fullkomlega starfhæf í dag og geti tekið afstöðu til hverra þeirra mála, sem hæstv. ríkisstj. kynni að óska að leggja fyrir hana. En fyrst það er nú ósk hæstv. utanrrh., eins og komið hefur fram hér, að þetta frv. verði afgreitt hér í dag með sérstökum hraða, þá er ég ekki á móti því.

Þetta frv. er, eins og öllum er kunnugt, flutt til þess að nema úr gildi ákvæði varðandi utanrmn., sem sett voru á Alþingi 1951, þá í alveg sérstökum tilgangi. Það var sem sé yfirlýst þá, af þeim flokkum, sem stóðu að þeirri lagasetningu, að hún væri gerð til þess að útiloka ákveðinn þingflokk frá öllum áhrifum um meðferð sérstakra mála, utanríkismála, og lék ekki á tveim tungum, að það væri flutt til þess að afnema með lögum þann rétt, sem ákveðinn þingflokkur hafði unnið sér með fylgi meðal kjósenda landsins. Ég benti á það þá, að það væri alveg ósæmandi lýðræðisflokkum, sem svo vildu nefna sig, að standa að slíkri lagasetningu og það gæti komið í koll þeim sjálfum síðar að fremja slík verk, enda er það komið á daginn.

Lagasetning um stjórnskipuleg málefni má aldrei miðast við hagsmuni flokka í augnablikinu, en það hefur því miður orðið oftar en einu sinni hér á landi. Reglur, sem eiga að tryggja lýðræði, mega ekki nokkurn tíma miðast við sérstaka hagsmuni flokka á líðandi stund. Þær eiga að vera til þess að tryggja það í nútíð og framtíð, að vilji þjóðarinnar fái að koma fram hér á hv. Alþingi. En lagasetningin 1951 var, eins og yfirlýst var af flutningsmönnum hennar, gerð í þeim tilgangi að afnema og gera að engu þann vilja þjóðarinnar um skipun Alþingis, sem hafði komið fram þá í kosningum.

Það vissu allir þá, 1951, að þetta var þó ekki aðalatriðið fyrir þeim öflum, sem stóðu að lagasetningunni um utanrmn., heldur hitt að setja utanrmn. frá störfum innan Alþingis. Það hafði þá um sex ára skeið viðgengizt, að utanrmn. fengi ekki að starfa samkvæmt lögum um þingsköp Alþingis, vegna þess að það hentaði ekki þeim, sem þá fóru með stjórn landsins, að utanrmn. fengi að starfa. Ég benti á það 1951, að með lögunum, sem þá voru sett um kosningu 3 manna nefndar úr utanrmn., yrði engin breyting á þessu, af því að utanrmn. hafði þá lengi ekki verið sýndur neinn trúnaður af þeim, sem höfðu á hendi meðferð utanríkismála í landinu. Það hefur ekki heldur verið gert síðan, hvorki við utanrmn. né þá þriggja manna n., sem stofnuð var með lögunum 1951. Henni var heldur enginn trúnaður sýndur. Þessum þremur mönnum, útvöldum af hv. lýðræðisflokkum, sem svo kölluðu sig þá og gera stundum enn, var ekki heldur sýndur neinn trúnaður. Það er nú upplýst af sjálfum hæstv. utanrrh., að hvergi séu finnanleg nokkur skjöl eða skilríki fyrir því, að nokkurt samráð hafi verið haft við þessa útvöldu þriggja manna n. Það finnst engin fundabók, engin skilríki fyrir því, að þeir 3 útvöldu menn hafi nokkurn tíma komið saman og fengið að hafa nokkur ráð um utanríkismál fremur en sjálf utanrmn., kosin af Alþ.

Máltæki segir, að batnandi manni sé bezt að lifa, og það gildir einnig um stjórnmálaflokka. Ég fagna því þess vegna nú, að nú er nokkuð bætt fyrir það ofstækisfulla tilræði gegn lýðræði og þingræði í landinu, sem gert var með lögunum frá 1951.

Ég vona, að setning þessara l., — en með henni er afturkallað það, sem gert var 1951,

og allt, sem sagt var 1951 af hálfu þeirra flokka, sem stóðu að lagasetningunni þá, — ég fagna því, að nú er þessu aftur kippt í það horf, sem vera ber, að allir þingflokkar eigi jafnan rétt á fulltrúa í utanrmn., eftir því sem þeir hafa til þess fengið styrk á Alþingi. En ég vona, að það verði einnig sú breyt. á, að utanrmn. í heild sinni — þar með fulltrúum stjórnarandstöðunnar hér á hv. Alþ. — verði sýndur sá trúnaður, sem ætlazt er til í l. um þingsköp Alþingis, að undir utanrmn. verði jafnan borin utanríkismál, jafnt þegar Alþ. á setu og utan þess.

Lagaákvæði um meðferð þingmála verða ekki sízt að tryggja það, að stjórnarandstöðunni, hvernig sem hún er skipuð á hverjum tíma, sé veittur réttur til þess að fylgjast með öllum málum, ekki sízt hinum allra þýðingarmestu málum fyrir þjóðina alla.

Því miður verð ég að játa, að eftir að núv. ríkisstj. tók við árið 1956, varð ekki sú breyt. á afstöðu hæstv. ríkisstj. til utanrmn., sem rétt hefði verið. Þau tvö ár, sem síðan hafa liðið, hefur utanrmn. ekki verið kölluð til samráðs við ríkisstj. um utanríkismál. Hún hefur verið kölluð saman á síðasta þingi — held ég — einu sinni og á undanförnum þingum eitthvað svipað og varla afgreitt þau mál, sem til hennar hafa komið.

Um leið og ég fagna því, að þeir tveir stjórnarflokkar, sem standa að flutningi þessa frv. ásamt þingflokki Alþb., hafa breytt um afstöðu sína í þessum málefnum síðan 1951 — og Sjálfstfl. líka — því að hann er nú ekki andstæður því að afturkalla með þessari lagasetningu það, sem hann gerði og sagði 1951 í þessu máli, — um leið og ég fagna því, þá vil ég aðeins láta í ljós þá von, að allt starf utanrmn. verði framvegis í meira samræmi við lagaákvæði um starf n., eins og þau verða nú með setningu þessara laga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BjörnJ, EggÞ, FRV, HermJ, KK, PZ, SE, AG.

FÞ, GTh, JJós, JK, SÓÓ greiddu ekki atkv.

4 þm. (BjörgJ, FS, SB, BSt) fjarstaddir.

Till. um að vísa frv. til allshn. felld með 5:4 atkv.

Á 19. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermJ, KK, PZ, SE, BjörnJ, EggÞ, FRV, AG.

FÞ, GTh, JJós, JK, SÓÓ greiddu ekki atkv.

4 þm. (SB, BSt, BjörgJ, FS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 8 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KK, PZ, SE, BjörnJ, EggÞ, FRV, HermJ, AG.

JJós, JK, SÓÓ, FÞ, GTh greiddu ekki atkv.

4 þm. (SB, BSt, BjörgJ, FS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EggÞ, FRV, HermJ, KK, PZ, SE, BjörnJ, AG.

FÞ, GTh, JJós, JK, SÓÓ greiddu ekki atkv.

4 þm. (FS, SB, BSt, BjörgJ) fjarstaddir.

Á 20. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SE, BjörnJ, EggÞ, FRV, HermJ, KK, PZ, AG.

SÓÓ, FÞ, GTh, JJós, JK greiddu ekki atkv.

4 þm. (SB, BSt, BjörgJ, FS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 76).

---

2. Bifreiðaskattur o. fl.

Á 1. fundi í Sþ., 13. okt., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 68 1949, um bifreiðaskatt o. fl.** [4. mál] (stjfrv., A. 4).

Á 5. fundi í Ed., 17. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Í þessu frv. er lagt til að framlengja fyrir árið 1959 ákvæði, sem gilt hafa nú um sinn varðandi viðaukagjald af benzíni og álag á bifreiðaskatt og hjólbarða og gúmmíslöngur. Ég sé ekki ástæðu til að hafa aðra framsögu um þetta mál en að greina frá því, að hér er um óbreytt ákvæði að ræða frá því, sem verið hefur, en legg til, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Ed., 23. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 32).

Frsm. (Eggert Þorsteinsson): Herra forseti. Fjhn. hefur rætt frv., sem er endurtekning á því, sem gert hefur verið í þessum málum á undanförnum þingum, og orðið sammála

um að mæla með samþykkt þess einróma. Fjarstaddur afgreiðslu málsins í n. var hv. þm. Vestm., Jóhann Jósefsson. N. mælir sem sagt með samþykkt frv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það var áðan verið að vísa til 3. umr. frv. um framlengingu á lögum um tekjur til ríkissjóðs. Það er nú til umr. að vísa öðru frv., sem líka er um framlengingu á lögum, sem gefa ríkissjóði tekjur, til 3. umr. Frsm. fyrra málsins, sem hér er á dagskrá, tók það fram, að n. hefði borið frv. saman við lög þau, sem nú gilda um þetta efni, og séð, að ártalinu hefði verið breytt, og hefði ekkert við það að athuga, svo að það gilti fyrir 1959, í staðinn fyrir að hitt gilti fyrir 1958. Er nú ekki þörf á að athuga þetta svolítið meira?

Síðari frsm. nefndi ekki, hvað þeir hefðu sérstaklega athugað við frv. Væntanlega hafa þeir borið saman við gildandi lög og séð, að ártalinu hafi verið rétt breytt frá núgildandi lögum og öðru ekki.

Mér sýnist allt útlit á því, að það muni þurfa þó nokkru meiri tekjur fyrir árið 1959 heldur en 1958 og að það sé ekki búið að grandskoða það, hvaðan þær tekjur eigi að koma. Og ég vildi spyrja fjhn. að því, hvort hún er svo viss um það, að ekki þurfi að hækka liði, sem á þessum lögum eru, að það sé ástæða til að drífa þau í gegn, áður en farið er að leggja nokkurn grundvöll að því af þinginu sem heild a. m. k., hvernig þeirra viðbótartekna verður aflað, sem áreiðanlega koma til með að vanta til að geta látið fjárlög standast á. Mig langaði til að vita hjá n., sem hefur haft bæði þessi mál til meðferðar, hvort hún hefur athugað þetta og hvort það er nú sú óskaplega nauðsyn á að flýta framgangi þessara mála, að þau séu afgreidd, áður en ljóst liggur fyrir a. m. k. mér og ég býst við fleiri þm., hvort ekki þurfi að hækka einhverja liði á þeim til að afla tekna ásamt með mörgu öðru, sem gera þarf til tekjuöflunar.

Frsm. (Eggert Þorsteinsson): Herra forseti. Vegna þessarar fsp. hv. 1. þm. N-M. vil ég aðeins taka það fram, sem honum er sjálfsagt kunnugt eins og okkur öllum hér hv. þm., að frv. þetta er lagt fram af fjmrh. með ósk um það, að því yrði hraðað, og eins og í nál. segir, þá var það borið saman við gildandi lög um þetta efni, og ég tók það einnig fram í minni framsöguræðu. Hvort þeir skattar, sem hér eru framlengdir með þessum lögum, eru nægjanlegir, það tel ég varla á færi nokkurs að segja um, ef þá ekki sjálfs fjmrh. og fjmrn. Að ósk þeirra aðila er málið flutt, en hingað til hefur umsögn þessara aðila verið látin nægja um skattaupphæðir í þessum málum sem og flestum öðrum hliðstæðum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Ed., 27. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 10. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 13. fundi í Nd., 31. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 14. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Með þessu frv. er farið fram á að framlengja fyrir árið 1959 nokkur gjöld, sem innheimt voru fyrir yfirstandandi ár og árið 1957 raunar líka, þ. e. viðaukagjöld af benzíni og bifreiðaskatti.
Þar sem hér er um framlengingu að ræða og gert ráð fyrir alveg óbreyttum ákvæðum og áður hafa verið í gildi, sé ég ekki ástæðu til að hafa um þetta lengri framsögu, en geta þess eða minna á það, að málið komi frá hv. Ed., og legg ég til, að það verði látið ganga til hv. fjhn. deildarinnar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 92).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, felur í sér, ef samþykkt verður, framlengingu um eitt ár á gildandi ákvæðum um bifreiða- og benzínskatt. Fjhn. hefur athugað þetta frv., borið texta þess saman við texta gildandi l. og leggur til án ágreinings, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., 27. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 109).

3. Tollskrá o. fl.

Á 1. fundi í Sþ., 13. okt., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 90 1954, um tollskrá o. fl. [3. mál] (stjfrv., A. 3).

Á 3. fundi í Ed., 15. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Undanfarin ár hefur verið innheimtur með álagi vörumagnstollur og einnig verðtollur. Enn fremur hafa verið í gildi undanþágur frá tollum fyrir tilteknar vörutegundir. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að framlengja þau ákvæði, sem gilt hafa áður um þetta efni, og er þeirra að leita í hinum þremur aðalgreinum frv. Þetta mál er svo gamalkunnugt, að ég sé ekki ástæðu til þess að rekja það nánar, aðeins taka fram, að þetta frv. er orðrétt eins og gildandi lög um þetta efni, að ártalinu einu breyttu. Leyfi ég mér að óska eftir, að málinu verði vísað til hv. fjvn. að lokinni 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Ed., 23. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 24).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Um þetta mál þarf raunverulega enga framsögu, því að það er gamall kunningi hér í hv. deild og í Alþ. Frv. er aðeins um það að framlengja lög, sem að vísu hafa verið sett til bráðabirgða um eitt ár í senn, en frv. er alveg shlj. þeim lögum, sem um þetta efni gilda fyrir þetta ár, að öðru leyti en því, að því er ætlað að gilda fyrir árið 1959 í stað 1958, sem er í gildandi lögum. Annars stafar þessi lagasetning frá árinu 1954 og hefur verið framlengd síðan ár eftir ár. Starf fjhn. að þessu máli var því einungis það að bera frv. saman við gildandi lög, og var frv. alveg shlj. þeim að öðru leyti en ártalinu. N. varð sammála um það að mæla með frv., eins og það liggur fyrir, en einn hv. nm., Jóhann Jósefsson, þm. Vestm., var ekki mættur á fundinum og undirskrifar því ekki nál., en í stað hans var mættur hv. þm. N-Ísf., Sigurður Bjarnason, og skrifar því undir álitið, en hv. 6. þm. Reykv., Gunnar Thoroddsen, sem á sæti í n., var ekki heldur mættur, og er hér ekki undirskrifaður á nál. Það er till. n., að þetta frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Ed., 27. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 11. fundi í Ed., 28. okt., var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 11. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 15. fundi í Nd., 4. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Þetta mál er komið frá hv. Ed. Það fjallar um framlenging nokkurra lagaákvæða varðandi álag á tolla. En það er að efni til nákvæmlega eins og þau lög, sem nú gilda um þetta efni. Sé ég því ekki ástæðu til þess að rekja það í einstökum atriðum, en legg til, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 24. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 91).

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Frv., sem hér liggur fyrir, um bráðabirgðabreyt. á l. um tollskrá o. fl., felur í sér bæði hækkun á tollum og einnig heimild til þess að fella niður aðflutningsgjöld af vissum vörutegundum. Frv. um þetta efni hafa verið samþ. á mörgum þingum á liðnum árum fyrir eitt ár í senn, og það frv., sem hér liggur fyrir, er nákvæmlega shlj. lögum, sem sett voru á síðasta þingi og gilda fyrir árið 1958.
Fjhn. er sammála um að mæla með því, að frv. verði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., 28. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 110).

4. Skemmtanaskattsviðauki.

Á 4. fundi í Ed., 16. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1959 [10. mál] (stjfrv., A. 19).

Á 6. fundi í Ed., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Ed., 24. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 19, n. 33).

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. er þess eins efnis, að ríkisstj. sé heimilað að innheimta skemmtanaskatt með sama álagi og verið hefur á undanförnum árum. Að þessu hníga hin sömu rök og áður, að félagsheimilasjóður og aðrir þeir aðilar, sem skattsins njóta, séu sízt ofhaldnir af þeim fjárhæðum, sem þeir fá af þessum skatti. Þetta gildir að sjálfsögðu ekki síður nú en áður, þar sem verðgildi peninga hefur rýrnað. — Fjhn. hefur athugað þetta frv., og lögðu allir viðstaddir nm. til, að frv. yrði samþykkt.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Það er ekki til þess að andmæla þessu frv., að ég hef kvatt mér hljóðs. Ég tel frv. sjálfsagt og réttmætt. En ég vildi gjarnan, að n. kynnti sér, hvernig hagur félagsheimilasjóðs stendur í dag, og þær upplýsingar lægju fyrir hér við síðari umr. Mér finnst nauðsynlegt að fá að vita, hvort félagsheimilasjóður getur rækt sína skyldu, eins og til er ætlazt, og vænti þess, að hv. n. geti fengið þessar upplýsingar fyrir 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Ed., 28. okt., var frv. tekið til 3. umr.

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls kvaddi sér hljóðs hv. þm. V-Sk. (JK) og óskaði eftir því, að nokkurra upplýsinga yrði aflað um afkomu félagsheimilasjóðs. Ég hef talið sjálfsagt, að orðið yrði við þessum tilmælum, og hafa verið gerðar ráðstafanir til þess, að þessar upplýsingar geti legið fyrir mjög bráðlega, sennilega ekki síðar en n. k. fimmtudag.

En þar sem þær eru ekki fyrir hendi nú, vildi ég óska þess við hæstv. forseta, að hann frestaði nú umr. og héldi henni ekki áfram, fyrr en þessar umbeðnar upplýsingar liggja fyrir.

Umr. frestað.
Á 13. fundi í Ed., 31. okt., var fram haldið 3. umr. um frv.

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Hér liggja fyrir nokkrar upplýsingar um stöðu félagsheimilasjóðs, sem óskað hefur verið eftir að yrðu gefnar hér í d. í sambandi við afgreiðslu þessa máls.

Skv. upplýsingum fræðslumálaskrifstofunnar var staða félagsheimilasjóðs um síðustu áramót að loknum úthlutunum þá vegna skemmtanaskattshluta sjóðsins fyrir árið 1957 sú, að ógreidd áætluð þátttaka í byggingarkostnaði þeirra félagsheimila, sem þá voru í smíðum eða ekki að fullu gert upp fyrir, nam 4.3 millj. Kostnaður við smíði félagsheimila á þessu ári er áætlaður 9 millj. kr. og áætluð þátttaka sjóðsins í þeim kostnaði 3.6 millj. kr. Áætluð fjárþörf sjóðsins, til þess að hann geti gert upp að fullu áætlaða þátttöku í byggingarkostnaði félagsheimila þeirra, sem að framan er minnzt á, þ. e. a. s. þeirra, sem óuppgert var fyrir í árslok 1957, og þeirra, sem byggð hafa verið á þessu ári, næmi því í desember n. k. 8 millj. kr. En nettóupphæð innheimts skemmtanaskatts árið 1957 nam 5 millj. 799 þús. kr., og þetta er sú upphæð, sem kom til skipta. Þá áætlar fræðslumálaskrifstofan, að nettóupphæð skemmtanaskatts á þessu ári nemi 5.8 millj., og hluti félagsheimilasjóðs yrði þá 2.9 millj. Þegar þeirri upphæð hefur verið úthlutað, næmi ógreidd áætluð þátttaka í byggingarkostnaði þeim, sem fyrr er frá greint, 5.1 millj. kr. eða þar um bil. Hagur sjóðsins hefði því gagnvart þeim, sem reisa félagsheimili, versnað um 800 þús. kr. á árinu.

Þá upplýsir fræðslumálaskrifstofan, að sú lagabreyting, sem gerð var á lögum um félagsheimili í maí 1957, hafi fram að þessu engin áhrif haft á hag sjóðsins, þar sem engin verkalýðsfélög eða búnaðarfélög sérstaklega hafa æskt styrkja úr sjóðnum fram að þessu, hins vegar sé vitað, að undirbúningur sé hafinn um byggingu félagsheimila verkalýðsfélaga í þrem kaupstöðum.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég þakka frsm. þær upplýsingar, sem hann hefur gefið um ástand félagsheimilasjóðs. Þessar upplýsingar sýna, að ástand sjóðsins er mjög bágborið. Það vantar um 800 þús. kr. — eða afkoman er um 800 þús. kr. lakari í árslok s. l. á móts við það, sem var árið áður. Þó er aðgætandi, að ekki eru komnar til framkvæmda að neinu leyti þær breytingar, sem gerðar voru á lögunum um félagsheimilasjóð á þinginu 1957, að því er frsm. upplýsti, en eins og kunnugt er, þá var ákveðið á Alþingi að fjölga stórlega þeim aðilum, sem eiga aðgang að sjóðnum. Það var spá okkar ýmissa þá, að þetta mundi rýra stórkostlega möguleika sjóðsins til þess að fullnægja sínum skyldum. Þessi

spá virðist hafa rætzt, að vísu ekki komið til framkvæmda enn þá, eins og það verður, en það sjá allir, hvert stefnir, ef þessu heldur áfram. Ég er sannfærður um það, að niðurstaðan verður sú, að félagsheimilin í sveitum landsins verða út undan í framtíðinni.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 13. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 16. fundi í Nd., 6. nóv., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 18. fundi í Nd., 10. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Með þessu frv. er lagt til að framlengja þau ákvæði um álag á skemmtanaskatt, sem í gildi hafa verið um langt árabil. Enn sem fyrr mæla sömu rök með því, að þessi skipun verði látin haldast. Það er engin breyt. lögð til á upphæð skemmtanaskattsins, heldur eingöngu að framlengja ákvæði, sem í gildi hafa verið á annan áratug.
Ég leyfi mér að óska þess, að frv. verði vísað til hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 19, n. 93).

Frsm. (Emil Jónsson): Herra forseti. Efni þessa frv. er að framlengja um eitt ár þau ákvæði, sem nú gilda um skemmtanaskatt, þar sem talið er, að enn sé brýn þörf fyrir fjáröflun á þennan hátt.
Fjhn. hefur rætt málið og mælir shlj. með því, að það verði samþykkt. Einn nm., hv. 5. þm. Reykv., var þó fjarstaddur, þegar málið var afgreitt. Sem sagt, n. leggur til, að frv, verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 111).

---

5. Gjaldaviðauki 1959.

Á 1. fundi í Sþ., 13. okt., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta ýmis gjöld 1959 með viðauka [2. mál] (stjfrv., A. 2).

Á 4. fundi í Nd., 16. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Undanfarið hafa verið innheimtir viðaukar á nokkur gjöld, sem greinir í þessu frv. Nú er það tillaga, að þessir viðaukar verði framlengdir jafnháir og þeir hafa verið. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fyrir þessu lengri framsögu, en óska eftir, að málinu verði vísað til hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Nd., 28. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 43).

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta er um heimild fyrir ríkisstj. til að innheimta ýmis gjöld 1959 með viðauka. Frv. er nákvæmlega shlj. lögum, sem gilda fyrir það ár, sem nú er að líða. Málinu var vísað til fjhn., og liggur álit hennar fyrir á þskj. 43. Eins og þar kemur fram, eru nm. sammála um að mæla með því, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., 3. nóv., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 14. fundi í Ed., 4. nóv., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Þetta mál er komið hingað frá hv. Nd., en það fjallar um að framlengja nokkra viðauka á ríkissjóðstekjur, sem innheimtir hafa verið undanfarin ár, og ekki gert þar ráð fyrir neinni breytingu, aðeins að framlengja fyrir árið 1959.
Ég vil leyfa mér að óska, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 14 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 24. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 88).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, er shlj. l., *sem nú gilda fyrir yfirstandandi ár.* Breyt. er sú ein, að þessu frv. er ætlað að gilda fyrir næsta ár, 1959. Þessi lög um heimild fyrir ríkisstj. að innheimta ýmis gjöld með viðauka hafa verið framlengd allmörg ár; ég man ekki, hvenær þessi lög voru fyrst sett, en það eru orðin allmörg ár síðan.

N. athugaði frv. og bar það saman við þau lög, sem nú gilda um þetta efni, og leggur einróma til, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 116).

---

6. Almannatryggingar (stjfrv. um hækkun lífeyris frá 1. sept. 1958).

Á 30. fundi í Nd., 28. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. maí 1956, um almannatryggingar [62. mál] (stjfrv., A. 108).

Á 31. fundi í Nd., 2. des., var frv. tekið til 1. umr.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Á nýliðnu sumri urðu nokkrar breyt. til hækkunar á launum iðnaðarmanna, verkamanna, verkakvenna og ýmissa annarra umfram þá 5% launahækkun, sem ákveðin var í l. um útflutningssjóð á s. l. vori. Fyrir nokkru var enn fremur samþ. þál. í hæstv. sameinuðu Alþingi, sem færði opinberum starfsmönnum nokkra launahækkun til samræmingar við launahækkun daglaunamanna frá s. l. sumri. Þegar þál. var til meðferðar í Sþ., var frá því skýrt, að ríkisstj. mundi bera fram frv. til l. um breyt. á almannatryggingalögunum, sem færðu bótaþegum hliðstæðar uppbætur.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er borið fram til þess að fullnægja þessari yfirlýsingu. Frv. leggur til, að helztu bótagreinar almannatrygginganna verði frá 1. sept. 1958 hækkaðar um 9½%. Bótagreinar þær, sem hér er um að ræða, eru ellilífeyrir, örorkulífeyrir og barnalífeyrir svo og aðrar þær bætur, sem miðaðar eru við elli- og örorkulífeyri, en þær eru makabætur, mæðralaun, ekkjulífeyrir, uppbót á elli- og örorkulífeyri svo og slysabætur, þegar um er að ræða varanlega örorku eða dauða. Þessar bætur hafa venjulega verið látnar fylgja, þegar um almennar launahækkanir hefur verið að ræða og þá sérstaklega hjá opinberum starfsmönnum.

Útgjaldaaukning sú, sem frv. hefur í för með sér, verður frá tímabilinu 1. sept. til 31. des. þetta ár um 4 millj. kr., miðað við vísitölu 185 stig. En á næsta ári mundi þetta samtals nema um 11 millj. kr. fyrir allt árið. Af þessari upphæð kemur einn þriðji í hlut ríkissjóðs.

Ég vænti, að þetta frv. mæti góðum viðtökum hér í hv. deild, og legg til, að því verði vísað til félmn. og 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 24 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Nd., 8. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 108, n. 120).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Frv. þetta er þess efnis, að greiða skuli allflestar bætur, sem greiddar eru samkvæmt *almannatryggingalögunum, með 9½% hækkun* til samræmis við aðrar hækkanir, sem orðið hafa nýlega. Heilbr.- og félmn. er sammála um að mæla með samþykkt frv. og hefur orðið þess áskynja, að það er ástæða til að hraða málinu, ef unnt á að vera að greiða bótaþegum hækkunina í þessum mánuði. Vil ég því vænta þess, að hæstv. forseti og d. greiði fyrir framgangi þess.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 32. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 33. fundi í Ed., 9. des., var frv. tekið til 1. umr.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Á nýliðnu sumri urðu nokkrar launahækkanir í landinu hjá verkamönnum og iðnaðarmönnum umfram þau 5%, sem ákveðin voru til hækkunar með lögunum um útflutningssjóð. Fyrir nokkru var einnig samþykkt ályktun í sameinuðu Alþingi, sem gerði ráð fyrir því, að opinberir starfsmenn fengju hliðstæða hækkun við þá almennu launahækkun, sem varð á s. l. sumri. Það hefur verið venja, að helztu bótagreinar almannatrygginga fylgdu eftir launahækkunum og þá sérstaklega launahækkunum til opinberra starfsmanna. Þegar þál. var afgreidd í Sþ. um launahækkun til opinberra starfsmanna, var því lýst yfir, að ríkisstj. hefði í undirbúningi frv. til laga, sem heimilaði hliðstæðar hækkanir frá almannatryggingum til bótaþega. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er fram borið til þess að fullnægja þeirri yfirlýsingu. Gert er ráð fyrir í frv., að helztu bótagreinar almannatrygginga hækki frá 1. sept. 1958 um 9½%. Þær bótagreinar, sem hér er um að ræða, eru ellilífeyrir, örorkulífeyrir og barnalífeyrir svo og aðrar þær bætur, sem miðaðar eru við elli- og örorkulífeyri, en þær eru makabætur, mæðralaun, ekkjulífeyrir, uppbót á elli- og örorkulífeyri, allt að 100%, svo og slysabætur, þegar um er að ræða varanlega örorku eða dauða.

Nokkrar bótagreinar eru undanþegnar, eins og yfirleitt hefur verið venja, þegar stofnað hefur verið til hækkana með svipuðum hætti og nú, en þær bótagreinar eru fjölskyldubætur, fæðingarstyrkur, 3 og 9 mánaða bætur til ekkna, slysabætur og vissar viðbótardánarbætur.

Útgjaldaaukning sú, sem af þessum hækkunum leiðir, er um 4 millj. kr. fyrir tímabilið frá 1. sept. til ársloka 1958, en fyrir allt árið 1959 er talið, að heildarhækkunin nemi um 11 millj. kr. Af þessum upphæðum kemur ⅛ hluti í hlut ríkissjóðs að greiða.

Ég hygg, að það sé ekki fleira, sem ástæða er til að taka fram um þetta frv. að svo stöddu. En með því að tíminn er orðinn nokkuð naumur til útborgunar fyrir Tryggingastofnun ríkisins, vildi ég mega óska eftir því, að hægt væri að hraða málinu hér í þessari hv. deild, og legg til, að því verði vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég kvaddi mér aðeins hljóðs til þess að undirstrika það, sem hæstv. ráðh. sagði í lok ræðu sinnar. Ég leyfi mér að bera fram þá ósk við hæstv. forseta, að þessu máli verði mjög hraðað og helzt þannig, að því geti orðið lokið nú í dag. Þetta er einfalt mál og það var samþykkt athugasemdalaust í Nd. og einróma. Það er mjög bagalegt, að það dragist að afgreiða málið, því að allar greiðslur tryggingganna hafa frestazt, og þær frestast á meðan frv. liggur hér. Það er hver síðastur að geta greitt bótagreiðslur fyrir jólin, en það tel ég illa farið, ef ekki er hægt að gera það. Ég vildi mjög eindregið mælast til þess við hæstv. forseta, að við getum afgreitt málið nú þegar í dag á þrem fundum. Ég sé enga ástæðu til þess, að frv. fari til nefndar, — það er svo einfalt og augljóst. Ég ber fram þessa einlægu ósk til hæstv. forseta.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. V-Sk. fyrir hans góðu undirtektir undir þetta frv. Það er alveg rétt, það er nauðsynlegt að flýta málinu sem allra mest, og væri að sjálfsögðu langæskilegast, ef hægt væri að afgreiða það í d. í dag.

Ég lagði til, að frv. yrði vísað til n., af því að mér þótti nokkuð hart að gengið að fara fram á það við d., að n. fengi ekki að skoða frv. Að sjálfsögðu yrði ég því fegnastur, ef það þyrfti ekki að fara til n., og fell því frá till. minni, þó að ég geri það ekki að kappsmáli, ef dm. vildu óska eftir því að fá frv. í nefnd.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Þegar ég kvaddi mér hljóðs, voru ekki komnar fram eins sterkar raddir um að hraða málinu svo mjög sem síðan hafa heyrzt, og er það þess vegna nærri því með hálfum huga, að ég fer að tala í þessu máli, og ég skal taka það fram þegar, að það er ekki mín ætlan að tefja fyrir málinu á neinn hátt. En mér var falið af mínum kjósendum að fara fram á hér á þingi vissa breyt. við 22. gr. almannatryggingalaganna, og þar sem hér er um breyt. á almannatryggingalögunum að ræða, þá flaug í huga minn, þegar málið kom fyrst fram, að mér mundi leyfast að orða brtt. við þá n., sem færi með málið; þá gekk ég út frá því, að það færi í nefnd. Nú tel ég það borna von, að svo verði. En ég vildi á hinn bóginn segja, hvað það væri, sem fyrir mér og mínum kjósendum vakir í þessu efni, og um leið leita undirtekta hæstv. ráðh., þess sem talað hefur fyrir frv. hér í þessari d., um breyt. í þá átt. Þótt ekki sé annað, þá vildi ég feginn heyra „stemningu" af hans hendi fyrir því.

Því er þannig varið, að í Vestmannaeyjum eru þess mörg dæmi, að eldra fólk, sem er vel fært um að inna af hendi léttari störf, hefur hætt störfum á miðju ári, með því að tekjur þess hafa þá verið komnar að því marki, að viðkomandi missti ellilaun sín, ef hann héldi áfram störfum. Þetta kann að gilda víðs vegar um land líka, en það ber þó sérstaklega á því í mínu kjördæmi, vegna þess að þar skortir oft vinnukraft, og er vinnukraftur þessa aldraða fólks vel þeginn nærri því á öllum tímum. Þegar þess er gætt, að hjá okkur vantar flesta tíma árs vinnukraft við framleiðslustörfin, verkar þetta alveg neikvætt fyrir bæjarfélagið, þ. e. a. s. þær hömlur, sem eru á ellilaunum í l., ef fólkið vinnur eitthvað fyrir sér á annað borð.

Þetta verkar alveg neikvætt fyrir bæjarfélagið, auk þess sem það verður að teljast réttlætismál, að þeir, sem greitt hafa iðgjöld sín til tryggingganna árum saman, eins og lög hafa staðið til, njóti fullra bóta, burt séð frá því, hvort þeir á gamalsaldri geta aflað sér ein-

hverra atvinnutekna, sérstaklega þegar þess er gætt, að ellilaunin ein eru hvergi nærri nægjanlegur framfærslueyrir, jafnvel þó að við bætist sú tekjuupphæð, sem leyfileg er til þess, að ellilaunin skerðist ekki.

Þetta eru ástæðurnar fyrir þeirri breyt., sem ég hef verið beðinn um að reyna að fá hljóð fyrir á hinu háa Alþingi. Ég sé fram á það, að í sambandi við þetta frv. líðst mér ekki að fara að koma fram með breyt. í þessa átt og vil ekki heldur gera það, ef það yrði til að tefja fyrir gangi aðalmálsins.

Mér er hermt, að endurskoðun á almannatryggingalögunum kunni að vera höfð með höndum nú á þessu tímabili, en ég vildi feginn mega heyra álit hæstv. ráðh. á því, ef hann hefur numið mál mitt, hvort hann er fjarlægur eða nálægur þeirri hugsun, að gerð yrði breyt. á ellitryggingalögunum í þá átt, sem ég sagði nú og óskað er frá mínu kjördæmi, sem sagt, að breyt. yrði gerð við 22. gr., sem heimilaði öldruðu fólki aðgang að ellilaunum, þó að það á einhvern hátt tæki þátt í framleiðsluvinnunni og þægi þóknun eða laun fyrir, eins og oft á sér stað, bæði í Eyjum og víða annars staðar. Ég þykist vita, þótt ég hafi hér vitnað til Eyjanna, að þetta sé víðar á landinu þannig, að þegar vinnukraft vantar, þá sé leitað bæði til unglinga og líka til hins eldra fólks.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Hv. þm. Vestm. hefur hreyft hér atriði í sambandi við almannatryggingarnar, sem lengi hefur valdið nokkrum erfiðleikum í sambandi við framkvæmd þeirra.

Allir þeir, sem hafa fylgzt með framkvæmd þessara l., hafa orðið þess varir, að það getur oft verið mikið óréttlæti samfara því að þurfa að svipta gamalt fólk rétti til bóta eða hluta af bótum vegna þess, að það hefur haft nokkrar tekjur umfram það, sem l. gera ráð fyrir. Ég fyrir mitt leyti hef sem umboðsmaður trygginganna í nokkuð mörg ár í því umdæmi, þar sem ég hef farið með löggæzlu, kynnzt nokkuð mörgum tilfellum, þar sem þessi regla hefur reynzt afar ósanngjörn og óeðlileg í framkvæmd. Mér er því fullkomlega ljós sú þörf, sem þarna er á athugun, og ég vil taka undir það með hv. þm. Vestm., að hér er nauðsynlegt að ráða einhverja bót á. Hins vegar virðist mér þessi till. ekki eiga heima í sambandi við frv. það, sem hér liggur fyrir. Hér er eingöngu verið að leggja til, að bætur frá almannatryggingum séu leiðréttar til samræmis við þær launahækkanir, sem orðið hafa á landinu í seinasta mánuði. Sú hugmynd, sem hv. þm. Vestm. hreyfir hér, á því í raun og veru ekki heima inni í þessu frv., enda er breyt. flóknari og vandasamari en það, að eðlilegt sé að tefja þetta frv. með athugun á þeirri breyt. út af fyrir sig.

Hins vegar vill svo til, að samkvæmt þáltill., sem samþ. var á hæstv. Alþ. í fyrra, hef ég á s. l. sumri skipað sérstaka mþn. til þess að athuga viss atriði almannatryggingalaganna og þá einmitt ákvæðin um elli- og örorkulaun. Till. eins og sú, sem hv. þm. Vestm. hugðist hreyfa, á einmitt heima í þeirri n. til athugunar. Að því er ég bezt veit, hefur þetta atriði þegar komið til athugunar hjá n. Hún hefur ekki lokið störfum sínum enn þá, en hefur talsvert unnið að endurskoðuninni, og þess er að vænta og til þess hefur verið stofnað, að n. skili sínum till. það tímanlega, áður en yfirstandandi Alþingi lýkur, að hægt verði að taka fyrir frv. til l. um breyt. á almannatryggingalögunum um þetta atriði og ljúka því fyrir þinglok.

Ég vænti því, að hv. þm. Vestm. finnist sér og hans áhugamáli í þessu sambandi fullnægt með því, að þessi hugmynd hans verði tekin til athugunar í mþn., og ég þori að fullyrða, að hún mætir þar bæði vinsemd og skilningi, án þess að hægt sé að segja nánar um það, hver niðurstaða n. verður.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. utanrrh. fyrir svör hans og þó sérstaklega fyrir undirtektir hans undir þá hugmynd, sem ég var hér að færa fram í d., og er honum sammála um það, að efni þessa frv., sem hér er til afgreiðslu, gefur ekki sérstakt tilefni til að flytja þessa brtt. þar við, og sem sagt, mér þykir hin leiðin miklu vissari og betri, sem hæstv. ráðh. benti á, að n., sem er að endurskoða þessa löggjöf, fái þetta í hendur frá mér eða öðrum, og þar sem hún fjallar þegar um þessi atriði, þá er það betur kunnugt.

Sérstaklega þótti mér vel mælt í yfirlýsingu hæstv. ráðh., að hann — og ég geri þá ráð fyrir hæstv. ríkisstj. eða þá a. m. k. hans flokkur — muni vera samþykkur á sínum tíma breyt. eitthvað í þá átt, sem óskað hefur verið af mínum kjósendum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 123).

7. Útflutningssjóður o. fl. (stjfrv. um hækkun slysabóta og dánarbóta).

Á 25. fundi í Ed., 24. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 29. mai 1958, um útflutningssjóð [55. mál] (stjfrv., A. 96).

Á 26. fundi í Ed., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Þegar frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 frá 1958, um útflutningssjóð o. fl., var til 2. umr. í þessari hv. d. á s. l. vori, eftir að frv. hafði farið í gegnum Nd., gaf ég svo hljóðandi yfirlýsingu hér í deildinni:

„Ég hef verið að því spurður utan funda af hv. 1. minni hl. fjhn., hvort ekki sé nauðsynlegt að taka fram í 53. gr. frv., að slysadagpeningar skv. 36. gr. tryggingalaga skuli hljóta álag á sama hátt og lífeyrisbætur. Vegna þessa vil ég taka fram, að ef svo kann að reynast, en það er ekki fullrannsakað, þá lýsi ég því yfir, að það verður leiðrétt á tiltækilegan hátt."

Nú hefur þetta mál verið rannsakað, og niðurstaðan er sú, að til þess að álagið geti tekið til slysadagpeninga og dánarbóta, þegar um er að ræða dauðaslys lögskráðra sjómanna, svo og sjúkradagpeninga og fæðingarstyrks, er nauðsynlegt að taka það fram í l. sjálfum. Það frv., sem hér liggur fyrir, er borið fram í því skyni að fullnægja þeirri yfirlýsingu, sem ég gaf í þessari hv. d. á s. l. vori og ég þegar hef lesið upp.

Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Ed., 8. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 96, n. 115).

Frsm. (Eggert Þorsteinsson): Herra forseti. Eins og hæstv. utanrrh. tók fram við 1. umr. þessa máls, er hér einungis um smálagfæringu að ræða á þeim lögum, sem sett voru á s. l. vori um útflutningssjóð, eða nánast til þess að leiðrétta þar smávegis mistök, er orðið höfðu á og hann lofaði við þær umræður að leiðrétt skyldu. En niður hafði fallið, að samsvarandi hækkun kæmi á slysadagpeninga og dánarbætur eins og á aðrar bætur, er undir Tryggingastofnun ríkisins heyrðu. Fjhn. hefur yfirfarið þetta frv. og rætt það á einum fundi sínum og orðið, eins og á þskj. 115 segir, sammála um að mæla með samþykkt frv.

Ég held, að það sé óþarft að fara um þetta frekari orðum. Breyt. er ákaflega lítil í sjálfu sér og — eins og hæstv. ráðh. sagði — einungis til þess að efna loforð, er gefin voru við setningu l. á s. l. vori.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 37. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 38. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í fjarveru hæstv. utanrrh. vil ég fylgja þessu frv. úr hlaði með fáeinum orðum. Hv. Ed. hefur afgreitt það samhljóða, og það er ósk ríkisstj., að það hafi sem greiðastan gang gegnum þessa hv. deild.

Efni frv. er það, að sú hækkun, sem ákveðin er á almannatryggingabótum í gildandi lögum um útflutningssjóð, taki einnig til slysadagpeninga og dánarbóta, þegar um er að ræða dauðaslys lögskráðra sjómanna, og sömuleiðis til sjúkradagpeninga og fæðingarstyrks samkvæmt almannatryggingalögunum. Að öðru leyti þarfnast frv. ekki skýringa.

Ég vil leyfa mér að óska þess, að því verði vísað að lokinni þessari 1. umr. til fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 96, n. 126).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Emil Jónsson): Herra forseti. Efni þessa frv., sem er tiltölulega stutt og einfalt, er það, að hækkun sú, sem ákveðin var á almannatryggingabótum í l. um útflutningssjóð á s. l. vori, taki nú einnig til slysadagpeninga og dánarbóta, þegar um er að ræða dauðaslys lögskráðra sjómanna, svo og sjúkradagpeninga og fæðingarstyrks, og enn fremur gildi það sama um bætur samkvæmt l. um atvinnuleysistryggingar.

Fjhn. hefur haft þetta mál til athugunar og er sammála um að mæla eindregið með því, að það verði samþykkt. Einn nm., hv. 5. þm. Reykv., var þó fjarverandi, þegar málið var afgreitt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 129).

---

8. Dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Á 23. fundi í Ed., 20. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla l. nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna [52. mál] (stjfrv., A. 86).

Á 24. fundi í Ed., 21. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Með þessu frv. er lagt til, að framlengd verði ákvæði um tekjuöflun, sem sett voru með l. nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, með þeim breyt., sem gerðar hafa verið á þeim, m. ö. o.: að framlengd verði þau ákvæði, sem nú eru í gildi.
Ég sé ekki ástæðu til að færa fram um þetta efni frekari skýringar, en óska eftir, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari 1. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., 27. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 86, n. 98).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er eitt af þeim frv., sem árlega eru borin fram til framlengingar á lögum, sem látin eru gilda eitt ár í senn. Stafar þessi löggjöf, sem hér um ræðir, frá árinu 1948 og hefur verið framlengd ár frá ári síðan. Nefndin hefur athugað frv. og borið það saman við þau lög, sem nú gilda, og er frv. samhljóða þeim nema hvað ártalið snertir. Það er vitað mál og þarf ekki orðum að því að eyða, að það er sízt minni ástæða til að framlengja þessi lög nú heldur en verið hefur undanfarin ár, enda er það svo, að öll nefndin mælir með samþykkt frv., en tveir nefndarmenn, hv. þm. Vestm. og hv. þm. N-Ísf., sem mætti í nefndinni í stað hv. 6. þm. Reykv., sem er erlendis, áskilja sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.
Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta frekari framsögu, en vil þó aðeins láta í ljós, sem ég hef gert fyrr, þegar þessi framlengingarlög hafa verið á dagskrá, að ég fyrir mitt leyti sé enga ástæðu til þess, eins og komið er, að þessi lög, framlengingarlög yfirleitt, séu framlengd ár eftir ár. Það er alveg sýnt, að frá þeim tekjustofnum, sem í þessum framlengingarlögum eru, verður ekki horfið, nema einhver stór breyting verði að öðru leyti, — og því þá ekki að breyta lögunum til frambúðar í samræmi við það? Að vísu hefur Alþingi enn sem komið er ekki átt svo annríkt nú, að ég sé nokkuð að telja eftir því að setja þessi bráðabirgðalög eða framlengja þessi lög, því að það hefur gefizt góður tími til þess. En myndarlegra fyndist mér hitt, úr því sem komið er, og ég vildi gjarnan, að hæstv. fjmrh., sem hér er staddur, léti í ljós álit sitt um það, hvers vegna yfirleitt þetta er gert, að framlengja þetta frá ári til árs, en breyta ekki lögunum í þess stað til frambúðar.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég get ekki svarað því, sem hv. 1. þm. Eyf. drap á, öðruvísi en þannig, að upphaflega hafa þessi ákvæði verið miðuð við eitt ár, og síðan hefur það orðið að venju að hafa svo áfram, en það er sjálfsagt að taka til athugunar þetta sjónarmið, sem hann gat um.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., 4. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 32. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 33. fundi í Nd., 5. des., var frv. tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Í þessu frv. er að finna ákvæði um framlengingu á söluskatti, þ. e. a. s. því af honum, sem eftir stendur. Er þar um að ræða nákvæmlega shlj. ákvæði og þau, sem gilt hafa þetta ár. Er ráðgert, að þau gildi næsta ár.
Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta lengri framsögu, en óska eftir, að málinu verði vísað til hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., 18. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 86, n. 134).

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Það er efni þessa frv. að framlengja fyrir næsta ár þau ákvæði um söluskatt, sem gilda fyrir árið, sem nú er að líða. Frv. er nákvæmlega shlj. þeim l., sem sett voru seint á árinu 1957 og gilda fyrir þetta ár.

Eins og fram kemur í nál. á þskj. 134, eru fjhn.-menn sammála um að mæla með því, að d. samþykki frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Nd., 19. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 141).

---

9. Atvinnuleysistryggingar.

Á 21. fundi í Ed., 17. nóv., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar [46. mál] (stjfrv., A. 77).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 22. fundi í Ed., 18. nóv., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Mér er tjáð, að málið hafi verið tekið hér á dagskrá í gær. Um það var mér ekki kunnugt. Ég hef þá einu afsökun fyrir því, að mér berst hvorki í rn. tilkynning um dagskrá né á mitt heimili, og síðan skólar byrjuðu, er víst mjög misbrestasamt, að blöðin komi sem morgunblöð á heimili víða í borginni.

Ég frétti það fyrst í morgun með því að snúa mér til skrifstofunnar, þegar ég var að spyrjast fyrir um, hvort málið væri á dagskrá í dag, að það hefði verið það í gær og væri því nú aftur til 1. umr. Ég bið hv. d. auðvitað afsökunar á því, að ég var hér ekki viðstaddur í gær, því að auðvitað hefði mér borið að fylgjast með því þrátt fyrir það, sem ég nú hef sagt.

Ég tel ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þetta frv. Þar er um að ræða smávægilegar lagfæringar þriggja atriða eða raunar þó aðeins kveðið nánar á um tvö eða þrjú framkvæmdaatriði l. um atvinnuleysistryggingar.

Frv. er samið í fullu samráði við stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs, og hefur stjórnin lýst sig samþykka þeim breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar, sem í frv. felast. Það ætti að tryggja, að hér séu aðeins sjálfsagðar breyt. á ferðinni eða breyt. til bóta að dómi þeirra manna, sem málinu eru kunnugastir, og auk þess er það nokkur trygging, að í stjórn atvinnuleysistryggingasjóðsins eiga sæti fulltrúar atvinnurekenda, verkalýðssamtaka og ríkisvaldsins, en þetta er tekið fram af því, að e. t. v. gætu breyt. á þessum l. verið viðkvæmari en breyt. á ýmsum öðrum l., af því að þessi lagasetning var á sínum tíma samkomulagsmál milli þessara þriggja aðila.

Breyt. á 1. gr. er aðeins sú, að inni í 5. gr. l. komi orðin „um næstu áramót“, og svo í framhaldi af því, að miða skuli ákvörðun iðgjalds við meðaltalsgrunnkaup Dagsbrúnarverkamanns í almennri dagvinnu á liðnu ári. Iðgjaldið skal síðan greiðast með vísitöluálagi samkvæmt meðalvísitölu þeirri, sem umrætt kaup hefur verið greitt eftir á árinu á undan. Í gildandi l. segir aðeins, að verði breyt. á grunnkaupi Dagsbrúnarverkamanns í almennri dagvinnu, skuli iðgjaldið breytast í samræmi við það. En nú hefur það gerzt á þessu ári, að grunnkaupið hefur hækkað tvisvar, þ. e. a. s. í júní um 5% og svo aftur 22. sept. um 9½%. Til þess nú að framkvæma l., eins og þau eru, þyrfti þá við álagningu iðgjalda á næsta ári að liggja fyrir uppgjör á launagreiðslum atvinnurekenda í þrennu lagi: í fyrsta lagi fyrir tímabilið frá 1. jan. til 31. maí, í öðru lagi fyrir tímabilið frá 1. júní til 22. sept. og síðast frá 23. sept. til 31. des. Slík aðgreining verður, eins og menn sjá, að teljast nálega óframkvæmanleg fyrir atvinnurekendur og skattayfirvöld. Það er því einungis til þess að tryggja eðlilega framkvæmd, að þegar kaupbreytingar hafa átt sér stað, þá skuli iðgjaldabreyting verða við næstu áramót og ákvörðun iðgjaldsins þá miðuð við meðaltalsgrunnkaup ársins á undan að viðbættu vísitöluálagi meðalvísitölu þeirrar, sem kaupið var greitt eftir á árinu á undan. Útreikningur er sýndur á því í grg. frv., hvernig meðaltalsgrunnkaup skuli fundið. — Um þessa breyt. er sem sé fullt samkomulag í stjórn atvinnuleysistryggingganna.

Í 2. gr. frv. er svo lagt til, að við 18. gr. l. bætist svo hljóðandi málsgrein: „Nú breytist grunnkaup Dagsbrúnarverkamanns í almennri dagvinnu, og er þá ráðh. heimilt, að fengnum till. stjórnar atvinnuleysistryggingasjóðs, að breyta upphæðum bóta samkvæmt lögum þessum í samræmi við það.“

Um þessa breyt. vil ég aðeins segja þetta: Það verður í alla staði að teljast eðlilegt, að hlutfall bóta og vinnulauna haldist óbreytt og þurfi ekki að raskast, þótt breyt. verði á vinnulaunum. En nú eru bæturnar ákveðnar í reglugerðum úthlutunarnefndanna í hinum einstöku verkalýðsfélögum, og þarf því, svo að hlutfallið haldist óbreytt, að breyta öllum

þessum reglugerðum. Með þessu eina móti væri hægt að samræma bæturnar breyttum vinnulaunum, nema lagabreyt. komi til. Þetta er of þunglamalegt í framkvæmd, og er því hér lagt til, að ráðh. veitist heimild, þó aðeins að fengnum till. stjórnar atvinnuleysistrygginganna, til þess að breyta bótunum í samræmi við breyt. á grunnkaupi Dagsbrúnarverkamanns í almennri dagvinnu.

3. gr. frv. er einungis um það, að fresturinn til endurskoðunar lögunum, sem settur er í 22. gr. gildandi l. um atvinnuleysistryggingar, skuli framlengjast um tvö ár, en í l. var ákveðið, að l. skyldi endurskoða að 2 árum liðnum. Stjórn atvinnuleysistryggingsanna er sammála um, að enn sé tæpast fengin næg reynsla af l. um atvinnuleysistryggingar, til þess að heppilegt geti talizt eða nauðsynlegt að hefja nú gagngera endurskoðun á þeim.

Við höfum verið svo heppnir, að enn þá hefur sáralítið komið til þeirra framkvæmda að greiða bætur vegna atvinnuleysis og því nálega engin reynsla komin á þann þátt l., sem er meginhluti þeirra, sem um það snýst. Hér er því lagt til, að frestur til endurskoðunarinnar verði lengdur um tvö ár, þ. e. a. s. til ársins 1960.

Ég held, að með þessu, sem ég nú hef sagt, hafi ég gert grein fyrir efni þessa litla frv., eins og ástæða er til. En e. t. v. væri viðeigandi, að ég skýrði hv. d. í örfáum orðum aðeins frá nokkrum einstökum atriðum viðvíkjandi atvinnuleysistryggingunum.

Það er öllum kunnugt, að l. eru nú rúmlega 2½ árs gömul, voru sett á árinu 1956, og tekjur atvinnuleysistryggingsanna eru, — það er að vísu ekki með nákvæmri tölu, — en eitthvað í kringum 44—45 millj. kr. á ári, og ættu því brúttótekjur þeirra gjaldfallnar nú að vera um 110, kannske 115 millj. kr. Þetta eru þó ekki alveg nákvæmlega tilgreindar tölur. En eitthvað hér um bil er þetta.

Eins og kunnugt er, greiðir ríkissjóður helminginn af framlaginu til trygginganna, 2% af greiddum vinnulaunum, en 1% kemur svo frá hvorum, atvinnurekendum og bæjarfélögum, á móti. Ríkissjóðsframlagið kemur auðvitað alveg reglubundið inn. Framlög atvinnurekendanna koma örugglega líka inn, en nokkru á eftir. En svo er bezt að segja það eins og það er, að nokkur vanskil hafa orðið á greiðslum frá sumum bæjarfélögunum. Reynt hefur þó verið af hendi atvinnuleysistryggingastjórnarinnar að örva skilvísi gagnvart tryggingunum með því að slá þeirri reglu fastri, að ekkert sveitarfélag geti átt rétt til lána úr atvinnuleysistryggingunum, þegar lánastarfsemi þar hefst að ráði, nema því aðeins að viðkomandi sveitarfélag sé skuldlaust við tryggingarnar. Mörg bæjarfélög hafa einmitt, síðan þessi regla var sett, kostað kapps um að koma sínum greiðslum í lag gagnvart þeim, og eru það því tiltölulega fá, en þó nokkur meðal hinna stærri bæjarfélaga, sem standa í nokkrum vanskilum við tryggingarnar enn þá.

Það munu vera eitthvað nálægt því um 60 millj. kr., sem nú eru í handbæru fé hjá atvinnuleysistryggingasjóði, og þykir nauðsynlegt, að sú upphæð hækki enn nokkuð, til þess að tryggingarnar séu við því búnar að taka við stærri áföllum, sem þær kynnu að verða fyrir af atvinnuskorti. Hefur verið talað um, að þessi stofnsjóður þurfi að komast upp í svona 80—100 millj. kr., svo að tryggingarnar væru nokkurn veginn öruggar að geta staðið við skuldbindingar sínar, ef til atvinnuleysis kæmi í hinum stærri kaupstöðum landsins.

Búið er að lána eitthvað á milli 20 og 30 millj. kr. samtals á tveimur síðustu árum til þess að treysta atvinnugrundvöllinn á nokkrum stöðum og þannig koma í veg fyrir skort á atvinnu. Það verður að teljast nokkuð jákvætt hlutverk trygginganna að verja sínum sjóðum einmitt til þess að gera ráðstafanir, sem fyrirbyggi, að atvinnuleysi skelli yfir.

Menn sjá, að þessar 60 millj. kr. að viðbættum 20—30 millj., sem lánaðar hafa verið, fylla þó ekki alveg töluna 110—115 millj., sem ég gaf upp að mundu vera gjaldfallnar til trygginganna. En það skýrist af því, að nokkrar greiðslur frá atvinnurekendum og frá bæjarfélögum koma allverulega eftir á.

Það er aftur skemmtilega hliðin á þessu máli, að bótagreiðslur hafa verið mjög litlar fram að þessu, aðeins á fáum stöðum og það fámennum stöðum, svo að upphæðirnar, sem greiddar hafa verið í bætur, hafa verið bæði fáar og smáar. Þetta hafa verið nokkrir staðir á Norðausturlandi, einstöku fámennir staðir í öðrum landshlutum, en engin skakkaföll, sem borið hefur að tryggingunum fram að þessu, — það er óhætt að segja, — og þær hafa því fengið hin ákjósanlegustu skilyrði fram að þessu til þess að vaxa sig sterkar, til þess að geta orðið því hlutverki vaxnar, sem þeim var ætlað.

Þetta eru að vísu upplýsingar um tryggingarnar utan við efni þessa frv., sem ég gerði grein fyrir í upphafi míns máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 12 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., 28. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 77, n. 100).

Frsm. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Í þessu frv. er um að ræða þrjár minni háttar breyt. á l. um atvinnuleysistryggingar, og þessar breyt. eru gerðar í samráði við stjórn tryggingasjóðsins og með samþykki hennar.

Fyrsta breyt. varðar iðgjaldagreiðslur atvinnurekenda til sjóðsins og miðar að því að gera þær reikningslega einfaldari. Samkvæmt l. skulu þessi iðgjöld breytast í samræmi við breyt. á grunnkaupi verkamanna hverju sinni. En í frv. er lagt til, að iðgjaldaupphæðin verði miðuð við meðaltalsgrunnkaup næsta árs á undan, og sparast með því móti skýrslugerðir og útreikningar að miklum mun, ef grundvöllur breytist einu sinni eða oftar á sama ári.

Önnur breytingin snertir upphæð atvinnuleysisbóta og er um heimild handa ráðh. til að breyta þeirri upphæð til hækkunar eða lækkunar í samræmi við áorðnar grunnkaupsbreytingar.

Loks er í frv. breyt. á frestinum til endurskoðunar l., en sú endurskoðun átti að fara fram á þessu ári. Þykir ekki nægileg reynsla enn fengin, og því er lagt til, að fresturinn verði framlengdur um tvö ár.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um frv. þetta, enda hefur hæstv. félmrh. gert grein fyrir því hér í hv. deild í ýtarlegri framsöguræðu. En hv. heilbr.- og félmn. hefur farið yfir frv. og mælir einróma með, að það verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Ed., 2. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 31. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 32. fundi í Nd., 4. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., 9. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 77, n. 158).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Þetta mál er komið frá Ed. og var samþykkt þar shlj. á þskj. 77 ágreiningslaust. Það er samið í samráði við stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs. 1. og 2. gr. miða að því að auðvelda framkvæmd l., en 3. gr. miðar að því að fresta endurskoðun, en það er samróma álit þeirra, sem hafa annazt framkvæmd l. til þessa, að enn sé ekki fengin næg reynsla, til þess að tímabært sé að endurskoða þau. N. fellst á þessi rök og leggur til, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., 12. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 161).

---

10. Aðstoð við vangefið fólk.

Á 11. fundi í Sþ., 26. nóv., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 29. maí 1958, um aðstoð við vangefið fólk** [57. mál] (stjfrv., A. 99).

Á 29. fundi í Nd., 27. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Félmrh. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Á seinasta þingi var sett löggjöf um aðstoð við vangefið fólk. Í þeirri löggjöf var gert ráð fyrir ákveðinni fjáröflun til þess að reisa stofnanir fyrir vangefið fólk. Með rekstur slíkra stofnana er þessum sjóði ekki ætlað að hafa neitt að gera. Í þessu frv. er lagt til, að inn í 4. gr. l. bætist heimild til þess að mega verja fé úr styrktarsjóði vangefinna einnig til endurbóta á stofnunum fyrir vangefið fólk, en það getur leikið á nokkur vafi, hvort það sé heimilt samkvæmt gildandi lögum.

Það eru stofnanir á höndum einstaklinga, sem inna af hendi þjónustu fyrir vangefið fólk, og við erum þannig á vegi stödd með hin opinberu hæli fyrir vangefna, að þau geta ekki tekið við nándar nærri öllum, sem hælisvistar þurfa, og því má það ekki koma fyrir, að þessi hæli, sem eru nú rekin af einstaklingum eða félagasamtökum, hætti sinni starfsemi. En ekki er vissa fyrir því, að starfsemin haldi áfram, nema hægt sé að endurbæta þessar stofnanir með aðstoð, t. d. úr styrktarsjóði vangefinna, og blasir það raunar við, að það er bráð nauðsyn að koma þar hjálpandi til, og við teljum, að það sé eðlilegt, að sjóðurinn fái þá heimild til þess að veita slíka nauðsynlega aðstoð.

Ég held, að það sé alveg óþarft að skýra þetta frv. með fleiri orðum. Það er sem sé eingöngu farið fram á það, að í viðbót við 4. gr., þar sem heimilað er samkv. gildandi l. að verja fé sjóðsins til þess að reisa stofnanir fyrir vangefið fólk, komi nú inn í gr.: og til endurbóta á slíkum stofnunum.

Þetta er 1. umr. Ég legg til, að málinu verði vísað að lokinni umr. til hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Nd., 11. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 99, n. 122).

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Stjórn styrktarsjóðs vangefinna telur, að þessi breyting á lögunum sé nauðsynleg til að greiða fyrir því, að sjóðurinn geti sem fyrst komið að verulegu gagni. Breytingin er eingöngu fólgin í því, að heimilt skuli að nota fé sjóðsins til þess að endurbæta og stækka þær stofnanir, sem þegar hafa tekið til starfa.

Nefndin var sammála um að mæla með því, að þessi breyting væri gerð, og telur það sjálfsagt og leggur því til, að það verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., 15. des., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 38. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 40. fundi í Ed., 18. des., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 27. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 99, n. 185).

Frsm. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Lög um aðstoð við vangefið fólk voru samþykkt á síðasta þingi, og samkv. þeim skal næstu 5 árin greiða 10 aura gjald af hverri flösku gosdrykkja og öls, sem framleitt er í landinu. Fé það, sem þannig fæst, skal renna í sérstakan styrktarsjóð vangefinna og vera í vörzlu félmrn. Þessi lög tóku gildi 1. nóv. s. l. Samkv. 4. gr. laganna skal fé því, sem þannig aflast, varið til að reisa stofnanir fyrir vangefið fólk. Þetta er skilið þannig, að ekki megi veita úr sjóðnum fé til endurbóta eða stækkunar á stofnunum, sem þegar eru teknar til starfa. Þetta hefur þeim, sem að þessum málum helzt vinna, þótt galli og óskað nokkurrar rýmkunar á réttinum til að veita úr sjóðnum. Í því tilefni er það frv., sem hér liggur fyrir, flutt, en það er stjfrv. Eina breytingin, sem í því felst frá gildandi lögum, er sú, að í stað orðanna „reisa stofnanir" í 4. gr. laganna komi „reisa og endurbæta stofnanir". Stjórn Styrktarfélags vangefinna hefur óskað þessarar breytingar.

Heilbr.- og félmn. hefur rætt frv. og ekki séð ástæðu til annars en mæla með því óbreyttu. En persónulega skal ég játa, að ég er ekki sérlega hrifinn af þessari breytingu. Tel ég varhugavert að drepa á dreif því fé, sem hér um ræðir. Það var í upphafi hugsað sem hrein viðbót við fjárframlög ríkisins til þessara þarfa, en ekki koma í staðinn fyrir þau. Nú skal ekki aðeins reisa fyrir það nýjar stofnanir, heldur líka endurbæta gamlar. Næst gæti maður vænzt tillögu um að verja fénu einnig til rekstrar stofnana, þannig að loks verði ekkert eftir til þeirra nýbygginga, sem þjóðfélagið mjög vanhagar um. En ég vil þó ekki gera ágreining út af þessu, enda hafa þeir, sem næst vandamálinu standa, eindregið óskað þessarar breytingar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., 29. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 211).

---

11. Niðurfærsla verðlags og launa.

Á 23. fundi í Sþ., 21. jan., var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um niðurfærslu verðlags og launa o. fl.** [87. mál] (stjfrv., A. 180).

Á 60. fundi í Nd., 22. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Undanfarnar vikur og mánuði hefur íslenzka þjóðin haft af því áhyggjur þungar, hve þróun verðlags- og kaupgjaldsmála árið 1958 hefur verið óskyggileg og uggvænleg. Verðbólgan hefur farið stöðugt vaxandi og með auknum hraða, eftir því sem hefur liðið á árið. Vísitala framfærslukostnaðar mundi hafa orðið 1. jan. s. l. 225 stig, ef ekki hefði um sama leyti verið horfið að mjög róttækum niðurgreiðslum. Hækkun á árinu 1958 hefði þá orðið úr 191 stigi í 225 stig, eða 34 vísitölustig. Kaupgjald hækkaði með útflutningssjóðslögunum um 5—7%. Í fyrrasumar og s. l. haust hækkaði svo grunnkaup verkamanna um 9.5% og kaup annarra stétta flestra um 6%. Opinberir starfsmenn fengu í árslokin eða réttara sagt nokkru fyrir þau 6% hækkun flestir og fáir í lægstu launaflokkunum 9% hækkun, allt reiknað frá 1. sept. s. l. Loks fengu svo bændur sína kaup-

hækkun í hækkuðu verði landbúnaðarafurða s. l. haust, og var þá hækkunin á landbúnaðarvörunum miðuð við það, að bændurnir fengju reiknað inn í verðlagsgrundvöllinn hækkað kaup hjá sér, fyrst við útflutningssjóðslagasetninguna um 5%, síðan vegna hækkunar vísitölu úr 183 í 185 stig um rúmt 1% og loks 6% miðað við þá hækkun, sem verkalýðsfélögin höfðu þá fengið, þegar verðlagsreikningur landbúnaðarafurðanna var framkvæmdur í septembermánuði s. l. Allt leiddi þetta svo til 17 stiga hækkunar á vísitölu 1. nóv. s. l., sem kom til framkvæmda í vinnulaunagreiðslum 1. des. Þess má einnig geta hér, að togarasjómenn fengu sín laun bætt á s. l. hausti um 11—13% miðað við þeirra heildarlaun.

Öll þessi þróun, þar sem hvort elti annað, kaupgjald og vöruverðlag, hefur þess vegna orðið miklu örari árið sem leið heldur en hún hefur orðið nokkru sinni áður. Ef ekkert væri að gert til þess að stemma stigu fyrir þessari þróun, er auðséð, hvert stefnir. Verðlag og kaupgjald mundi hækka upp úr öllum skorðum og með vaxandi hraða, verðgildi peninga mundi fara hraðminnkandi og vantrúin og vantraustið á sparifjáröflun verða svo almennt, að allri efnahagsstarfsemi í landinu mundi stafa hætta af, og raunar meira en það, því að sparifjárinneignir mundu með sama áframhaldi hverfa og ýmiss konar meira og minna óþarfur varningur verða keyptur fyrir það fé. Um þetta segir svo í grg. frv., sem ég vil leyfa mér að lesa, þar sem það lýsir þessu ástandi allýtarlega:

„Áætlað hefur verið, að ef ekkert væri gert til þess að stöðva þessa þróun, en bætur til útflutningsatvinnuveganna auknar, eins og með þyrfti, og yfirfærslu- og innflutningsgjöld hækkuð nægilega mikið til að standa undir þeim bótum, mundi framfærsluvísitalan verða komin upp í a. m. k. 270 stig og kaupgreiðsluvísitalan upp í 253 stig 1. nóv. 1959. Þetta svarar til 23% hækkunar á vísitölu framfærslukostnaðar og 25% hækkunar á kaupgreiðsluvísitölu á einu ári. Þessar öru víxlhækkanir verðlags og kaupgjalds mundu ekki stöðvast af sjálfu sér á næsta ári og ekki heldur úr þeim draga. Þvert á móti bendir allt til þess, að þær yrðu örari og örari, þegar fram í sækti, og að þróunin mundi stefna í átt að 20—30% verðbólguaukningu á ári hin næstu ár, ef ekki yrðu gerðar gagngerar ráðstafanir til stöðvunar á verðbólgunni.

En það er ekki nóg að stöðva verðbólguþróunina við það kaupgjald og verðlag, sem nú er komið á. Augljóst er, að útflutningsatvinnuvegirnir geta ekki staðið undir þeirri hækkun kaupgjalds, sem orðið hefur síðan útflutningsbætur þeim til handa voru ákveðnar á s. l. vori. Til úrbóta er um tvær meginleiðir að velja. Hin fyrri er sú, að hækka bætur til útflutningsframleiðslunnar sem því svarar, er tilkostnaður hefur aukizt síðan útflutningsbæturnar voru ákveðnar síðast, og leggja ný gjöld á landsmenn til þess að afla tekna til að greiða hækkun bótanna. Hin leiðin er sú að lækka tilkostnað útflutningsframleiðslunnar með almennri lækkun kaupgjalds og verðlags, þannig að ekki þurfi að hækka þær bætur, sem hún fær greiddar. Þá þyrfti heldur ekki að hækka þau yfirfærslu- og innflutningsgjöld, sem lögð eru á innfluttar vörur og seldan gjaldeyri til þess að standa straum af greiðslu útflutningsbótanna.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að leggja til við Alþ., að síðari kosturinn verði tekinn. Vegna þeirrar uggvænlegu þróunar, sem varð í kaupgjalds- og verðlagsmálunum á s. l. ári, og þess voða, sem fyrir dyrum er, ef áfram yrði haldið á þeirri braut, vill ríkisstj. ekki leggja til, að gerðar verði nú ráðstafanir, er leiða mundu til frekari hækkunar verðlags. Þess vegna er í þessu frv. gert ráð fyrir, að tilkostnaður framleiðslunnar verði lækkaður svo sem nauðsynlegt er, til þess að bætur á gjaldeyrisverðmæti útflutningsins geti haldizt óbreyttar. Athugun hefur leitt í ljós, að það gæti orðið, ef kaupgreiðsluvísitalan yrði 175 stig frá 1. febrúar n. k. Frá 1. febr. til 30. apríl skal verðlagsuppbót á laun miðast við 175 stiga kaupgreiðsluvísitölu. Í sambandi við þá lækkun tekna, sem af þessu hlýzt, ákvað ríkisstj. fyrir síðustu áramót að auka niðurgreiðslur á ýmsum innlendum afurðum, sem svaraði til 13 stiga lækkunar á vísitölu framfærslukostnaðar. Ákvæðið um kaupgjaldsvísitöluna 175 er við það miðað, að launþegar, bændur og allar aðrar stéttir afsali sér af tekjum sínum sem svarar til 10 vísitölustiga eða 5.4% af núgildandi kaupi eða tekjum. Í samræmi við það eru í frv. ákvæði til lækkunar á verði hvers konar vöru og þjónustu, svo sem innlendum landbúnaðarafurðum, fiskverði, iðnaðarvöru, verzlunarálagningu, hvers konar gjöldum og töxtum o. s. frv. Í framhaldi af þessum almennu verðlækkunarráðstöfunum er þess vænzt, að vísitala framfærslukostnaðar, sem 1. jan. s. l. lækkaði úr 220 stigum í 212 stig, lækki fram til 1. marz n. k. niður í 202 stig, en það svarar til kaupgreiðsluvísitölu 185 samkv. núgildandi reglum. Ef vísitalan hefur ekki lækkað niður í 202 stig 1. marz n. k., mun ríkisstj. auka niðurgreiðslurnar þannig, að vísitalan verði þá 202 stig. Eftirgjöf vísitölustiga yrði því aldrei meiri en 10 stig. Sú 27 stiga lækkun kaupgreiðsluvísitölu, sem frv. hefur í för með sér, á þess vegna að því er 17 stig snertir rót sína að rekja til aukinnar niðurgreiðslu vöruverðs og verðlækkana, en að því er 10 stig snertir til lækkunar tekna launþega og framleiðenda."

Eftir að ríkisstj. hafði ákveðið að leggja til við Alþ., að þessi leið skyldi farin, hefur þessi lausn verið lögð til grundvallar í þeim samningum, sem gerðir hafa verið við útgerðarmenn og lokið var endanlega við nú fyrir nokkrum dögum, fyrri hluta þessarar viku. Náist ekki samkomulag um þessa lausn, þá falla þeir samningar vitanlega niður og til annarra ráða verður að grípa og annarra úrlausna að leita.

Ég vil aðeins með nokkrum orðum rekja aðalefni frv., áður en lengra er farið, bæði í heild og grein fyrir grein.

Meginhugsunin, sem felst í frv., kemur strax fram í upphafi þess, þar sem segir, að frá 1. febr. 1959 skal greiða verðlagsuppbót á laun og allar aðrar greiðslur, er fylgja kaupgreiðsluvísitölu, samkv. vísitölu 175 stig. Síðan er þetta ákveðið nánar, hve langt þetta á að ná og hve víðtæk þessi ákvæði skulu vera. Það á — fyrir utan að ná til allra launagreiðslna — að ná til aksturstaxta vörubifreiða og fólksbifreiða, það á að ná til launa, sem ákveðin eru með samningi, og það á að ná til launa, sem greidd eru án þess, að vísitöluupphæð eða grunnlaunaupphæð sé ákveðin, m. ö. o. til launa, sem greidd eru í einu lagi. Ein undanþága er þó í þessari 1. gr. Það eru tryggingabæturnar samkv. almannatryggingalögunum, 2. kafla þeirra og 37. og 38. gr., þar sem segir, að þessar bætur skuli ekki lækkaðar á sama hátt og hin almennu laun, heldur halda sig við vísitölu eins og þá, sem nú er, 185, eða þá, sem sennilega verður eftir 1. marz. Í 2. gr. segir, að vísitala viðhaldskostnaðar húsa skuli reiknuð á sama hátt og að húsaleiga samkv. leigusamningum, sem fylgir húsaleiguvísitölu, skuli einnig greidd eftir vísitölu 175. Þá er í 3. gr. frv. gert ráð fyrir því, að húsaleigan, reiknuð á þennan hátt, verði á þann hátt tekin inn í framfærslukostnaðarreikning kauplagsnefndar, þegar vísitalan verður ákveðin 1. marz og síðar.

Í 4. gr. hafa verið tekin inn ákvæði um það, að horfið verði að nýjum vísitölugrundvelli. Núverandi vísitölugrundvöllur er frá 1939 og 1940, og neyzluskiptingin nú er orðin mikið frábrugðin því, sem hún var þá. Kauplagsnefnd hefur því haft með höndum að undanförnu undirbúning undir að breyta grundvellinum, sem framfærsluvísitalan er reiknuð eftir, og meir í samræmi við núverandi neyzluskiptingu. Neyzluskiptingin nú er, það er vitað, orðin allmiklu öðruvísi en hún var fyrir 20 árum og því réttara að færa vísitöluútreikninginn til þess horfs, svo að útkoman verði meir í samræmi við raunveruleikann en útreikningur samkv. gömlu vísitölunni, sem gerður hefur verið að undanförnu. Þessi undirbúningur kauplagsnefndar var hafinn fyrir löngu, og kauplagsnefnd mun hafa látið halda búreikninga, sem mynda grundvöllinn undir þennan vísitölureikning, og þetta hefði sennilega komið til framkvæmda á næstunni, hvort sem þetta frv. hefði legið fyrir eða verður samþykkt eða ekki.

Í 5. gr. er gert ráð fyrir því, að frá 1. marz 1959 skuli verðlagsuppbót samkv. ákvæðum 1. gr. lögð við grunnupphæðir launa og hvort tveggja fært til verðs sett sem grundvöllur 100 í nýjum vísitöluútreikningi frá þeim degi.

Í 6. gr. eru ákvæði um, að á tímabilinu frá 1. maí til 30. ágúst skuli greiða verðlagsuppbót á laun og aðrar greiðslur, er fylgja kaupgjaldsvísitölu, í hlutfalli við þá hækkun á vísitölu framfærslukostnaðar, sem kann að hafa orðið frá 1. marz til 1. apríl n. k. Þetta þýðir, að frá þeim tíma verði tekinn upp sami háttur og áður hefur verið og alltaf hefur verið undanfarin ár, að kaupgjaldið skuli reiknast með vísitöluálagi eftir þeim breyt., sem framfærsluvísitalan tekur. Eftir að grunnlaunaupphæðirnar hafa verið settar 100 1. marz, þá verður í fyrsta sinn, þegar þessi reikningur fer fram, framfærslukostnaðarvísitalan látin gilda fyrir kaupgjaldsálaginu, því að þá verður enginn munur á kaupgjalds- og framfærsluvísitölu, en 1. sept. 1959 skal svo reiknuð út kaupgjaldsvísitala á sama hátt og áður hefur verið gert, og verður þá sá munur á kaupgjaldsvísitölu og framfærsluvísitölu, að inn í kaupgjaldsvísitöluna kemur ekki sú vöruhækkun, sem leiðir af hækkun á launum bóndans.

Í 7. gr. er ákveðið, að færð skuli niður í verðlagsgrundvelli landbúnaðarins laun bónda og verkafólks hans á sama hátt og gert er hjá öðrum eða hjá launastéttunum í landinu og nýtt landbúnaðarverð reiknað til samræmis við það, þ. e. a. s. miðað við það, að kaupgjald bóndans verði fært niður sem svarandi til lækkunar á vísitölu úr 185 stigum niður í 175 stig, og síðan, að verðlag landbúnaðarvara færist niður um leið og komi til framkvæmda á sama tíma.

8. gr. gerir ráð fyrir því, að kaup bóndans breytist nú eins og annað kaupgjald í landinu með breyttu verðlagi, þannig að laun bóndans breytist eftir vísitölu og færist þannig inn í verðlagsgrundvöllinn, þó þannig, að þessi breyting verði ekki gerð, nema hækkunin á vísitölunni hafi numið 5 stigum eða meira. Þegar það hafði verið tekið upp í samninga um fiskverð til sjómanna, að breyt. á vísitölu skyldi hafa áhrif á fiskverðið, þótti ekki sanngjarnt, að þetta yrði ekki gert líka að því er snerti bóndann, og þess vegna er þetta hér inn komið, eftir það líka, að fulltrúar bændastéttarinnar höfðu látið í ljós við ríkisstj., að þeir mundu leggja verulega upp úr því, að þessi breyt. á útreikningi landbúnaðarvöruverðsins yrði gerð.

Þá eru í 9. gr. tilsvarandi ákvæði um skiptaverð á fiski til bátasjómanna, sem breytist frá því, sem ákveðið er í þeirra samningi, sem miðaður var að grunni til við 185 vísitölustig, að það skuli breytast eftir því, sem vísitalan breytist, upp eða niður, og færist þá við þessar aðgerðir niður í að vera miðað við 175 stig. Þó er ein undantekning frá þessu í frv., að því er tekur til kauptryggingarinnar, sem á að tryggja sjómönnum lágmarkslaun. Sú trygging er ekki skert með frv.

Þá eru loks í 10. gr. almenn ákvæði um það, að framleiðendur hvers konar vöru og þjónustu skuli þegar eftir gildistöku þessara laga lækka söluverð til samræmis við þá lækkun launakostnaðar, sem leiðir af niðurfærslu kaupgreiðsluvísitölu í 175 stig, og aðra lækkun tilkostnaðar vegna ákvæða þessara laga. Tekur þetta til gjalda fyrir hvers konar flutninga og fyrir hvers konar þjónustu, hvers konar iðnað, sem nánar er ákveðið í gr. Og fyrirmæli eru um, að verðlagsyfirvöld skuli þegar eftir gildistöku þessara laga setja nánari fyrirmæli um framkvæmd þessarar greinar.

Ég hef þá í örfáum orðum rakið aðalefni

frv., sem er raunverulega það, að eftir skuli gefin alls staðar, þar sem vísitölureikningur kemur til, 10 stig af kaupgjaldsvísitölunni, án þess að bætur komi fyrir, og að farið verði með hana niður í 175 stig. Þetta er kjarni málsins.

Nú kunna menn að spyrja: Er ekki framfærsluvísitalan í dag 212 stig, þrátt fyrir niðurgreiðsluna 1. jan. s. l., og hvernig má hún þá með eðlilegum hætti komast niður í 202 stig, til þess að kauplagsvísitalan komist með eðlilegum hætti niður í 185 stig og eftirgjöfin aðeins verði 10 stig? Við þessu er því að svara, að um 5 stig af framfærsluvísitölunni í dag eru afleiðing af hækkuninni 1. des. s.l., og þau hljóta því að hverfa, þegar aftur verður fært niður í það sama sem var fyrir 1. des. Verulegur hluti þessara stiga er til kominn vegna hækkunar á dreifingarkostnaði landbúnaðarvara, en auk þess hafa komið til nokkur atriði önnur, sem hafa orðið til þess að hækka vísitöluna um þessi stig vegna hækkunarinnar, hinnar almennu hækkunar, sem orðið hefur á kaupgjaldi síðan 1. des. Þetta á að hverfa út úr verðlaginu, þegar vísitalan lækkar. Hinum 5 stigum, sem þá eru eftir, er hugsað að ná á sama hátt eða svipaðan hátt, getur maður sagt, þegar vísitalan lækkar úr 185 í 175 stig, í lækkuðu verðlagi, sem leiðir af lækkun vísitölunnar um þessi stig. Nú er að vísu rétt að gera ráð fyrir því, að þessi verðlagslækkun tekur nokkurn tíma, og er því ríkisstj. við því búin að þurfa að greiða niður til viðbótar einhver fá stig, sem ekki er unnt að segja á þessu stigi málsins, hversu mörg verða, en gera mætti ráð fyrir 1—2 og í hæsta lagi 3, á meðan þetta jafnvægi er að nást, því að lækkunin í vöruverði niður á við verður í sumum vörutegundum seinvirk vegna birgða og annarra atriða, sem verða að takast til greina í þessu sambandi. Þetta hefur ríkisstj. þess vegna ákveðið til þess að tryggja það, að eftirgjöfin þurfi aldrei að verða meiri en 10 stig eða 5.4%, ef miðað er við vísitöluna 185. Til þess að allt sé þó fram tekið, þá er rétt að geta þess, að í febrúarmánuði verður þessi lækkun væntanlega ekki öll komin á í þeim mánuði, og getur því útkoman þann tíma verið eitthvað óhagstæðari fyrir launþegann, en þar á móti má segja, að í janúarmánuði hefur kaupið verið miðað við annað verðlag en það raunverulega, eftir að niðurgreiðslan var gerð 1. jan. s. l., svo að segja má, að ef báðir mánuðirnir, janúar og febrúar, verða teknir undir eitt, þá verði útkoman hagstæð, en ekki óhagstæð fyrir launþegann.

Samningar við bátaútvegsmenn og sjómenn voru teknir upp strax annan jóladag, og hefur þeim síðan verið fram haldið sleitulaust, þangað til endanlega var frá þeim gengið s. l. mánudag, eins og áður er sagt. Var í samningunum gengið út frá 185 vísitölustigum sem grundvelli, en reiknað með hreyfingu samkv. vísitölu. Skiptaverð á fiski til sjómanna var hækkað úr kr. 1.55 á kg upp í kr. 1.75 á kg eða um 13% til samræmis við aðrar hækkanir, sem orðið höfðu á árinu 1958. Og þar var einnig ákveðið, að verðið breyttist samkv. breyt. á kaupgjaldsvísitölu frá 185 upp á við eða niður á við, eftir því sem þessi vísitala kynni að breytast á tímabilinu. Samningurinn við útvegsmenn og vinnslustöðvar var við það miðaður, að þessir aðilar fengju uppborinn þann kostnaðarauka, er þeir hafa orðið fyrir frá síðustu vertíð, og annað ekki. Samningarnir við bátaútvegsmenn og sjómenn voru það á veg komnir og þannig frá þeim gengið í öllum aðalatriðum fyrstu dagana í janúar, að róðrar gátu þá hafizt og gerðu það víðast. Hins vegar tóku samningar við vinnslustöðvarnar og togarana lengri tíma eða réttara sagt byrjuðu seinna, þannig að þeim var ekki lokið fyrr en nú alveg síðustu dagana, og þá var líka lokið þeim umreikningi, sem þurfti að fara fram til þess að fá þá niðurfærslu í bótagreiðslum, sem leiddi af því, að vísitalan yrði færð úr 185 stigum niður í 175. Frv. til l. um breyt. á l. um útflutningssjóð o. fl., sem leiðir af þessum breyt. eða þeim breyt., sem gerðar voru á samningum við bátaútvegsmennina og vinnslustöðvarnar, hefur því ekki verið hægt að fullgera alveg enn, fyrr en nú þessa síðustu daga, en mun væntanlega verða lagt fram öðru hvoru megin við næstu helgi og þó væntanlega fyrir næstu helgi, til þess að menn þar sjái nákvæmlega, í hverju þessar breyt. verði fólgnar, og það frv. geti fylgt þessu, sem hér hefur verið lagt fram.

Ég skal þessu næst leyfa mér að gera nokkra grein fyrir því, hver hefur orðið niðurstaðan af þessum samningum við bátaútvegsmenn og bátasjómennina, og þeim kostnaðarauka, sem af því leiðir fyrir útflutningssjóð. Ef miðað er við þann umreikning, sem byggist á vísitölu 175, þá lítur þetta þannig út:

Til báta, sem stunda þorskveiðar: Vegna hækkunar rekstrarkostnaðar frá vertíð 1958 umfram hækkun tekna til þessa fara 9.6 millj. kr. Vegna hækkunar skiptaverðs og bóta samkv. nýjum kjarasamningum koma 17.6 millj. kr. Vegna bráðafúatryggingar, sem einnig er tekið að sér að greiða, koma 4 millj. kr. Samtals eru þetta 31.2 millj. kr. Hækkunin til togaranna verður 12.7 millj. kr., en eins og ég mun koma að síðar, þá kemur það fram á þann hátt, að það verður ekki útflutningssjóði beint til gjalda, heldur kemur það fram sem hækkun á kaupverði fiskvinnslustöðvanna á afla þeirra, eða 7 aura hækkun á þeim afla, sem þessar stöðvar kaupa. En sem sagt, hækkunin til togaranna verður 12.7 millj. kr.

Um síldveiðina er ekki samið, eins og kunnugt er, en til þess að fá heildarmynd af árinu hefur verið stungið niður á áætlunartölu fyrir síldveiðibátana, og sú hækkun, sem þar hefur verið stungið upp á eða áætluð, hefur verið fengið þannig að gefa þeim svipaða hlutfallshækkun og aðrir bátar hafa fengið, og hafa þá fengizt út úr því dæmi með tryggingum og hækkun almennra bóta 20.5 millj. kr.

Fiskvinnslustöðvarnar hafa fengið nokkra hækkun í bótagreiðslum, sem hjá þeim flestum kemur fram á þann hátt, að það eru hækk-

aðar sérbæturnar, sem kallaðar eru, þ. e. a. s. smáfiskbæturnar, sumarbæturnar og tegundabæturnar, sem áður hafa verið greiddar, til þess að þetta komi t. d. smærri frystihúsunum meira að gagni en hinum stærri, vegna þess að það var talið og raunar upplýst, að þau voru miklu frekar vanhaldin í þessu máli heldur en þau stærri. Þessar bætur til frystihúsanna ásamt niðurgreiðslu á beitu eru samtals 8.7 millj. kr. — til hraðfrystihúsanna einna, en þar á móti kemur, að hraðfrystihúsin hafa gengið inn á vegna lækkunar í vinnslukostnaði að hækka kaupverð fisksins um 7 aura á kg, sem nemur um 18 millj. kr., sem ganga til bátanna og upp í þær bætur, sem þeir hefðu annars orðið að fá úr útflutningssjóði, þannig að nettóbætur til frystihúsanna verða, þegar þetta hækkaða fiskverð er tekið með í reikninginn, raunverulega ekki neinar, heldur þurfa frystihúsin að greiða í hækkuðu fiskverði 9.3 millj. meira en bótunum nemur.

Til saltfisksins hafa verið veittar á sama hátt tegundabætur eða til saltfisksverkunarinnar, sem nema í allt með sérbótum um 9.4 millj. kr. En þar á móti kemur, að verkandinn kaupir einnig sinn fisk með hækkuðu verði, 7 aura hækkun á kg, og minnkar þess vegna það, sem saltfiskvinnslustöðvarnar fá raunverulega, ofan í 3.9 millj.

Hjá skreiðarverkendum er þetta nokkuð á sama hátt. Þar munar minnstu, að hækkun fiskverðsins, sem þeir greiða bátverjum, jafnist á við þær hækkuðu bætur, sem þeir fá, — munar aðeins 0.7 millj. kr.

Þá verður að gera ráð fyrir, að greiða þurfi útflutningsuppbætur á útfluttar landbúnaðarvörur vegna hækkunar á bótagreiðslum til sjávarútvegsins um 6.5 millj. kr., allt miðað við vísitölu 175.

Þessi útgjöld í allt saman tekin: til bátaútvegsins á þorskveiðum og síldveiðum allt árið, til togaranna, til frystihúsanna, til saltfiskvinnslustöðvanna, til skreiðarvinnslustöðvanna og vegna landbúnaðarvöruútflutnings — nema 66.2 millj. kr. Þar við bætast svo nokkrar upphæðir, sem verður ekki hægt að komast hjá að greiða og sérstaklega hefur verið samið um, aukning bóta á síld, veidda á vetrarvertíðinni núna, sem samið hefur verið um, 0.7 millj., fúatryggingagjöld fyrir árið 1958, sem voru ekki tekin inn í reikninginn þá, en að mér er sagt gert ráð fyrir að greiða þó, eða útvegsmennirnir töldu, að þeir mundu ekki þurfa, þegar til kæmi, að greiða, svo að þetta er tekið inn, og greiðslur vegna þess, að fiskverðið og allur tilkostnaður bátaútvegsins í janúar er reiknaður eftir vísitölu 202, en ekki eftir vísitölu 175, og nemur sá aukni kostnaður um 6.8 millj. kr. Samtals er þetta þess vegna, sem þannig bætist við, 11.5 millj., sem bætast við 66.2, þannig að heildarbæturnar til útvegsins á þennan hátt eru 77.7 millj. kr. Eru þá innifaldar í því bætur til síldarútvegsins í sumar, sem að vísu er ekki hægt að segja um, en það er eini áætlunarliðurinn í þessu, en hann er settur í hlutfalli við aðrar hækkanir og nemur, eins og ég sagði áðan, 20.5 millj., en hann er innifalinn í þessum 77.5 millj. kr.

Þessar upphæðir greiðast þannig til aðila, að bátarnir fá tryggingargjöld 32.3 millj. kr. allt árið. Önnur hækkun til bátanna nemur 19.4 millj., en það er að verulegu leyti í hækkuðu fiskverði, sem kemur til frádráttar síðar. Togararnir fá 12.7 millj., sem allt er í hækkuðu fiskverði. Þetta verður samtals til togara og báta 64.4 millj. Þar af greiðast í hækkuðu fiskverði 26.6, svo að nettóbæturnar úr útflutningssjóðnum til þessara aðila, togara og báta samanlagt, verða 37.8 millj. Auk þessa fá svo hraðfrystihúsin, ef frádrátturinn í hækkuðu fiskverði er ekki tekinn með, 8.7 millj., saltfisksverkendur 9.4, skreiðarverkendur 3.6 og útflutningsaðilar landbúnaðarvara 6.5, eða samtals 66 millj. kr., og svo þessir liðir, sem ég taldi áðan: vegna vísitölu 202 í janúar, bráðafúatryggingariðgjalda 1958 og vetrarsíldaruppbóta á þessari vertíð, samtals 11.7 millj., þannig að heildarupphæðin verður hér eins og í fyrra dæminu auðvitað 77.7 millj.

Með þessum bótum úr útflutnigssjóði er hægt að halda óbreyttu álagi á yfirfærslugjaldi á erlendum gjaldeyri, sem fæst fyrir útfluttu vörurnar. M. ö. o.: ef þessar beinu og óbeinu greiðslur úr útflutningssjóði koma til útvegsins og vinnslustöðvanna, þá gengur dæmið upp, án þess að grípa þurfi til nokkurrar hækkunar á nokkru yfirfærslugjaldi fyrir selda vöru til útlanda frá þessum aðilum.

Í þessu sambandi vil ég vekja máls á því, að það hefur verið orðað í mín eyru og oftar en einu sinni, hvort það hefði verið nauðsynlegt að fara með vísitöluna alla leið niður í 175, hvort það hefði ekki mátt staðnæmast ofar, t. d. í 185, og þó að það væru gefin eftir tíu vísitölustig, þá væri niðurgreiðslan höfð þeim mun minni og peningarnir, sem við það spöruðust úr ríkissjóði, notaðir til þess að greiða í útflutningssjóðinn eða gera honum kleift að standa undir auknum kostnaði bátaútvegsmanna og annarra, sem við vinnslu sjávarafurða fást.

Það hefur þess vegna verið reiknað, hvernig dæmið mundi koma út, miðað við vísitöluna 185, og ég skal nú ekki fara út í að rekja, hvernig það er brotið niður eða sundurliðað. En ég vil aðeins geta þess, að í staðinn fyrir, að útflutningssjóður þarf nú að greiða 66.2 millj. fyrir utan þessa 11.5 millj. kr. föstu liði, sem ég nefndi áðan, — í staðinn fyrir 66.2 millj. mundi hann með vísitölu 185 þurfa að greiða 147.1 millj., þannig að sá sparnaður í bótum til útvegsins, sem fæst með því að færa vísitöluna úr 185 stigum og niður í 175, er hvorki meira né minna en 80.9 millj. kr. Þar við má enn bæta því, að þó að vísitalan yrði látin staðnæmast í 185, þá yrði sparnaðurinn í niðurgreiðslu ekki sem svaraði þessum 10 stigum, því að sú lækkun, sem af þessum 10 stigum leiðir, kæmi þá ekki fram, svo að niðurgreiðslurnar þyrftu eftir sem áður að halda áfram að vera 8—9 stig í staðinn fyrir

13 nú. Sparnaðurinn í niðurgreiðslu með þessum hætti yrði því ekki nema í kringum 5 vísitölustig og ríkissjóður eftir sem áður bundinn við 8—9 stiga niðurgreiðslu í staðinn fyrir 13 nú, en fá á sig þennan bagga í viðbót, ef haldið væri í vísitöluna 185, en bæturnar til útvegsmanna og fiskverkunarmanna yrðu 147.1 millj. í staðinn fyrir 66.2.

Málsmeðferðin hér á Alþingi er hugsuð að skiptast í þrjá kafla:

Í fyrsta lagi afgreiðsla þessa frv. með eftirgjöf á 10 vísitölustigum, sem til viðbótar við niðurgreiðslurnar um áramót gefur möguleika til að koma kaupgreiðsluvísitölunni niður í 175 og það síðan að gefa möguleikana fyrir þeim samningum og þeim bótagreiðslum, sem ég hef nú nefnt, til útvegsmanna og fiskvinnslustöðva.

Síðan verði lagt fyrir Alþingi frv. um breytingu á útflutningssjóðslögunum, sem heimili þá samninga og þær greiðslur, sem felast í samkomulaginu, sem nú er búið að gera við útvegsmenn og þarf að leita staðfestingar Alþingis á.

Í þriðja og síðasta lagi kemur svo afgreiðsla fjárl., þar sem dæmið verður gert upp og metin jöfnuð.

Fjárlagadæmið, sem kemur til að liggja fyrir sem afleiðing af þessum bótagreiðslum, viðbótarbótagreiðslum útflutningssjóðs og kostnaðinum við þá niðurgreiðslu, sem átti sér stað 1. jan., lítur þannig út:

Heildarhækkun bóta, eins og ég nefndi áðan, verður 77.7 millj. kr. Kostnaður við niðurgreiðslu vísitölunnar 1. jan. er um 75 millj. kr. Og við þetta má svo bæta hreinni útgjaldaaukningu ríkissjóðs vegna grunnkaups- og vísitölubreytingar, sem ekki er tekin inn í fjárlagafrv. og er fram komin á þann hátt, að fyrir einn mánuð, þ. e. janúar, er reiknað með vísitölu 202 í staðinn fyrir 183, eins og gert er ráð fyrir í frv. Það þýðir kostnað fyrir ríkissjóð upp á 3.2 millj. Grunnkaupshækkun til opinberra starfsmanna og verkamanna ríkisins er talin vera 36 millj. Hækkun á kostnaði við tryggingar er áætluð 5 millj. Samtals er hækkun á þessum gjöldum upp á 44.2 millj. Þar frá dregst lækkun útgjalda vegna lækkunar vísitölu úr 183 og ofan í 175, en í fjárlagafrv. er reiknað með vísitölu 183. Verði á þennan hátt fært ofan í 175 fyrir 11 mánuði ársins, er talið, að það muni gefa í sparnað bæði hjá opinberum starfsmönnum og verkamönnum ríkisins um 22 millj. kr. Mismunurinn á þessari 44.2 millj. kr. hækkun, sem ég nefndi, og 22 millj. kr. sparnaði er þá 22.2 millj., þannig að heildarútgjöld ríkisins umfram það, sem nú er reiknað með, ef reiknað er með því, að fjárl. beri uppi þá útgjaldaaukningu, sem útflutningssjóði er gert að bera, verður 174.9 millj. kr.

Og þá kemur spurningin og sá vandi, sem leysa þarf, hvort þetta sé unnt að gera án þess, að farið verði út í nýja skattlagningu. Þetta dæmi er óuppgert af hálfu ríkisstj., og það, sem ég þess vegna um það segi, er nánast mínar eigin bollaleggingar eða ábending um möguleika, sem gætu komið til greina. En í því eru þó alveg „konkret" upplýsingar, sem ég tel rétt að komi hér fram um leið í þessu sambandi.

Mér er tjáð, að fjmrn. telji, að við endurskoðun tekjuáætlunar fjárlaganna mætti ætla, að tekjurnar gætu hækkað, miðað við sama innflutning og var í fyrra, og 83 millj. kr., úr 897.9 millj. upp í 980.9 millj. Þetta er ekki tala, sem er tilbúningur úr mér, heldur er mér fengin hún af þeim sérfræðingum fjmrn., sem telja sig þekkja bezt skil á þessu, og ég hef hugmynd um, að hæstv. fyrrv. fjmrh. hafi einnig verið kunnugt um þetta, áður en hann lét af embætti. Þarna eru sem sagt í hækkuðum tekjum fjárl., án þess að stofnað sé til neinna nýrra tekjustofna, 83 millj.

Þá hefur oft verið um það rætt, að það væri ekki útilokað að lækka nokkra gjaldaliði fjárl., og ég skal ekki á þessu stigi eða hér fara út í að ræða, hvernig það yrði gert. En ef gert er ráð fyrir, að það væri hægt að lækka þessa liði um allt að 40 millj. kr., þá væru þarna komnar 123 millj. Þessi tala, 40 millj., er ekki heldur gripin úr lausu lofti, því að hana var ég búinn að heyra, áður en stjórnarskiptin fóru fram. Hvort sem um hana hefur verið tekin nokkur ákvörðun eða ekki, þá hafði a. m. k. þessi hugsun verið orðuð.

Af tekjuafgangi ársins 1958 væri svo hugsanlegt að bæta við 20 millj. Þá eru þetta orðnar 143 millj. Og þá er loks hugsanlegt, að hægt væri að fá nýjar tekjur umfram það, sem gert er ráð fyrir í frv., án þess að það þyrfti við nokkurn verulega að koma, upp á 35 millj. kr., og væru þá þarna komnar 178 millj. til þess að mæta þessum 174.9, sem ég nefndi.

Það má vel vera, að í þessu sé einhver óskhyggja að einhverju leyti og að dæmið sé ekki eins auðleyst og ég hef hér bent á. En það virðist mér auðsætt, að það, sem kemur út úr þessu dæmi, er ekki hundruð milljóna kr. vandamál, í hæsta lagi skiptir það nokkrum tugum millj. kr., sem þarf að fá, til þess að dæmið gangi upp, og ég álít að sé alls ekki útilokað að fá, ef hæstv. alþm. vilja ganga í það verk að leysa þetta dæmi eða reyna að leysa það með góðum vilja. Stærðargráðan er ekki hundruð milljóna og dæmið ekki að mínu viti óleysanlegt, heldur er stærðargráðan kannske tveir, kannske þrír milljónatugir, kannske eitthvað ofur lítið meira eða ofur lítið minna, ég skal ekki segja um það, en á þetta reynir, þegar fjárl. verða afgr. Ég skal líka taka það fram, að með þessari hækkun tekjuáætlunarinnar er ekkert fyrir óvæntum útgjöldum gert eða útgjöldum, sem hafa farið fram úr áætlun, en þau hafa, að mér er sagt, að undanförnu numið allt upp í 35 millj. kr. á ári, og yrði að taka þá til athugunar, hvort fært þætti að tefla svo djarft að sleppa því alveg, eða þá taka til athugunar, hvort ekki mætti fá einhverja upphæð upp í það líka.

Áður en frá þessu máli var gengið, var rætt við stéttarsamtök bænda eða framleiðsluráð landbúnaðarins og ýmis launþegasamtök. Launþegasamtökin, sem við var rætt, voru þessi:

Það voru fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, frá Verzlunarmannasambandi Íslands, frá Bankamannasambandinu og frá Iðnnemasambandinu. M. ö. o.: það voru auk Alþýðusambandsins þau samtök, sem hafa myndað með sér samstarf um efnahagsmál eða hafa samvinnunefnd um efnahagsmál sín á milli. Þessum samtökum öllum var sagt, hvað í bígerð væri, og óskað eftir því við þau, að þau sýndu þessum aðgerðum skilning og beittu sér ekki gegn þeim, ef þau treystu sér til, því að ríkisstj. teldi velta á miklu, að málin yrðu leyst á eitthvað svipaðan hátt og hér er gert ráð fyrir. Þeim var að vísu sagt, að ef þeir hefðu einhverjar till. að gera, sem rúmuðust innan þess ramma, sem settur er í þessu lagafrv., þá væri ríkisstj. fús til þess að hlusta á þær aths. og taka þær til greina, og ég get sagt það, að tvær greinar í þessu frv. eru komnar inn í það beinlínis eftir að þessi viðtöl fóru fram og eftir ósk þeirra aðila, sem við var talað.

Stéttarsamband bænda vakti athygli á því, að þeir hefðu ekki fengið til fulls teknar inn í verðlagsgrundvöllinn á s. l. hausti þær kauphækkanir, sem urðu á árinu 1958, svo að þess vegna væru þeir þar eftir um nokkur stig. Þetta vildu þeir fá lagfært, áður en til lækkunar yrði gengið. Og til vara óskuðu þeir eftir því, að tekinn væri upp vísitölureikningur á landbúnaðarvörurnar eða á kaup bóndans inn í þennan verðlagsreikning, svo að þeir fengju sínar verðbreytingar ekki einu sinni á ári eins og hingað til, heldur fjórum sinnum á ári eins og launamennirnir, og töldu sig geta gengið inn á, að þessi „regulering" hjá þeim yrði háð því, að heildarbreyting á vísitölu yrði 4—5 stig a. m. k. Inn á þetta var gengið og þetta sett inn í frv., — þetta sem fulltrúar landbúnaðarins kölluðu sína varakröfu.

Frá ýmsum launþegasamtökum komu svo óskir um það, að nýja vísitalan eða nýi vísitölugrundvöllurinn, sem vitað var um að kauplagsnefndin hafði undirbúið og var á leiðinni, yrði tekinn inn í þetta frv., til þess að þessi framfærsluvísitöluútreikningur yrði sannari og raunhæfari en sá gamli og færi nær þeirri neyzluskiptingu, sem nú er orðin, heldur en gert er í gamla útreikningnum.

Þessar tvær breytingar á lögunum eru beinlínis fram komnar vegna þessara viðtala. Ég hef frá þremur þessara aðila fengið skrifleg svör við þessari málaleitun, og ég held, að það sé rétt, með leyfi hæstv. forseta, að ég lesi þau upp.

Það er í fyrsta lagi frá Alþýðusambandi Íslands. Þar segir svo í bréfi, dags. 20. jan. s.l.

„Í framhaldi af viðtali forseta og varaforseta Alþýðusambandsins við yður, herra forsætisráðherra, hinn 17. þ. m., hefur miðstjórn Alþýðusambandsins á fundum sínum 18. og 19. þ. m. rætt tillögu ríkisstj. um fyrirhugaðar ráðstafanir í efnahagsmálum. Við afgreiðslu málsins komu fram tvær till., sem vér leyfum oss hér með að senda yður eftirrit af. Fyrri till., merkt fskj. 1, var samþ. með 5 atkv. gegn 4, og kom því síðari till., merkt fskj. 2, eigi til atkvæða.

Þetta leyfum vér oss hér með að tilkynna yður, herra forsætisráðherra."

Till. 1 er svo hljóðandi:

„Miðstjórn A. S. Í. fékk í gær, sunnudaginn 18. jan., til umsagnar frv. ríkisstj. í efnahagsmálum og vill út af því taka eftirfarandi fram:

Þessar ráðstafanir hafa verið ákveðnar af ríkisstj. án nokkurs samráðs við verkalýðssamtökin, sem m. a. sést af því, að nú þegar hefur verið lokið endanlegu samkomulagi við Landssamband íslenzkra útvegsmanna um aukna aðstoð við útgerðina á þeim grundvelli, að frv. verði lögfest.

Með frv., ef að lögum yrði, er gert ráð fyrir því að breyta löglega gerðum kjarasamningi stéttarfélaganna stórlega til lækkunar og ákveða þannig kauplækkun með lögum. Getur verkalýðshreyfingin ekki látið undir höfuð leggjast að mótmæla slíku harðlega. Samið hefur verið við atvinnurekendur í sjávarútvegi um tugmilljóna auknar bætur af opinberu fé umfram það, sem felst þeim til hagsbóta í kauplækkuninni. Engin trygging er fyrir því, að fjár til þessara ráðstafana og niðurgreiðslna verði ekki aflað með nýjum álögum á almenning síðar á árinu.

Miðstjórnin telur, að aðgerðir þessar brjóti í meginatriðum í bága við stefnu þá, sem nýlokið Alþýðusambandsþing markaði í efnahagsmálum, þar sem með henni er í senn gengið á samningsrétt verkalýðsfélaganna og stefnt að stórfelldri kjaraskerðingu.

Með vísun til framanritaðs varar miðstjórn A. S. Í. alvarlega við samþykkt frv. og bendir sérstaklega á þá hættu, sem í því felst að ætla að afgreiða aðgerðir í efnahagsmálum án eðlilegs samráðs og samstarfs við launþegasamtökin í landinu.

Jafnframt lýsir miðstjórnin því yfir, að hún er reiðubúin til viðræðna við ríkisstj. um aðgerðir verðbólgunni til stöðvunar á grundvelli þeirrar samþykktar, sem þing Alþýðusambandsins í lok nóvembermánaðar s. l. gerði í þeim efnum."

Till. þessi var flutt af Hannibal Valdimarssyni, Eðvarð Sigurðssyni, Benedikt Davíðssyni, Snorra Jónssyni og Sigurði Guðgeirssyni, og hún var sem sagt í stjórn Alþýðusambandsins samþykkt með 5 atkv. gegn 4. Þeir, sem á móti voru þessari ályktun, lögðu fram þessa ályktun, sem að vísu kom ekki til atkvæða, þar sem hún var samþ., en ég tel rétt að lesa hana einnig upp hér, til þess að hv. alþm. viti um afstöðu þessa minni helmings, ef ég svo má segja, Alþýðusambandsstjórnarinnar. Hún er svo hljóðandi:

„Miðstjórn A. S. Í. hefur átt þess kost að kynna sér tillögur ríkisstj. um fyrirhugaðar ráðstafanir í efnahagsmálum og ályktar í því sambandi eftirfarandi:

Síðasta þing A. S. Í. taldi höfuðnauðsyn, að þegar yrðu gerðar ráðstafanir til þess að stöðva verðbólguna. Jafnframt lýsti þingið sig

samþykkt því, að vísitalan yrði stöðvuð við 185 stig, enda leiddi það ekki til rýrnunar á kaupmætti launa og fjár til niðurgreiðslu yrði ekki aflað með nýjum sköttum á verkalýðsstéttina.

Í till. þeim, sem núverandi ríkisstj. hyggst leggja fram til lausnar aðsteðjandi vanda efnahagsmálanna, er gert ráð fyrir, að auk þess sem verðbólgan verði stöðvuð, verði verðlag og kaupgjald fært til baka, þannig að kaup verði greitt frá 1. febr. samkvæmt vísitölu 175. Er þetta talið nauðsynlegt vegna þeirrar þróunar, sem orðið hefur í kaupgjalds- og verðlagsmálum, svo og vegna nýrra samninga við bátasjómenn og útvegsmenn, ef unnt á að vera að komast hjá hækkun yfirfærslu- og innflutningsgjalda, sem mundi koma harðast niður á launþegum.

Miðstjórninni er ljóst, að ef ekki verða nú þegar gerðar ráðstafanir til lausnar efnahagsmálanna, vofir yfir stöðvun atvinnulífsins og alger upplausn, sem hvort tveggja mundi leiða til stórfelldrar kjaraskerðingar fyrir alla launþega.

Þrátt fyrir yfirlýsingu síðasta þings A. S. Í. um að stöðva við vísitöluna 185, verður að telja, að þingið hafi ekki tekið afstöðu gegn þeirri leið, sem felst í umræddum tillögum ríkisstj., ef tryggt er, að kaupmáttur launa verði ekki rýrður frá því, sem hann var í október, miðað við vísitöluna 185.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja og staðfest hefur verið á fundinum, verður að telja þetta tryggt.

Í sambandi við framlagðar tillögur ríkisstj. telur miðstjórnin nauðsynlegt, að eftirfarandi verði tryggt:

1) Fjár til niðurgreiðslna og fyrirhugaðra ráðstafana verði aflað með sparnaði í rekstri ríkisins og frestun á þýðingarminni fjárfestingarframkvæmdum svo og með því að verja til þess greiðsluafgangi ríkissjóðs.

2) Niðurgreiðslur verði auknar, þannig að tryggt sé, að framfærsluvísitala verði ekki hærri en 202 stig 1. marz n. k.

3) Síðari liður 1. gr. verði einnig látinn taka til bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

4) 4. gr. frv. verði við það miðuð, að hinn nýi vísitölugrundvöllur verði látinn koma til framkvæmda frá gildistöku fyrirhugaðra laga.

5) Niður verði felld 2. málsgr. 6. gr. frv.

Auk þess telur miðstjórnin nauðsynlegt, að bæjar- og sveitarfélög leggi vísitöluna 175 til grundvallar við álagningu útsvara ársins 1959."

Undir þessa till. miðstjórnarhlutans í Alþýðusambandinu hafa skrifað Eggert Þorsteinsson, Magnús Ástmarsson, Sigurrós Sveinsdóttir og Óskar Hallgrímsson.

Frá stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hefur líka borizt svar. Það er svo hljóðandi:

„Vér leyfum oss hér með að senda hæstv. ríkisstjórn ályktun 19. þings B.S.R.B. um efnahagsmál. Eins og fram kemur í ályktuninni, gerði þingið sér ljóst, að geigvænleg verðbólguþróun væri fram undan, ef ekki yrðu gerðar róttækar ráðstafanir til úrbóta. Taldi þingið yfirvofandi upplausn í efnahagsmálum þjóðarvoða, auk þess sem víst væri, að þyngstu byrðarnar mundu þá leggjast á launþegana.

Fyrirhugaðar aðgerðir ríkisstj., sem oss hafa verið kynntar, miða vissulega að því að stöðva þessa óheillaþróun, en stjórn B. S. R. B. vill sérstaklega vekja athygli á eftirfarandi:

1) 19. þing bandalagsins taldi nauðsynlegt til þess að forða launþegum frá kjaraskerðingu þeirri, er leiðir af verðbólguþróuninni, að komið yrði á heildarstjórn fjárfestingar, er miðaði að því, að hún yrði ekki meiri en samrýmdist þeirri stefnu, að verðlagi yrði haldið í skefjum, enda væri og útlánastarfsemi bankanna einnig við það miðuð. Stefna hæstv. ríkisstj. virðist miða að þessu, að því er tekur til framkvæmda ríkisins, en nauðsynlegt er, að fjárfesting sveitar- og bæjarfélaga sem og annarra aðila verði einnig mótuð á sama veg.

2) Launþegar bera nokkurn kvíðboga fyrir því að greiða opinber gjöld samkvæmt tekjum s. l. árs af lækkandi tekjum þessa árs, og skorar bandalagið því á hæstv. ríkisstj. að beita áhrifum sínum til þess, að bæjar- og sveitarstjórnir miði fjárhagsáætlanir sínar fyrir þetta ár við vísitölu 175.

Við fyrirhugaða sameiningu grunnkaups og vísitölu 1. marz n. k. verði kaupgreiðsla frá 1. apríl að telja miðuð við hinn nýja vísitölugrundvöll."

Þá hefur borizt svar frá Landssambandi íslenzkra verzlunarmanna, eins og það heitir:

„Landssamband íslenzkra verzlunarmanna hefur haft til athugunar frv. ríkisstj. til laga um niðurfærslu verðlags og launa o. fl. Í því sambandi vill L. Í. V. taka eftirfarandi fram:

L. Í. V. hefur ekki aðstöðu til að taka afstöðu til frv. í heild. L. Í. V. hefur ekki tök á að sannreyna ýmis veigamikil atriði, sem þessar ráðstafanir mundu byggjast á, svo sem t. d., hversu mikið sjávarútvegurinn þarf, til þess að rekstrargrundvöllur hans sé tryggður. Enn fremur virðast vísitöluákvæði frv. nokkuð óljós. En L. Í. V. telur, að ef sjávarútvegurinn raunverulega þarf þær lagfæringar á rekstrargrundvelli sínum, sem honum eru ætlaðar með aðgerðum þessum, þá hafi sú leið, sem valin er, niðurfærsluleiðin, ótvíræða kosti fram yfir ýmsar aðrar leiðir, sem farnar hafa verið í þessu skyni á undanförnum árum. Þó vill L. Í. V. mótmæla endurtekinni skerðingu ríkisvaldsins á frjálsum samningsrétti launþega og vinnuveitenda. Telur L. Í. V. lögþvinganir ríkisvaldsins í þessu sambandi hættulegt fordæmi, sem verkalýðsfélögin eigi að gjalda hinn mesta varhug við.

L. Í. V. vill leggja sérstaka áherzlu á, að þeim byrðum, sem með frv. þessu eru lagðar á þjóðina, sé skipt jafnt, og vill í því sambandi benda á eftirfarandi:

1) Nauðsynlegt er, að tryggt sé, að í raun takist að framkvæma þær lækkanir, sem skv. frv. eiga að verða á vörum og þjónustu ýmiss konar, þar eð auðvelt er að fylgjast með ákvæðum frv. um lækkun launa.

2) Að 0.85 aura verðjöfnunargjald, sem lagt

var á landbúnaðarvörur s. l. haust, verði fellt niður sem svarar niðurfærslu vísitölunnar.

3) Þess verði stranglega gætt, að húsaleiga verði lækkuð að sama skapi.

4) að vinna seld erlendum aðilum lækki ekki, og renni mismunurinn í ríkissjóð.

L. Í. V. álítur nauðsynlegt, að ríki, bæjar- og sveitarfélög dragi verulega úr útgjöldum sínum, sér í lagi til óarðbærra framkvæmda. Beinir skattar og útsvör verði lækkuð hlutfallslega sem svarar að minnsta kosti vísitölulækkun þeirri, sem raunverulega á sér stað við framkvæmd laganna. L. Í. V. álítur, að taka beri upp nýjan vísitölugrundvöll í samræmi við þær neyzluvenjur, sem nú hafa skapazt."

Frá fulltrúum bændanna, sem ræddu við ríkisstjórnina um málið, kom það ákveðna svar í meginatriðum, að þeir væru inn á þeirri hugsun, sem frv. gerir ráð fyrir, og vildu sætta sig við, að þessi leið yrði farin og þær aðgerðir gerðar, sem þar er gert ráð fyrir að þeir þurfi að beygja sig undir.

Frá öllum þessum launþegasamtökum, sem hér hafa verið nefnd, að undanskildum meiri hluta Alþýðusambandsstjórnar, tel ég að hafi komið jákvæð svör við þeirri stefnu, sem í frv. felst. Að vísu hafa þessir aðilar sitt hvað við frv. að athuga, eins og eðlilegt er, en meginsjónarmiðið, að sú leið verði farin að færa niður kaupgjald og verðlag, sé þeim nær skapi en hin leiðin, sem blasir við, ef þessi leið reynist ekki fær.

Í bréfi Alþýðusambandsins og raunar fleiri aðila er minnzt á kaupmátt launa og þar gert að skilyrði, að kaupmáttur launa lækki ekki miðað við októbermánuð s. l. Eins og hv. alþm. hafa sjálfsagt tekið eftir, þá er yfirlit í grg. frv. um það, hvernig kaupmáttur launa hefur breytzt með breyttri vísitölu og verðlagi frá 1. febr. 1958 til 1. marz 1959, ef reiknað er með þeim niðurfærslum, sem hér eiga sér stað, og kemur þá í ljós, að miðað við október s. l. hefur kaupmáttur launa, bæði hjá verkamönnum og iðnaðarmönnum, aukizt um 1.6% miðað við 1. okt. s. l. Þessu skilyrði á þess vegna að vera fullnægt með þeim aðgerðum, sem hér er ætlað að gera.

Ég hef nú látið máli mínu lokið. Í þessu máli er ekki margra góðra kosta völ, það er augljóst, en ég tel, og ég hef örugga sannfæringu á því, að sá kostur, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, sé sá skásti af þeim, sem fyrir hendi eru, þannig að verði það úr, að þessi leið finni ekki af einhverjum ástæðum náð fyrir augum hv. alþm. og leita þurfi annarra úrræða, þá er ég fyrir mitt leyti á þeirri skoðun eftir þá athugun, sem ég hef fengið tækifæri til að gera á þessu máli núna síðustu vikurnar og raunar áður líka, að þá muni hver önnur leið, sem farin verður, verða erfiðari og þungbærari, ekki einasta fyrir þjóðina í heild, heldur líka fyrir þær launastéttir, sem nú er verið að tala um 5.4% kaupskerðingu hjá, og að það sé þeirra vegna og raunverulega allra vegna þýðingarmikið, að þessi skásta leið sé farin, en ekki önnur, sem ég er viss um að ekki finnst betri en þessi.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég ætla fyrst að byrja með því að minna á efnahagslöggjöfina, sem sett var s. l. vor.

Þessi efnahagslöggjöf var tvímælalaust mjög þýðingarmikið skref til bóta frá því fyrirkomulagi, sem áður hafði verið. Hún var, mátti kalla, eins konar skref út úr uppbótakerfinu. Uppbætur voru stórkostlega jafnaðar frá því, sem áður hafði verið, og háskalegur mismunur á verðlagi, sem stafaði af uppbótakerfinu, eins og það var orðið, var leiðréttur. Í sambandi við þessa löggjöf var það ákveði sett, að grunnkaup í landinu skyldi hækka um 5%, en á móti skyldu falla niður 9 vísitölustig. Þetta mættist svona nokkurn veginn, var lagt að jöfnu. Jafnframt var því lýst greinilega í sambandi við þessa lagasetningu, að framleiðslan mundi alls ekki þola hærra kaupgjald almennt en þá var orðið, eftir að löggjöfin hafði verið sett, og ef kaupgjald yrði almennt hækkað, svo að nokkru verulegu næmi, mundi það kalla á nýjar ráðstafanir í efnahagsmálunum, setja efnahagsmálin á nýjan leik úr skorðum, koma framleiðslunni í vandræði, þannig að það þyrfti nýjar ráðstafanir til þess að leysa þau. Enn fremur var það gert ljóst þá í grg. frv. og í sambandi við það, að ekki mundi verða hægt að stöðva verðbólguhjólið með nokkrum ráðum, ef áfram yrði tengt við vísitöluna á sama hátt og verið hefði allt kaupgjald og verðlag í landinu.

Það kom í ljós samkvæmt skoðun sérfræðinga í þessum efnum, að hvaða leið sem reynd væri til þess að stöðva verðbólguhjólið mundi reynast ókleif, ef ekki næðust samtök um að kippa vísitölunni þannig úr sambandi, a. m. k. að nota hana ekki alveg vélrænt, eins og gert hafði verið um langan tíma.

Það varð talsverður ágreiningur, a. m. k. á yfirborðinu, um þessa efnahagsmálalöggjöf, þó að það væri nú í raun og veru svo, að flestir eða nær allir viðurkenndu inni á sér, að hún væri stórkostlegt skref til bóta. Þeir, sem þá voru í stjórnarandstöðu, Sjálfstæðisflokksmenn, gerðu talsvert að því að gagnrýna þessa löggjöf, en í þeirri gagnrýni var ákaflega lítill kraftur, því að það var augljóst, að allir þeir, sem vildu skoða málið með nokkurri stillingu, sáu, að hér var stigið skref fram á við í þessum málum og til stórfelldra bóta. Það er líka mjög athyglisvert og sérstök ástæða til að setja undir það stórt strik í sambandi við þá atburði, sem nú eru að gerast, og það, sem gerzt hefur undanfarið, að allir hafa gert ráð fyrir því, að það ætti nú að byggja einmitt á þessari löggjöf, sem sett var s. l. vor, hún væri grundvöllurinn, sem hægt væri að byggja á, og kemur það nú dálítið skrýtilega fyrir, miðað við þær undirtektir, sem hún fékk hjá sumum þá, eins og ég sagði áðan, og kem ég að þessu atriði nánar ofur lítið bráðum.

Ekki hafði þessi löggjöf frá s. l. vori verið

lengi í gildi, þegar barátta var hafin til þess að koma efnahagsmálunum úr skorðum á nýjan leik, og var það framhald af þeirri baráttu, sem Sjálfstæðisfl. í stjórnarandstöðunni hafði haldið uppi, frá því að vinstri stjórnin var mynduð.

Sjálfstæðisfl. virtist ekki treysta sér til þess að vinna sér hylli þjóðarinnar með jákvæðum till. í efnahagsmálunum eða ábyrgri framkomu, en tók í þess stað þann kostinn að nota aðstöðu sína í stjórnarandstöðunni til þess að reyna að rífa niður og með slíkri starfsemi koma úr skorðum þeim ráðstöfunum, sem fyrrv. stjórn beitti sér fyrir, jafnvel þótt flokkurinn teldi þær í sjálfu sér réttmætar, — gera þetta til þess að koma ráðstöfununum úr skorðum, koma efnahagskerfinu úr skorðum, gera þörfina brýna fyrir nýjar ráðstafanir og reyna þannig að sprengja sundur stjórnarsamstarfið, — koma í veg fyrir, að það gæti haldið áfram. Þannig var starfað að því af hendi Sjálfstfl. að grafa undan efnahagsmálaráðstöfunum fyrrv. stjórnar. Og eftir að efnahagslöggjöfin var sett á s. l. vori, var þessi barátta hert um allan helming, því að það mátti náttúrlega ekki með nokkru móti koma fyrir, að efnahagsmálalöggjöfin gæti komið að fullu gagni. Það hefði orðið eitt stórfellt áfall fyrir Sjálfstfl., ef það hefði komið í ljós, að allt þetta hefði getað staðizt, jafnvægi hefði náðzt í efnahagsmálunum og ekki þurft neinar nýjar ráðstafanir í vetur. Hvílíkt áfall, ef slíkt hefði komið fyrir. Slíkt varð að fyrirbyggja með öllum hugsanlegum ráðum, og ráðin voru þá helzt þau að senda útsendara sjálfstæðismanna í stéttarfélög landsins og eggja hvarvetna til nýrrar hækkunarbaráttu til þess að koma löggjöfinni úr skorðum og til þess að koma málunum aftur í strand, í því trausti, í þeirri von, að þá mundi vera hægt að koma samstarfi vinstri flokkanna fyrir kattarnef og áhrif Sjálfstfl. gætu orðið meiri en verið hafði um skeið.

Þessi hækkunarbarátta sjálfstæðismanna bar talsverðan árangur, líka vegna þess, að stjórnarandstæðingar í öðrum flokkum tóku saman höndum við þá um að halda henni uppi og knýja fram hækkanir. Þess vegna var það augljóst þegar í sumar, að það var að skapast í þessum efnum nýtt vandamál, sem mundi verða mjög erfitt að glíma við, og voru um það margvíslegar ráðagerðir, hvernig hægt væri að mæta þessari þróun og hvaða nýjar efnahagsmálaráðstafanir væri hægt að gera út af þessu.

En því miður reyndust þau öfl, sem hér vildu standa í móti, of sterk, og niðurstaðan varð sú, að á vegum fyrrv. stjórnar náðust ekki samtök um nýjar ráðstafanir í efnahagsmálunum, og stjórnin hætti störfum, eins og kunnugt er.

Nú ætla ég ekki hér í sambandi við þetta mál að rekja þá sögu, en aðeins minna á þetta, að það náðist ekki samstaða um efnahagsmálin í þeirri stjórn, og hún hætti þar af leiðandi störfum.

Þá lágu málin þannig fyrir, að það þurfti að íhuga um nýja stjórnarmyndun, og þá var auðvitað komin röðin að Sjálfstfl. sem stærsta flokknum að gera sér grein fyrir því, upp á hverju hann vildi stinga í sambandi við stjórnarmyndunarmálið og þá um leið í sambandi við efnahagsmálin.

Augljóst var, að það kom talsvert mikið fát á sjálfstæðismenn út af þessu, og var það í sjálfu sér ekkert undarlegt, miðað við það, hvernig þeir voru staddir. Nú voru góð ráð dýr vegna þess, sem þeir höfðu haldið fram undanfarið og frá þeim hafði komið. En það er skemmst af að segja til þess að gera langa sögu stutta, að eftir að hafa setið yfir þessum málum um skeið, ég veit ekki, hvort þeir hafa dregið belgi á höfuð sér eða ekki, en eftir að hafa setið yfir þessum málum um skeið, kom frá þeim ákveðin till. í þessum efnum. Till. var sú, að það væri rétt lausn á þessu máli, að launþegar lækkuðu kaup sitt um 6% og framleiðendur verðlag sitt að sama skapi, og það fylgdi með, að ef þetta væri gert, þá þyrfti ekki neinar frekari ráðstafanir í efnahagsmálum fyrst um sinn a. m. k., þá væri hægt við þetta að búa, þá gæti framleiðslan við þetta búið, m. ö. o., að það kemur fram, að úrræðið, sem Sjálfstfl. hefur að bjóða, þegar hann er neyddur til þess að segja eitthvað, er að bjóða þjóðinni að taka til baka þær launahækkanir, sem sjálfstæðismenn höfðu barizt fyrir að yrðu framkvæmdar s. l. sumar, sem reyndust 6—9%. Þeir höfðu sagt mönnum og sent út sína menn til að halda því fram, að það væri eðlilegt, að þessar hækkanir ættu sér stað. En þegar að því kom, að þeir urðu að segja eitthvað um þessi mál, þá var úrræðið, að þetta skyldi tekið aftur. Og í þessu fólst meira en það. Í þessu fólst líka það, að ef þeim og þeim öðrum, sem með þeim stóðu, hefði ekki tekizt að koma af stað nýrri hækkunaröldu, þá hefði efnahagsmálalöggjöfin, sem fyrrv. stjórn beitti sér fyrir, *getað staðizt, allt að dómi sjálfstæðismanna*, eins og hann féll fyrir jólin í vetur.

Sem sagt, þegar kom til kasta sjálfstæðismanna að segja, hvað þeir vildu í efnahagsmálunum, þá sögðu þeir eftir nokkra yfirlegu: Launastéttirnar þurfa að lækka launin um 6%. Sé það gert, þarf engar nýjar álögur, og framleiðslan getur búið við það, sem hún hefur. — Það var þeirra dómur. Og þetta jafngildir því, að þeir sögðu: Ríkisstj. sagði þjóðinni satt í vor sem leið um það, hvað óhætt væri að gera. — En þeir sögðu um leið: Sjálfstæðismenn sögðu hins vegar þjóðinni ósatt um efnahagsmálin s. l. sumar. — Og það þýðir meira. Þetta jafngildir því, að sjálfstæðismenn segi nú: Ef þið hefðuð ekki tekið neitt mark á okkur í sumar, þá væri nú allt í lagi og engra nýrra ráðstafana þörf.

Ég efast um, að nokkur stjórnmálaflokkur hafi nokkru sinni afhjúpað sig svo sem Sjálfstfl. hefur gert með þessari till. sinni í efnahagsmálum, miðað við það, sem á undan var gengið í þeim efnum.

Ég gat áðan um, að þegar stjórnin fór frá, þá hefði þurft að mynda nýja, og í sambandi

við þær bollaleggingar var það, sem sjálfstæðismenn komu fram með þessa till., og hlýtur það raunar að hafa verið nokkurt jarðarmen fyrir þá að ganga undir að flytja hana, eins og allt er í pottinn búið. En þeir hafa þó af tvennu illu heldur viljað það en að segja ekki neitt. Hvorugur kosturinn var góður.

En í sambandi við stjórnarmyndunarmálið lagði Framsfl. til, að það yrði gerð öflug tilraun til þess að koma á þjóðstjórnarsamstarfi í landinu. Þetta var m. a. út af efnahagsmálunum. Reynslan hafði sýnt á undanförnum árum, að það var mjög erfitt að fá nauðsynleg samtök um efnahagsmálin, ef öflugir kraftar voru utan við stjórnarsamstarfið. Þá voru þeir notaðir til þess að spilla þeim ráðstöfunum í framkvæmd, sem samþykktar voru á Alþingi. Við álitum, að efnahagsmálalöggjöfin, sem sett var s. l. ár, væri svo merkilegur grundvöllur, að það ætti að reyna samstarf allra flokka til þess að byggja ofan á hana og fá þannig öflug samtök bæði í þinginu og utan þings, sem gætu staðið að því, sem gert væri, þannig yrði gerð stórfelld tilraun til þess að koma á jafnvægi í efnahagsmálunum og stöðva verðbólguþróunina. Enn fremur álitum við mjög þýðingarmikið tákn út á við um einingu í viðureigninni við Breta út af landhelgismálinu, að slíkt þjóðstjórnarsamstarf yrði sett á fót. Enn fremur töldum við, að einmitt í slíkri stjórn væri réttur vettvangur til þess að reyna að komast að sameiginlegri niðurstöðu um kjördæmamálið og láta þá ganga til úrslita um það í lok kjörtímabilsins.

Á þetta var ekkert hlustað, og það var einfaldlega vegna þess, að Sjálfstfl. vildi ekki ljá máls á neinu, þegar hér var komið sögu, öðru en því, að það yrði kosið sem fyrst. Höfuðhugsunin er vitaskuld sú, að flokkurinn vill komast hjá því að þurfa að ganga undir fleiri jarðarmen en orðið er fyrir kosningar og þess vegna sé um að gera að hraða kosningunum, til þess að ekki komi fram enn meira ósamræmi en orðið er á milli þess, sem þeir hafa haldið fram í efnahagsmálunum og öðrum slíkum málum undanfarið, og þeirra úrræða, sem þeir raunverulega hafa að bjóða. Þess vegna var ekki hlustað á neitt annað en það yrðu að fara fram kosningar í vor og þá að ljúka kjördæmabreytingum fyrir þann tíma.

Á hinn bóginn mun Sjálfstfl. ekki hafa litizt meir en svo á að búa sjálfur til stjórn til þess að standa fyrir þessu, kannske hugsað til þess, sem gerðist 1942, í því sambandi og fordæmið þá, og leitaði þess vegna annarra úrræða. Úrræðið var það að fá Alþfl. til þess að mynda stjórn, sem hann styddi og stæði fyrir þessari málsmeðferð, þar sem aðeins einu atriði er slegið föstu, og það er, að kjósa skuli sem fyrst. Önnur atriði eru að vísu á stefnuskránni, en meir undir hælinn lagt, hversu með þau fer, bæði efnahagsmál og kjördæmamál.

Síðan er því haldið fram af þessum stjórnarflokkum tveimur, sem að þessu standa, að þessi stjórn, sem svona er til komin og sett upp með þetta markmið, ætli að beita sér fyrir sterkum og heilbrigðum ráðstöfunum í efnahagsmálum, og það sé bara mjög líklegt, að hún nái glæsilegum árangri í því efni. Stjórn, sem tilkomin er á þennan hátt, sem hefur einn fastan punkt, og það er að láta kjósa eins fljótt og hægt er, og svo annað áhugamál að breyta kjördæmaskipuninni og láta kjósa tvisvar í röð, hefur engan þingmeirihluta fastan að baki sér til þess að koma fram neinni löggjöf, hvorki í efnahagsmálum né öðrum málum, svona löguð stjórn er ekki líkleg til þess að koma á nýjum, nauðsynlegum ráðstöfunum í efnahagsmálum. Það er skemmst af að segja, að við í Framsfl. höfum enga trú á því, að þessi vinnubrögð geti orðið til nokkurs góðs og að það geti orðið mögulegt fyrir stjórnarflokkana að ráða við heilbrigða lausn á efnahagsmálunum.

Ég skal nú láta þessum inngangi lokið, en snúa mér þá nokkuð að því frv., sem hér liggur fyrir. En þetta var nauðsynlegur inngangur til þess að skýra, hvernig ástatt er, þegar þetta frv. kemur fram hér á hv. Alþingi.

Hér er um frv. að ræða, sem eingöngu fjallar um einn þátt efnahagsmálanna, að vísu mjög veigamikinn þátt, en við hefðum álitið, að í einu frv. hefðu átt að vera ákvæðin um kaupgjald og verðlag og nauðsynlegar breytingar á útflutningssjóðslögunum. Það hefði verið eðlilegra, að þetta hefði allt fylgzt að í einu frv. Nú upplýsir hæstv. forsrh., að það sé von á — mjög fljótlega — frv. til laga um breyt. á útflutningssjóðslögunum, og geri ég þá fastlega ráð fyrir því, að þessi mál verði til meðferðar samtímis, og bætir það þá nokkuð úr þessum ágalla, þótt hitt hefði að mínum dómi verið eðlilegra, að setja þetta allt í eitt mál.

Það, sem m. a. hefur skort á undanfarið, er það, að menn hafi vitað til fulls, hvað hefur verið að gerast í þessum efnum eða að hverju hæstv. ríkisstj. stefnir. Nokkuð var bætt úr þessu með framsöguræðu hæstv. forsrh., en þó náttúrlega ekki til neinnar hlítar, eins og ég mun bráðlega koma að.

Ég vil þá fyrst varðandi heildarstefnuna í þessum málum benda á ummæli í grg. frv. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Til úrbóta er um tvær meginleiðir að velja. Hin fyrri er sú að hækka bætur til útflutningsframleiðslunnar sem því svarar, er tilkostnaður hennar hefur aukizt, síðan útflutningsbæturnar voru ákveðnar síðast, og leggja ný gjöld á landsmenn til þess að afla tekna til að greiða hækkun bótanna. Þetta er önnur leiðin. Hin leiðin er sú að lækka tilkostnað útflutningsframleiðslunnar með almennri lækkun kaupgjalds og verðlags, þannig að ekki þurfi að hækka þær bætur, sem hún fær nú greiddar."

Og síðan er sagt í grg. og kom raunar fram líka hjá hæstv. forsrh., að það væri þessi síðari kostur, sem valinn væri. Ég vil benda mönnum á, að þetta er ekki rétt, eins og raunar líka kom fram í ræðu hæstv. forsrh. Hér er blátt áfram um villandi ummæli að ræða í grg., máske af misgáningi, því að það

er augljóst mál, að þó að það verði samþ. að lækka um þessi 10 vísitölustig, nema auknar bætur til framleiðslunnar samt sem áður um 78 millj. kr. Því fer þess vegna alls fjarri, að þessi lækkunarleið, sem hér er stungið upp á, nægi, eins og gefið er í skyn í grg., til þess að ekki þurfi eða ekki verði um auknar bætur til framleiðslunnar að ræða. Það er samt sem áður um auknar bætur til framleiðslunnar að ræða um 78 millj. a. m. k.

Í sambandi við heildarmyndina af þessum málum vil ég svo benda á, að samkvæmt því, sem hæstv. forsrh. hefur nú upplýst, hefur stjórnin gert samninga við ýmis samtök framleiðenda um verulegar hækkanir á framleiðslubótum eða útflutningsbótum til framleiðslugreinanna, og samkvæmt því, sem hann greindi frá og ég hef líka fengið staðfest annars staðar frá, nemur hækkunin, sem hér hefur verið samþ. af ríkisstj., — og er þá miðað við vísitölu 185, — nemur hækkunin 159 millj. kr., þ. e. frá því, sem áður var. En þegar fyrrv. stjórn hætti störfum, þá lá fyrir álit frá hagfræðingi ríkisstj. um, að það mundi þurfa 105 millj. til þess að bæta framleiðslunni þær kauphækkanir, sem þá höfðu orðið, miðað við vísitölu 185. Þannig eru þær bætur, sem nú er upplýst að samþykktar hafi verið, um 54 millj. kr. hærri en þá var talið að þyrfti til þess að jafna þessi met. En verulegur hluti af þeirri fjárhæð er vitaskuld vegna þess, að fiskimenn hafa fengið miklar kjarabætur í þessu sambandi.

Ég vil í þessu sambandi benda á, að þessir samningar eru gerðir án þess að ræða um þá við hv. Alþingi, og þessir samningar hafa verið gerðir án þess, að nokkuð sé um það vitað, svo að mér sé kunnugt a. m. k., að það sé meirihlutafylgi á Alþingi fyrir því að samþykkja þá. Það má vel vera, að svo reynist, en mér er ekki kunnugt um, að þess hafi verið leitað fyrir fram. M. ö. o. það, sem hér gerist, er það, að ríkisstj. og það minnihlutaríkisstj. gerir slíka samninga um 159 millj. kr. auknar framleiðslubætur, miðað við vísitölu 185, án þess að það sé borið undir þingið eða aðra þingflokka en stjórnarflokkana, sem ég að sjálfsögðu geri ráð fyrir að þetta hafi verið borið undir. Þetta finnst mér ekki vera í góðu samræmi við það, sem undanfarið hefur stundum verið gert að umræðuefni, að hinar og aðrar ráðstafanir væru gerðar án þess að bera þær undir þingið, og þetta er mjög umhugsunarvert fyrir okkur, að þessi háttur skuli vera á hafður. Það er auðvitað ekki einsdæmi, að gerðir hafi verið slíkir samningar án þess að bera þá undir þingið formlega. Það hefur verið gert á undanförnum árum. En ég held, að ég muni það rétt, að þá hafi ætíð verið um að ræða ríkisstjórnir, sem hafi haft hreinan meiri hluta að baki sér og hafi getað fengið samþykkta löggjöf. En sé þetta ekki rétt hjá mér, þá verður það leiðrétt. En þetta tel ég mjög varhugaverð vinnubrögð af hendi minnihlutastjórnar, að ekki sé meira sagt.

Ef við svo lítum á þessi mál í heild, þá horfir þetta þannig við samkv. því, sem fyrir liggur, að þó að það yrði samþ. að færa vísitöluna niður um 10 stig, þá er samt eftir að mæta 78 millj. kr. af hinum auknu framleiðslubótum, og niðurgreiðslur hafa þegar verið ákveðnar, sem kosta a. m. k. 75 millj. Þar til viðbótar þarf svo að bæta inn á fjárl. vegna grunnlaunahækkananna, eins og hæstv. forsrh. upplýsti, að frádregnu því, sem sparast vegna 10 stiga lækkunar, 22 millj. a. m. k., og samkv. útreikningi þess hagfræðings, sem mest starfaði fyrir fyrrv. ríkisstj., var gert ráð fyrir 55 millj. kr. halla á útflutningssjóði á yfirstandandi ári samkv. þeirri tekjuáætlun, sem þá lá fyrir frá honum. Þetta nemur samtals um 230 millj.: aukningin á framleiðslubótunum, niðurgreiðslurnar, sem þegar hafa verið ákvarðaðar, óhjákvæmileg hækkun á fjárl. vegna grunnlaunanna og hallinn á útflutningssjóðnum, eins og hann var áætlaður af sérfræðingi fyrrv. ríkisstj. að öllu óbreyttu fyrir þetta ár. Hér við bætast svo væntanlegar, hugsanlegar enn meiri niðurgreiðslur, sem stjórnin boðar í sínum úrræðum, að geti vel komið til greina.

Hæstv. forsrh. fór nokkrum orðum um það, hvernig stjórnin ætlaði sér að mæta þessum vanda, og ég geri ráð fyrir því, að það, sem hann sagði um þetta, þó að hann tæki heldur varlega til orða, séu áætlanir eða fyrirætlanir stjórnarflokkanna um það, hvernig skuli afgreiða efnahagsmálin í heild. Ég geri fastlega ráð fyrir því, að það hljóti að vera svo. Hann reiknaði ekki þennan halla eða þennan mismun nema 176 millj., en ég taldi hann 230 að viðbættum hugsanlegum niðurgreiðslum enn til viðbótar síðar. Mismunurinn liggur í því, að hæstv. forsrh. reiknaði ekki með hallann á útflutningssjóði, sem sérfræðingar fyrrv. ríkisstj. töldu að mundi verða 55 millj. að öllu óbreyttu. Það munar því. Ég veit ekki, hvernig stendur á því, að hæstv. forsrh. reiknar ekki þennan halla með, en mér dettur í hug, að það geti verið vegna þess, að stjórnin reikni með hærri tekjuáætlun en sérfræðingurinn gerði. Og þá getur mér varla dottið annað í hug en þar liggi það á bak við, að stjórnin geri ráð fyrir verulegri notkun erlends lánsfjár á þessu ári, sennilega a. m. k. 6 millj. dollara nýju láni, og hafi þess vegna hækkað tekjuáætlun útflutningssjóðs og látið það mæta þessum halla.

Ég skal ekki segja, hvort þetta er svo fjarri lagi, ef úr þessari lántöku verður. En mér skilst á öllum bollaleggingum hæstv. forsrh. og þessum tölum, að það sé gert ráð fyrir því, að úr þessari lántöku hljóti að verða.

En þá vil ég í því sambandi segja, að mér kemur það dálítið á óvart, því að ég hélt, að það hlyti að verða eitt af skilyrðum Sjálfstfl. fyrir stuðningi hans við stjórn Alþfl., að hætt yrði öllum hneykslanlegum lántökum. En eins og vitað er, þá er þessi lántaka, sem hér er um að ræða, fyrirhuguð í Bandaríkjunum á nákvæmlega sama hátt og þar hafa verið tekin lán undanfarið og hefur verið gagnrýnt með sterkustu orðum tungunnar af Sjálfstfl. hendi og talið ganga landráðum næst að taka

slík lán. En nú get ég ekki annað merkt af því, sem kemur fram hjá hæstv. forsrh., en stjórnarflokkarnir reikni með því, að þessi lántaka hljóti að eiga sér stað, eins og áætlað var, og allar tekjuáætlanir, sem hér að lúta, séu beinlínis byggðar á því. Annars hefði áreiðanlega ekki verið sleppt að telja fram þennan halla á útflutningssjóðnum, og hæstv. forsrh. hefði heldur alls ekki leyft sér að nefna þær tölur, sem hann nefndi í sambandi við hugsanlegar tekjur ríkissjóðs á næsta ári, ef ekki væri hiklaust gert ráð fyrir þessu.

Það er vitanlega hægt að ræða þetta nánar í öðru sambandi og verður sjálfsagt gert. En óneitanlega kemur manni þetta undarlega fyrir sjónir, að eftir það, sem Sjálfstfl. hefur sagt um lántökur í Bandaríkjunum á þann hátt, sem þarna er fyrirhugað, skuli það vera eitt höfuðúrræði þeirrar stjórnar, sem hann hefur sett á fót í raun og veru og styður, og eitt höfuðúrræði hans sem stjórnarflokks að beita sér fyrir slíkri lántöku og gera hiklaust ráð fyrir því í þeim fjármálaáætlunum, sem hér liggja fyrir.

Hæstv. forsrh. reiknaði ekki með þessum 230 millj., sem ég nefndi, sem raunar getur orðið talsvert meira en 230 millj., því að þar geta komið til viðbótar verulegar fjárhæðir í nýjar niðurgreiðslur og fleira í sambandi við fjárl., eins og t. d. rekstrarhalli á raforkuveitum ríkisins, sem er mjög mikill og ekki er í fjárlagafrv. Hæstv. ráðh. hélt sig við 176 millj. í staðinn og hefur vafalaust haft fyrir því þær ástæður, að hann hefur reiknað með miklu lánsfé á árinu og þar af leiðandi háum tekjum fyrir útflutningssjóð. En hann hélt sig við 176 millj. og var svo með bollaleggingar um það, hvernig þeirri gífurlegu fjárhæð skyldi mætt, sem voru satt að segja meira en lítið losaralegar, en verður þó að líta á sem stefnuyfirlýsingu stjórnarinnar og stjórnarflokkanna.

Það er þá fyrst, sem hann nefnir, að það hafi komið álit frá sérfræðingum í fjmrn. um, að tekjur þessa árs kynnu að geta farið upp í 980 millj. kr., og mér skildist jafnvel hann gefa í skyn, að sérfræðingarnir álitu óhætt að áætla þær það. Mér er alls ókunnugt um þetta og skal ekkert um það segja á þessu stigi, hvort þessi tala kemur til mála eða ekki. En ef þessi tala kemur til mála, þá er hún alveg tvímælalaust miðuð við það, sem þessir menn telja að tekjurnar geti orðið mestar, og þá líka miðuð við þá miklu notkun lánsfjár, sem ég áðan var að ræða um. Og það segi ég alveg hiklaust, að ef hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkar hafa það í sinni að áætla ríkistekjurnar á fjárlagafrv. núna eins og þær geta orðið mestar, miðað við mestan hugsanlegan innflutning lánsfjár, þá eru þeir með opin augu að afgreiða fjárlög með halla, eins og raunar kom fram hjá hæstv. forsrh., þar sem hann sagði, að þá væri ekki gert ráð fyrir því, að umframgreiðslur yrðu neinar, og yrði ef til vill að taka tillit til þess. En þá bara stenzt alls ekki þetta dæmi á nokkra lund. Ég vil ekki taka neina afstöðu til neinna talna í þessu sambandi, því að til þess skortir mig upplýsingar á þessari stundu. Ég hafði álitið, þegar ég sleppti þessum málum, að það mundi vera hægt að hækka tekjuáætlun fjárlagafrv. eitthvað, ef gera mætti ráð fyrir lántöku í Bandaríkjunum til framkvæmda hér og þar með ykist innflutningurinn. En mér hefur aldrei dottið í hug, að það væri hugsanlegt að afgreiða fjárlög þannig að áætla tekjurnar eins og þær geta orðið hæstar, nema því aðeins að stjórnin ætli að fara inn á þá leið að setja stóran póst inn á fjárl. gjaldamegin fyrir hugsanlegum umframgreiðslum, sem er þá alveg nýr siður. En þá er ekki heldur hægt að reikna 83 millj. upp í þennan halla. Ef ætlun ríkisstj. er að áætla tekjurnar á þessa lund, þá er það áætlun um að afgreiða fjárl. með halla.

Þá var hæstv. forsrh. að tala um, að það væri sjálfsagt hægt að lækka fjárl. um 40 millj. kr. og hann hefði heyrt þá tölu fyrir stjórnarskiptin. Mér var nú ekki ljóst, hvaðan hann hafði heyrt hana, en mér finnst, að það hefði nú verið eðlilegra, að hann hefði miðað við einhverja niðurstöðu, sem hann hefði komizt að sjálfur eftir stjórnarskiptin, heldur en að miða þessar bollaleggingar við einhverjar tölur, sem hann heyrði einhvers staðar á ótilteknum stað fyrir stjórnarskiptin. Mér hefði fundizt það eðlilegra eftir þá athugun, sem hlýtur að hafa farið fram á þessum málum. Það er þess vegna tæpast hægt að taka svona tal mjög alvarlega. Það sýnir þó bollaleggingar stjórnarflokkanna um að skera 40 millj. niður á fjárl., og það fullyrði ég alveg hiklaust, að ef það á ekki að gera það með því að falsa útgjaldaliði, sem eru áætlaðir, og þar með stofna til hallarekstrar, þá er ekki hægt að lækka um 40 millj. nema með því að skera mjög verulega niður framlög til framkvæmda á fjárl. Og það vitum við að hefur verið fyrirætlun stjórnarflokkanna að gera, en um einstök atriði í þeirri fyrirætlun getum við ekki dæmt, fyrr en við sjáum tillögurnar.

Ef það á að draga ályktanir út frá því, sem hæstv. forsrh. sagði um þetta, og taka það bókstaflega, þá eru fyrirætlanirnar í raun og veru það að áætla tekjurnar á fjárl. þannig, að það hlýtur að leiða til greiðsluhalla og þess að skera niður verklegar framkvæmdir. En um þetta verður ekki dæmt til neinnar hlítar, fyrr en þetta liggur fyrir.

Loks minntist svo hæstv. forsrh. á það atriði að nota eitthvað af greiðsluafganginum í fyrra, t. d. 20 millj., til þess að jafna halla á þessu ári. Um þetta vil ég segja, að einhver greiðsluafgangur varð á s. l. ári. Nokkuð af honum hlaut að fara til þess að jafna hallann frá árinu áður, en eitthvað hefur hann orðið meiri. Framsóknarmenn hafa lagt fram tillögu hér á hv. Alþ. um að taka 25 millj. kr. af þessum greiðsluafgangi handa íbúðalánasjóði, byggingarsjóði Búnaðarbankans og veðdeild Búnaðarbankans, en allar þessar stofnanir eru nú gersamlega í fjárþroti, og það kveður svo rammt að þessu, að fjöldi fólks í bæjum og kaupstöðum er í þann veginn að missa íbúðir

sínar, sem það er að byggja, vegna þess að það hefur ekki getað fengið lán. Og ég segi alveg hiklaust og mun hvar sem er verja þá stefnu, að það sé nauðsynlegra og skynsamlegra að verja þessu fé til þess að greiða úr fyrir þessu fólki en að kasta því í verðbólguhítina, eins og hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkar virðast nú fyrirhuga, — kasta því í þá botnlausu verðbólguhít, sem fram undan blasir.

Það verður tækifæri til þess síðar að ræða um þessi atriði öll miklu nánar. En það, sem er þegar komið fram af upplýsingum um heildarúrræði ríkisstj., gefur sannarlega ekki glæsilega mynd af því, hvert stefnir í þessum efnum.

Hæstv. forsrh. minntist nokkuð hér áðan á afstöðu stéttasamtakanna ýmissa til þessara tillagna hæstv. ríkisstj. Ég skal ekki fara langt út í það atriði, en ég get ekki stillt mig um að benda á eitt í því efni.

Alþýðuflokksmennirnir, er eiga sæti í Alþýðusambandsstjórn og nú mæla með þessari ráðstöfun af hendi hæstv. ríkisstj. að fella niður 10 vísitölustig, hafa áður komið mikið við þessi mál og á mörgum stöðum, og það er ekki langt síðan þessir menn gengu svo langt, að þeir synjuðu gersamlega um að vera með því að fresta í einn mánuð að greiða út 17 vísitölustig, á meðan fyrrv. ríkisstj. athugaði efnahagsmálin. Þeir sögðust ekki hafa umboð til þess að gera slíkt. En það eru þessir sömu menn, sem þannig neituðu þá, sem nú mæla með því, að niður séu felld þessi 10 vísitölustig. Ég get ekki stillt mig um að benda á þetta til þess að sýna ósamræmið í vinnubrögðum þessara manna. Og því miður er þetta ósamræmi ekki einsdæmi. Það á við um fleiri, þó að það í þetta skipti komi fram af þeirra hendi. Þetta er að tíðkast hér í stéttasamtökunum, að menn taka afstöðu til málanna alveg án tillits til málavaxta, eingöngu eftir því, hvernig kringumstæðurnar eru að öðru leyti, hver í hlut á, snúa þannig snældunni sinni, allt eftir því t. d., hverjir fara með stjórnina, en ekkert eftir því, hvað raunverulega hentar fyrir það fólk í samtökunum, sem þeir hafa umboð fyrir. Því miður á þetta ekki eingöngu við um þessa menn, því fer fjarri.

Þá vil ég minnast á eitt nýmæli, sem kemur fram í sambandi við þessi mál og er ákaflega þýðingarmikið. Ég gat um það í upphafi, að menn hefðu mjög sannfærzt um það, að nauðsynlegt væri að slíta vísitöluna úr því nána sambandi, sem hún hefur verið í við kaupgjald og verðlag. Um þetta hafa nú engin samtök fengizt, og þótt hér sé frv. um að fella niður 10 vísitölustig, þá er það nú ekki þannig, að með því sé þetta samband slitið til nokkurrar frambúðar.

En í sambandi við þessi mál, bæði þetta frv. og samningana, sem gerðir hafa verið við framleiðendurna við sjávarsíðuna, kemur það nú fram, að fiskverð til sjómanna er í fyrsta skipti tengt vísitölunni. Og enn fremur mun það vera nú í fyrsta skipti í þeim samningum, sem gerðir hafa verið við framleiðendasamtökin, að gert er ráð fyrir því að endurskoða rekstrargrundvöll framleiðslunnar og bæturnar, sem framleiðendur fá, ef grunnlaunahækkanir verði eða vísitöluhækkanir á því tímabili, sem samið er fyrir. Ég held, að ég fari með rétt mál, að þannig sé frá þessu gengið. Hér er sem sagt verið að tengja nýja liði í þjóðarbúskapnum við vísitöluna, sem áður hafa ekki verið tengdir við hana. Nú skal ég út af fyrir sig ekki fella neinn dóm um það, hvort þetta sé rétt eða rangt, því að það má margt um það segja. Það má t. d. segja, að sé kannske eina leiðin til þess, að augu manna opnist fyrir því, að vísitalan er ómögulegur mælikvarði, þegar til lengdar lætur, að tengja einmitt fleiri og fleiri liði við hana, til þess að þetta komi skýrt í ljós. Sumir líta svo á. En hvað sem um þetta er að segja, þá er nú stefnt að því að tengja þarna nýja liði, fiskverðið til sjómannanna og uppbæturnar til framleiðslunnar, við vísitöluna og enn fremur ákvæði um að endurskoða uppbæturnar til framleiðslunnar, ef almennar grunnkaupshækkanir verði. Þegar nú lagt er út á þessa braut, sýnist mér, að það verði að vinna að því, að í þessu verði fullt samræmi, en á það sýnist mér skorta mjög í sambandi við þetta mál. Við vitum, að bændur hafa á undanförnum árum gjarnan viljað geta hreyft afurðaverð sitt oftar en einu sinni á ári, en verðið hefur verið bundið við kaupgjald í landinu og vísitöluþróun, en þeir hafa ekki fengið þessari ósk sinni framgengt. Nú sýnist það alveg sjálfsagt, að þegar nýjar stéttir fá sínar tekjur bundnar við vísitöluna og ákvæði um að endurskoða oftar en einu sinni á ári, þá gildi alveg sama um bændur eins og fiskimenn og framleiðendurna við sjóinn.

Mér sýnist alls ekki samræmi í þessum ákvæðum, eins og þau eru í frv., og sýnist rík nauðsyn að endurskoða þann þátt í frv., sem fjallar um afurðaverð landbúnaðarins, og færa þann þátt algerlega til samræmis við það, sem gert er ráð fyrir varðandi tekjur fiskimanna. Í því sambandi virðist mér líka þurfa að skoða gaumgæfilega samningsákvæðin við framleiðendurna við sjóinn og leita líka samræmis við þá samninga, að í þessu verði að vera fullt samræmi.

Einnig vil ég benda á alveg sérstaklega, að afurðaverð til bænda er ekki núna í dag í samræmi við grunnlaun í landinu og vísitölu, eins og hún er í dag, og ekki heldur í samræmi við þá samninga, sem nú hafa verið gerðir við framleiðendur við sjávarsíðuna. Þetta liggur í því, að almennar grunnkaupshækkanir hafa átt sér stað, eftir að landbúnaðarverðið var ákveðið s. l. haust. Mér sýnist alveg óhjákvæmilegt að leiðrétta þessa skekkju í sambandi við þetta mál og færa hér alla á sama grundvöll, einmitt núna, ekki sízt þegar það er tilgangur löggjafans að brjóta blað í þessum málum og byrja nú á nýrri vísitölu og nýju kerfi, þar sem ástandið í dag sé kallað hundrað og svo reiknað út frá því. Er náttúrlega alveg óhjákvæmilegt, að bændur séu þá jafnt settir og launastéttirnar og framleiðendurnir við sjóinn, þegar

byrjað er. Þannig er það ekki í dag, og þannig mundi það ekki verða, ef frv. yrði samþykkt eins og það liggur fyrir núna.

Hér er um þýðingarmikið réttlætismál að ræða og sanngirnismál, því að það er ekki um annað talað en að allir sitji við sama borð. En á hinn bóginn geri ég ekki ráð fyrir, að hér sé um stórar fjárhæðir að ræða í heild, samanborið við þær miklu fjárhæðir, sem um er fjallað í sambandi við samninga við aðra framleiðendur og aðrar stéttir yfirleitt. Í þessu sambandi vil ég einnig vekja athygli á nauðsyn þess að hafa ýtarlega samráð við Stéttarsamband bænda í sambandi við endurskoðun á þessum lagaákvæðum, og treysti ég fjhn. d., sem væntanlega fær þetta mál, til þess að ganga ýtarlega í þetta.

Í frv., eins og það liggur fyrir, er gert ráð fyrir að lækka kaupgjald sem svarar 10 vísitölustigum og afurðaverð sem svarar 10 vísitölustigum og enn fremur marga aðra liði tilsvarandi. Ég saknaði þess, að hæstv. forsrh. gaf ekki yfirlit um, hverju þessar lækkanir mundu nema í ýmsum dæmum, sem væri þó ákaflega nauðsynlegt að fá upplýsingar um. Ég saknaði þess t. d., að hann gaf ekki upplýsingar um það, hversu mikið húsaleigan mundi lækka samkvæmt þessum ákvæðum eða hvernig ætti að koma þeirri lækkun í framkvæmd, heldur ekki hvað verðlag yfir höfuð mundi lækka mikið vegna breytinga á erlendum vörum, t. d. hversu mikið bifreiðataxtar mundu lækka o. s. frv. En mér sýnist höfuðnauðsyn, að þetta liggi fyrir og einmitt líka uppgjör á því dæmi, hversu mikið þessar lækkanir samantaldar mundu þá hafa áhrif á vísitöluna, því að eftir því fer að sjálfsögðu, hvort stjórnin þyrfti að koma að þeim áætlunarlið að auka niðurgreiðslur enn eða ekki.

Ef þessar lækkanir komast ekki í framkvæmd og nægja ekki til þess að brúa bilið eða til þess að mæta þeim vísitölustigum, sem þarna ber á milli, þá hefur stjórnin áætlað, að því er hún segir, að auka enn niðurgreiðslurnar. Þá mundi það að sjálfsögðu enn auka útgjöldin í kerfinu í heild og auka hallann, sem við er að glíma.

Þá er það að segja um þessar niðurgreiðslur, að þær eru mjög tvíeggjað vopn. Stjórnin hefur nú lagt í að greiða niður 13 vísitölustig, og það er stórkostleg framkvæmd út af fyrir sig og orkar að sjálfsögðu mjög tvímælis. En ég ætla ekki að gagnrýna það atriði út af fyrir sig. En ef verður haldið lengra á þeirri braut að greiða niður, þá eykst enn ósamræmið í verðlaginu, sem af niðurgreiðslunum stafar, og það er mjög vafasöm braut að ganga á lengra en stjórnin hefur þegar gert, og það veit ég að hæstv. ríkisstj. hlýtur að vera vel ljóst.

Og þá mun það koma fram enn greinilegar en áður, að niðurgreiðslurnar mismuna stéttunum. T. d. er bændum það mjög óhagstætt, að niðurgreiðslur séu auknar mjög gífurlega, því að þeir fá lækkun á tekjum sínum við niðurgreiðslurnar, en í raun og veru enga lækkun á kostnaðarliðum á móti.

Ég álít, að það sé alveg hiklaust komið á fremstu nöf, sem hægt sé að bjóða mönnum varðandi niðurgreiðslur, með þeim 13 stigum, sem stjórnin hefur nú þegar lagt út í að greiða niður, og það sé því meira en neyðarbrauð, ef það ætti að fara að auka enn niðurgreiðslurnar, hvernig sem á það mál er litið.

Ég hef nú farið nokkrum orðum almennt um efnahagsmálin og stjórnmálaviðhorfið, eins og það er í dag, og drepið nokkuð á þetta frv., sem fyrir liggur, og skal nú láta máli mínu lokið.

En ég vil aðeins að lokum segja það, að framsóknarmenn hafa ekki trú á því, að þessi ríkisstj. eða öllu heldur stjórnarflokkarnir, sem að henni standa, nái þeim heildartökum á efnahagsmálum, sem þörf er á. Til þess sýnist okkur of ógiftusamlega stofnað til þessarar stjórnarmyndunar yfirleitt. Afstöðu sína til einstakra atriða í tillögum ríkisstj. mun Framsfl. móta eftir því, hvort hann telur þau ganga í rétta átt og geta að gagni komið, þegar á allar ástæður er litið.

Meginefni þessa frv., að fella niður 10 vísitölustig, tel ég ganga í rétta átt, ef það reynist liður í áætlun gegn verðbólgunni, sem í heild getur staðizt og er framkvæmanleg.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Eins og þegar hefur komið fram í umr. um þetta frv., sem hér liggur nú fyrir, þá er hér aðeins um að ræða einn hlutann af efnahagsvandamálinu svonefnda. Það er því í rauninni ekki hægt að ræða þetta frv., eins og það liggur fyrir, án þess að jafnframt sé vikið að efnahagsvandamálinu sem heild og þá einnig gerðir nokkuð að umtalsefni hinir aðrir þættirnir, sem enn eru ekki komnir hér fram í málinu.

Þetta kom allgreinilega fram í upphafi málsins í ræðu hæstv. forsrh., og skildist mér á ræðu hans, að ætlun stjórnarinnar væri, að þetta frv. fylgdist í rauninni að í afgreiðslu hér á Alþingi með öðru frv., sem væri um breytingar á lögunum um útflutningssjóð. Vitanlega er sá vandi, sem hér er við að glíma, fólginn í því, að gert er nú ráð fyrir nýjum samningum við framleiðsluna í landinu, gert ráð fyrir því að breyta bótum til hennar, hækka þar útgjöld allverulega, og er þá um að ræða, hvernig afla skuli tekna í þessu skyni, og þá er niðurfærsla á kaupgjaldi og verðlagi ekki nema aðeins einn hlutinn í þessu efni, fleira þarf þarna að koma til.

Ég skal síðar víkja nokkru nánar að frv. sjálfu, en mun fyrst ræða á breiðari grundvelli efnahagsmálin almennt.

Það var í lok maímánaðar á s. l. ári, sem nýjar reglur voru teknar upp viðvíkjandi bótum til framleiðsluatvinnuveganna. Það var í lok maímánaðar, sem lögin um útflutningssjóð voru þá samþykkt. Þar var um það að ræða, að kjörum framleiðslunnar var breytt nokkuð frá þeim samningum, sem höfðu þá verið gerðir í ársbyrjun og ætlaðir voru þá út árið. Sú breyting, sem átti sér stað í lok maímánaðar, var fyrst og fremst skipulagsbreyting, en þó örugglega gengið þannig frá

málum, að talið var víst, að hagur framleiðslunnar yrði fremur betri en lakari en samið hafði verið við hana í ársbyrjun. Ástæðan til þess, að þessa löggjöf þurfti að setja í maímánuði, ber að rekja til þess, að svo hafði tekizt til á árinu 1957, að þá varð lélegt aflaár, tekjur útflutningssjóðs urðu allmiklu minni en menn höfðu reiknað með og tekjur ríkissjóðs á sama hátt, en það stóð í beinu sambandi við það, að afli hafði reynzt sérlega óhagstæður á árinu 1957. Þessu til sönnunar hefur verið á það minnt, að svo fór á árinu 1957, að vöruflokkar þeir, sem aðaltekjuöflun bæði ríkissjóðs og útflutningssjóðs var byggð á, innflutningur á svonefndum hátollavörum, minnkaði svo mikið frá árinu 1956, að nam fullum 80 millj. kr. í gjaldeyri, eða þessar vörur voru fluttar inn fyrir um 254 millj. í gjaldeyrisverðmæti árið 1956, en aðeins fyrir 174 millj. árið 1957. Þetta orsakaði það, að tekjur útflutningssjóðs og ríkissjóðs urðu fullum 100 millj. minni en þær hefðu orðið, ef innflutningur á þessum vörum hefði orðið með svipuðum hætti og var árið á undan.

Þetta var meginorsökin til þess, að það þurfti að grípa til nýrra ráðstafana á s. l. ári, og af því voru lögin um útflutningssjóð samþykkt í lok maímánaðar. Að vísu var það svo, að ýmsir vildu telja, að það væri full ástæða til að búast við því, að afli yrði ekki alltaf jafnlélegur og hann varð á árinu 1957, það mætti vænta þess, að afli yrði aftur betri á árinu 1958, enda hafði vetrarvertíðin þá þegar sýnt, að afli var miklu meiri 1958 heldur en 1957, og því voru ýmsir miklu bjartsýnni á, að sú löggjöf, sem í gildi var, gæti í rauninni skilað sér miklu betur á árinu 1958 heldur en hún gerði á árinu 1957, og það hefur nú reynslan líka sýnt, að svo hefði orðið. En allt um það, sú varð niðurstaðan, að nýtt skipulag var tekið upp í þessum efnum í maílok 1958 og kjör framleiðslunnar þá gerð nokkru betri en þau voru ákveðin með samningum í ársbyrjun. En það kom glögglega fram í umr. á Alþingi og í skrifum blaða, um það leyti sem löggjöfin frá því í maí var sett, að menn gerðu sér fulla grein fyrir því, að afleiðingar af þessari löggjöf mundu verða þær, að verðlag í landinu mundi hækka. Það lá auðvitað ekki fyrir, svo að öruggt mætti teljast, hvað verðhækkanirnar yrðu miklar, en það var alveg víst, að verðhækkanir mundu talsverðar verða.

Í umr. hér á Alþingi sagði ég, þegar var verið að afgreiða þessa löggjöf, að ég væri mjög hræddur um, og við Alþýðubandalagsmenn yfirleitt, að svo kynni að fara, að verðhækkanir yrðu mun meiri sem afleiðingar af þessum lögum heldur en strangasti útreikningur hafði sýnt, því að venjan hefur alltaf verið sú, að þegar verðhækkanir ganga yfir á annað borð, þá vill margt fylgja þar á eftir, og m. a. er það alltaf vísasti vegurinn til þess að hleypa af stað verulegum kaupgjaldshækkunum, þegar verðhækkanir almennt ganga yfir. Þetta hefur líka farið svo, að það er ekki einasta, að verðhækkanir samkvæmt þessari löggjöf hafi orðið allmiklu meiri en reiknað var með í byrjun, heldur fylgdu einnig á eftir allmiklar kauphækkanir hjá flestum stéttarfélögum, og hafa þær grunnkaupshækkanir numið yfirleitt frá 5 til 9%.

Það er auðvitað hægt að rekja, hvaða aðrar orsakir lágu til þess, að þessar grunnkaupshækkanir urðu. Ég efast ekki um, að allverulegt ástæða til þess, að svo fór, var einmitt það, að með löggjöfinni frá því í maí á s. l. ári var farið inn á hækkunarleiðina, sem hlaut að draga á eftir sér eða ýta mjög undir kaupgjaldshækkanir almennt. En til viðbótar því var svo það, að Sjálfstfl. hafði mjög beitt sér fyrir því að koma fram kauphækkunum í ýmsum stéttarfélögunum í landinu, einkum þeim, þar sem laun voru þó greinilega langhæst fyrir. Einnig má geta þess, að í ýmsum félögum, þar sem Alþfl.-menn höfðu forustu, var einnig greinilega um sérstakan áhuga að ræða á því að koma fram kaupgjaldshækkunum, og vil ég í því sambandi nefna t. d. Sjómannafélag Reykjavíkur, sem ekki dugði minna en tvívegis á árinu að ráðast í kaupgjaldshækkanir. Eigi að síður vil ég þó undirstrika, að það hefur alltaf farið svo og það mun lengi fara svo áfram, að þegar haldið er inn á verðhækkunarleiðina, þegar verðhækkanir ganga almennt yfir, þá er veruleg hætta á því, að kaupgjald fylgi þar mjög á eftir og kaupgjaldsbreytingar verði almennt.

Þegar komið var svo fram undir áramótin síðustu, stóðu vandamál atvinnulífsins þannig, að glöggt var, að vísitalan hafði hækkað um 17 stig 1. des., og allir virtust sammála um, að þessi 17 stig þyrftu með einum eða öðrum hætti að hverfa eða þá að það þyrfti að auka bætur til framleiðslunnar sem þessum 17 stigum nam. Auk þess var svo um það að ræða, að grunnkaup hafði hækkað, eins og ég sagði áður, um 5—9%, og auðvitað hlaut framleiðslan líka að stilla þessari grunnkaupshækkun fram og gera kröfur um auknar bætur þar á móti. Það voru þessir tveir þættir, sem lágu fyrir núna um áramótin og við var að glíma, frá því, sem áður var búið að glíma við. En hitt var líka ljóst, að eins og þetta tvennt gerði hag framleiðslunnar lakari en hann hafði verið metinn í samningum áður, þessi 17 vísitölustiga hækkun og grunnkaupshækkunin, þá höfðu líka komið aðrir þættir inn, sem höfðu bætt hag útgerðarinnar í landinu og framleiðslunnar almennt allverulega. Þetta kom t. d. greinilega fram við athugun sérfræðinga á rekstraraðstöðu frystihúsanna í landinu, en eftir að þeir höfðu athugað rekstraraðstöðu frystihúsanna nú um áramótin, þá kváðu þeir upp þann dóm, að slíkar breytingar hefðu orðið á rekstraraðstöðu hraðfrystihúsanna í landinu með verðhækkun á framleiðslu þeirra erlendis og með stóraukinni framleiðslu og þannig betri nýtingu, að þessir sérfræðingar töldu, að frystihúsin gætu að fullu og öllu tekið á sig þá grunnkaupshækkun, sem orðið hefði á árinu, eða frá 6 til 9%, eins og hún nam almennt. Það var því alveg greinilegt, að það, sem hér var við

að glíma, var fyrst og fremst 17 vísitölustigin og afleiðingarnar af grunnkaupshækkuninni, 6 til 9%, en þó ekki nema að litlu leyti, vegna þess að þar komu aðrir þættir inn í, sem gerðu hag framleiðslunnar betri en hann hafði verið metinn áður.

Nú um áramótin lá það líka ljóst fyrir, að öll aðstaða til að glíma við þennan vanda var miklum mun betri en áður að því leyti til, að útflutningssjóður, sem standa átti undir þessum bótum, hafði nú að fullu og öllu unnið upp þann skuldahala, sem hann hafði dregið á eftir sér frá tíð fyrrv. ríkisstj. Nú var það að fullu og öllu unnið upp og sýnilegt, að hagur sjóðsins væri sá, að hann ætti fyllilega fyrir öllum sínum útgjöldum. Sama var að segja um ríkissjóð. Það var líka glöggt mál nú um áramótin, að hagur ríkissjóðs var mjög góður, þar mundi verða allverulegur greiðsluafgangur og því ekki bein þörf, eins og oft áður, að krefjast þar verulegra nýrra tekna, svo að neinu næmi. Og sjálf framleiðslan í landinu viðurkenndi það opinberlega, að búið hefði verið þannig að henni, að hún yrði að játa, að hennar hagur væri mjög sæmilegur, enda var það svo, að margar greinar sjávarframleiðslunnar sýndu, að þær komu út með þó nokkurn hagnað á rekstri sínum nú á s. l. ári, og var því mikill munur að fást við þessi efni eða áður var.

Í stórum dráttum stóðu málin svona um síðustu áramót.

Eins og jafnan áður, þá vitanlega voru uppi skiptar skoðanir á milli manna og flokka um það, til hvaða ráða ætti nú að grípa. Þetta hefur verið svona í hvert eitt og einasta skipti, sem þessi mál hafa verið til umræðu og úrlausnar, að það hafa verið skiptar skoðanir um, hvað gera ætti. Og þetta byggist m. a. á því, að skoðanir manna um það, hver sé hin raunverulega orsök að þessum erfiðleikum, eru mjög mismunandi. Sumir eru þeir, sem í sífellu klifa á því, að kaupgjaldið í landinu sé orðið svo hátt, að það valdi hér öllum vanda, og því beri aðeins að lækka það og það hafi verið hækkað kaupgjald, sem færði allt úr skorðum. Þeir vitanlega reyna eins og fyrri daginn alltaf að miða sína tillögu við að koma fram kauplækkun í einu eða öðru formi. Stundum er valin til þess gengislækkunarleið, beinlínis til þess að koma fram kauplækkun. Í annan tíma velja menn það að binda kaupið fast um einhvern tíma, á meðan ákveðnar hækkanir eru að ganga yfir, og koma kauplækkuninni þannig fram. Og stundum er talað um að skera beinlínis niður vísitöluna og ná kaupinu þannig niður, vegna þess að þeir, sem að þessum till. standa, trúa því, að það sé kaupið, sem sé meginorsökin að þeim vanda, sem við eigum að glíma við varðandi rekstur atvinnuveganna í landinu. Aðrir eru aftur þeir, sem vilja ekki fallast á það, að hér sé fyrst og fremst kaupið að verki, að hér sé fyrst og fremst um það að ræða, að kaup, t. d. hins almenna verkamanns í landinu, sé of hátt, til þess að þjóðfélagið fái staðið undir því. Í þessu efni þykir mér rétt að rifja það upp, að tveir af kunnustu hagfræðingum okkar, þeir sem mjög hafa komið við sögu í sambandi við lausn efnahagsmálanna, þeir Jónas Haralz efnahagsmálaráðunautur ríkisstj. og Jóhannes Nordal hagfræðingur seðlabankans, ræddu orsakir verðbólgunnar m. a. á fjölmennum fundi, sem haldinn var á vegum Stúdentafélags Reykjavíkur hér á s. l. sumri. Þá létu þeir báðir hafa það eftir sér, og það var birt hér í blöðum eftir þeim, að þeir væru báðir sammála um það, að þeir teldu ekki, að það væri kaupið, sem væri orsökin að þeim vanda, sem við eigum að glíma við í efnahagsmálunum. Þeir töldu, að kauphækkanirnar hefðu miklu fremur, eins og þeir orðuðu það, verið afleiðing af öðrum verðhækkunum, sem orðið hefðu í landinu, heldur en hitt, að það hafi verið kaupið, sem hefði skrúfað upp aðrar verðhækkanir.

Ég held, að það sé nauðsynlegt, þegar þessi efnahagsmál eru rædd, að reyna að gera sér nokkru nánari grein fyrir því, hvaða orsakir raunverulega liggja til þess, að við eigum við þennan vanda að glíma.

Ég fyrir mitt leyti er á sömu skoðun og þessir tveir hagfræðingar. Ég tel, að það sé með öllu rangt að telja, að kaup verkamanna í landinu eigi hér sök á, hvernig komið er. Ég álít, að það sé rangt mat. Ég held, að það sé allt annað, sem hefur verið hér miklu þyngra á metunum. Þar kemur auðvitað margt til, en ég vil víkja hér m. a. að einu, aðeins til þess að benda á, hvaða liðir hér eru að verki og hverjir þeirra eru kannske hvað sterkastir. Hvað er það þá, ef það er ekki kaupgjaldið, sem hefur þessi áhrif, að verðlagið í landinu fer upp og kaupið kemur svo á eftir? Ég hef bent á það áður, að það er enginn vafi á því, að fjármálastjórn ríkis og bæjarfélaga á hér mikinn og stóran þátt í. Það getur ekki farið fram hjá neinum alþingismanni, að svo hefur verið háttað um fjármál ríkisins í mörg undanfarin ár, að þar hafa útgjöldin hækkað frá ári til árs, hækkað miklum mun meira en hinni almennu hækkun nemur í landinu. Ég vil benda t. d. á það, að rekstrarútgjöld ríkisins hækkuðu frá árinu 1950, — ef maður ber saman rekstrarútgjöldin 1955 og 1956, þá hækkuðu rekstrarútgjöldin um 140 millj. kr., eða um 26.5%. Þó hækkuðu hin beinu útgjöld ríkisins enn þá meira en þetta, ef maður lítur á sjóðsyfirlitið eða fjárfestingarþátt ríkisins á öðru sviði. Á sama tíma og þetta gerðist hækkaði kaupgjald almennt í landinu ekki nema á milli 7 og 8%. Árið 1957 hækkuðu útgjöld ríkissjóðs um 133 millj. kr. frá árinu á undan, eða um rúmlega 20%, en á sama tíma hafði kaupgjaldshækkun, bæði vegna vísitölu og grunnkaups, ekki numið nema rétt um 4%. Það er alveg augljóst mál, að það er ekki hægt að taka inn í ríkissjóð tugmilljónir króna á ári eða jafnvel hundruð milljóna á ári, sem aðallega eru teknar inn með því að hækka tolla og skatta, og hækka þannig verðlagið í landinu, án þess að það segi einhvers staðar til sín. Hið nákvæmlega sama hefur átt sér stað hjá mörgum

bæjarfélögum. Þar eru útgjöldin hækkuð frá ári til árs um marga tugi milljóna króna, langt fram yfir það, sem verðlag hefur almennt hækkað um. Þegar þessir aðilar hækka verðlagið í landinu, um leið og þeir ná inn þessum tekjum í ríkissjóð og til bæjarfélaganna, þá vitanlega standa þeir fyrir því, að kaupgjald muni á eftir hækka. Það er einmitt þetta, sem var að gerast núna á s. l. ári og hefur verið að gerast á árunum þar á undan.

Í janúarlok 1956 var verið á þennan hátt að stórauka tekjur ríkissjóðs. Í desemberlok 1956 var þetta gert á sama hátt. Og nú síðast í maí 1958 var einnig verið að gera þetta sama. Afleiðingin hefur svo orðið sú, t. d. núna á þessu ári, að það er mjög sennilegt, að hreinn greiðsluafgangur verði hjá ríkissjóði árið 1958, sem nemur 60—70 millj. kr. Tekjur hafa verið innheimtar það rösklega, að greiðsluafgangurinn mun verða á milli 60 og 70 millj. kr., og hefur þó ekki verið dregið úr eyðslunni á neinn hátt. Vitanlega segir svona tekjuöflun til sín og hækkar verðlagið í landinu, vísitöluna og þar með kaupið. Ég er sannfærður um, að það er alröng skoðun að ætla að telja vísitöluna og vísitölukerfið út af fyrir sig vera höfuðorsök þess, hvernig komið er þessum efnum, því þó að menn færu nú þá leið, sem ýmsir eru að leggja til, að kippa vísitölunni úr sambandi, hætta að mæla við vísitölu, þá vitanlega kemur allt út á eina leið, ef gerðar eru einhverjar þær ráðstafanir, sem hækka verðlag í landinu um yfir 100 millj. kr., vöruverð í landinu, sem þessu nemur. Þá finna launþegar það á sér, jafnvel þó að búið sé að brjóta mælinn, jafnvel þó að búið sé að kippa vísitölunni úr sambandi, og þeir koma með sínar kauphækkunarkröfur til að reyna að jafna þennan reikning. Og svo þegar þeir eru búnir að hækka sitt kaup til jöfnunar við þessa verðhækkun, þá kemur svo framleiðslan á eftir, iðnaðarframleiðendur og aðrir slíkir, og þeir segja: Nú hefur kaup hækkað, og við verðum líka að hækka okkar framleiðsluvöru. — Og það þarf enga vísitölu til þess, að þetta snúist svona eftir sem áður.

Ég vil líka minna á það í þessu sambandi, að annar þessara tveggja kunnu hagfræðinga, sem ég minntist á, Jóhannes Nordal, að hann segir hér eiginlega í riti seðlabankans á þessa leið viðvíkjandi þessu máli:

„Vísitölukerfið sjálft er í rauninni afleiðing, en ekki orsök verðbólgunnar. Það er tilraun til þess af hálfu launþega og framleiðenda að tryggja, að verðhækkanir verði ekki til þess að rýra afkomu þeirra. Það er því lítil von til þess, að takast megi að draga verulega úr áhrifum þessa kerfis til lengdar, hvað þá að afnema það, nema jafnframt sé komið á jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar."

Þarna játar þessi hagfræðingur það réttilega, að auðvitað er vísitölukerfið, þó að margt megi um það segja og á því séu ýmsir gallar, engin orsök að þeim vanda, sem við eigum hér við að glíma. Vísitalan gerir ekki annað en segja okkur til um það, hvað hefur verið að gerast.

Það er einmitt út frá þessu, sem leiðir hafa vitanlega skipzt um það, hvað hægt væri að gera og hvað ætti að gera í sambandi við vanda efnahagsmálanna. Þeir, sem líta svo á, að kaup verkamanna, sem munu vera í kringum 4400 kr. á mánuði eða um 52 þús. kr. á ári hjá verkamanni, sem vinnur alla rúmhelga daga ársins í 8 klst., — þeir, sem líta svo á, að okkar þjóðfélag beri það ekki að borga þetta kaup, það beri að skerða þetta kaup, þeir vitanlega reyna að miða sínar till. við að strika út af vísitölu eða binda kaupið og ganga fram hjá öðrum þáttum þessa vandamáls. En hinir, sem eru á þeirri skoðun, að m. a. ríkið og aðrir opinberir aðilar hafi gengið of langt í því að færa upp eða hækka verðlagið í landinu, þeir vitanlega snúast meira að því að reyna að stilla þarna í hóf, þeir beina augum sínum að því að skila t. d. til baka því, sem ríkið hefur sannarlega oftekið eða tekið fram yfir það, sem beinlínis þurfti, og að því að reyna að draga nokkuð úr þeim útgjöldum hjá ríkinu, sem hægt ætti að vera að draga úr, svo að heildarútgjöld ríkissjóðs þyrftu ekki að hækka frá ári til árs öllu meira en verðlagið í landinu almennt hækkar um, og sama þarf að gerast vitanlega hjá bæjar- og sveitarfélögum almennt.

Það er einmitt í framhaldi af þessu, sem ég hef minnzt örlítið á, sem við Alþýðubandalagsmenn höfðum bent á það í sambandi við lausnir þessara mála nú að þessu sinni, að rétt væri að greiða niður vísitöluna sem næmi ca. 15 vísitölustigum. En við lögðum á það megináherzlu, að þessi niðurgreiðsla yrði gerð í fullu samráði við launþegasamtökin í landinu, því að það er vitanlega gefið mál, að það er hægt að falsa stórkostlega kaup og koma fram kauplækkun, ef niðurgreiðslan á vísitölu fer fram með það í huga að reyna að falsa vísitölu. Það er því ekki sama, hvernig það er gert. Við Alþýðubandalagsmenn erum því sammála út af fyrir sig, sem nú hefur verið gert af núverandi ríkisstj., að greiða niður vísitöluna um 13 stig. Við höfum flutt till. um það í samningaumleitunum varðandi þessi mál, að niðurgreiðslan næmi ca. 15 stigum, og það bendir nú margt til þess, að svo muni verða hjá þessari ríkisstj., að hún þurfi a. m. k. að borga niður um 15 stig, eins og hún hefur haldið á málinu. En það, sem skilur á milli okkar og þeirra viðvíkjandi þessu atriði, er það, að við höfum lagt áherzlu á, að niðurgreiðslan verður að fara fram í samráði við launþegasamtökin í landinu, annars mun þetta knapplega halda. En hæstv. ríkisstj. hefur valið þá leið að gera þetta án þess að hafa samráð um það, hvernig niðurgreiðslan færi fram, og m. a. valið þær leiðir í þessu efni, sem munu valda tortryggni, því að það vita auðvitað allir, að sá aðili, sem er að borga niður vísitöluna og velur m. a. kartöflur og smjörlíki og annað þess háttar, hann er vitanlega að borga niður þá liði, sem svíkja vísitöluna, því að þeir eru svo rangir í samsetn-

ingu vísitölunnar, og er ekki eðlilegt, að launþegar uni því.

Þá lögðum við einnig til í okkar till., að auk þessa yrði reynt að leita eftir samkomulagi við launþegasamtökin í landinu og framleiðendasamtökin í landinu um það að færa niður kaupgjaldsvísitölu um nokkur stig gegn þar til ákveðnum bótum, sem þessir aðilar fengjust til þess að fallast á. Við settum ekki neitt ákveðið mark um það, hversu mikið þetta yrði, því að það lá ekki svo glögglega *fyrir og gat vitanlega aldrei legið svo glöggl*ega fyrir, hversu mikið þetta væri, sem þarna þyrfti, fyrr en samningar hefðu tekizt við framleiðendur, við útflutningsframleiðsluna. En hér er vitanlega líka stórmikill munur á því, sem við höfum gert í okkar till., og því, sem hæstv. ríkisstj. leggur fram í sínum till. Hún leggur nú til, að strikuð séu út 10 stig a. m. k. með öllu bótalaust fyrir launþega, en við vildum gjarnan, að leitað yrði eftir samkomulagi við framleiðendur landbúnaðarvara og við launþega um það, hvort þeir gætu fallizt á það að falla frá nokkrum vísitölustigum gegn tilteknum bótum á móti. En það gat vitanlega fyllilega komið til greina.

Við bentum á, að fært mundi vera að fara þessa leið, m. a. með því að taka tekjuafgang ríkissjóðs, eins og hann verður á árinu 1958, og nota hann í þessu skyni eða sem sagt skila því til baka, sem hafði verið tekið um of í sambandi við álögurnar á s. l. vori. Við töldum líka, að það væri fært að færa niður ýmis útgjöld á fjárlögum og spara þannig nokkuð, því að þar hefur óneitanlega þensla verið óeðlilega mikil á ýmsum liðum nú um margra ára skeið, og efast eflaust enginn um, að það er hægt að draga þar úr útgjöldum, án þess að það þurfi að valda nokkrum manni skaða í landinu. Þá bentum við einnig á það í okkar till., og virðist núv. hæstv. ríkisstj. einnig fara eftir því í ýmsum efnum, að það mundi vera hægt að afla tekna fyrir ríkið upp á nokkra tugi millj., a. m. k. 25—35 millj. kr., í sambandi við einkasölurekstur ríkisins og aðra þá liði, sem ekki þyrftu að hvíla að neinu verulegu leyti á almenningi í landinu. Með þessu og án þess að það þyrfti að skerða raunverulega launakjör verkafólks í landinu töldum við, að hægt væri að ná endunum saman í þessum efnum, og tel ég, að það liggi nú orðið ljóst fyrir, að það hefði verið hægt, ef hefði verið haldið sig við það að ætla útflutningsframleiðslunni sambærileg rekstrarkjör og hún bjó við á s. l. ári, en ekki stórauka uppbæturnar til útflutningsframleiðslunnar frá því, sem hún hafði sjálf samið um í byrjun ársins.

En á því getur enginn vafi leikið, að gert er nú ráð fyrir því með þeim samningum, sem gerðir hafa verið við útflutningsframleiðsluna, að hækka bæturnar til útgerðarinnar allverulega frá því, sem samkomulag hafði verið við hana áður um. Mér sýnist á þeim tölum, sem hér hafa komið fram í þessum umr., og þeim upplýsingum, sem ég hef fengið annars staðar frá, að augljóst sé, að hreinlega bætt rekstraraðstaða útgerðarinnar í landinu sé ekki undir því að vera 60—70 millj. kr., miðað við sams konar útgjaldaaðstöðu, hún sé a. m. k. 60—70 millj. kr. hagstæðari fyrir útgerðina í þessum samningum en hún samdi sjálf um í ársbyrjun 1958. En þessi fjárhæð, sem þarna hefur verið samið um, mun vera mjög nærri því að vera sú kauplækkun, sem nú á að keyra í gegn með þeim afleiðingum, sem af því geta vitanlega hlotizt, eða m. ö. o.: það, sem útvegsmenn sjálfir höfðu játað opinberlega og hvað eftir annað að væri tiltölulega hagstæður *rekstrargrundvöllur*, það er lagað um a. m. k. 60—70 millj. kr. til þess á sama tíma að lækka hið almenna kaupgjald í landinu um álíka háa upphæð.

Það, sem ég tel þó hæpnast af öllu í sambandi við þær leiðir, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur lýst hér að hún ætli að fara í þessum málum, er, að hún virðist ekki hafa neitt öryggi fyrir því enn þá, að þær till. nái fram að ganga, sem hún virðist þó miða allar þessar ráðagerðir við. Hefur hún tryggt sér það, að hún hafi hér þingmeirihluta fyrir því að lækka útgjöld á fjárlögunum frá því, sem þau eru nú á fjárlfrv., um ca. 40 millj. kr.? Ég efast ekkert um, að þingflokkur forsrh. mun standa að *slíkum till., og kemur mér* það ekkert að óvörum. En hvað segir Sjálfstfl. um það? Það væri fróðlegt, að talsmaður Sjálfstfl., sem hér talar næst á eftir mér, svaraði því, hvort Sjálfstfl. hefur gefið samþykki sitt til þess að ætla að leysa þetta mál á þeim grundvelli, að útgjöld á fjárlögum verði skorin niður a. m. k. sem nemur 40 millj. kr., því að vitanlega á því byggist það, að hér sé eitthvert plan til þess að leysa málið á, annars eru hitt bara frómar óskir 8 þm., sem standa að Alþfl. og vitanlega hafa lítið að segja í þessu efni.

Sama er að segja um það: Er það tryggt, að Sjálfstfl. fallizt á það, að hægt sé að hækka tekjuliði fjárlagafrv. um 83 millj. kr., án þess að þá sé gert ráð fyrir einhverjum nýjum útgjöldum þar á móti? Ja, fyrrv. fjmrh. hefur lumað á ýmsu, vil ég segja, ef hann hefur lumað á því, án þess að við fengjum um það að vita, að fjárlagafrv., sem hann lagði fram, hafi verið falsað upp á 83 millj. kr. (**BBen:** Kemur ræðumanni það á óvart?) Ja, ég verð nú að segja, að það kemur mér mjög á óvart, að ég hafi verið blekktur svo mikið. Ég hafði að vísu trú á því, að hægt mundi vera að áætla þar nokkra liði nokkru hærra en gert hafði verið á frv., hafði enda orðið var við það, að fyrrv. fjmrh. hafði viðurkennt, að það mundi vera hægt að teygja eitthvað nokkuð úr þeim, en að hér væri um að ræða tekjur, sem væru faldar fyrir mér upp á 83 millj. kr., það kemur mér alveg á óvart. Vildi ég gjarnan heyra það, hvort Sjálfstfl. er búinn að sannfæra sig um, að þetta muni vera hægt, og að þessar tekjur séu því raunverulega til staðar og það sé því raunverulegur þingmeirihluti fyrir slíku, því að annars er heildaruppsetningin á þessu alveg botnlaus.

Til viðbótar við það, sem ég hef hér sagt um möguleikana á því að fara þær leiðir, sem

við stungum upp á í þessum efnum, þykir mér rétt að skýra líka frá því, að auk þess sem greiðsluafgangur mun verða á árinu 1958, sem nemur 60—70 millj. og sannar auðvitað, að það voru teknar inn meiri tekjur í ríkissjóð á árinu 1958 með lögunum frá maí en beinlínis var þörf á og hefur vitanlega kallað á það, að vísitalan hefur hækkað og verðlag hefur hækkað í landinu, að til viðbótar við það var einnig lagt á landsmenn í gegnum þá löggjöf upphæð, sem nemur 63 millj. kr. og ráðstafað var af fulltrúum Framsfl. og fulltrúum Alþfl. síðasta daginn, sem fyrrv. ríkisstj. sat í stólunum, en þá var ákveðið einnig að taka tekjuöflun upp á 63 millj. kr. (**BBen:** Má ég aðeins spyrja: Er það til viðbótar við tekjuafganginn?) Já, já, til viðbótar við hann. Já, viðbótar við greiðsluafganginn, algerlega þar fyrir utan. Þá var ákveðið að ráðstafa sérstökum tekjum, sem komu inn vegna þeirra álagna, sem lagðar voru á með útflutningssjóðslögunum frá því í maí, þá var ákveðið að ráðstafa þar 63 millj. kr. á þennan hátt: Það var ákveðið að láta sementsverksmiðjuna fá 17 millj. kr., láta ræktunarsjóð fá 18.5 millj. kr. og fiskveiðasjóð fá 14.5 millj. kr. og raforkuplan dreifbýlisins 13 millj. kr., eða samtals 63 millj. kr. Þessar tekjur, sem þarna var um að ræða, og eins greiðsluafgangurinn, sem verður á árinu 1958, milli 60—70 millj., þetta er samanlagt um 120—130 millj. kr. En eins og við bentum á, þegar var verið að setja löggjöfina í maí s. l. ár, þá var það stefna okkar Alþýðubandalagsmanna, að hér væri verið að taka meira en þörf væri á að gera, sem hlyti að kalla á meiri verðhækkun, meiri hækkun á vísitölu og kallaði á meiri hækkun á kaupgjaldi en við þyrftum að gera á þessu stigi málsins. En vitanlega er ekki hægt að taka inn þessar tekjur og ráðstafa þeim til ágætra framkvæmda eins og til raforkumála, sementsverksmiðjubyggingar, ræktunarsjóðs og fiskveiðasjóðs, auðvitað er ekki hægt að ráðstafa þessu fé til þessara framkvæmda, nema þetta er tekið af fólkinu í landinu í gegnum hækkað vöruverðlag, og vöruverðlagið getur ekki hækkað, nema vísitalan hækki á eftir. Því er það stefna okkar, að við segjum, að þegar svona er á haldið, þá getum við ekki fallizt á það að neita svo að taka afleiðingunum af því, sem gert hefur verið, og ætla svo að kippa vísitölunni úr sambandi og segja: Við skulum bara kippa henni úr sambandi, við skulum bara neita því að lesa af mælinum, eins og hann hefur stigið upp, og við skulum bara láta launþegana í landinu taka þetta á sitt bak. — Það er enginn vafi á því, að það var hægt samkvæmt till. okkar, bæði í sambandi við notkun á þeim umframtekjum, sem urðu hjá ríkissjóði í sambandi við þessar 63 millj. kr., og í sambandi við hugsanlegan sparnað á fjárlögunum, að fara þá leið að tryggja útgerðinni í landinu jafngóð kjör og hún samdi sjálf um í ársbyrjun 1958, án þess að þyrfti að ráðast að verkafólkinu í landinu og knýja þar fram beina launalækkun, eins og nú á að gera.

Ég vík þá með nokkrum orðum að frv. sjálfu, eins og það liggur hér fyrir. Það er eins og hér hefur verið sagt, aðalatriði þessa frv. er í rauninni það að ákveða kauplækkun, sem nemur 10 vísitölustigum, án allra bóta. Og það hefði vitanlega verið miklu hreinna og eðlilegra af ríkisstj. að hafa þetta frv. eina litla grein, sem hefði sagt þetta hreint og skilmerkilega, heldur en að vera að vefja þetta inn í margar greinar, sem skapar mikla tortryggni og reyndar er þannig úr garði gert á eftir, að það er auðvelt að gera fórn launþeganna í landinu miklum mun meiri en 10 stig, þó að það sé sagt í orði, að fórnin eigi aðeins að vera 10 stig, því að kjarni málsins, eins og hæstv. forsrh. sagði hér, kjarni málsins, kjarni frv., er þessi, til þess er frv. flutt að reyna að lögfesta það, að launþegar í landinu gefi eftir 10 vísitölustig, án þess að þeir fái þar á móti nokkrar bætur, því að á móti þessum 10 stigum eiga þeir ekki að fá neinar bætur. En það er nú samt rétt að gera sér svolítið nánari grein fyrir því, hvernig framkvæmdin mundi verða, eins og þetta frv. er upp byggt.

Mér sýnist alveg augljóst, enda er það viðurkennt af þeim sérfræðingum stjórnarinnar, sem maður hefur fengið nokkrar upplýsingar hjá um málið, að fórnin, sem launþegum er ætlað að bera, er allmiklu meiri en 10 vísitölustig, a. m. k. í febrúarmánuði. Kaupgjaldsvísitalan nú í dag á að vera 195 stig. Nú er ætlað að færa hana niður í 175. Það er því alveg glöggt, að það á að færa kaupgjaldsvísitöluna skyndilega niður um 20 stig.

Hæstv. forsrh. gaf á þessu þá skýringu, að hér virtist þetta vera 10 stigum meira en launþegum væri nú ætlað að bera bótalaust, þá skýringu, að um 5 stig af þessu ættu að hverfa, vegna þess að 17 vísitölustigin, sem greidd hafa verið í desember og janúar, hafi raunverulega dregið það á eftir sér inn í vísitöluna og um leið og þau eru tekin í burtu, þá ætti vísitalan sjálf að lækka um 5 stig. Ég hafði spurt hagstofustjóra einmitt um það, hversu mikil hækkun hafi orðið á vísitölunni sem afleiðing af því, að þessi 17 vísitölustig voru í gildi í desember og janúar, og hann gaf mér það upp sundurliðað og sagði ekki 5 stig, heldur 2.3 stig. Það sundurliðaðist þannig, að 1.4 stig af vísitölunni var vegna hækkunarinnar í útsölu á landbúnaðarvörum, 0.25 stig var vegna rafmagnsvöruverðhækkunar, 0.7 stig var vegna hækkunar á fatnaðarlið vísitölunnar og 0.45 stig vegna viðhaldskostnaðar í húsaleigu, en viðhaldskostnaðurinn í húsaleigu hafði vitanlega hækkað vegna 17 vísitölustiganna á kaup á þessum tíma, eða þetta eru samanlagt 2.3 stig, en ekki 5 stig. Þetta hafði mér verið gefið beint upp af hagstofustjóra. Ég hafði svo heyrt það og hef það m. a. úr blaði hæstv. forsrh., að stjórnin gerði sér von um það, að afleiðingar af því, að landbúnaðarvöruverðið er fært niður sem nemur þessum 10 vísitölustigum og álagning í landinu er líka lækkuð til samræmis við það og annað verðlag, að þetta gæti þýtt í hinni

almennu vísitölu um 4 stig. Haldi menn sér nú við þessar upplýsingar, en vitanlega tekur það alllangan tíma, að þetta komi allt saman fram, þessi 4 stig, og hitt, sem hagstofustjóri hafði sagt, að afleiðingarnar af þessum 17 stigum væru 2.3 stig, þá er vitanlega alveg ljóst, að það, sem launþegar eiga að missa í febrúarmánuði, verður ekki 10 stig, heldur a. m. k. 14—15 stig. Það verður aldrei minna en 14—15 stig, sem þeir eiga að tapa algerlega í febrúarmánuði. Síðan koma ákvæði í frv. um marzmánuð. Þá lofar ríkisstj. því, að 1. marz ætli hún að bæta við niðurgreiðslurnar þannig, að hin raunverulega kaupgjaldsvísitala hefði orðið 185 stig, þannig að hinn bótalausi niðurskurður verði ekki nema 10 stig. Mér þykir því alveg sýnilegt, að þá verði ríkisstj. að bæta þarna við niðurgreiðslum upp á ein 4—5 stig, eða 3—4 stig a. m. k. Nú er þetta ekki lögbundið, en lýst er yfir í grg., að þetta skuli gert.

Eins og ég gat hér um áður, þá er það vitanlega ekki heldur sama fyrir launþega, hvernig þessi niðurgreiðsla á 3—4 stigum til viðbótar fer fram. Ef á að framkvæma það allt á kartöflum, þá er það svo að segja einskis virði. Þá er þetta bara vísitöluplat. Það skiptir því *vitanlega höfuðmáli, hvernig á að haga* þessari viðbótarniðurgreiðslu. En svo er enn ákvæði í frv., sem segir, að taka skuli vísitöluna og miða við þá hækkun, sem verður á henni frá 1. marz til marzloka, og miða síðan kaupgjaldsvísitöluna næstu 4 mánuði við það, hvernig vísitalan hefur hreyfzt í marzmánuði einum. Það sýnist nú auðvitað alveg upplagt mál, þegar svona er búið til, að ríkisstj. hljóti að halda vísitölunni nokkurn veginn í skefjum í marzmánuði einum, því að það borgar sig vitanlega fyrir hana að borga örlítið niður í einn mánuð til þess að þurfa ekki að borga frekari kauphækkun næstu 4 mánuði. En um það er svo ekkert sagt, að framfærsluvísitalan geti ekki raunverulega haldið áfram að hækka í þessa 4 mánuði, og ef svo færi, eins og veruleg hætta er á, þá yrði fórn launþega meira en 10 stig, því að þeir eiga að taka kaup alltaf samkvæmt vísitölunni 175.

Mér sýnist því, eins og frv. er upp byggt, að langmestar líkur séu til þess, að fórn launþega verði a. m. k. 14—15 stig í febrúarmánuði, enda það viðurkennt hér af forsrh., að fórnin muni verða meiri í febrúar en 10 stig, hins vegar muni fórnin væntanlega ekki vera meiri en 10 stig í marzmánuði, en hún geti hæglega orðið 12—13 stig eða kannske enn meira á næstu 4 mánuðum þar á eftir. Og auðvitað er verið að glenna úr þessu tímabili með því að láta launþega bíða í 4 mánuði eftir því að fá sína kaupgjaldshækkun úr því, sem áður var 3 mánuðir, til þess að hafa þarna meiri möguleika til þess að plata launþega eitthvað svolítið.

En hvað sem þessu líður, þetta er nú ekki aðalatriðið, hvort sem sagt sú fórn, sem launþegar koma til með að bera skv. þessu frv., verður 10 stig nákvæmlega þennan tíma eða hvort fórnin verður 12 stig eða 13 stig, það er ekki aðalatriðið. En ef ríkisstj. hefði ætlað sér að hafa fórnina nákvæmlega 10 stig og aldrei meira en 10 stig, þá átti hún vitanlega að hafa það skýrt ákvæði í lögunum, að svo væri þetta, og binda sig þá við það að verða að halda framfærsluvísitölunni í þeirri fjarlægð frá kaupgjaldsvísitölunni allan tímann, að bilið yrði aldrei nema 10 stig. En þetta er ekki bundið í lögunum, og þetta vitanlega skapar tortryggni launþega, og ég skil ekki í því, að ríkisstj. hafi verið að búa til allt þetta kerfi, sem þarna er búið til, nema vegna þess, að hún hafi haft eitthvað í huga.

Aðalatriði málsins er vitanlega það, að hér er gengið inn á þá braut að skera niður kaupgjald um a. m. k. 10 stig og skerða þannig samningsrétt launþegasamtakanna í landinu. Og það er það, sem er það alvarlegasta í málinu. Það hefur aldrei gefizt vel, þegar sú leið hefur verið farin hér á Alþingi að ætla sér það að ganga fram hjá launþegasamtökunum *í landinu og setja lög þvert gegn þeirra* vilja. Það hefur venjulega gefizt illa. Og ég er ákaflega hræddur um, að svo kunni að fara enn.

Þá er að finna í þessu frv., eins og það liggur hér fyrir, ákvæði um það, sem er mjög sérstaks eðlis, að hér er nú ákveðið, að nýlega umsamið fiskverð til sjómanna, skiptaverð, skuli einnig lækka. Ég tel fyrir mitt leyti, að hér hafi verið farið mjög ranglega að. Ég álít, að það sé hættulegur leikur fyrir ríkisvaldið eða aðra slíka aðila að ætla að setjast að samningaborði við frjálsa viðsemjendur, semja við þá um tiltekin kjör, það vitanlega togast á eins og gengur í alllangan tíma, meira að segja um hvern einstakan eyri, hvað skiptaverðið eigi að vera hátt, skrifa undir slíka samninga, því að rétt er að gæta að því, að í þessu tilfelli skrifuðu fulltrúar ríkisstj. undir það samkomulag, sem þarna var gert um það, að ríkisstj. skyldi ekki leggja það *til í efnahagstill. sínum*, að þetta skiptaverð skyldi taka breytingum, ráðuneytisstjórinn Gunnlaugur Briem og einn af þingmönnum Alþfl. ásamt forstjóra útflutningssjóðs skrifa undir þetta samkomulag með eigin hendi, en ríkisstj. vill ekki standa við það, segist ekki vilja hlíta þessu og áskilur sér rétt til þess að mega lækka alveg nýlega umsamið verð. Auðvitað hefði verið miklu réttara fyrir ríkisstj. í þessu efni að segja sínum viðsemjendum strax í upphafi, að hér sé gengið út frá því annaðhvort, að ríkisstj. vilji fá leyfi til þess að skera þetta niður og þetta sé því í rauninni tala, sem þeir geti alls ekki treyst á, og þá hefði vitanlega gengið illa að semja, því að það er ekki gaman að semja *undir slíkum kringumstæðum*, eða þá að miða sína samninga við það, að það, sem sjómönnum var ætlað í þessu tilfelli, stæði óbreytt í þeirri löggjöf, sem þegar var í rauninni búið að ákveða, hvernig skyldi vera.

Af þessu hafa svo spunnizt nokkrar deilur milli ríkisvaldsins annars vegar og samtaka sjómanna víða, og það er vitanlega ekki séð, hvernig það fer. Ég er ákaflega hræddur um,

að sjómenn kunni því illa, þegar þeir finna, að þeirra kaup á að lækka jafnmikið og þetta frv. gerir ráð fyrir, og þeir þykist ýmsir grípa þar nokkuð í tómt. Ég tel líka fyrir mitt leyti, að það sé mjög vafasamt að ætla sér að fara að vísitölubinda skiptaverð á fiski. Það er ákaflega erfitt að koma slíku við, og það mun hafa truflandi áhrif á ýmsa þætti í útgerðinni að ætla að gera slíkt.

Ég skal aðeins nefna eitt einasta atriði, bara eitt atriði, þau eru vitanlega ótalmörg. Kaupgjaldsvísitala er að breytast um viss mánaðamót alltaf, og maður veit jafnvel fyrir, að nú á hún að breytast, t. d. vissu það allir fyrir í nóvembermánuði, að kaupgjaldsvísitalan átti að þjóta upp um 17 stig 1. des. Ekki vil ég álasa þeirri togaraskipshöfn fyrir það, sem er að koma með 350 tonn af fiski að landi og hún á að landa fiskinum daginn fyrir, þó að hún bara doki við þangað til daginn eftir og nái sér í kauphækkunina. Ekki hefði ég viljað álasa henni fyrir það.

Það er svo margt í framkvæmdinni í þessu, sem gerir það að verkum, að það er vægast sagt óeðlilegt að vera að sveifla svona til með fiskverðið. Hins vegar er það, að ekki lengri tími en venjuleg vertíð er hjá okkur, þá er ofur eðlilegt, að það fiskverð, sem ákveðið er í upphafi vertíðar, fái að standa út vertíðina.

Nú verður sá einkennilegi háttur á, vegna þess að farið er inn á þessa nýju braut, að binda þetta vísitölu, að fiskverð til skipta þýtur í janúarmánuði upp í kr. 1.91, en svo í febrúar á það að detta ofan í kr. 1.66. Ja, það skyldi bara vera, að okkar framleiðsla sem heild yrði ekki fyrir einhverjum vandræðum, þegar þessi snöggu umskipti koma. Menn hafa aldrei átt þessu að venjast. Ég tel því, að það hafi verið óheppilega haldið á þessu og óeðlilega og svona eigi ekki að miða þessa samninga.

Hitt var svo vitanlega hægt að deila um, hvort sú fiskverðshækkun, sem sjómönnum var ætluð í þessu tilfelli, 20 aurar á fiskkíló, var of mikil fyrir okkar bátasjómenn. Hún var mjög sæmileg. Það hafa hins vegar verið uppi kenningar um það hjá mörgum, að við ættum enn að hækka mun meira kaup til okkar sjómanna heldur en til annarra vinnustétta í landinu, vegna þess að okkur skortir miklu meira sjómenn en menn í aðra vinnu, og ég álít því, að það hefði verið fyllilega réttlætanlegt, eins og á stóð, að láta sjómenn halda þessu fiskverði og jafnvel þó að það hefði verið meira.

Þá er einnig farið inn á þá braut í þessum samningum, að gert er nú ráð fyrir því, að útgerðarmennirnir sjálfir skuli fá þær bætur, sem þeim eru ákveðnar, líka metnar miðað við vísitölu. Það er hlutur, sem ég hefði ekki viljað standa í, að glíma við það atriði, þegar á að fara að margrífa upp bótakerfið til útgerðarinnar á einu rekstrarári, margrífa það upp, vegna þess að þeir trompa þar fram vísitölubreytingum. Það verður erfitt verk og mjög óeðlilegt, að þær framleiðslubætur, sem eru ákveðnar handa útgerðinni, skuli ekki geta staðið út eitt ár. Ég tel því, að það ákvæði sé heldur ekki til bóta, nema síður sé.

Nú er gert ráð fyrir því að fara eins að með bændur, breyta líka hvað eftir annað kaupi bóndans í verðlagningu landbúnaðarafurða. Ætli það verði ekki bein afleiðing af því, sem hefur verið samþykkt fyrir útgerðarmenn, að ákveða einnig að breyta hinum almenna rekstrargrundvelli landbúnaðarbúsins líka hvað eftir annað á árinu? Ef það er meiningin að tengja þannig sífellt fleiri og fleiri liði við útreikning vísitölunnar og gera málið þannig erfiðara í þeim tilgangi, eins og hér hefur jafnvel komið fram, að nota það síðan sem röksemd fyrir því að taka vísitölu úr sambandi, þá skilur maður leikinn. En ég er ekki viss um það, að við munum hagnast á því hér yfirleitt að ætla að hverfa með öllu frá vísitöluákvæðum okkar, þó að án efa hefði mátt lagfæra þau eitthvað í framkvæmd. Það er rétt að hafa það líka vel í huga, að vísitöluákvæðin hafa komið í veg fyrir margar vinnudeilur, sem annars hefðu orðið, og það er mjög hætt við því, a. m. k. á meðan verðlagið er óstöðugt og verðlag sífellt fer hækkandi, að vinnudeilurnar yrðu ærið margar, ef engin vísitöluákvæði væru í gildi.

Í þessu frv. eða í grg. þess er sú einkennilega uppstilling, að reynt er að halda því á lofti, að kaupmáttur launa hafi fremur hækkað en lækkað við þessar ráðstafanir, miðað við október, eins og svo er bætt við. Flestum verður þetta vitanlega í fyrstu hrein ráðgáta, að sagt er í frv., að launþegar eigi að gefa eftir bótalaust 10 vísitölustig og lækka skuli umsamið kaup um 5.4%, segir ríkisstj., en svo er birt tafla, þar sem gerð er grein fyrir því, að kaupmáttur launa muni þó heldur aukast hjá flestum eða öllum stéttum, eftir að aðgerðirnar hafa farið fram, miðað við október. Ég tel, að hér sé verið með blekkingar, sem á engan hátt hæfi að leggja hér fram í þingskjali á Alþingi og verði sízt til stuðnings þessu máli. Auðvitað er, eins og annars kemur fram í frv., hér um beina kjaraskerðingu að ræða frá gildandi samningum, kjaraskerðingu, sem menn geta kannske deilt eitthvað um, hversu mikil er. En vitanlega er enginn vandi að finna út svona dæmi eins og þetta, sem þarna er nefnt.

Það skilja allir, að þegar þannig tímabil ganga yfir, eins og t. d. frá 1. sept. s. l. til 1. des., 1. sept. var ákveðin útreiknuð kaupgjaldsvísitala, og hún var 185 stig, en næsta kaupgjaldsvísitala á ekki að koma fyrr en eftir þrjá mánuði eða 1. des., en þessa þrjá mánuði vitanlega er verðlag að hækka miskunnarlaust, það hækkar hver vörutegundin af annarri allan tímann, og ef maður tekur nú verðlagið, eins og það er komið í nóvembermánuði eða rétt áður en ný vísitala á að koma inn til þess að bæta mönnum upp verðhækkunina, þá er vitanlega hægt að segja: Ja, kaupmáttur mannsins í október eða nóvember var enn þá miðaður við vísitöluna 185, því að hann fékk ekki meira kaup, en verðlagið, sem

hann þurfti að borga, var vitanlega orðið miklu hærra, og þar með var kaupmátturinn þá orðinn stórkostlega rýrður. — M. ö. o.: það er svo, að þegar búið er að taka hér 5.4% eða 6% eða 7%, hvað sem það kann nú að reynast, af raunverulegu kaupi manna bótalaust, þá getur það eigi að síður verið heldur minna en búið var að taka af mönnum í gegnum verðhækkanirnar, áður en þeir höfðu fengið verðhækkanirnar borgaðar í sínu kaupi í gegnum kaupgjaldsvísitölu. Það er svona, sem í þessu liggur, að þetta er fundið út eingöngu til þess að blekkja eða villa um fyrir mönnum frá því, sem raunverulega er í málinu.

Útreikningur á því, hver hafi verið raunverulegur kaupmáttur launa, sýnir alveg glöggt, að miði maður við þennan útreikning, sem hér er lagður til grundvallar, þá hefur kaupmáttur launa verið 109.9, miðað við 1. des., en verður samkvæmt því, sem segir í þessari grg., 103.9 1. marz, eða það munar 6% á þessu. Þarna er verið að leggja til samjafnaðar tvær svipaðar tölur, en ekki tölur, sem eru byggðar upp á gersamlega mismunandi grundvelli.

Mér þykir augljóst á því, sem fram hefur komið hér í umr. um þetta frv., að enn þá er það í algerri óvissu hjá ríkisstj., hvernig á að fara með þann fjárhagsvanda, sem hér er á ferðum. Hún sér fyrir, að þeir samningar, sem hún þegar hefur gert, og þær ráðstafanir, sem hún hefur gert í sambandi við niðurgreiðslur á vörum, að þetta kostar aldrei undir 175 millj. kr., en tekjur þar á móti eru mjög óráðnar. Ríkisstj. hefur enn ekki glöggvað sig á því einu sinni sjálf, hvort það muni nú vera hægt að láta þessa enda ná saman, og það liggur svo ekkert heldur fyrir um það, að ríkisstj. hafi meira en aðeins 8 þm. á bak við þessar hugmyndir sínar um tekjuöflun þarna á móti. Mér sýnist því, að þetta sé í rauninni allt botnlaust, eins og það er nú, og segi í rauninni ekki nema hálfa sögu um það, hvernig hægt muni að leysa vandann.

Það er svo, eins og ég sagði í upphafi, alveg augljóst mál, að það er ekki hægt að afgr. þetta frv., eins og það liggur hér fyrir, eitt út af fyrir sig. Það verður að afgreiðast í beinum tengslum við breytingarnar á útflutningssjóðslögunum, og það verður í rauninni einnig um leið að afgreiðast í beinu samhengi við það, hvernig á að standa að afgreiðslu fjárl. Ef þetta verður ekki gert, þá er ósköp hætt við því, að svo fari, að það vanti marga tugi milljóna eða jafnvel hundruð milljóna upp á það, að tekjur séu á móti gjöldum, og þá er í rauninni valin sú leið að lofa útgjöldum, en afla ekki tekna á móti og skapa þannig nýjan skuldahala á næsta hausti og þá líklega með þeim hætti, að þá eigi að afloknum kosningum að ráðast í það að velja þær leiðir, sem velja þarf til þess að afla teknanna.

En það kom hér fram hjá hæstv. forsrh., að hann ætlaðist til þess, að væntanlega um næstu helgi kæmi fram frv. um útflutningssjóð, og gefst þá vitanlega nýtt tækifæri til þess að ræða fleiri þætti saman af þessu máli, og þá getur það líka einnig skýrzt nokkru nánar, hvaða möguleikar virðast vera fyrir hendi til þess, að hægt sé í rauninni að afgr. þetta á frambærilegan hátt. En ég held, að ríkisstj. hafi ekki enn gert sér fulla grein fyrir því, hvaða meginhættur eru fólgnar í þessu frv., sem hér hefur verið lagt fram, hvaða hættur eru á því, þegar svona nokkuð á að lögfestast, án þess að haft hafi verið samráð við launþegasamtökin í landinu, að þetta verði í rauninni allt að engu gert, ef launþegasamtökin vilja ekki una því, sem hér er einhliða ákveðið án samráðs við þau.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Engum, sem hlustað hefur á þessar umr., getur dulizt, að efni þessa frv. væri réttast lýst með því að kalla það frv. til l. um greiðslu íslenzku þjóðarinnar á vanskilavíxli fyrrv. hæstv. ríkisstj., V-stjórnarinnar svokölluðu. Það er að vísu leitt að þurfa að taka á sig skuldir óskilamanna. En því miður þekkja landsmenn það of vel ýmsir, að menn hafa látið flekast til þess að skrifa upp á víxil hjá óreiðumanni, sem fagurlega talaði og þóttist hafa fullar hendur fjár, lofaði gulli og grænum skógum, en hljóp svo frá öllu saman, gafst upp, þegar kom að skuldadögunum.

Alveg þetta sama hefur nú skeð í okkar þjóðarbúi. Þjóðin blekktist til þess að fela fyrrv. hæstv. ríkisstj. umboð til þess að fara með sín mál, og hún verður eftir réttum landslögum að taka því að borga óreiðuskuldirnar, sem hún hefur skilið eftir sig.

Það kann nú e. t. v. að virðast hart mælt að segja um svo göfuga menn sem setið hafa í ríkisstj., að þeir séu óskilamenn og óráðsíumenn, en því miður verður ekki hjá því komizt, þegar litið er á þær staðreyndir, sem fyrir liggja.

Fyrsta skyldan, sem hvílir á þeim, sem tekur á sig reikningshald fyrir aðra, ekki sízt ef um mikla fjármuni er að ræða, er að hafa reikningshaldið glöggt og þannig, að fjárhaldsmennirnir sjálfir átti sig á því, hversu mikið fé þeir hafa undir höndum og hvernig því er ráðstafað. Það er ekki hægt að rekja allt, sem fram hefur komið um reikningshaldið hjá þessum herrum í umr. hér á undan í dag. Ég skal aðeins rekja 2—3 dæmi. Hæstv. forsrh. sagði frá því, að sérfræðingur í fjmrn. hefði skýrt sér frá því, að hæstv. fyrrv. fjmrh. hefði rangtalið tekjurnar á fjárlagafrv., sem hann lagði fram, um rúmar 80 millj. kr., og hann sagði, hæstv. forsrh., að fyrrv. hæstv. fjmrh. hefði vitað um þessa upphæð, áður en hann fór frá völdum, 80 millj. kr. vantaldar. Hæstv. fyrrv. fjmrh. vildi að vísu ekki viðurkenna þetta. En ef velja á milli þessara tveggja, hæstv. forsrh. og hæstv. fyrrv. fjmrh., þá hygg ég, að engum þm., jafnvel framsóknarmanni, detti frekar í hug að trúa fyrrv. hæstv. fjmrh. en hæstv. forsrh. Hæstv. fyrrv. sjútvmrh. sagði að vísu, að hann hefði verið blekktur, en hann vildi ekki trúa því, að hæstv. fyrrv. fjmrh. hefði blekkt sig svo mikið, að hann hefði lumað á 80 millj. kr.

En hvað upplýsti sjálfur hæstv. fyrrv. sjútvmrh. í sinni grg., sem við vorum að ljúka við að hlusta á? Hann sagði, að greiðsluafgangur árins 1958 væri rétt talinn 60—70 millj. kr., og taldi, að hans flokksbræður hefðu að vísu haldið, að heldur væri rúmt áætlað, en þó vitanlega ekki komið til hugar, að skekkjan væri jafnmikil og hér kom fram. En með þessu var ekki allt talið. Hann sagði frá því, að ríkisstj. hefði fengið undir hendur auk þessa afgangs einhverjar 63 millj. kr., sem alls ekki hefði verið reiknað með og hv. Alþingi hefur aldrei verið skýrt frá, hvernig fengjust né með hverjum hætti hefur verið ráðstafað, fyrr en hæstv. fyrrv. sjútvmrh. upplýsti það nú hér áðan, og þá var þeim ráðstafað, þessari smáaukagetu, 63 millj. kr., þannig, að meiri hluti atkv. var látinn ráða í ríkisstj. um úthlutun þessa smábita, sem mun vera algert einsdæmi innan ríkisstj., a. m. k. kannast ég ekki við frá minni reynslu, að þvílík aðferð hafi nokkurn tíma verið viðhöfð, og hvað sem við segjum að öðru leyti um vald ríkisstj., þá er það ljóst, að ef hana greinir á um svo stórkostlega fjárhæð, þá er skylda hennar að leggja úrskurð í þeim ágreiningi undir þingheim, en taka það ekki í sínar eigin hendur, sérstaklega ef þinginu er haldið óvitandi um, að þessir peningar yfirleitt séu til.

Eftir frásögn hæstv. sjútvmrh. hefur hæstv. fyrrv. félagsbróðir hans því lumað á sýnu hærri upphæð en 80 millj. kr. og ráðstafað með fullkominni óheimild 63 millj. kr. þar af. Þetta er vitnisburður þessara manna sjálfra um það, hvernig þeirri frumskyldu að hafa glöggt reikningshald hefur verið framfylgt í tíð fyrrv. hæstv. ríkisstj.

Og það var þá ekki heldur fögur lýsingin hjá hæstv. fyrrv. fjmrh., hv. 1. þm. S-M., á því, hvernig hann skilur við almannasjóði, sem sumpart lúta undir hann eða a. m. k. félagsbræður hans í fyrrv. ríkisstj. Hann taldi upp nokkra sjóði og sagði, að þær stofnanir væru allar í gersamlegu fjárþroti og þær væru í slíku fjárþroti, að ekki væri annað sýnna en fjöldi manna mundi missa íbúðir sínar, vegna þess að ekki væri hægt að standa við þau fyrirheit, sem þeim hefðu verið gefin um lán úr þessum sjóðum. Og hann bætti því við um hag þjóðarbúsins, að við blasti botnlaus verðbólguhít.

Slíkt er ástandið að eigin sögn þessa hæstv. ráðh., þegar hann lætur af völdum, og er hann þó ekki einn um þann vitnisburð. Hann getur fengið staðfestingu á því hjá hæstv. fyrrv. forsrh., hv. þm. Str., sem það eitt hefur lagt til þessara mála á Alþingi í vetur, þegar hann kom hingað og sagðist vera hlaupinn af hólmi, hafa gefizt upp, vegna þess, eins og hann sagði, að „ný verðbólgualda er skollin yfir". Og hann bætti því við, að í ríkisstj. hans hefði ekki orðið samstaða um nein úrræði í þessum málum, sem gætu stöðvað hina háskalegu verðbólguþróun, sem verður óviðráðanleg, ef ekki næst samkomulag um þær raunhæfu ráðstafanir, sem lýst var yfir að gera þyrfti, þegar efnahagsfrv. ríkisstj. var lagt fyrir Alþingi á s. l. vori.

Þannig tók hæstv. fyrrv. forsrh. til orða í uppgjafaræðu sinni hinn 4. des. Þar með skýrði hann frá því, að sér hefði verið ljóst, að það vantaði í bjargráðin svokölluðu hinar raunhæfu ráðstafanir. Þessir menn hafa því allan tímann verið vitandi um, hvað verða mundi, ef ekki væri að gert, en þeir hafa ekki lagt málið fyrir Alþingi. Þeir hafa leitað til annarlegra stofnana, en til Alþingis hafa þeir ekki ekki leitað nema til þess að hafa þær gagnkvæmu ásakanir í frammi, sem við höfum heyrt hér í dag, þar sem hver reynir að gera sinn hlut mikinn með því að kenna hinum um. Það er ekki von, að vel fari, þegar þannig er unnið.

Það er mjög fróðlegt að heyra, hvernig þeir kenna hvor öðrum um, samþingismennirnir úr Suður-Múlasýslu. Hæstv. fyrrv. sjútvmrh. fór ekki dult með það, að hann taldi aðalorsök núverandi fjárhagsörðugleika íslenzku þjóðarinnar vera lélega fjármálastjórn á undanförnum árum. Það þarf ekki að ræða um, hvert hann beindi þeirri ásökun. Þingheimur og þjóðin eru í þessu tilfelli sammála hv. 2. þm. S-M. Þó að menn telji hann hafa rangt fyrir sér í mörgu, þá eru þeir honum sammála í því, að ein af höfuðorsökunum til þess, að svo illa er komið sem komið er, er frammistaða hv. 1. þm. S-M. Þar er fleira, sem kemur til, en enginn sakfellir þó sjálfan sig eða sjálfan 1. þm. S-M. harðar en hann sjálfur. Hann vildi kenna kauphækkununum, sem orðið hafa, frá því að bjargráðin voru sett, fyrst og fremst um það, hvernig komið væri. Hv. 2. þm. S-M. játaði, að þessar kauphækkanir ættu nokkurn hlut að, en hann gerði þó tiltölulega lítið úr því. Báðir vildu þeir þó halda því fram, að sjálfstæðismenn hefðu átt aðalþátt í þessum kauphækkunum, og hv. 2. þm. S-M. bætti því við, að ásamt sjálfstæðismönnum hefðu þar verið að verki Alþýðuflokksmenn, en hv. 1. þm. S-M. sagði, að það hefðu verið sjálfstæðismenn og stjórnarandstæðingar í öðrum flokkum. Ja, ef það eru stjórnarandstæðingar, sem staðið hafa fyrir kauphækkunum að undanförnu, stjórnarandstæðingar fyrrv. hæstv. ríkisstj., þá held ég, að hv. 1. þm. S-M. staðfesti þar með þá fullyrðingu sína gamla samstarfsblaðs, Þjóðviljans, að hann sjálfur hafi allra manna helzt viljað fyrrv. hæstv. ríkisstj. feiga, því að af öllum Íslendingum er enginn einn maður, sem hér á meiri sök eða frekar ber að þakka eftir því, hvernig menn vilja líta á þær kauphækkanir, sem orðið hafa og urðu í valdatíð fyrrv. hæstv. ríkisstj.

Mönnum er ekki enn fallið úr minni, hver það var, sem fyrst hækkaði kaupið, eftir að kaupbindingarlögin voru sett í ágúst 1956. Þá var það fyrirtæki, sem þáverandi hæstv. fjmrh. er valdamesti maðurinn í og varaformaður, Samband ísl. samvinnufélaga, sem hljóp fram fyrir skjöldu og á sama tíma og

almenningi var talin trú um, að kaupbinding ætti sér stað, hækkaði kaupið við sína starfsmenn um 8%.

Þannig byrjaði sú saga, og hvernig endaði hún? Hún endaði í september 1958, þegar einn nánasti samstarfsmaður og flokksbróðir hæstv. fyrrv. fjmrh., deildarstjóri hans í fjmrn., var sendur á fund í bæjarstjórn Reykjavíkur og lagði til, að umsvifalaust væri fallizt á kröfur um 12% grunnkaupshækkun Dagsbrúnar, þó að vitað væri, að Dagsbrúnarmenn sjálfir hefðu aldrei ætlað sér að krefjast svo mikillar kauphækkunar og semdu um sýnu lægri kauphækkun fáum dögum síðar. En það má spyrja: Er hv. þm. sjálfrátt, veit hann þá, hvað hann er að gera? Hv. þm. hefur sjálfur sagt í ræðu nýlega, að hann skildi ekki, sér væri óskiljanlegt, hvernig núverandi hæstv. ríkisstj. hefði verið mynduð og að Alþfl. skyldi hegða sér eins og hann gerir. Ég er hræddur um, að það sé ýmislegt fleira, sem þessum hv. þm. sé óskiljanlegt, að hann viti ákaflega lítið um, hvaða áhrif hans eigin gerðir og athafnir hafa haft í fjármálalífinu fyrr og síðar. Það er sagt, að miklu valdi sá, sem upphafinu veldur, en hér er ekki einungis, að hv. þm. hafi valdið upphafinu, hann rak líka lestina, og hann kom líka við sögu inn á milli.

Fyrsta kauphækkunin, sem gerð var eftir setningu bjargráðanna í vor, var kauphækkun til nokkurra iðnaðarmannafélaga hér í Reykjavík. Það var vitað, að upphaf þess máls var loforð, sem kommúnistar og samstarfsmenn þeirra í Járnsmiðafélagi Reykjavíkur, framsóknarmenn, gáfu í vetur um, að þeir skyldu knýja fram kjarabætur. Og meðan á þessari deilu stóð, mælti Tíminn, málgagn hv. þm., beinlínis með þessari kauphækkun.

En það er rétt, að það er einn hópur manna, sem þessi hv. þm. hefur sérstaklega fjandskapazt við, og þar á hann sammerkt við hv. 2. þm. S-M., og það eru íslenzku farmennirnir. Þeir hafa ætíð staðið á móti því, að þeir menn fengju leiðréttingu mála sinna, og ég segi beinlínis: fengju leiðréttingu mála sinna — vegna þess að kauphækkunin, sem gerð var við þá í sumar, var nauðsyn, af því að það var sannað með vottorði efnahagsráðunautar ríkisstj., Jónasar Haralz, að þessir menn hefðu orðið harðar úti vegna áhrifa bjargráðanna heldur en nokkrir aðrir. Þess vegna var óhjákvæmilegt, að þeir fengju á þessu réttingu. Og hæstv. ríkisstj. féllst á, að sér hefði yfirsézt, og samþykkti hækkun á farmgjöldum, til þess að eigendum skipanna yrði mögulegt að inna þessar greiðslur af hendi. Þannig viðurkenndi hún sína eigin sök. En hegðun hennar var svipuð og vant er. Hún stóð á móti því og krafðist þess, að yfirlýsingu Jónasar Haralz, sem sýndi fram á, að þarna var einungis verið að leiðrétta það, sem rangt hefði verið gert, væri haldið leyndri. Ef mönnunum var í raun og veru alvara með að standa á móti kauphækkunum, þá áttu þeir vitanlega að leggja áherzlu á, að þessi skýrsla, þetta sönnunargagn, kæmist til vitundar sem flestum, svo að það yrði ekki fordæmi fyrir kauphækkunum öðrum til handa. Hvernig stóð á því, að þeir skildu þetta ekki, það skal ég ekki segja, nema það komi til, að hæstv. þáverandi fjmrh. hafi ekki skilið þetta fyrirbrigði frekar en flest önnur fyrirbæri þjóðlífsins á seinni árum.

Hv. 2. þm. S-M. hefur ekki orð á sér fyrir að vera öðrum mönnum opinskárri, en hann hafði þó hreinskilni til þess að viðurkenna það, sem samþingismaður hans neitar, að aðalorsök kauphækkananna í sumar var auðvitað setning bjargráðanna. Bjargráðin, eins og þau voru ákveðin, og ekki sízt þegar lögboðin var 5% grunnkaupshækkun, hlutu að verða hin mesta eggjun til kauphækkana, sem nokkurn tíma hefur heyrzt frá íslenzkum stjórnarvöldum.

Það tjáir ekki fyrir hv. fyrrv. stjórnarflokka að kenna sjálfstæðismönnum um, hvernig komið er í þessum efnum. Þeir hafa haft öll völd og áhrif hér í landi að undanförnu. Við höfum raunar heyrt af umr. í dag, að það er ekki ýkja mikið, sem þessir menn eru sammála um, og sannleikurinn er sá, að það er auðvitað vonlaust, að stjórn, sem er svo ósammála í grundvallaratriðum eins og kom fram í ræðum þeirra þm. S-M., geti nokkru góðu til vegar komið. Til þess skortir hana allar forsendur. En um eitt voru þeir þó sammála, og það var að halda sjálfstæðismönnum utan við öll völd. Til þess var stjórnin mynduð, og það er eftirminnilegt og mun lengi verða til þess vitnað, þegar hæstv. þáv. forsrh., Hermann Jónasson, fór í kjördæmi sitt í ágústlok í sumar og kunni þar fyrst og helzt frægðarverk að segja af þáv. hæstv. ríkisstj., að hún hefði gert verulegar ráðstafanir til að víkja til hliðar sjálfstæðismönnum, þ. e. a. s. helmingi þjóðarinnar.

Já, það er mikið hugsjónamál og háleit verkefni, sem stjórnendur þjóðfélags taka sér fyrir hendur, þegar þeir hafa helzt að hrósa sér af því, að þeir hafi unnið að því að víkja samborgurum sínum til hliðar, hvað þá þegar samborgararnir eru ekki færri en svo, að þeir eru nánast helmingur allrar íslenzku þjóðarinnar. Þetta var það eina, sem þeir voru sammála um, og þess vegna getur engan furðað, þó að svo sé komið sem komið er.

Eins og ég sagði áðan, þá blasti það við, þegar hæstv. fyrrv. ríkisstj. sagði af sér, að ný verðbólgualda var skollin yfir og fyrrv. stjórn kom sér ekki saman um nein úrræði. Þetta var að vitnisburði hv. þm. Str. sjálfs. Slíkt var ástandið, þegar leitað var til okkar sjálfstæðismanna um að reyna að mynda ríkisstj. í stað þeirrar, sem hlaupið hafði af hólmi, þegar hún sá framan í afleiðingu eigin verka. Þá fengum við í hendur þau gögn, sem fyrir okkur hafði verið haldið ætíð þangað til, þær skýrslur og upplýsingar, sem margir sérfræðingar hafa unnið að mánuðum og árum saman að undanförnu. Við fengum þessi gögn í hendur fyrir góðvild og milligöngu herra forseta Íslands. Eftir að við höfðum haft þessar skýrslur til rannsóknar í nokkra daga, þá lögðum við fyrir hina

flokkana frumdrætti að því, hvernig við teldum að leysa ætti þetta mál. Frá þeim frumdráttum hefur verið skýrt í samþykkt, sem gerð var í flokksráði sjálfstæðismanna hinn 18. des. s. l., og leyfi ég mér — með samþykki hæstv. forseta — að lesa þau atriði upp:

„Við athugun á þeim gögnum um efnahagsmálin, sem flokkurinn fékk í hendur fyrir rúmri viku fyrir milligöngu forseta Íslands, er staðfest, að ástandið í þessum efnum er svo alvarlegt, að ráðstöfunum til stöðvunar sívaxandi verðbólgu má með engu móti skjóta á frest. Það er ótvírætt, að þjóðin notar meiri fjármuni en hún aflar og verður að taka afleiðingunum af því til þess að tryggja efnahagslegt öryggi sitt í framtíðinni.

Flokkurinn hefur lagt áherzlu á að finna þau úrræði, er þrautaminnst væru fyrir almenning, en væru þó um leið líklegust til þess að stöðva vöxt verðbólgunnar. Er það mat flokksins, að eftirgreindar ráðstafanir samrýmist bezt þessu tvíþætta markmiði: Launþegar afsali sér 6% af grunnkaupi sínu, og verð landbúnaðarvara breytist vegna hliðstæðrar lækkunar á kaupi bóndans og öðrum vinnutilkostnaði við landbúnaðarframleiðsluna. Þó verði grunnlaun engrar stéttar lægri en þau voru, þegar efnahagsráðstafanir ríkisstj. tóku gildi á s. l. sumri. Yrði sú leið farin að lækka vísitöluuppbótina sem þessu nemur, mundi sú ráðstöfun ekki hafa áhrif á verð landbúnaðarvara fyrr en næsta haust, en lækkun grunnkaups leiðir þegar í stað af sér lækkun landbúnaðarvara. Er því lækkun grunnkaupsins mun líklegri til árangurs en skerðing vísitöluuppbóta. Við þetta mundi vísitala lækka um 6—7 stig. Gera mætti þá ráð fyrir óbreyttum uppbótum til sjávarútvegsins, og sú hækkun á vöruverði vegna kauphækkana í október, sem enn er ekki fram komin, mundi falla niður eða varla nema meiru en 1 stigi. Til þess að halda vísitölunni í 185 stigum, yrði að auka niðurgreiðslur á vöruverði sem næmi 10—12 stigum. Séu niðurgreiðslur ekki auknar umfram þetta, ætti ekki að þurfa að hækka beina skatta og almenna tolla. Jafnhliða þessum aðgerðum verður þegar í stað að gera ýmsar aðrar ráðstafanir, svo sem í bankamálum og fjárfestingarmálum, til þess að forðast verðbólgumyndun úr þeim áttum.

Ráðstafanir þessar til stöðvunar verðbólgunnar eru aðeins fyrsta skrefið til jafnvægisbúskapar og heilbrigðrar þróunar í atvinnulífi þjóðarinnar.“

Þetta er sá kafli samþykktar okkar, sem fjallaði um efnahagsmálin, og við lýstum því yfir, að ef þetta fengist ekki, því skilyrði yrði ekki fullnægt, að tafarlaust yrðu gerðar ráðstafanir til þess að stöðva verðbólguna, þá gætum við ekki tekið þátt í stjórnarmyndun, ásamt öðrum skilyrðum um breytingu á kjördæmaskipun og kosningum þegar í stað.

Svo reyndist, að það var ómögulegt að ná þingmeirihluta öruggum fyrir samþykktum okkar lágmarksskilyrða. Við gáfumst því upp við okkar stjórnarmyndun. En ég vil benda á það í þessu sambandi, að þau atriði, sem ég hef lesið upp, afsanna gersamlega þá fjarstæðu, sem hv. 1. þm. S-M. hélt hér fram, að við hefðum talið, að það eitt mundi nægja til að lækka kaupið sem svaraði 6%. Það var aðeins einn liður af mörgum, sem við bentum á, og því miður skildi hann og hans félagsbræður við ástand þjóðmálanna í miklu lakara ástandi en svo, að það eitt nægi að lækka grunnkaupið um 6%. Það er að vísu nauðsynlegur þáttur í því, sem gera þarf, en aðeins einn þáttur af mörgum. Og ef til vill er margt enn þá erfiðara, sem þjóðarinnar bíður af völdum þessara manna, heldur en það, þó að hún horfist í augu við þá staðreynd, að kaupið verður í einu eða öðru formi að lækka sem þessu nemur.

Í sambandi við þessar umr., sem áttu sér stað á milli flokkanna, bar margt á góma. M. a. ræddum við við Framsfl. alveg eins og hina flokkana. En það er öruggt, að í þeim viðræðum, sem þá áttu sér stað, minntust framsóknarmenn alls ekki á myndun þjóðstjórnar. Það var ekki fyrr en þeir sáu, að þeir voru úr leik, sem þjóðstjórnarhugmyndin kom upp í kollinum á þeim háu og valdagírugu herrum. Ef hv. framsóknarmenn meintu það í raun og veru, að það væri rétt leið og óumflýjanleg fyrir velfarnað íslenzku þjóðarinnar, svo sem þeir tala nú, að þjóðstjórn væri mynduð, hefði þá ekki hæstv. fyrrv. forsrh., Hermann Jónasson, reynt að beita sér fyrir slíku, á meðan hann var við völd, og hefðu hv. framsóknarmenn ekki nefnt slíkt við okkur í umr., sem við áttum við þá, ef þeim þá hefði komið það til hugar? Það er rétt, að myndun þjóðstjórnar var þá aðeins nefnd. En hún var nefnd af okkur sjálfstæðismönnum, hvort mögulegt mundi vera að ná þjóðstjórn um okkar lágmarksskilyrði, sem öll horfa til þjóðarheilla.

Það vita allir, að núverandi kjördæmaskipun er svo úr sér gengin og ranglát, að hún fær ekki staðizt til lengdar. Það viðurkenna jafnvel framsóknarmenn. Þeir vita einnig, að þeir eru í mjög miklum minni hluta með sínar sérkreddur í því máli. Ef þeim hefði verið og væri nokkur hugur á raunverulegu þjóðarsamstarfi, þá hefðu þeir að sjálfsögðu fallizt á það að setja þessa sérkreddu sína til hliðar og ganga til samstarfs við aðra flokka um það, sem vitað er að yfirgnæfandi meiri hluti þings og þjóðar er sammála um. En þjóðstjórnarhugmyndin kemur fram fyrst og fremst í tvennum tilgangi. Annars vegar til þess að reyna þannig að koma kjördæmamálinu fyrir kattarnef og hins vegar til þess að reyna að fá kosningum skotið á frest sem allra lengst, því að margt eru þessir herrar hræddir við, eins og sást, þegar þeir hlupu af hólmi hinn 4. des. s. l., en við enga eru þeir hræddari en sína eigin kjósendur. Það er líka von. Það er kjósendahræðslan, sem gerir það að verkum, að þeir vilja umfram allt reyna að fresta kosningunum fram á síðasta dag, sem

heimilt er eftir íslenzkum stjórnskipunarlögum. En ekki á ég að gæta samvizku þessara manna.

En hafa þeir nú ekki svikið nóg, meðan þeir voru við völd, þó að þeir taki ekki upp á því að svikja það líka að fara að vinna með sjálfstæðismönnum á kjörtímabilinu? Þjóðin veit ósköp vel, að þeir lofuðu að vinna hvorki með kommúnistum né sjálfstæðismönnum á kjörtímabilinu, sem hófst í júní 1956. Haraldur Guðmundsson var gerður útlagi úr íslenzkum stjórnmálum vegna þess, að hann var sendur í útvarpið fyrir hönd beggja Hræðslubandalagsflokkanna til þess að lýsa þessu yfir, og hv. 1. þm. S-M. fór um allt land, m. a. í hvern hrepp í sínu eigin kjördæmi, og sagði, að ekki kæmi til mála að vinna með kommúnistum. Hv. 2. þm. S-M. leiðréttir mig, ef ég fer rangt með. Hann hlustaði á hann nefnilega. **(Gripið fram í:** Þingmanninum hefur nú ekki þótt þetta góð heimild fram að þessu, en það hefur lagazt.) Jæja, illa trúi ég honum, en verr hv. 1. þm., sem nú kallaði fram í. En við heyrum það sem sagt, að hv. 1. þm. S-M. reynir að afsaka sig með því, að ekki sé að marka, hvað 2. þm. muni segja, og þá veit hann, hvað hann muni segja. Á sjálfan kosningadaginn birtist Tíminn með stóra yfirlýsingu um það, að ekki yrði unnið með hinu svokallaða Alþýðubandalagi, vegna þess að kommúnistar væru alveg sömu kommúnistarnir, þó að þeir kölluðu sig nýjum nöfnum. Þetta er nokkurn veginn það sama sem við hinir höfum alltaf vitað. En Tíminn gefur á þessu nýstárlega skýringu í dag. Að efni til segir þar, að þegar kommúnistar vinna með framsóknarmönnum, þá eru þeir Alþýðubandalag, en þegar þeir vilja ekki vinna með þeim, þá eru þeir kommúnistar. Það er eins og erlendur maður, sem hefur fylgzt hér vel með málum, sagði við mig í desember. Hann sagði: Hefurðu tekið eftir merkustu fréttinni, sem hefur staðið í blöðunum nú langa hríð. Það er það, að í fyrsta skipti kallar Tíminn Alþýðubandalagið kommúnista, eftir að stjórnin var mynduð í júlí 1956.

Svikasaga hv. 1. þm. S-M. verður seint rakin til hlítar, og ætla ég mér ekki þá dul að gera það hér í kvöld. Til þess mundi ekki endast fundartími. En þegar það lá fyrir, að ekki var hægt að mynda meirihlutastjórn um þau lágmarksskilyrði, sem við sjálfstæðismenn settum og töldum að þjóðinni væru nauðsynleg, þá varð vitanlega að kanna aðra möguleika. Þá var, eins og ég segi, þjóðstjórnarhugmyndin enn ekki hlaupin út úr kollunum á Framsfl. Það var ekki fyrr en þeir sáu, að þeir réðu ekki lengur við Alþfl.

Hv. 1. þm. S-M. tók svo til orða áðan, að sjálfstæðismenn hefðu fengið Alþfl. til að mynda stjórn. Við sjáum af þessu litla orði hugsunarháttinn, sem þarna er á bak við. Alþfl.-menn eru ekki metnir sem aðilar, er geti tekið sjálfstæða ákvörðun eða hafi eiginlegar skoðanir, heldur verði að fá þá til þess að gera hlutina. Það er eins og um börn eða um aðra slíka, sem ekki eru sjálfum sér ráðandi, væri að ræða. En það er einmitt þetta, sem hefur einkennt samband hv. 1. þm. S-M. og hans félagsbræðra við samstarfsflokk sinn, Alþfl. Ég drap á það áðan, að hv. 1. þm. S-M. hefði sagt í ræðu og látið hafa það eftir sér ekki alls fyrir löngu, að sér væri óskiljanleg hegðun Alþfl., að hann skyldi ekki halda áfram að vera í bandi hjá Framsókn. En ætli þetta sé ekki ein höfuðskýringin, að Íslendingar una því ekki, að neinn taki yfir sér húsbóndarétt. Þó að Alþfl. hafi gert bandalag við Framsfl., bandalag, sem að vísu var ekki til góðs gert og hefur líka endað núna í samræmi við sinn uppruna, þá ætluðu þeir sér aldrei að seljast mansali, eins og framsóknarherrarnir auðsjáanlega bjuggust við. Það var alveg eins og haft var eftir hæstv. forsrh. ekki alls fyrir löngu á fundi í hans flokksfélagi, að Framsókn fékk alveg nóg fyrir sinn snúð. Það hefur verið upplýst og er játað, að Framsfl. hafi fengið út á þetta bandalag 4—5 þm., sem þeir hefðu ekki fengið kosna, ef réttar reglur hefðu verið viðhafðar, Alþfl. þó ekki nema 1 eða 2. En Framsókn vill nú alltaf fá meira í sinn hlut en aðrir, eins og við þekkjum og eins og við sáum á ráðstöfuninni á 63 milljónunum, sem hv. 2. þm. S-M. var að fræða okkur um hér áðan. (Gripið fram í.) Við sjálfstæðismenn fengum Alþfl. ekki til þess að mynda sína ríkisstj. Alþfl. leitaði til okkar, eins og a. m. k. Framsfl. og e. t. v. kommúnista, um það, hvort við vildum styðja minnihlutastjórn hans. Að athuguðu máli sannfærðumst við um, að það væri eina ráðið, sem tiltækilegt væri til þess að forða Alþingi og þjóðinni frá utanþingsstjórn. Ég játa að vísu, að núv. hæstv. ríkisstj. er eftir eðli sínu ekki sterk stjórn. Eins og hæstv. forsrh. hefur sagt, þá er hún einungis bráðabirgðastjórn, sem starfar vegna þess, að meiri hluti Alþingis hefur ekki komið sér saman um myndun ríkisstj. Og það er algerlega rangt, sem hv. 1. þm. S-M. gerir, þegar hann kallar Sjálfstfl. stjórnarflokk. Við erum ekki stjórnarflokkur, nei, við erum það ekki. **(Gripið fram í:** Er nokkur ástæða til þess að afsaka sig?) Það er engin ástæða til þess að afsaka sig, en það er mjög eftirtektarverð þessi spurning og þessi undrun hv. þm. Hann er nefnilega vanur því að taka ætíð nokkuð fyrir snúð sinn. Hann telur útilokað, að við viljum styðja aðra í því að gera gott verk án þess að njóta þeirra hlunninda, sem eru að hans dómi fólgin í því að vera stjórnarflokkur. Það er vitað mál, að hv. 1. þm. S-M. hefur sagt á mörgum flokkssamkundum hér í Reykjavík og úti um land, að eitt mætti aldrei fyrir Framsókn koma, og það er að vera utan stjórnar. Og það er skelfingin yfir því, sem gerir honum nú margt svo torskilið ofan á það, sem áður var í þeim efnum.

Það liggur alveg ljóst fyrir, að við og Alþfl. höfum gert samning um framgang tiltekinna mála. Við höfum fengið loforð fyrir því, að nýjar kosningar skuli fara fram svo fljótt sem við verður komið. Og þær nýjar kosningar eru

þingræðisleg og lýðræðisleg nauðsyn af ýmsum ástæðum, m. a. þeim, að fyrrv. stjórnarflokkar hafa komið þjóðmálunum í það öngþveiti, að sjálfsagt er, að kjósendum gefist kostur á að kveða upp sinn dóm og segja til um, hvernig héðan frá skuli stefnt, en einnig vegna þess, að með yfirlýsingum sínum um það, að þeir vildu ekki vinna með öðrum flokkum, sem þeir gáfu, Alþýðuflokkur og Framsóknarflokkur, fyrir síðustu kosningar, þá gerðu þeir í raun og veru allt eðlilegt þingstarf nánast ómögulegt. Samstarf við þá af hálfu annarra flokka er ómögulegt, nema því aðeins að það sé byggt á svikum. Það má að vísu segja, að ekki komi okkur það við, þó að gagnaðilinn svíki. En það samstarf, sem á slíku er byggt, kann ekki góðri lukku að stýra. Flokkur hæstv. forseta hér í d. reyndi að vinna með flokkunum þrátt fyrir þessa yfirlýsingu. Ég geri ráð fyrir því, að hann sjái nú, að það var hans flokki og þjóðinni til lítilla heilla, að í það svikafen var lagt. En þeir um það að gæta sinnar æru. Sjálfstæðismenn vilja ekki taka upp samvinnu við menn, sem hafa heitið því frammi fyrir kjósendum, að með þeim skuli ekki unnið. Þeir verða sjálfir að koma fram fyrir kjósendurna og afturkalla loforð sín um að vinna ekki með öðrum flokkum, áður en hægt er að taka upp frambúðarsamstarf við þá. Þess vegna er samstarf okkar og Alþfl. fyrst og fremst byggt á þeirri forsendu, að kosið verði eins fljótt og unnt er, og það er meginforsenda af okkar hálfu. En til viðbótar kemur það, að hin óhjákvæmilega breyting stjórnarskrárinnar gerir að verkum, að kjósa verður svo fljótt sem það mál og önnur nauðsynleg þingmál eru afgreidd og vetrarríki er lokið.

Varðandi efnahagsmálin, þá hygg ég, að hæstv. forsrh. hafi lýst því á fyrsta starfsdegi ríkisstj. sinnar, að við höfum heitið að verja þá vantrausti, meðan þeir leituðust eftir því að leysa þann vanda, sem efnahagsmálin voru komin í. Þetta er það, sem við erum nú að gera, og í skilningi þessa metum við það frv., sem hér liggur liggur fyrir. Við játum það, að þetta frv. er á ýmsan veg annað en við hefðum sjálfir lagt til, ef við hefðum ráðið því. Það er ekki óeðlilegt. Hér er um tvo ólíka flokka að ræða. En þó er aðalatriðið það, að þetta frv. er aðeins byrjun á miklu meira, sem gera þarf, og það verður að meta algerlega eftir því og það er vegna þess, að svo langt sem það nær, er það rétt byrjun, sem við sjálfstæðismenn munum veita því okkar stuðning. Í því, sem ég las upp áðan úr flokksráðssamþykkt sjálfstæðismanna frá 18. des. s. l., gat ég þess, að við hefðum talið réttara beinlínis að lækka grunnkaupið en að skerða vísitölu, eins og þó var lagt til í þessu frv. En ég viðurkenni, að hæstv. ríkisstj. hefur náð því, sem við töldum mestu máli skipta í því sambandi og í upphafi var talið miklu erfiðara eftir þeirri leið, sem stjórnin lagði, heldur en eftir okkar, og það er að tryggja samhliða skerðingu vísitölunnar allsherjarlækkun á framleiðsluvörum innanlands og öllum tilkostnaði. Þessu hefur hæstv. ríkisstj. náð, þó að hún færi að þessu leyti aðra leið en við lögðum til, og þess vegna tel ég, að það komi að þessu leyti í einn stað niður.

Hins vegar játa ég, að ég hefði talið eðlilegra, að allt það vandamál, sem hér er við að glíma, væri afgreitt í einu, að einstök atriði þess væru ekki afgreidd eitt og eitt sér, eins og hæstv. ríkisstj. hefur talið sig neydda til að gera. Ég viðurkenni, að þeirri aðferð hefði sennilega fylgt það, að eitthvað kynni að hafa dregizt, að bátaflotinn léti úr höfn eftir áramót, og það er mjög mikilsverður ágalli, og ég skil mjög vel viðleitni hæstv. ríkisstj. til þess að koma flotanum sem fyrst á veiðar. En ég er mjög hræddur um og sé þegar af umræðunum í dag, að málið verður gert flóknara og erfiðara til skilnings fyrir allan almenning með því að setja menn ekki hreinlega frammi fyrir þeirri staðreynd, sem við blasir og er óhjákvæmileg, að ef ekki verður samþykkt eitthvað svipað sem lágmark og hér er gert, þá er ómögulegt að halda við atvinnurekstri á Íslandi nema með því, eins og sagt hefur verið, að til botnlausrar verðbólgu sé stofnað, og hættan, sem því er samfara, er svo mikil, að þótt menn séu ósammála um flest, vill þó enginn gerast talsmaður þess.

Þess vegna hygg ég, að það hefði verið eðlilegra að setja alla útgerðarmenn, sjómenn, verkamenn, alþm. og allan landslýð frammi fyrir þeirri staðreynd: Vilja menn það til vinna til að firra vandræðum, sem að beztu manna yfirsýn er óhjákvæmilegt lágmarksskilyrði? Þá var engrar undankomu auðið, þá urðu menn að svara já eða nei. Hæstv. ríkisstj. hefur talið e. t. v., að slíkt væri of áhættusamt, hafi verið of seinvirkt. Hún kann að hafa nokkuð til síns máls í þessu. En þá lendir hún einnig í þeirri hættu, að ábyrgðarlausir menn efni til vandræða og skemmdarverka, sem þeir hefðu ekki þorað að fremja, ef þeir hefðu ótvírætt verið settir frammi fyrir afleiðingum sinna eigin verka. Nú spretta þeir upp, nógu mikilmannlegir í tali og stórir í orðum, þm. S-M., og kenna hvor öðrum um, hvernig komið er, og láta okkur hina fá dálítinn bita af kökunni, sem þeir rétta hvor til hins. En ef þeir hefðu þurft að standa frammi fyrir því, sem var orðin afleiðing af þeirra stjórnarháttum undanfarin ár, að hér var allt komið í stöðvun, þá hefði mælgin e. t. v. ekki orðið alveg eins mikil.

Og við eigum nú eftir að sjá, hvernig atkvæðin falla um þessi þjóðnytjamál, sem ákvörðun þarf að taka um. Eins og ég sagði, þá er þetta frv., sem nú liggur fyrir, í meginatriðum í samræmi við þau lágmarksskilyrði, sem við sjálfstæðismenn settum um stöðvun verðbólgunnar. Ég skal þó játa, að ástandið er nokkru lakara en við höfðum ætlað eftir þeim skýrslum, sem fyrir okkur voru lagðar. Þá gerðum við ráð fyrir, að hægt væri að koma útgerðinni af stað, án þess að hún þyrfti að fá nokkrar verulegar hækkanir. Nú er það sýnt, að hæstv. forsrh. upplýsti í sinni skýrslu, að til útflutningsatvinnuveganna þyrfti 77

millj. kr. í viðbót þess, sem ráðgert hafði verið um miðjan desember.

Hæstv. ríkisstj. hefur unnið að þeim samningum, sem hér eru að baki, og ber ábyrgð á þeim. Ég gruna hana alls ekki um að hafa gengið lengra í þeim en efni standa til og óhjákvæmilegt er, og mig furðar í raun og veru ekki, þó að skeikað hafi um 77 millj. kr. í þessu, þegar það er komið upp t. d., að það dæmi, sem er þó miklu einfaldara, um útreikninga á fjárlögum, að þar skeikar um 80 millj. kr., og um tekjuafganginn á árinu 1958 er, að hann er eftir upplýsingum hv. 2. þm. S-M. (LJós) samtals eitthvað 130—140 millj. kr. í stað þess, að hann væntanlega hefur í fyrstu aðeins verið áætlaðar örfáar milljónir. Hér er um að ræða svo miklar og háar og óvissar tölur vegna þess ólags, sem verið hefur á allri reikningsfærslu og meðferð þessara mála, að valdhöfunum sýnist skjótast yfir smáupphæðir eins og nokkra tugi milljóna. Það er því ekki nema afleiðing þeirrar óreiðu, sem fyrir var, að þarna hefur dæmið orðið nokkru þyngra úrlausnar en menn ætluðu.

Það verður að horfast í augu við þetta. En það kemur á móti, eins og hæstv. forsrh. upplýsti, að fjárlögin eru stórlega miklu ranglegar áætluð en menn höfðu gert ráð fyrir, svo að e. t. v. verður heildarmunurinn, þegar allt er skoðað til botns, ekki öllu meiri en menn í fyrstu höfðu ætlað. Þetta er atriði, sem auðvitað verður að skoða nánar, alveg eins og það er eftir að skoða nánar, hvernig afgr. eigi fjárlög. Um það hefur enn þá ekki neitt samkomulag tekizt né viðræðum svo langt komið milli okkar og hæstv. ríkisstj., að von sé á slíku samkomulagi, og það er óhætt að segja það hér alveg skýlaust, að sú ímyndun hæstv. fyrrv. fjmrh., að við höfum fallizt á niðurskurð 40 millj. kr. í verklegum framkvæmdum, er hans eigið heilafóstur, en á ekkert skylt við raunveruleikann.

Hitt er okkur öllum ljóst, að það er þörf mikils sparnaðar frá því, sem verið hefur, og ég veit, að eftir að þeim tökum, sem Framsfl. hefur haft á ríkissjóðnum, er lokið, þá verður það mál mun auðveldara viðureignar en verið hefur. Það eru vafalaust margir bitlingarnir, sem þar má skera af, án þess að þjóðin finni til þess, þó að ég efist ekki um, að það komi illa við marga framsóknarherra, það er allt annað mál. (Gripið fram í.) Ja, ég sé, að hæstv. fyrrv. fjmrh. er orðinn allórór, enda undrar mig það ekki, og miklu órórri mun hann þó verða, þegar nálgast kosningar.

En eins og ég segi: það, sem hér er verið að gera, verður einungis að skoðast sem bráðabirgðaráðstöfun. Enn er það þrotabú engan veginn uppgert, sem fyrrv. hæstv. ríkisstj. lét eftir sig. Eins og ég sagði, þá er hér aðeins um að ræða fyrstu afborgun vanskilavíxilsins. Hv. 2. þm. S-M. spurði sérstaklega um það t. d., hvort sjálfstæðismenn væru búnir að samþykkja það að taka lán, sem áætlað hefði verið að taka í Bandaríkjunum. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki borið þetta mál undir okkur, en hitt veit ég, að fyrrv. ríkisstj. var búin að senda a. m. k. einn, ef ekki fleiri, erindreka vestur um haf til þess að reyna að taka þetta lán. Og allir útreikningar allra fyrrv. stjórnarflokka, kommúnista jafnt sem Framsóknar- og Alþýðuflokks, um lausn efnahagsmálanna og tekjumöguleika á næsta ári hvíldu á því, að þetta lán fengist.

Ég játa, að lántökur á borð við það, sem verið hefur að undanförnu, eru ekki heillavænlegar. En gjaldþrotabúi þarf oft að fleyta áfram um sinn með lántökum meira og frekar en menn kjósa, og því miður hefur hæstv. fyrrv. ríkisstj. skilið þannig við, að það er ósköp hætt við því, að eyðslan verði ekki svo skjótlega niður skorin, að hægt sé að komast hjá þessu láni. Ég veit ekki, hvort það verður undir okkur borið. En hæstv. ríkisstj. hefur heimild til þess að taka lánið, og ég bendi hv. 1. þm. S-M. á það, ef hann er ósköp hræddur um það, nú eftir að hann er farinn úr ríkisstj., að hæstv. núverandi ríkisstj. kunni að taka lánið, vill hann þá ekki flytja frv. um það að fella lántökuheimildirnar niður? Það er ósköp einfalt ráð fyrir hann. Hann veit sjálfur mætavel, hv. þm., að sú ríkisstj., sem hann sat í nú um 2½ árs bil, hefði ekki getað lifað fram yfir áramótin 1956—57, ef henni hefði ekki verið haldið við af lánum frá Bandaríkjamönnum. Hann veit þetta ósköp vel. Og það er auðheyrt nú, að hann heldur: Ja, ef ég get komið í veg fyrir, að mínir eftirmenn fái lán, þá get ég þar með slegið þessa stjórn út allt í einu. — Við skiljum ósköp vel, hvert hv. þm. er að fara, hann leynir því ekki, blessaður maðurinn. En munurinn á afstöðu okkar sjálfstæðismanna og hv. 1. þm. S-M. og hans félagsbræðra er sá, að í fyrsta lagi hafa þeir tekið lán, fyrst og fremst til eyðslu, en ekki til þarflegra framkvæmda, og því næst má vel vera, að þeir hafi skilið við þjóðarbúið þannig, að það sé ekki hægt enn um sinn annað en halda áfram einhverjum eyðslulántökum. Munurinn á starfsháttum sést á því, að meðan þessi hv. þm. var undir handleiðslu minni og minna félagsbræðra, þá var ekki á þriggja ára bili tekið nema 130 millj. kr. lán erlendis móts við það, að nú hefur verið á tæpum 2½ ári tekið nokkuð á sjöunda hundrað millj., þ. e. a. s. fimm sinnum meira á mun styttri tíma. Það er von, að hæstv. þm. fagni ekki þessum samanburði, enda sé ég, að brosið er nú farið að minnka á hans fögru ásjónu. En þó er versti hluti sögunnar eftir, og hann er sá, að þessir hv. þm. tóku lánið undir þeirri forsendu og vitandi það, að það var innt af höndum til þess, að þeir gerðu ekki verknað, sem þeir höfðu skuldbundið sjálfa sig til þess að gera.

Í marz, fyrir tæpum þrem árum, gerðu þessir menn samþykkt um það, að varnarliðið skyldi rekið héðan af landinu. Í árslok 1956 voru þessir menn búnir að fá fyrsta lánið, ef ekki tvö lán, byggð á þeirri forsendu, að frá þessu loforði skyldi horfið. Það er þessi hegðun, sem er, sem betur fer, einsdæmi í íslenzkri sögu, og það hefur aldrei neinn stjórn-

málamaður íslenzkur orðið að fara aðra eins göngu og hæstv. þáverandi forsrh., Hermann Jónasson, þegar hann fór í des. 1957 suður til Parísar til þess að lýsa þar yfir á fundi í Atlantshafsráðinu hollustu sinni við það bandalag og vilja til þess að halda því herliði áfram í landinu, sem hann þá einu og hálfu ári áður hafði sagt um, að betra væri að vanta brauð heldur en láta vera hér kyrrt. En viku eftir að hann hafði gefið yfirlýsinguna fékk hann afhentan hluta Bandaríkjanna af samskotaláninu svokallaða. Það eru þvílíkar lántökur, sem eru Íslandi til skammar.

Ég játa, að það er leitt að þurfa að taka lán til þess að fleyta sér yfir þann ófarnað, sem hæstv. ríkisstj. hefur komið þjóðlífinu í. En það er þó vitað, að Sjálfstfl. hefur aldrei sett lánamálin í samband við stefnu sína eða skoðun í utanríkismálum. Hann einn hafði kjark til þess 1956 að segja þjóðinni satt og rétt frá um ástand í utanríkismálum og nauðsyn þess að hafa erlent varnarlið í landinu. Sú stefna hefur síðan reynzt rétt, og nú er allur meginhluti landslýðsins sannfærður um, að þetta sé satt. Sem betur fer, hefur ekki þurft að kaupa fólkið til þess að sjá þetta. En hæstv. fjmrh. er einn af þeim, sem létu kaupa sig með erlendum lánum á þennan veg.

Nei, ástandið er því miður þannig, að það er margt ógert til þess að koma málefnum íslenzku þjóðarinnar í það horf, sem þau þurfa að komast. Það, sem nú er verið að gera, er einungis sambærilegt við það, að maður, sem er staddur í skriðu, reyni að ná sér í fótfestu. Það, sem við vonumst eftir að fáist með samþykkt þessa frv., er það, að svigrúm öðlist til þess, að þjóðin fái sjálf færi til þess að kveða á við kosningar, hvað gera skuli og með hverjum hætti, og þess vegna höfum við sjálfstæðismenn þegar lýst þeim meginatriðum, sem við teljum að gera þurfi til þess að koma jafnvægi í okkar þjóðarbúskap. Þetta frv. er aðeins upphaf þess, sem gera þarf, til þess að við getum komizt úr því öngþveiti til frambúðar, sem við nú erum í, ekki sízt fyrir tilverknað fyrrv. hæstv. ríkisstj. Um þetta höfum við þegar gert þjóðinni grein fyrir okkar höfuðtill. og óskum þess eins að mega sem allra fyrst fá að mæta frammi fyrir hennar dómstól, til þess að hún kveði á um okkar verk og okkar fyrirætlanir.

Umr. frestað.

Á 61. fundi í Nd., 23. jan., var fram haldið 1. umr. um frv.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég skal játa það, að mér lék mikill hugur á því að sjá, hvernig blöð stjórnarstuðningsflokkanna, íhaldsins og Alþfl., legðu hið boðaða frv. hæstv. ríkisstj. um efnahagsmálin fyrir þjóðina, og í fyrradag sást, hvernig annað aðalmálgagn Sjálfstfl., dagblaðið Vísir, birti þetta mál fyrir sínum lesendum. Hann tók sem sé fram tréletrið stóra, og þar var honum mest í mun að boða, að kaupgjaldsvísitala yrði 175 stig. Það var gleðiboðskapurinn: 175 stig, hærra skyldi það ekki vera. Svo var auðvitað með smærra letri það, sem var ekki eins geðfellt, að allt vöruverð skal lækka í samræmi við vísitölulækkunina, — það var auðvitað sett með mjög smáu letri, ekki eins mikill áhugi fyrir því.

Þarna var að dómi þessa blaðs bersýnilega um mikið ágætismál að ræða, sem nærri má geta, mikil kauplækkun á ferðinni, að vísu ekki mikið samræmi þó við orðagjálfur íhaldsblaðanna að undanförnu, en samt mikill fögnuður yfir stórfelldustu kauplækkun og kjaraskerðingu allra launþega í landinu síðan um 1950 — sællar minningar, — þegar gengislækkunin var framkvæmd. Velþóknun Vísis var óblandin, og fögnuðurinn var mikill. Það sást af fyrirsögnunum og lesmálinu. Um það var ekkert að villast.

Og svo komu blöðin í gær. Og hvernig var yfirbragð Morgunblaðsins t. d.? Jú, það var með meiri hófsemdarbrag og hófsemdarblæ. Aðalfyrirsögn blaðsins var nærri því hlutlaus. Þar stóð: „Frumvarp um stöðvun verðbólgunnar lagt fram á Alþingi.“ Það fór ekki milli mála, að hér var ætlunin hjá aðalmálgagni Sjálfstfl. að kalla ekki yfir sig allt of mikla ábyrgð á frv., svona til að byrja með a. m. k., hvað sem handaupprettingar síðar kunna að leiða í ljós. Það var meiningin sýnilega hjá Morgunblaðinu að halda sér dálítið í skugganum, láta höggin heldur lenda á Alþfl., hann væri þess aldrei nema maklegur, og aðalritstjórinn taldi það bersýnilega of snögg umskipti fyrir lesendur Morgunblaðsins, að það væri nú kannske ekki hollt, að strax eftir kauphækkunaráróður undanfarinna mánaða væri í blaðinu á áberandi hátt fagnað stórfelldum niðurskurði á kaupi verkafólks og annarra launamanna. Sennilega er þetta allt saman rétt metið hjá aðalritstjóranum, að taka ekki á sig ábyrgð að sinni, miklu betra að láta ábyrgðina skella á Alþfl. Vísir hafði þar bara hlaupið á sig eins og fyrri daginn.

En hvað sagði svo blað forsrh., blað verkalýðsins, blað alþýðunnar? Var það ekki hógvært og af hjarta lítillátt, það afsökunar beint eða óbeint á því að hafa af illri nauðsyn orðið að krefjast fórna af verkalýðnum og öllum launamönnum? Það hefði nú kannske getað hvarflað að einhverjum, að þetta yrði tónninn í því blaði. Nei, þar örlaði ekkert á lítillæti, þar kom sannarlega engin afsökunarbeiðni fram. Það mátti helzt hugsa sér af yfirbragði forsíðunnar á Alþýðublaðinu, að nú væri Alþfl. ekki aðeins að bjarga landi og þjóð, heldur helzt að frelsa mannkynið og heiminn. Þannig leit forsíðan út í gær, eins og menn muna. Stórkostlegasta fyrirsagnaletur, stærra en þegar friður var saminn eftir 4 ára heimsstyrjöld og miklu meiri fögnuður á ferðinni. Hér gat að líta túlkun á frv. ríkisstj. undir þessum risastóru fyrirsögnum: „Niðurfærsla verðbólgunnar“, það er í efri stórleturslínunni, — „Eftirgjöf 10 stiga“, — og í beinu framhaldi af því: „Kaupmáttur hækkar“. Mér finnst

ekki ólíklegt, að ýmsir lesendur Alþýðublaðsins hafi lesið niðurlag þessarar risafyrirsagnar svo sem eins og tvisvar, kannske oftar. En það var ekkert um að villast, þarna stóð: „Eftirgjöf 10 stiga“ — og á eftir í beinu áframhaldi: „Kaupmáttur hækkar“ — ekki lækkar við eftirgjöf 10 stiga, nei, hann hækkaði bara við það. Það var eins og rófan í Fróðárundrum, að eftir því sem var meira á henni hamazt, eftir því gekk hún síður niður, þegar togað var í hana. Við að fella niður 10 stig, þá hækkar kaupmáttur launa samkvæmt þessu málgagni.

Síðan var haldið áfram í sama dúr til útleggingar þessum boðskap til verkamanna. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Frumvarpið gerir ráð fyrir niðurfærslu dýrtíðarinnar um 27 stig. Þar af munu 17 stig koma fram í verðlækkunum“, — það er spádómur, — „en allir landsmenn“ — sennilega væri nú nákvæmara að segja: allir launamenn — „eiga að gefa eftir af tekjum sínum 10 stig eða 5.4%.“ Síðan segir: „Afleiðing þessarar niðurfærslu verður m. a., að kaupmáttur launa hækkar frá því, sem hann var s. l. haust. Ef kaupmáttur tímakaups verkamanna 1. febr. í fyrra er reiknaður sem 100, þá var hann 103.9 í júníbyrjun, 102.3 stig í októberbyrjun, en verður, ef frv. stjórnarinnar nær fram að ganga, 103.9 stig hinn 1. marz n. k.“

Þetta er boðskapurinn. Þetta er bara betra, það eykur kaupmátt launa að skera niður 10 visitölustig. En hvernig það má verða, að ef þau væru nú skorin um 20 eða 30 stig niður, að þá leiði það ekki til meiri kauphækkunar, það fæ ég nú ekki skilið, hvaða sérnáttúru hafa þessi einu 10 stig, og hví þá ekki að skera meira niður til þess að fá meiri kaupmátt launa? Þetta er svo mikil hógværð, að ég skil þetta ekki, úr því að það fæst út hækkun á kaupmætti launa við að skera burt 10 stig, að láta sig þá muna um að hafa þau 20 eða 30 til þess að fá meiri kaupmátt launanna, af því að Alþýðuflokkur átti nú í hlut. En það er líka dálítið einkennilegt að velja ákveðna mánuði á árinu 1958 til þess að miða við kaupmáttinn og svo aftur við 1. marz 1959.

Ég tel rétt, til þess að mönnum verði ljóst, hversu villandi þessi viðmiðun er, að gefa hv. þm. yfirlit yfir það, hvernig kaupmátturinn er talinn hafa mælzt við hver mánaðamót allt árið 1958 samkv. þeim hagfræðitöflum, sem þetta er plokkað út úr svona til þess að ljúga með tölum, en það er á þessa leið:

Í jan. 1958, í ársbyrjun fyrra árs, var kaupmáttur launanna talinn 100,1 stig, miðað við það, að febr. var þá settur sem 100, eða mælirinn þar settur á 0. Í marz var kaupmátturinn talinn 99.7, í apríl 99.6, og í maí sama ár 99.4, en í júní verður kaupbreyting og verður kaupmátturinn samkv. þessu talinn 103.9, í júlí 100.7, í ágúst 99.0, í sept. 101.3, í okt. 102.3, 1. nóv. 101.3, og 1. des s. l. 109.9. Og í desembermánuði er það, sem núverandi hæstv. ríkisstj. tók við völdum, og það, sem hún tók þá við, það var þetta, kaupmáttur launa var 109.9.

Í janúar 1959, þeim mánuði, sem við erum nú stödd í, er talið samkv. þessum sömu hagfræðikenningum, að kaupmátturinn sé 112.8, miðað við febrúar 1958 sem 100. Ja, það er í raun og veru réttast að miða við þessa tölu, þegar menn glöggva sig á því, hver kaupmáttur launa hafi verið, þegar ríkisstj. Alþfl. settist í sína stóla. Þetta er 1. jan., það var á messu heilags Þorláks í desemberlokin, sem ríkisstj. tók við, og það var við þessum kaupmætti launa, sem hún tók.

En í marzmánuði n. k. segist hún vera komin með þetta niður í 103.9 stig, og það má segja, að það hafi miðað vel, ekki til hækkunar, heldur einmitt til lækkunar samkvæmt þessum hagfræðilegu töflum, þegar þær eru teknar í heild og miðað er við það, sem næst liggur að miða við.

Það var annað blað en Alþbl., sem fagnaði mjög þessa dagana bjargráðafrv. hæstv. ríkisstj. Það blað heitir Verkamannablaðið og er gefið út af samherjunum íhaldsverkamönnum og Alþýðuflokksverkamönnum í Dagsbrún, það var að koma út núna 23. jan., þ. e. a. s. í dag, og er nýtt af nálinni. Það er nærri því eins mikið um dýrðir hjá því og sjálfu Alþbl. Þar stendur: „Niðurfærsla dýrtíðarinnar bjargar þjóðinni.“ Það var mikið, að það var ekki björgun fyrir mannkynið frá öngþveiti, kjararýrnun og atvinnuleysi. Okkur er sem sé borgið, það er engu að kvíða, við erum hólpin, bjargráðið er komið fram. Niðurfærsla dýrtíðarinnar bjargar þjóðinni frá öngþveiti, kjararýrnun og atvinnuleysi, frá þessu gífurlega atvinnuleysi, sem hefur nú herjað á fólkið. Kaupmáttur tímakaupsverkamanna verður 1.6% meiri en hann var í október. Mig minnir nú, að Alþbl. segi, að þetta sé enn þá dýrðlegra. Já, það stendur í því, að eftirgjöfin verði aðeins 10 stig. Það má nú heyra það á milli línanna þarna, að það hefði átt að vera meira, eftirgjöfin verður aðeins 10 stig. En svo segir þar, með leyfi forseta: „Það er forsenda allra þessara ráðstafana, að framfærsluvísitalan verði 1. marz komin niður í 202 stig, sem svarar til kaupgjaldsvísitölunnar 185. Þetta mun fást með almennum verðlækkunum samkvæmt ákvæðum frv. En hrökkvi þær ekki til, mun ríkisstj. auka niðurgreiðslur bara eins og þörf krefur. Að það þurfi nokkurn eyri til þess, það er ekki á það minnzt, sennilega ekki látið hvarfla að sér. En Alþbl. segir, að þetta þýði hækkun um 3.9% fyrir verkamenn, sem er sagt hérna í Verkamannablaðinu í dag að gefi þeim ekki nema 1.6% kjarabætur og iðnaðarmenn fái 1.6% í kjarabót út úr þessu. En mig minnir, að hins vegar í grg. frv. standi, að hjá iðnaðarmönnum sé ágóðinn af þessu öllu saman ekki nema 0.6%, svo að engum af tölunum ber saman, í grg. frv., Alþbl. eða Verkamannablaðinu, þetta er allt saman á reiki, frá 0.6% í 1.6% og í Alþýðublaðinu allt upp í 3.9%. Ég held, að verkamenn eigi nú að hafa

það, sem dýrlegast er og mest þeim í hag. Það er það, sem stendur svart á hvítu í Alþýðublaðinu, málgagni forsrh., að launabótin, kaupmáttaraukningin, sem þeir fái við þetta allt saman, sé 3.6%, þangað til buddan segir annað, þegar 1. marz er runninn upp, — hafa þetta fyrir satt þangað til. Hitt er allt svo lítið.

Rétt undir risafyrirsögn Alþbl. í gær, einmitt undir orðinu „hækkað", er rammagrein svolítil, sem á að vera mjög áberandi þannig, þó að hún verði að vera með smærra letri en hitt allt saman. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Ein undantekning, aðeins ein undantekning er í frv. ríkisstj. gerð frá þeirri reglu, að allir landsmenn gefi eftir af tekjum sínum 10 vísitölustig eða 5.4%. Eru það bótaþegar almannatrygginganna, öryrkjar, mæður og barnafjölskyldur. Samkvæmt 1. gr. frv. skal greiða örorkulífeyri, mæðralaun, fæðingarstyrki og fjölskyldubætur með vísitölunni 185, en ekki 175. Er hér í rauninni um að ræða kjarabætur fyrir þetta fólk, ef borið er saman við alla aðra landsmenn."

Eftir venjulegum skilningi er það einmitt lofsvert, að þetta skuli vera í frv. hæstv. ríkisstj., að gamalmenni og öryrkjar, mæður og barnafjölskyldur skuli fá sínar bætur frá almannatryggingunum óskertar með vísitölunni 185. En þá er það nú þannig, að þá er þessu fólki ekki leyft að njóta þeirra 3.6% kjarabóta, sem samkvæmt öðrum frásögnum Alþbl. leiðir af því fyrir allan verkalýð landsins að öðru leyti, að vísitalan sé færð niður úr 185 í 175. Og hvers vegna í ósköpunum átti gamla fólkið ekki að fá líka kjarabæturnar 3.6%, sem allir aðrir fá að njóta við það að fá vísitöluna 175 í staðinn fyrir 185? Mér virðist nú eins og skína gegnum þetta svolítil játning á því, að menn, jafnvel Alþýðublaðsmenn, trúi betur á, að það sé hagsbót fyrir gamla fólkið að fá bætur sínar greiddar miðað við vísitöluna 185 heldur en 175, þrátt fyrir allt stóra letrið þarna fyrir ofan um kjarabæturnar, sem felist í hinu. En um það er ekkert að villast, að á máli Alþbl. er hvort tveggja kjarabót, að fá kaup sitt greitt með 185 stiga álagi og eins hitt, að launagreiðslur séu færðar niður í 175, og það er vel af sér vikið að koma þessu saman. En eftir skilningi venjulegra manna æpa mótsagnirnar þarna hver á aðra, eða með orðum skáldsins sr. Jóns Þorlákssonar á Bægisá: „Eitt rekur sig á annars horn, eins og graðpening hendir vorn."

Það er vissulega rétt, sem hæstv. forsrh. játaði í framsöguræðu sinni, það er meginefni þessa frv., að launafólk á að gefa eftir 10 vísitölustig, — það er meginefni frv., ef það verður þá ekki talsvert meira en 10 stig, þegar til kastanna kemur, og það virðist þó geta orðið, og þetta án þess að bætur komi fyrir, eins og forsrh. orðaði það einnig sjálfur. Hann tók það fram, að þessi 10 stig féllu út, án þess að bætur kæmu fyrir. Og þetta áréttaði hann enn með að segja: þetta er kjarni málsins. — Og þar fór hann með rétt mál. Mér finnst, að betur eða eftirminnilegar hafi naumast verið hægt að reka blekkingar og ósannindi Alþbl. ofan í það samdægurs heldur en forsrh. einmitt gerði með þessari játningu sinni.

1. gr. frv. segir frá því með miklum málalengingum, að frá 1. febr. n. k. skuli greiða verðlagsuppbót á laun og allar aðrar greiðslur, sem fylgja kaupgreiðsluvísitölu, eftir vísitölu 175. Einasta undantekningin frá þessum niðurskurði er greiðsla samkvæmt 2. kafla laganna um almannatryggingar, eins og ég hef þegar drepið á. Á þessar bótagreiðslur skal sem sé greiða verðlagsuppbótina 185. Það er tekið fram, að niðurskurðurinn nái til hvers konar ákvæðisvinnu, aksturstaxta vörubifreiða og fólksbifreiða, að því er snertir laun bifreiðastjórans, svo og til allra taxta og gjalda, sem fylgt hafi breytingum á launum hinna ýmsu starfsstétta. Einnig skal niðurskurðurinn ná til heildarlauna, þó að grunnlaun séu ekki sérstaklega tilgreind. Þetta er allt saman úr 1. gr. frv.

Hvað þýðir nú þessi 10 stiga niðurskurður í reyndinni? Það er bezt að vera svo sanngjarn að halda sér við þessa óumdeildu lágmarkstölu, 10 stig, þegar frv. Alþýðuflokksstjórnarinnar er orðið að lögum, því að það fullyrða þeir, að þetta verði undir engum kringumstæðum meira en 10 stig, og líta svo á, hvaða áhrif þetta hefur eftir fyrstu útborgun, eftir að kjarabætur niðurskurðarins hafa farið fram. Ég get ekki á mér setið að skýra það með nokkrum orðum og alveg sérstökum dæmum.

Tímakaup verkamanna er nú kr. 23.86 samkvæmt lágmarkstaxta í almennri verkamannavinnu. En þegar vísitalan er komin niður í 175 með stífingu og niðurgreiðslum, þá lækkar tímakaup hins almenna verkamanns í kr. 20.67. Skerðingin á útborguðu tímakaupi hans nemur þannig kr. 3.19 eða 13.4% af kaupinu hans. Sé nú reiknað með 8 dagvinnutímum og einum eftirvinnutíma, þá lækkar dagkaupið um kr. 30.31, ég sagði dagkaupið. Það jafngildir svo, ef litið er á mánuðinn, kr. 757.75, en í þessu dæmi er reiknað með 25 virkum vinnudögum. Og sé litið á árskaup eða árstekjur verkamanns, sem hefur stöðuga vinnu, en vinnur samkvæmt lágmarkstaxta almennrar verkamannavinnu, þá nemur kjarabótin 9093 kr. í lækkuðu kaupi, — kjarabót, sem nemur rúmum 9 þús. kr. í lækkuðu kaupi.

En svo skal ekki gleymt hinu, sem á móti kemur, og það er sparnaður í útgjöldum vegna lækkunar á nokkrum vörutegundum, sem ríkisstj. hefur nú þegar ákveðið að greiða niður. Í þeim útreikningum, sem koma nú hér á eftir, viðvíkjandi því, hvað miklum sparnaði þessi niðurgreiðsla nemi, þá verður hér miðað við það vörumagn, sem gert er ráð fyrir í nýja vísitölugrundvellinum, sem einmitt er gert ráð fyrir í þessu frv. að nú verði tekinn upp. Og þá er það hjá meðalfjölskyldu 115.36 kg af kindakjöti, sem samkvæmt niðurgreiðslunni um 13 stig eiga að nema kr. 770.57. Í þessum vísitölugrundvelli er einnig reiknað með, að meðalfjölskyldan neyti 39.55 kg af saltfiski, og þau lækka um kr. 65.26. Það er gert

ráð fyrir því í grundvellinum, að meðalfjölskylda noti 1022 lítra á ári af nýmjólk, og nemur lækkunin þar kr. 901.98. Og svo er enn fremur gert ráð fyrir því, að meðalfjölskylda noti á ári 235.65 kg af kartöflum, og lækka þær um kr. 141.39. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að meðalfjölskylda noti 16.96 — nærri 17 kg — af skömmtuðu smjöri, og lækkar það smjörmagn um kr. 164.51. Þá er í vísitölugrundvellinum reiknað með, að meðalfjölskylda noti 42.4 kg af skömmtuðu smjörlíki, og á það samkvæmt niðurgreiðslunni að lækka um kr. 72.08. En þar með held ég líka, að allt sé tíundað, sem léttir á buddunni við niðurgreiðslur hæstv. ríkisstj. Ég held, að þar vanti ekkert á.

Samkvæmt þessu verður þá árssparnaður meðalfjölskyldu vegna hinna nýju niðurgreiðslna ríkisstj. kr. 2115.79. Það eru líka peningar, en það er til frádráttar af rúmlega 7 þús. kr., sem niðurfærsla launanna nam við 10 vísitölustig.

Eins og áður er sagt, lækkar útborgað mánaðarkaup Dagsbrúnarverkamanns um kr. 757.-75. Þegar búið er að draga sparnaðinn frá, nemur lækkunin kr. 527.18 á mánuði, og sýnir sú upphæð lækkunina á raunverulegu mánaðarkaupi verkamannsins. Kaupskerðingin, sem hér er um að ræða, nemur því nákvæmlega 9.3% af kaupinu hans, og hún jafngildir, eins og verkamenn þekkja, nákvæmlega einum eftirvinnutíma á dag. Þannig má því segja, að ríkisstj. með aðgerðum sínum, sem hún kallar kjarabætur, fyrirskipi verkamönnum að vinna einn eftirvinnutíma á hverjum virkum degi aukalega, ef þeir vilja halda óskertu kaupi. Það er ekki ólíklegt, að verkamenn finni út úr því að kalla þetta vinnustund ríkisstj.

Þetta er, eftir því sem ég get komizt næst, niðurstaðan, þegar teknar eru með tekjur vegna niðurgreiðslnanna, sem renna til meðalverkamannafjölskyldu, og kaupskerðingin um 10 vísitölustig.

Ef til vill hafa fleiri en verkamenn áhuga á því að heyra, hvernig umhorfs verður í buddunni þeirra eftir 1. marz, og skal ég nefna hér nokkur dæmi.

Það er bezt að byrja á múrurunum. Þeir vinna nú að vísu ekki mikið eftir tímavinnutaxtanum, en ef þeir gera það, þá er tímakaup múrara nú kr. 28.28, en það fer niður í kr. 24.50, og lækkar þannig um kr. 3.78. Mér er ekki alveg ljóst, hvort uppmælingartaxtar múraranna lækka, því að mér virðist, að í 10. gr. séu múrarar ekki taldir með málurum og saumakonum og þess konar fólki, sem þar á að koma undir lækkanir. En það getur vel verið, að þetta sé misskilningur, því að það er svo margt óljóst í þessu frv. Það hefur þá a. m. k. farið fram hjá mér, ef ákvæðisvinna múrara er þar skert. Það væri náttúrlega til bóta, ef eitthvað hefði sloppið við niðurskurð á kaupgjaldi.

Tímakaup trésmiða er í dagvinnu nú kr. 27.49. Það á að fara niður í kr. 23.82, eða lækka um kr. 3.67.

Vikukaup bifvélavirkja, blikksmiða, járnsmiða og rafvirkja, en allar þessar iðnstéttir hafa jafnhátt kaup, lækkar úr kr. 1343.30 — vikukaupið þeirra — í kr. 1163.75. Þannig lækkar vikukaup þeirra um kr. 179.55. Menn geta svo sjálfir reiknað út, hvað mánaðarkaupið þeirra kemur þar til með að lækka og svo árskaup þeirra, ef þeir vilja það viðhafa.

Tímakaup verkakvenna, — ég hef áður minnzt á, hvað tímakaup verkamanna lækkar, — tímakaup verkakvenna í almennri dagvinnu lækkar úr kr. 18.62 í kr. 16.13, eða um kr. 2.49, og tímakaup verkakvenna við hreingerningar lækkar úr kr. 19.72 í kr. 17.08, eða um kr. 2.64 á klst.

4 þús. kr. mánaðarkaup lækkar um 535 kr., 5 þús. kr. mánaðarkaup lækkar um 668 kr., 6 þús. kr. mánaðarkaup lækkar um 802 kr., og 7 þús. kr. mánaðarkaup lækkar um 936 kr.

Teknamegin fá svo þessar stéttir allar þá kjarabót, sem felst í niðurgreiðslunni, en fyrir henni gerði ég grein áðan miðað við meðalfjölskyldu eða vísitölufjölskylduna, sem er *milli fjögurra og fimm manna fjölskylda.*

2. og 3. gr. þessa frv. fela í sér óljós ákvæði um lækkun á húsaleigu. Mér fyndist mjög æskilegt að heyra nánar um það, hvað húsaleigan muni raunverulega lækka hjá almennum leigjendum, því að það er tilfinnanlegur og hár útgjaldaliður hjá mörgum, ekki sízt efnaminnsta fólkinu, sem hefur ekki getað eignazt þak yfir höfuðið. Ég vænti þess að fá einhverjar nánari upplýsingar um það, hvað húsaleiga muni lækka mikið í raunveruleikanum við samþykkt þessa frv. Ég hygg þó, að það sé sannast mála, að hæstv. ríkisstj. viti vel, að þetta verður að mestu dauður bókstafur almenningi til lítils eða einskis hagnaðar, ef til vill ríkissjóði til einhverrar niðurfærslu á leiguhúsnæði, en almenningi sennilega ekki. Og mundi þess vegna þetta ákvæði vera aðallega komið þarna inn til þess að hafa áhrif á vísitöluna til lækkunar og þar með til lækkunar kaupgjalds, en þó að mestu leyti til þess að sýnast, til þess að láta líta svo út sem húsaleiga eigi að lækka og vekja vonir um það.

Það er að mínu áliti heldur til bóta að taka upp nýjan vísitölugrundvöll, sem meira sé í samræmi við neyzluvenjur fólks með meðaltekjur heldur en sá vísitölugrundvöllur, sem verið hefur í gildi allt síðan 1939. Það er rétt, sem hæstv. forsrh. sagði, að þetta mundi sennilega hafa verið gert fljótlega, þó að þessi lagasetning hefði ekki komið til.

Þá virðist heldur ekkert vera á móti því, að vísitölumælirinn sé stilltur á 0 þann 1. marz 1959, eins og ráð er fyrir gert í 5 gr. frv., en þá skulu grunnlaun og verðlagsuppbót lögð saman og höfð til viðmiðunar upp frá því sem grunntalan 100.

Hins vegar verður ekki annað séð en ákvæði 6. gr. séu öll við það miðuð að setja ríkisstj. það algerlega í sjálfvald að hafa allt kaupgjald og allar greiðslur, sem vísitölu fylgja, miðaðar við 175 stig. Má því segja, að það

felist í þessu frv. ríkisstj., að allt kaupgjald skuli bundið við vísitöluna 175 stig frá og með 1. febr. og til 1. sept. í haust, eða í fulla 7 mánuði. Ef þetta er misskilningur, þá leiðréttist það áreiðanlega hér síðar í umr., en þetta virðist mér ótvírætt vera svo. Mér sýnist allar leiðir vera til þess að halda öllu kaupgjaldi bundnu við 175 stig fram til 1. sept. í haust.

7. og 8. gr. frv. fjalla um lækkun á verði landbúnaðarafurða vegna lækkunar á launum bónda og verkafólks hans úr 185 stigum í 175 stig. Það er tekið fram, að þessi lækkun eigi einnig að ná til verðs á eggjum. Mér fyndist mjög æskilegt, ef hæstv. forsrh. eða einhver úr hans liði gæti í umr. síðar gefið einhverjar upplýsingar um, hversu miklar þessar verðlækkanir verða á helztu framleiðsluvörum landbúnaðarins.

Sú breyting vekur athygli, sem felst í 8. gr., en það er, að framleiðsluráði landbúnaðarins er þar heimilað að hækka afurðaverð til bænda fjórum sinnum á ári í samræmi við hækkanir kaupgjaldsvísitölu. Hingað til hefur þetta aðeins gerzt einu sinni á ári. Þessar hækkanir eru þó bundnar því skilyrði, að hækkun hafi numið a. m. k. 5 stigum á þrem mánuðum. Sams konar ákvæði gilda, ef lækkun verður á kaupgjaldsvísitölu.

Þá er á sama hátt farið þannig að, þ. e. a. s. farið inn á þessa sömu braut að vísitölubinda fiskverð og bótagreiðslur allar til útvegsmanna, og er ég hjartanlega sammála hv. 2. þm. S-M., sem sýndi fram á, að á þessu mundu verða stórgallar í framkvæmd að því er snertir sjávarútveginn. En ég er sannfærður um, að þessi sífelldi breytileiki verðlags, sem vísitöluáhrifin valda, muni ekki þykja auka stöðugleik eða öryggi landbúnaðarins, a. m. k. ekki ef vísitöluþróunin væri í áttina niður á við, en með því er ef til vill alls ekki reiknað. Ég held, að þetta sé vanhugsað, bæði að því er snertir landbúnað og sjávarútveg, og að ráðlegast væri að hverfa frá því sem bráðast, ef það þykir þá enn þá vera tiltækilegt.

Þó að meginefni þessa frv. sé fram sett á þann hátt að gera það einmitt í einstökum atriðum sem torskildast, þá hefur upphaf 9. gr. frv. þann mikla kost, að þar er vafningalaust játað, að frá og með 1. febr. n. k. skuli skiptaverð á fiski til bátasjómanna lækka í sama hlutfalli og nemur lækkun kaupgreiðsluvísitölu úr 185 stigum í 175 stig. Hin sama lækkun skal gilda um fiskverð það, sem aflaverðlaun togarasjómanna miðast við. Hins vegar skal samkv. sömu gr. umsamin kauptrygging bátasjómanna miðast við vísitöluna 185, og sýnist mér í fljótu bragði, að svo geti farið, að þessi mismunandi ákvæði geti valdið óánægju, a. m. k. hjá togarasjómönnum, sem eiga eingöngu að vera háðir vísitölu með sitt hlutskipti, en hlutatryggingin hjá bátasjómönnum að standa föst og óbreytileg, þó að vísitalan fari niður á við.

Í sambandi við þetta verður ekki komizt hjá að rifja upp, hversu óhöndulega tókst til af hendi hæstv. ríkisstj. í samningunum við sjómenn um fiskverðið að þessu sinni. Þann 3. jan. s. l. var svo komið, að samningur var undirritaður með fyrirvara af öllum aðilum. Ég er hér með þann samning, eins og hann þá leit út, og var þá gert ráð fyrir, að fiskverð hækkaði úr kr. 1.55, miðað við þorsk slægðan með haus, í kr. 1.75 kg., þ. e. a. s. um 20 aura. Samningamenn sjómanna höfðu frá upphafi tekið það fram í samningaviðræðunum, að þeir teldu ekki ómaksins vert að standa upp frá þessu samningaborði, ef það væri yfirvofandi, að þessi umsamda verðhækkun á fiskinum yrði svo gerð að litlu eða engu, kannske eftir örfáa daga, með hinum boðuðu efnahagsmálaaðgerðum ríkisstj. Þegar kom að því að undirrita samninga, var því svo hljóðandi yfirlýsing látin fylgja samningunum og undirrituð af báðum aðilum, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrir hönd sjómannasamtakanna innan Alþýðusambands Íslands að áskildu samþykki félagsfunda og að eftirfarandi yfirlýsing fáist frá ríkisstj. Íslands: Ef samningar takast á milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna og sjómannasamtakanna um fiskverð og kauptryggingu á þessu ári, þá er ríkisstj. því samþykk, að ef vísitalan breytist frá 185 stigum, skuli fiskverð hækka eða lækka í hlutfalli við þá breytingu. Enn fremur samþykki ríkisstj., að í fyrirhugaðri lagasetningu um efnahagsmálin muni hún leggja til, að kjör sjómanna skv. samningi þessum skuli ekki skert.

Jón Sigurðsson, Snorri Jónsson, Tryggvi Helgason, Einar Jónsson, Sigurður Stefánsson, Ólafur Björnsson.

Samþykkir ofanritaðri yfirlýsingu að áskildu samþykki ríkisstj.

Gunnlaugur E. Briem, Pétur Pétursson, Haraldur Jóhannsson.

Fyrir hönd Landssambands íslenzkra útvegsmanna, að áskildu samþykki aðalfundar L. Í. Ú.

Sverrir Júlíusson, Jóhann Sigfússon, Sigurður H. Egilsson, Valtýr Þorsteinsson, Hafsteinn Baldvinsson og Baldur Guðmundsson."

Þarna töldu samningamenn sjómanna, að þeir hefðu fengið með niðurlagi þessarar yfirlýsingar, — sem ég hef fyrir satt að hafi verið af Gunnlaugi Briem ráðuneytisstjóra borin undir forsrh. um nóttina og hafi umboðsmenn ríkisstj. þá fyrst skrifað undir yfirlýsinguna með þeim ummælum, að þeir teldu alveg öruggt, að við þessa yfirlýsingu yrði staðið, þar sem forsrh. væri orðalag hennar kunnugt, hann hefði ekkert við hana að athuga og þetta væri ríkisstj. eins flokks, þetta gæti því ekki breytzt, — þar með töldu sjómannasamningamennirnir sig hafa tryggt, að þessi kjör yrðu ekki rýrð með neinum ákvæðum í boðaðri löggjöf um efnahagsmálin, og þannig stóðu þeir upp frá samningaborðinu.

En blekið var naumast þornað á þessari yfirlýsingu, þegar ríkisstj. ómerkti undirskrift sinna eigin samningamanna, lýsti því yfir, að hún væri ekki skuldbindingunni samþykk. Nokkru síðar breytti hún þó afstöðu sinni á þann veg, að hún vildi standa við skuldbind-

ingu samningamanna sinna með þeim skilningi, að fiskverðið færi upp og niður með vísitölu, en tryggingarupphæð væri fastákveðin miðuð við vísitöluna 185. Samkvæmt þessum skilningi ríkisstj. hefur fiskverð nú í janúar farið upp í kr. 1.91 fyrir slægðan þorsk með haus, var umsamið þarna kr. 1.75 á kg, en fer a. m. k. niður í kr. 1.66 úr kr. 1.91, þar sem það á að lækka um 9 aura við 10 stiga niðurfærslu. Þannig verða þeir 20 aurar, sem menn töldu og búið var að boða í málgagni forsrh., Alþýðublaðinu, að fiskverð hækkaði um, með nærri því eins stóru letri og fagnaðarboðskapurinn, sem birtur var í gær, það verður nú með þessu 9 aurar.

Þegar ríkisstj. hafði tilkynnt samningamönnum sjómanna, með hvaða skilningi hún vildi standa við yfirlýsingu þá, sem fulltrúar ríkisstj. höfðu undirritað, rituðu 3 af fulltrúum sjómannasamtakanna úr samninganefndinni sjútvmrh. bréf, þar sem skýrt er frá málavöxtum og þeirra afstöðu, og þar sem bréfið skýrir einmitt, hvernig málsatvik þá stóðu, vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa þetta bréf upp:

„Móttókum í gærdag heiðrað bréf yðar, dags. 5. þ. m. Á fundi samninganefndar sjómannasamtakanna, sem haldinn var einni klst. eftir að bréfið barst, kom það fram, að 3 af 5 nefndarmönnum, sem mættir voru, teldu sig ekki geta samþykkt þann skilning, sem ríkisstj. lætur í ljós í bréfi sínu á yfirlýsingu þeirri, er fulltrúar sjómanna gerðu að skilyrði fyrir því, að þeir undirrituðu samkomulag við Landssamband íslenzkra útvegsmanna um fiskverð o. fl., og teldu sig því óbundna af nefndu samkomulagi við útgerðarmenn. Einn nefndarmannanna, Jón Sigurðsson, taldi skilning ríkisstj. fullnægjandi fyrir sig. Í þessu sambandi viljum vér taka það skýrt fram, að meiri hluti samninganefndar sjómannasamtakanna tilkynnti þeim fulltrúum ríkisstj., sem voru við samningana, strax í byrjun samningsumleitana og endurtók það margsinnis síðar, að vegna nýgefinna yfirlýsinga stjórnmálaflokka og síðar stjórnarvalda varðandi fyrirhugaða löggjöf um efnahagsmál gæti hún ekki gengið frá þessum samningum, nema fyrir lægi trygging um það, að ríkisstj. mundi ekki leggja til, að kjör samkvæmt samningunum yrðu skert með hinni boðuðu löggjöf um efnahagsmálin. Á nefndum fundi samninganefndar sjómanna í gær kom fram sú málamiðlunartill. frá okkur undirrituðum, er vér báðum Jón Sigurðsson að koma á framfæri við forsrh., að leitað væri samninga um að fella niður ákvæðið um vísitöluuppbót á fiskverð og það ákveðið fast kr. 1.75, miðað við slægðan þorsk með haus, og annað verð hlutfallslega, gegn því, að ríkisstj. tryggði, að það yrði ekki lækkað með lögum.

Reykjavík, 7. jan. 1959.

Sigurður Stefánsson, Snorri Jónsson, Tryggvi Helgason.“

Svo fór, að þar sem sjómannafélögin fengu vitneskju um, hvernig málin stæðu, vildu þau yfirleitt ekki samþ. fiskverðssamningana, nema tryggt væri, að fiskverðið yrði ekki lækkað úr kr. 1.75. Var samningurinn miðaður við skilning ríkisstj. ræddur og borinn undir atkv. á sjómannafélagsfundum eða sjómannafundum og felldur í Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum og víðar við mikinn atkvæðamun. Í Vestmannaeyjum kom síðan til verkfalls, sem lauk eftir einn dag á þann veg, að sjómönnum þar var tryggð kjarabót, sem jafngildir 8—10 aurum í fiskverði miðað við meðalafla báts. Hafa sjómenn í Vestmannaeyjum þannig fyrir fram ónýtt þá kjaraskerðingu, sem til þeirra átti að ná eins og annarra bátasjómanna samkv. þessu frv. ríkisstj. Alþýðuflokksins, og er það vel farið. Eftir er svo að vita, hversu ánægðir bátasjómenn verða annars staðar á landinu með að búa við fiskverðið kr. 1.66, samanborið við þau kjör, sem Vestmannaeyjasjómenn hafa nú tryggt sér. Gæti ég hugsað mér, að það hefði verið allt eins affarasælt fyrir hæstv. ríkisstj. að binda fiskverðið fast út þessa vertíð við kr. 1.75 og losna við þann úlfaþyt, sem af þessu hefur þegar sprottið, og vafalaust þá óánægjuöldu, sem af þessu á eftir að rísa. Það var óumdeilanlegt, að það var full ástæða til þess, eins og sakir stóðu, að bæta kjör sjómanna meira en annarra, láta þá verða síður fyrir skerðingarákvæðum þessarar efnahagsmálalöggjafar heldur en aðra, þar sem okkur skortir sjómenn og þurftum að örva það, að íslenzkir sjómenn fengjust á flotann, svo að við kæmumst hjá því vandræðaúrræði að þurfa að flytja inn erlent verkafólk, ef það verður þá fáanlegt.

Ég sem sé geng út frá því, að brúnin kunni að síga á ýmsum hlutarsjómönnum, þegar fiskverðshækkunin úr kr. 1.91 og niður í kr. 1.66 er komin til framkvæmda og þeir horfast í augu við hana sem staðreynd. Hvað ætli þeir segi þá um stóra letrið um kjarabótina, sem þessi löggjöf sé að tryggja verkalýð landsins?

Ákvæði 10. gr. frv. um verðlækkanir á hvers konar vörum og þjónustu sýnast mér vera heldur lausleg og haldlítil og hef litla trú á, að þau verði ekki sniðgengin, svo að minna verði úr verðlækkunum en nú er látið í veðri vaka. Ég sé ekki, að þarna séu nein ákvæði um það, að álagning skuli prósentvís lækka, hvorki hjá heildsölum né smásölum, og yfirleitt mjög lauslega tekið á þessari hlið málsins, og mundi það ekki sízt falla vel í geð stuðningsflokki stjórnarinnar, Sjálfstfl.

Ég og sjálfsagt margir fleiri, utan þings og innan, mundu vafalaust vera þakklátir aðstandendum frv., íhaldsmönnum og Alþýðuflokksmönnum, ef þeir gætu gefið öruggar upplýsingar um verðlækkanir á einhverjum ákveðnum vörum eða þjónustu, sem núna sé vitað um að lækki, og þá hve mikið, en ef til vill er engra svara von við þessu. En það staðfestir þá aðeins þetta, að kauplækkanirnar skv. frv. eru óyggjandi staðreyndir, en verðlækkanirnar eru vonarpeningur.

Byrjunin er ekki góð. Það sló t. d. ýmsa ónotalega í gær, sama daginn og verðlækkunarfrv. kom fram, að þá var auglýst áberandi,

að þjónusta ríkisútvarpsins skyldi hækka í verði, ekki lækka, hækka í verði um 50%. Mér dettur í hug, að það mun þó vera öruggt, að vinnulaunakostnaður bankanna lækki eins og hjá öðrum fyrirtækjum við þessa lagasetningu, og væri því fróðlegt að fá svar við þeirri spurningu, hvort því sé slegið föstu, að bankavextir skuli vegna þessa sparnaðar í rekstri bankanna lækka, ef þetta frv. verður að lögum. Ef svo væri ekki, þá kemur það í ljós. Það eru kannske til einhverjar undantekningar frá því, að allt eigi að lækka vegna þess, að ráðstafanir eru gerðar til að draga úr vinnulaunakostnaði í landinu.

Af öðrum ræðumönnum í þessum umr. hefur rækilega verið sýnt fram á það, að fjárhagsgrundvöllur þessa frv. er allur í lausu lofti. Og þannig þykir mér líklegast, að einnig verði um framkvæmdina alla. Að frv. stendur, eins og kunnugt er, aðeins 8 manna þingflokkur. Líklegt er að vísu, að sá þingflokkur njóti stuðnings Sjálfstfl., sem lengstum hefur a. m. k. samkvæmt eðli sínu haft afstöðu sem atvinnurekendaflokkur og hamazt gegn öllum kaup- og kjarabótum verkalýðsins. Við vitum það ósköp vel, sem starfað höfum í verkalýðshreyfingunni, að það hefur jafnan verið við hann að eiga í kaupgjaldsbaráttunni, og skyldi enginn undrast það. Hann er að verja hagsmuni sinna umbjóðenda. Málgögn flokksins hafa verið málgögn atvinnurekenda í öllum þeim átökum fyrr og síðar nema kannske síðustu mánuði, þegar það þótti tilvinnandi að hafa uppi orðaskak um, að flokkurinn væri verkalýðsflokkur og kauphækkunarflokkur. Enginn getur því efazt um það, að þessi stuðningsflokkur ríkisstj., Sjálfstfl., muni standa fast með frv. til fyllstu kauplækkana, sem í því felast. En hitt er öllu óvissara, hversu heils hugar hann muni beita flokksafli sem flokkur kaupmanna og heildsala, því að það er hann líka, til þess að tryggja þær almennu verðlækkanir, sem látið er í veðri vaka að eigi að koma seinna. Launastéttirnar í landinu eru því svo sannarlega að kaupa köttinn í sekknum að því er snertir lækkun verðlags til móts við lækkað kaupgjald í landinu, og sá köttur getur orðið dýr.

Verðlækkunarleiðin sem úrræði í efnahagsmálum hefur oft verið nefnd áður. En hennar veika hlið hefur alltaf þótt þetta, að óvíst væri, hvort hægt væri að koma verðlaginu niður á við í réttu hlutfalli við lækkun launa, sem verður alltaf byrjunaraðgerð, þegar henni er beitt. Ég hefði verið þeirrar skoðunar, að helzt kynni þetta að mega takast, ef að framkvæmdinni stæðu öll verkalýðssamtökin, öll launþegasamtökin í landinu og hagsmunasamtök bændastéttarinnar og pólitísk samtök bæði verkamanna og bænda. Ef þannig væri staðið að niðurfærsluleið sem aðgerð í efnahagsmálum, þá vil ég segja, að það væru nokkrar vonir um, að framkvæmdin kynni að takast svikalaust og vonbrigðalaust fyrir launastéttir landsins. En ég hef litla trú á því, eins og nú er stofnað til málsins.

Þessari ríkisstj., sem naumast hefur nokkra fótfestu á fastri jörð, heldur stendur á svörtu skýi, og þetta svarta ský er Sjálfstfl., henni treysti ég a. m. k. ekki til þess að færa niður allt verðlag í landinu, svo að launastéttirnar verði skaðlausar af. Segjum, að ríkisstj. kynni kannske ekki að vanta viljann til að gera þetta, en ég sé ekki annað en það sé augljóst mál, að hana vanti til þess getuna, og það er ekki minna um vert, því að „góð meining enga gerir stoð".

Það er vitanlega hin mesta fjarstæða að fullyrða, eins og gert hefur verið í blöðum stjórnarstuðningsflokkanna, Sjálfstfl. og Alþfl., að allir þeir, sem ekki vilji styðja að samþykkt þessa frv. og ekki treysta framkvæmdinni á því í höndum þeirra aðila, sem með það fara, vilji láta verðbólguna halda áfram óhefta og þjóta upp úr öllu valdi. Slíkar fullyrðingar stangast algerlega við allar staðreyndir. Ég get í því efni bæði vitnað til samþykkta Alþb., sem hv. 2. þm. S-M. gerði hér grein fyrir í sinni ágætu ræðu í gærkvöld, og til samþykkta seinasta Alþýðusambandsþings í lok nóv. s. l., en að þeirri samþykkt stóðu fulltrúar bæði Alþfl. og Alþb., framsóknarmenn og, að ég hygg, einnig nokkrir sjálfstæðismenn. Í þeirri samþykkt var lögð rík áherzla á það, að verkalýðshreyfingin legði áherzlu á, að vandi efnahagsmálanna yrði bezt leystur með sem nánustu samstarfi verkalýðssamtaka og ríkisvalds.

Næst var yfirlýsing um það, að verkalýðssamtökin viðurkenndu, að stöðvun vísitölunnar í 185 stigum væri nauðsyn. Mig minnir, að á þingi Alþfl. nokkrum dögum síðar væri einnig lýst yfir, að Alþfl. gæti sætt sig við niðurfærslu vísitölu í 185 stig, „að höfðu samráði við verkalýðssamtökin", stóð þar.

Alþýðusambandsþingið lýsti yfir, að höfuðáherzlu yrði að þess dómi að leggja á tryggingu fullrar atvinnu og aukningu útflutningsframleiðslunnar. Var í þeirri samþykkt krafizt sparnaðar í ríkisrekstrinum og að dregið yrði úr fjárfestingu og greiðsluafgangi ríkissjóðs yrði síðan að nokkru leyti varið til niðurgreiðslna. Þessa stefnu markaði Alþýðusambandsþing. Og á þessum grundvelli værum við, sem fylgjum Alþb., reiðubúnir til að standa að lausn þessa máls, enda væri öll framkvæmdin miðuð við samstarf launþegasamtakanna í landinu, bændasamtakanna í landinu og pólitískra samtaka verkalýðs og bænda. Án þess höfum við enga trú á framkvæmd málsins svikalausri.

Alþýðusambandsþingið lagði áherzlu á það, að fjár til niðurgreiðslnanna yrði að afla þannig, að ekki hlytist af rýrnun á kaupmætti launa, og benti á í því sambandi, að fjár til niðurgreiðslnanna mætti ekki afla með nýjum sköttum, sem verkalýðsstéttunum væri síðan ætlað að bera að meira eða minna leyti. Og hvernig taldi þingið að þetta væri hægt? Það benti á, að þetta væri hægt með niðurskurði á fjárl. Hér hefur Alþfl. lýst yfir, að hann vilji niðurskurð á fjárl. Það fékkst hins vegar ekki yfirlýsing um það frá talsmanni Sjálfstfl. hér í gærkvöld, að búið væri að

tryggja það, að Sjálfstfl. fylgdi 40 millj. kr. niðurskurði á fjárl. Ef það samþykki fæst ekki, þá er sú von búin hjá Alþfl. með þá leiðina til þess að leysa fjárhagshlið málsins.

Alþýðusambandsþingið mælti með frestun á ýmsum framkvæmdum, sem hefðu minni þýðingu í rekstri þjóðarbúsins, draga úr fjárfestingarútgjöldum í bili og láta þann samdrátt koma niður á minna þýðingarmiklum fjárfestingarframkvæmdum. Það lýsti sig samþykkt því, að tekinn væri hluti af greiðsluafgangi ríkissjóðs, sem þá var vitað um að yrði nokkur, til þess að standa undir þessum aðgerðum, og enn fremur, að auknar væru tekjur af einkasölum, áfengiseinkasölu og tóbakseinkasölu, og sérstaklega bent á, að ástæða væri til að taka upp einkasölu á olíum sem tekjustofn. E. t. v. eru einhverjir möguleikar til þess.

Nú er þannig að málinu farið, að Alþfl. ætlar sér að skera niður vísitöluna, ekki í 185 stig, eins og samþykkt var á Alþýðuflokksþingi og Alþýðusambandsþingi, heldur niður í 175 stig, og mismunurinn liggur í því, að Alþfl. færist það í fang að skera í burt bótalaust fyrir launastéttir landsins 10 vísitölustig. Það var sannarlega ekki með, hvorki í flokkssamþykkt Alþfl. né Alþýðusambandsins. Og þetta er ákveðið og allt frv. samið án nokkurs samráðs við verkalýðshreyfinguna. Þess hefði ég sízt vænzt frá ríkisstj. Alþfl.

Eftir því sem ég bezt veit, bar málið þannig að, að þegar frv. var búið að fá á sig nokkurn veginn endanlegt form, þá var það borið undir nefnd í Sjálfstfl., og á föstudag í fyrri viku mun það hafa verið komið til Sjálfstfl. til umsagnar og athugunar. Á laugardag fyrir hádegi var það borið undir fulltrúa bændasamtakanna. Á laugardag kl. hálffimm var það síðan borið undir fulltrúa frá Alþýðusambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandinu, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Iðnnemasambandinu, Sambandi bankamanna og Landssambandi íslenzkra verzlunarmanna. Og fyrst á *sunnudag fékk* Alþýðusambandsstjórnin frv. sjálft til athugunar, en þá var gerður samningur við Landssamband íslenzkra útvegsmanna, einmitt á þeim sama sólarhring, um það, hvaða bætur skyldu greiddar sjávarútveginum, og að öllu leyti sleginn botninn í frv. og ákveðið, hvernig það endanlega skyldi verða, áður en svar hafði borizt frá þeim samtökum, sem rætt hafði verið við á laugardaginn síðdegis. Þannig er það augljóst mál, að við verkalýðshreyfinguna, við launþegasamtökin í landinu var ekkert samráð haft í sambandi við þær leiðir, sem farnar skyldu til lausnar efnahagsmálunum af ríkisstj. Alþfl. Þar voru aðrir kvaddir til, sem meira þykir nú á velta heldur en á verkalýðshreyfingunni.

Ég undirstrika það alveg sérstaklega, að kauplækkanirnar í þessu frv. eru ekki það versta að dómi verkalýðssamtakanna og launþegastéttanna í landinu. Kauplækkanirnar sjálfar eru ekki það versta við þetta frv. Það er annað, sem er verra. Í þessu frv. felst árás á samningafrelsi verkalýðsstéttarinnar, alþýðusamtakanna, og það kemur úr hörðustu átt, finnst okkur, að til þess að ráðast á þann helga rétt skyldi verða ríkisstj. Alþfl. Þegar málið var borið undir miðstjórn Alþýðusambandsins, þá er það þess vegna fyrst og fremst þetta atriði, að samningafrelsi verkalýðsfélaganna er nú skert í fyrsta sinn og það færzt í fang af verkalýðsflokki að lögfesta kauplækkun, ákveða kauplækkun með lögum, og gera þetta allt saman án samráðs við verkalýðssamtökin.

Enn fremur lítur miðstjórn Alþýðusambandsins svo á, að það sé mjög misskipt gæðunum, þegar í senn á að skerða samningafrelsi samtakanna og lækka kaupgjaldið með lögum, að þá séu tugir milljóna samtímis teknir af almannafé og látnir renna til nokkurra atvinnurekenda eða nokkurra tuga atvinnurekenda *í sjávarútvegi umfram þann* hagnað, sem þessum sömu aðilum er tryggður við framkvæmd sjálfrar kauplækkunarinnar. Nú er upplýst af hæstv. forsrh., að þessi upphæð, *sem rétt er atvinnurekendunum í* útgerðarmannastétt, sé 77 millj. kr. umfram það, sem þeim hafði áður verið veitt og virtist benda til þess, að þeir hefðu þá fengið góðan hlut.

Miðstjórn Alþýðusambandsins bendir líka á það í sinni yfirlýsingu, að það skipti nokkru máli, hvaðan það fé verði tekið, hvort það verði t. d. tekið af launastéttunum að meira eða minna leyti, sem aflað verði til þess að standa straum af niðurgreiðslum og öðrum útgjöldum í sambandi við aðgerðir þessa lagafrv. Um það liggur ekkert fyrir enn að öðru leyti en því, sem vitnað hefur verið til greiðsluafgangs ríkissjóðs á s. l. ári og að það mætti glenna dálítið tekjuhlið fjárlaganna, ja, ekki neitt smávegis, heldur upp á 83 millj. kr., og þannig eigi að bjarga þessu öllu saman. Það er raunar lítið trúlegt, að þetta verði hægt, og þá er vitað, að það verður að koma til einhver fjáröflun, og þykir okkur illt að vita ekki, þegar við eigum að taka afstöðu til málsins, hvaðan þess fjár skuli aflað.

Þá víkjum við aftur að því í okkar ályktun, að þetta frv. brjóti í bága við samþykktir Alþýðusambandsþings og stefni að stórfelldri kjaraskerðingu.

Hæstv. forsrh. las hér í gær samþykkt þá, sem Alþýðusambandið gerði á fundi sínum 18. þ. m. og sendi hæstv. forsrh. þá þegar. Með því að góð vísa er aldrei of oft kveðin, og viðhorf alþýðusamtakanna til þessa máls er ekki þýðingarlaus hlutur, vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa þessa yfirlýsingu aftur. Hún er svo hljóðandi:

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands fékk í gær, sunnudag 18. jan., til umsagnar frv. ríkisstj. í efnahagsmálum og vill út af því taka eftirfarandi fram:

1) Þessar ráðstafanir hafa verið ákveðnar af ríkisstj. án nokkurs samráðs við verkalýðssamtökin, sem m. a. sést af því, að nú þegar hefur verið lokið endanlegu samkomu-

lagi við Landssamband íslenzkra útvegsmanna um aukna aðstoð við útgerðina á þeim grundvelli, að frv. verði lögfest.

2) Með frv., ef að lögum yrði, er gert ráð fyrir því að breyta löglega gerðum kjarasamningum stéttarfélaganna stórlega til lækkunar og ákveða þannig kauplækkun með lögum. Getur verkalýðshreyfingin ekki látið það undir höfuð leggjast að mótmæla slíku harðlega.

3) Samið hefur verið við atvinnurekendur í sjávarútvegi um tugmilljóna auknar bætur af opinberu fé umfram það, sem felst þeim til hagsbóta í kauplækkuninni.

4) Engin trygging er fyrir því, að fjár til þessara ráðstafana og niðurgreiðslna verði ekki aflað með nýjum álögum á almenning síðar á árinu.

5) Miðstjórnin telur, að aðgerðir þessar brjóti í meginatriðum í bága við stefnu þá, sem nýlokið Alþýðusambandsþing markaði í efnahagsmálum, þar sem með henni er í senn gengið á samningsrétt verkalýðsfélaganna og stefnt að stórfelldri kjaraskerðingu.

Með vísun til framanritaðs varar miðstjórn Alþýðusambands Íslands alvarlega við samþykkt frv. og bendir sérstaklega á þá hættu, sem í því felst að ætla að afgreiða aðgerðir í efnahagsmálunum án eðlilegs samráðs og samstarfs við launþegasamtökin í landinu.

Jafnframt lýsir miðstjórnin yfir því, að hún er reiðubúin til viðræðna við ríkisstj. um aðgerðir verðbólgunni til stöðvunar á grundvelli þeirrar samþykktar, sem þing Alþýðusambandsins í lok nóv. s. l. gerði í þeim efnum."

Á þennan hátt er túlkuð í stuttu máli afstaða Alþýðusambandsins, sem þegar er farin að fá undirtektir hjá verkalýðssamtökum úti um land, á þann veg, að þau eru á þeirri skoðun, að gjalda beri varhuga við að lögfesta þetta frv.

Það er rétt, sem hæstv. forsrh. tók fram, að þessi samþykkt er gerð af meiri hl. miðstjórnar Alþýðusambandsins, en sérstaka till. báru fram fjórir miðstjórnarmenn, Alþýðuflokksmennirnir í miðstjórninni, og kom sú till., sem þeir báru fram, ekki til atkvæða, en þetta er ályktun Alþýðusambands-miðstjórnarinnar, sem gerði þessa ályktun á fundi sínum þann 18. jan.

Mig minnir, að það væri hv. 1. þm. S-M., sem vék að því í gær í umr., að það væri stundum þannig, að menn skiptu um skoðun á skömmum tíma, og það verð ég að segja, því miður, að þeir menn, sem á Alþýðusambandsþingi stóðu að þeirri efnahagsmálasamþykkt, sem þar var gerð, hafa verið fljótir að skipta um skoðun, þegar þeir geta mælt með kjaraskerðingu og skerðingu á samningafrelsi verkalýðsfélaga, eins og óneitanlega felst í þessu frv. Ég tók hér með mér einn vitnisburð enn um einmitt þetta atriði, en það er bréf frá Múrarafélagi Reykjavíkur, sem lesið var upp á fyrsta þingfundi síðasta Alþýðusambandsþings, enda var bréfið stílað til forseta 26. þings Alþýðusambands Íslands. Bréfið er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Á fundi Múrarafélags Reykjavíkur 25. nóv. 1958 var samþykkt eftirfarandi tillaga:

Fundur í Múrarafélagi Reykjavíkur 25. nóv. 1958 felur fulltrúum sínum á Alþýðusambandsþingi að beita sér gegn vísitöluskerðingu og öðrum þeim kjaraskerðingum, sem kunna að felast í efnahagsmálaráðstöfunum ríkisstjórnarinnar, ef lagðar verða fyrir Alþýðusambandsþing það, er nú situr.

Jafnframt treystir fundurinn því, að Alþýðusambandsþing afgreiði engin þau mál, sem skerða samninga sambandsfélaganna, án samþykkis félagsfunda.

F. h. Múrarafélags Reykjavíkur.

Ásmundur J. Jóhannsson, ritari félagsins."

En einn af fulltrúum þessa virðulega félags, sem var bundinn af þessari samþykkt á Alþýðusambandsþingi í lok nóv., var hv. 4. þm. Reykv. (EggÞ), sem nú á einnig sæti í miðstjórn Alþýðusambandsins og mælti þar bæði með skerðingu á samningafrelsi verkalýðsfélaga og kaupskerðingu með niðurskurði vísitölu, ekki aðeins niður í 185 stig, eins og hafði verið fallizt á á þingi Alþýðuflokksins, heldur niður í 175 stig og þar með í viðbót 10 stiga niðurfellingu bótalaust. Svona er afstaðan fljót að breytast stundum. Það er alveg rétt, sem hv. 1. þm. S-M. sagði um það.

Ég vil að lokum segja þetta, að ég tel það harmsögu, átakanlega harmsögu, að sá einstæði atburður skuli hafa gerzt, að verkalýðsflokkur skuli hafa tekið að sér það hlutverk með stuðningi pólitískra samtaka atvinnurekenda í landinu að bera fram á Alþingi Íslendinga frv. til laga, sem brýtur niður samningafrelsi stéttarfélaganna og miðar að lögbindingu á kauplækkun, stórfelldri kauplækkun. Í þessum harmleik og löngu eftir að hann verður af sviðinu mun íslenzk alþýða ekki gleyma, hver þar fór með hlutverk Ketils, og því síður mun alþýðan gleyma þeim, sem fór með hlutverk Skugga-Sveins að baki Katli í þeirri aðför, sem nú er gerð að launþegastéttum Íslands.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. 7. þm. Reykv. (HV) hóf hina löngu ræðu sína á því að lesa upp úr blöðum, einum tveimur eða þremur blöðum, og hann hafði þau meðferðis og sýndi þau hv. þingheimi. Ég ætla nú að gera hið sama að byrja ræðu mína á því að lesa upp að vísu aðeins úr einu blaði, og ég ætla að láta þennan upplestur verða kjarnann í svari mínu við ræðu hv. 7. þm. Reykv. Ég vona, að hann verði ekki óánægður með það, að ég skuli hafa þennan hátt á því að svara honum, vegna þess að blaðið, sem ég ætla að sækja svarið í, er Vinnan, tímarit Alþýðusambands Íslands, og höfundur greinarinnar, sem ég ætla að lesa alla, til þess að ég verði ekki sakaður um að bera fram glefsur, sem séu því tíndar úr samhengi, er sjálfur forseti Alþýðusambands Íslands, sá maður, sem var að ljúka máli sínu. Ég endurtek, að ég vona, að hann verði ekki óánægður með, að svar mitt skuli fyrst og fremst verða þetta. Ég hygg, að hann líti þannig á, að höfundur

svarsins sé fullframbærileg persóna, og þess vegna mun ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa þessa grein, sem hann skrifaði í nóv. s. l., þá enn verandi félmrh. í fyrrv. ríkisstj.

Það er einnig önnur ástæða til þess, að ég les greinina, og hún er sú, að ég ber það hlýjan hug til hv. þm., bæði eftir 2½ árs samstarf í fyrrv. ríkisstj. og sökum enn þá miklu lengra samstarfs við hann í Alþfl., að ég ekki aðeins ann honum þess, heldur beinlínis vil, að í þingskjölum geymist um hann skynsamlegri ummæli og betri málflutningur en sá, sem hann hafði frammi í hinni löngu ræðu sinni áðan. Og með leyfi hæstv. forseta hefst nú lesturinn:

Fyrirsögnin er: „Verkalýðshreyfingin og samtök bænda geta ein stöðvað dýrtíðarflóðið. Það verður að gerast nú, að öðrum kosti er það um seinan.“ Þetta er fyrirsögnin.

„Nú hefur reynslan sýnt, svo að ekki verður um villzt, að efnahagsmálaaðgerðirnar, sem gerðar voru s. l. vor, hafa reynzt ósvikin blóðgjöf fyrir framleiðsluatvinnuvegi þjóðarinnar. Aldrei höfum við haft þróttmeira atvinnulíf en síðan þessar ráðstafanir voru gerðar. Vélbátaútgerðin fékk með þessum aðgerðum forsvaranlegan rekstrargrundvöll, togaraútgerðin er nú rekin með nokkrum ágóða, og þau hraðfrystihús, sem sæmilega aðstöðu hafa til hráefnisöflunar, eru nú gróðafyrirtæki. Auglýsingar um, að þetta eða hitt fyrirtæki vanti verkafólk, hafa nú um sinn verið algengustu auglýsingar ríkisútvarpsins, og í haust urðu skólarnir víða að veita unglingum undanþágu frá skólavist, sökum þess að atvinnufyrirtækjum lá við stöðvun, ef unga fólkið hyrfi frá framleiðslustörfunum og settist á skólabekki.

En er það nú víst, að þetta séu ávextir efnahagsmálaaðgerðanna á s. l. vori? Hefði útgerðin ekki verið í fullum gangi, þó að ekkert hefði verið að gert? Enginn, sem nokkuð þekkir til útgerðar, getur látið sér detta í hug, að nokkrum vélbát hefði verið haldið til veiða s. l. sumar, ef útflutningssjóður hefði ekki fengið auknar tekjur til þess að geta veitt vélbátaútgerðinni aukna aðstoð. Og jafnvíst er hitt, að togararnir voru orðnir svo sokknir í skuldir s. l. vor vegna hallarekstrar undanfarinna ára, að þeir voru komnir fast að stöðvun, þegar fiskverðið var hækkað og útflutningssjóði gert fært að stórauka aðstoðina til þeirra. Þar við bættist að vísu, að ný karfamið fundust, svo að afli togaranna hefur verið óvenjulegur seinustu mánuðina. En nú er líka talað um, að togari með meðalafla muni hafa nokkur hundruð þús. kr. tekjuafgang á árinu 1958. Slíkra umskipta hafði lengi verið full þörf.

Það var þessi bætta aðstaða sjávarútvegsins, sem hleypti slíku kappi í útgerðina sem hér hefur verið lýst. Hverri fleytu var ýtt úr vör, og unglingarnir létu hundruðum saman skrá sig á skipin, enda höfðu kjör sjómanna verið stórbætt. Hraðfrystihúsin gengu nú víða í fyrsta sinn fyrir fullum afköstum, og þjóðartekjurnar uxu til verulegra muna.

Þetta veldur því, að framleiðsluatvinnuvegirnir hefðu nú getað risið undir því að bera þá 5% kauphækkun, sem lögboðin var, þá vísitöluhækkun kaups, sem leiddi af verðhækkunum efnahagsmálaaðgerðanna í vor, og allt þetta án þess að þurfa að afla nýrra tekna framleiðsluatvinnuvegunum til styrktar.

En nú hefur verið látið undan með að hækka vöruálagningu bæði í heildsölu og smásölu, grunnkaup hefur verið hækkað um 6—9½%, en það þýðir, að með vísitöluhækkuninni hefur kaup verkamanna þegar hækkað um 16.2%, og hjá flestum öðrum stéttum um 12.5%. Fram undan eru svo miklar vísitöluhækkanir og verðhækkanir og víxlverkanir af þessu hvoru tveggja. Þetta þýðir, að verkamannakaup yrði fljótlega að óbreyttu vísitölukerfi rúmlega 20% hærra en það kaup, sem útflutningsbætur voru miðaðar við s. l. vor, en kaup annarra um 17% hærra.

Nú blasir það við, að útflutningsatvinnuvegirnir telja sig ekki geta risið undir svo stórlega auknum tilkostnaði án þess að stöðvast, nema þeim sé enn á ný séð fyrir aukinni aðstoð til að standast kostnaðinn, en sú fjáröflun mundi enn auka dýrtíð og með næsta hausti valda mikilli hækkun landbúnaðarvara. Hækkað verð landbúnaðarvara leiddi svo af sér nýjar vísitöluhækkanir 1. des. haustið 1959, og enn yrði að afla fjár, mikils fjár, til þess að tryggja rekstur framleiðsluatvinnuveganna. Þannig gengi þetta svo koll af kolli.

Nú er flestum orðið ljóst, að þetta er leiðin til glötunar. Þessa braut má ekki renna til enda. Hún liggur fram af hengiflugi, og nú er Alþýðusambandsþing að hefjast. Telur það þessa verðbólguleið vera leiðina til sannra kjarabóta? Ef ekki, verður það að þora að spyrna hér við fótum. En hver þorir að beita sér fyrir því?

Og þá er komið að höfuðmeinsemd íslenzkra verkalýðsmála. Hér eru tveir verkalýðsflokkar. Þeir eru á varðbergi hvor gagnvart öðrum. Hvorugur þykist öruggur fyrir yfirboðum hins. Báðum hættir því til að víkja sér undan vandanum, biðjast undan ábyrgðinni. En einasta þjóðfélagsaflið, sem getur stöðvað þessa óheillaþróun, er verkalýðshreyfingin í samstarfi við samtök bændastéttarinnar. Og nú er tækifærið til að bægja miklum voða frá dyrum.

Á þessu Alþýðusambandsþingi eru um 300 fulltrúar núverandi stjórnarflokka og aðeins um 50 stjórnarandstæðingar. Ef stjórnarsinnar samstilla vel kraftana, geta þeir auðveldlega leyst þennan mikla vanda. Aðstaðan til að leysa málið nú er öll hin ákjósanlegasta. Verðlag erlendra vara á heimsmarkaðinum er stöðugt, verðlag íslenzkra afurða heldur hækkandi, öll okkar framleiðsla selst eftir hendinni, framleiðsla okkar er meiri en nokkru sinni fyrr. Nú þarf að deila byrðunum á bök allra Íslendinga. Framleiðslan getur sjálf tekið á sig nokkurn hluta byrðarinnar. Ríkissjóður á að sýna nokkra viðleitni til sparnaðar, og auk þess getur hann vel staðið undir nokkurri niðurgreiðslu nauðsynjavara. Álagningu í heildsölu og smásölu á að færa aftur í sömu

prósenttölu og s. l. ár. Ríki, sveitarfélög og einstaklingar eiga að draga nokkuð úr fjárfestingu á næsta ári. Bændur eiga að lækka framleiðsluvörur sínar um nokkur vísitölustig, með því eykst sala þeirra, og því eiga verkamenn að svara með því að falla frá nokkrum vísitölustigum af kaupi sínu. Nýja vísitölu á að taka upp í stað þeirrar gömlu. Takmarkið með þessu öllu á að vera það, að kaupgjald og verðlag nemi staðar, þar sem það nú er, svo að atvinnulífið geti haldið áfram án nýrrar tekjuöflunar eftir þessa aðgerð og þjóðartekjurnar geti haldið áfram að vaxa, eins og þær gerðu á þessu ári. Það er raunar það eina, sem tryggt getur varanlegar kjarabætur."

Með þessu lýkur þessari ágætu grein.

Ég vildi í fyrsta lagi óska þess, að forseti Alþýðusambands Íslands hefði borið gæfu til þess að sýna það þor að beita sér fyrir þessari stefnu á síðasta Alþýðusambandsþingi, og það var líka þá og er enn einlæg ósk mín, að tekizt hefði að gera þessa stefnu að stefnu alþýðusamtakanna, þeirra alþýðusamtaka, sem hann þá veitti og veitir enn forustu. En því miður varð það ekki. Innan flokks hans, Alþb., urðu önnur öfl ofan á. Þau sömu öfl, sem beittu sér gegn þeim ráðstöfunum í fyrravor, sem hann hér hælir með sterkum og réttum orðum, þau sömu öfl, sem greiddu atkvæði gegn efnahagsráðstöfununum í fyrravor, sem beittu sér gegn þeim ráðstöfunum, sem hann hér hælir, þau urðu ofan á í hans flokki, og þess vegna varð stefna þessarar greinar ekki ofan á sem stefna alþýðusamtakanna.

Í raun og veru þarf ekki annað en vitna til þessarar greinar sem svars við hinni löngu ræðu hv. þm. og málflutningi flokks hans um þessar mundir, því að það, sem er tilgangurinn með þessu frv., sem hér er um að ræða, er einmitt nákvæmlega það, sem segir í niðurlagi hinnar ágætu greinar forseta Alþýðusambandsins. Það er tilgangur frv. að deila byrðunum nú á bök allra Íslendinga. Framleiðslan er látin taka á sig nokkurn hluta byrðarinnar, t. d. frystihúsin, sem eru látin bera alla kauphækkunina frá því í sumar, fá engar bætur vegna þeirrar 10.7% kauphækkunar. Ríkissjóður á að sýna viðleitni til sparnaðar með niðurfærslu gjalda á fjárlögum, og hann á að standa undir nokkurri niðurgreiðslu nauðsynjavara. Álagning í heildsölu og smásölu á að lækka. Bændur eiga að lækka vöru sína sem svarar 10 vísitölustigum. Launþegar allir eiga að gefa eftir af kaupi sínu sem svarar 10 vísitölustigum. Nýja vísitölu á að taka upp í stað þeirrar gömlu.

Þetta eru liðirnir í stefnuskrá forseta Alþýðusambandsins, þáverandi félmrh., í nóv. s. l., og þetta er nákvæmlega kjarni þess frv., sem hér er um að ræða.

Þó að með þessu sé í raun og veru ræðu þm. fullsvarað, þá voru fáein einstök atriði í ræðu hans, sem ég vildi minnast á.

Hv. þm. reyndi að gera þá staðhæfingu, að 1. marz n. k. muni kaupmáttur launa verkamanna og iðnaðarmanna verða örlítið hærri en hann var í okt. s. l., tortryggilega með því að endurtaka staðhæfingar útreikninga, sem birzt hafa í dagblaði undanfarna daga. Ég skal ekki rekja, í hverju sá hugsanagangur liggur eða hvernig reynt er að rökstyðja þá staðhæfingu, sem hv. þm. endurtók nokkrum sinnum, að þessar ráðstafanir þýddu 9.3% kjaraskerðingu verkamanna. Ég geri ráð fyrir, að flestum þm. sé orðið það kunnugt, bæði af blaðaskrifum undanfarna daga og af ræðu hv. þm. nú. En ég skal leyfa mér að benda á með örfáum orðum, í hverju sú rökvilla er fólgin, sem þessi staðhæfing byggist á. Hún gerir ráð fyrir því, að kaupgjaldið samkvæmt kaupgreiðsluvísitölu 202, eins og það varð 1. des. s. l., sé raunverulegt kaupgjald, þ. e., að hægt hefði verið að halda kaupmætti þeirra launa, sem launþegar fengu 1. des. 1958. Einmitt þessi staðhæfing er röng, þessi forsenda er röng. Það var öllum ljóst þá og hlýtur öllum, sem um málið hugsa, að vera ljóst, að það er ekki hægt áfram að halda óbreyttum kaupmætti þeirrar krónutölu kaups, sem svarar til kaupgjaldsvísitölunnar 202. Á því m. a. var það byggt, að allir fyrrv. stjórnarflokkar voru um það sammála að láta vísitöluna ekki hækka 1. des. upp í 202, heldur halda henni í 185. Rökvillan er síðan í því fólgin að gleyma að taka tillit til þess, að eftir 1. des. hljóta að koma fram í verðlaginu ótal verðhækkanir sem afleiðing þess, að kaupið hækkaði 1. des. úr 185 upp í 202, — ótal verðhækkanir, sem er ómótmælanlegt að mundu í allra lengsta lagi á 12 mánuðum gera þessa krónutölu kaupsins að nákvæmlega engu, ef ekki minna en engu. Þegar á fyrstu 3 mánuðum eftir 1. des. hefði mjög verulegur hluti þessarar kauphækkunar eyðzt vegna hækkandi verðlags. Á næstu 6 mánuðum hefði enn sigið á sömu hlið og mestur hlutinn þegar horfið. Og í síðasta lagi við verðlagningu landbúnaðarafurða í sept. 1959 hefði þessi kaupmáttaraukning gersamlega horfið, þannig að það er óhætt að staðhæfa, að það hefði í allra lengsta lagi tekið 12 mánuði að brenna þessa kauphækkun upp til agna og líklega meira en það, því að ýmsar þær verðhækkanir, sem hefðu hlotizt af þessari kauphækkun 1. des., svo sem hækkun skatta og útsvara hefðu aldrei fengizt bættar í nýrri hækkun kaups. Það er því óhætt að staðhæfa, að á 5—6 mánuðum hefði í raun og veru öll kauphækkunin étizt upp og á 12 mánuðum hefði hún gert meira en étast upp. Af þessum orsökum er það alveg augljóst mál, að það er fullkomin fölsun að miða kjaraskerðingu vegna þessara ráðstafana fram til 1. marz við það, að kaupgjaldið frá 1. des. 1958 hafi verið raunverulegt kaupgjald, og miða kjaraskerðinguna við upphæð kaupsins, eins og hún varð þá. Með þessu er öllum þessum útreikningum í raun og veru fullsvarað.

Það var reynt að gera þær tölur yfir þessi efni, sem fylgja frv., tortryggilegar á þann hátt, að í okt. 1958 hafi framfærsluvísitalan þegar verið hækkuð frá því 1. sept. Það er auðvitað rétt, vísitalan hækkar alltaf á því

3 mánaða tímabili, sem líður milli þess, að kaupgjaldi er breytt. En sú staðhæfing, að kaupmátturinn 1. marz muni verða hærri en var í okt., er þó miðuð við 1. okt., þannig að aðeins einn mánuður er liðinn af verðhækkunartímabilinu. Það, að þetta er ekki ósanngjörn viðmiðun, sést einnig á því, að sé kaupmátturinn 1. marz 1959, eins og hann verður þá, borinn saman við 1. febr. 1958, þ. e. tímann fyrir efnahagsmálaaðgerðirnar, þá sést, að einnig hefur orðið aukning á kaupmættinum eins og hann verður 1. marz n. k., miðað við 11 mánaða tímabilið allt í heild. Það hefur einnig verið reynt að gera þessar tölur tortryggilegar með því að benda á, að óvarlegt sé að tala um, hver kaupmátturinn raunverulega verði 1. marz, því að hann sé ókominn enn. En þessar staðhæfingar byggjast á því, að ríkisstj. hefur lýst því yfir, bæði í framsöguræðu hæstv. forsrh. og í grg. frv., að ef ekki takist að koma framfærsluvísitölunni niður í 202 stig með þeim verðlækkunarráðstöfunum, sem frv. gerir ráð fyrir, þá muni niðurgreiðslur verða auknar sem því svarar, þannig að það er tryggt, að framfærsluvísitalan verði ekki hærri en 202 stig 1. marz n. k., en það svarar til kaupgreiðsluvísitölu 185, svo að eftirgjöfin getur aldrei orðið meiri samkvæmt yfirlýsingu ríkisstj. en margumrædd 10 stig.

Það þriðja, sem reynt hefur verið að gera þessar staðhæfingar tortryggilegar með, er, að niðurgreiðslurnar séu fölsun á vísitölunni, að vísitalan sýni ekki rétta mynd af verðlaginu og niðurgreiðslur jafnvel auki það fals. Um þetta er aðeins það að segja, að þær niðurgreiðslur, sem nú voru teknar upp um áramótin, eru engan veginn fyrstu niðurgreiðslurnar, sem ríkisvaldið hér hefur framkvæmt. Hér hefur verið greitt niður verðlag meira og minna s. l. 15 ár, og það er engin nýjung í þessu sambandi. Fulltrúar Alþb. hafa setið í ríkisstj. nú í 2½ ár og búið við mjög miklar niðurgreiðslur á verðlagi, miklar niðurgreiðslur á vísitölu og aldrei allan þennan tíma hreyft því í ríkisstj., að þessar niðurgreiðslur bæri að afnema eða minnka af þeim sökum, að niðurgreiðslur séu fölsun á vísitölunni og þar af leiðandi felist í þeim kjaraskerðing launþegum til handa. Þessar niðurgreiðslur, sem nú hafa verið gerðar, eru eins og aðrar niðurgreiðslur. Það má deila um það mjög mikið, hver áhrif þær hafi, en það vil ég undirstrika, að í eðli sínu eru þær í engu frábrugðnar þeim niðurgreiðslum, sem áður voru í gildi og fulltrúar Alþb. hafa sætt sig við.

Þá sagði hv. þm., að samkvæmt frv. ætti álagning verzlunar ekki að lækka. Þetta er auðvitað misskilningur, enda er það skýrt tekið fram í 10. gr. laganna, að það skuli gert.

Hv. þm. sagði einnig, að það væri í ósamræmi við aðgerðir ríkisstj., að um svipað leyti og þetta frv. hefði verið lagt fram hefði komið í blöðum frásögn af hækkun á afnotagjöldum ríkisútvarpsins. Mér kom svolítið á óvart, að hann skyldi vekja hér máls á þessu, því að ég gerði ráð fyrir því, að honum væri kunnug forsaga þess máls. Það var í ágúst s. l. sem ríkisútvarpið fór fram á það við menntmrn. að fá að hækka afnotagjald af útvarpi úr 200 kr. í 350 kr. 1. des. s. l., eða þegar vitað varð, að kaupgreiðsluvísitala mundi hækka upp í 202 stig og þannig valda ríkisútvarpinu eins og öllum öðrum mjög miklum auknum útgjöldum, samþykkti menntmrh. að leyfa útvarpinu að hækka afnotagjöldin upp í 300 kr. Þetta var 1. des. s. l., áður en fyrrv. stjórn sagði af sér og eftir að málið hafði verið rætt í fyrrv. ríkisstj., af því að ég hafði skýrt á ráðuneytisfundi frá þessari ósk ríkisútvarpsins, svo að þetta hefði hv. þm., sem einnig var ráðh. verðlagsmála í fyrrv. ríkisstj., átt að vera kunnugt. Hitt er svo annað mál, að vegna þeirra breyttu viðhorfa, sem nú eru orðin, vegna þess að þetta frv. hefur verið lagt fram og nær vonandi fram að ganga, þá hef ég nú afráðið að láta þessa hækkun ekki koma til framkvæmda og tilkynnt ríkisútvarpinu það einmitt í dag, og mun það væntanlega koma fram í útvarpi og blöðum á morgun.

Með þessu tel ég ræðu hv. 7. þm. Reykv. vera svarað.

Þá langar mig til þess að fara fáeinum orðum um málið almennt og gera nokkra grein fyrir þeim till., sem uppi hafa verið af hálfu stjórnmálaflokkanna til lausnar þess vanda, sem allri þjóðinni er nú ljóst að steðjar að þjóðarbúskapnum. Vandinn, sem við var að etja, áður en útgerð skyldi hefjast um s. l. áramót, var fólginn í því, að þeim grundvelli, sem lagður hafði verið að hallalausum rekstri útflutningsframleiðslunnar á s. l. vori með löggjöfinni frá því í maí, var gersamlega raskað á s. l. sumri og s. l. hausti. Vandinn var fólginn í því, að það var vitað, að 1. des. mundi vísitalan hækka um 17 stig. Enn var vitað um verðhækkanir, sem voru óframkomnar 1. des., en mundu hækka vísitöluna til viðbótar um 2 stig. Ef síðan ætti að gera útveginum kleift að bera þá hækkun kaupgjalds, sem orðið hafði á s. l. sumri og hausti, með því að hækka bætur til útvegsins tilsvarandi og afla fjár til þess með hækkun yfirfærslu- og innflutningsgjalda, þá hlaut af því að leiða nýja verðhækkun, nýja hækkun á vísitölunni. Sú hækkun var áætluð 8 stig, þannig að við blasti 27 stiga hækkun á vísitölunni. Ég endurtek: 17 stiga hækkunin 1. des., a. m. k. 2 stig vegna óframkominna gamalla verðhækkana sem afleiðing af efnahagsmálaráðstöfununum og um það bil 8 stig, sem leiða mundi af því, að yfirfærslugjöld og innflutningsgjöld yrðu hækkuð, til þess að hægt væri að hækka bætur útvegsins til þess að gera útveginum kleift að standa undir þeirri kaupgjaldshækkun, sem orðið hafði á sumrinu og haustinu. Það var þessi vandi upp á 27 vísitölustig, sem við var og við er enn að glíma.

Fyrrv. stjórnarflokkar lögðu allir í fyrrv. ríkisstj. fram sínar till. um lausn þessa máls. Ég skal segja frá því í örstuttu máli, hver var kjarni þessara tillagna.

Framsfl. varð fyrstur með sína tillögugerð, lagði sínar till. fram 17. nóv. Í aðalatriðum

voru þær þessar: Kaupgreiðsluvísitalan skyldi áfram vera 185 stig. Launþegar skyldu gefa eftir 15 stig af þeim 17 stigum, sem vitað var að vísitalan átti að hækka um eftir hálfan mánuð. Hins vegar skyldi engin breyting verða á verðlagi innlendra landbúnaðarafurða, en hækka skyldi útflutningsbætur svo mikið sem nauðsynlegt væri, til þess að rekstrargrundvöllur útvegsins væri jafngóður og hann var á s. l. ári. Þá hækkun vísitölu, sem af þessu hlytist, skyldi greiða niður, og mátti því búast við, að niðurgreiðslan samkvæmt till. Framsfl. yrði allt að 12 stigum. Flokkurinn gerði ekki ráð fyrir niðurskurði á fjárlögum á framlögum til verklegra framkvæmda, og það var forsenda þessara tillagna hans, að kaupmáttur launa rýrnaði ekki frá því, sem hann var í okt. s. l., og sýnt fram á, að þetta væri kleift með þessum ráðstöfunum.

Alþb. og Alþfl. lögðu fram sínar till. í aðalatriðum nokkru fyrir mánaðamótin nóvember—desember. Till. Alþb. voru í aðalatriðum þessar:

Kaupgreiðsluvísitalan skyldi áfram vera 185 stig. Skyldi greiða niður 15 vísitölustig og leita annarra ráða, að því er sagði í till., í samráði við stéttasamtökin um leiðir til lækkunar á verðlaginu. Lækka skyldi álagningu, framkvæma niðurskurð á fjárlögum, og var talan 40 millj. nefnd í því sambandi. Var tekið fram, að ekki skyldi skerða kjör samkvæmt samningum stéttarfélaga.

Till. Alþfl. voru í aðalatriðum þær,, að áfram skyldi greiða kaup samkvæmt vísitölu 185. Halda skyldi kaupmætti launa óbreyttum frá því, sem var í október s. l. Launþegar skyldu gefa eftir allt að 10 stigum af kaupgjaldi sínu, og framkvæmd skyldi verða nokkur lækkun á afurðaverði bænda. Hækka skyldi útflutningsbætur og greiða afleiðinguna af þeirri hækkun niður, og framkvæma skyldi verulega lækkun á útgjöldum á fjárlögum til fjárfestingarframkvæmda aðallega og nefndar allt að 40 millj. kr. í því sambandi.

Ef reynt er að bera saman í örstuttu máli, hvað er sameiginlegt í einstökum atriðum í till. þessara þriggja þáv. stjórnarflokka og hvað ber á milli, held ég, að um það megi segja eftirfarandi: Allir þrír flokkarnir voru sammála um, að kaupgreiðsluvísitala mætti ekki hækka úr 185 upp í 202, ekki hækka sem svarar 17 stigum, eða 9.2%.

Í aðalatriðum var aðferð Framsfl. og Alþfl. til að ráða bót á vandanum hin sama, þ. e. úrræðin skyldu grundvallast á nokkurri eftirgjöf á vísitölustigum og nokkurri niðurgreiðslu. Í till. Framsfl. var gert ráð fyrir 15 stiga eftirgjöf, en afleiðing af till. Alþfl. hefði orðið um 10 stiga eftirgjöf, en svipuð niðurgreiðsla samkv. till. beggja flokkanna. Munurinn á eftirgjöfinni er hins vegar skýranlegur með því, að Framsfl. gerði ekki ráð fyrir neinni lækkun á verði landbúnaðarafurða og hann gerði ekki ráð fyrir neinum niðurskurði á fjárfestingarútgjöldum í fjárl. Ástæðan til þess, að Alþfl. gat gert ráð fyrir nokkru minni eftirgjöf, var þetta tvennt, að hann gerði ráð fyrir nokkurri lækkun á landbúnaðarafurðunum og ráð fyrir allt að 40 millj. kr. niðurskurði á útgjöldum fjárl.

Um till. Alþb. var það hins vegar að segja, að þar var gert ráð fyrir 15 stiga niðurgreiðslu, sem hefði kostað 97 millj. kr., eða allt að 100 millj. kr., án þess að bent væri skýrum stöfum á, hvar hægt væri að afla fjár til þess. Fjáröflunartillögurnar, sem á var bent, niðurskurður á fjárl. um 40 millj. og tekjuöflunarráðstafanir nokkrar, dugðu ekki einu sinni til þess að mæta kostnaðinum við þessar niðurgreiðslur. Auk þess var augljóst mál, að vandinn var ekki 15 stig, heldur 27 stig. Þarna var um að ræða augljóst bil, sem aldrei fékkst augljóst eða skýrt svar um, hvernig Alþb. hygðist brúa. Á það var að vísu bent, að sá liður í þeirra till., sem orðaður var, að leita yrði annarra ráða í samráði við stéttasamtökin um leiðir til lækkunar á verðlagi, þýddi það, að vel mætti ræða það við verkalýðssamtökin, að þau gæfu eftir nokkur vísitölustig, ef bændur gerðu það sama. Á úrslitastundu, þegar verið var að ræða möguleika á endurreisn fyrra stjórnarsamstarfs, var látið í það skína, að ég ekki segi meira, að Alþb. væri reiðubúið til þess að sætta sig við 6 stiga eftirgjöf á vísitölu, ef bændur gæfu hliðstætt eftir, og jafnvel höfðu menn á tilfinningu, að með þessu væri lokaorðið ekki sagt. Ef þetta hefði legið fyrir þegar í nóvember, þá var munurinn á milli sjónarmiða Alþýðu- og Framsfl. annars vegar og Alþb. hins vegar ekki eins mikill og virtist þá.

Þetta sýnir tvennt, að till. Alþb. um málið voru ekki skýrar, meðan á skýrum og ljósum till. þurfti að halda, og þetta sýnir einnig hitt, að Alþb. á úrslitastund var reiðubúið til þess að ræða í meginatriðum nákvæmlega sams konar lausn og þetta frv. grundvallast á, þ. e. gagnkvæma eftirgjöf á vísitölustigum hjá launþegum og bændum. Hér er gert ráð fyrir 10 vísitölustigum. Það var ekki talin fjarstæða að ræða 6 stig, það jafnvel ekki talið síðasta orðið, svo að með hliðsjón af þessu verður að telja hina miklu andstöðu Alþb. gegn þeim grundvallaratriðum, sem þetta frv. byggist á fyrst og fremst, eiga rót sína að rekja til þess, að Alþb. er nú í stjórnarandstöðu, en hinar hugmyndirnar, sem ég gat um áðan, voru fram settar, meðan Alþb. var í stjórn eða var að ræða um að verða aðili að stjórn. Þetta kemur og algerlega heim við þá stefnu, sem kom fram í hinni ágætu grein forseta Alþýðusambandsins, sem ég las í upphafi máls míns, þar sem beinlínis er gert ráð fyrir því, að verkamenn ásamt bændum eigi að falla frá nokkrum vísitölustigum af kaupi sínu.

Þegar þessar staðreyndir eru hafðar í huga, er ekki ástæða til að taka hina hörðu gagnrýni fulltrúa Alþb. á meginstefnu þessa frv. eins alvarlega og ella væri. Þetta voru till. þeirra þriggja þingflokka, sem voru aðilar að fyrrv. ríkisstj., en þær komu allar fram fyrir s. l. áramót. Till. fjórða þingflokksins, Sjálfstfl., komu hins vegar ekki fram fyrr en eftir að stjórnarkreppan var skollin á, en þær

voru í aðalatriðum þær, að lækka skyldi grunnkaup og þar af leiðandi einnig verð landbúnaðarafurða um 6%, og í framhaldi af því skyldi síðan einnig lækka annað verðlag í landinu sem svaraði til kaupgjaldslækkunarinnar, þ. e. iðnaðarvörur og þjónustu. Með þessu móti væri hægt, eins og sýnt var fram á réttilega, að halda kaupmætti launa eins og var í okt. s. l. óbreyttum, þrátt fyrir kauplækkunina.

Það má því með sanni segja, að ýmis kjarnaatriði séu sameiginleg í till. eða afstöðu allra þingflokkanna, a. m. k. á einhverju stiginu í þeirra málflutningi, svo sem líka við er að búast, þar sem eðli þessara mála er þannig, að þegar þau eru skoðuð ofan í kjölinn, þá er ekki með sanngirni eða viti hægt að deila um það, hver vandinn sé og hvaða leið sé nauðsynleg til þess að leysa hann.

1. des. s. l. breyttust viðhorfin hins vegar mjög verulega við það, að ekki hafði tekizt að fá fram frestun á kauphækkuninni, sem þá átti að verða, og kaupið hækkaði um rúm 9% eða 17 vísitölustig 1. desember. Þar með var í raun og veru burt fallin forsendan fyrir einum meginhlutanum í tillögugerð Alþfl. og Framsfl. frá því í nóv. Þær till. höfðu byggzt á því, að kaupgjaldið, eins og það var þá og hafði verið þá í 3 mánuði, skyldi haldast óbreytt, þ. e. launþegasamtökin falla frá einhverjum hluta af þeim vísitölustigum, sem vitað var að í vændum voru. Með hliðsjón af möguleikanum á því að halda kaupgjaldinu óbreyttu var stungið upp á því að hækka útflutningsbæturnar, þó að það kostaði nýja hækkun verðlags, en greiða þá hækkun verðlags niður. Þegar nú kaupið var hækkað 1. des. og því var augljóst, að færa þyrfti kaupið eitthvað til baka, vegna þess að það var augljóst eftir 1. des., að ekki varð komizt hjá því að færa kaupgjaldið eitthvað til baka, þá var í raun og veru orðið ástæðulaust að fara líka hina leiðina, þá leið að hækka prósentubæturnar og afla nýrra tekna til að standa undir því. Það var ástæðulaust og óskynsamlegt að gera hvort tveggja, bæði að færa kaupgjaldið niður og fara hækkunarleiðina. Það er þess vegna, sem þetta frv. er byggt á þeirri meginhugsun að færa kaupgjaldið og verðlagið eingöngu niður. Það er byggt á þeirri hugsun að fara eingöngu þá leið að færa kaupgjaldið og verðlagið niður, en reyna að komast hjá því að hækka bætur til útvegsins og láta verðhækkun hljótast af því.

Hitt var gersamlega óframkvæmanlegt, að nema staðar við kaupgjald með vísitölu 202, því að þá hefði hækkun bótanna og verðhækkunin af því orðið að vera svo gífurleg, að það hefði velt af stað hreinni verðhækkunar- og verðbólguöldu. Það er nú komið í ljós, að miðað við kaupgjaldsvísitölu 185 hefðu auknar bætur til útvegsins til þess að halda hans hlut óbreyttum þurft að nema um 160 millj. kr. Það er því alveg augljóst, að miðað við vísitöluna 202 hefðu bæturnar þurft að nema upp undir 400 millj. kr. eða hátt á 4. hundruð millj. kr., og að afla svo mikilla tekna og hleypa svo mikilli verðhækkunaröldu af stað hefði verið í hæsta máta óskynsamlegt. Þess vegna var í raun og veru ekki um aðra leið að gera, ef menn vildu ekki stöðvast við 202, en fara með kaupgreiðsluvísitöluna og verðlagið svo langt niður, að það dygði til þess að tryggja rekstrargrundvöll útvegsins. Því segi ég það enn: Hitt hefði verið óskynsamlegt, að taka sinn helminginn upp á hvorn mátann, færa kaupgjaldið dálítið niður og láta verðlagið líka hækka dálítið. Á þessari meginhugsun er þetta frv. byggt, þ. e. að fara eingöngu verðlags- og kauplækkunarleiðina.

Hv. 2. þm. S-M. sagði í ræðu sinni í gær, að hlutur útvegsins hafi í þeim samningum, sem nú er nýlokið, verið bættur mjög verulega frá því, sem var í fyrra, þ. e. hlutdeild sjávarútvegsins í þjóðartekjunum hefði enn verið aukin og hefðu þó ýmsir sagt, held ég, að hann hafi sagt, að nóg hafi verið af slíku gert í fyrra. Hann lét jafnvel liggja orð að því, að sú kauplækkun, sem nú ætti að framkvæma, væri eingöngu hjá almenningi í landinu, væri eingöngu til þess að mæta þeirri aukningu, sem gerð hefði verið á raunverulegri hlutdeild sjávarútvegsins í þjóðartekjunum. Þessi staðhæfing er alröng. Ég skal nú reyna að sýna fram á, að hún er röng. Ég skal reyna að sýna fram á, að sjávarútvegurinn hefur í þessum samningum ekki fengið neitt í sinn hlut nema það, sem klippt og skorið var nauðsynlegt til þess að gera honum kleift að standa undir því hækkaða kaupgjaldi, sem hann samkv. gildandi kjarasamningum verður að greiða á þessari vertíð umfram það, sem hann greiddi á síðustu vertíð.

Ég segi það aftur: Útvegurinn hefur ekkert fengið nú umfram það, sem hann þarf til þess að greiða þá kauphækkun samkv. gildandi kjarasamningum, sem hann verður að bera nú á þessari vertíð og þessu ári umfram það, sem hann bar í fyrra. Meira að segja hafa þýðingarmiklir þættir útvegsins ekki fengið neinar bætur, þó að þeir verði að bera á árinu kauphækkun, og á ég hér við frystihúsin. Þau verða að bera 10.7% kauphækkun á þessu ári umfram það, sem þau urðu að bera í fyrra. Rökin, sem ég get fært fyrir þessari staðhæfingu minni, eru þessi:

Kaupgjald bátasjómanna og að verulegu leyti togarasjómanna líka er nú á þessu ári um 10% hærra en var í fyrra, miðað við ástandið, eftir að útflutningslögin voru sett. Kaup bátasjómanna hækkaði í samningum um 16%. Það lækkaði aftur um 5.4%, svo að eftir verður um það bil 10% kauphækkun. Svipað eða nokkru lægra á við um togarasjómenn. Kauphækkun verkamanna í krónum reiknað er um 5%. Miðað við lauslega áætlun um tölu bátasjómanna og togarasjómanna annars vegar og verkamanna hins vegar, má gera ráð fyrir, að meðalkauphækkunin nú í ár, miðað við það, sem hún var í fyrra, sé um 6½%.

Þá er spurningin: Hvað þýðir þessi 6½% kauphækkun mikla útgjaldaaukningu fyrir útveginn í heild? Meðalvinnulaunakostnaður útvegsins er um 70% af hans heildarútgjöldum,

þ. e. kaupgjald er um 70% af heildarútgjöldum útvegsins. Þetta þýðir því, að vegna kauphækkunarinnar hækkar rekstrarkostnaður útvegsins um um það bil 4½%.

Útflutningsverðmæti útvegsins í heild er talið vera, miðað við s. l. ár, um 1850 millj. kr., og 4½% kostnaðaraukning af 1850 millj. gerir 84 millj. kr.

Frá þessu verður að draga það, að frystihúsin fá ekki að halda þeim sparnaði, sem hlýzt af 5.4% kauplækkuninni, en það er um 18 millj. kr., svo að kostnaðarauki útgerðarinnar í heild verður 84 millj. mínus 18 millj., eða 66 millj. kr., allt saman lauslega reiknað.

Uppbæturnar, sem útvegurinn fær, nema 77 millj. kr. Þar frá verður að draga það, sem greitt er vegna bráðafúatryggingarinna og tilheyrir raunverulega árinu 1958, 4 millj., og 7 millj., sem eru vegna þess, að vísitalan í jan. reyndist 202 stig, og bætt er sérstaklega. Þá verður nettó það, sem útvegurinn fær vegna útgjaldaaukningarinnar á árinu 1959, 66 millj. kr. eða einmitt svipuð upphæð og kostnaðaraukning útvegsins er vegna launagreiðslnanna einna saman.

Hver er því niðurstaðan af þessu? Það er sýnt fram á, að launaútgjöld útvegsins í heild verða, miðað við gildandi kjarasamninga, um 66 millj. kr. hærri en þau voru í fyrra, og nettóbótaaukningin, sem útvegurinn fær til að standa undir auknum kostnaði árið 1959, er einmitt sama talan. Það má geta þess enn fremur, að nokkrir kostnaðarliðir hafa hækkað, sérstaklega tryggingaiðgjöld, þó ekki verulegir liðir, en í stórum dráttum sýnir þetta, að það, sem útvegurinn fær, er einungis það, sem hann þarf á að halda til að standa undir þeim auknu kaupgreiðslum, sem nýir kjarasamningar hafa á hann lagt.

Það er rétt, að hlutarsjómenn hafa fengið verulegar kjarabætur frá því í fyrra, og þetta veldur auknum útgjöldum útvegsins í heild og aukinni bótaþörf úr útflutningssjóði, en um það hélt ég að allir hefðu verið sammála, að sú stétt, sem helzt átti skilið raunverulegar kjarabætur, voru einmitt bátasjómenn. Hjá hinu er ekki hægt að komast, að útvegurinn verður eins og aðrir atvinnuvegir að greiða þá kauphækkun, sem orðið hefur á kaupi verkamanna.

Sú staðhæfing, að með þessum ráðstöfunum sé í raun og veru verið að láta útvegsmenn, sjávarútveginn sem heild, burt séð frá hlutarsjómönnunum, fá aukna hlutdeild í þjóðartekjunum, bæta hag þeirra á kostnað annarra atvinnustétta, hún er röng. Ef útvegurinn hefði ekki fengið þessar 77 millj., þá hefði hagur hans verið skertur frá því, sem var í fyrra, miðað við aðrar atvinnugreinar, landbúnað, iðnað, siglingar og aðrar atvinnugreinar.

Því til frekari áréttingar, að vel hafi verið á málum haldið í þessum samningum, vil ég láta þess getið hér, að formaður stjórnar útflutningssjóðs, Haraldur Jóhannsson hagfræðingur, tók þátt í þessum samningum, og hefur leyft að hafa það eftir sér opinberlega, að hann teldi, að með engu móti hefði verið hægt að semja hagstæðar fyrir útflutningssjóð við útveginn heldur en gert var. M. ö. o.: hann hefur leyft að hafa það eftir sér opinberlega, að hann telji útveginum í engum lið, hvorki smáum né stórum, hafa verið ívilnað miðað við það, sem gert var í fyrra. Haraldur Jóhannsson er maður mjög grandvar og varkár til orðs og æðis, og ég tel bæði aðild hans að samningunum og svo þessi ummæli hans hafa verið og vera tryggingu fyrir því, að þarna hafi verið vel á haldið og af ráðdeild.

Að endingu vil ég svo alveg sérstaklega undirstrika, að vissar greinar sjávarútvegsins fengu ekki aðeins engar bætur, heldur þurftu beinlínis að bera þá kostnaðaraukningu, sem varð á s. l. ári, og var það kleift vegna sparnaðar, sem orðið hafði í rekstrinum af ýmsum tækniástæðum, sérstaklega vegna notkunar hinna nýju flökunarvéla, þannig að jafnvel það náðist, að sá sparnaður, sem varð vegna tækniframfara í frystihúsunum á s. l. ári, kom útflutningssjóði og þar með þjóðarheildinni til góða á þann hátt, að frystihúsin bera kauphækkunina alla og fá ekki auknar bætur vegna hennar eða meginhluti frystihúsanna.

Hitt er svo annað mál, að tækniframfarirnar hafa ekki komið þeim öllum jafnmikið til góða, og þess vegna var nauðsynlegt að gera sérstakar ráðstafanir til þess að gera hinum verr stæðu frystihúsum, þeim frystihúsum, sem verri hafa aðstöðuna, kleift að bera hina auknu kaupgjaldshækkun, og sú leið var til þess farin að hækka sérbæturnar, svo sem hæstv. forsrh. gerði grein fyrir í sinni framsöguræðu og er því ástæðulaust fyrir mig að víkja nánar að.

Hv. 2. þm. S-M. vék einnig að því í ræðu sinni í gær, að hæstv. forsrh. hafi annaðhvort ekki farið alveg rétt með eða ekki sagt allan sannleikann að því er snertir áhrif niðurfærslunnar á vísitöluna, svo að ég held, að það sé rétt, að það komi hér alveg skýrt fram samkvæmt gögnum frá hagstofunni, hver sannleikurinn er í því máli.

1. des. s. l. var framfærsluvísitalan 220.45 stig. Í desembermánuði hækkaði hún af ýmsum ástæðum og að langmestu leyti vegna þeirra kauphækkana, sem urðu í desember, um 3.72 stig. Hins vegar lækkaði hún í des. vegna niðurgreiðslunnar fyrir áramótin um 12.60 stig, þannig að 1. jan. 1959 var vísitalan 211.57 stig, eða 212 stig. Ef nú hins vegar er reiknað út samkvæmt vísitölugrundvellinum, hve mikið hún á að lækka vegna niðurfærslu kaupgjaldsvísitölu í 175 stig, þá verða það 5.33 stig samkvæmt skýrslum hagstofunnar, sundurliðunina hirði ég ekki um að lesa, svo að gera má ráð fyrir, að eftir 1. jan. verði vísitalan svo sem hér segir: Hún er 211.57 stig 1. jan. Síðan lækkar hún í jan., vegna þess að kippt er til baka verðhækkunum, sem urðu í des. vegna hækkunar kaupsins úr 185 í 202, um 2.32 stig, og fer við það niður í 209.25 stig. Síðan má gera, eins og ég sagði áðan, ráð fyrir 5.33 stiga lækkun á vísitölunni vegna 5.4% kauplækkunar, þ. e. a. s. eftirgjafar 10

stiganna, og þá lækkar hún enn ofan í 203.92 stig. Síðan má gera ráð fyrir einhverjum breytingum enn í febr., og þær ættu frekar að verða til lækkunar, til þess að fylla upp í þau 1.92 stig, sem þá vantar á, að hún komist ofan í 202. Ríkisstj. hefur lýst því yfir, að verði þróunin í febr. ekki þannig, að þessi 1.92 stig eyðist vegna verðlækkunarráðstafananna, muni niðurgreiðslur verða auknar sem því svarar, þannig að tryggt verður, að vísitalan verði 1. marz n. k. 202 stig, og það, eins og ég gat um áðan, er meginforsenda allra þeirra áætlana, sem gerðar hafa verið um það, að kaupmátturinn 1. marz mun verða eilítið meiri en hann var í okt. s. l. og talsvert meiri en hann var í febr s. l. Hvað sem menn koma til með um þetta að segja, er sú staðreynd óhagganleg, að verði vísitalan 1. marz n. k. 202 stig, eins og raunar hefur verið tryggt að hún muni verða, verður kaupmátturinn þá eilítið meiri en hann var í okt. s. l. og febr. s. l.

Með þessu held ég að ég hafi svarað því helzta, sem fram hefur komið í þeim tveim ræðum, sem fyrst og fremst hafa gagnrýnt þetta frv., sem hér liggur fyrir.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Hv. 2. þm. S-M. minntist á það í ræðu þeirri, er hann flutti hér í gær, hverjar væru orsakir þess verðbólguvandamáls, sem við er að etja. Ég er nú sammála hv. þm. um það, að það sé nauðsynlegt skilyrði fyrir giftusamlegri lausn verðbólguvandamálsins, að þeir, sem um það fjalla, hafi réttar hugmyndir um orsakir verðbólgunnar. Ég verð þó að svo stöddu að láta mér nægja að lýsa í einni setningu skoðun minni á því máli án þess að rökstyðja hana, því að það voru aðrar hliðar þessa máls, sem ég ætlaði að gera hér að umræðuefni. En röksemdafærsla hv. 2. þm. S-M. beindist í meginatriðum að því að hrekja þá skoðun, að hækkun kaupgjaldsins væri meginorsök verðbólgunnar, og máli sínu til stuðnings vitnaði hann í ummæli tveggja mætra íslenzkra hagfræðinga, þeirra Jónasar Haralz og dr. Jóhannesar Nordals, sem þeir höfðu átt að láta falla um þetta efni á stúdentafélagsfundi, sem haldinn var um efnahagsmál á s. l. vori.

Ég var nú að vísu staddur á þessum fundi og minnist ekki að hafa heyrt þessi ummæli, en samt skal ég ekki vefengja það, að rétt sé með þetta farið hjá hv. 2. þm. S-M. Og hvað sem líður skoðunum þessara manna á því efni, þá skal ég ekki fara að vitna hér gegn hv. 2. þm. S-M. í því, að það er sjálfsagt auðvelt að vitna í marga kunna hagfræðinga, er því hafa haldið fram, að fjárfesting og bankaútlán séu að jafnaði grundvallarorsök verðbólgu, en þróun kaupgjaldsmála skipti þar minna máli. En það eru líka til merkir hagfræðingar, sem telja þróun kaupgjaldsins höfuðatriði verðlagsþróunarinnar, en fjárfestingin skipti þar minna máli.

Það, sem máli skiptir, er það, að að mínu áliti ber að gjalda varhuga við því að ályktaallt of eindregið út frá slíkum almennum kenningum um orsakir verðbólguþróunarinnar hér á landi og ráðstafanir gegn henni. Að mínu áliti er sannleikurinn sá, að hér hafa tvær grundvallarorsakir verið að verki, meiri fjárfesting en hægt hefur verið að afla fjár til með heilbrigðum hætti og víxlverkun kaupgjalds, vísitölu og verðlags landbúnaðarafurða.

Ef árangri á að ná í baráttunni gegn verðbólgunni, verður að taka fyrir báðar þessar uppsprettur hennar, en hvort fjárfestingin sé hér orsök og vísitöluskrúfan afleiðing, finnst mér ófrjótt að deila um. Mér finnst, að þetta sé hliðstætt því, að um það væri deilt, ef maður ofkælist og fær lungnabólgu, hvort það sé heldur ofkælingin eða lungnabólgusýklarnir, sem séu raunveruleg orsök sjúkdómsins.

Þessu atriði ætla ég að ljúka með því að lesa hér upp örfá orð úr erindi, er annar þeirra hagfræðinga, er nefndir hafa verið í sambandi við þetta, Jónas Haralz, flutti á fundi verzlunarráðsins nú fyrir áramótin og birt hefur verið í Frjálsri verzlun, með leyfi hæstv. forseta, en hann kemst í þessu erindi sínu þannig að orði:

„Það hefði verið nauðsynlegt að skipuleggja fyrir löngu allar þessar framkvæmdir", — opinberar fjárfestingarframkvæmdir, sem hér er um að ræða, — „þannig að tryggt væri, að útgjöld vegna þeirra færu ekki fram úr því fé, sem afla mætti með eðlilegum hætti. Hin óeðlilega þensla bankaútlána og hin mikla fjárfestingarstarfsemi hafa gert hvort tveggja í senn að þrýsta á greiðslujöfnuðinn og skapa of mikla eftirspurn eftir atvinnu innanlands. Hið síðarnefnda er auðvitað nátengt launamálunum.

Það er erfitt að segja, hvað kemur fyrst. Eru það kaupkröfurnar, sem byrja, og útlánaaukningin, sem fylgir á eftir? Eða er það útlánaaukningin, sem byrjar og skapar grundvöllinn fyrir hækkuðu kaupgjaldi? Hvernig sem þessu kann að vera varið, held ég, að óhætt sé að fullyrða, að ekki sé hægt að halda kaupgjaldi í eðlilegu horfi, meðan of mikil útþensla á sér stað af hálfu bankanna og þess opinbera."

Mér finnst, að í þessum orðum felist kjarni þessa máls. En af því, sem hér hefur verið sagt, leiðir það, að ég verð að mótmæla þeim skilningi, sem fram hefur komið í Tímanum, málgagni Framsfl., á ályktun þeirri um efnahagsmál, sem flokksráð sjálfstæðismanna gerði 18. des. s. l., en þessi skilningur kom líka fram í ræðu hv. 1. þm. S-M. hér í gær.

Auðvitað var fjarri lagi, að við teljum, að með því einu að færa vísitöluna niður um 10 stig eða kaupgjaldið niður um 5—6% séu efnahagsvandamálin í rauninni endanlega leyst. Við teljum að vísu, að hér sé um að ræða óhjákvæmilegan lið í heildarráðstöfunum á sviði efnahagsmálanna. En auðvitað verður að gera margt fleira, til þess að von geti verið um að koma þeim á kjöl. Annars hefur hv. 1. þm. Reykv. þegar gert þessu máli þau skil, að ég sé ekki ástæðu til þess að bæta þar neinu við. En það er m. ö. o. að gera þetta tvennt, stöðva víxlhækkunar-

skrúfu kaupgjalds og verðlags og taka fjárfestingar- og bankamálin nauðsynlegum tökum. Með þessu er ekki sagt, að nauðsynlegt sé að afnema vísitölukerfið með öllu. Í ýmsum okkar nágrannalöndum, þar sem sæmilegt jafnvægi hefur verið í efnahagsmálum um langt skeið, er vísitölufyrirkomulag í launagreiðslum, og í því er nokkur sannleikskjarni, sem hv. 2. þm. S-M. sagði í sinni ræðu, að á tímum, þegar verðlagsþróunin er óróleg, þá getur þetta fyrirkomulag orðið til þess að koma í veg fyrir ýmsar vinnudeilur, sem ella hefðu orðið. En ef þessu fyrirkomulagi er haldið, þá verður a. m. k. að koma í veg fyrir það, að þannig skapist ört verkandi víxlhækkunarskrúfa eins og verið hefur oft og tíðum hér á landi og ekki sízt nú.

Þær ráðstafanir, sem nú stendur til að gera, ber eðlilega að líta á í beinu framhaldi af setningu bjargráðalaganna svokölluðu á s. l. vori og því, hversu frá þeim var gengið, en kjarni þessara ráðstafana í efnahagsmálum var raunverulega gengisfelling. Almenn yfirfærslugjöld voru hækkuð úr 16% í 55% og 30% yfirfærslugjöld lögð á brýnustu nauðsynjar og náms- og sjúkrastyrki. Þannig var framkvæmd nokkurn veginn hlutfallslega sama hækkun á öllum yfirfærslugjöldum, en það er einmitt þetta, sem skeður, þegar gengið er lækkað.

Þessar ráðstafanir voru að vísu ekki kallaðar gengislækkun af þeim, sem að þeim stóðu. En það var aðeins angi af þeim skollaleik, sem þáverandi ríkisstj. taldi sér henta að leika gagnvart þjóðinni við meðferð þessara mála. Því fer nú fjarri, að borið hafi verið á móti því af okkur sjálfstæðismönnum, að gengi íslenzku krónunnar hafi að undanförnu verið rangskráð. Þvert á móti tóku margir okkar þingmannanna það fram í umr. um bjargráðin svokölluðu á sínum tíma, að svo væri, leiðrétting á gengisskráningunni í einhverri mynd væri óhjákvæmileg. Á hinn bóginn ætti það að vera öllum ljóst, að svo veruleg gengislækkun sem í rauninni var framkvæmd á s. l. vori hlaut, miðað við þær aðstæður, sem nú eru og hafa verið hér á landi, að leiða til skefjalausrar verðbólgu, nema gerðar séu sérstakar ráðstafanir til þess að fyrirbyggja slíkt. Ástæðan til þess, að gengislækkun hlýtur að hafa mikil áhrif til hækkunar á verðlagi hér á landi, er auðvitað sú, hve innflutningurinn er mikill þáttur í neyzlu landsmanna, og þegar svo þar við bætist vísitölufyrirkomulagið í launagreiðslum, þá hljóta verðhækkunaráhrif slíkra ráðstafana alltaf að vera mikil, enda hefur það verið svo, að þegar gripið hefur verið til gengislækkunar að undanförnu, svo sem var vorið 1939 og aftur 1950, þá voru ráðstafanir til þess að fyrirbyggja óstöðvandi verðbólguþróun jafnframt gerðar í sambandi við þá lagasetningu, sem ákvað gengislækkunina.

Það var og í rauninni viðurkennt af þeim, sem að bjargráðalöggjöfinni stóðu, að hún væri að þessu leyti botnlaus. Botninn átti ekki að slá í að svo stöddu, heldur skyldi hans leitað á næsta hausti, að vísu ekki suður í Borgarfirði, eins og þjóðsagan segir, heldur á stéttaþingum þeim, sem þá átti að halda. En eins og kunnugt er, tókst fráfarandi ríkisstj. ekki að finna botn sinn þar, og kemur það mál nú til kasta Alþingis að slá botninn í bjargráðin til þess að forða þjóðinni frá þeim voða, sem af því hlýzt óhjákvæmilega, ef verðbólga brýzt út, en það er yfirvofandi, ef ekkert verður að gert.

Það leiðir af því, sem ég hef þegar sagt, að varla getur orkað tvímælis, að óhjákvæmilegt skilyrði þess, að forða megi skefjalausri verðbólgu, er það, að með einhverju móti verði stöðvuð sú víxlhækkun kaupgjalds og verðlags, sem nú á sér stað. Þetta getur ekki átt sér stað nema með tvennu móti: annaðhvort því, að launþegar gefi eftir vísitöluuppbót að vissu marki, eða þá að gerðar séu ráðstafanir til lækkunar á verðlaginu, þar með vísitölugreiðslum á kaup, annaðhvort með niðurgreiðslum úr ríkissjóði eða á annan hátt. Það væri að vísu hugsanleg leið, að framkvæmd væri lækkun á verðlagi t. d. með verðlagsákvæðum án þess, að til niðurgreiðslna þurfi að koma. En þar sem ströng verðlagsákvæði hafa undanfarið verið í gildi, er slíkur möguleiki varla fyrir hendi. Og má raunar að gefnu tilefni á það benda, að jafnvel þó að svo væri, þá mætti alveg á sama hátt eins og því hefur nú verið haldið fram, m. a. af málgagni Alþb., að niðurgreiðslur séu kjaraskerðing fyrir launþega, staðhæfa, að svo mundi einnig vera, ef verðlagsyfirvöld framkvæmdu t. d. lækkun álagningarinnar á vísitöluvöru, því að þá mætti reikna út, að launþegar mundu við það tapa meiru í kaupi en þeir spara á lækkuðu vöruverði, þannig að slíkar ráðstafanir væru í rauninni eins konar launarán.

Þó að hæstv. menntmrh. hafi nú þegar gert því máli skil, hvert gildi þessir útreikningar Þjóðviljans hafa, og ég sé honum sammála um það, sem hann hefur sagt í því efni, þá tel ég því þó ekki með öllu ofaukið, þó að bætt sé við það nokkrum orðum, því að hér er vissulega um mjög þýðingarmikið atriði að ræða. Ég lít svo á, að undir þessu atriði, hver áhrif ráðstafanirnar hafa á kjör launþega og þá um leið alls almennings í landinu, sé það í rauninni komið, hvort þessar ráðstafanir eiga rétt á sér eða ekki, því að ef til væru einhverjar aðrar ráðstafanir, aðgerðir eða þá aðgerðarleysi í þessum efnum, sem mundu leiða það af sér, að kjör alls almennings yrðu miklu betri en þau verða, eftir að þessar ráðstafanir hafa verið gerðar, þá er það mitt álit, að fyrirhugaðar ráðstafanir ættu ekki rétt á sér og það ætti þá að fara þessar aðrar leiðir, ef þær eru til.

Það vakti annars athygli mína í ræðu hv. 2. þm. S-M., að hann gein ekki við þeirri flugu að lesa hér upp þessa vafasömu útreikninga úr Þjóðviljanum. Hann komst þannig að orði, að — ef ég tók rétt eftir — hann skyldi ekki neitt fullyrða um það, hver áhrif þessar ráðstafanir hefðu á kaupmátt launa, og sagði um leið, að alla slíka útreikninga

bæri að taka með nokkurri varúð. Þetta var í sjálfu sér hófsamlegur málflutningur, en reikningarnir heimtust nú af fjalli, þegar flokksbróðir hans, hv. 7. þm. Reykv. (HV), tók hér til máls áðan.

Það hefur verið reiknað út og fyrir því bornir hagfræðingar, að ef þær ráðstafanir, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, væru gerðar, þá mundi það hafa í för með sér 9—10% kjaraskerðingu fyrir alla launþega í landinu. Ef launþegarnir gefi eftir einhver vísitölustig, þá sé það bein kjaraskerðing, sem eftirgjöfinni nemur, sé vísitala borguð niður og það jafnvel þótt fjár til niðurgreiðslnanna sé aflað án þess að leggja á nýja skatta, þá sé það raunar líka kjaraskerðing, því að launþegarnir tapi meiru í kaupi en þeir spari við þessar verðlækkanir. En þar sem aðrar leiðir koma ekki til greina til þess að varna því, eins og nú er ástatt, að verðbólgan verði óviðráðanleg, en þessar tvær, eftirgjöf eða niðurgreiðsla, þá getur niðurstaðan af þessu ekki orðið nema ein, og hún er sú, að eina leiðin til þess að tryggja launafólki óskert lífskjör sé sú að gera engar ráðstafanir til þess að stöðva verðbólguna, og gegnir í rauninni mikilli furðu, að slíkt skuli vera borið á borð fyrir fólkið.

Allir sjá, að það getur ekki staðizt, að bezta leiðin til þess að tryggja lífskjör launafólks í landinu sé sú að láta verðbólguna ganga óhefta, og ætti það út af fyrir sig að nægja til þess að sýna fram á, hve fjarstæðukenndur þessi málflutningur er. En þessu til frekari áréttingar skal þó bent á örfá atriði í sambandi við þessa útreikninga.

Meginatriðið er þetta: Hvað er það, sem miðað er við, þegar talað er um 9—10% kjaraskerðingu? Það er auðsjáanlega miðað við það, að verðbólgan gæti stöðvazt af sjálfu sér án nokkurra sérstakra ráðstafana í verðlags- og launamálum. Það er auðvitað hægt, ef maður hefur ánægju af því, að reikna það út, hvað kaupmáttur launa mundi aukast, ef engar verðhækkanir mundi leiða af þeirri 21% kauphækkun, sem orðið hefur umfram það, sem bjargráðalögin á sínum tíma gerðu ráð fyrir, og útflutningsframleiðslan gæti borið slíka kauphækkun án aukinna uppbóta. Og ég skal ekki vefengja, að ef slíkt væri mögulegt, þá mundi kaupmáttur launa sennilega verða 9—10% meiri en hann getur orðið, ef horfzt er í augu við þá hverjum manni augljósu staðreynd, að þetta er ekki möguleiki. En slíkir útreikningar eru bara ekki hagfræði, heldur óraunhæfar fjarstæður og hugarórar. Það væri ekkert fjær veruleikanum að gera sér til skemmtunar að reikna út, hvað hægt væri að auka kaupmátt launanna, ef kaupið væri hækkað t. d. um 50% eða 100%, án þess að slíkt hefði í för með sér neinar verðhækkanir eða hækkun útflutningsuppbóta. Í sambandi við það má nefna það, þegar hv. 7. þm. Reykv. gaf þær upplýsingar, að kaupmáttur launa í janúarmánuði s. l. væri 13% meiri en hann hefði verið í október, eða 9—10% meiri en gert er ráð fyrir að hann verði, eftir að búið er að gera þær ráðstafanir, sem frv. fjallar um.

Spurningin er bara sú, hvort það ástand í þessum málum, sem var í janúarmánuði, getur haldizt. Þá er það einmitt þannig, að niðurgreiðslurnar, þær niðurgreiðslur, sem ákveðnar voru af hæstv. ríkisstj., eru komnar til framkvæmda, en launþegarnir njóta enn þá þeirrar vísitöluuppbótar, sem þeir fengu 1. des. Það er ekki einu sinni orðin sú lækkun á kaupinu, sem undir öllum kringumstæðum hefði átt að verða samkvæmt vísitölufyrirkomulaginu vegna lækkunar á vísitölunni úr 219 stigum í nóv. í 212 stig í janúarmánuði. Þá eru heldur ekki nema að litlu leyti komnar fram þær verðhækkanir, sem hlaut að leiða af hækkun kaupgjaldsins frá 1. des. Enn fremur eru ekki komnar til framkvæmda og ekki komnar til að hafa nein áhrif á verðlagið þær hækkanir skatta, sem vitað er að óhjákvæmilega hefði, miðað við þessar kringumstæður, orðið að gera til þess að koma í veg fyrir stöðvun útvegsins. En ef það hefði nú verið hægt að greiða áfram kaupgjald samkvæmt desembervísitölu, án þess að nokkur frekari hækkun en orðin var í jan. kæmi til sögunnar, ef það hefði verið hægt að láta útgerðina ganga óhindrað, án þess að hún fengi nokkrar frekari uppbætur, þá er sjálfsagt ekki vafi á því, að kaupmáttur launa mundi verða 9—10% meiri en hann verður, ef þessar ráðstafanir eru gerðar. En er þetta bara hægt?

Ef hv. 7. þm. Reykv. sér einhverja möguleika á því, að þetta verði framkvæmanlegt, ef hann hefði einhverjar till. að gera, sem gerðu það mögulegt, að kaupmáttur launa héldist í því, sem hann var í janúarmánuði, þá teldi ég, að Alþingi bæri skylda til að fylgja honum í því efni. Ég skyldi verða fyrstur þm. til þess að veita slíkum till. stuðning. Ég hef ekki umboð til þess að binda aðra þm. til fylgis við hv. 7. þm. Reykv. í þessu efni, en ég teldi, að ef aðrir gerðu það ekki líka, þá væri það að bregðast skyldum sínum við hagsmuni meginþorra kjósendanna. En þessi hv. þm. hefur bara ekki enn þá sýnt fram á, hvernig slíkt mætti verða, og í þeirri grein, sem hæstv. menntmrh. las upp eftir hann frá s. l. hausti, hefur hann ekki á þeim tíma haft trú á því, að það væri mögulegt. Þar gerir hann ráð fyrir því, að óhjákvæmilegt sé að færa niður bæði kaupgjald og verðlag á landbúnaðarvörum. Og ég vil við þetta bæta, að í þessu sambandi má minna á það, að málflutningur hv. þm. Alþb. og málgagns þess, Þjóðviljans, var töluvert annar í þessum efnum fyrir rúmum tveim árum, þegar vísitöluuppbót launþega var skert um 6 stig að tilhlutun þáverandi ríkisstj. Þá komst Þjóðviljinn einmitt að þeirri niðurstöðu, að vegna þeirra verðhækkana, sem af því mundi leiða, að þessi 6 stig yrðu greidd, væri í rauninni engin fórn né kjaraskerðing að gefa þau eftir.

Ef þetta hefur á sínum tíma verið rétt, þá má ábyggilega byggja það á nákvæmlega sömu rökum, að það sé ekki kjaraskerðing fyrir launafólk að gefa eftir þau 10 vísitölu-

stig, sem nú er um að ræða. Sannleikurinn er nefnilega sá, að jafnvel þó að byggt sé á hinum hæpnu mælikvörðum, sem gert er við áðurnefnda útreikninga, þá hlýtur, ef betur er að gáð, niðurstaðan að verða allt önnur en sú, sem þar er komizt að.

Það er gerð grein fyrir því í grg. þeirri, er fylgir frv. þessu, og hefur raunar verið vitað nokkrar undanfarnar vikur, að verði ekkert gert til þess að stöðva verðbólguna, muni vísitalan verða 270 stig í nóvember n. k. eða hækka að meðaltali um 5 stig á næstu mánuðum. En breytingar þær á kaupgjaldsvísitölu, sem samkvæmt núgildandi samningum eru gerðar á þriggja mánaða fresti, eru miðaðar við næsta mánuð á undan, þannig að þegar af þessari ástæðu leiðir það, að sé hækkunin að meðaltali 5 stig á mánuði, þá verður kaupgjaldsvísitalan alltaf 5 stig á eftir framfærsluvísitölunni, auðvitað til viðbótar þeim 17 stiga mun, sem nú er alltaf á kaupgjaldsvísitölu og framfærsluvísitölu, þannig að í byrjun þess tímabils, þegar ný kaupgjaldsvísitala kemur, verður launþeginn 5 stigum á eftir, en í lok þessa þriggja mánaða tímabils verður kaupgjaldsvísitalan að jafnaði 15—20 stigum á eftir. Þetta leiðir af því, að reiknað er með, að hún hækki að meðaltali um 5 stig á mánuði. Af því leiðir, að sé miðað við mitt tímabilið, þá hlýtur launþeginn alltaf að vera 10—12 stigum á eftir.

Enn fremur leiðir það af þessu, að kjör launþega hlytu alltaf að skerðast um þau 10 stig og jafnvel eitthvað meira, sem hér er um að ræða að gefa eftir, þó að engu væri breytt um núverandi fyrirkomulag í þessum efnum. Þetta væri þó aðeins byrjunin, en strax á komandi hausti má gera ráð fyrir því, að hraðinn í vexti verðbólgunnar yrði orðinn meiri en 5 stig á mánuði til jafnaðar, og mundi þá auðvitað bilið milli framfærsluvísitölu og kaupgjaldsvísitölu enn breikka.

Ég skal taka það fram, að auðvitað er mér ljóst, að þó að vísitalan hækki þannig að meðaltali um 5 stig, þá þýðir það auðvitað ekki, að hún hækki um 5 stig á hverjum mánuði. Á því verða auðvitað sveiflur. En ég tel ekki ástæðu til að ætla, að það breyti í rauninni neinu um þessa niðurstöðu. Við vitum, að bilið á milli kaupgjaldsvísitölu og framfærsluvísitölu verður auðvitað mest á haustin, eftir að nýtt landbúnaðarverð er komið í gildi, það gerist 1. sept., svo að af því leiðir, að við þetta breiða bil verða launþegarnir að una í þrjá mánuði. Það eru því engar líkur á því, að þó að tekið væri tillit til þessa, mundi það breyta nokkru um þá niðurstöðu, að jafnvel þó að miðað sé við þann hraða á vexti verðbólgunnar, sem verður allra næstu mánuði, þá hljóta launþegarnir sjálfkrafa að verða 10—12 stigum á eftir eða nokkurn veginn því sama, sem nú er um að ræða að gefa eftir, og síðar verður þetta meira.

Nú mætti náttúrlega spyrja sem svo: Geta launþegarnir þá ekki komizt hjá þessari kjaraskerðingu með því að knýja það fram, að vísitalan sé greidd t. d. mánaðarlega, en ekki á þriggja mánaða fresti? Ég tel, að svo mundi ekki vera. Afleiðingin af því yrði aðeins sú, að í stað þess að vísitalan hækkar um 5 stig á hverjum mánuði, þá mundi hún eftir þá breytingu fara að hækka um 5 stig á hverri viku eða svo. Á tímum óðaverðbólgunnar í Þýzkalandi 1923 var svo komið, að það var farið að reikna nýja kaupgjaldsvísitölu vikulega, en þá var það þannig, að verðlagið hækkaði um 10% eða 20% frá degi til dags.

Þetta er nú ráðningin á þeirri gátu, sem ég býst við að ýmsir hafi velt fyrir sér, því að auðvitað má spyrja sem svo: Hvernig stendur á því, að því er haldið fram, að það sé nauðsyn að stöðva verðbólguþróunina, en á hinn bóginn er alltaf verið að birta útreikninga, gerða af hagfræðingum, sem sýna fram á það, að ráðstafanir til þess að stöðva verðbólguna hljóti óhjákvæmilega að hafa svo og svo mikla kjaraskerðingu í för með sér?

Það er auðvitað eðlilegt, að skynsamur maður hljóti að draga af þessu þá ályktun, að annaðhvort sé það bábilja, að það sé nauðsynlegt að stöðva verðbólguþróunina, eða þá að eitthvað hljóti að vera bogið við þessa útreikninga, sem sýna fram á þá kjaraskerðingu, sem stöðvunin muni hafa í för með sér. Það síðara er auðvitað að mínu áliti það rétta. Það er bogið við þessa útreikninga, að þeir taka ekki tillit til þess vaxtar verðbólgunnar, sem um hlýtur að verða að ræða. Hagnaður launþeganna við það, að stöðvunin er gerð, jafnvel þó að það kosti eitthvað í kaupi, er fólginn í því, að ef þetta tekst, þá sleppa þeir við þá rýrnun á kaupmætti launanna, sem leiðir af því, að verðlagið fer hækkandi frá mánuði til mánaðar, en kaupgjaldið hlýtur af sjálfu sér alltaf að verða á eftir, þannig að þótt ekki væri tekið tillit til annars en hinnar reikningslegu skerðingar á kaupmætti launanna, sem sjálfkrafa hlýtur að leiða af vexti verðbólgunnar, þá verður hún samkvæmt því, sem ég hef sagt, meiri en þær fórnir, sem nú er gert ráð fyrir að færðar séu til þess að stöðva hana. En óþægindi þau og kjaraskerðing, sem bæði launþegar og aðrir mundu verða fyrir, ef ekki tekst að forða því, að óðaverðbólga skelli á, eru þó miklu viðtækari en þetta, og það er full ástæða til þess að bregða upp mynd af þeirri þróun, sem þá blasir við.

Almenningur hefur það vissulega á tilfinningunni, að í vændum sé eitthvað verra en hingað til hefur átt sér stað, og krefst þess af fulltrúum sínum á Alþingi, að gerðar séu þegar ráðstafanir til þess að afstýra aðsteðjandi voða. Það er þó rétt og jafnvel nauðsynlegt að gera sér sem gleggsta hugmynd um það, í hverju þessi voði er fólginn, því að almenn slagorð eins og hrun og öngþveiti, sem oft eru notuð í þessu sambandi, segja auðvitað lítið út af fyrir sig.

Þótt hin hæga verðbólguþróun, sem verið hefur undanfarin ár, hafi valdið þjóðarbúinu og framleiðslunni margvíslegu tjóni, þá hefur þó hingað til tekizt að halda henni svo í skefj-

um, að tekizt hefur að forða stórvandræðum. Þegar ný ríkisstj. hefur setzt að völdum, þá hefur því verið lofað að stöðva verðbólguna. Þótt árangur af því hafi verið misjafn og aldrei fullnægjandi, þá hefur þó tekizt að vekja vonir um það, að eitthvað nýtt og raunhæft yrði gert, svipað því og menn vonast oft eftir betra tíðarfari með nýju tungli. En þó að vonirnar hafi e. t. v. að jafnaði brugðizt, þá hefur þetta þó nægt til þess, að fólk hefur ekki misst alveg trúna á verðgildi peninganna, haldið óbreyttum daglegum viðskiptavenjum, lagt peninga í banka, þeir sem þá hafa haft afgangs daglegum þörfum, o. s. frv.

Ef verðbólgan fer hins vegar að vaxa með þeim hraða, sem nú hlýtur að verða, ef ekkert verður að gert, þá hlýtur það að valda stórfelldari röskun á efnahagsstarfseminni en von er að menn almennt geri sér næga grein fyrir, því að núlifandi kynslóð á Íslandi þekkir ekki óðaverðbólgu nema af afspurn. En ef menn vita það, að vísitalan verður 270 stig eftir tíu mánuði og e. t. v. 400 stig eftir hálft annað ár, þá hlýtur það að breyta algerlega viðhorfum manna til þess að eiga peninga. Allir hljóta að forðast það, sem unnt er, og breyta því, sem þeir eiga í peningum, í einhver föst verðmæti. Afleiðingin verður kaupæði, búðir tæmast og algert stjórnleysi skapast í verðlagsmálum og opinberum fjármálum. Þegar svo er komið, er aðeins til ein leið, sú að innkalla hina verðlausu mynt og taka upp nýja eða gera svipaðar ráðstafanir og sagt er að Rússar hafi gert gagnvart hinum verðlausa gjaldmiðli nazistanna í Austur-Þýzkalandi eftir stríðið. Þeir gerðu sér hægt um vik og strikuðu tvö eða þrjú núll út af öllum upphæðum til þess að fá meðfærilegar tölur í viðskiptum.

En þetta virðist nú út af fyrir sig einfalt, og ég hef talað við menn, sem hafa sagt, að e. t. v. sé þetta það æskilega, hreinsunareldur, sem þjóðin verði að ganga í gegnum. En ég held þó, að þeir menn, sem þannig tala, mundu ekki gera það í alvöru, ef þeir gerðu sér fyllilega ljóst, hvað hér er um að ræða og hvaða verði þjóðin yrði að kaupa slíka reynslu.

Fólk, sem dvaldist í Þýzkalandi, þegar óðaverðbólgan gekk þar yfir eftir fyrri heimsstyrjöldina, sagði, að vandræði og skortur stríðsáranna hefðu aðeins verið svipur hjá sjón miðað við neyðarástand verðbólguáranna.

Það er í fyrsta lagi hætta á því, að hið algera öngþveiti í vörudreifingunni, sem leiðir af hruni gjaldmiðilsins, orsaki algeran nauðsynjaskort og jafnvel sult. En jafnvel þótt því versta í þeim efnum yrði með einhverjum hætti forðað, þá mundi þó efnahagur þjóðarinnar særast þeim sárum, ef slíkt dyndi yfir, sem seint tækist að græða. Allir þeir, sem unnið hafa það þjóðnytjastarf á undanförnum árum að leggja fyrir sparifé, yrðu bótalaust sviptir eignum sínum. Það yrðu laun þjóðfélagsins þeim til handa fyrir að hafa ráðstafað fjármunum sínum í þágu uppbyggingar atvinnulífsins í stað þess að eyða þeim í persónulegan munað. Allir þeir opinberu sjóðir, sem gegna margvíslegum verkefnum á sviði menningarmála og áratugi hefur tekið að byggja upp, yrðu þurrkaðir út. Þá er og augljós sú hneisa og álitshnekkir, sem landið mundi verða fyrir í augum annarra þjóða, ef slíkt skeði. Þess eru að vísu ýmis dæmi frá þessari og síðustu öld, að óðaverðbólga hefur átt sér stað hjá þjóðum, sem beðið hafa ósigur í styrjöldum. Þau dæmi, sem við þekkjum bezt, eru t. d. bankahrun — danska bankahrunið 1814, sem kom til að snerta okkur vegna stjórnmálasambands okkar við Dani á þeim tíma, hrun þýzka marksins eftir fyrri og seinni heimsstyrjöldina og gríska gjaldmiðilsins eftir borgarastyrjöldina þar í landi 1945. Hins vegar þekki ég þess engin dæmi frá siðmenningarlöndum, að óðaverðbólga hafi átt sér stað einungis vegna of mikillar fjárfestingar á friðartímum. Okkar dæmi yrði þannig einsdæmi, ef slíkt henti, og ekki til þess fallið að skapa traust á fjármálum landsins, svo að ekki sé meira sagt.

Það versta er þó e. t. v., að engin trygging er fyrir því, þótt ósköpin dyndu yfir, að slíkt mundi skapa nein skilyrði fyrir varanlegri endurreisn efnahagslífsins. Eru líkur á því, þótt taka yrði upp nýjan gjaldmiðil, að með því væru úr sögunni grundvallarorsakir verðbólgunnar hér á landi, of mikil fjárfesting og of mikil bankaútlán og óábyrg stefna í launamálum af hálfu ýmissa launþegasamtaka? Gæti ekki sami dansinn og áður hafizt að vörmu spori á nýjan leik, þannig að sparifjársöfnun, sem er grundvöllur efnahagslegra framfara, yrði um ófyrirsjáanlegan tíma úr sögunni?

Í þessu sambandi má benda á það, að jafnvel þótt þetta skeði, að gjaldmiðillinn yrði verðlaus, þá hef ég ekki neina trú á því, að það yrði farið að ræða það á meira hagfræðilegum grundvelli en verið hefur, hverjar hafi verið hinar raunverulegu orsakir verðbólgunnar. Það eru blöðin, sem skapa almenningsálitið í þessum efnum. Ég hef ekki trú á því, að eftir það færu þau frekar en nú að gefa þær skýringar, að þarna sé um að kenna of mikilli fjárfestingu og óábyrgri stefnu í launamálum o. s. frv. Nei, það yrðu allt aðrar skýringar, sem þjóðinni yrðu gefnar á þessu fyrirbrigði, nefnilega þær, að það er þessi stjórnmálaforingi þarna og þeir, sem honum fylgja að málum, sem eiga sökina á því, hvernig komið er, og um það yrði svo deilt. Það var vegna þess, að þjóðin bar ekki gæfu til annars en fela þessum mönnum yfirstjórn sinna mála, sem þetta skeði. En það yrði ekki frekar en áður farið að gera grein fyrir hinum raunverulegu orsökum ófarnaðarins.

Ég hef þá reynt í stórum dráttum að gera grein fyrir því, hvað blasir við, ef Alþingi það, sem nú situr, ber ekki gæfu til þess að gera viðhlítandi ráðstafanir til þess að stemma stigu við verðbólgunni. Ég er ekki að mála neina grýlu á vegginn, heldur aðeins að lýsa því, sem óhjákvæmilega skeður á næstu mánuðum, ef ekki verður að gert.

Það ætti ekki að vera deiluefni milli stjórn-

málaflokkanna, hverja nauðsyn ber til að stöðva verðbólguna. Um einstök atriði í sambandi við leiðirnar má hins vegar deila, t. d. um það, hve mikið af niðurfærslu vísitölunnar eigi að vera eftirgjöf af hálfu launþega og hve mikið eigi að borga niður úr ríkissjóði.

Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er að mínu áliti farin skynsamleg millileið í því efni. En þó að einhver önnur skipting væri gerð, þá mundu það að mínu áliti frekar vera aukaatriði í þessu sambandi, því að allar þær leiðir, sem til greina koma, eru þó betri og almenningi hagstæðari en ef ekkert yrði að gert. Og ég vona, að það verði á slíkum grundvelli, sem framhaldsumræður verða um þetta frv., en sé að öðru leyti ekki ástæðu til þess að ræða þessar leiðir frekar að sinni.

Nei, leiðin til þess að bæta hag launafólks í landinu er ekki sú að gefa verðbólgunni lausan tauminn. Það væri þvert á móti það versta, sem hægt væri að gera frá þeirra hagsmunasjónarmiði. Hitt væri eðlilegt, að hagsmunasamtök launamanna geri þá kröfu til ríkisvaldsins, að það geri það, sem í þess valdi stendur, til þess að lækka verðlagið sem unnt er fram yfir það, sem þessi lög gera ráð fyrir. Og vegna þeirra breytinga, sem nú hafa verið gerðar á kaupgreiðslum, þannig að vísitöluuppbótin fram til þessa verður að grunnkaupi, mundu slíkar lækkanir, ef til kæmu, verða hrein kjarabót. Hvaða möguleikar eru fyrir hendi í þessu efni, er að mínu áliti undir því komið, hvernig á næstunni verður tekið á fjárfestingar- og útlánamálunum, þannig að stöðvuð verði dýrtíðaráhrif þaðan.

Það mundi leiða of langt hér að gera þau mál að nánara umtalsefni að svo stöddu, enda gefst sennilega tími til þess síðar. Á það tel ég þó rétt að benda, að breyting sú á vísitöluútreikningi, sem hér er gert ráð fyrir að lögfest verði, gerir slíkar ráðstafanir meira aðkallandi en ella mundi vera. Það má gera ráð fyrir því, að verðlag hinna brýnustu nauðsynja, sem haldið hefur verið í skefjum með niðurgreiðslum og ströngum verðlagsákvæðum, hafi allmiklu minna gildi í nýja vísitölugrundvellinum en þeim gamla. Af því leiðir aftur, að gera má ráð fyrir því, að þau dýrtíðaráhrif, sem stafa frá bankakerfinu og fjárfestingunni, muni eftirleiðis koma í miklu ríkara mæli fram í framfærsluvísitölunni en áður hefur verið. Og þegar hér við bætast ákvæði frv. um sjálfkrafa hækkun fiskverðs og verðs á landbúnaðarvöru til samræmis við hækkun vísitölu, verður hætta á því, að verðbólguhjólið snúist enn örar en áður. Fari það af stað, er ljóst, að nauðsynlegar aðgerðir í banka- og fjárfestingarmálum verða eftir samþykkt frv. enn meira aðkallandi en áður.

Eins og ég sagði, má auðvitað um það deila, hvernig skipta eigi þeirri niðurfærslu vísitölunnar, sem nauðsynleg er talin, milli þess, sem launþegar taka á sig, og þess, sem borgað er niður.

Ég tel æskilegt, að sú leið verði farin, eftir því sem unnt er, að gera þær fórnir, sem hér kynni að vera um að ræða í bili, launþegunum sem léttbærastar. Og hafi það verið rétt með farið hjá hv. 2. þm. S-M. hér í gær, að fráfarandi hæstv. ríkisstj. hafi, rétt áður en hún fór frá völdum, úthlutað einum 60 millj. kr. í handbæru fé til ýmiss konar fjárfestingarframkvæmda, þá tel ég það stórlega vítavert. Þeim peningum eða nokkru af þeim a. m. k. hefði þá eins mátt verja til þess að gera þær ráðstafanir, sem hér er um að ræða, almenningi sem léttbærastar. En við, sem verið höfum í stjórnarandstöðu, stöndum nú einu sinni gagnvart því, að hér er um skeðan hlut að ræða, svo að þeim peningum verður þá ekki ráðstafað að nýju.

En hvað sem annars má segja um niðurgreiðslurnar, tel ég ekki á því vafa, að ef fjár til þeirra er aflað án þess að leggja á nýja skatta, þá er það auðvitað hagkvæmara launþegunum en eftirgjöf vísitölu. Á hinu má þó vekja athygli, að það eru takmörk fyrir því, hvað hægt er að skerða fjárfestinguna mikið, án þess að það skapi almenningi ekki líka óþægindi. Og hér komum við aftur að því, að þessir útreikningar, sem gerðir eru á kaupmætti launa og breytingum á þeim, eru engan veginn einhlítur mælikvarði á kjör launafólks. Það væri auðvitað hægt að hugsa sér að borga vísitöluna meira niður en gert er, en ef fjár til þess á að afla með niðurskurði á fjárfestingu, þá hlyti það auðvitað að verulegu leyti að þýða stöðvun á nauðsynlegum verklegum framkvæmdum í landinu. Þau óþægindi, sem fólk hefur af slíku, koma að vísu ekki fram sem skertur kaupmáttur launa, en vissulega eru það óþægindi fyrir almenning, ef ónógt húsnæði er fyrir skóla, svo að börnin verða að hafast þar við undir heilsuspillandi skilyrðum, ef menn geta ekki fengið spítalapláss, þó að nauðsyn beri til, o. s. frv., svo að þá hlið á málinu verður einnig að taka til athugunar. Það má ekki einblína á hinn reikningslega kaupmátt launanna.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er nú komið svo með umræðurnar um þetta frv., eins og að mörgu leyti var eðlilegt, að þær fara allvítt, og ég býst við, að það þyki ekki nema sjálfsagt, að maður ræði við þessa umr. allmikið fleira en beinlínis undir frv. heyrir.

Hv. 9. landsk. (ÓB), sem hér var að ljúka síðast ræðu sinni, ræddi mikið um verðbólguna, og það er mjög eðlilegt, að menn ræði um hana. Hún er búin að vera mikið vandamál hjá okkur, og það lítur nú út fyrir eins og menn séu stundum að gera hverjir öðrum upp skiptar skoðanir í þeim efnum.

Ég held, að það sé ekkert spursmál um það, að menn eru sammála um, að verðbólguna þurfi að stöðva. Það, sem menn eru ekki sammála um, er: Hver á að borga? Og það er bezt, að menn geri sér það ljóst frá upphafi, hverjum þeir ætla að sýna reikninginn, og um það verður barizt í þessum efnum.

Hv. 9. landsk., sem hér var að ljúka máli sínu áðan, sagði, að ef það væru til aðrar leiðir en þær, sem farnar eru með þessu frv., þá væri rétt að fara þær. Það er alveg hár-

rétt hjá honum og það væri einmitt óskandi, að það væru flestir hv. þm. í þessari d. svo heiðarlega settir gagnvart þessum málum, að þeir væru reiðubúnir til að taka rökum í sambandi við þau og bitu sig ekki í eitthvað, sem þeir væru búnir að trúa svona og svona lengi, þegar þeir sæju, að hlutirnir væru öðruvísi.

Því fer ákaflega fjarri, að það hafi verið skoðun Alþb., eins og hv. 9. landsk. virtist gjarnan halda, að það ætti ekki að gera neitt. Þvert á móti, verkalýðnum er alveg jafnljóst og öðrum, að hann tapar á verðbólgunni, meira að segja þó að hún sé niðurgreidd. Það eru aðrir menn í landinu, sem græða á verðbólgunni, að því skal ég koma síðar. Við skulum ekki gera hver öðrum upp nein orð í þessu sambandi.

Það dettur engum í hug, að verðbólgan stöðvist af sjálfu sér. Verkalýðshreyfingin á Íslandi hefur verið reiðubúin til samninga um að stöðva verðbólguna. Hún hefur líka verið reiðubúin til þess að fórna í sambandi við það að stöðva verðbólguna. Hún hefur líka verið reiðubúin til alltaf að samþykkja niðurgreiðslu á vöruverði, jafnvel þó að hún hafi oft og tíðum tapað á því. Það hefur ekki verið nein ofstækisfull afstaða, sem verkalýðshreyfingin á Íslandi hefur tekið þannig. Hún hefur verið reiðubúin til þess að semja um þessa hluti, ræða um þessa hluti, en hún hefur bara ekki verið reiðubúin til að fórna að óþörfu, á meðan öllum glundroða, vitleysu og óréttlæti væri við haldið í þjóðfélaginu á hennar kostnað. Og það er það, sem menn þurfa að gera sér ljóst, þegar þetta verður rætt.

Við skulum þá fyrst athuga um það: Er vísitalan orsök að verðbólgu. Það er búið að þusa ósköp um það mál hér, og það eru sumir menn búnir að fá þannig vísitöluna á heilann, að þeir halda bókstaflega, að ef hægt sé að stöðva þessa vísitölu, þá sé allt saman fengið. Hvað er vísitala? Vísitalan er mælikvarði á dýrtíð í þjóðfélaginu, og ef hún er tengd við kaup, eins og hún hefur verið síðustu 17 árin meira eða minna hjá okkur, og þau ákvæði hafa verið, að t. d. á 3 mánaða fresti skyldi kaup hækka sjálfkrafa í sambandi við gamla vísitölu, þá hefur vísitalan í bezta falli verið trygging fyrir því, að launin haldist þau sömu. Meira að segja hefur vísitalan ekki að öllu leyti verið trygging fyrir þessu. Ef ekki hefur verið beitt alveg fullkomnustu sanngirni í sambandi við niðurgreiðslu vísitölu, þá hefur það raunverulega kaup farið lækkandi, þrátt fyrir það að það hækkaði samkvæmt vísitölu. Hvað er það þá, sem verkalýðurinn hefur verið að tryggja sér þessi 17 ár frá því 1942, þegar þetta er fyrst gert? Hann hefur verið að tryggja sér það, að hann þyrfti ekki að slást í hverjum einasta mánuði, þyrfti ekki að fara í verkfall á hverjum einasta mánuði eða á 3 mánaða fresti til þess að halda sömu launum, ekki til að hækka launin. Þetta er allt, sem vísitalan er fyrir verkalýðinn. Hún er trygging fyrir því, að hann fái að halda sömu launum og hann hefur samið um og þeim sé ekki stolið af honum með alls konar brögðum valdhafa. Og meira að segja hefur hún ekki einu sinni verið trygging fyrir því, að hann fái að halda þessum sömu launum, heldur hafa þau raunverulegu laun jafnvel farið versnandi oft og tíðum eftir því, hvernig vísitalan hefur verið borguð niður, þegar niður hefur verið greitt. Vísitalan hefur þess vegna verið mjög praktísk fyrir þjóðfélagið. Hún hefur skapað miklu meiri vinnufrið í þjóðfélaginu en ella mundi hafa orðið, og þetta er nauðsynlegt að menn geri sér ljóst. Einmitt þegar verið er að hallmæla vísitölunni hvað mest og tala jafnvel um afnám hennar og annað slíkt, þá er bezt, að menn muni þetta.

Hver er þá orsök þessarar margumtöluðu verðbólgu hér á Íslandi? Okkar hálærðu hagfræðingar tala ákaflega mikið um orsakir þessarar verðbólgu. Hv. 9. landsk., sem hér var að ljúka ræðu sinni áðan, talaði um víxlverkanirnar, sem þarna ættu sér stað. Vissulega er margt rétt í því. Hann talaði um spursmálið um útlánaaukningu bankanna og annað slíkt. Það held ég nú satt að segja að hafi hverfandi lítil áhrif í því íslenzka viðskiptakerfi. Það mundi hafa áhrif í venjulegum frjálsum viðskiptum, en ekki í eins bundnum viðskiptum og eru á Íslandi. Hann talaði um fjárfestingarstefnuna, og það er alveg rétt. Það er afgerandi, það er úrslitaatriði í sambandi við verðbólgu, hvers konar fjárfestingarstefna ræður í þjóðfélaginu. Ef svo og svo mikið af fjárfestingu þjóðfélagsins er ákaflega ópraktískt, þannig að það er raunverulega tekið svona og svona mikið af almenningi og sett í hluti, sem gefa ekki neinn arð né eru til þægindaaukningar, þá gengur það náttúrlega út yfir lífskjör almennings, þegar til lengdar lætur, þannig að vitlaus fjárfestingarstefna verður þannig óbeint, ef verkalýðurinn reynir að halda í sitt, til þess að auka verðbólgu. Ég skal ekki fara mikið inn á það, ég hef rætt það áður í sambandi við þessi mál og get aðeins minnt á það.

En fyrst við ræðum á annað borð um verðbólguna, þá langar mig nú til þess að benda a. m. k. á eitt atriði, sem ákaflega lítið kemur fram í sambandi við þessar almennu fræðilegu umræður hér um verðbólgu, og það er skorturinn á aðhaldi í sambandi við alla verðlagsmyndun innan þess íslenzka verðlagskerfis. Það er talað um, að það sé einhver vísitöluskrúfa, sem verkalýðurinn framkvæmi með sinni baráttu og sinni vísitölutryggingu. En ég vil nú benda á, að þessar sífelldu hækkanir liggja alveg sérstaklega í einu, og það er í því, að það hefur viðgengizt nú langa lengi, að jafnóðum sem verkalýðurinn eða launþegar fá kauphækkun eða ef vísitalan hjá þeim hefur hækkað, þá skuli atvinnurekendum leyft að hækka að sama skapi allt verðlag. M. ö. o.: jafnóðum sem t. d. verkamenn með samningum eða verkföllum eða slíku knýja fram einhverja kauphækkun, er atvinnurekendum leyft að hækka allt verðlagið í landinu, fyrst í viðkomandi grein og svo að sama skapi, þegar

það nær til annarra framleiðslugreina seinna meir.

Ég veit ekki, hvort menn hafa nokkurn tíma alvarlega hugsað út í, hvað þetta raunverulega þýðir og hvers konar áhrif þetta hefur fyrir þjóðfélagið í heild. Um tíma var þetta jafnvel notað af hálfu yfirvaldanna sem beint keyri gagnvart verkalýðnum. Í hvert skipti sem hann hækkaði sitt kaup, þá var farið svona að, og það er alveg nauðsynlegt, að menn athugi þetta greinilega, vegna þess að ég efast um, að menn hafi gert sér alveg grein fyrir því, hverjar afleiðingarnar af þessu eru.

Þegar kaupgjald almennt í þjóðfélagi hækkar, hefur það ekki aðeins góð áhrif fyrir viðkomandi launþega, að þeir fá eitthvað betri kjör. Það hefur líka, ef allt er með eðlilegum hætti, ákveðin góð áhrif fyrir þjóðfélagið. Hvers vegna? Vegna þess, að þegar kaupgjald hækkar með eðlilegum hætti, þá þýðir það eitt af tvennu, að atvinnurekandinn verður að borga þessa kauphækkun af sínum gróða til viðkomandi launþega, eða þá hitt, ef atvinnurekandinn vill ekki sætta sig við það að láta sinn gróða minnka þess vegna, eða ef hann hefur kannske engan gróða fyrir til þess að missa þetta af, þá grípur hann til þeirra ráða að skipuleggja sinn rekstur betur, taka upp betri vélar, taka upp meiri framleiðslu, taka upp skynsamlegri rekstrarhætti. M. ö. o.: undir venjulegu þjóðfélagsskipulagi þýðir hver kauphækkun verkalýðsins, að atvinnureksturinn er á eftir rekinn með skynsamlegra móti. Það þýðir í venjulegu auðvaldsskipulagi, að atvinnurekendurnir haga sínum rekstri á skynsamlegri hátt, þeir reka jafnvel í stærri stíl, þeir jafnvel sameina sig í stærri fyrirtækjum, til þess að þetta verði ódýrara, og kauphækkanir verkalýðsins eru þannig það afl, sem knýr fram framfarirnar í atvinnulífinu. Þetta er nauðsynlegt að mönnum sé ljóst, vegna þess *að þetta er höfuðhreyfiaflið í sambandi við* allar tæknilegar framfarir, — skýringin á því, að í þeim þjóðfélögum, t. d. auðvaldsskipulagsins, sem hæst standa, skuli tiltölulega hæst verkakaup og tæknilegt stig fylgjast að, en í þeim löndum, þar sem verkalýðurinn hefur lægst kaup, þar finnst atvinnurekendum venjulega ekki borga sig að fara að skipuleggja rekstur betur, koma með vinnusparandi vélar eða annað slíkt. M. ö. o.: kauphækkunarbaráttа verkalýðsins er um leið *dýrmætasta hreyfiaflið fyrir þjóðfélagið til þess að knýja* framfarirnar fram.

Hvað er gert hér á Íslandi með því að leyfa hverjum atvinnurekanda, í hvert skipti sem kauphækkun fer fram, að hækka sína vöru að sama skapi? Það er gert það að leyfa honum að velta því yfir á þjóðfélagið í heild í hækkuðu vöruverði, aukinni verðbólgu, sem hann hefur orðið að greiða til verkalýðsins. Það losar viðkomandi smátt eða stórt fyrirtæki við að þurfa að gera sparnaðarráðstafanir, *að þurfa að koma inn í sínu fyrirtæki* vinnusparandi vélum, betra vinnuskipulagi og finna á annan hátt út, hvernig eigi að hafa reksturinn betri. M. ö. o.: það heldur þjóðfélaginu og atvinnurekstrinum sjálfum á lægra tæknilegu stigi. Ef það er einhver skrúfa, sem hefur þannig hjálpað til þess að skapa verðbólgu í þjóðfélaginu, þá væri það ekki vísitöluskrúfa verkalýðsins og ekki kauphækkanir hans, heldur er það þetta kerfi, að leyfa hverjum einstökum atvinnurekanda og þar með atvinnurekendastéttinni í heild að velta yfir á þjóðfélagsheildina öllum slíkum kauphækkunum. Þarna hefði frá upphafi þurft að skapa aðhald og breyta þarna til. Það hefði þýtt að knýja einmitt sjálfan atvinnureksturinn til þess að taka upp miklu skynsamlegri hætti í þessum efnum. Þetta gildir alveg ótvírætt um alla íslenzka verðmyndun, alla verðmyndun innan þess lokaða íslenzka verðmyndunarkerfis.

Það kemur af öðru um þann hluta okkar verðlagsmyndunarkerfis, sem fengist við útflutninginn, sem er vissulega stór. Ef skapað væri aðhald í þessum efnum, þá mundi líka verða skapað aðhald og tekin upp endurskoðun, í hvert skipti sem verulegar breytingar yrðu viðvíkjandi okkar afstöðu til annarra verðlagssvæða í sambandi við okkar útflutning og í sambandi við okkar innflutning, ef þar yrðu verðlagsbreytingar. Ef allt í einu yrðu stórkostlegar verðhækkanir — skulum við segja — á útlendum vörum, sem fluttar væru inn í landið, þá er það náttúrlega hlutur, sem eðlilega ætti að knýja fram, að íslenzkt þjóðfélagskerfi væri tekið til nokkurrar endurskoðunar um, á hvern hátt er hægt að verða við slíkum miklum hækkunum á útlendri vöru, í staðinn fyrir að hleypa því bara inn í verðlagskerfið að sjálfsögðu með hækkuðu verði og aukinni verðbólgu þar með. Slíkar hækkanir mundu í rauninni alltaf leiða til þess, að á vissan hátt þarf að endurskoða lífskjörin í landinu og sjá, á hvern hátt þjóðin getur borið slíkar verðhækkanir útlends varnings, sem hún þarf að kaupa, að hve miklu leyti sú lífskjararýrnun, sem eðlilega fyrir þjóðarheildina mundi skapast með þess háttar verðhækkunum útlendrar vöru, — á hvern hátt getur t. d. einhver hluti þjóðarinnar, t. d. yfirstéttin í henni, tekið þetta á sig, á hvern hátt væri hægt að koma þarna á skynsamlegri rekstri, og svo að lokum, þegar allar aðrar leiðir væru þrotnar, að hve miklu leyti yrði alþýðan í landinu sjálf að bera slíka breytingu.

Það er þetta aðhald viðvíkjandi atvinnurekstrinum, sem alltaf hefur vantað á Íslandi, m. a. vegna þess, að atvinnurekendastéttin, sem sjálf er önnur höfuðvaldastéttin í landinu við hliðina á verkalýðnum, hefur náttúrlega ekki kært sig um að láta þetta lenda á sér og heldur viljað lofa verðbólgunni að aukast í sífellu og losna þannig við að þurfa í sífellu að vera að endurskipuleggja sinn iðnrekstur og sinn atvinnurekstur yfirleitt og bæta hann.

Ég vil minna á það, að um leið og við útrýmum raunverulega þeirri frjálsu samkeppni og öðru slíku úr þjóðfélaginu, þá verðum við að taka upp annað aðhald, sem getur skapað þær framfarir, sem frjálsa samkeppnin með

sínum tiltölulega „barbarísku“ aðferðum hefði knúið fram.

Sama og gildir um atvinnureksturinn í þessu sambandi gildir raunverulega líka um ríki og bæi. Það þyrfti alveg jafnt gagnvart ríkinu og bæjum að skapa það aðhald, sem segði raunverulega við þessa aðila: Það dugir ekki fyrir ykkur í sífellu, þegar eitthvert verðlag breytist, að hækka bara alltaf álögur, hvort heldur það heita útsvör eða eitthvað annað slíkt. Það verður, jafnóðum sem útgjöld eru hækkuð, að reyna að draga úr á öðrum sviðum.

Það er nú m. a. okkar hér í þessum sal að sjá um að skapa þetta aðhald, og hvernig hefur það tekizt síðustu 10—12 árin? Fjárl. voru — held ég — 1947 214 millj.; fjárlfrv., sem liggur fyrir núna, er upp á 900 millj. Það hafa bætzt við 60—70 millj. á ári hverju. Ríkið hefur allan þennan tíma ekki aldeilis gengið á undan með að reyna að skapa aðhald í þessum efnum, og við sjáum nokkurn veginn, hvernig þróunin hefur verið. Ég man eftir, þegar ég kom hér fyrst á þing 1937, þá voru fjárl. undir 20 millj.; ég held, að þau hafi verið annaðhvort 18 eða 19. Þá var okkar útflutningur tæpar 60 millj. Nú eru fjárl. sjálf um 900 millj., útflutningurinn kringum 1000 millj. Svona hafa hlutföllin breytzt þarna á milli. Ég er ekki að segja þar með, að þessi þróun sé öll til hins verra. Það er mikið af henni til hins betra. Það er mjög mikið af því, sem bætzt hefur inn í fjárl. síðan, framlög til almannatrygginga, meira öryggis í landinu og annars, sem gott og nauðsynlegt er fyrir alþýðu manna, að þjóðfélagið hafi með að gera, en mjög mikið af þessu er líka útþensla, meiri eða minni útþensla á skrifstofubákni, sem er bókstaflega stór hlutur af því bara til trafala og bölvunar fyrir þjóðfélagið.

Af hverju hefur nú ekkert aðhald verið í þessum efnum? Af hverju hefur verið hægt að láta það viðgangast, að það væri alltaf á síðustu 10—20 árum verið að lækka gengið, að rýra gjaldeyrinn hjá þjóðinni? Hver er orsökin til þess? Hver er orsökin til þess, að verðbólgan er látin viðgangast á Íslandi? Hverjar eru þær pólitísku orsakir? Mundi þetta hafa gerzt, við skulum segja í Englandi? Mundi atvinnurekendastétt í Englandi t. d. hafa kært sig um að láta svona þróun viðgangast? Nei, hún hefði áreiðanlega hindrað hana. Við lifum það hvað eftir annað hér, að meira að segja bankastjórar seðlabanka og eins voldugir menn í atvinnulífinu og þeir eru alltaf að tala um gengislækkun við þjóðina og segja henni: Ja, það þarf bara endilega að verða gengislækkun. Það er alveg óhjákvæmilegt. — Mér þætti gaman að heyra slík orð frá bankastjórum Englandsbanka eða frá stjórnarmeðlim í brezku ríkisstjórninni. Ég býst við, að þessir menn bregðist venjulega ekki reiðari við en þegar talað er um og einhverjar flugufregnir eru uppi um það, að sterlingspundið eigi jafnvel að falla. Hvernig stendur á þessu gerólíka viðhorfi hjá valdamönnum í íslenzka þjóðfélaginu annars vegar og svo t. d. í því brezka hins vegar? Af hverju er þetta eiginlega eina auðvaldslandið, þar sem svona hlutur getur komið fyrir, að verðbólgan sé látin viðgangast á þennan hátt? Erlendis, við skulum segja í Englandi, eru eigendur þess fjármagns, sem bankarnir lána út, aðalauðmenn landsins. Það er sjálft auðvaldið brezka, sem á þá stóru banka, sem lána fjármagnið út, og eigendur þessa fjármagns hafa áhuga á því, að þegar þeir fá sínar skuldir borgaðar til baka, þá sé það í jafngóðum pundum eins og þau, sem þeir lánuðu það í. Brezka auðmannastéttin skal sjá um það, að reynt sé að viðhalda gengi peninganna.

Hvernig er ástandið hér hjá okkur á Íslandi? Hverjir eru það, sem eiga peningana, sem lánaðir eru út? Ríkið á alla bankana. Ríkið leggur til höfuðstólinn í þá, og almenningur á sparifé. Og hverjir eru það, sem ráða svo útlánunum? Ja, það hefur verið svo á undanförnum áratugum, að það hafa verið nokkurn veginn helmingaskipti um það á milli Framsfl. og Sjálfstfl. Þau skekkjast nú kannske öðru hvoru helmingaskiptin, og þeir deila kannske stundum um það, hvor þeirra fái betri helminginn. En það eru þessir tveir stóru flokkar, sem hafa ráðið bönkum ríkisins, sparifé almennings og hafa deilt því út til sinna stóru fyrirtækja að láni, og þessi stóru fyrirtæki hafa ekki haft sérstakan áhuga á því, að þegar krónurnar væru borgaðar til baka, þá væru þær jafngóðar krónur og þegar þær voru lánaðar út. Og sá aðili, sem hefði átt að passa upp á þetta og reyna að passa upp á það, og sá aðili, sem frá upphafi hafði hagsmuni af því að gæta þessa, það var alþýðan sjálf. Hún hefur ekki verið það voldug hér á Alþ., að hún hafi getað gætt þessa.

Þess vegna hefur verðbólguþróunin verið látin viðgangast hérna heima. Hún hefur verið þeim til gróða, sem hafa getað gengið í bönkum ríkisins í sparifé almennings og tekið þar að láni stórfé. Það er þessi svikamylla auðvalds *og afturhalds á Íslandi, sem er pólitíska or*sökin til þess, að verðbólguþróunin hefur verið látin viðgangast, eins og hún hefur viðgengizt. Ef Sambandið hefði átt Landsbankann og alla peningana í honum og Kveldúlfur Útvegsbankann, þá hefði þetta ekki verið látið viðgangast svona, og ef þeir hefðu verið að lána út alla þessa peninga, við skulum vera vissir um það, að þá hefðu öll þau góðu fésýslufyrirtæki, sem að þessu stæðu, séð um, að það væru jafngóðar krónur, sem væru borgaðar til baka.

Þess vegna, þegar við ræðum um verðbólguna, ef við viljum reyna að kryfja þetta til mergjar, þá skulum við rannsaka allt pólitíska fyrirkomulagið á Íslandi og öll pólitísku völdin í sambandi við þetta og ekki bara byrja á að slá því föstu, að kauphækkanir hjá verkalýð séu það, sem knúið hefur fram og sé undirrót alls ills í þjóðfélaginu, verðbólgu og annars slíks og að af því stafi allt saman. Nei, þessi verðbólga hefði aldrei viðgengizt, ef það væru ekki voldugri aðilar en verkalýðssamtökin því miður eru, sem hefðu hagsmuni af henni.

Ég vísa algerlega þeirri ásökun frá íslenzku

verkalýðshreyfingunni, að hún eigi sök á þessari verðbólgu eða að það sé vísitölukerfi hennar, og öll kenning um, að afnám vísitölunnar sé eitthvert læknisráð í þessum efnum, er álíka viturleg og það að leggja til að mölva hitamælinn í staðinn fyrir að reyna að lækna sóttina, sem hitanum veldur. Ég vil taka það fram, að verkalýður Íslands býr nú í dag, jafnvel með þeim óvenjuháu launum, sem útborguð eru 1. des. 1958, við lægra kaupmátt tímakaups en hann bjó við hvort heldur 1944 eða 1947, þegar reiknað er með þeim venjulegu útgjaldaliðum í sambandi við framfærsluna, en húsaleigan dregin frá. Ég vil minna á þær tölur, sem áður hafa verið notaðar hérna og ekki hefur verið neitað viðvíkjandi kaupmætti tímakaupsins. Þegar reiknað var með 1. júlí 1947 sem 100 og þá án húsaleigunnar, húsaleigan dregin út úr, þá var kaupmáttur tímakaupsins 1. nóv. 1953 84.6%. Þá er það 1. febr. 1955 84.2%. Þá er það 1. nóv. 1956 89.5%. Þá var það 1. nóv. 1957 86.7%, 1. okt. 1958 86.8% og 1. des. 1958 ca. 93%. M. ö. o.: eftir 15 ár, eða ef við viljum heldur taka eftir 12 ár, ár nýsköpunarinnar, ár Marshall-gjafanna og alls þess, sem á hefur gengið þessi ár, og alls þess, sem þjóðinni hefur áskotnazt, þá er kaupmáttur tímakaupsins minni hjá verkalýðnum, meira að segja þegar hann er núna í hápunkti 1. des. 1958 af orsökum, sem við allir skiljum, heldur en hann var 1947, og þá var hann sami og hann var 1944.

Það eru ekki kauphækkanir verkalýðsins, sem eru undirrótin að því, sem hérna er um að ræða. Hinu skal ég svo ekki draga úr, um leið og ég legg áherzlu á þetta með kaupmátt tímakaupsins, að hann sé minni, að afkoman, tekjurnar sjálfar, þær eru með bezta móti. En af hverju? Af því að verkalýðurinn á Íslandi vinnur meira en nokkur verkalýður í nokkru nágrannalandi okkar. Hann hefur meiri tekjur og hefur sérstaklega haft núna á þessu nýliðna ári, en það er af því, að hann vinnur miklu meira en almennt þykir í flestum menningarþjóðfélögum rétt að menn vinni.

Hæstv. menntmrh. sagði hér í sinni ræðu áðan, að forsendan fyrir því, að hægt sé að halda því kaupgjaldi, sem var 1. des. 1958, sé röng og þess vegna falli allt það, sem haldið hefur verið fram hér. Hvernig dirfist hæstv. menntmrh. að halda þessu fram? Á hverju byggir hann það, að ekki sé hægt að halda kaupgjaldi eins og það var 1. des. 1958, að það sé ekki hægt að halda kaupgjaldi, sem er hvað kaupmátt tímakaups snertir 7% fyrir neðan það, sem var fyrir 12 árum? Vill hæstv. menntmrh. halda því fram, að það sé allt annað í þjóðfélaginu í slíku lagi, öll stjórn á okkar mannfélagi, að verkalýðurinn geti ekki búið við tímakaup, sem sé eins og 1. des. 1958? Vill hann halda því fram, að það sé búið að taka til endurskoðunar allt kerfi ríkisins og þjóðfélagsins og laga það þannig, að út úr öllum skúmaskotum sé búið að hreinsa, allan glundroða sé búið að bæta, þannig að verkalýðurinn geti ekki búið við það tímakaup, sem hann hafði 1. des. 1958? Ég veit, að hæstv. menntmrh. dettur ekki í hug að halda því fram, en hann hugsar þetta aðeins út frá einu og það er út frá því, að ef ekkert sé gert á neinu sviði, hvergi hreyft við neinu, þá sé ósköp erfitt fyrir aumingja atvinnurekendurna að standa undir þessu, að þeir séu ekki einu sinni kúskaðir til þess að reyna að bæta eitthvað hjá sér atvinnureksturinn, skipuleggja hann betur, ef þeir vilja heldur hafa 7 eða 8 súkkulaði- og karamelluverksmiðjur í staðinn fyrir eina og annað slíkt og græða jafnt á öllum, í staðinn fyrir að þeir yrðu einhvern tíma neyddir til þess að skipuleggja reksturinn eitthvað betur hjá sér. Nei, það er ekki til neins að koma og halda slíku fram. Þegar menn ræða þessi mál, þá verða menn að gera svo vel að ræða þjóðfélagskerfið í heild og taka það fyrir og sýna fram á, að það sé í slíku lagi á öllum sviðum, að það sé hvergi hægt að gera betur.

Hæstv. menntmrh. sagði, að það hefði verið nauðsynlegt að halda hlut útvegsmannanna óbreyttum. Ég er nú hræddur um, að honum hafi verið samt breytt til hins betra. En hver segir, að það hafi meira að segja verið nauðsynlegt að halda honum eins og hann var í vor? Það var farið eftir gengislækkunar-„prinsipinu“ að nokkru leyti við þetta í vor. Er nokkur nauðsyn að halda því? Er nokkur nauðsyn að veita útvegsmönnum meiri uppbætur en þeir nauðsynlega þurfa, heldur en þeir komast af með, fleygja í þá jafnvel 60—70 millj. fram yfir það?

Nei, ég held, að þegar við förum að ræða þessi mál, þá verðum við að taka fyrir og athuga okkar þjóðfélag í heild, áður en við ætlum að slá því föstu, að kaup verkalýðsins sé of hátt og þess vegna verði að skera það niður.

Hæstv. forsrh. sagði í sinni framsöguræðu hér, að það væri einungis um tvær leiðir að ræða: önnur væri nýjar skattaálögur, hin væri launalækkun samkv. þessu frv.

Þetta er ekki rétt. Það er til þriðja leiðin. Það er til leið slíks niðurskurðar á útgjöldum ríkisins og þjóðfélagsins, leið slíks sparnaðar, slíkrar umskipulagningar, slíkrar framleiðsluaukningar hjá þjóðarbúinu, að þá losa þeir verkalýðinn við fórnir eða a. m. k. kæmust eins langt í því að losa við fórnir og nokkur möguleiki væri á.

Verkalýðurinn hefur verið reiðubúinn til þess að vinna að því að stöðva verðbólguna, líka verið reiðubúinn til þess að athuga um þá hluti að fella niður vísitölustig, en að fella niður vísitölustig gegn því, að hann fái þau upp bætt. Það er reikningsatriði fyrir verkalýðinn að fallast á það, hvort það borgi sig fyrir hann að fella niður vísitölustig. 1956 reiknaði hann það út, í september, hvort borgaði sig að sleppa þessum 6 stigum, og hann komst að þeirri niðurstöðu, að það borgaði sig, og það var gert. Og það getur borgað sig fyrir verkalýðinn að sleppa svo og svo mörgum stigum og fá í staðinn svo og svo miklar — við skulum segja — fjölskylduuppbætur, sleppa við sjúkrasamlags- og tryggingaiðgjöld og allt mögulegt annað slíkt. Þetta er allt reikningsatriði. Verkalýðssamtökin hafa alltaf verið reiðubúin til þess að ræða þessa hluti til þess

að stöðva verðbólguhjólið. Það er ekki það, sem staðið hefur á. En þau gera það að kröfu, að að svo miklu leyti sem þau vilja sleppa einhverju af þeim vísitölum, sem þau eiga rétt á samkv. sínum samningum, þá fái þau það að fullu upp bætt, og þá fyrst vilja þau fallast á að fara kannske að sleppa einhverju þar niður, að þau væru búin að sjá, að slíkar ráðstafanir væri búið að gera í þjóðfélaginu til sparnaðar og skynsamlegri rekstrar á öllum sviðum, að það væri ekki um annað að ræða en þetta.

Þegar vinstri stjórnin var mynduð sumarið 1956, var þetta orðað þannig, að það ætti að fara fram úttekt á þjóðarbúinu, til þess að verkalýðurinn gæti gengið úr skugga um, að allt væri gert, sem hugsanlegt væri, til þess að spara. Slík úttekt hefur aldrei fengið að fara fram, og enn stöndum við — alveg sérstaklega Framsfl. — þess vegna enn þá frammi fyrir því í dag, að verkalýðurinn krefst þess, að slík úttekt fari fram, og verkalýðurinn fellst ekki á fórnir, fyrr en hann sér, að slík úttekt hefur verið gerð. Og ég vil vona, að nú, þegar meira að segja Sjálfstfl. fer kannske að hafa nokkur áhrif á ríkisstj., þá hjálpi það frekar til þess, að þessi úttekt, sem verkalýðurinn er búinn að bíða svona lengi eftir, fái nú loksins að fara fram.

Það er sagt núna, að allir eigi að fórna. Þið verðið að fyrirgefa, að ég er ákaflega efagjarn, alltaf þegar ég heyri þetta orð. Mér dettur alltaf í hug það, sem prédikað var 1939. Þá voru stórar fyrirsagnir: Allir eiga að fórna. — Og svo, þegar öllu var á botninn hvolft, var það alltaf þetta, að það var alþýðan, sem átti að fórna fyrir auðvaldið og ríkisbáknið. Við skulum þess vegna reyna að gera okkur ofur litla hugmynd um, hvað um er að ræða í peningum, sem við erum að tala hérna um. En þar komumst við því miður að því, eins og vill venjulega verða hjá okkur, að þegar við förum að ræða hagfræði á Íslandi, þá stöndum við verr að vígi en nokkur önnur þjóð í nokkru af okkar nágrannalöndum. Ef ég væri staddur í Bandaríkjunum í dag, gæti ég flett upp í bók hér fyrir framan mig, og þar stæði skýrt skrifað, hve mikinn gróða öll auðmagnsfyrirtæki í Bandaríkjunum hafa og hve mikil vinnulaun eru greidd út til allra verkamanna í Bandaríkjunum. Við þyrftum ekki neitt að rífast um, hvað þetta væri. Við hefðum þetta svart á hvítu viðurkennt af öllum yfirvöldum, og við gætum bara deilt um, hvernig er skynsamlegt að skipta þessum gróða. En hér stöndum við á Íslandi ár eftir ár og rífumst um þessa hluti og getum aldrei fengið svo mikið vit í þjóðarbúskapinn og hans rekstur, að við getum einu sinni haft þetta frammi fyrir okkur.

Þess vegna, þegar við komum með einhverjar tölur í þessu sambandi, þá er allt á huldu, og við getum rifizt endalaust um, hvað sé rétt, og enginn okkar þorir að fullyrða, að það sé áreiðanlega rétt, sem hann segir. Ef ég segi nú, að heildartekjur þjóðarinnar séu 5 milljarðar, — ég býst við, að það sé meira, en ég býst við, að ég taki frekar ekki of djúpt í árinni, þegar ég segi það, — það þýðir a. m. k. yfir 30 þús. á hvert mannsbarn og eftir því, hvort er reiknað með 4 eða 5 manna fjölskyldu, þá 120—150 þús. á hverja fjölskyldu 4—5 manna í landinu að meðaltali. Það eru meðaltekjurnar, ef þessum heildartekjum er jafnt skipt. Meginið af alþýðu manna býr líklega við heildartekjur einhvers staðar í kringum 60 þús. Við vitum, að af öllum þessum tekjum fer nú um þriðjungur í fjárfestingu, a. m. k. um 1500 millj.; þ. e. þriðjungurinn af því, sem hver maður fær útborgað sem launþegi, svona gróft reiknað, fer í fjárfestingu. Ríki og bær taka aftur í útsvörum og öllu mögulegu, ríkið í sínum sköttum og tollum og annað slíkt og atvinnurekendur sumpart í sínum gróða þannig, að einum þriðjungi af öllu þessu er varið í fjárfestingu. Og fyrir hvern einasta mann í landinu er það náttúrlega strax eitt stóra spursmálið: Er þessu varið rétt? Peningarnir, sem eru teknir af mér, er virkilega nauðsynlegt að taka þá, er þeim varið rétt? Heildartekjur allra launþega í landinu, — þar rennum við jafnt blint í sjóinn, það hefur verið gizkað á 2900 millj. kr., ég býst við, að það sé ekki fjarri lagi t. d. að gizka á, að af þessum 5 milljörðum fari til þeirra 30 þús. verkamanna og verkakvenna, sem eru í Alþýðusambandi Íslands, um 1500 millj. Það þýðir, svo að ég reikni með tölum hæstv. ríkisstj., að 5.4% lækkunin hjá þeim mundi þýða þar um 81 millj., að þær mundu vera rúmlega helmingurinn af því, sem öllum launþegum í landinu væri gert að fórna, sem færi þá upp í einar 150 millj., sem væri um að ræða að færa þarna á milli. Ég vil taka það fram, að það er ákaflega erfitt að slá einhverju föstu um þetta, en ef hér hefðu verið einhverjar stofnanir til, sem eitthvað vissu yfirleitt um okkar þjóðarbúskap, þá hefðu þær e. t. v. átt að geta haft tölur til þess að byggja á, sem við gætum verið allir sammála um. En við skulum segja, að það sé um það að ræða, að í kringum 150 millj. sé það, sem eigi að færa til milli launþeganna í landinu og annarra aðila með því frv., sem hérna liggur fyrir, að verkalýðurinn í Alþýðusambandi Íslands eigi að borga þarna úr sínum vasa með þessu rúmar 80 millj. kr.

Það er svo, að þegar talað er um fórnir í þessu sambandi, þá er eins og ákveðnir hlutir í þjóðfélaginu séu alveg „tabú“, séu alveg bann, það megi aldrei koma að því, það megi ekki tala um það. En eitt er það, sem aldrei er „tabú“, eitt er það, sem aldrei er bannhelgi á, held ég. Það eru lífskjör verkalýðsins. Það þykir alltaf sjálfsagt að byrja að tala um, að þar megi vissulega skera niður. Jú, þar sé fjöldinn, það muni um það, þegar hver einstaklingur verði að fórna, þessir einstaklingar í alþýðunni eru svo margir. En ég vil nú segja: Það er ekkert óeðlilegt, að hver einstaklingur út af fyrir sig í þeirri alþýðu spyrji fyrst: Er það nauðsynlegt, að ég sé látinn spara? Er það nauðsynlegt, að alþýðufjöldinn sé látinn spara þessa upphæð fyrir þjóðarbúið? — Þorri launþeganna er með svona 5 þús. kr. mánaðarlaun. Hver er framfærsla, sem ætlað er í dag að sé

nauðsynleg samkv. hagtíðindum, sú framfærsla, sem allir viðurkenna að sé miðuð við allt of lágan lífsstandard? Framfærslukostnaðurinn í dag af rúmlega 4 manna fjölskyldu, þegar húsaleiguliðurinn, sem er falskur, er dreginn frá, er 33 þús. Hvað vilja menn úthluta 4 manna fjölskyldu af húsnæði hérna í Reykjavík, að hún borgi á mánuði? Vilja menn úthluta henni 1500 kr., vilja menn úthluta henni 2000 kr.? Sé reiknað með því, að menn þyrftu ekki að borga nema 1500 kr. á mánuði, er framfærslukostnaður slíkrar fjölskyldu kominn upp í 51 þús. á ári. Menn lifa ekki of góðu lífi af 5 þús. kr. mánaðarlaunum. Einn Dagsbrúnarmaður, sem þó vinnur 9 klukkutíma árið um kring, 1 tíma í eftirvinnu, gæti farið upp í 68 þús. Með sínu venjulega kaupi, 5 þús. kr. á mánuði, mundi hann komast upp í 60 þús. Hjá honum breytist það svona frá 5500 upp í 6300, það sem hann kæmi til með að tapa, 9.3%, og er þá lagt saman það, sem hann mundi tapa á 10 stigunum eða því, sem kynni að vera fram yfir þau, og það, sem hann mundi tapa á niðurgreiðslum.

Ég held, að einu eigi menn að geta slegið föstu, og það er, að maður eða fjölskylda með 5000 kr. mánaðarlaun eigi ekki að fara að fórna, fyrr en búið sé að þrautkanna allar aðrar leiðir. Og það getur enginn búizt við því, að þorri verkafólks fallist á að sætta sig við þær ráðstafanir, sem mundu skerða þannig laun hans, hvort sem það yrðu 5% eða 10%, hvernig sem við viljum reikna það út, fyrr en búið væri að skera niður annars staðar, þar sem hægt væri, og fyrr en verkalýðurinn hefði sannfært sig um, að það hefði verið gert. Og ég vil spyrja ykkur, sem mál mitt heyrið: Eruð þið vissir um, að þið hafið gert allt, sem hægt er, áður en þið grípið til þess óyndisúrræðis að fara að skera niður hjá þessum mönnum með 5 þús. kr. mánaðarlaun? Eruð þið vissir í að hafa stjórnað þjóðfélaginu þannig, að það sé ekki hægt að stjórna því betur, áður en þið skerið niður? Eruð þið vissir um, að þið hafið fengið þessum verkalýð, sem vinnur allt það, sem stendur undir okkar þjóðarbúi, öll þau tæki í hendur, þau beztu og drýgstu og afkastamestu, sem hægt væri, til þess að þjóðarbúið væri sem auðugast? Eruð þið vissir um, að þið hafið skipulagt vinnuna og alla yfirbyggingu þjóðfélagsins það vel og skynsamlega, að hvergi sé hægt að spara þar neitt? Og eruð þið vissir um, að með þessum ráðstöfunum séuð þið að tryggja, að undirstaðan að okkar þjóðlífi, sjávarútvegurinn, gangi, sem sé að sjómennirnir fáist á skipin, með því að skera þannig launin við þá eins og ætlazt er til með þessu frv.?

Eru ekki til neinar 150 millj. kr. í íslenzku þjóðfélagi, sem sé hægt að ráðstafa, áður en byrjað er á þessum mönnum? Ég vil í fyrsta lagi spyrja: Hvernig er með gróða auðfélaganna í þessu þjóðfélagi? Er búið að spara þar á rekstri? Er búið að taka af þeim allt, sem hægt er? Við skulum taka olíufélögin fyrst af öllu. Við erum búnir að sitja tvö ár í ríkisstjórn á Íslandi nú. Við höfum frá hálfu Alþb. látið liggja þar fyrir lengst af þessum tíma till. um að þjóðnýta olíuverzlunina, taka upp ríkisverzlun á olíu, gamlar till. Alþfl. fyrir þessari hv. d. Það hefur ekki verið við það komandi. Það hefur ekki verið við það komandi, að olían, sem er oft upp undir sjötti hlutinn af öllum innflutningi Íslands og þrjú félög hafa núna með að gera, að ríkið sjálft fengi að reka þessa olíuverzlun, að það fengist gengið úr skugga um það, hvort þarna leynist svo og svo mikill gróði eins og almenningur heldur. Og almenningur hefur vissulega ástæðu til þess að halda það. Það er ekki það lítið, sem olíufélögin berast á. Það eru ekki þau fáir tankarnir, sem þau setja upp úti um allt land. Það er ekki það lítið fé, sem þeir setja í fjárfestingu. Og það er ekki svo lítið, sem gengur á við aðrar hverjar kosningar um afhjúpanirnar á milli olíufélaganna á gróða þeirra hvort hjá öðru. Það er ekki óeðlilegt, þó að almenningur segi: Áður en byrjað er á mér með 5000 kr. á mánuði, takið þið olíufélögin fyrir og sýnið, að það sé enginn gróði til. — Það er jafnvel ekki undarlegt, þó að mönnum dytti í hug, að það kynni að vera einhver gróði einhvers staðar á einhverjum verksmiðjum hérna, Cócacóla-verksmiðjum og einhverju slíku. Svo að maður komi að jafnvel nytsamari fyrirtækjum eins og hraðfrystihúsunum, það er vitanlegt, að það er tugmillj. kr. gróði á stóru hraðfrystihúsunum hér og í Vestmannaeyjum. Þetta eru að verða ein ríkustu fyrirtæki landsins. Þau eru reyndar byrjuð að kaupa upp útgerðina. Við skulum gera okkur ljóst, að það á sér stað gífurleg gróðamyndun í okkar þjóðfélagi. Og áður en verkalýðurinn getur verið reiðubúinn til þess að fara að fórna, þá þarf hann að sjá það svart á hvítu, að þarna sé búið að sauma að.

Við skulum í öðru lagi hverfa frá sjálfu einkaauðvaldinu og athuga ríkið sjálft. Hvernig er með ríkið? Ríkið ætlar að segja með þessu frv., sem hér liggur fyrir, ef það verður að lögum, við þann almenna verkamann: Þú skalt skera niður 5.4% af þínum fjárlögum, góði minn. — Og við höldum því jafnvel fram sumir, að þetta geti jafnvel farið út í, að það sé sagt við verkamanninn: Þú skalt skera niður allt upp í 10%. — Hvað segir ríkið við sjálft sig? Ætli það væri ekki bezt, að ríkið gengi á undan með góðu fordæmi og byrjaði á því sjálft að skera niður? Væri ekki eðlilegt, að ríkið sýndi það sjálft, hvernig hægt væri að spara 5.4%, þótt ekki væri meira, af 900 millj., en það er einhvers staðar í kringum 50—60 millj., 54 millj. eða þar í kring.

Skyldi ekki ríkið geta byrjað með því sjálft að skera niður hjá sér, ef það ætlast til þess, að hver einstök fjöldskylda, sem á að lifa á 5 þús. kr. á mánuði, skeri niður hjá sér frá 5 upp í 10%? Og ég veit, ég heyrði það á hæstv. forsrh., að hann mundi ekki vanta viljann til þess, að þannig væri skorið niður. En það, sem mig grunar, er, að Alþfl. vanti valdið til þess. Mig grunar, að Sjálfstfl. og Framsfl. muni hvorugur reiðubúinn til þess að hjálpa þeim við það. Framsókn var ekki reiðubúin til að gera það við okkur, skera slíkt niður, og ég

er hræddur um, að Sjálfstfl. reynist líka tregur í taumi þar. Má ég svo bara rétt minna á, þegar ég er að tala um þessar 150 millj., sem á að taka frá verkalýðnum, eða við skulum segja 80 millj., sem á að taka frá meðlimum Alþýðusambands Íslands, má ég þá rétt minna á, hvers konar upphæðir það eru, sem menn eru að fleygja á milli sín hér eins og snjóbolta og vita ekki almennilega, hvar þær eiga að lenda, og eiga kannske á hættu, að þær bráðni, meðan menn eru að kasta þeim á milli sín? Það er talað um allt upp í 85 millj kr., sem sé nú hægt að hækka tekjuáætlunina um. Jafnvel hæstv. forsrh. talar um það. Það er vitanlegt, að það er 60—70 millj. kr. greiðsluafgangur á ríkissjóðnum. Því er haldið hér fram og það af mönnum, sem þekkja þar mjög vel til, að það sé borgað 60—70 millj. kr. meira en þörf væri til útgerðarinnar. Og það er upplýst hér, að af meiri hl. fyrrv. hæstv. ríkisstj. var ákveðið að setja 63 millj. kr. í fjögur fyrirtæki á móti atkvæðum ráðh. Alþb. og án heimildar frá Alþingi. Það eru engar smáræðissummur, 60—70—80 millj., þessu er bara eins og hent á víxl. Hver upphæðin um sig er það sama og öllum meðlimum Alþýðusambands Íslands, 30 þús. að tölu, er gert að fórna með þessu frv. hérna. Það þarf ekki að segja mér, að það sé ekki hægt að taka þessa upphæð annars staðar, ef það er vilji fyrir því.

Og ég get farið í fleiri skúmaskot en hjá einkaaðvaldinu í landinu og ríkinu til þess að finna margfaldar þessar upphæðir, 60—70—80 millj. Hvernig er með bankana? Hver er gróði bankanna í ár? Máske hæstv. bankamálaráðherra vilji upplýsa okkur um það? Ætli hann hafi ekki verið síðasta ár í kringum 70 millj., gróði bankanna? Skyldi hann vera minni í ár? Kannske, ef seðlabankinn skyldi græða upp undir 20 millj., að meiningin sé að festa allt það fé með því að fara að kaupa eina fasteign enn þá í miðbænum, kaupa upp miðbæinn smátt og smátt? Það væri fyrirmyndar fjárfestingarpólitík. Skyldu ekki vera til einar 70 millj. í skúmaskotum ríkisbankanna sjálfra í hreinum gróða, sem máske mætti taka, ef það ætti að stöðva verðbólguna á Íslandi? Sízt af öllu væri þó ástæða til þess, að bankarnir færu að stórgræða, þegar loksins kæmi að því, að verðbólgan yrði stöðvuð. Maður gat skilið það máske, á meðan hún rúllaði áfram.

Ég sé það hins vegar á þessu frv., að vissulega mun eiga að lækka laun allra starfsmannanna í bönkunum með því, en ég sé ekki, að það séu neinar ráðstafanir neins staðar til þess að lækka verðið og þjónustu bankanna, vextina eða neitt annað slíkt. Það hefur kannske láðst.

Nú er í fjórða lagi, svo að við leitum einhvers staðar að þessum 80—150 millj. víðar en í þessum þrem skúmaskotum, sem ég hef verið að fara í: Hvernig er með fjárfestinguna og alla skipulagningu hennar? Þar er ráðstafað 1500 millj., þriðjungnum af öllum heildartekjum þjóðarinnar. Er einhver sá þm. í þessari hv. d., sem vill standa upp og segja: Þessum 1500 millj. er svo vísdómslega ráðstafað að vel yfirlögðu ráði og grandskoðuðu, að þarna er hvergi hægt að spara, hvorki 80 né 150 millj.?

Ég vil leyfa mér að halda því fram, að þessum 1500 millj. kr. í fjárfestinguna sé ráðstafað yfirleitt í hreinu stjórnleysi, megininu af því meira eða minna óhugsað og mjög miklu af því þannig sjálfkrafa, að mönnum leyfist að leggja í hinar og þessar framkvæmdir, sem menn geta gert reikning á ríkissjóð fyrir á eftir og fá það borgað, þótt þjóðfélagið hafi ekkert við þessar framkvæmdir að gera í svipinn, þó að þær gætu verið kannske góðar seinna meir.

Það þarf enginn að halda því fram, að af þeim 1500 millj. kr., sem fara í fjárfestingu á Íslandi, sé ekki hægt að spara 80 eða 150 millj., án þess að það komi nokkuð við þjóðarbúið, og jafnvel ef stjórn væri tekin á þessu með áætlunarbúskap, að það yrði þjóðarbúinu miklu betra að ráðstafa 1300 millj. kr. af viti með fyrirhyggju á þá staði og í þann atvinnurekstur, sem ber þjóðarbúið uppi, í staðinn fyrir að láta það ganga til með því stjórnleysi, sem núna er.

Það er einn þátturinn eftir enn, ef við viljum fara út í þessa sálma. Það er sagt við okkur, þegar verið er að halda siðferðisprédikanir yfir verkalýðnum, að nú verði hann að fórna, því að þjóðin eyði meiru en hún aflar, og það er ómögulegt að láta það halda áfram. Og það er náttúrlega alveg hárrétt, það er ómögulegt að láta það halda áfram, að þjóðin eyði meiru en hún aflar. En hvað um að auka þá öflunina? Það eru tvö ráð til, ef menn eyða of miklu. Annað er máske að skera svo og svo mikið niður, hitt er að reyna að skapa eitthvað dálítið meir. Það hefur ekki staðið á verkalýðnum á Íslandi að vera reiðubúinn til þess bæði að vinna við þau framleiðslutæki, sem kæmu, og hafa áhrif um það, að framleiðslutækjanna væri aflað. Verkalýðnum á Íslandi verður ekki kennt um, að það séu ekki fleiri og meiri framleiðslutæki í okkar þjóðarbúi en nú er. Hann hefur lagt sitt fram til þess, bæði með nýsköpuninni hér á árunum og með þeim áhrifum, sem hann hefur getað haft í þeirri vinstri ríkisstj., sem hann hefur tekið þátt í.

En það er verið að segja við okkur, að það sé verkalýðnum að kenna, hvernig hann hefur gert kröfur hér á árunum, hvernig komið sé. Hvað voru miklar ráðstafanir gerðar til þess á árunum frá 1948—1956 að auka sjávarútveginn íslenzka? Hvar eru fiskarnir, sem veiddir eru af Marshalltogurunum? Hvar er aukningin í sjávarútveginum af þeim togurum og bátum, sem keyptir hafa verið fyrir Marshallfé? Eða var það svo, að Bandaríkjamenn gerðu það að skilyrði í sambandi við öll lán, sem þeir hafa veitt, að ekkert mætti fara til þess að kaupa togara, af því að það yrði til þess að auka grundvöllinn að efnahagslegu sjálfstæði Íslands? Ég skal viðurkenna, að við búum enn þá að þeirri kyrrstöðu hvað snertir öflun lífsgæðanna, sem átti sér stað á árunum frá 1948 til 1956. Verkalýðurinn var á þeim árum áhrifalaus á þjóðarbúskap Íslendinga. Við höf-

um reynt að gera það, sem við höfum getað, til þess að það væri unnið upp, fengið það þó ekki allt í gegn, ekki nema nokkuð af því. Það hefði verið hægt, ef verkalýðurinn hefði fengið að ráða, að vinna betur á þessum sviðum, fá fleiri togara og verið búnir að fá þá fyrr. Öflunin hefur orðið aftur úr í þessum efnum, og það er engin ráðstöfun og engin tillaga og engin tilkynning enn þá um að auka þessa öflun framleiðslunnar, um að tryggja það að kaupa nýja togara, og það eru því síður tillögur um að tryggja not þessara tækja, að þau séu virkilega rekin. Þvert á móti, ég er hræddur um, að með því frv., sem hérna liggur fyrir, væri frekar gerð ráðstöfun til þess að reka sjómennina af flotanum heldur en laða menn að því að fara á flotann.

Nei, þegar við höfum sett fram þá spurningu, hvort það sé réttlátt að heimta fórnir af íslenzka verkalýðnum, þá er ég hræddur um, þegar við erum búnir að rannsaka, hvernig skipulagið á okkar þjóðarbúi er og skiptingin á þjóðartekjunum, að þá verði svarið, að það sé ekki réttlátt að byrja á því að heimta fórnir af verkalýðnum. Og það er ekki nóg með það. Ég er hræddur um, að ef það fengist fram, að byrjað yrði á því að láta verkalýðinn og launþegana fórna, þá yrði ekkert úr hinum sparnaðinum.

Hæstv. forsrh. sagði í sinni framsöguræðu, að hann hefði vonir um, að 40 millj. yrðu þó alltaf skornar niður á fjárl. Já, ég veit, að hæstv. forsrh. mun hafa haft þessa von, og ég efast heldur ekki um, að hann mundi hafa vilja. En hverjar eru undirtektirnar nú þegar hjá þeim flokkum, sem eru í meiri hl. hér á Alþingi? Framsfl. var búinn að svara alveg skýrt og skorinort. Hann var ekki reiðubúinn til þess að tala um að skera niður 40 millj., og þess vegna m. a. sprakk vinstri ríkisstj. Og Sjálfstfl. svaraði hér í gær: Nei, hann var ekki heldur reiðubúinn til þess, og það hlakkaði í hv. 1. þm. S-M., þegar hann heyrði það. Hann langaði til að vita, hvort Sjálfstfl. væri til í einhvern niðurskurð á fjárl., og það var svo sem alveg auðséð af hverju. Jú, við vitum, að þessir tveir flokkar eru nú þegar komnir í uppboð hér á Alþ. um, hvor þeirra geti eytt meiru. Þessir tveir flokkar ætla sér núna undir kosningarnar að keppa um það, hvor geti boðið kjördæmunum sínum upp á meira. Það er það, sem þeir eru að slást um.

Ég sá hérna í gær eða í fyrradag þáltill., sem Framsfl. var að útbýta hérna. Þar var lagt til að setja 15 millj. kr. í byggingarsjóð ríkisins. Framsfl. hefur ekki mátt heyra minnzt á það allan tímann, sem við höfum verið í ríkisstj., að gera neitt fyrir þennan sjóð, taka lán handa honum, hvað þá að fara að setja stórfé í hann. En núna, jú, jú, hv. 1. þm. S-M. bara réttir fram höndina og segir: Má ég bjóða ykkur hérna, þið aumingja fólk, sem eigið í vandræðum með að halda húsunum ykkar, má ég bjóða ykkur hérna litlar 15 millj.? — Og verkalýðurinn á að borga með niðurskurði frá 6% upp í 10% af hans launum. Svo kemur Sjálfstfl. Tveir þm. Sjálfstfl. leggja hér fram þáltill. um að borga niður áburðinn. Megum við allra náðugast fá að borga niður fyrir ykkur áburðinn, bændur góðir? Með hverju, náttúrlega peningum ríkissjóðs, sem á að taka af verkalýðnum með þessum 150 millj., sem við erum að tala um, með þessum 5.4% niðurskurði á launanum eða allt að 10% niðurskurði. — Það er svo sem auðséð, hvað komið er af stað. Það er komið af stað uppboð hér á Alþingi á kjördæmunum, og það er verið að reyna að kaupa kjördæmin með því að fleygja peningum ríkisins í þetta, og svo á að prédika yfir verkalýðnum á sama tíma: Blessaðir, fórnið þið nú, skerið þið nú niður. Þjóðfélagið þarf endilega á þessu að halda, til þess að það sé svo hægt að eyða þessum sömu peningum í þessa uppboðssamkeppnisvitleysu.

Sem sé, þegar væri nýbúið að hnupla kannske 80 millj. úr vösum þeirra, sem í Alþýðusambandinu eru, þá á að koma með þetta inn í þingsalinn og segja: Nú skulum við útbýta þessu. — Þetta er skollaleikurinn, sem verið er að leika. Þennan leik þekkir maður. Ég vil segja það, þegar verkalýðnum er boðið að ganga inn í niðurskurðarstofuna, þá mun íslenzkur verkalýður hneigja sig af fullri kurteisi fyrir þeim herrum, sem bjóða honum upp á það, og segja: Mínir herrar, viljið þið ekki gera svo vel að ganga fyrst? Er ekki bezt, að meiri hl. hér á Alþingi byrji á því að skera niður fjárlögin, og svo skulum við talast við á eftir. Þið skuluð taka 50—90 millj. kr. af fjárl., og þá skulum við ræða við ykkur.

Verkalýðurinn er hvekktur á þessu sífellda fórnartali við hann. Hann veit, hvað það þýðir.

Ég hef rætt þetta mál, það sem af er, fyrst og fremst frá því sjónarmiði, hvað réttlátt sé í þessum efnum. Ég veit ekki, hvort það máske út af fyrir sig eru sterkustu rökin og þau, sem hrífa mest. En það eru a. m. k. rökin, sem verða að vera grundvöllurinn að breytni manns, ef menn ætla að geta varið þá breytni frammi fyrir alþýðu manna, sem kemur til með að leggja í fyrsta lagi siðferðilegan mælikvarða á þessa hluti. Það er svo hægt að taka hina mælikvarðana, hagsmunina og valdaaðstöðuna, sérstaklega fyrir. En um leið legg ég höfuðáherzlu á, að það er ekki réttlátt, sem hér er farið fram á, vegna þess að það er hægt að gera þessa hluti, hægt að skera þetta niður, án þess að gera það á kostnað þess fólks, sem er lagt til að beri byrðarnar með þessu frumvarpi.

Auk þess vil ég leggja áherzlu á og undirstrika það, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði: Með því, sem gert er með þessu frv., er verið að brjóta höfuðreglur, sem gilt hafa og menn hafa aldrei brotið, nema illa hafi farið. Það er verið að brjóta þær reglur, að sá maður í þjóðfélaginu, sem lifir á því einu að selja sitt vinnuafl, fái frjáls og óháður að selja sitt vinnuafl með þeim samningum, sem hans stéttarfélag gerir, og að það sé ekki af hálfu ríkisvaldsins fyrirskipað, á hvaða verði hann skuli selja það.

Fyrir utan réttlætismálið í þessu, þá er hér um mál að ræða fyrir verkalýðshreyfinguna, sem er „prinsip"-mál, sem er hugsjónamál, sem er þess eðlis, að hvað sem verkalýðurinn kynni að vera til í að fórna, þegar samið væri við hann og hann búinn að ganga úr skugga um allar mögulegar aðstæður í þjóðfélaginu, þá léti hann ekki bjóða sér upp á það sama, ef á að beita hann ofbeldi, beita hann valdi til þess, vegna þess að þá er verið að traðka hans rétt undir fótum.

Þess vegna er hér um að ræða mál, þar sem verkalýðurinn er um leið að berjast fyrir sínum rétti, þeim sama rétti, sem hann varð að berjast fyrir í bernsku verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi og heyja marga hörðustu hildina út af, réttinum til samninga, réttinum til að vera viðurkenndur sem samningsaðili. Þess vegna er með þessu frv. verið að brjóta í bága við þennan helga rétt verkalýðssamtakanna, og það er það hættulegasta við þetta frv. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég hafði athugað nokkuð út frá tekjuskiptingu íslenzka þjóðfélagsins, hvort það væri réttlátt að gera þá kröfu til íslenzks verkalýðs, að *hann tæki á sig þær byrðar, sem* í þessu frv. felast, og komizt að þeirri niðurstöðu, að það er ekki rétt að gera þær kröfur til hans. Það væri svo margt annað, sem þyrfti að gera, fyrr en til þess væri gripið að skera niður, hvort sem maður vill nú meina að það séu 5.4% eða 10% eða einhvers staðar þar á milli af kaupi þess manns, sem hefur 5 þús. kr. á mánuði til þess að lifa af. Það væru svo margir aðrir staðir, þar sem hægt væri að taka þetta, og það yrði að byrja þar og ekki koma að þessu, fyrr en allt annað væri þrotið og alls staðar væri búið að spara og skapa betra og réttara og skynsamlegra skipulag, áður en til þeirra óyndisúrræða væri gripið, sem hér eru fólgin í.

En það er rétt að athuga þetta nú líka frá öðru sjónarmiði. Það er ekki aðeins, að þetta sé óréttlátt, það kemur líka önnur spurning undireins upp: Er það framkvæmanlegt? Eru það pólitísk hyggindi að reyna þetta? Ég held, að ég muni það rétt, að Sjálfstfl. hefur stundum letrað sem eins konar kjörorð sitt eitt gott gamalt orðatiltæki íslenzkt: Ger ekki órétt. En seinni parturinn af því er: Þol ekki órétt, og það er það, sem hver, sem finnst hann vera beittur órétti, hlýtur að leggja niður fyrir sér, hvort hann vill þola þetta, og ef íslenzkum verkalýð er boðið upp á það, sem hann *álítur sjálfur vera órétt, þá er hætta á*, að hann geri þetta kjörorð, sem Sjálfstfl. hefur allmikið letrað á sinn skjöld, að sínu og vilji ekki þola þann órétt. Og þá kemur að þeirri spurningu, hvort verkalýðurinn og verkalýðssamtökin séu þá sá máttur í landinu, að þau geti hindrað, að þeim sé boðið það, sem þau álíta órétt. Og það er þá stjórnmálamannanna, sem taka ákvarðanir um svona hluti eins og þetta frv., að gera það upp við sig, hvort það sé rétt að fara út í svona hluti, hvort það sé praktískt, hvort það sé framkvæmanlegt. Og hver er nú reynslan? Framsfl. hefur fengið nokkra reynslu af þessu. Hann hefur reynt að pína fram mál, sem verkalýðurinn áleit órétt. Framsfl. lagði fyrir okkur í ríkisstj., sem nú er farin frá, í vetur þá till., að það skyldi tekin upp gengislækkun, og það var reiknað út, hvað það mundi þá kosta, og það mundi þýða, ef ætti að afnema styrkina, að gengi á útlendri mynt yrði að hækka um 114%. Það þýddi, að vísitalan hefði hækkað um 38 stig, og það átti að stöðva þá kaupið á því, sem áður hafði verið, og það hefði þýtt um 17% lækkun á kaupinu raunverulega.

Alþb. knúði það fram í vinstri ríkisstj., að horfið var frá þessu. Og það var hins vegar þrátt fyrir viðvaranir Alþb. reynt við mál, sem gekk einu sinni ekki eins langt og helmingurinn af þessum till. hafði verið. Það féll í minn hlut þá að vara Framsfl. við því, að það hefði illar afleiðingar að taka ekki tillit til verkalýðshreyfingarinnar, sem hann ynni með, að fylgja eftir með of miklu offorsi því, sem hann áleit máske rétt, en því, sem hinir álitu órétt. Framsfl. tók ekki tillit til þeirra aðvarana, og afleiðingarnar blasa við.

Ég vil aðvara Sjálfstfl., sem er það afl eitt *saman, sem getur nú knúið fram þetta frv.*, sem hér liggur fyrir, um að læra af reynslu Framsóknar og fara ekki í sporin hennar. Og ég vil, jafnvel þó að báðir þessir flokkar stæðu saman, eins og mér virðist nú satt að segja á umr. að *þeir hafi ofur litla tilhneigingu til* um þetta mál, þá vil ég minna þá á, að þeir hafa báðir saman reynt að fara svona leið fyrr. Þeir hafa báðir saman reynt að skipa málum verkalýðsins með lögum 1942, í janúar, fyrir réttum 17 árum, þegar þeir settu gerðardómslögin þá. Og það má mikið vera, ef báðir flokkarnir eru ekki á þeirri skoðun, að þeir hafi stigið óheillaspor þá. Ég held þeir hafi báðir fengið nóg af því. Það urðu líka tvennar kosningar á því ári, og ég held, að það væri ekki viturlegt af þeim að endurtaka sama leikinn nú.

Alþfl. er að hugsa um að vera með í að gera til reynslu, hvort takast mætti að skerða kaup verkalýðsins með lögum. 1942 hafði hann sig út úr því, þegar það stóð til. Hann segir, að hann vilji lækka hér um 10 vísitölustig, þó að það kunni nú að vera nokkru meira, og þá er strax tekið undir það, bæði af Framsfl. og Sjálfstfl., þannig að það er sagt: Jú, það er velkomið að lækka um þessi 10 vísitölustig og þótt meira væri, skilst mér. En þegar Alþfl. minnist, eins og hæstv. forsrh. gerði, á 40 millj., *hvort það mætti skera þær niður á fjárlögunum*, þá kemur frá báðum flokkunum: Nei takk, láta það vera. — Til þess á verkalýðurinn að borga, að sé hægt að útbýta meiru í sambandi við fjárlögin á Alþ. og keppast svo um að sýna, hvor sé duglegri fyrir hin einstöku kjördæmi, þar sem mjótt er á munum á milli þeirra. Þá á ekki að spara. Það er verkalýðurinn, sem á að spara.

Ég vil minna Alþfl. á, hvað gerðist 1949 í þessu sambandi. Alþfl. féllst þá fyrir kosningar á nokkrar ráðstafanir, sem voru ekki heppilegar. Hvað gerðist eftir kosningarnar 1949?

Alþfl. var settur út úr ríkisstj., og gengislækkunin var framkvæmd. Hann var búinn að vinna verkið, sem afturhaldið í landinu hafði ætlað honum, það var ekki brúk fyrir hann lengur, og hann fékk sparkið. Það er rétt fyrir Alþfl., um leið og hann nú ætlar sér að fara að upplifa það að skerða kaupið með lögum, að minnast þeirrar reynslu, sem hann hefur haft áður. Ég efast ekki um góðan vilja, eins og fram kom hjá hæstv. forsrh., og það kom líka greinilega fram í samþykkt Alþýðuflokksþings. Alþfl. lýsti því þar yfir, að hann vildi gjarnan hafa samráð við verkalýðshreyfinguna. Hann vildi gjarnan framkvæma fjölskyldubætur, koma á jafnvel lækkun eða afnámi á tryggingagjöldunum og sjúkrasamlagsgjöldunum og létta þannig á einstaklingunum, og það kom greinilega líka fram hjá hæstv. forsrh., að hann vildi gjarnan skera niður 40 millj. á fjárlögunum. En engu af þessu fær Alþfl. framgengt með þeirri stjórnarandstöðu, sem nú er. Sjálfstfl. vill ráða þessu, og það virðist helzt vera meiningin, að það eigi að fara að afgreiða þetta mál hér, áður en sjáist og áður en nokkur prófsteinn sé kominn á, hvað verði gert í hinu. Ég er hræddur um, að Alþfl. sé að verða fyrir sömu reynslunni í samstarfinu við Sjálfstfl. hvað þetta snertir og við urðum báðir fyrir í samstarfinu við Framsfl. Þessir flokkar, þó að þeir séu það ekki að öllu leyti hjá þjóðinni, a. m. k. Framsfl., eru sterkir hér í þinginu, þeir vilja fá að ráða og ráða anzi miklu og ráða fyrir verkalýðnum og verkalýðsflokkunum líka, og það er það, sem við þurfum að venja þessa herra af. Ef menn vilja hafa samstarf við íslenzkan verkalýð, þá verða menn að hafa samstarf við hann sem jafnoka sinn, sem jafningja og taka tillit til hans. Verkalýðurinn mun ekki una því að vera hornreka í neinni hjáleigu. Vilji menn hafa samstarf við hann, þá er það samstarf á jafnréttisgrundvelli, ekki að það sé fyrirskipað og settir neinir úrslitakostir. Slíkt kostar baráttu, og þeir, sem byrja hana, verða að taka afleiðingunum. Framsókn hefur fengið að vita þetta, og þetta fær hver sá að vita, sem þannig hagar sér í slíkum samskiptum. Íslenzkur verkalýður er svo sterkur, að hann getur leyft sér það að þola ekki órétt. Það má vera, að það þýði, að það gangi þannig, að það verði hver öldugangurinn á fætur öðrum í þjóðfélaginu hvað dýrtíðar- og verðbólguöldu snertir. Það er ekki verkalýðnum að kenna, svo lengi sem ekki er tekið tillit til réttlátra og sanngjarnra krafna hans, og aðrar gerir hann ekki. Og þegar litið er til baka og sést, að eftir 15 ár er kaupmáttur tímakaupsins minni en hann var þá, þá er ekkert undarlegt, þó að verkalýðurinn sé fullur gagnrýni á þær till., sem fram koma og eiga enn að skerða hans kaupmátt.

Ég hef ekki gert að umtalsefni hér, hvort þessi launalækkun, sem hér er um að ræða, sé 5.4%, 9% eða jafnvel 13%. Það er hægt að færa mismunandi rök fyrir því öllu saman, og við getum verið ósammála um það, það fer eftir því, hvernig við stillum upp þeim málum. En eitt er eftirtektarvert í sambandi við þetta. Það er um það talað, sérstaklega af hálfu Sjálfstfl., að þessi launalækkun sé fyrsta skrefið, og það er jafnvel lögð áherzla á, að það sé margt annað þyngra, sem okkar bíður. Mér virtist nokkur mótsetning á milli þeirra höfuðmanna, sem fylgja eða styðja eða hjálpa að afstýra vantrausti á núverandi ríkisstj., hæstv. forsrh. og hv. 1. þm. Reykv., í þeirra ræðum hér í gær. Hæstv. forsrh. sagði, að hver önnur leið væri þungbærari. Það virtist liggja á bak við þetta hjá hæstv. forsrh., að væri þessi leið farin, sem hann leggur til, þá væri hluturinn þar með búinn, það væri bara þessi eina „óperasjón", það væri bara þessi eina aðgerð, 5.4%, eða hvernig sem við vildum nú reikna það, svo væri sársaukinn búinn. Hv. 1. þm. Reykv. sagði hins vegar, að margt annað þyngra biði þjóðarinnar. Og hann er vanur að vera mjög hreinskilinn í þessum málum, og þess vegna þurfum við að athuga, hvað þarna er um að ræða. Ég er hræddur um, að hæstv. forsrh. og Alþfl. í heild geri sér ekki grein fyrir, hvert hann er að fara með þetta. Hann ætti þess vegna, Alþfl., að athuga mjög gaumgæfilega einmitt það, sem 1. þm. Reykv. segir. Hann er raunsær stjórnmálamaður og hugsar alllangt fram í tímann. Og fyrst hv. 1. þm. Reykv. segir: Þetta er aðeins fyrsta skrefið, — m. ö. o.: það er núna verið að fá Alþfl. út í lögbindingu á kaupgjaldi og kauplækkun með lögum, Alþfl. hlýtur að vera það ljóst, að um leið og farið er út á þá leið, þá þýðir það baráttu innan verkalýðssamtakanna, áframhaldandi bræðravíg innan verkalýðssamtakanna, sem við vorum að vonast eftir að við værum að binda endi á, það þýðir að veikja áfram íslenzkan verkalýð, nema hann fylki sér svo kröftuglega öðru hvorum megin út af þessari baráttu, að hann standi þar sameinaður. En hvað sem öðru líður, skapar það hættuna á að veikja hann, og það skapar svo hættuna á hinu fyrir Alþfl., að þegar hann sé búinn að gera þetta, að lögbinda kaupið, þá fái hann sparkið á eftir, nema hann fari að stíga annað skrefið með líka, gengislækkunarskrefið. Hvað er það, sem bíður okkar, ef þetta skref er stigið nú? Við þurfum ekkert að fara í neinar grafgötur með það. Reykjavíkurauðvaldið hefur verið svo elskulegt við okkur að leggja pappírana á borðið, og Sjálfstfl. má eiga það, að það er ekki aðeins hreinskilnislega gert, heldur líka rétt af honum að segja eins hreint út og hann gerði, um það leyti sem hann tók að sér að reyna að mynda ríkisstj., hvað það væri, sem hann ætlaði sér. Í þeirri viðreisnarstefnuskrá, eins og hann kallar það, sem Sjálfstfl. birti í Mbl. 19. des., segir svo, með leyfi hæstv. forseta; það er eftir að hann hefur lýst, að þetta, sem nú sé, sé aðeins fyrsta skrefið, þá segir nr. 2: „Stefnt verði að því að afnema uppbótakerfið, svo fljótt sem unnt er, með því að skrá eitt gengi á erlendum gjaldeyri og gera útflutningsatvinnuvegunum kleift að standa á eigin fótum án styrkja."

Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir, að þegar búið sé að skerða kaupið núna með lögum og festa

það nokkurn veginn þangað til í september í haust, og við skulum segja, að síðari kosningar, ef tvennar verða, sem er búizt við á þessu ári, fari í síðasta lagi fram í september, þá eigi að lækka gengið í októbermánuði. Þetta er að vísu ekki frumlegt ráð, gengislækkunin, við könnumst við þetta. Við erum nefnilega alveg nýbúnir að heyra þetta, þegar við vorum í vinstri stjórninni í vetur. Framsfl. kom þá með þetta sama bjargráð: Gengislækkun, afnám styrkjanna, afnám uppbótakerfisins. Og við létum reikna út, hvað þetta þýddi, þetta ráð, sem Sjálfstfl. nú leggur til að sé nr. 2, afnám á uppbótakerfinu. Það þýddi þá, að útlent gengi átti að hækka um 114%, og ef kaupgjald átti ekki að hækka, þá þýddi það raunverulega launalækkun upp á 17%. Ég efast ekki um, að Sjálfstfl. mundi hafa aðstöðu til þess eftir tvennar kosningar í sumar að knýja slíkt fram. Ég veit alveg, hvar hann fengi bandamanninn til þess. Það er Framsfl. Það hefur aldrei staðið á Framsfl. að vera reiðubúinn til þess að framkvæma slíka gengislækkun. Ég man meira að segja eftir því, að einu sinni myndaði Sjálfstfl. einn stjórn í landinu, 1950, og ætlaði að framkvæma gengislækkun. Framsfl. gat ekki einu sinni unnað honum þess að fá að framkvæma gengislækkunina einn og fá skömmina af því, heldur vildi Framsfl. endilega fá að vera með, bar fram vantraust á Sjálfstfl. og kom honum frá og fékk svo að vera með í því að framkvæma gengislækkunina, þannig að ég veit, að Framsfl. yrði óður og uppvægur að mynda stjórn með honum í haust til þess að framkvæma gengislækkunina. En ég hef ekki trú á, að meira að segja Alþfl. yrði til í það, og við skulum þess vegna alveg gera okkur ljóst, hvert verið er að stefna með þeim yfirlýsingum, sem núna liggja fyrir.

Í þessu er talað um, að það eigi að afnema uppbótakerfið og afnema styrkina, og það er í sífellu verið að klifa á því af öllum mögulegum aðilum, að þetta uppbóta- og styrkjafargan sé svo gersamlega óþolandi, að það verði að afnema það. Og vil ég segja það, og ég hef sagt það oftar, að ég er satt að segja orðinn leiður á þessari þvælu. Það er alltaf talað um, að það sé eitthvert hrun hér fram undan, vegna þess að við þurfum að styrkja okkar atvinnuvegi. Allt þetta hruntal er hreinasta holtaþokuvæl, það er ekkert hrun fram undan á Íslandi. Íslendingar hafa lifað með bezta móti, sem þeir hafa lengi lifað, og gætu samt lifað betur, ef þeir stjórnuðu sínum þjóðarbúskap betur. Atvinnuvegirnir eru alltaf styrktir á einn eða annan hátt, svo að maður taki þá bókstaflega, hver einasti atvinnuvegur að heita má í löndunum í kringum okkur eða a. m. k. fjöldinn af þeim er styrktur, þó að það eigi að heita meira og minna frjáls viðskipti, hvort það er í Englandi eða annars staðar.

En ef maður vill fara þjóðhagslega út í það, þá stendur spurningin um það, með hverju á að styrkja atvinnuvegina. Við höfðum hér einu sinni tíma, þegar atvinnuvegirnir voru ekki styrktir, þannig að það var ekki fært á milli svo og svo mikið til togaranna eða bátanna. Jú, vissulega, það er hægt að hafa annan hátt á því með styrkina. Það er hægt að halda togaraútgerðinni uppi með sultarlaunum hjá almenningi á kostnað atvinnuleysis hjá hinum, en það er líka styrkur og hann ekki skemmtilegur. Er það það ástand, sem á að skapa á Íslandi? Það voru frjáls viðskipti, það var enginn styrkur, engar millifærslur, nóg atvinnuleysi og sultarlaun. Það hélt atvinnuvegunum uppi, hélt togurunum úti þá 100 daga á ári, sem þeir voru reknir. Er það þess háttar ástand, sem menn vilja skapa? Er það þannig, sem menn vilja að það gangi til í hinu svokallaða frjálsa viðskiptafyrirkomulagi um slíkt? En það að láta verkalýðinn búa við lág laun og atvinnuleysi til þess að geta styrkt atvinnuvegina, eins og kallað er, á þann hátt, það eru blóðugustu styrkirnir, sem hægt er að taka til þess að styrkja atvinnuvegina. Það, sem nú er gert og væri hægt að gera skynsamlegar og betur, er skipuleg millifærsla hjá þjóðinni, þannig að þeir atvinnuvegir, sem nauðsynlegastir eru þjóðarbúinu, eru styrktir á þann hátt, að það er tryggt að þeir gangi og atvinnutækjunum sé haldið úti allan ársins hring. En þetta, að þjóðarbúinu sé stjórnað á þennan hátt, stjórnað án atvinnuleysis, stjórnað með fullri vinnu fyrir alla, það krefst hins vegar þess, að alþm. hugsi um þjóðarbúskapinn, að þeir brjóti hans vandamál til mergjar, að þeir skilji, hvernig eigi að fara að því að stjórna þjóðarbúskap í einu landi, að þeir viti, hvaða atvinnuvegir það eru, sem þarf að halda uppi, hvaða atvinnuvegir það eru, sem þjóðarbúinu sé nauðsynlegt að séu auknir, hvaða atvinnuvegum má draga úr eða láta fara hægt fram og hvaða atvinnuvegir það eru, sem þarf að láta taka skjótum framförum, og kunni að stjórna í samræmi við þessar þarfir þjóðarinnar. Það krefst þess, að alþm. og ráðh. hugsi út frá heildarhagsmunum þjóðarbúsins, en ekki út frá neinum sérhagsmunum í slíku sambandi. Og það, sem afvega hefur farið í sambandi við styrkja- og uppbótaleiðina, er, að þennan hugsunarhátt hefur vantað. Það hefur vantað, að það væri skipulagt og úthugsað fyrir fram, af fyrirhyggju, þekkingu og viti, hvernig ætti að stjórna þjóðarbúskapnum, þannig að lögð væri áherzla á að reka þá atvinnuvegi, sem þjóðinni reið mest á að væru reknir, og séð væri um t. d. hvað sjávarútveginn snertir, að aukin væri framleiðslan þar, sem alltaf var hægt að selja allt, sem framleitt var, en dregið úr á ýmsum sviðum, eins og t. d. í landbúnaðinum, þar sem offramleiðsla var fyrir, en þjóðarbúskapnum og þjóðaratvinnuvegunum væri ekki stjórnað út frá augnablikshagsmunum eða hreppapólitík. Það er þetta, sem hefur vantað. Það er þetta, sem hefur brostið á. Má vera, að það lagist eitthvað, ef kjördæmunum verður breytt. En það væri þó hugrekki og vit að sýna, að það væri hægt fyrr. Það gæti verið, að menn færu þá að hugsa dálítið stærra, hugsa um þjóðina sem heild.

Ef nú farið verður inn á þá leið, sem Framsfl. hefur stungið upp á og Sjálfstfl. í sinni viðreisnarstefnuskrá tekið undir, að láta það verða skref nr. 2 að afnema styrki og uppbætur og lækka gengið, þannig að hægt sé að afnema styrki og uppbætur, hver verður þá afleiðingin? Það væri bezt, að menn reiknuðu það með jafnmikilli nákvæmni og menn hafa verið að reikna aðra hluti hér núna. Í upphafi skal endinn skoða, og það væri þá rétt að athuga það í dag, hvað næsta skrefið mundi kosta. Þegar Framsókn lagði þetta skref til, þá kostaði það 17% lækkun, 17% niðurskurð á lífskjörum verkalýðsins. Og ég býst við, að Framsókn og Sjálfstfl. mundu segja, að ef gengislækkun yrði framkvæmd og verkalýðurinn hins vegar léti ekki skera niður sín laun, ja, hvað mundi þá taka við? Jú, þá mundum við líklega fá álíka lýsingu og hjá hv. 9. landsk. hér áðan, verðbólguflóðið mundi dynja yfir. Þetta kemur alltaf til með að verða viðkvæðið, svo lengi sem menn ekki þora að brjóta þessi vandamál til mergjar. Ef þetta yrði gert, hvernig fer þá ástandið að líta út á Íslandi? Það var gengislækkun 1950. Það yrði þá gengislækkun, við skulum segja 1960. Og ef sömu pólitíkinni verður haldið áfram eins og verið hefur þennan áratug á næsta áratugnum, þá yrði í síðasta lagi líklega 1970 gengislækkun. Er það svona, sem þetta á að ganga? Og hvað gerist í sambandi við hverja af þessum gengislækkunum? Við, sem vorum hér við gengislækkunina 1950, munum eftir, hvernig það var þá. Jú, við hverja einustu af þessum aðgerðum eru sendir út hálærðir hagfræðingar, sem eiga að sanna, að þetta sé alveg óhjákvæmilegt. Þeir koma hér með alls konar háfleyga speki, lesa yfir sauðsvörtum almúganum, koma hér með ákaflega lærð orð og miklar tölur, og niðurstaðan af öllu saman er, að fólkið eigi að fórna, það sé engin önnur leið. Og mér sýnist það ganga ósköp vel hjá þessum hagfræðingum ríkisstj., hvort það var fyrir 10 árum eða núna, að sanna með sínum tölum og sinni hagspeki allt það, sem yfirstéttinni í landinu kemur vel, rétt eins og skólaspekingarnir á miðöldum sönnuðu allar firrur gömlu guðfræðinnar þá. Þeir svörtu klerkar miðaldanna prédikuðu þá yfir almenningi, að hann væri svo syndum spilltur, að hann hefði notað sér svo allt of mikið af gæðum þessa heims, að hans biði ekkert annað en kvalir helvítis hinum megin, það væri guðs refsidómur yfir honum, og það eina, sem sauðsvarti almúginn gæti gert, væri að fórna upp til guðanna til þess að biðja um náð. Maður lifir það núna hvað eftir annað, áratug eftir áratug, að sótsvartir hagfræðingar ríkisstj. komi hér hver á fætur öðrum og prédiki nú í fjórtán ár yfir fólkinu, að því líði allt of vel, það lifi allt of vel í þessu landi. Það biði þess ekkert annað en hrunið, það hafi dirfzt að lifa svo vel, að nú sé ekkert annað ráð en að fórna og fórna. Ég held, að þessir kredduklerkar hagfræðinnar skilji álíka lítið kjarnann í hagfræðinni og kredduklerkar miðaldanna skildu kjarnann í guðfræðinni og bróðurkærleikskenningu kristindómsins þá. Engum þessara hagfræðinga, allt frá því að Benjamín byrjaði, hefur nokkurn tíma dottið í hug, að það væri hægt að auka framleiðslu þjóðfélagsins þannig, að mannfélaginu gæti liðið betur hérna. Aldrei hafa í einni einustu af þeirra tillögum komið fram tillögur um það, að þjóðfélagið ætti að kaupa sér eitthvað dálítið af framleiðslutækjum og framleiða meira.

Nei, 1950, þegar gengið var fellt samkv. öllum þeim forsendum, sem þá lágu fyrir, og þeim hagfræðingum var trúað eins og nýju neti, þó að enginn, sem trúði þeim þá, dirfist að minnast á þær núna, — allar forsendurnar, sem þeir lögðu fyrir þá, sýndu og sönnuðu, að Ísland hafði aðeins gert eina stóra vitleysu á árunum áður og það var að fara í að kaupa nýsköpunartogarana. Svona gersneyddir hafa hagfræðingarnir, sem mest hafa prédikað um þessi mál og mest tillit hefur verið tekið til, verið lífinu sjálfu í öllu þessu, því, sem hver einasti maður úti á landi í smáþorpi veit og skilur, að til þess að lífskjör hans geti batnað, þá þurfi hann að fá fleiri fleytur og geta dregið meira af fiski og veitt sér fulla atvinnu allan ársins hring.

Hagfræðingar þeirrar ríkisstj., sem stóðu að gengislækkuninni 1950 og undirbúa gengislækkun nú, hafa ekki skilið þetta enn þá, og raunar var erfitt að koma sjálfum ráðherrum Framsfl. í skilning um, að þetta væri undirstaða, og hefur þó verið reynt að kenna þeim það í síðustu 15 ár, en ekki búnir að læra það enn þá til fulls nema í hæsta lagi fyrir kosningar, þá sjá þeir helzt, að það sé eitthvað dálítið gagn t. d. af togurum fyrir kjördæmin.

Ég held þess vegna, að það væri tími til kominn, áður en Sjálfstfl. og Framsfl. fara nú aftur að taka höndum saman eftir 10 ár um gengislækkun, að þeir athugi afleiðingarnar af hlutunum, sem þeir eru að framkvæma.

Gengislækkunin var skref nr. 2. Sjálfstfl. letraði í sinni viðreisnarstefnuskrá sem skref nr. 3, með leyfi hæstv. forseta: „Jafnframt verði lagður grundvöllur að frelsi í atvinnurekstri og viðskiptum, svo að hægt sé að afnema þau höft, sem nú eru á viðskiptum og framkvæmdum.“

Þá kemur að því, hvers konar viðreisn það yrði, og ég veit, að það eru fleiri, sem eru nokkuð næmir fyrir þessu frelsi. Það hefur ekki farið fram hjá mér, að hæstv. menntmrh. hefur verið allra manna hrifnastur af því, að það mundi boða íslenzku þjóðinni nokkuð gott, ef t. d. fríverzlunarsvæðið yrði til og Ísland gæti orðið þátttakandi í fríverzlun, og það eru ýmsir, sem gera sér tálvonir um það, að af slíku mundi einhverja viðreisn leiða.

Við skulum gera okkur alveg ljóst, hvað þessir hlutir mundu þýða, því að það virðist vera von þeirra manna, sem eru orðnir þreyttir á styrkja- og uppbótafarganinu, eins og þeir kalla það, að viðskiptafrelsið mundi færa Íslandi mikið gott í bú, jafnvel viðreisn, eins og Sjálfstfl. talar um.

Hv. 2. þm. Reykv. mun eiga að tala hér eftir mér, ef hann er ekki veikur, eða kannske annars seinna. Hann var atvmrh., ef ég man rétt, eftir 1950, þegar viðreisnin, sem ég held að leiðari Morgunblaðsins í dag sé um, komst á eftir gengislækkunina 1950. Hvers konar viðreisn var það fyrir alþýðuheimilin í Reykjavík? Sú viðreisn þýddi niðurrif á því atvinnuöryggi, sem einmitt Sjálfstfl., Sósfl. og Alþfl. á árunum 1944—1947 höfðu tekið saman höndum um að leggja grundvöll að.

Í fyrsta skipti eftir stríð varð atvinnuleysi í Reykjavík 1951. Það var viðreisnin. M. ö. o.: þessi viðreisn og þetta frelsi, sem þá var verið að innleiða, þýddi versta niðurrifið, sem hægt var að hugsa sér fyrir alþýðuheimilin. Það var að svipta menn því öryggi að geta verið vissir um vinnu hvern dag og geta jafnvel, ef menn vildu leggja eins mikið að sér og okkar þjóð og okkar verkalýður gerir nú, fengið að vinna meira en 8 tíma á dag og vinna eins og nú er unnið, ekki kannske aðeins 9 og 10 tíma, heldur jafnvel oft og tíðum helgar og fríin líka. Hv. núv. 2. þm. Reykv. fékk sem atvmrh. þá heimsókn frá verkamönnunum hér í Reykjavík, sem voru atvinnulausir niðri við höfn, þegar hann hélt því fram hér í þingsölunum, að það væri ekkert atvinnuleysi til í Reykjavík. Er það þetta ástand, sem á að skapa aftur?

Ég vil vekja athygli manna á því, að það er atvinnuleysi í hverju einasta landi hér í kringum okkur, í Noregi, í Svíþjóð, í Danmörku og í Englandi, og vaxandi atvinnuleysi í mörgum þeirra. Það er ekkert atvinnuleysi á Íslandi, og það stafar af því, að þótt ófullkomið sé og þótt margt hafi farið úr reipunum, þá hefur þó verið sýnd sú viðleitni að reyna að viðhalda þjóðarbúskap án atvinnuleysis á Íslandi, og slíkt er aðeins hægt með því, að þjóðfélagið hafi sjálft meira eða minna stjórn á því, hvernig atvinnulífinu er háttað. Það, sem hefur verið okkar ógæfa, var, að það var aldrei hægt að fá að skapa neina heildarstjórn á þessu, svo að þess vegna hefur það svo mikið farið úr reipunum, þó að stærsta atriðið í því að tryggja fulla atvinnu hafi tekizt. Það, sem þurfti að gera, var að stíga eitt spor áfram til þess að skapa áætlunarbúskap, heildarstjórn á þjóðarbúskapnum á Íslandi, en ekki að láta sig dreyma um að stíga eitt spor aftur á bak og rífa niður það atvinnuöryggi, sem skapað hefur verið.

Það féll í minn hlut í vor að vara Framsfl. við því tillitsleysi, sem hann sýndi verkalýðshreyfingunni þá. Framsfl. skeytti því engu. Ég veit ekki, hve lengi hann mun verða að læra, það getur a. m. k. tekið áratugi með þessu áframhaldi.

Ég vil vara Sjálfstfl. við því núna, sem mér sýnist hann vera að gera. Mér sýnist Sjálfstfl. með því að ætla að fara inn á þá braut, sem mörkuð er með þessu frv., vera að fara inn á gamla lagið, gömlu línuna sína frá 1939, frá 1942, frá 1950, þegar hann í öll skiptin ásamt Framsókn tók höndum saman við hana um meiri eða minni gengislækkanir, gerðardómslög eða lögbundna kjaraskerðingu hjá íslenzkum verkalýð. Mér sýnist þetta um Sjálfstfl., og hélt ég þó, að hann hefði, á meðan hann var í stjórnarandstöðu, vanizt við það róttæka tóna, að hann hefði nú kannske haldið því lagi nokkru eftir að hann fór að hjálpa ríkisstj. á ný og þess vegna kannske átt að bera gæfu til þess að rifja upp það, sem hann gerði, þegar hann tók höndum saman við Alþfl. og Sósfl. á nýsköpunartímunum um að hækka kaup almennings og tryggja batnandi lífskjör almennings með því að leggja grundvöll að voldugu og stórvirku framleiðslubákni íslenzku þjóðarinnar.

Sú pólitík, sem farið er inn á með þessu frv., lögbundin gengislækkun, lögbundin launalækkun með eftirfylgjandi gengislækkun og þar á eftir atvinnuleysi, er stríðsyfirlýsing auðvaldsins á hendur íslenzka verkalýðnum. Það er hótun til okkar um að knýja þá framsóknarpólitík fram, sem við höfum verið að hindra í vetur og stjórnin var sprengd út af. Ég vil vara Sjálfstfl. við að fara inn á þessa leið. Tækifæri til þess að stöðvast á þessari leið er nú. Ég vil vara auðmenn og atvinnurekendur Reykjavíkur við að leggja út í þessa árás á lífskjör verkalýðsins, út í þennan slag.

Það, sem íslenzka þjóðin þarf í dag, er ekki stríð á milli stéttanna. Það, sem íslenzka þjóðin þarf í dag, það er friður, það er sætt, það er að taka höndum saman um að lyfta því grettistaki að stórauka framleiðslutæki þjóðarinnar, stórauka hagnýt afköst hennar með skynsamlegri stjórn á þjóðarbúskapnum, að gera Ísland að fyrirmyndarlandi í félagslegum efnum, að lífskjörum og réttlæti í viðskiptum mannanna. En það verður enginn friður saminn af hálfu íslenzkrar alþýðu á grundvelli ófrelsis og kúgunarlaga, á grundvelli lífskjaraskerðingar hjá verkalýðnum, meðan öll óreiða þjóðarbúskaparins, allur glundroðinn í ríkisbúskapnum og eyðslan og allur gróði yfirstéttarinnar er óskertur.

Verkalýðurinn er reiðubúinn til samstarfs um að stöðva verðbólguna. En komið ekki til mannsins með 5000 kr. mánaðarlaun og segið honum að fórna, fyrr en þið eruð búnir að gera allt, sem ykkar samvizka býður ykkur, allt, sem hægt er að sýna ykkur fram á að hægt sé að bæta í þjóðfélaginu. Gerið það fyrst, og ef það ekki dugir, komið þá og talið við þá alþýðu, en fyrr ekki.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Umræður þær, sem hér urðu í gær um tekjuáætlun fjárlagafrv., voru að mínum dómi mjög lágkúrulegar. Ein vandasamasta ákvörðunin, sem fjmrh. verður að taka, er sú, hvaða tekjuáætlun hann telur óhætt að búa við. Á því veltur meira en nokkurri annarri einstakri ákvörðun í sambandi við afgreiðslu fjármála. Á þessu getur enginn borið ábyrgð nema hann, enda verður hann að taka afleiðingum þess, sem hann ákveður í þessu. Aldrei hef ég heyrt nokkurn ráðherra reyna að velta þessari ábyrgð af sér yfir á embættismenn. Mig rak því í rogastanz í gær, þegar ég heyrði hæstv.

forsrh. taka svo til orða, að ekki varð um villzt, að hann vildi láta skilja það svo, að sérfræðingar eða embættismenn í fjmrn. álitu óhætt að hækka tekjuáætlun fjárlaganna um 83 millj. kr. Ég er alveg viss um, að þetta er ekki rétt. Enginn sérfræðingur í stjórnarráðinu hefur látið það álit í ljós, að óhætt væri að hækka tekjuáætlun fjárlagafrv. um 83 millj. kr. Hér er því um mikinn misskilning að ræða. Áætlun mun hafa verið gerð um það, að með verulegri notkun erlends lánsfjár og að öðru leyti svipuðum skilyrðum og í fyrra kynnu heildartekjur ríkissjóðs að geta farið upp í 980 millj. eða svo á þessu ári. En engum reyndum manni mundi detta í hug að láta í ljós það álit, að óhætt væri að áætla tekjurnar þannig á fjárlagafrv. Allir þeir, sem hér um fjalla, vita vel, að óhugsandi er annað en að hafa talsvert borð fyrir umframgreiðslum og óhöppum. Það gengur aldrei allt að óskum. Sömu embættismenn og sérfræðingar sem hér er sennilega átt við unnu með mér að tekjuáætlun fjárlagafrv., eins og það liggur nú fyrir, en aldrei mundi mér detta í hug eða hefur dottið í hug að skjóta mér á bak við þá varðandi ákvörðun um tekjuáætlun. Ég ber ábyrgð á þeirri tekjuáætlun, sem er í fjárlagafrv., en ekki þeir. Sú tekjuáætlun er gerð í september og er ekki miðuð við 6 millj. dollara lántöku í Bandaríkjunum, enda var ekki hægt á þeim tíma að reikna með slíku, þar sem þá var verið aðeins að byrja að ræða um þá hugmynd í ríkisstj. að leitast fyrir um slíkt lán. Í allt haust hefur verið gert ráð fyrir því, að mætti reikna með slíku láni, væri óhætt að hækka tekjuáætlun fjárlaga um 30 millj. kr. eða svo og tekjuáætlun útflutningssjóðs um 40 millj. kr. eða svo.

Ég hef því alltaf ráðgert og auðvitað ekki farið dult með, að mætti reikna með láninu, væri óhætt að hækka tekjuáætlunina nokkuð, kannske um 40 millj. kr. eða svo, en allt sæist auðvitað betur, þegar heildartekjur ársins 1958 væru vitaðar.

Nú skilst mér sem nýjustu niðurstöður styðji eindregið þessa áætlun mína, þegar tillit er tekið til þess, að gera verður ráð fyrir einhverjum umframgreiðslum.

Spurningin verður hins vegar: Er óhætt að reikna með 6 millj. dollara lántöku í Bandaríkjunum? En skörin þykir mér færast upp í bekkinn, ef grípa á til þess að afgreiða greiðsluhallafjárlög með glæfralegum tekjuáætlunum og lýsa ábyrgðinni á embættismenn í stjórnarráðinu, þeir eigi að bera ábyrgð á þýðingarmestu ákvörðun í sambandi við fjárl., sem aðrir raunverulega hljóta að taka.

Einn þátturinn í þessum leikþætti um fjárlögin voru viðbrögð hv. 1. þm. Reykv. (BBen). „Sérfræðingar höfðu upplýst," sagði hv. þm., „að Eysteinn Jónsson hefði falsað tekjuáætlun fjárl. um 83 millj. kr." Svona óhæfutal dæmir sig sjálft, þegar málavextir liggja fyrir. Sá maður er ekki vandur að virðingu sinni, sem annað eins lætur frá sér fara. Hann getur ekki haft það sér til afsökunar, svo að gilt verði talið, að hann virðist rati í því að fara með tölur og botnar auðsjáanlega ekkert í höfuðþáttum fjármálanna, losnar augljóslega strax frá botni, þegar farið er að ræða þau efni. Honum bar skylda til að taka sér frest og tala við þá, sem eitthvað vissu um þessi mál, áður en hann hleypti sér út í þá óhæfu að fullyrða slíka hluti. Hann má ekki, hv. þm., gleyma skyldum sínum sem talsmaður fyrir fjölmennum flokki, því fylgir ábyrgð.

Hv. 2. þm. S-M. (LJós) þóttist verða alveg hissa á þessu, sem nú kæmi fram um hugsanlegar tekjur næsta árs. Er það þó allt í samræmi við það, sem margupplýst var í fyrrv. ríkisstj., eins og ég hef frá greint.

Þá var talsvert í gær rætt um greiðsluafgang s. l. árs, og kom þar margt undarlegt fram. Sumum virtist finnast það fullkomin óhæfa, að það skyldi geta komið fyrir annað eins ógnarslys og það, að einhver greiðsluafgangur yrði, það væri nærri því refsivert, fannst manni. En hvernig er um þennan greiðsluafgang? Það veit nú enginn í dag, hversu mikill hann er, af þeirri einföldu ástæðu, að það er ekki búið að gera upp, sem ekki er von til. En einhver er hann. Verulegur hluti af honum fer til þess að greiða greiðsluhallann frá í fyrra, en eitthvað talsvert umfram það. Á s. l. ári var óvenjulega mikið lánsfé flutt inn í landið og innflutningur óvenjulega mikill þá fyrir lánsfé og því óvenjulega miklar tolltekjur. Á s. l. ári gekk framleiðslan mjög vel og því óvenjulega mikil viðskipti við útlönd, einnig fyrir sjálfar þjóðartekjurnar. Og á s. l. ári urðu alveg óvenjulega miklar tekjur á einkasölum ríkisins, sennilega m. a. vegna bættrar tollgæzlu. Ef ekki hefði orðið einhver greiðsluafgangur við þessi skilyrði og í svona ári, þá sýndi það, að fjárlögin hefðu verið undirbúin á alveg óverjandi hátt, því að þá hefði í hverju meðalári orðið greiðsluhalli. Þessi greiðsluafgangur sýnir ekkert annað en það, að áætlanir voru þannig, að í sæmilegu ári mátti gera sér von um greiðsluhallalausan búskap, og ekkert umfram það.

Svo kemur spurningin um það, hvað eigi að gera við þennan greiðsluafgang. Við framsóknarmenn viljum, að eitthvað af honum sé tekið til þess að greiða fyrir lánveitingum úr ibúðarlánasjóðum landsmanna, sem svo mjög eru fjárþurfi. En stjórnarflokkarnir virðast vera að búa sig undir að kasta þessum greiðsluafgangi í verðbólguhítina og telja honum þannig betur varið. En eftir er að gera þau mál upp hér á hv. Alþ.

Þá kom hér einnig fram í umr. í gær af sumra hendi, að þeir væru alveg undrandi á því, að fyrrv. ríkisstj. hefði ráðstafað 63 millj. kr. til fjögurra fjárfestingarframkvæmda eða í fjórar greinar: Til fiskveiðasjóðs, til ræktunarsjóðs, til raforkuáætlunarinnar og til sementsverksmiðjunnar. Og hv. 1. þm. Reykv. gekk svo langt að halda því fram, að hér mundi vera um einhvern leynisjóð að ræða, sem hefði verið falinn fyrir þjóðinni. Og hv. 2. þm. S-M. (LJós) var að láta liggja að því, að hér hefði verið framið mjög vafasamt verk

a. m. k. gegn mótmælum þeirra ráðh. Alþýðubandalagsmanna í ríkisstj., að ráðstafa þessum 63 millj. í þessar fjárfestingarframkvæmdir.

Tal hv. 1. þm. Reykv. um þessi efni sýnir, hversu báglega hann fylgist með í þessum efnum, því að í fjárlagaræðunni síðustu gerði ég ýtarlega grein fyrir því, að lánsfé það, sem frá Bandaríkjunum var tekið síðast á árinu 1957, mundi í meðförunum vaxa um 63 millj. íslenzkra kr. hér innanlands vegna 55% yfirfærslugjaldsins, þá mundi þetta lán verða 63 millj. kr. hærra til ráðstöfunar innanlands en gert hafði verið ráð fyrir. Og ég upplýsti einnig í þeirri sömu ræðu, að gert væri ráð fyrir því, að þetta fjármagn rynni til þess að standa undir lánveitingum ræktunarsjóðs, fiskveiðasjóðs og framkvæmdum í raforkuáætluninni og til þess að reyna að ljúka sementsverksmiðjunni. Þetta var hverjum manni ljóst, sem nokkurn skapaðan hlut fylgdist með í þessum málum hér á hv. Alþ., og það, sem ríkisstj. var að gera, fyrrv. ríkisstj., var ekkert annað en ráðstafa ameríska láninu á þann hátt, sem gert var ráð fyrir frá öndverðu. Á hinn bóginn höfðu ráðh. Alþb. till. um aðra skiptingu á þessum 63 millj. en samþykkt var. En ég varð aldrei var við það, að þeir teldu annað koma til mála en þetta fjármagn rynni til þessara framkvæmda, sem það í öndverðu var til ætlað, þó að þeir legðu til um aðra skiptingu. Svo kemur hv. 1. þm. Reykv. hér eins og álfur út úr hól og þykist ekkert um þetta vita, þarna sé eitthvert ólag á reikningsfærslunni, skilst manni helzt, það hafi orðið einhver skekkja í bókhaldinu. Það er nú gott, þegar skekkjurnar eru þá svona. Það væri verra, ef það færi að verða á hinn bóginn. Það hlyti að hafa orðið einhver skekkja í reikningshaldinu og einhverju haldið leyndu, eitthvað verið í ólagi, að þarna skyldu allt í einu vera 63 millj., sem ríkisstj. gat ráðstafað svona bara út í bláinn, upp úr þurru. En þetta sýnir bara, að þessi hv. þm. fylgist ekki nokkurn skapaðan hlut með í höfuðmálum, sem hæstv. Alþ. hefur til meðferðar og skýrslur eru gefnar um hér á löggjafarsamkomunni.

Hv. 2. þm. S-M. hélt hér nokkuð langa ræðu í gær og ræddi um það, sem honum fannst vera meginlínur í efnahagsmálum, og það, sem skipti skoðunum í þeim efnum eða stefnum. Hann sagði, að í sambandi við þróun verðbólgunnar hefði vísitöluskrúfan sáralitla þýðingu, væri algert aukaatriði í því sambandi og þyrfti ekki að hafa neinar áhyggjur af henni. Ja, öðruvísi mér áður brá. Það eru nú ekki nema nokkrir mánuðir síðan fyrrv. ríkisstj. gaf út skoðun sína um áhrif vísitölunnar á framvindu verðbólgunnar, og sú skoðun var byggð á mikilli rannsókn og áliti margra, sem það höfðu skoðað. Þessi skoðun var, að það væri gersamlega vonlaust að stöðva verðbólguhjólið, ef vísitalan yrði notuð áfram á sama hátt og verið hefur til þess að mæla kaupgjald og verðlag og aðra viðskiptaþætti í landinu, það væri algerlega vonlaust verk. Og ríkisstj. lýsti því yfir í grg. fyrir efnahagsmálafrv., að allt ylti á því um það, hvort hægt yrði að stöðva dýrtíðarhjólið á þessu hausti, hvort hægt væri að fá breytt um stefnu í þessu tilliti eða ekki. En nú segir þessi hv. þm., sem var einn af ráðh., sem að þessu stóðu, allt annað. Hann er alveg búinn að skipta um skoðun og segir, að þetta hafi allt verið á misskilningi byggt, vísitöluskrúfan skipti engu máli og stjórnin hafi þá byggt stefnu sína, að því er mér skilst, á algerlega röngum forsendum. Það er ekki furða, þó að þessi hv. þm. reyndist lélegur liðsmaður við það að halda fyrrverandi stjórnarsamstarfi áfram, fyrst hann hefur nú komizt á þessa skoðun, því að hann hefur í þessu tilliti gersamlega horfið frá þeirri stefnu, sem fyrrv. stjórn lýsti yfir og áleit nauðsynlegt að framkvæma. Má hér um segja, að á skammri stund skipast veður í lofti. En eftir að hafa heyrt hljóðið í hv. 3. þm. Reykv. (EOl), sem mun vera eins konar húsbóndi í hans flokki, þá þurfa menn náttúrlega ekki að vera svo mjög hissa á þessu nýstárlega sjónarmiði, sem nú kemur fram hjá hv. þm.

En hv. þm. sagði annað. Hann sagði, að aðalatriðið í þessum málum væri hinn gífurlegi vöxtur ríkisútgjaldanna og útgjalda bæjarfélaganna, það væri undirrót verðbólgunnar og óhugsandi væri að ráða við hana á nokkurn hátt nema söðla hér alveg um.

Vel má vera, að hinn mikli vöxtur ríkisútgjalda og útgjalda sveitar- og bæjarfélaga eigi verulegan þátt í aukningu dýrtíðarinnar og erfiðleikum í sambandi við verðbólguna, enda hef ég oft bent á þá hættu, sem stafar af því að auka ríkisútgjöldin jafnmikið og gert hefur verið á undanförnum árum. Og enginn einn maður á Íslandi hefur lagt meiri vinnu í það en ég að reyna að stemma stigu fyrir því, að sú þróun yrði eins ör og hún hefur orðið, hvað þá heldur jafnör og fjöldinn allur hefur viljað.

En sannleikurinn um þessi mál er bara sá, að sá flokkur, sem hv. 2. þm. S-M. talar fyrir, sósíalistarnir eða kommúnistarnir, þeir hafa átt manna mestan þátt í því með öllu hugsanlegu móti að hækka ríkisútgjöldin og útgjöld sveitar- og bæjarfélaga og hafa viljað ganga miklu lengra í því efni en þeir hafa getað komið fram og sennilega engir, nema það væri þá Sjálfstfl., átt jafnríkan þátt í þessari þróun og þeir. Ég hefði gaman af að sjá þá útgjaldalöggjöf, sem þeir hafa ekki lið fylgi sitt hér á Alþ. og heimtað sífellt meira, í hvert skipti sem ráðstafanir hafa verið gerðar, sem ríkisútgjöldin hafa aukið. Svo koma þessir menn og tala um, hvað það hafi verið háskaleg þróun, að ríkisútgjöldin hafi vaxið. Fyrr má nú vera hræsnin.

Þá benti þessi hv. þm. á, að það þurfi að lækka ríkisútgjöldin, og byggir nú sinn málflutning eiginlega mest á því, eins og við raunar heyrðum hér einnig í ræðu Einars Olgeirssonar, hv. þm. Reykv., áðan. Hv. 3. þm. Reykv. talaði um 50—90 millj. kr. niðurskurð á fjárlögum, og hv. 2. þm. S-M. talaði um, að hann þyrfti að vera stórfelldur. En

hvað vilja þessir hv. þm. skera niður? Vilja þeir ekki segja frá því, til þess að það sé hægt að finna einhverja glóru í þessu tali. Við, sem höfum setið með þessum mönnum í ríkisstj. og verið með þeim á Alþ. hér áratugum saman, vitum svona hér um bil, hvað þeir meina með þessu tali um þennan stórfellda niðurskurð. Við vitum, að þessir menn eiga ekki ráð á neinum úrræðum til þess að sýna meiri ráðdeild í ríkisbúskapnum en svona yfir höfuð hefur verið viðhöfð, nema síður sé. Við vitum, að þeir búa ekki yfir neinum töframeðulum til þess að lækka bein rekstrarútgjöld ríkissjóðs, enda þekkjum við þeirra niðurskurðartill. Þær hafa legið fyrir á undanförnum árum bæði frá þeim og öðrum, sem tala í þessa stefnu. Það eru till. eins og um að lækka jarðræktarframlagið, það eru till. um að skera niður löggæzluútgjöld í landinu, því að ekkert er þeim eins illa við og löggæzlu. Þá er uppástunga um að leggja niður sendiráðið hjá NATO og sendiráðin á Norðurlöndum, sem utanrrh. hefur alls ekki getað fallizt á. Það mundi náttúrlega spara nokkuð. En það hefur strandað algerlega á mótstöðu utanrrh., úr hvaða flokki sem þeir hafa verið undanfarið. En skammt hrekkur þetta upp í 50—90 millj. kr. En þær till., sem þeir hafa borið fram og verulegu máli skipta í þessu sambandi, hafa verið till. þeirra um að skera niður öll framlög til verklegra framkvæmda í landinu. Það eru þær till., sem þeir hafa flutt, sem nokkru verulegu máli skipta. Þeir hafa flutt þær hvað eftir annað í ríkisstj. og annars staðar, þar sem þeir hafa getað komið því við. Jafnframt tala þeir svo auðvitað meira um það en nokkrir aðrir menn, hvað þurfi að auka stórlega framlögin til verklegra framkvæmda. Alls staðar þar sem þeir koma eiga þeir ekki nógu sterk orð yfir það, hvað margt vanti nú hérna og það þurfi nú að taka heldur betur til hendinni að veita fé á þessar slóðir, það hafi verið stórkostlega vanrækt af Framsókn að veita nægilegt fjármagn. Og hvað ætli hv. 2. þm. S-M. sé búinn að halda margar ræður í sínu kjördæmi um það, hversu gífurlega Framsókn hafi vanrækt alla skapaða hluti, það hafi bara ekkert verið gert, ekki nokkur skapaður hlutur, það sé sama, hvert litið er. Og svo jafnhliða er gortað af því, sem gert er, hann hefði átt ríkastan þátt í þessu og hinu o. s. frv. Og þannig væri hægt að fara kringum landið. Alls staðar sama sagan. Vilja ekki þessir herrar gera svo vel og segja það út, hvað það er, sem þeir vilja lækka, enda er nú svo komið, að þeir komast ekki hjá því? Þeir komast ekki hjá því að gera það. Það verður spurt eftir því, þangað til þeir koma út úr holunum. Og í sambandi við þá fjárlagaafgreiðslu, sem fram undan er, þá verður gengið eftir því og þjóðin mun taka eftir því, hverjar þessar lækkunartillögur eru, í hverju þær eru fólgnar, þessar lækkanir á fjárl., sem kommúnistar sífellt tala um og núv. ríkisstj. hefur sagt að hún ætli að beita sér fyrir, því að þeir, sem fyrir henni standa, eru hér í nákvæmlega sama númerinu.

Hv. 3. þm. Reykv. hélt hér langa ræðu í dag og endaði rétt áðan. Hann talaði um, hversu óskynsamlega væri farið með fjármuni hér á Íslandi, og hann hamaðist út af óarðbærri fjárfestingu, sem látin væri eiga sér stað, og fjárveitingum til atvinnuvega, sem engan rétt ættu á sér. Við skiljum nú allt, hvað hv. þm. er að fara. En svo sagði hann eina mjög eftirtektarverða setningu, sem ég get ekki stillt mig um að minna menn á, því að hann sagði: Má vera, að það lagist eitthvað, ef kjördæmunum verður breytt. — Ja, má vera, að það lagist eitthvað, ef kjördæmunum verður breytt. Jú, við þekkjum það, hvað til stendur í því efni. Ég ætla ekki að fara að ræða það hér, því að það væri að brjóta þingsköpin að fara langt út í það. En ég vil bara benda mönnum á þessi orð hv. þm. Reykv., sem hann sagði í sambandi við hugleiðingar sínar um fjármálastefnuna og um það, hvernig fjármunum þjóðarinnar væri varið til fjárfestingarframkvæmda og annarra framkvæmda. Niðurlagsorð þessa hv. þm. voru þessi, og þeim mun ekki verða gleymt:

„Má vera, að það lagist eitthvað, ef kjördæmunum verður breytt.“ Þannig munu fleiri hugsa, en ekki allir vera jafnhreinskilnir og hv. þm. Reykv., og það er út af fyrir sig óhætt að þakka honum fyrir þessi orð, svo langt sem það nær, því að þetta er þó hreinskilni, ekki jafnmikil flærð og hjá þeim mönnum, sem á hinn bóginn standa á strætum og gatnamótum og prédika ást sína á þessum fjárfestingarframkvæmdum og hvað þeir hafi mikinn áhuga fyrir því, að þær geti gengið enn hraðar en þær gera, en eru samt með undirbúning um að gera allsherjar breyt. á stjórnskipun landsins til þess að geta komið í veg fyrir, að þær haldi áfram. Það er flærð. En þetta er hreinskilni, eins og hv. 3. þm. Reykv. hafði það.

Síðan hélt hv. þm. (EOl) langa ræðu um það, hve skakkt hér hefði verið farið að að öllu leyti, og vildi kenna framsóknarmönnum ekki minnst um það. Það heitir nú venjulega í Þjóðviljanum Eysteinska og raunar í Mbl. líka, þá heitir allt það, sem hér hefur gerzt á undanförnum áratugum, Eysteinska. Ég er nú að verða svo upp með mér af þessu, að ég má fara að vara mig, því að sannleikurinn er sá, að síðustu áratugir hafa verið langglæsilegasta framfaratímabilið í sögu landsins. (Gripið fram í.) Eyðimörkin? Ég kannast ekki við neina eyðimörk, allra sízt síðustu áratugina. En ég má fara að vara mig. Síðan þegar þm. Reykv. (EOl) var búinn að lýsa þessu, hve skakkt hefði verið farið að, sagði hann, að hér hafi verið viðhaldið þjóðfélagi án atvinnuleysis. Jæja, það var nú ekki svo lítið: hér hafi verið viðhaldið þjóðfélagi án atvinnuleysis. Ætli það séu margar þjóðir, sem geta stært sig af því, að það hafi tekizt að viðhalda þjóðfélagi án atvinnuleysis? Ætli það sé ekki nokkuð góð Eysteinska, ef það hefur tekizt, eins og hv. þm. Reykv. gaf hér vitnisburð um? Og það er alveg áreiðanlegt, að hann mundi ekki hafa

fundið neina hvöt hjá sér til þess að fara að lýsa því yfir, að hér hafi verið viðhaldið þjóðfélagi án atvinnuleysis, ef það hefði verið atvinnuleysi. Ég held, að þetta sé merkilegur vitnisburður um, að eitthvað hafi verið bogið við einhvern part af þessari löngu ræðu, sem þessi hv. þm. flutti hér, þó að hann kæmi svona laglega niður að lokum. Þetta var í sjálfu sér góð lending. Mér fannst hann fljúga víða og villur vegar, en það má kannske segja, að það skipti ekki svo miklu máli, þegar lendingin tekst vel. En lendingin var sem sé þessi og höfuðniðurstaðan, að hér hafi verið viðhaldið þjóðfélagi án atvinnuleysis. Það var þó nokkuð, hreint ekki svo lítið. Og það þrátt fyrir alla Eysteinskuna og kannske einmitt vegna hennar.

Þá var hv. þm. (EOl) einnig í þessari ræðu að státa af því, að hann hefði sprengt stjórnarsamstarfið um fyrrv. stjórn. Hann sagði, að hann hefði varað Framsfl. við því að beita sér fyrir efnahagslöggjöfinni s. l. vor, varað Framsfl. við því að knýja þessa löggjöf fram, afleiðingarnar hlytu að verða alvarlegar, og síðan sagði hann, að þessi stefna, sem hefði átt að framfylgja í framhaldi af löggjöfinni, þar sem inn í kom þessi þýðingarmikli þáttur um vísitöluna m. a., að þessi stefna hefði sprengt ríkisstj. Og hann hrósaði sér af því í raun og veru að hafa komið í veg fyrir framkvæmd þessarar stefnu, m. ö. o.: hann lýsti á hendur sér vígi stjórnarinnar. En í hverju var fólgin sú lausn, sem menn höfðu fyrirhugað í þeirri stjórn, t. d. Framsfl.? Hún var í aðalatriðum fólgin í því að reyna að ná jafnvægi í efnahagsmálunum og tryggja jafnháan kaupmátt launa og kaupgjalds og var í okt. s. l.

Er nú hv. þm. Reykv. (EOl) alveg viss um, að allt launafólk eða allt verkafólk þessa lands sé honum þakklátt fyrir að hafa sprengt þá ríkisstj., sem hefði getað gert þetta í samráði við þetta fólk áfram, ef hann hefði ekki sprengt hana? Er hann alveg viss um, að hann hljóti fyrir þetta óskorað þakklæti? Er hann alveg viss um, að það verði talin góð skipti að fá það ástand, sem nú er fram undan, og það, sem nú er verið að gera og á að fara að gera, í staðinn fyrir það, sem hefði orðið, ef fyrrv. ríkisstj. hefði haldið áfram og fylgt þeirri stefnu, sem hv. þm. (EOl) var að fordæma hér áðan og hrósaði sér af að hafa stöðvað? Ég er ekki viss um það. Og ég er ekki viss um, að hv. þm. Reykv. (EOl) sé viss um það, þó að hann talaði svona hér áðan. Ég gæti alveg eins búizt við því, að inn á sér sé hann í miklum vafa um þetta, þó að hann hafi gert það af einhverjum ástæðum, sem hann sjálfur þá bezt veit hverjar eru.

En það er staðreynd, að þessu fékk hann og hans menn ráðið. Afleiðingarnar eiga svo eftir að sýna sig og hvort hér hefur verið skipt um til góðs fyrir verkalýðinn og fyrir það fólk, sem þessi hv. þm. þykist tala fyrir. Þó að hann hafi nú auðvitað ekkert sérstakt umboð til þess umfram fjöldamarga hér í þessum sölum að tala fyrir það, þá talar hann alltaf eins og það sé enginn hér kosinn af verkafólki nema hann. Auðvitað er það byggt á miklum misskilningi.

Hv. 2. þm. S-M. minntist ofur lítið hér á sjávarútvegsmálin og þá samninga, sem þegar hafa verið gerðir um þau efni og greint hefur verið frá. Ég ætla nú ekki að fara langt út í það. Þessi hv. þm. sagði, að það væri óhæfilega mikið, sem ætti að falla í hlut útgerðarinnar, og hafði um það sterk orð í þessu sambandi. Það væri nú náttúrlega út af fyrir sig fróðlegt að heyra frá honum, hvað hefði verið mátulegt að útgerðin hefði fengið. Það hefði verið fróðlegt að heyra, hvað hefði verið mátulegt og hvað væri um of, t. d., hvort það væri um of, sem fiskimenn hafa fengið út úr þessum samningum, eða hvað væri yfir höfuð um of í þessu svona gífurlegt, því að hann lagði á það feikna áherzlu, að það hefði hreinlega verið bætt aðstaða útgerðarinnar, þar undir eru fiskimennirnir, um 60—70 millj. kr. frá því, sem útgerðin sjálf samdi um í fyrra, og svo sagði hann og undirstrikaði það með látbragði sínu, að þetta ætti svo að taka með kauplækkun, útgerðin hefði fengið 60—70 millj. kr. of mikið. Það væri fróðlegt að heyra frá þessum hv. þm., hvað hann hefði talið mátulegt.

Ég veit, að í fyrrv. ríkisstj. sagði hann og gerði grein fyrir því sundurliðað, að það væri hæfilegt að gera ráð fyrir því, að útflutningsframleiðslan þyrfti samtals 39 millj. kr. til þess að mæta þeim atburðum, sem orðnir væru. En samningarnir eru nú um 159 millj. kr. Það munar náttúrlega miklu, þannig að það er kannske ekkert einkennilegt, þótt þessum hv. þm. vaxi þetta nokkuð í augum. Ég geri nú ráð fyrir því, að þessar 39 millj. kr. hafi hann nefnt, á meðan hann var að reyna að túlka það fyrir framsóknarmönnum, hversu aðgengilegt væri að halda áfram út í það dik, sem hann vildi búa stjórninni, fyrrv. stjórn. En hvað sem hann meinti, þá hélt hann því fram þá, að 39 millj. kr. væri það, sem væri mátulegt handa útgerðinni.

Það væri fróðlegt að heyra frá þessum hv. þm., hvað hann teldi nú mátulegt og hvað hann teldi um of í þessu. Mér væri mikill fróðleikur í því, og ég veit, að svo væri um fleiri.

Þá vil ég víkja nokkuð að því, sem hv. 1. þm. Reykv. hélt hér fram í gær. Ég vék lauslega að einu eða tveim atriðum áðan. En það var ýmislegt fleira, sem þessi hv. þm. bar hér á borð. Það er ekki ástæða til að vera að eltast við það allt saman, en fáeinar athugasemdir vildi ég leyfa mér að gera.

Þessi hv. þingmaður lét móðan mása, fyllti mál sitt með slúðursögum, og úr þessu öllu varð heldur samhengislítil skammarþula, mikið um persónulegar skammir, sem bágt er eiginlega að sjá, hvaða þýðingu ættu að hafa fyrir málið, en virðast eingöngu ætlaðar til þess að fróa á einhvern hátt hv. þm. Hann um það.

Þessi hv. þm. fjargviðraðist mjög um það,

hversu viðskilnaður fyrrv. ríkisstj. væri bágborinn, vanskilavíxlar, sagði hann, að væru á ferðinni, stórkostlegir, gífurlegir, sem nú væri framvísað á fólk, og sukk, óskaplegt sukk og allt á bólakafi. En ekki hafði þessi hv. þm. talað lengi, þegar allt snýr orðið öfugt, ræðumaðurinn stendur allt í einu á höfði; það er ekki hægt að orða það öðruvísi. Maður skyldi halda, að eitt höfuðeinkennið á sukkinu og vanskilunum væri leyndar vanskilakröfur, sem væru í öllum áttum, eins og þegar íhaldið skilaði af sér hérna á árunum fjármálunum eftir nokkurra ára forustu. Og svo væru önnur óráðsíumerki, svo sem eins og falsaðar tekjuáætlanir og þá allt of háar til þess að leyna því, hvað þetta stæði allt illa. Til þess að leyna bæði sukki og óráðsíu væru falsaðar tekjuáætlanir allt of háar.

Nei, nei. Maðurinn stendur allt í einu hreinlega á höfði. Hann er farinn að tala um leyndan greiðsluafgang. Leyndan greiðsluafgang, heyrðu menn rétt? Um leyndan greiðsluafgang. Falsaða tekjuáætlun, ekki of háa, heldur of lága, falsaða tekjuáætlun of lága. Og í öllum áttum sá hann leynisjóði, 63 millj. kr. hér, 83 millj. kr. þar, 70—80 millj. kr. enn í einu laginu o. s. frv. Allt er fullt af leynisjóðum, og tugir, jafnvel hundruð millj. kr. liggja þarna á tvist og bast, sem stjórnarflokkarnir geti byggt á allt, sem þeir hafa í huga. Allt sitt sukk og ráðleysi geti þeir byggt á þessum sjóðum, sem Eysteinn hafi falið hér og þar í krókum og kimum og séu að smáfinnast, því að hann talaði svo mikið um þetta vonda reikningshald. Það væri víst ekki einu sinni hægt að finna þessa sjóði eftir bókunum, heldur yrðu menn bara að koma auga á þá af sjónhendingu hér og þar um herbergin í stjórnarráðinu. Það er ekki amalegt að taka þátt í svoleiðis leit. Það hefur verið gaman að vera þarna undanfarna daga.

En þetta eru heldur nýstárleg einkenni á illum viðskilnaði, það verð ég að segja, mjög furðuleg. Og hvað á svona málflutningur yfir höfuð að þýða? Er hv. þm. að skopast að sjálfum sér með því að halda fram svona fjarstæðum, því að það er engin heil brú í neinu og rekur sig hvað á annars horn. (Gripið fram í.) Það er nú kapítuli út af fyrir sig. Já, ég kem nú aðeins að því seinna.

En broslegast af öllu finnst mér þó, þegar hv. stjórnarflokkar, — já, það var nú eitt, ég kem að því síðar, að það var tekið illa upp, að ég talaði um stjórnarflokka, — skoplegast af öllu var að heyra, þegar stjórnarflokkamenn voru að tala um þennan greiðsluafgang, sem hafi orðið á s. l. ári og manni skilst að allt sé hægt að gera með.

Mér datt í hug í því sambandi eitt dægurlagaljóð, sem oft er sungið í útvarpið. Það er um litla telpu, sem eignaðist fimmeyring. Pabbi hennar gaf henni víst fimmeyring, og telpan syngur um það, hvað hún ætli að gera við þennan fimmeyring. Síðasta vísan er svona:

„Hjólhest og járnbraut ég ætla að gefa Geira, — gríðarstóra flugvél ég kaupi fyrir Finn, — svo kaupi ég mér döðlur og súkkulaði og fleira, — og síðan mun ég gefa pabba allan afganginn.“

Þetta tal hv. stjórnarflokka um greiðsluafganginn minnir mig helzt á þessa dægurlagavísu.

En ég gat um það hér áðan, að hv. þm. Reykv., Bjarni Benediktsson, var að fjargviðrast mikið um þessar vanskilaskuldir, sem væru í öllum áttum, en allt reyndust vera sjóðir. Ég er nú búinn að minnast aðeins á þetta. En hann sagði í því sambandi, að með þessu frv. væri verið að framvísa þessum vanskilaskuldum, nú ættu menn að fara að borga þær. Nei, það er ekki það, sem er að gerast með þessu frv. Það er allt annað. Með þessu frv. er Sjálfstfl. að senda þjóðinni reikninginn. Sjálfstfl. er að senda þjóðinni reikninginn og innheimta aftur það, sem hann blekkti menn til þess að taka umfram í sumar. Það er það, sem er að gerast. Það er ekki verið með þessu frv. að innheimta neina vanskilavíxla eða vanskilakröfur, sem fyrrv. ríkisstj. hafði skilið eftir, því að hún skildi ekkert slíkt eftir sig, eins og hv. andstæðingar hafa nógsamlega lýst sjálfir. En það er verið að framvísa þessum reikningi. Og það var auðheyrt á því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði um þetta atriði, að honum var þetta ljóst, honum var þetta allt of ljóst, þ. e. a. s. fyrir hann sjálfan, — allt of ljóst.

Það er auðheyrt og auðséð, að hv. 1. þm. Reykv. og sjálfstæðismenn yfir höfuð hafa mikinn beyg af þessu. Það er ekkert einkennilegt. Maður skyldi ekki lá það. Og hv. þm. setti sig í þá stöðu nánast að halda því fram, að þetta væri allt saman rangt. Þeir hefðu aldrei átt neinn þátt í því að reisa neina kauphækkunaröldu, sjálfstæðismenn, það væru allt aðrir, sem hefðu gert það. Það væri Eysteinn Jónsson. Hann hefði staðið fyrir þessu öllu saman, og byrjunina væri mjög auðvelt að sjá, sagði hv. þm. Það var, þegar þeir í Sambandinu hækkuðu laun starfsfólksins um 8% hér um árið og reistu með því nýja kauphækkunaröldu, sagði hv. þm., alveg blygðunarlaust sagði hann þetta. Hv. þm. veit vel, að það er algerlega ósatt og tilhæfulaust, að með þessu hafi verið reist nokkur ný kauphækkunaralda. Með þessu var aðeins verið að veita starfsfólki Sambandsins launabætur til móts við það, sem samþ. hafði verið í launalögum ríkisins mörgum mánuðum áður, og hafði dregizt sjá Sambandinu að ákveða þær. Þetta veit hv. þm. manna bezt. Samt sem áður hefur hann endurtekið þessi ósannindi í blaði sínu í mörg ár. Kannske er hann farinn að trúa þessu sjálfur. Ég held ekki. Ég held, að hann sé bara alveg eins og hann var, þegar hann byrjaði að segja þetta og vissi, að þetta var ósatt, hann heldur því bara áfram samt. Þetta er ein af þeim slúðursögum, sem hv. þm. temur sér svo mjög í blaði sínu og kemur með hér inn í þingið.

Þá sagði hv. þm., að það væri einnig til marks um það, hvílíkur kauphækkunarberserkur Eysteinn Jónsson væri, að hann hefði

sent út mann í bæjarstjórn Reykjavíkur, þegar honum fannst stirðlega ganga með kauphækkanirnar yfir höfuð, til þess að láta flytja þar till. um að heimta tafarlaust samninga við Dagsbrúnarmenn um allt það, sem þeir vildu. En hvert er samhengið í þessu? Samhengið í þessu er það, að ætlun sjálfstæðismanna var að skilja Dagsbrún eftir, vegna þess að Dagsbrún hafði staðið lengst á þeirri stefnu að hækka ekki grunnkaupið og unnið þannig lagað lengi bezt með stjórninni að því að reyna að halda kyrrð í þessum málum. Það átti að hefna sín á þeim með því að hækka ekki grunnkaupið við þá. Og till. sú, sem hv. þm. var að tala svona um í þessum tón, var um, að Dagsbrúnarmenn sætu við sama borð og annað launafólk, yrðu ekki skildir eftir. Það hefur aldrei verið stefna framsóknarmanna, að þannig væri farið að, þó að það væri hernaðaráætlun sjálfstæðismanna, að ekkert lægi á því að hækka kaupgjaldið við Dagsbrún. Það væri rétt, að þeir fyndu sjálfa sig fyrir, af því að þeir hefðu ekki viljað dansa eftir kauphækkunarpípu útsendara sjálfstæðismanna í því félagi og annars staðar.

Þessum hv. þm. og sjálfstæðismönnum yfir höfuð mun reynast það algerlega ofvaxið að komast frá þessu, því að hvert mannsbarn á Íslandi veit, að það er satt, að þeir reyndu á allar lundir að sprengja efnahagsmálastefnu fyrrv. ríkisstj. í framkvæmdinni með því að láta útsendara sína í öllum launasamtökum landsins heimta kauphækkanir ofan á kauphækkanir. Það var eina ráðið, sem þeir sáu. En nú er verið að senda reikninginn, og það er þetta frv.

Sjálfstæðismenn eru vel að því komnir að bisa við að færa niður þær hækkanir, sem þeir börðust fyrir eins og óðir menn að yrðu innleiddar. Það er auðséð, að hv. 1. þm. Reykv. og sjálfstæðismenn taka það nærri sér, að á þetta sé minnzt. Það sést á öllu þeirra fasi. En það er engin ástæða til þess fyrir þá að vera að reiðast við mig út af þessu. Það var ekki ég, sem stóð fyrir þessari stefnu. Þeir geta sjálfum sér um kennt. Þeir hefðu aldrei átt að gera þetta. Það er þeim sjálfum að kenna, að þeir eru nú komnir í þessa klípu, og þeir geta reiðzt sjálfum sér, en ekki öðrum. Og geta þeir búizt við því, að það sé ekki á þetta minnzt? Það er ekki mér að kenna, að hv. 1. þm. Reykv. hefur gert Sjáfstfl. að viðundri. Það er engin ástæða til þess að reiðast við mig út af því. Ég hefði ekki getað komið í veg fyrir það, jafnvel þó að ég hefði viljað, og veit nú ekki einu sinni, hvort ég hefði viljað koma í veg fyrir, að hann gerði sig að viðundri.

Þá sagði hv. 1. þm. Reykv., að þetta frv. væri aðeins fyrsti áfanginn í efnahagsmálunum, eða öllu heldur, að sú ályktun sjálfstæðismanna að lækka kaupið um 6% væri aðeins fyrsti áfanginn í efnahagsmálunum, og svo minnir mig, að hann læsi eitthvað upp um það, ég hef a. m. k. séð það í Morgunblaðinu í ályktun frá flokknum, að það þyrfti að breyta stefnunni í fjárfestingarmálum og ég held í bankamálum líka og í fleiri efnum. Og þessi hv. þm. sagði, að það væri út af þessu, þegar verið var að álasa honum og öðrum fyrir að flana út í kosningar í vor. Þessi hv. þm. sagði, að það þyrfti að kjósa í vor, því að þjóðin yrði að fá að geta sagt m. a. álit sitt um stefnu Sjálfstfl. í efnahagsmálum og úrræði hans strax, það mætti ekki bíða. Út af þessu er full ástæða til þess að spyrja, vegna þess að það sést ekki á þeirri langloku, sem frá flokknum hefur komið í þessu efni, hver þessi úrræði eru. Jú, það á að breyta stefnunni í fjárfestingarmálum. En mætti mönnum leyfast að spyrja: Hvernig á að breyta stefnunni í fjárfestingarmálum? Sennilega á að lækka fjárfestinguna, en þá: Hvaða fjárfesting er það, sem á að lækka? Og vill nú ekki hv. 1. þm. Reykv., sem telur svona knýjandi nauðsynlegt, að þjóðin fái að segja álit sitt um þessa stefnu, gera svo vel að svara því: Hvernig er nauðsynlegt að breyta fjárfestingarstefnunni, á hvaða hátt á að lækka fjárfestinguna, og hvaða framkvæmdir eru það þá, sem á að skera niður? Eða á kannske ekki að segja neitt um þetta, fyrr en búið er að leggja niður kjördæmin, breyta kjördæmunum, eins og kom fram hjá hv. 3. þm. Reykv.?

Ég veit, að jafnskýr maður og hv. 1. þm. Reykv. (BBen) er, hann sér, að þessi spurning er alveg eðlileg, og mér dettur ekki í hug, að hann skorist undan því, að flokkurinn svari þessu, því að hvernig er hægt að bera sér í munn, að það sé nauðsynlegt að kjósa strax, til þess að hægt sé að fá dóm um efnahagsmálastefnu Sjálfstfl., ef það er ekkert annað, sem menn fá að heyra, heldur en nokkrar almennar setningar, sem geta þýtt allt á milli himins og jarðar.

Þess vegna verður spurt: Í hverju er þessi stefnubreyting fólgin, sem nauðsynleg er, m. a. í fjárfestingarmálum?

Þá sagði þessi hv. þm., að það hefði getað gengið miklu betur og hefði sennilega verið hægt, að því er mér skildist, að fá meiri samtök um efnahagsmál og fleira, ef Framsfl. hefði viljað leggja til hliðar, eins og hann kallaði það, sérkreddu sína í kjördæmamálinu. Hver er þessi sérkredda framsóknarmanna í kjördæmamálinu? Jú, sérkredda framsóknarmanna í kjördæmamálinu er sú, að það skuli ekki leggja niður öll kjördæmin nema eitt. Það er sérkredda framsóknarmanna í kjördæmamálinu. Eins og ég sagði, ætla ég ekki að fara að ræða um kjördæmamálið, það verður gert seinna, en ætli hv. 1. þm. Reykv. eigi nú ekki eftir að sjá, að þetta muni vera sérkredda einhverra fleiri manna en bara framsóknarmanna? Og furðulegt þykir mér það, ef þm. yfir höfuð telja sig hafa umboð og vera kosna á þing til þess að leggja niður kjördæmin, sem kusu þá á þing. Það á allt eftir að sjást, en því hefur verið yfir lýst, að þetta stæði til, og sérkredda framsóknarmanna í kjördæmamálinu er þessi, að þeir vilja ekki fallast á að leggja niður öll kjördæmin nema eitt.

Hvernig svo hægt hefði verið að tapa af ein-

hverju í kjördæmamálinu, þó að því hefði verið frestað til næsta árs og snúið sér að efnahagsmálunum, það er enn óskýrt og verður vitanlega aldrei skýrt. En við vitum vel, hvernig stendur á því, að það þarf að flýta sér svona mikið. Það er vegna þess, að það, sem Sjálfstfl. hefur í hyggju, passar ekki svo vel við það, sem flokkurinn hefur lýst yfir og sagt undanfarið, að það er ekki hægt að sýna það fyrir kosningar. Það er bara ekki hægt. En samt sem áður verður spurt: Hvað er það?

Þá sagði hv. 1. þm. Reykv., að framsóknarmenn og Alþýðuflokksmenn hefðu orðið berir að miklum svikum. Hann kallaði mig berum orðum svikara, það var nú svona eins og smárúsína í þeim graut, sem ég fékk hjá honum. Svikin lægju í því, að því hefði verið lýst yfir, að ekki kæmi til mála eftir kosningar að vinna með kommúnistum. Og hann sagði, að Haraldur Guðmundsson hefði verið sendur í útlegð, af því að hann hefði lýst þessu yfir fyrir báða, Alþfl. og Framsfl., en svo hefði þetta orðið og hann hefði verið sendur í útlegð. Það er ein af slúðursögunum, sem hv. þm. býr til, að Haraldur Guðmundsson hafi lýst nokkru yfir fyrir Framsfl. í þessu sambandi. Hefur enginn haldið því fram nema þessi hv. þm., sem hefur búið það til.

En til viðbótar er svo það að segja, að þessi hv. þm. hafði mann á launum í langan tíma til þess að skoða allt það, sem eftir mér var haft í síðustu kosningabaráttu, til þess að leita að yfirlýsingu um það, að ekki kæmi til mála af minni hendi að vinna með Alþb. eftir kosningarnar, og hann fann aldrei neitt. Hann fann aldrei neitt frá mér um það atriði.

Þá var þessi hv. þm. mjög móðgaður, að því er virtist, og honum var þungt í skapi út af því, að ég skyldi kalla Sjálfstfl. stjórnarflokk. Hvílík óhæfa! Ég kallaði Sjálfstfl. stjórnarflokk. Hann virtist alls ekki vilja við það kannast. Hann var órór út af því, hv. þm. Hvað er Sjálfstfl. annað en stjórnarflokkur? Hefur hann ekki lýst því yfir, að hann styðji núverandi ríkisstj.? Er ekki núverandi stjórn gerð að þingræðisstjórn með yfirlýsingu Sjálfstfl. um stuðning við hana? Hvað er hv. þm. að tala um? Þetta er nú svona sér á parti. En hvers vegna er hv. þm. svona viðkvæmur fyrir því, að Sjálfstfl. sé kallaður því rétta nafni, stjórnarflokkur? Það virðist vera meira en lítill beygur í Sjálfstfl. við að bera ábyrgð á stjórninni. Kannske eru það sporin frá 1942, eða minningarnar frá 1942, sem hræða eitthvað í þessu tilliti. En ekki finnst mér þeim sjálfstæðismönnum farast stórmannlega, ef þeir vilja ekki kannast við stuðning sinn við núverandi ríkisstj. og ætla að leika í þessu efni fullkomlega tveimur skjöldum og neita í öðru orðinu að bera ábyrgð á því, sem þeir hafa gert. Og ekki sýnast þeir gera sér glæstar vonir um árangurinn af störfum hæstv. ríkisstj., að þeir skuli móðgast út af því að vera kallaðir stjórnarflokkur.

Hv. þm. sagði, að Sjálfstfl. hefði ekkert fyrir snúð sinn í sambandi við þetta stjórnarmyndunarmál. Manni skildist helzt, að Sjálfstfl. væri að vinna eitthvert góðverk, kærleiksverk með því að verja ríkisstj. falli eða með stuðningnum við ríkisstj. En þeir, sem þessum hnútum eru kunnugir, vita miklu betur. Þeir vita, að þessi stjórn er beinlínis mynduð vegna þeirrar afstöðu Sjálfstfl. að knýja fram kjördæmabreytingar og kosningar strax í vor, og þeir vita, að þetta er gert með flokkshagsmuni Sjálfstfl. fyrir augum, eins og ég hef sýnt fram á nú þegar í þessum umræðum.

Sjálfstfl. telur kosningarnar nauðsynlegar sem allra fyrst til þess að þurfa að sýna sem minnst af úrræðum sínum fyrir kosningar. Það er höfuðástæðan. Það á að breyta kjördæmaskipuninni fyrst til þess að skapa grundvöll fyrir því, að Sjálfstfl. þori að sýna það, sem raunverulega býr inni fyrir í efnahagsmálunum, þessa breytingu á fjárfestingarstefnunni, sem verið er að boða, en fæst ekki sundurliðað enn, í hverju er fólgin. En við vitum, hvað meint er.

Svo þykist hv. 1. þm. Reykv. eiginlega ekkert vita um fyrirætlanir ríkisstj. Hann sagði m. a. í því sambandi, að það hefði ekki verið borið undir þá enn þá, hvort taka eigi 6 millj. dollara lán í Bandaríkjunum, 160 millj. kr., og hann sagði eitthvað á þá lund: Ég veit ekki, hvort þetta verður undir okkur borið. — Aumingja mennirnir. Ekki er nú ástandið gott, ef það verður ekki einu sinni ráðgazt við aðalstjórnarflokkinn um það, hvort eigi að taka 150—160 millj. kr. lán. **(Gripið fram í:** Er ekki....) Jú, það eru 150—160 millj. ísl. kr. með 55% álagi. Það er álag á lánsfé líka, þegar það kemur inn, og það verða 150—160 millj. kr. Nei, það er ekki borið undir þá, segja þeir, en auðvitað vitum við, að ríkisstj. ráðgast við Sjálfstfl. um sínar höfuðráðstafanir, enda væri það nú annað hvort, þar sem hann er aðalstuðningsflokkur stjórnarinnar. Og það vitum við auðvitað, að þeir hafa ráðgazt við Sjálfstfl. um þau frumvörp, sem þeir leggja hér fram í efnahagsmálunum. Og Sjálfstfl. ber raunverulega sömu ábyrgð á þeim frv. og Alþfl. og frágangi þeirra sem stjórnarflokkur.

Í sambandi við lántökurnar vil ég aðeins segja örfá orð.

Hv. 1. þm. Reykv. hefur haldið því fram undanfarið, að það væri hneykslanlegt og óverjandi fyrir Ísland að taka lán í Bandaríkjunum á vegum Bandaríkjastjórnar. Og hann hefur gengið lengra, þessi hv. þm. Hann hefur fullyrt og búið til um það eina af sínum alþekktu slúðursögum, að lántökunum hafi fylgt þau skilyrði, að varnarliðið yrði áfram á Íslandi. Þessi hv. þm. var einu sinni utanrrh. og ráðherra annarra deilda í fleiri ríkisstj., m. a. þegar samningurinn um Marshallaðstoðina var gerður og Marshallhjálpin þegin. Þá héldu kommúnistar því fram um þennan hv. þm., að hann hefði gert verzlunarsamning við Bandaríkin um það, að varnarliðið yrði hér, og fengið Marshallaðstoðina á móti. Auðvitað var þetta lygi. Þetta var ósatt. Þetta gerði þessi hv. þm. ekki, þegar hann var ráðh., en það var sagt um hann þá. Nú hefur þessi hv. þm. lagzt svo lágt, að hann er að búa til sams konar lyga-

sögu um fyrrv. ríkisstj. og kommúnistarnir gerðu um hann. Hann hefur lagzt svo lágt, þessi hv. þm., heldur fram sams konar fjarstæðu og sögð var um hann þá. Og það er meira. Nú hefur verið undirbúin 6 millj. dollara lántaka í Bandaríkjunum af hendi fyrrv. ríkisstj., og það verður tekið eftir því, hvort Sjálfstfl. sem aðalstjórnarflokkurinn ætlar að verða aðili eða ætlar að samþykkja, að þessi lántaka verði framkvæmd, því að engum dettur í hug, að hún verði gerð, nema Sjálfstfl. samþykki það, aðalstjórnarflokkurinn. Þetta lán verður tekið eftir nákvæmlega sömu leiðum og þau lán, sem hv. þm. Reykv. hefur lagzt svo lágt að viðhafa þessi ummæli um, að þau væru sníkjulán, að þau væru tekin með þessu skilyrði, sem hann veit að er ósatt. Nú verður tekið eftir því, hvort nýtt lán verður tekið á sama hátt eða ekki, eins og undirbúið hefur verið. Við í Framsfl. álítum rétt að taka þetta lán, en það verður tekið eftir því, hvort það verður gert eða ekki, nú þegar Sjálfstfl. er orðinn aðalstjórnarflokkurinn. Það verður tekið eftir því, og það þýða ekkert svona auvirðileg undanbrögð eins og það, að ekki hafi verið talað við þá enn þá um þetta mál og að þeir viti ekki, hvort það verði undir þá borið að taka 150—160 millj. að láni. Það hefur fyndinn maður sagt um aðstöðu hv. 1. þm. Reykv. í þessum efnum og Sjálfstfl., að sennilega mundi það fara svo, að hann yrði að taka lán í tunglinu, ef hann kæmi til valda, því að hann hefur sagt, að það væri ódæði að taka lán fyrir austan járntjald og sníkjulán vestra væri hneyksli, sem enginn ærlegur maður gæti verið við riðinn, þess vegna yrði hann líklega að taka lán í tunglinu. Kannske ríkisstj. hætti við þessa fyrirhuguðu lántöku og sendi hv. 1. þm. Reykv. til tunglsins til þess að sækja þangað peninga, svo að hann þurfi ekki nánast að verða sér til minnkunar samanborið við það, sem hann hefur áður sagt um þessi efni í sambandi við lántöku. Kannske er enginn annar útvegur í þessu efni en sá. (Gripið fram í.) Ég skal náttúrlega ekkert segja, hvaða farartæki hv. 1. þm. Reykv. notar til tunglsins, en ég vona, að hann komi heill aftur, ef hann leggur í þessa glæfraför, því að þótt við séum oft að hnotabitast hér, þá mundi ég sannarlega sakna þess, ef honum heppnaðist ekki förin, og á milli okkar er ekki nema allt gott að öðru leyti, þótt við deilum hér hart.

Þá var hv. 1. þm. Reykv. að tala hér um eyðslulán, og af því að ég sé, að þarna situr nú hv. 1. þm. Rang., þá er mér það minnisstætt, að hann hefur stundum brugðið sér í þær buxur að tala um eyðslulántökur fyrrv. ríkisstj. Og hv. 1. þm. Reykv. bætti því við, að þetta 6 millj. dollara lán, sem búið væri að leggja drögin að, ætti líka að vera eyðslulán. Það er gaman að athuga þetta ofur lítið nánar og gefur ástæðu til nokkurra spurninga.

Hv. 1. þm. Reykv. nefndi stórar fjárhæðir í sambandi við skuldaaukningar, og þær voru nú eitthvað skrýtnar. En ég hef ekki haft aðstöðu til nú á stundinni að rannsaka það alveg ofan í kjölinn, hvernig á þeim mismun stendur, sem þar kemur fram. En samkvæmt þeirri skýrslu, sem á hefur verið byggt í þessu efni, hafa opinberar lántökur í tíð fyrrv. stjórnar numið sem næst 400 millj. kr. Og þessi lán, sem hv. 1. þm. Reykv. kallaði eyðslulán, í hvað hafa þau farið? Til hvers hafa þessi lán verið tekin? Þau hafa verið tekin í eftirtaldar framkvæmdir: til ræktunarsjóðs, til raforkuáætlunarinnar, fiskveiðasjóðs, sementsverksmiðjunnar, til flökunarvéla, til hafnar á Akranesi, til Sogsvirkjunarinnar og til þess að kaupa skipin 12. Nú vil ég spyrja hv. 1. þm. Reykv: Hvað af þessu er eyðsla? Hvað af þessu flokkar hv. 1. þm. Reykv. undir eyðslu? Engar vöflur. Þetta er tæmandi upptalning á því, sem lánin hafa gengið til, sem ríkisstj. hefur staðið fyrir að taka, og nú er að segja, hvað af þessu er eyðsla, telst undir eyðslu. Hann var að tala um það, hv. þm., að þegar menn tækju við þrotabúi, þá yrði stundum að taka lán eitthvað fyrst, þess vegna væri það svo sem ekkert einkennilegt, þó að Sjálfstfl. yrði að vera með einhverjar lántökur svona til að byrja með, það væri ekki strax hægt að taka upp þessa stefnu, að allt væri hægt að gera án lána. Hann sagði, að það væri neyðarkostur að taka eyðslulán, en það yrði kannske að gera, og talaði um eyðslulán í sambandi við lántökuna, sem fyrirhuguð er í Bandaríkjunum og grundvöllur lagður að af fyrrv. ríkisstj.

En í hvað átti þetta fé að fara að ákvörðun fyrrv. ríkisstj.? Í fyrrv. ríkisstj. var ákveðið að leita eftir lánum í fjórar greinar fjárfestingarinnar, en ekki ákveðið í stjórninni, hvernig það skyldi skiptast á milli greina, enda ekki fullar lánsheimildir fyrir hendi, þannig að málið verður vafalaust að koma til þingsins, áður en slík lántaka gæti átt sér stað. En þessar fjórar greinar voru: ræktunarsjóður, fiskveiðasjóður, raforkuáætlunin og hafnargerðirnar. Það voru þessar fjórar greinar. Nú getur hv. 1. þm. Reykv. gert þetta upp við sig. Vill hann kalla byggingarnar í sveitunum, sem ræktunarsjóður lánar til, eyðslu? Vill hann kalla raforkulínurnar eyðslu? Telur hann það til eyðslu að kaupa báta og fiskiskip? Telst það til eyðslu að byggja sementsverksmiðju eða kaupa flökunarvélar í frystihúsin? Telst það til eyðslu að byggja nýju Sogsvirkjunina? Telst það til eyðslu að kaupa nýju skipin 12? Telst það til eyðslu að taka lán til þess að byggja nýjar hafnir? Þarna er það. Svo bíðum við eftir svari.

Að lokum vil ég svo aðeins segja þetta: Mér leikur grunur á því, að ég nú ekki fullyrði neitt, að eins og hv. 1. þm. Reykv. og sjálfstæðismenn yfir höfuð hafa haldið á málum sínum í stjórnarandstöðunni undanfarið, þá verði þau æðimörg jarðarmenin, sem þeir verða að ganga undir, um það er lýkur, ef borið er saman það, sem þeir hafa sagt, og það, sem þeir eiga eftir að þurfa að gera. En þeir geta ekki kennt okkur um það. Þeir geta ekki reiðzt okkur fyrir það. Þeir verða að snúa þykkjunni að sjálfum sér. Þeir hafa kallað þetta yfir sig sjálfir.

Og svo vil ég segja það að lokum, það eru mín síðustu orð í þetta sinn, um þessa stjórn-

armyndun, að það er eins og Sjálfstfl. hafi tilhneigingu til þess að vilja leika einhvern feluleik í þessu sambandi. Kannske það sé meining Sjálfstfl. að reyna að fela sig á bak við Alþfl.? En ætli það sé ekki hætt við því, að Sjálfstfl. standi þá alltaf vegna stærðarmunarins út undan, þannig að það sjáist alltaf á hann út undan Alþfl.? Og það held ég nú sannast að segja að verði niðurstaðan og þess vegna sé sá feluleikur alveg þýðingarlaus frá byrjun.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Í hvert sinn, sem hv. 3. þm. Reykv. (EOl) talar um efnahagsmál hér í hv. d., þá minnist hann með söknuði gömlu góðu daganna, þegar íhaldið og kommúnistar sátu í nýsköpunarstjórninni. Þessi sami hv. þm. talar um það, að við eigum ekki að lifa fyrir augnablikið, heldur eigum við að leggja línur fram í tímann. En ef sú lína, sem þessir flokkar fylgdu í landbúnaðarmálunum í nýsköpunarstjórninni, ríkti enn þá, þá væri landbúnaðurinn á Íslandi sama sem kominn í eyði og það væri löngu komið svo, að við hefðum ekki nóga mjólk eða nóg kjöt handa þessari þjóð af eigin framleiðslu. Á þeim árum, nýsköpunarárunum, voru ekki byggð nema eitt eða tvö hús á ári í sveitum landsins, og annað var eftir því. Það er þessi stefna, sem þessi hv. þm. vill fylgja í landbúnaðarmálunum. Og hann saknar þess alltaf, að hann skuli ekki ná aftur til sjálfstæðismanna, því að þá getur hann framfylgt henni.

Það er vitað mál, að þjóðinni fjölgar mjög ört. Það er þess vegna ekki nema skammsýni að halda það, þó að við höfum í dag meira en nóg af landbúnaðarvörum, að þá sé einhver hætta á ferð. Það er e. t. v. ekki nema stutt þangað til við eigum ekki nóga landbúnaðarframleiðslu, hvað þá um of. En hv. 3. þm. Reykv. stefnir að því og vonast til þess, að sá tími renni upp, þegar búið er að laga kjördæmamálið, eins og hann orðaði það áðan, að sjálfstæðismenn og hann geti tekið upp aftur nýsköpunarstefnuna í landbúnaðarmálunum.

Hv. 9. landsk. (ÓB) er vanur að segja nokkuð það, sem honum býr í brjósti. Hann sagði hér stórmerkilegan hlut áðan. Hann sagði, að það hefði verið stórvítaverð ráðstöfun á afgangi þeim af ameríska láninu, sem var ráðstafað í haust. Það var vítaverð ráðstöfun að láta fé ganga til ræktunarsjóðs, það var vítaverð ráðstöfun að láta fé ganga til fiskveiðasjóðs, það var vítaverð ráðstöfun að láta fé ganga til sementsverksmiðjunnar, og það var vítaverð ráðstöfun að láta fé ganga til raforkumálanna. Þetta er auðvitað stefna Sjálfstfl., sem hv. 9. landsk. sagði hér frá, en hinir flokksmennirnir eru bara ekki að segja frá því, þeir bíða eftir því, að kjördæmin verði löguð fyrst. Þetta kveður nokkuð við annan tón en þegar hv. þm. A-Húnv. (JPálm) og hv. 1. þm. Rang. (IngJ) eru stundum að tala hér í hv. d. um, að það hafi verið vanefndir á framkvæmdum í raforkumálum, þó að það hafi verið á síðasta ári gert meira en sú fjáröflun, sem fyrir lá, gerði ráð fyrir. En hvernig hefði átt að leysa þessi mál, ef þessum lánum hefði ekki verið ráðstafað á þennan hátt? Hvaðan áttu að koma fjármunir til sementsverksmiðjunnar, ræktunarsjóðsins, fiskveiðasjóðsins og rafmagnsplansins? Átti kannske að láta þessi verk ógerð? Þessu þurfa sjálfstæðismenn að svara og það nú í þessum umræðum.

Hv. 1. þm. Reykv. (BBen) var að tala um það í gær, að hann væri mjög hissa á því, að það skyldi skorta fjármagn í byggingarsjóð, bæði ríkisins og sveitanna, og veðdeild Búnaðarbankans, og taldi, að það hefði verið illa að þessum sjóðum búið, fyrst nú ætti að fara að afla fjár til þeirra. Ég held, að hv. þm. ætti að muna þann tíma, 1956, þegar hann fór úr ríkisstj. Þá skorti víða fjármagn, bæði í byggingarsjóði og fleiri staði. Og það er til hér þingskjal með þáltill. frá sjálfstæðismönnum, sem í felast till., sem sjálfstæðismenn lögðu til í húsnæðismálastjórninni, um að útvega 250 millj. kr. til húsnæðismálanna, af því að þar skorti það fé. Þess vegna þarf þessi hv. þm. ekki að vera hissa á því, þó að það sé farið fram á 15 millj. kr. fjárútvegun.

En ég mun nú ekki fara langt út í ræðu þessa hv. þm. Hann var að vísu svo skemmtilegur, að það er ástæða til þess að þakka fyrir þá skemmtun, sem maður hafði af ræðu hans, því að það er alveg ný fyndni að telja það óreiðu, fjársukk og vandræði í fjármálum, þegar menn skila af sér stórum sjóðum. Þetta er fyndni, sem ég vonast til að sjá í „Íslenzkri fyndni" á þessu ári.

Þessi hæstv. ríkisstj. hefur gert tvennt í efnahagsmálum. Hún hefur aukið niðurgreiðslur, og hún hefur lagt fram þetta frv., sem hér liggur fyrir. Um niðurgreiðslurnar vildi ég segja, að það hefur jafnan verið mín skoðun, að niðurgreiðslunum fylgdi veruleg hætta. Sú hætta er fólgin í því, að við erum með niðurgreiðslunum að leyna verðbólgunni. Fólkið fer að álíta, að verðið á þessum vörum sé ekki hærra en það þarf að greiða fyrir það. Það gleymir stundum fljótt, hvað niður er greitt, og þetta er einn þátturinn í því að viðhalda verðbólgunni, að leyna henni á þann hátt. Þá er það annað atriði þessa máls, að ef niðurgreiðslurnar hætta, þá mun verð á þessum vörum hækka svo stórkostlega, að það gæti haft áhrif á sölu þeirra. Og nú við þessa síðustu niðurgreiðslu eru niðurgreiðslurnar orðnar það miklar, að þær eru komnar niður fyrir framleiðsluverð. Þess vegna verða bændurnir, sem framleiða mjólk og kjöt, að drekka sína mjólk og borða sitt kjöt með hærra verði en neytendurnir í kaupstöðunum. Þetta er alveg óeðlilegt, og það má ekki fylgja fram þeirri stefnu, að niðurgreiðslur verði nokkurn tíma meiri en skráð framleiðsluverð er, að þær fari niður fyrir það. Og ég vil benda á það, ef hæstv. ríkisstj. heldur áfram að auka niðurgreiðslur, að þá verður hún að gera það á þann hátt að greiða niður fleiri vöruflokka, en má ekki auka niðurgreiðslurnar á landbúnaðarvörunum, því að þar er nóg komið. Þá ber nauðsyn til að leiðrétta í þessu frv. það, að landbúnaðinum er ætlaður annar réttur en

sjávarútveginum, og geri ég ráð fyrir því, að það mál verði auðsótt.

Um það frv., sem hér liggur fyrir, vil ég annars segja þetta: Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að þetta væri fyrsta afborgun af vanskilavíxlum fyrrv. ríkisstj., en deildi svo á sjóðina á eftir, sem alls staðar væru til staðar, og mér skildist á hæstv. forsrh., að það ætti yfirleitt að styðjast við það, sem væri búið að afla af fyrrv. ríkisstj. eða hún hefði lagt grundvöll að að afla, til þess að koma málum ríkissjóðs og atvinnuveganna áfram. Meginmálið í þessu frv. er að fella niður 10 vísitölustig. Ég vil nú með nokkrum orðum segja skoðun mína á ástæðu fyrir því, að þetta mál er hér fram komið.

Við stjórnarmyndunina 1956 tók ríkisstjórn Hermanns Jónassonar upp þá stefnu að hafa samstarf við hin stóru stéttarfélög í landinu, bæði Alþýðusambandið og Stéttarsamband bænda. Það lágu nokkur rök að því, að það var gert, m. a. það, að þótt það væri sterkt þingfylgi, sem stóð að stjórn Ólafs Thors, þá mistókst henni í efnahagsmálum, og hafa ýmsir stuðningsmenn þeirrar stjórnar, eins og t. d. hv. 1. þm. Reykv., oft vitnað til verkfallsins 1955 og talið það ástæðu fyrir því, sem miður fór, þó að hann hafi síðar talið, að það væri ekki hyggilegt að hafa samstarf við stéttarfélögin. Þetta samstarf við stéttarfélögin tókst vel í fyrstu. Það tókst samstarf á milli ríkisstj. og stéttarfélaganna um niðurfellingu 6 vísitölustiga 1956 eða hliðstætt og hér á að gera. En þegar Sjálfstfl. fór að átta sig á, hvert stefndi, þá fór hann líka að hugsa sitt mál. Hann hafði sem stjórnarfl. fordæmt stjórnarandstöðu kommúnista, sem væri óábyrg og við það eitt miðuð að eyðileggja þau störf, sem ríkisstj. ynni að, en ekki hugsað um þjóðarhag. Maður skyldi nú halda, að þeir sjálfstæðismenn mundu ekki detta í sömu gröf. En þeir voru ekki lengi í paradís, og þeir komu víða við. Allir muna eftir skeytunum góðu, allir muna eftir því, þegar þeir ræddu um það hér á háttv. Alþingi, að ríkisstj. mundi ekki takast að fá erlend lán, en það eitt mundi nú samt ekki nægja til þess að koma henni frá, það yrði að gera meira. Og þetta meira, sem þeir hugsuðu sér að keppa að, var að ná í valdaaðstöðu í verkalýðsfélögunum til þess að reyna þannig að sprengja það samstarf eða gera að engu það starf, sem ríkisstj. ætlaði að vinna að um stöðvun verðbólgunnar. Það kom fram þar, sem hv. 9. landsk. sagði hér áðan, að menn hugsuðu meira um að kenna þeim, sem stjórnuðu, um það, sem miður hefði farið, heldur en standa að því, sem betur mætti fara. Þessu fylgdu sjálfstæðismenn trúlega.

Áður en Sjálfstfl. fór að hafa áhrif í verkalýðsfélögunum, tókst ríkisstj. og verkalýðsfélögunum vel í samstarfinu, eins og áður er getið, svo sem varð um eftirgjöfina 1956 og lögin um útflutningssjóð, sem samþ. voru rétt fyrir jólin 1956. En upp úr áramótunum fór róðurinn að harðna. Þá fór Sjálfstfl. að vinna af alefli í kosningabaráttunni í verkalýðsfélögunum og náði samstöðu við hluta úr einum stjórnarflokknum, hægra liði Alþfl. Og eftir að þeir höfðu náð á vald sitt sumum verkalýðsfélögunum, eins og Iðju, þá skeði það, sem munu vera fá dæmi um hér á landi, að atvinnurekendurnir buðu upp á kauphækkun. Það þurfti ekki að knýja fram kauphækkunina þá, hún stóð Iðjufélögunum til boða, enda hafði hún verið óspart notuð í kosningabaráttunni. Þannig hélt þetta áfram, og þegar kom að því, að ríkisstj. ætlaði að gera annað og meira í efnahagsmálunum, það sem nauðsyn bar til að gera til þess að ná því jafnvægi, sem hún stefndi að, og til þess að atvinnulífið í landinu yrði eflt og þróttmikið, þá fóru að sjást brestir í samstarfi ríkisstj. og verkalýðsfélaganna. Þegar efnahagsmálalöggjöfin var hér til meðferðar á s. l. vori, þá komu brestirnir greinilega fram, sem voru í verkalýðsfélögunum, þeir komu fram við afgreiðslu þess máls. Það, sem gerðist, var það, að fulltrúar héðan úr Reykjavík voru andvígir löggjöfinni, en fulltrúar utan af landsbyggðinni stóðu fast með henni. Hér komu fram greinileg merki þeirrar baráttu, sem háð er um fjármagnið til landsbyggðarinnar, sem er uppistaðan í stjórnmálabaráttunni, sem fram undan er.

Það tókst þó að setja efnahagslöggjöfina á s. l. ári. Þessi löggjöf hafði mikil áhrif í rétta átt í efnahagsmálum þjóðarinnar. Hún stefndi að auknu jafnvægi. Það var, eins og hæstv. fyrrv. fjmrh. tók hér fram í gær, verið að fara út úr uppbótakerfinu. Frá skömmtunarkerfinu, sem þar var komið á, var horfið, og atvinnulífið í landinu var frjálsara og þróttmeira en fyrr, enda er það mál manna, að einmitt árið, sem var að líða, var gott atvinnuár vegna löggjafarinnar, sem var sett í efnahagsmálum á s. l. vori, en það dró ýmsar blikur á loft, er fram á sumarið kom.

Það var tekið fram í grg. fyrir efnahagsmálalöggjöfinni, að þær bætur, sem atvinnuvegunum voru ætlaðar samkvæmt henni, væru við það miðaðar, að kaup hækkaði ekki í landinu umfram það, sem gert var ráð fyrir í löggjöfinni sjálfri. Mönnum var ljóst, að ef kaupgjald færi hækkandi, þá yrði að gera nýjar ráðstafanir, og þjóðinni hefur aldrei verið betur frá þessu skýrt en einmitt í sambandi við þessa löggjöf.

Af hálfu ríkisstj. var þetta mál líka lagt fyrir myndarlega við fulltrúa alþýðusamtakanna, svo að þeir máttu gerla sjá, að hér stefndi í rétta átt. En þegar kom fram á sumarið, fór annað að verða uppi. Þá fóru sumir að verða hræddir um, að nú gæti farið svo, að þetta tækist hjá hæstv. ríkisstj., að fá stöðvun, að fá jafnvægi í efnahagsmálin og halda uppi áfram þróttmiklu atvinnulífi í landinu, og þá voru sendimennirnir látnir byrja í verkalýðsfélögunum að tala fyrir kauphækkun, sem nú væri nauðsynleg, og svo hélt þetta áfram allt sumarið. Blöðin ögruðu hvort öðru. Alþýðublaðið sagði: Hvað hugsa kommarnir? Ætla þeir bara ekki að vakna? Alþýðusambandið væri steindautt. Það hugsar ekkert um kjarabætur fyrir fólkið í landinu. Það eru allir búnir að rétta af nema þessir herrar. —

Og svona hélt þetta áfram. Morgunblaðið fylgdi eftir, og sendimenn Sjálfstfl. voru látnir túlka þessa skoðun í verkalýðsfélögunum, en þessi leið var svo notuð, þegar verið var að heyja kosningabaráttuna til Alþýðusambandsþings á s. l. hausti.

Ríkisstj. hafði lýst því yfir, þegar efnahagslöggjöfin var sett, að hún mundi leita eftir samkomulagi við alþýðusamtökin um framhald af þeirri stefnu, sem hún markaði um efnahagslöggjöfina. Hún mundi á hausti komanda, er alþýðusamtökin héldu sitt þing, leita eftir samkomulagi um vísitöluna, sem var tekið fram í grg. frv. og hæstv. ráðh. lýstu hér í framsöguræðum sínum að þyrfti að taka til frekari athugunar. Og þegar kom á Alþýðusambandsþing, þá vissu allir menn, að að því yrði stefnt að leita eftir þessu samkomulagi.

Nú hafði þingið dregizt lengur en gert var ráð fyrir, og 1. des. átti að taka gildi ný vísitala. Það var almenn skoðun manna í stjórnarflokkunum hér á hv. Alþingi, að nauðsyn bæri til að koma í veg fyrir, að þessi vísitala tæki gildi. Það vissu allir, hvað það er miklum erfiðleikum bundið að taka aftur það, sem komið er. Það bar fyrst að stöðva.

Það, sem hæstv. fyrrv. ríkisstj. óskaði eftir, var að halda áfram samstarfinu við alþýðufólkið í landinu, við verkalýðsfélögin og stéttarfélag bænda. Og nú óskaði hún eftir því, að frestað yrði að taka vísitölu í einn mánuð. En forustumennirnir á Alþýðusambandsþingi voru ekki á þessari skoðun. Það hafði að vísu heyrzt, áður en Alþýðusambandsþing kom saman, að þá sæti á rökstólum nefnd, sem væri að athuga þessi mál, Alþýðusambandsþingsfulltrúar frá Sjálfstfl., Alþfl. og Alþb. Og þegar kom að þeirri stundu, að ríkisstj. leitaði til Alþýðusambandsþings um að halda þessu samstarfi áfram, sem hefði gefizt báðum aðilum vel, og leitað yrði eftir þeim leiðum, þar sem þeir gætu farsællega leyst sín mál, þá kom neitunin fram.

Nú vilja menn kannske segja: Það er ekki von, að mennirnir væru að fallast á þetta. Það var svo erfitt að leysa efnahagsmálin núna, og þeir hafa ekki viljað leggja það á sig. — Var nú svo erfitt að leysa efnahagsmálin á s. l. hausti? Hvenær hefur verið meiri atvinna í landinu en einmitt á s. l. ári? Hvenær hefur verið meiri almenn velmegun en einmitt þá. Það hefur verið tekið fram hér í umr., og m. a. vék hv. 3. þm. Reykv. að því. Hvenær hefur verið meiri framleiðsla en einmitt á þessu ári og stórkostleg aukning? Við seldum alla okkar framleiðslu, og hvenær eru skilyrði til þess að leiðrétta í efnahagsmálum, ef það er ekki þegar aðstæður eru á þann veg?

Jú, það var grundvöllur fyrir því, að þetta samstarf héldi áfram, enda hafði það reynzt alþýðu landsins vel, þar sem hafði verið séð fyrir því, að atvinnulífið í landinu og velmegun væri betri en fyrr.

En þá kom það, að neitunin var gerð, og stjórnarsamstarfið var þar með búið. Þá höfðu mennirnir, sem höfðu verið að vinna að því í verkalýðsfélögunum að sprengja þetta stjórnarsamstarf, komið sínu fram. Og þarna stóðu þeir saman, forustulið úr Sjálfstfl., kommúnistaflokknum og hægra lið Alþfl.

En hvað skeði svo, þegar þessi hæstv. ríkisstj. var fallin? Þá fór nefnilega að breytast svipurinn á þessu öllu saman, þá fóru menn að sjá betur en nokkru sinni fyrr, hvað hinir hefðu verið að vinna að. Formanni Sjálfstfl., hv. þm. G-K. (ÓTh), var falið að mynda ríkisstj., og þá tóku þeir til, sjálfstæðismennirnir, og fóru að athuga þessi mál. Þeir höfðu auðvitað aldrei getað gert till., þeir voru svo ókunnugir þessum málum, að það var ekki von, að þeir gætu gert till. í efnahagsmálunum, þó að þeir hefðu setið í ríkisstj. á annan tug ára. Og þeir sátu nú yfir grg. og athugunum, sem fyrrv. ríkisstj. hafði gert. Og sjá, hvað kom út úr þessu? Það, sem kom út úr því, var það, að bjargráðin frá í vor, sem þeir höfðu deilt mest á, voru gefin út í annarri útgáfu, og þá voru þau bara látin heita: viðreisnartillögur Sjálfstfl. Það átti að taka burt það, sem þeir sjálfstæðismenn höfðu staðið fyrir að koma á yfir sumarmánuðina, og svo átti bara að gefa bjargráðin út á nýjan leik. Ef kaupið var lækkað um 6%, þá var nægjanlegur möguleiki til þess að greiða það niður, sem á skorti, og þurfti ekki að afla neinna nýrra tekna til. Þetta var dómur Sjálfstfl. á verkum vinstri stjórnarinnar, sem hafði áður verið í alla staði óhæf og til engra hluta nýt.

Það fór nú svo, að þeir mynduðu ekki þessa ríkisstj. Ekki var það af því, að þeir kæmu sér ekki saman, eftir því sem segir í áramótagrein formanns Sjálfstfl. Hann telur jú, að Alþb.-menn hafi viljað fara skemmra í niðurfærslunni en sjálfstæðismenn og Alþfl.-menn, en það, sem bar á milli var það, að Alþb. vildi láta kjósa 1960, en þeir sjálfstæðismenn strax, og það var það, sem sprengdi þetta væntanlega stjórnarsamstarf, annars hefði verið hægt að koma því á.

Og nú var allt gleymt, nú voru kommúnistarnir ekki einu sinni vondir, þeir voru bara vel samstarfshæfir, — Ungverjalandsmálin, það var ekki talað um þau eða neitt slíkt. Nei, þetta var allt hægt að gera, ef bara hefði ekki staðið á þessu, að Alþb.-menn vildu starfa saman til 1960. Og það er svo sem greinilegt hér í hv. d., að þeir hafa hug á því að ná saman síðar, því að hv. 3. þm. Reykv. (EOl) er ekki að hæla þeim sjálfstæðismönnum bara í meiningarleysi eða hv. 1. þm. Reykv. (BBen) gagnstætt, nema það sé eitthvað á bak við, enda vita allir, að að þessu stefnir.

Og framhaldið í þessum málum hefur svo verið það, að Alþfl. hefur tekið að sér að taka í burtu kauphækkanir, sem settar voru í sumar til þess að eyðileggja efnahagslöggjöfina, eins og hæstv. menntmrh. komst að orði, að andstæðingar efnahagslöggjafarinnar í vor hefðu staðið saman um að eyðileggja fyrra stjórnarsamstarf m. a. með þessu.

Þegar kom að því að þurfa að fara að taka

kauphækkunina til baka, var ekki einu sinni talað um það, að menn skorti umboð, hvað þá að það sé nú gefinn fyrirvari fyrir því, að menn séu hræddir um, að þetta njóti ekki stuðnings verkalýðsfélaganna, og þess vegna sé ekki hægt að fylgja málinu fram. Nei, nei, nú er þetta bara gott og ágætt, og kjarabæturnar frá í sumar, sem var verið að ögra með, eru nú ekki nefndar, heldur er þetta talið sjálfsagt mál, að það þurfi að taka til baka það, sem Sjálfstfl. og aðrir stjórnarandstæðingar komu með í sumar til þess að skemma efnahagslöggjöfina. Og það er mikill misskilningur hjá hv. 1. þm. Reykv., að þetta frv. eigi að heita fyrsta afborgun af víxlum fyrrv. stjórnar, það er þegar búið að hrekja það. Þetta frv. á að heita frv. til laga um árangur af verkalýðsbaráttu Sjálfstfl. og nánustu fylgismanna hans. Það var það, sem er verið að taka til baka. En um leið stendur eftir eitthvað af þeirri hækkuðu verðlagningu, sem hefur orðið vegna kauphækkana, og fólkið er búið að missa þá ríkisstj., sem vildi hafa samstarf við það, og enn þá verra er það, að atvinnulífið í landinu er ekki eins vel undirbyggt og fjárhagslega tryggt nú eins og áður, þar sem ekki er séð fyrir tekjum til að standa við skuldbindingar til atvinnulífsins.

Hér hafa menn árangurinn af verkalýðsbaráttu Sjálfstfl. og nánustu samstarfsmanna hans, svo glæsilegur sem hann er. En Sjálfstfl. hefur fengið sitt. Vinstri stjórnin er fallin, en fólkið á eftir að þakka fyrir sig.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Við höfum nú heyrt það, sem við vissum reyndar áður, að hv. þm. Mýr. (HS) er maður tölugur, og við vitum einnig, að hann er námfús, og við vitum í þriðja lagi, að hann er nýliði á þingi. Þess vegna fyrirgefum við honum þær fjarstæður, sem hann segir. Hann er sem sagt enn það fyrirbæri, sem er sjaldgæft í þingsölunum, sá maður, sem trúir því, sem í Tímanum stendur. Það skyldi enginn ætla það sama um hv. 1. þm. S-M. (EystJ). Þar er maðurinn, sem skrökvar því, sem í Tímanum stendur.

Tímaspekin, við heyrðum hana hér áðan, þegar hv. þm. Mýr. sagði, að atvinnuvegirnir hefðu gengið vel í ár vegna efnahagslöggjafarinnar, sem sett var á s. l. vori, bjargráðin sælu. Hefur hv. þm. ekki heyrt, að vertíðin síðast gekk óvenjulega vel? Hefur hann kannske alls ekki heyrt um karfamiðin, sem fundust og hafa gefið 100—200 millj.? Ef hann hefði hlustað á hv. 2. þm. S-M. (LJós), fyrrv. hæstv. sjútvmrh., hér í gær, þá hefði hann þó getað fræðzt um þetta, og er hann þó ekki allra bezta heimildin um sannleikann. En hv. 2. þm. S-M. er svo kunnugur, að honum datt ekki í hug að halda því fram, að betra veðurfar á miklum hluta landsins og betri veiðar og ný mið væri að þakka bjargráðunum, þótt þau hefðu mörgu komið til leiðar.

Þá sagði hv. þm. Mýr., að hv. 9. landsk. þm. (ÓB) hefði talið það vítaverða ráðstöfun á þessum 63 millj. kr. að verja þeim eins og gert var. Hv. 9. landsk. setti alls ekki út á það, hvernig þessu fé var varið, heldur að því skyldi vera varið á bak við Alþ. af klofinni ríkisstj. á hennar dauðastund. Sá maður, sem eitthvað þekkir til þingræðisreglna og almenns velsæmis, veit, að slíkt atferli er vítavert, og ég veit, að eftir nokkur ár verður hv. þm. Mýr. búinn að læra þetta, þótt hann læri það utan þingsalanna, en ekki í þeim.

Hv. þm. taldi upp ýmsar framkvæmdir og sagði, að þetta væru þær framkvæmdir, sem við sjálfstæðismenn værum á móti, en allar þessar framkvæmdir, sem hann taldi upp, hver ein einasta var gerð í jafnstórum stíl eða stærri í okkar valdatíð, án þess að erlend lán þyrfti að fá í nokkuð líkum mæli á við það, sem nú hefur verið gert.

Ég heyri það á framsóknarmönnunum, að þeim hefur orðið bumbult af því, sem ég sagði í gær, að frv., sem hér lægi fyrir, væri um fyrstu afborgun af vanskilavíxli þeirrar ríkisstj., sem nú fór frá völdum skömmu fyrir áramótin. Þetta er þó óhagganleg staðreynd, og þeir geta ekki hnekkt því. Þeir vilja raunar telja, að fjárhagurinn hafi ekki verið svo bágur, hvorki hv. þm. Mýr. né sjálf höfuðkempan, hv. 1. þm. S-M., vegna þess að í bóli hans hafi nú fundizt töluvert af aurum, þegar hann var horfinn. Það er eins og þegar gamall maurapúki hrekkur upp af og hefur lifað í ruslakompu, að þegar farið er að hreinsa til, þá finnst fimmeyringur þarna og kannske hundrað króna seðill þarna, kannske gamall gullpeningur grafinn niður í jörðina og eitthvað slíkt. Hv. 1. þm. S-M. og hv. þm. Mýr. hæla sér af þessari og þvílíkri fjárstjórn. Það, sem ég vakti athygli á í gær og hefur enn mjög átakanlega sannazt í dag, einmitt af orðum hv. 1. þm. S-M., er hin dæmalausa óreiða og óvissa um öll atriði, sem varða fjárstjórn ríkisins. Ég vitna í það, sem þingheimur heyrði áðan, að hv. 1. þm. S-M. sagðist ekki skilja þann mun, sem væri á tölunum varðandi skuldaaukningu ríkisstj., sem nú sagði af sér, að hann heldur því fram eða hans tala segir, að opinberar skuldir hafi vaxið um 400 millj. á valdatíma þeirra herra, en ég hef haldið því fram, að þær hafði vaxið nokkuð á sjöunda hundrað milljóna.

Nú er það svo um þessa tölu, sem ég vitna til, að það er ekki í fyrsta skipti, sem hún heyrist hér í þingsölunum í gær af mínum munni. Hv. 2. þm. Eyf. (MJ) gat þessarar tölu við 1. umr. fjárl. snemma í október. Þá heyrði hv. 1. þm. S-M. þessa tölu, og síðan hefur margoft verið vitnað til hennar í blöðum.

Hv. 1. þm. S-M. játar þó, að hann, sem var fjmrh. lengst af þessum tíma, hafi ekki enn gert sér grein fyrir, hvort skuldirnar í hans valdatíð, þegar hann var fjmrh. og réð einn öllu, hafi vaxið um 400 millj. eða á sjöunda hundrað milljóna. Þarf frekar vitnanna við, að sá maður, sem lýsir sínu eigin verki þannig, hann er ekki fær um að standa í þeirri miklu stöðu að vera fjmrh. Íslands? Mörg hörð orð hef ég sagt um hann, eftir að við sjálfstæðismenn slepptum af honum handleiðslu og hann

lenti út á villigötur. En aldrei hefði mér dottið í hug, að hann væri svo óviss um sitt eigið verk og hefði farið jafnmikið aftur frá því, sem ég þekkti hann, af því að vera í vondum félagsskap, að hann væri orðinn svo ruglaður sem þetta dæmi sannar.

Hv. þm. vildi vitna til þess, að það hefði verið einhver ódrengskapur af mér að halda því fram, að hann hefði rangtalið tekjuafgang ríkissjóðs í fjárlfrv. 1959 um 80 millj. **(EystJ:** Falsað tekjuáætlunina.) Já, falsað tekjuáætlunina. Ég vitna einungis til þess, sem við heyrðum hér í gær af munni hæstv. forsrh., til þeirra staðreynda, sem hann skýrði frá. Ég einungis vitna til þess, og ég vitna til orða hæstv. fyrrv. samráðh. hv. 1. þm. S-M., sem sagði hér í áheyrn þingheims í gær, að oft hefði hann nú verið blekktur, en ekki tryði hann því, að hann hefði verið blekktur svo, að samþingismaður hans, fjmrh., hefði lumað á 80 millj. án þess að láta sig vita.

Ég játa það, að ég er ekki töluglöggur maður, og hæli mér ekki af því, en jafnvel ég í minni tölublindni sýnist hafa meiri skilning á þeim en sjálfur reikningshaldari Framsfl., 1. þm. S-M.

Hv. 1. þm. S-M. talaði um, að það væri hart, að ekki mætti hafa greiðsluafgang á fjárl. Það má segja, að það sé hart að mega ekki hafa greiðsluafgang á fjárl. En sannleikurinn er sá, að ef ráðh. ár eftir ár áætlar tekjur svo vitlaust, að munar tugum og jafnvel hundruðum milljóna hvert ár, þá fer sú áætlunargerð að vera meira en hæpin, og hún er stórhættuleg fyrir þingræðið, vegna þess að þetta hefur leitt til þess, að þessi hv. þm. hefur ekki aðeins talið sig hafa miklu rýmri heimild til þess að ráðstafa fé í svokallaðar umframgreiðslur, sem hann hefur sannast sagt mjög hallað í meðferð á, og það segi ég af fullri þekkingu eftir nær níu ára samstarf við hann í ríkisstj., — hann hefur mjög hallað í þeirri meðferð, en til viðbótar því, þá hefur hann helzt viljað hafa þann hátt á að geta komið um áramót eða eftir áramót og hafa nokkra milljónatugi til ráðstöfunar utan við þingið og stjórnin kokkað það innan sinna híbýla, hvernig þessu fé ætti að verja. Með því er þó sagan ekki öll sögð, vegna þess að hann hefur hlustað á það ár eftir ár, þessi þingmaður, að hagfræðingar, — ég tek nú ekki undir það með hv. 3. þm. Reykv. (EOl) að kalla þá sótsvarta hagfræðinga, en hagfræðingar eru stundum dálítið saklausir og vara sig ekki á refjum sumra manna, þess vegna hafa sumir hagfræðingar fallið í þá gildru hvað eftir annað, að þeir hafa hælt hv. 1. þm. S-M. fyrir það, að hann hafi haldið svo einstaklega vel á að safna þessum tekjuafgangi, taka peningana úr umferð, leggja þá til hliðar og þar með koma í veg fyrir verðþensluna, verðbólguna. En það er einmitt það, sem hv. þm. hefur aldrei viljað fallast á. Hann hefur tekið peningana og ráðstafað þeim eftir á til þess að auka verðþensluna til fjárfestingar. Það er alveg óneitanlegt, að meginhlutinn af þessu fé hefur farið til þarflegra hluta. Þótt ég kalli hv. þm. óráðsíumann og óspilunarmann á fjármuni ríkissjóðs, þá dettur mér ekki í hug að halda, að hann stingi á sig einum einasta eyri, ég veit, að hann er grandvar maður og heiðarlegur í persónulegu lífi umfram alla aðra, ég er ekki að tala um það, en hann hefur með þessu ráðslagi í senn tekið fjárveitingavaldið af Alþingi í mjög ríkum mæli og beitt sér fyrir því, að peningunum hefur verið varið til fjárfestingar, nýtrar eða óhollrar, sem óhjákvæmilega hlaut að hafa þau verðbólguvaxandi áhrif, sem hagfræðingarnir hafa verið að vara við. Þetta vissi hv. þm. ósköp vel, en hann hefur tekið rólegur við lofi hagfræðinganna og Tímans og sakleysingjans hv. þm. Mýr. fyrir það tvennt, að hann væri að taka peningana úr umferð og svo aftur fyrir að setja þá í umferðina og verja þeim til þeirra hluta, sem Alþingi hafði ekki samþykkt við setningu fjárl. að peningunum skyldi varið til. **(EystJ:** Þetta er mjög lævíslegt.) Hvort sem það er lævíslegt eða lævíslegt ekki, þá er þetta sú hreina Eysteinska.

Þá taldi hv. þm. það mér mjög til fákænsku, að ég kynni ekki full skil á þessum 63 millj. kr., sem hv. 2. þm. S-M. gat um hér í gær að ríkisstj. hefði úthlutað — þó með meirihlutaatkvgr. — á sínu banadægri eða svo til. Hv. þm. held ég hafi ekki sagt, hverjum þessir peningar áskotnuðust, en gat þess, að þeir hafi áskotnazt vegna bjargráðalöggjafarinnar í vor. Það var varlega kveðið að orði, eins og þessa þm. var von og vísa. En það er líka ákaflega einkennilega kveðið að orði í því, sem hv. 1. þm. S-M., þáverandi hæstv. fjmrh., sagði um þetta í fjárlagaræðu sinni í haust, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú er þess á hinn bóginn að geta, að þegar nýju efnahagsráðstafanirnar voru gerðar s. l. vor, var ákveðið að greiða 55% yfirfærsluuppbót á mestallan gjaldeyri, sem inn kæmi og ekki ætti rétt til hærri uppbóta samkvæmt ákvæðum laganna. Þegar þessi nýju lög komu í gildi, var ekki búið að færa heim þetta erlenda lánsfé, þótt búið væri að lána út á það fyrir fram hér innanlands til þess að styðja þær stofnanir og framkvæmdir, sem ég nefndi. Þetta þýðir, að á þetta lánsfé koma yfirfærsluuppbætur á þessu ári. Það drýgist í meðförunum hér innanlands um 62 millj. kr."

Og síðan segir hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Augljóst er, að grípa verður til þessara rúmlega 60 millj. í því sambandi, sem hin erlendu lán drýgjast um vegna nýju laganna. Ekkert verður um það fullyrt, hvort hægt verður með því að leysa þessi mál til fulls eða ekki, þar sem ekki er hægt að segja í dag með neinni nákvæmni, hvað til muni þurfa."

Þetta er nú mjög glögg grg. fyrir 63 millj. kr. tekjum, sem einhver hefur hlotið, að lánin hljóti að drýgjast hérna innanlands í meðförunum. Það er alveg víst, að dollararnir eru alveg þeir sömu, ekki breyttu þeir um verð-

mæti við það, þótt þessir herrar hér kæmu sér saman um að leggja á yfirfærslugjald og borga meira fyrir dollarann. Það má að vísu segja, að það komi fram í ræðunni, að þetta sé einungis hér innanlands. En hver verður eigandi þessa fjár? Hver verður eigandinn? *Á hvern leggst kostnaðurinn við þá drýgingu*, sem hér á sér stað? Og hver verður eigandinn að drýgindunum? Hæstv. fjmrh. lætur alveg vera að útskýra þetta í ræðu sinni. Ég vil fullyrða, að loðnari skýring á 63 millj. kr. eignaaukningu hafi aldrei heyrzt í sölum Alþingis.

En hver sem verður talinn eigandinn, og það hefur hæstv. ráðh. ekki skýrt enn þá, þá er hitt alveg víst, að hæstv. ríkisstj. tók að sér að útbýta þessum smádrýgindum, 63 millj. kr., klofin, eftir að hún hafði ákveðið að segja af sér, án þess að láta Alþingi vita um það, og ég vil fullyrða og endurtaka, að sú aðferð er stórvítaverð, og sú grg., sem hæstv. ráðh. gefur um það í þessari ræðu, er vægast sagt mjög villandi og ófullkomin.

En það er e. t. v. von í raun og veru, að hæstv. fyrrv. ráðherra sé dálítið montinn yfir þessu, að hann geti bara með því að snúa hattinum fengið 63 millj. þarna og 80 millj. á hinum staðnum. Núna er myndasaga í Morgunblaðinu af Münchausen barón og hans afrekum. Ég held ég verði næst að fá einhvern til þess að gera myndasögu af afrekum fjármálaráðherrans fyrrverandi og hvernig hann bjó til milljónir þarna og milljónir þarna, en skildi þó við ríkissjóðinn eftir eigin sögn þannig, að hann sagði, að það væru galtómir sjóðir og í þeirri hörmungu, að það væri fjöldi fólks, sem væri komið að því að missa íbúðir sínar, vegna þess að ekki hefði verið hægt að standa við gefin loforð. Þannig fór nú fyrir galdramanninum, þegar til átti að taka. — Frammistaðan hjá honum reyndist ekki jafngóð og hjá Münchausen heitnum, enda sagði hann sjálfur í gær, að nú blasti við óbotnandi verðbólguhít. Þannig skilur hann við þjóðarhaginn. Hann var að vísu að hæla sér áðan af því, þegar hann var að svara hv. 3. þm. Reykv., forseta þessarar deildar, og sagði: Ja, er það ekki undir minni fjármálastjórn, sem hér hefur verið hægt að viðhalda þjóðfélagi án atvinnuleysis? — Óðruvísi mér áður brá. Venjulega hefur þessi hv. þm., meðan hann var ráðherra, alls ekkert haft með efnahagsmálin að gera. Þá hélt hann, að hægt væri að stjórna fjármálunum, án þess að það kæmi efnahagsmálunum nokkurn skapaðan hlut við eða hefði nokkra þýðingu, aðeins ef hann gæti lagt eyri við eyri og búið út fallega reikninga, þegar það passaði, og ljóta, þegar það passaði, þá væri allt í lagi.

Um álitið á samstarfsmönnum hans sást, þegar hann sagði, að hann skyldi nú koma þeim út úr holunum, áður en yfir lyki, þeir yrðu nú að koma út úr holunum. Hann veit, hvar hann hefur dvalizt með þeim, sá hái herra.

Ég skil það mætavel, að hv. þm. kemst ætíð bæði í nokkur vandræði og jafnvel bregður honum, sem verður nú annars ekki, vegna þess að hann er skapstillingarmaður og dagfarsprúður, þegar minnzt er á þátt hans í kauphækkuninni. Hann getur ekki borið á móti því, að meðan kaupbindingarlögin voru í gildi haustið 1956, þá átti hann þátt í því *og ekki síztan*, að starfsmenn Sambands ísl. samvinnufélaga fengu 8% kauphækkun. Og þar með var rofið það bann, sem menn höfðu haldið að væri á kauphækkunum, og hrundið af stað þeirri kauphækkunaröldu, sem stóð alla tíð fyrrv. hæstv. ríkisstjórnar. Hv. 1. þm. S-M. segir, að þeir hafi bara fengið þetta til samræmis, starfsmenn S. Í. S. En hvenær hefur nokkur kauphækkun orðið, að þeir, sem hana fengu, segðu ekki, að þeir væru að fá hækkað kaup til samræmis? Nefni hv. þm. mér eitt einasta dæmi. Hann er ófeiminn að leggja spurningar fyrir aðra, en svari hann þessari spurningu. Það er óhagganlegt, að ef á að stöðva, þá verður að stöðva á ákveðnum tíma og eins og hlutirnir þá standa. Hv. þm. var sá fyrsti, sem braut þann varnarvegg, sem fyrrv. stjórn var að reyna að reisa og má segja að *hafi verið hennar eina* tilraun til þess að standa á móti verðbólguvextinum. Og það er vafalaust, að hv. þm. var sá, sem beitti sér fyrir að brjóta þann varnarvegg, og þess vegna er enginn maður, ekki hér í þingsölunum og ekki á öllu Íslandi, sem er jafnsekur í þessum efnum og hv. 1. þm. S-M., sekur, ef við teljum það rangt að hækka kaupið, meðan ekki er geta til þess. Hinu er ég hissa á, að hv. 3. þm. Reykv., forseti deildarinnar, skuli ekki hafa gert þennan mesta kauphækkunarpostula Íslands að heiðursfélaga í kommúnistaflokknum, vegna þess að þá virðingu á hann sannarlega skilið. Hver veit nema hann lendi þar?

Þá fannst mér hann gera heldur lítið úr frægðarverki deildarstjórans, sem var sendur á bæjarstjórnarfundinn í haust til þess að krefjast þess, að umsvifalaust væri samið við Dagsbrúnarmenn um 12% grunnkaupshækkun. Þetta stendur ótvírætt í tillögunni, sem maðurinn flutti, að í meginatriðum átti að verða við kröfunni og semja tafarlaust. Hv. þm. lætur svo sem hann hafi viljað rétta hlut þeirra verst launuðu. En hverjir voru það, sem fengu fyrstu kauphækkunina eftir setningu bjargráðanna í vor? Hverjir voru það? Það voru iðnaðarmenn hér í Reykjavík, sem óneitanlega eru töluvert betur settir en verkamenn. Og hvaða blað var það, sem sérstaklega mælti með þeirri kauphækkun? Það var einmitt Tíminn. Og dettur nokkrum í hug, að Tíminn hafi gert það án samþykkis þessa þáverandi hæstv. ráðherra? Og hverjir voru það, sem ekki aðeins beittu sér fyrir kauphækkun til sambandsmannanna á sínum tíma, hverjir voru það, sem gerðu mögulega kauphækkun til flugmanna, þegar þeir fengu sína hækkun, og ekki eru þeir þó launaðir á borð við verkamenn? Og hvernig var hægt að ætlast til þess, að aðrar stéttir gætu unað við óbreytt kjör, eftir að bæði sambandsmennirnir og flugmennirnir höfðu fyrir beina þátttöku og

forustu fjármálaráðherrans fengið slíka kaup-hækkun sem þeir fengu? Ég vil ekki segja, að þetta hafi verið skemmdarstarfsemi. Ég held það hafi bara farið fyrir hv. þm., eins og hann segir núna sjálfur öðru hverju: Ég bara skil þetta ekki. — Hann bara skildi alls ekki, hvað var að gerast, og gerði þess vegna tóma vitleysu, aumingja maðurinn.

Hv. þm. spurði, hvaða fjárfestingu við sjálfstæðismenn teldum að mætti draga úr. Ég skal svara því með ákaflega einföldu dæmi, hvaða framkvæmdir ég tel að mættu fara hægara. Hver sá maður, sem fer út fyrir Reykjavík, — þarf raunar ekki að fara út fyrir Reykjavík til þess, — sér, að það er segin saga, að stærsta eða með stærstu húsunum, sem sjást á hverjum stað, eru þau hús, sem það fyrirtæki ræður yfir, sem hv. 1. þm. S-M. er varaformaður í. Ef menn koma í kauptún úti á landi, þá er yfirleitt ein höll og önnur smáhöll, þ. e. kaupfélagsbyggingin og kaupfélagsstjórabyggingin. (Gripið fram í.) Nei, nei, það á alls ekki að rífa þau. Ég held það ætti að láta alveg tilsvarandi fjárfestingarreglur gilda um byggingu þessara húsa og gilda hér í Reykjavík. Ég sé enga ástæðu, af hverju frekar má eða þarf að reisa verzlunarhús á þessum stöðum en hér í Reykjavík. Það er síður en svo, að ég telji eftir, að þessi hús séu byggð, en meðan staðið er á móti öðru, þá er eðlilegt, að þeir, sem verða fyrir barðinu á stjórnarvöldunum, ætlist til þess, að í þessu séu sömu lög látin gilda yfir alla landsmenn, en það vita allir og allra helzt 1. þm. S-M., að það hefur ekki verið gert í þessum efnum. Þarna er aðeins eitt dæmi.

Hv. þm. spurði nú ekki að því að þessu sinni, hvað við meintum með sparnaði. Það munar að vísu lítið um það, en ég hef sagt áður hér í þinginu, að það er ekki von, að hægt sé að koma við miklum sparnaði í ríkisrekstrinum, meðan höfuð ríkisins er jafnósparlega til haft og óhyggilega, eins og stjórnarráðið er nú og hefur verið á undanförnum árum. Reglan hefur verið sú, að ef vandræði hafa verið um, hvern átti að velja í skrifstofustjórastöðu, þá hefur bara tveimur verið veitt staðan í staðinn fyrir einn. Það er ósköp einföld regla. Ég ætlaði, þegar ég var menntmrh., að gera þá breytingu hjá mér að leggja niður svokallaða skrifstofustjórastöðu í menntmrn., sem hafði verið skipt út úr dómsmrn. fáum árum áður. Var þó í alla staði hyggilegra og betur með málin farið að láta þau vera í dómsmrn. Ég hreyfði þessu á ríkisstjórnarfundi. Fjmrh. setti blátt bann við því, að þetta væri gert, — blátt bann. Ég veit ekki, hvort maðurinn, sem gegndi stöðunni, var þá nýgenginn opinberlega í Framsfl. eða hvort hann gerði það rétt á eftir. Þetta er aðeins lítið dæmi. En fyrir þá menn, sem leyfa sér að fara þannig með hin æðstu völd, sem þeim hafa verið falin, þá er von, að skriffinnska aukist og embættisbákn endalaust í kringum þá. Og hvar sést annar eins hópur og í sjálfu fjmrn., sem hefur vaxið upp undir handarjaðri 1. þm. S-M.? Ég lagði til í fyrra, að Alþingi kæmi sér saman um að skipa 5 manna nefnd til þess að endurskoða löggjöfina um stjórnarráð. Hún er öll í brotum og þarf mjög endurskoðunar við, og það hefur stórkostlega, bæði fjárhagslega, starfslega og ég vil segja siðferðilega þýðingu, að þessi löggjöf verði endurskoðuð og henni komið í heillegt form.

Hv. 1. þm. S-M., þáv. fjmrh., treysti sér ekki til að stöðva alveg þessa tillögu, en hann fékk henni breytt þannig, að það var ríkisstj., þ. e. a. s. hann sjálfur, sem átti að annast endurskoðunina. Það máttu ekki aðrir komast að og gá undir lokið, hvernig þar var ástatt. Ég veit ósköp vel, að hv. 1. þm. S-M. finnst þetta ósanngirni. Hann telur, að það sé rangsleitni af mér að vera að tala um þetta. En það verður að segja hlutina eins og þeir eru og hafa kjark til þess. Hv. þm. er búinn að vera svo lengi ráðherra og orðinn svo samdauna því andrúmslofti, sem hann hefur átt ríkan þátt í að skapa og hans samstarfsmenn, að þeir átta sig ekki á fýlunni, sem þaðan leggur. Og ef menn vilja koma á endurbótum, þá verður að hafa kjark til þess að byrja endurbæturnar ofan frá. En hv. þm. hefur vandlega gætt þess að hindra slíkt og legið á því eins og mara, að það væri gert.

Hv. þm. brá sér í það að fara að tala um kjördæmamálið og sagði, að það ætti að leggja öll kjördæmi niður nema eitt. Það er eins og sagt væri, að ef piltur og stúlka ætluðu að giftast og ganga í heilagt hjónaband, ætti að drepa þau bæði. Kjördæmin eru drepin, lögð niður, á nákvæmlega sama veg og piltur og stúlka, sem ganga í hjónaband. En ég spyr hv. 1. þm. S-M.: Hver er tillaga Framsóknar í kjördæmamálinu? Hann er að skamma okkur hina fyrir okkar tillögur, en hver er tillaga hans? Og hann átti ekki nógu sterk orð yfir það, að ég hefði talað um sérkreddu Framsfl. í kjördæmamálinu. Við hreyfðum því og ræddum um það við fulltrúa Framsóknar, þegar við vorum að athuga möguleika til þess að Sjálfstfl. myndaði stjórn, hvort hugsanlegt væri, að við gætum komið okkur saman um kjördæmamálið. Hverjar eru ykkar tillögur? spurðum við. Jú, þeir höfðu tillögur, jú, þeir höfðu hugsað málið, og þeir vissu svona hér um bil, hvernig tillögurnar voru, voru búnir að ákveða þær. Vildu þeir þá ekki láta okkur fá þær skriflega? Nei, það er alveg ómögulegt, skriflega getið þið ekki fengið þær, sögðu þeir. Þær hafa ekki verið birtar enn í dag. Veit hv. þm., hvað Framsfl. vill í kjördæmamálinu? Hann vill aðeins eitt. Hann vill halda við ranglætinu, og hann vill leita að öllum hugsanlegum leiðum til þess að halda ranglætinu við.

Hv. þm. hafði sig svo til þess að afneita þeim ágæta manni, Haraldi Guðmundssyni, og sagði, að hann hefði alls ekki talað í sínu umboði, þegar hann gaf hina frægu yfirlýsingu fyrir hönd Hræðslubandalagsins. Meðferðin á Haraldi talar sínu máli, og fjölyrði

ég ekki frekar um hana. En svo sagði hann, að ég hefði haft mann á launum til þess að leita að því með logandi ljósi, hvort hann sjálfur, Eysteinn Jónsson, hefði lýst því yfir á prenti, að hann ætlaði ekki að vinna með kommúnistum. Hann veit nú svei mér vel um mína hagi og mín fjárráð, úr því að hann veit, hverjum ég borga fé í þessu skyni eða öðru. Við þurfum ekki að eyða orðum að því. En við skulum taka eftir því, hvernig hv. þm. orðaði yfirlýsingu sína. Hann neitaði því alls ekki, að hann hefði lýst þessu yfir. En hann bara sagði: Þið sjáið það hvergi á prenti. — Já, það var nefnilega það. Hann þykist svo sem hafa haft vaðið fyrir neðan sig.

Þá býsnaðist hv. þm. mjög yfir því, að ég og við sjálfstæðismenn könnuðumst ekki við það, að við værum stjórnarflokkur, og var með margar skýringar á því. Ja, það er nú bara ein skýring á því, og það er, að við erum það ekki. Hv. framsóknarmenn hlæja ákaflega mikið. Þeim finnst nefnilega svo skrýtið, að menn skuli ekki segja ósatt. Það er eitt af því, sem hv. 1. þm. S-M. getur ekki skilið, að maður skuli ekki segja ósatt.

Við höfum gefið Alþfl. yfirlýsingu um það, að við munum styðja hann með þeim hætti að verja hann vantrausti gegn tilteknum skilyrðum, sem hæstv. forsrh. tilkynnti alþjóð sama dag og stjórnin var mynduð. Þetta er allt það samband, sem er á milli þessara flokka. Hv. 1. þm. S-M. sagði, að við bærum vitanlega sömu ábyrgð á þessu frv. og ættum í því sama hlut og hæstv. ríkisstj. Ég bið hann nú bara um að spyrja nágranna sinn þarna, hæstv. menntmrh., að því, hvernig þessu sé varið. Það er alveg rétt, að við fengum frv., eins og hér hefur verið skýrt frá. Frv. hefur verið í samningu núna í nokkrar vikur og til undirbúnings hjá hæstv. ríkisstj. Við fengum það til yfirlestrar s. l. föstudag. Þetta vissi jafnvel hv. 7. þm. Reykv.(HV). Við höfðum rætt málið, alveg eins og ég veit að málið hefur verið rætt við hv. 1. þm. S-M. Svona er málið einfaldlega. Það getur skeð, að þetta þyki ósköp einfeldnislegt af okkur sjálfstæðismönnum, að tryggja okkur enga aðstöðu aðra í sambandi við þessa stjórnarmyndun og ætla okkur ekki slíkt húsbóndavald yfir Alþfl. eins og hv. 1. þm. S-M. ímyndaði sér að hann hefði. En þessi er bara munurinn á okkur. Við förum öðruvísi að en hann. Þess vegna erum við líka allt að því þrisvar sinnum stærri flokkur, vegna þess að við erum öðruvísi, sem betur fer.

Þá fór hv. þm. að tala um lántöku og varnarmál. Já, á mörgu hefur hann nú lyst, en ég hélt þó, að allra sízt þessa dagana mundi hann fá sig til þess að fara að rifja þetta mál upp aftur. Ég hef sagt frá því, sem af alþjóð er vitað, að það var beinn þáttur í endurnýjun varnarsamninganna haustið 1956, að Ísland skyldi fá lántökur, eftir að þeir hefðu verið gerðir. Það er vafalaust rétt, sem hæstv. þáv. og núv. utanrrh. hefur sagt, að hann sjálfur stóð ekki í þeim samningum, en það voru bara aðrir samningar, sem áttu sér stað samtímis, og samningamenn vissu ósköp vel hver af öðrum. Þetta var staðfest í blaði stærsta stjórnarflokksins, sem sagði frá því alveg óhikað, að Sogsvirkjunarlánið hefði fengizt eftir og í sambandi við það, að varnarsamningarnir voru gerðir. Ég hef nú ekki allt of mikið álit á kommúnistum eða þeirra velsæmistilfinningu, en ég verð þó að segja það, að í þessu sambandi hafa þeir auðsjáanlega alveg staðið við gerða samninga. Það hefur verið sagt frá því í blaði hæstv. forsrh., stjórnarblaðinu, sem nú er, að ráðherrar kommúnista hafa á tveggja ára tímabili aldrei minnzt á það að reka varnarliðið burt.

Það var vitanlegt, að þeir vissu, að það var búið að semja um það og ganga frá því, að liðið ætti að vera hér. Meðan þeir voru í ríkisstj. hreyfðu þeir þess vegna málinu alls ekki, kom það ekki til hugar. Þeir vildu ekki ganga á gerða samninga. En strax og þeir eru farnir úr stjórn, — ja, þeir gerðu það nú kannske ekki alveg strax, en áður en liðinn er mánuður, flytja þeir allt í einu till., sem var útbýtt, hvort það var í morgun eða í gær, — með leyfi hæstv. forseta: Það er 181. mál, till. til þál. um endurskoðun og uppsögn varnarsamningsins frá 1951, flm.: Alfreð Gíslason, Björn Jónsson, Einar Olgeirsson, Finnbogi R. Valdimarsson, Gunnar Jóhannsson, Hannibal Valdimarsson, Karl Guðjónsson, Lúðvík Jósefsson. Þarna eru þeir komnir. Nú eru þeir lausir allra banda. Þeir eru farnir úr ríkisstj., eru ekki lengur skuldbundnir við loforðin, hvort sem þau voru formleg eða óformleg, sem fylgdu lánveitingunum, og þá flytja þeir strax till. Hvaða skýring er önnur til á því, að málið skuli hafa verið látið liggja þennan tíma? Við þurfum ekki heldur að fara neitt í grafgötur um þetta, það liggja fyrir alveg ótvíræð gögn um þetta.

Þegar lánið, sem veitt var um áramótin 1956 og 1957, var veitt, — það mun hafa verið 4 millj. dollara, — tilkynnti Bandaríkjastjórn það, sem ég nú skal lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Fé til dollaralánsins er fengið úr sérstökum sjóði, sem forseti Bandaríkjanna ræður yfir samkvæmt heimild Bandaríkjaþingsins og aðeins má nota til ráðstafana, sem forsetinn telur mikilvægar fyrir öryggi Bandaríkjanna.“

Þetta er opinber stjórnartilkynning, sem fyrir liggur. Svo kemur hv. 1. þm. S-M. hér og segir, að af því að kommúnistar hafi skrökvað því upp á mig, að ég hafi gert slíka samninga, — og hann játaði, að þeir hefðu skrökvað því, — þá megi ég ekki segja satt. Ég má ekki segja satt um þá samninga, sem hans eigin stjórn gerði, af því að aðrir skrökva. Þá á að hætta að segja sannleikann.

Þetta er ljót saga sannarlega, ljótasta sagan, sem skeð hefur í okkar tíð á Íslandi.

Munurinn kemur einnig fram í því, að hv. 1. þm. S-M., sem leyfði sér að vera með brigzlyrði til mín, af því að ég sagði hér satt, veit ofur vel, að þær lántökur, sem fengnar voru, meðan ég var í ríkisstj., voru veittar fyrir

milligöngu Alþjóðabankans og eftir að sérfræðingar hans höfðu komið hingað heim, en þær lántökur, sem hér um ræðir, eru veittar fyrir beina milligöngu ríkisstj. bandarísku og af hennar fé, eins og þessi tilkynning segir:

Hv. þm. segir svo: Af því að sjálfstæðismenn og ég höfum vitt þessar aðfarir, þá megum við ekki taka lán í Bandaríkjunum eða í Rússlandi né neins staðar annars staðar, nema lán fengist á tunglinu. — Hann hefur þá haft spurnir af því, að þar væri nú helzt peninga að leita, enda hefur hann víða þurft að þreifa fyrir sér. Ja, ég segi: Við höfum aldrei gefið slíkar upplýsingar um brottrekstur hersins, og okkur hefur aldrei komið til hugar að tengja það mál við fjárútveganir á þann veg, sem gert hefur verið, aldrei. Sjálfsagt er hag Íslands komið þannig nú, að það er ekki margra kosta völ. Þannig hefur stjórnin verið hjá okkur, og þannig er þessum herrum og ekki sízt hæstv. fyrrv. fjmrh. fyrir að þakka.

Hv. þm. spurði mig að því, hver þau eyðslulán væru, sem tekin hefðu verið. Það er auðvitað ætíð hægt að haga lántökum þannig að taka lán og kalla lánið til þarflegra hluta og til uppbyggingar, og við vitum allir, að það er ákaflega mikil framþróun og uppbygging á Íslandi, og sem betur fer tókst fyrrv. ríkisstj. ekki að stöðva hana. En það, sem gerzt hefur á síðustu árum, er, að nú hafa verið tekin lán erlendis til þeirra framkvæmda, sem menn áður höfðu innlent fjármagn til að byggja fyrir margvísleg mannvirki. Þetta er meginmunurinn, og þess vegna er það, að þótt hægt sé að sýna, að framkvæmdirnar hafi verið þarfar, þá er munurinn sá, að áður stóðum við sjálfir með eigin fé, — t. d. í stjórn Ólafs Thors, þá stóðu Íslendingar með eigin fé undir sambærilegum framkvæmdum og nú hafa verið tekin erlend lán fyrir. En fjárhagskerfi fyrrv. hæstv. ríkisstj. hvíldi á þeim grunni, að hún varð að fá lánin, ekki aðeins vegna hinnar ofboðslegu eyðslu innanlands og hallans á þjóðarbúinu, heldur varð hún að fá hinn erlenda gjaldeyri til þess að geta varið honum til að flytja inn vörur, sem kæmust í háa gjaldaflokka, til þess þannig að fá enn þá meiri eyðslueyri undir hendur. Við höfum heyrt hv. fyrrv. fjmrh. hvað eftir annað sjálfan lýsa yfir því, að Íslendingar gætu ekki lengur vænzt þess að fá lán í jafnstórum mæli erlendis og þeir gerðu, og ég hygg, að það hafi verið ráðunautur Alþýðusambandsins í fjármálaefnum, sem sagði í vetur, að nú væri lántökuleiðin að lokast vegna þess, hversu þar hefði langt verið haldið að undanförnu. En ástæðan til þess, að svona hefur farið, er m. a. sú, að á árunum 1953—56 var sparifjáraukningin í landinu 700 millj. kr. Það sést, hversu það er mikið fé, þegar borið er saman við, að öll efnahagsaðstoðin frá 1948—54 var aðeins 486 millj. kr. Eitt af því ískyggilegasta, sem gerðist í tíð fyrrv. stjórnar og hæstv. forsrh. drap á í sinni ágætu frumræðu um þetta mál, að nú væri beinn voði á að yrði enn þá örðugra en nokkru sinni fyrr, það er minnkun á aukningu sparifjárinnlaganna. Aukningin hefur stórminnkað frá því, sem var á því árabili, sem ég lýsti, og viðskilnaður hæstv. fyrrv. ríkisstj. er slíkur, að hæstv. núverandi forsrh. lýsir því, að ef svo verði fram haldið, séu horfur á því, að öll sparifjármyndun stöðvist og þar með möguleiki til þess að byggja upp framkvæmdir hér með eðlilegum hætti af innlendu lánsfé.

Hv. 1. þm. S-M. sagði, að eins og við sjálfstæðismenn hefðum talað, þá mundum við verða að ganga undir mörg jarðarmen, áður en eða þegar við kæmum til valda, svo margt sem við hefðum sagt. Það má vel vera. Margt verður að gera, og enginn veit sína ævina, fyrr en öll er. En víst veit ég það, að aldrei þurfum við að ganga undir ömurlegra jarðarmen en Framsfl., þegar hann lýsir því nú yfir eftir það, sem á undan er gengið, að ekki sé hægt að stjórna þessu landi án Sjálfstfl. og að hann þori ekki að fara í kosningar nema hafa verið með okkur í samstjórn í eitt og hálft ár, áður en til kosninganna komi, til þess að við hjálpum til að þvo af þeim skammarbletti. Það er það ömurlegasta jarðarmen, sem nokkur stjórnmálaflokkur hefur þurft að ganga undir. En skilningur hv. þm. á þessu var að öðru leyti að nokkru réttur. Hann sagði, að við sjálfstæðismenn vildum fá kosningar sem fyrst af flokkshagsmunum. Hvað felst í þessu? Hann telur og veit, að fólkið í landinu fylgir nú Sjálfstfl. í miklu ríkara mæli en nokkru sinni fyrr, og það er vegna þess, að við treystum þessu, — og hv. þm. óttast það, — að við viljum fá kosningarnar sem fyrst, en hann vill fá þær sem seinast. En hvor okkar sem hefur rétt fyrir sér í áliti á dómgreind fólksins, — og erum við þó í raun og veru sammála, aldrei þessu vant, um það, að við hlökkum til kosninga, en þeir kvíða fyrir þeim, — þá er víst, að þannig hefur verið haldið á málum að undanförnu, að það er lýðræðisleg skylda, að kjósendur á Íslandi fái sem allra fyrst að kveða upp sinn dóm yfir því, sem gert hefur verið, og segja til, hvaða stefnu skuli halda í framtíðinni.

Hv. 7. þm. Reykv. (HV) talaði hér í dag, og eitt af því eftirtektarverðasta í hans ræðu var það, að hann sagði, að honum og hans flokksbræðrum þætti ekki verst við þessa löggjöf, sem hér er frv. um, að hún færi fram á kauplækkun, heldur væri það verst, að hér væri verið að skerða samningsréttinn og í fyrsta skipti væri það nú gert og því yrði að mótmæla.

1947 var flutt frv. af þáverandi ríkisstj., sem Alþfl. einnig hafði myndað, um lækkun vísitölu og bindingu með mjög svipuðum hætti og nú, á þann veg, að þáverandi forsrh., Stefán Jóh. Stefánsson, sagði að næmi 5% kauplækkun. Hæstv. þáverandi forsrh. lýsti þá einum aðalþætti laganna á þennan veg, með leyfi hæstv. forseta:

„Um fyrri kaflann er það að segja, að í 12. gr. er svo fyrir mælt, að þar sem miðað er við verðlagsvísitölu, þá má ekki miða við hærri vísitölu en 300, á meðan þessi lög eru í gildi. Þetta er hvort tveggja niðurskurður á vísi-

tölunni og stöðvun hennar í vissu marki. Ég skal segja það hreint og ljóst, að þessi niðurskurður er ekki nema um 8%, og eftir útreikningi hagstofunnar um það, hvað ætla mætti að þetta mundi nema miklu í lækkun launa, mætti ætla, að það yrði um 5%."

Þetta er svo svipað ákvæði því, sem nú er sett í lög, að ætla má, að það sé í raun og veru alveg sniðið eftir því, sem þá var gert. Einn af þeim, sem greiddu atkv. um þetta, var maður að nafni Hannibal Valdimarsson, og hann gerði við nafnakall svo hljóðandi grein fyrir atkvæðinu, ef ég má lesa það upp, með leyfi hæstv. forseta:

„Með því að ég lít svo á, að í þessu frv. felist ákvæði, sem skapi aukið atvinnuöryggi, sem ég tel að veiti verkalýð landsins betri hagsbætur heldur en sem nemur þeirri kaupskerðingu, sem binding vísitölunnar leiðir af sér, þá greiði ég atkv. með þessu frv. Auk þess virði ég það við núverandi hæstv. ríkisstj., að hún hefur með því að bera þetta frv. fram sýnt viðleitni í að gera þó eitthvað í dýrtíðarmálunum, sem ég líka vænti að verði til góðs, og hefur hún þá gert betur heldur en tvær síðustu ríkisstjórnir á undan henni, sem gengið hafa alveg á snið við dýrtíðarmálið."

Þetta sagði hv. þm. þá um skerðingu vísitölunnar og bindingu. Það má segja, alveg eins og hann sagði, að núverandi hæstv. ríkisstj. tekur við af ríkisstj., sem að vísu hefur ekki gengið alveg á snið við dýrtíðarmálið, en hefur gersamlega mistekizt allt, sem hún sagðist ætla að gera í málinu. En eins og ég gat um fyrr í máli mínu, þá var það í upphafi, þegar fyrrv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum, að hún gerði tilraun til þess að setja hemil á. Ég veit ekki, hvort menn muna, hvað þau lög hétu, en þau voru gefin út 28. ágúst 1956, og það voru brbl. um festingu verðlags og kaupgjalds. Það var festing kaupgjalds. Og í innganginum segir:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að vegna atvinnuöryggis í landinu beri nauðsyn til að koma í veg fyrir áframhaldandi hækkun verðlags og kaupgjalds, á meðan athugun fer fram á varanlegri lausn efnahagsmálanna."

Hver haldið þið að hafi skrifað undir þetta frv. með herra forseta Íslands, en frv. fór fram á það að svipta launþega 6 vísitölustigum, sem þeir áttu að fá greidd 1. sept. næstan á eftir þessum 28. ágúst? Hver haldið þið, að hafi skrifað undir? Jú, það er líka maður, sem heitir Hannibal Valdimarsson, sem segir svo hér í dag, að það sé í fyrsta skipti í sögunni, að Alþ. ætli að setja slíka löggjöf eins og þessa. Guð gefur embættismanninum vitið, segir danskurinn, og ég vonast til þess, að það hafi reynzt svo með þennan hv. þm., meðan hann var ráðherra. En það er alveg ljóst, að guð hefur ekki gefið honum minnið.

Þá talaði hv. þm. mikið um samráð við verkalýðsstéttirnar og verkamennina og Alþýðusambandið og að ekkert væri hægt að gera án samráðs við þá góðu stofnun. En hvernig hefur því samráði verið háttað í framkvæmd? Kallaði hv. þm., áður en hann gaf út þessi brbl., sem ég gat um áðan, — kallaði hann þá Alþýðusambandsþing saman og bar undir það setningu þessara laga? Kallaði hann saman fund í einu einasta verkalýðsfélagi til þess að fá skoðun þess á málinu? Nei, síður en svo. Það, sem hann gerði, var, að hann hóaði saman á leynifund nokkrum mönnum og fékk þá til þess að samþ. þetta og með þeirri skýringu, að ef dýrtíðarskrúfan gengi sinn gang, — hann lýsir því í bréfi, sem hann skrifar 17. sept. á vegum Alþýðusambandsins, að það, sem hann hafi komið í veg fyrir, væri fyrst 6 stiga kauphækkun 1. sept., síðan 11.8% verðhækkun landbúnaðarvara um miðjan september og margs konar aðrar hækkanir á vörum og þjónustu og svo nokkurra stiga hækkun aftur á kaupi 1. des. og þannig koll af kolli, sífelldar hækkanir á víxl fram á næsta ár. Að þetta hafi verið afleiðingin, taldi hann þá nóga ástæðu til þess að bera málið ekki undir Alþýðusambandsþing eða eitt einasta verkalýðsfélag í landinu, vegna þeirrar ógnar, sem stafaði af því, ef verðbólguskrúfan væri látin halda áfram að ganga. En hvað hefur breytzt? Að hverju leyti er aðstaðan nú varðandi þetta önnur en hún var 1956? Hv. 3. þm. Reykv. (EOl) sagði, að það hefði verið allt í lagi með að gera þetta 1956. En hver er munurinn? Skyldi munurinn ekki vera sá einn, að þeim hafi verið sett það skilyrði til þess að fá að koma í stjórnina í fyrstu, að þeir yrðu þó að sýna einhvern lit á því að gera eitthvað raunhæft í málunum, en síðan hafi þeir horfið frá því, þegar þeir voru búnir að búa betur um sig? En annars höfum við allir heyrt og vitum, að málflutningur þessara manna hnígur allur að því, að þeir telja sjálfum sér leyfilegt að gera það, sem þeir telja níðingsháttt og ofbeldi, ef aðrir gera.

En ég spyr: Í hverra umboði tala þessir menn? Er það lítill hópur manna, sem á að ráða, eða er það íslenzka þjóðin, sem á að ráða sínum málum? Hér sitja kjörnir fulltrúar Íslendinga á Alþ., og þeir eiga að hafa æðsta vald, og þeim ber skylda til þess að fara með hið æðsta vald og forða þjóðinni frá voða, þegar hann blasir við, og miklu frekar ber þeim skylda til þess að fara með þetta æðsta vald, þegar sýnt er, eins og fyrrv. hæstv. ríkisstj. sýndi fyllilega í sínum athöfnum, að talið um samráð við verkalýðinn var blekking frá upphafi til enda.

Hæstv. menntmrh. skýrði frá því í dag, að tillögur Framsfl. í dýrtíðarmálum hefðu verið lagðar fram á stjórnarfundi, ég hygg 17. nóv., og tillögur Alþb., sem hann svo nefndi, fyrir mánaðamótin. Ef þetta er rétt, þá lágu tillögur beggja þessara flokka fyrir í ríkisstj., áður en Alþýðusambandsþingið kom saman í vetur eða a. m. k. áður en því sleit. Ef ætlunin var í alvöru að hafa samráð við Alþýðusambandsþingið, af hverju voru þá ekki þessar tillögur lagðar fyrir Alþýðusambandsfulltrúana og ræddar við þá og þeim skýrt frá þeim a. m. k., — þær skýrðar út fyrir þeim

og þeirra álit heyrt? Af hverju fór hæstv. fyrrv. forsrh. inn á fund Alþýðusambandsþings og bað um frest, en lagði ekki fram fyrir þá stofnun, sem hann myndaði sína stjórn til að hafa samstarf við, þær tillögur, sem hann var búinn að leggja fram í ríkisstj.? Það var vegna þess, að það átti að leyna fólkið, hvað gera skyldi. Það átti að fá þessa samkundu til þess að samþykkja opið umboð, einskisvert orðagjálfur, til þess að þessir herrar gætu síðan haldið áfram að fara með völdin og beita þeim og misbeita þeim á þann veg, sem þeir hafa gert. Þessir menn hafa með sínum stjórnarháttum óvirt Alþ. og óvirt lýðræði á Íslandi, en engan hafa þeir þó frekar óvirt heldur en Alþýðusambandið, sem þeir sögðust ætla að fara að vinna með, með þeim skollaleik, sem þar var leikinn í vetur.

Hv. 3. þm. Reykv. *hélt hér ýtarlega ræðu*, sem ástæða væri til að spjalla við hann um hér á þingfundi í góðu tómi. Fyrri hluti ræðunnar var nánast eins og þar væri kominn kapítalisti frá Bandaríkjunum. Það var eins og Mikojan hefði sent einhvern af sínum fylgdarsveinum og sagt hv. 3. þm. Reykv., hvað auðjöfrarnir í Chicago og Detroit og hvar þeir nú allir eru, hvað þeir segðu um það, hvernig ætti að stjórna málunum, og við ættum nú af þeim að læra. Margt af því, sem hv. þm. sagði af þessum lærdómi, er gott. Það er t. d. alveg rétt, að núverandi fjárhagskerfi riðar til falls, m. a. af því, að öll hemla er úr því. Þetta er alveg rétt, að jafnóðum er verðhækkunum, kauphækkunum, öllum auknum tilkostnaði velt yfir á einhvern annan en þann, sem tekur hann á sig. Þetta er alveg rétt.

Hv. þm. segir: Af hverju eru ekki atvinnurekendur látnir bera kostnaðinn við hækkað kaup? Það er ósköp einfalt dæmi, að þetta er ekki hægt að gera, þegar verðlagsákvarðanir eru teknar með þeim hætti, sem hér er, og reiknaður út tilkostnaður á þann veg, sem gert er. Atvinnurekendurnir geta nú ýmist með hækkuðu verðlagi á sinni vöru eða bara með auknum kröfum á ríkissjóð velt öllum tilkostnaði, sem þeir taka á sig, yfir á almenning aftur. Þess vegna er þetta tal um það, sem hv. þm. byggði ræðu sína annars á: við skulum taka af þeim ríku, við skulum hreinsa til, áður en við tökum af almenningi, — allt þetta tal er út í bláinn, vegna þess að hv. þm. veit, að allur almenningur verður héðan í frá eins og hingað til að borga þennan brúsa, og það er fyrst og fremst það fjárhagskerfi, sem hér hefur þróazt á síðustu árum, sem gerir þessa svikamyllu svo hættulega sem hún er, og einmitt af þeim sökum leggjum við sjálfstæðismenn megináherzlu á, að við verðum að forða okkur út úr þessu kerfi, — þó að það baki einhverja örðugleika og það sé ekki auðfarin leið, þá tjái ekki að halda þeim leik áfram, sem nú er leikinn í íslenzku þjóðlífi, að atvinnurekendunum stendur í raun og veru á sama, hvaða kaup þeir borga, vegna þess að þeir gefa ávísun jafnóðum á einhvern annan. Það verður að koma jafnvægi á efnahagslífið, m. a. einu gengi, sem geri það að verkum, að atvinnurekandinn beri sjálfur ábyrgð á sínum atvinnurekstri, en ekki Alþ. og þar með almenningur verði að borga kostnaðinn, þó að venjulega sé kostnaðurinn reiknaður með þeim hætti, að passað sé, að jafnvel sá óhæfasti fari ekki á hausinn.

Við vitum sjálfir, að það er töluvert til í því, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði í dag, að það er von, að menn verði leiðir á að tala um þessa styrki og uppbætur og að allt sé að fara á hausinn. Það er von, að menn verði leiðir á því að vissu leyti. En hugsum okkur það kerfi, sem er búið að sannfæra nær allan almenning um, að sjávarútvegurinn sé á ríkisframfæri, — við, sem í raun og veru erum öll á sjávarútvegsins framfæri, *ef satt skal segja. Hér hefur átt sér stað sá öfugsnúningur*, sem verður einhvern veginn að sleppa frá.

Ég játa það og segi það hreinlega: Við eigum allir, sem hér erum inni, meiri og minni sök á þessu, þó að sök okkar á ýmsu öðru sé mjög misskipt, en á þessu eigum við allir mikla sök. En það er alveg nauðsynlegt, að þjóðinni séu gerðir ljósir annmarkarnir, sem þessu fylgja, og það sé hreinskilnislega komið til hennar og sagt: Viltu leggja það á þig, sem þarf til þess að komast út úr þessari svikamyllu, til þess að fá heilbrigt efnahagslíf, þannig að það geti lifað, sem á að lifa, en ekki það, sem einhverjum ráðherra, — hvort sem það er hæstv. sjútvmrh. fyrrv., hæstv. fjmrh. fyrrv. eða dómsmrh., — þóknast að ákveða. Fólkið á sjálft að fá að ráða sínum ráðum, en ekki að þurfa að koma sníkjandi til okkar um það, sem það sjálft verður að gera og verður að vera óheft af okkur til að gera, ef þetta þjóðlíf á að geta blessazt og blómgazt, eins og við allir óskum í okkar hjarta.

Hv. þm. ræddi svo um það, að varhugavert væri fyrir Alþ. að taka ákvarðanir, sem væru verkalýðnum andstæðar. Það hefði ekki blessazt og mundi ekki blessast. Ég játa það, að ég tel, að þvingunarlög eigi ekki að setja fram í þessum efnum frekar en öðrum fyrr en í síðustu lög. Við sjálfstæðismenn reyndum að mynda okkar stjórn á þeim grundvelli að fá stéttirnar með frjálsu samkomulagi og þeirra forustumenn til að fallast á þær eftirgjafir, sem við töldum nauðsynlegar. Hin pólitíska forusta fékkst ekki sameinuð um það, og þar með var það mál vonlaust. En eins og ég segi, þá verður æðsta valdið á Íslandi að vera innan sala Alþingis, hjá kjósendum við alþingiskosningar, forseta Íslands, ríkisstj. og hvergi annars staðar. Ef við ætlum að fara að stjórna með það fyrir augum, að einhver annar, hver sem það er, geti sett þjóðinni stólinn fyrir dyrnar, svo að löglegir valdhafar verði að hverfa frá því, sem þeir telja nauðsynlegt og óhjákvæmilegt, er þetta þjóðfélag á glötunarbarmi. Þá blessast Ísland ekki til lengdar. Og það er víst, að ég tala þar ekki fyrir hönd Sjálfstfl. eins, ég tala áreiðanlega

fyrir hönd fleiri þm., manna, sem eru mér ósammála um margt, og ég tala fyrir hönd yfirgnæfandi meiri hluta Íslendinga í öllum flokkum, þegar ég segi, að það er jafnfráleitt að lýsa því yfir, að maður vilji aldrei vinna með einhverjum, eins og það er fráleitt af nokkrum að ætla að ryðjast til valda á Íslandi með því að beita Alþingi Íslendinga hótunum. Ef þeirri aðferð á að beita, er svarið ekki nema eitt, að það verður að gerast, sem rétt er, — fari síðan að guðs vilja, hvernig fer, — en það verður ekki gefizt upp við fyrstu atrennu, heldur haldið áfram, þangað til þjóðarinnar vilji fær að ráða.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Í umr. um þetta mál hér í gær minntist ég á það, að daginn, sem fyrrv. ríkisstj. lét af völdum, hefði með meiri hluta atkv. í ríkisstj. verið úthlutað 63 millj. kr. af fé, sem fallið hefði til í sambandi við setningu laganna um útflutningssjóð frá s. l. vori.

Þetta hefur nokkuð verið rætt hér frekar af ýmsum ræðumönnum, og ég sé nokkra ástæðu til að koma nokkru nánar inn á þetta atriði.

Ég minntist á þetta í þeim tilgangi, að ég var að vekja athygli á því, að svo hafði til tekizt á síðasta ári, að hreinn greiðsluafgangur mun verða hjá ríkissjóði, sem nemur 60—70 millj. kr. Auðvitað verður þessi greiðsluafgangur fyrir hendi vegna þess, að tekna hafði verið aflað til ríkissjóðs þetta rösklega eða þetta fram yfir það að halda uppi greiðslum til allra þeirra útgjalda, sem annars hafði verið stofnað til. En auk þess, að þessi greiðsluafgangur hafði myndast, hafði einnig fallið til þessi 63 millj. kr. fjárhæð. Það var raunverulega svo, að aflað hafði verið þarna tekna upp á 120—130 millj. kr. með þeirri skattlagningu, sem fram fór s. l. vor, fram yfir það, sem bein lögskilin útgjöld ríkissjóðs og útflutningssjóðs stóðu til. Ég vildi vekja athygli á því, að vitanlega var ekki hægt að innheimta þetta fé, nema af því yrðu ákveðnar afleiðingar. Vitanlega hlaut verðlag á varningi í landi að hækka af þessum ástæðum. Vitanlega hlaut vísitalan að hækka um allmörg stig sem bein afleiðing af þessu. Og svo kom það fram, að þegar þessi hækkun á vísitölunni sýndi sig og launþegar vildu vitanlega fá sína bót vegna verðlagshækkana, þá komu þeir menn, sem fastast höfðu sótt á um það að hafa skattlagninguna sem hæsta, og vildu ekki standa við það, sem orðið var, vildu hlaupast frá afleiðingunum og leggja til, að vísitalan yrði slitin úr sambandi og launþegar fengju ekki uppbætur, sem nam hækkuðu verðlagi.

En þegar þessi atriði eru nú rædd, þá eru svörin þessi: Jú, þessum 63 millj. kr., sem þarna féllu til, af því að útflutningssjóður var látinn borga yfirfærslugjald á þetta fé, þeim hefur verið úthlutað á ágætan hátt, ágætar framkvæmdir í landi hafa fengið þessa fjárhæð. — Og hver er á móti því, að sementsverksmiðjan okkar fái um 18 millj. kr.? Og hver er á móti því, að ræktunarsjóður landsins fái 17 millj. kr.? Og hver er á móti því, að raforkuplan dreifbýlisins fái um 13 millj. kr. o. s. frv.? Ekki vil ég neita því, að þessar framkvæmdir séu í eðli sínu allar góðar og þess maklegar að fá fé og þeim verði komið upp. En menn verða að gera sér fyllilega grein fyrir því, að ef á að fara þá leið að byggja upp sementsverksmiðju eða byggja upp aðrar stofnframkvæmdir á þann hátt að hækka skatta og tolla, að hækka verðlag í landinu, sem vitanlega hlýtur að kalla á hækkað kaupgjald, þá er það vægast sagt hæpin ráðstöfun og verður ekki farin nema þá að mjög takmörkuðu leyti.

Ég vil benda á í þessu sambandi, að eitt af því þýðingarmesta fyrir okkar efnahagslíf væri, að við gætum keypt allmarga nýja og stóra togara til landsins. Við vitum, að okkar togarafloti gengur mjög ört úr sér. Hvernig stendur á því, að þessir togarar, sem um hefur verið rætt að kaupa, hafa ekki verið keyptir? Við höfum ekki haft handbært fé til þess að kaupa þessi skip. En hefur mönnum þá ekki dottið í hug það snjallræði að hækka alla tolla og skatta á landsmönnum, taka inn svona eins og tvisvar sinnum 63 millj. kr. í hækkuðu vöruverði í landinu til þess að nota þetta fé í því bráðnauðsynlega skyni að kaupa inn þessi þýðingarmiklu framleiðslutæki til landsins? Nei, allir hafa verið sammála um, að við gætum ekki keypt togarana, að slíkt yrði að bíða, þar til við gætum fengið eðlilegt stofnlán til þessara kaupa. En á sama tíma sem menn hugsa svona í sambandi við þessi undirstöðuframleiðslutæki þjóðarinnar og kaup þeirra verða að bíða, þá geta menn eigi að síður hugsað sér að fara að afla stofnfjár til þess að byggja sementsverksmiðju og til annarra slíkra framkvæmda eins og hér hafa verið nefndar á þennan sama hátt, að leggja á nýja tolla og skatta, hækka vöruverð í landinu, en hlaupið svo frá afleiðingum þess, sem kemur fram í hækkaðri vísitölu og hækkuðu kaupi.

Það þýðir vitanlega ekki að loka augunum fyrir því, að ef menn ætla sér að velja þá leið að afla stofnfjár til kostnaðarsamra framkvæmda í landinu á þennan hátt, þá hlýtur að verða erfitt að eiga við efnahagsmálin á hverjum tíma hér á Alþingi. Það lá alveg ljóst fyrir, þegar efnahagsmálalöggjöfin var sett í maímánuði s. l., að þessar 63 millj. kr., sem þarna féllu til í sambandi við yfirfærslubætur af þessum erlendu lántökum, voru fullkomin eign ríkisins og enginn annar átti þetta fé en íslenzka ríkið. Og það var því í rauninni alveg sama sem gilti um það og aðrar ríkissjóðstekjur, enda var það viðurkennt af efnahagsmálasérfræðingi ríkisstjórnarinnar, ráðunaut ríkisstjórnarinnar, að það mætti vissulega hafa yfirfærslugjöldin nokkru lægri en þau voru ákveðin, þannig að heildartekjurnar yrðu þessum 63 millj. kr. lægri, ef menn vildu hafa það svo. En þessi leið var valin, að hafa yfirfærslubæturnar þetta háar, og þannig féll þetta fé til.

Þegar um það er rætt að skera nokkuð niður útgjöld á fjárlögum, þá er það svo, að ýmsir eru þeir menn, sem telja það með öllu útilokaða leið. Hv. 1. þm. S-M. (EystJ) vék að þessu máli í sinni ræðu fyrr í kvöld, og hann taldi, að hann vissi nokkuð um það, hvað fyrir okkur vekti, Alþýðubandalagsmönnum, þegar við ræddum um, að það mætti lækka fjárl. nokkuð, og hann taldi þar upp í þeim efnum nokkra útgjaldaliði, sem við höfðum bent á, en nefndi þó vitanlega ekki marga þá, sem hér skipta miklum mun meira máli. Við drögum enga dul á, að það geti þurft að grípa til þess fremur en að reyna að knýja í gegn kauplækkun, sem erfitt mun verða að koma í gegn, að draga nokkuð úr fjárfestingarfjárveitingum, sem í fjárlögum eru, til vissra framkvæmda, þar sem fjárhækkunin hefur orðið óeðlilega mikil eða mjög mikil á síðustu árum. Við erum ekkert hræddir að segja frá því, að við álítum t. d., þegar slíkt stökk er tekið, að útgjöld á fjárlögum í sambandi við raforkumálaframkvæmdir eru hækkuð frá fjárlögum 1956 úr 8.7 millj. kr. og nú á s. l. ári, þegar allt er talið þar með, upp í 15 millj. kr., að þá er vitanlega slík fjárveiting mjög erfið, að ráða við hana til margra ára í senn. Og við kjósum miklu fremur að hægja þar nokkuð á framkvæmdum, þegar komið er yfir örðugasta hjallann, heldur en ætla að knýja fram þá kauplækkun, sem framsóknarmenn leggja nú höfuðáherzlu á og rufu stjórnarsamstarfið út af.

Það er rétt, sem hv. 1. þm. S-M. minntist hér á í ræðu sinni, við höfðum minnzt á það m. a. í okkar till., að það mætti t. d. draga nokkuð úr lögreglukostnaði. Við lítum svo á, að það sé engin þörf á því, að lögreglukostnaður ríkisins suður á Keflavíkurvelli, innan girðinga þar, sé 3.7 millj. kr. á hverju ári. Við teljum, að þetta sé langt umfram það, sem nokkur þörf er á. Hv. 1. þm. S-M. lemur höfði sínu í steininn ár eftir ár og neitar því með öllu að vilja taka til athugunar að færa þennan lið niður. Það er vitanlega hægt að nefna marga aðra liði, sem eru þess eðlis, að það ber bein skylda til að spara þar nokkuð.

Hv. 1. þm. S-M. minntist hér einnig á aðra till. frá okkur í þessum efnum. Svo er háttað málum, að íslenzka ríkið hefur hvorki meira né minna en tvö sendiráð í París. Margir álíta, að við gætum vel komizt af algerlega án nokkurs sendiráðs í París, að við gætum t. d. látið sendiráð, sem við höfum í London, vinna þetta verk. En dýrustu sendiráðin, sem við höfum erlendis, eru í París, hvort um sig þar, og þau eru tvö. Skyldi það nú vera goðgá að minnast á það að spara þarna svona eins og 1 millj. kr. á því að leggja niður annað af þessum tveimur sendiráðum?

Nei, hv. 1. þm. S-M. veit það vel, að í fyrrv. ríkisstj. lögðum við Alþýðubandalagsmenn fram skriflegar till. í mörgum liðum um sparnað á útgjöldum á fjárlögum upp á rúmar 20 millj. kr. Þær liggja allar fyrir, hann getur lesið þær upp, þegar hann vill, og vitanlega reynt að telja mönnum trú um, að hann sé svo miklu meiri framkvæmdamaður og framfaramaður en aðrir, vegna þess að hann vilji eyða þessu fé. En ég hygg nú, að a. m. k. muni svo fara fyrir flestum launþegum í landinu, að þeir óski fremur eftir því að fá að halda því kaupi óskertu, sem þeir hafa nú fengið samkvæmt rétt gerðum samningum við sína vinnuveitendur, heldur en halda öllum þeim útgjöldum algerlega óskertum, sem eru á því fjárlagafrv., sem nú liggur hér fyrir Alþingi.

Hv. 1. þm. S-M. gerðist æði stórorður, þegar hann ræddi um þessi mál hér. Ég tók eftir því, að hann sagði, að það værum við sósíalistar, sem bærum meiri ábyrgð eða hefðum átt meiri þátt í útgjöldum ríkisins en nokkrir aðrir. Ja, þetta hlýtur nú að skjóta nokkuð skökku við. Við höfum ekki verið í ríkisstj. nema tiltölulega skamman tíma, og það hefur ekki gerzt ýkja mikið í þessu á þeim tíma. En hann hefur verið fjmrh. landsins um tuttugu ára skeið. Hann vitanlega ber minnihlutaábyrgð í þessu efni, en þeir, sem hafa verið utan ríkisstj. allan tímann, bera hér meginábyrgðina á, segir hann. Er þetta nú ekki að reyna að skjóta sér undan ábyrgðinni á heldur lítilmannlegan hátt?

En þessi hv. þm. þiggur það samt sem áður að þakka sér svo allar þær ágætu framkvæmdir, sem fé hefur verið veitt til á fjárlögum. Það er nefnilega svo, að það hefur verið algengt á undanförnum árum, að þegar við fulltrúar Alþb. hér á Alþ. höfum flutt till., sem miðað hafa að útgjöldum hjá ríkinu, þá eru þær venjulega teknar af hv. 1. þm. S-M., sem lengst af hefur verið fjmrh., þær eru lagðar saman, jú, þær mynda þetta háa upphæð, — ja, svona vilja þeir nú auka mikið útgjöldin hjá ríkinu. Þegar hann er búinn að skáka fram sínum till. upp á 800—900 millj. kr. og ef aðrir leyfa sér þá að minnast á útgjöld upp á 5 eða 10 millj. kr., þá hljóta þær till. allar að vera til viðbótar eða hækkunar á öllu því, sem fyrr er sett inn á plaggið af honum. Nei, málið er nefnilega þannig, að þó að við leggjum til till. um útgjöld, þá höfum við gjarnan bent á, að það er ósköp auðveldur hlutur að skapa rúm á fjárlögunum fyrir þessi útgjöld, án þess að heildarútkoma fjárl. þurfi að hækka.

Það hefur komið mjög ljóslega fram í þessum umr., að hvaða leyti ágreiningur er hér í sambandi við lausn efnahagsmálanna á milli okkar Alþýðubandalagsmanna annars vegar og framsóknarmanna hins vegar. Hv. 1. þm. S-M., sem hér er aðaltalsmaður Framsfl., heldur sér í sambandi við lausn efnahagsmálanna að þeirri höfuðkröfu, að það sé óhjákvæmilegt að lækka allt kaupgjald í landinu, þar með kaupgjald hinna lægst launuðu, um ekki minna en 8%. Hann vill halda þannig á málunum, að þegar hann hefur sjálfur staðið að því, að álögur yrðu hækkaðar mjög verulega, tekjur ríkissjóðs stórhækkaðar, þá verði þannig staðið að málunum að neita að standa við afleiðingarnar af þessum verðhækkunum, sem þannig hafa myndazt, og neita launþegum um

að fá réttar bætur á móti hækkandi verðlagi. Við Alþýðubandalagsmenn erum algerlega á móti þessari skoðun. Við teljum, að höfuðnauðsyn sé að vernda láglaunamennina í landinu, reyna að tryggja kaupmátt launa þeirra, við bendum á, að áður en til greina komi að óska eftir lækkunum frá þeirra hendi, þá verði ríkissjóður að sýna sparnað, þá verði a. m. k. að skila aftur því fé, sem sannanlega hefur verið oftekið til ríkissjóðs. Við höfum einnig bent á það margsinnis í okkar till., að það sé ástæða til þess að innheimta þá viðbótarfé, ef með þarf, af ýmsum auðfélögum í landinu, sem sannanlega hafa rakað að sér gróða á undanförnum árum. Í þeim efnum höfum við margsinnis lagt til í ríkisstj., að tekin yrði upp einkasala á olíu og létt m. a. af landsmönnum og sjávarútveg landsmanna verulega miklum álögum á þann hátt. Við höfum iðulega bent á, að það mætti skerða nokkuð gróða bankanna. Í þessum efnum hefur Framsfl. ekki fengizt til þess að hlusta á okkar mál, en haldið sér stíft við sína meginkröfu um það, að vandann verði að leysa einhliða með almennri kauplækkun. Þarna skilur á milli framsóknarmanna og okkar Alþýðubandalagsmanna alveg greinilega. Og það er ósköp hætt við því, að það takist ekki vinstra samstarf í landinu og ekki samstarf á milli okkar Alþýðubandalagsmanna og framsóknarmanna, hvorki um stjórn landsins né um ráðstafanir yfirleitt í efnahagsmálunum, á meðan Framsfl. heldur sér við þetta heygarðshornið, meðan hann skilur ekki þá nauðsyn að vernda laun hinna lægst launuðu í landinu og meðan hann skilur ekki, að það er meiri ástæða til þess að draga úr síhækkandi útgjöldum hjá ríkinu heldur en ætla að knýja fram launalækkun.

Deilur okkar við sjálfstæðismenn eru enn þá víðtækari í þessum efnum. Það er að vísu jafngreinilegt nú og áður, að Sjálfstfl. keppir sí og æ að því að koma fram kauplækkunum. Hans máttarstólpar óska eftir því að fá vinnuaflið við sem lægstu verði og geta á þann hátt gert sinn hagnað sem mestan. Og hvað sem líður einstökum kröfum, sem fram koma hjá einstaka sjálfstæðismönnum við viss tækifæri og miðaðar eru við að reyna að sprengja þá ríkisstj., sem þeim stendur nokkur beygur af, hvað sem líður einstaka kauphækkunarkröfum, sem kunna að koma frá þeim, þá vitum við, að undir niðri vakir fyrir þeim, — og það kemur alltaf í ljós, þegar þeir fá að sýna sína valdaaðstöðu, — þá vakir fyrir þeim að koma á kauplækkun, og þeir jafnvel segja, eins og komið hefur fram í þessum umr., að þessi 6% kauplækkun, sem þeir hafa verið að leggja til og nú á að samþykkja, sé bara fyrsta skrefið. Þeir ætla að stíga miklu fleiri skref og miklu stærri skref, þegar þeir fá betri aðstöðu til þess, í þessum efnum. Þetta kemur okkur ekkert á óvart. Við vitum mætavel um þessa afstöðu sjálfstæðismanna.

Það er svo haldlaust fyrir þá sjálfstæðismenn í þessum efnum að ætla sér að sleppa við ábyrgðina af því, sem þeir eru nú að gera varðandi launafólk í landinu, með því að reyna að halda því fram, að viðskilnaður fyrrv. ríkisstj. sé þannig varðandi rekstur þjóðarbúsins, að nú verði ekki komizt hjá því, að almenningur í landinu verði að fórna. Allar lýsingar hv. 1. þm. Reykv., Bjarna Benediktssonar, um það, að hér sé í rauninni gjaldþrotabú, sem vinstri stjórnin skilji eftir sig, og af því þurfi að grípa til þessara neyðarráðstafana, — allar slíkar yfirlýsingar hljóta vitanlega að detta með öllu dauðar og ómerkar. Það vita nefnilega allir landsmenn, að þegar fyrrv. ríkisstj. lét af völdum, þá var öll staða þjóðarbúsins miklum mun betri og á allt annan veg en hún var, þegar þessi hv. þm., 1. þm. Reykv., Bjarni Benediktsson, fór úr ríkisstj. Þegar Sjálfstfl. skildi við stjórnarstólana, var þannig ástatt, að þá var búið að lofa sjávarútveginum í greiðslum nokkuð á annað hundrað millj. kr., sem ekkert fé var fyrir hendi til að greiða. Þá voru skuldir útflutningssjóðskerfisins nokkuð á annað hundrað millj. kr. En nú er hins vegar viðskilnaður þannig, að útflutningssjóður á nokkurt handbært fé fram yfir þær kröfur, sem fram eru komnar frá útveginum í landinu. Hans hagur er núna góður. En hann var raunverulega gjaldþrota, þegar hv. 1. þm. Reykv. fór úr stjórnarstól sínum.

Nú liggur það fyrir, að afkoma sjávarútvegsins og atvinnuveganna í landinu er þannig, þegar nú er glímt við vandamálin, að afkoma atvinnuveganna hefur verið mjög góð. Það liggur nú fyrir viðurkennt af öllum, að togaraflotinn í landinu hefur yfirleitt skilað álitlegum gróða á s. l. ári. Það liggur líka fyrir, að frystihúsaiðnaðurinn í landinu hefur skilað gróða á s. l. ári. Og meginhluti framleiðslunnar hefur verið rekinn á hagstæðan hátt á árinu, sem nýlega er liðið. En hvernig var þessu háttað, um það leyti sem Sjálfstfl. yfirgaf ríkisstj.? Þá var þetta á allt annan veg. Þá lýstu því allir yfir, að það væri bullandi taprekstur á öllum greinum sjávarútvegsins og það þyrfti því ekki aðeins að afla tekna til þess, að þeir sjóðir gætu staðið við sínar skuldbindingar, sem áttu að standa undir greiðslunum til útvegsins, heldur þyrfti einnig að afla tekna til þess að rétta við rekstraraðstöðu sjávarútvegsins í landinu.

Það er líka á öllum þeim sviðum, sem skipta fjárhagsafkomu í landinu, gersamlega annað ástand nú eða var um það leyti, sem hv. 1. þm. Reykv. fór úr stjórn. Þann tíma, sem sjálfstæðismenn réðu hér mestu í ríkisstj., var þannig haldið á málunum varðandi undirstöðuatvinnuveg landsmanna, sjávarútveginn, að þá rýrnaði fiskiskipaflotinn jafnt og þétt frá ári til árs. Þetta sýna opinberar skýrslur. En nú á tíma vinstri stjórnarinnar hefur þetta tekið stökkbreytingum fram á við, þá hefur fiskiskipastóllinn stórlega aukizt, og búið er að undirbúa þar enn meiri aukningu og afla fjár í því skyni. Það er því engin ástæða til þess, að Sjálfstfl. komist upp með það nú að halda því fram, að það þurfi vegna einhverra neyðarráðstafana að rjúka til þess nú að

lækka kaup launþega í landinu vegna þess, hvernig viðskilnaður ríkisstj. hafi verið á þjóðarbúinu. Það fær ekki staðizt. Hið sanna er það, að við erum aðeins að sjá hér framan í byrjunarframkvæmdina á hugsjón Sjálfstfl. í þessum efnum, að koma fram kauplækkun. Hann er aðeins að byrja að framkvæma sínar till. Meira mun koma á eftir.

Það var fyrr í þessum umr., að ég hafði nokkuð vikið að því, að nú hefði verið samið m. a. við framleiðsluatvinnuvegina á þann hátt, að um það væri ekki að villast, að ætlað væri nú að greiða atvinnuvegunum nokkuð hækkaðar bætur frá því, sem áður hefði verið, hækkaðar bætur frá því, sem t. d. umboðsmenn útgerðarinnar höfðu sjálfir samið um og höfðu lýst yfir að væru mjög sanngjarnar bætur og mættu tryggja útgerðinni eðlilega rekstrarafkomu.

Hæstv. menntmrh. gerði hér tilraun til þess að reyna að hrekja þetta og hélt því fram, að þannig hefði verið samið við útgerðina nú, að hún hefði ekki fengið neinar bætur til viðbótar því, sem henni hefði verið ætlað áður, nema á móti þeim verðhækkunum, sem hún hefur orðið fyrir nú á þessu ári. Sannanir þær, sem hann reyndi að færa hér fram fyrir þessari fullyrðingu sinni, voru svona álíka sannfærandi fyrir mig eins og þær fullyrðingar hæstv. ríkisstj., að þegar launþegar eru látnir gefa eftir bótalaust 10 vísitölustig eða eiga að missa 5.4%, eftir því sem ríkisstj. segir, bótalaust af kaupi sínu, þá eigi afleiðingin af því að verða kjarabætur, eins og ríkisstj. hefur sagt í grg. síns frv. og þessi hæstv. ráðh. tekur að sér að reyna að sanna, — eða farið svona álíka nákvæmlega með tölur eins og þegar hann í ræðu sinni hér sagði, að í till. Alþb. hefði verið gert ráð fyrir því að borga niður 15 vísitölustig, sem mundu hafa kostað a. m. k. 97 millj. kr., en í sömu ræðunni er svo það hins vegar sagt, að stjórn Alþfl. sé að borga niður 13 vísitölustig og það kosti bara 75 millj. kr. Auðvitað er ekki hirt um það að láta þessum tölum bera saman. Það virtist eiga að kosta miklu meira hvert stigið, þegar hann reiknar það út í nafni Alþb., heldur en þegar hann reiknar það út í nafni Alþfl., ríkisstj.

Nei, tölur hæstv. ráðh. voru ekki sannfærandi. En ég skal, án þess að fara ýtarlega út í samanburð á þeim bótum, sem sjávarútveginum eru ætlaðar nú samkvæmt nýgerðum samningi, og þeim bótum, sem í gildi voru áður, en það mun gefast væntanlega tími til þess að fara nákvæmar út í það síðar, þá vil ég þó aðeins benda á þetta:

Þær bætur, sem sjávarútvegurinn bjó við, voru miðaðar við kaupgjaldsvísitölu 183 stig og það grunnkaup, sem þá var almennt í gildi. Nú hefur orðið sú breyting á, að grunnkaup hefur breytzt, eins og ég sagði áður, frá 5—9%, en vísitalan, sem reiknað var almennt með og hafði verið nú alllengi, var 185 stig. Það var því alveg augljóst, að það, sem sjávarútvegurinn gat átt ýtrasta kröfu til að fá bætur fyrir nú að þessu sinni, miðað við vísitöluna 185, var að fá bætur, sem jafngiltu grunnkaupshækkuninni frá 5—9%, enda hefur þetta verið margviðurkennt af öllum og m. a. forsvarsmönnum útvegsmanna.

Í því frv., sem ríkisstj. hefur nú látið útbýta hér um breyt. á l. um útflutningssjóð, segir beinlínis, að það hafi verið látin fara fram athugun á því, hversu miklar þessar bætur þyrftu að vera til útvegsins, þegar miðað væri við vísitöluna 185 og svo hina nýju grunnkaupshækkun, sem orðin var, og í þessu frv. segir, að þessi athugun hafi leitt í ljós, að það mundi þurfa að bæta útflutningsframleiðslunni þetta upp með 105 millj. kr. En nú er það svo, að sundurliðun á þessum 105 millj. kr. sýndi, að þar var gert ráð fyrir því, að sjávarútvegurinn fengi að stórhækka fyrningarafskriftir sínar frá því, sem áður var, svo að það var alveg augljóst mál, að uppbæturnar áttu ekki að vera svona miklar.

En svo kom annað til, sem menn viðurkenndu líka, að það hafði annað gerzt á móti því, að grunnkaupshækkunin hafði fallið á til aukinna útgjalda fyrir útgerðina, þá hafði útgerðin í þessu efni fengið annað til, sem var henni hagstætt. Allmikill hluti af útflutningi okkar hafði beinlínis hækkað í verði, frá því að síðast var samið, á erlendum markaði, og frystihúsin í landinu höfðu stóraukið framleiðslu sína og þannig bætt alla afkomu sína.

Nefnd, sem ríkisstj. setti til þess að athuga þetta mál, gaf það frá sér skriflega, og ég á í mínum höndum það bréf, að hennar athugun hefði leitt í ljós, að frystihúsin í landinu gætu fyllilega tekið á sig alla grunnkaupshækkunina og ættu engar bætur að fá, vegna þess að þær breytingar hefðu orðið á öðrum liðum í rekstri þeirra, sem þessu næmi.

Það er því alveg ljóst af þessu og reyndar enn fleiri ástæðum, sem ég skal greina nánar síðar, þegar þetta verður hér til umr., að það átti ekki að þurfa að semja um 105 millj., heldur allmiklu lægri upphæð. En svo kemur hæstv. forsrh. hér fram og tilkynnir, að samið hafi verið, miðað við vísitöluna 185, um 159 millj. kr.

Það er því engum blöðum um það að fletta, að hér hefur verið aukið við bæturnar til útflutningsframleiðslunnar um nokkra tugi milljóna króna, og ég efast ekki um það fyrir mitt leyti, að þessar auknu bætur munu nema varla lægri upphæð en 60—70 millj. kr., þegar mælt er yfir allan flotann yfir árið.

Það er svo rangt, sem hér hefur verið sagt, m. a. af 1. þm. S-M., að ég hafi hagað orðum mínum þannig hér, að þetta hafi verið eitthvað óguðlegt, þetta sé eitthvað stórhættulegt. Nei, fyrir mér er það ekki þannig. Ég get vitanlega alveg viðurkennt það, það má vel hugsa sér að ætla að gera afkomu útgerðarinnar enn betri en hún hefur verið á s. l. ári. Það er vel hægt að hugsa sér það, að útgerðin fái að hagnast enn meira en hún fékk að gera nú. En ég neita því líka algerlega, að með þeim frv., sem nú hafa verið lögð fram hér á Alþingi af núv. hæstv. ríkisstj., sé bættur hagur útgerðarinnar tryggður með

þessu á nokkurn hátt nema hreinlega með því að lofa upp í ermina sína. Það er enginn vandi að hækka bæturnar á pappír, en það er ekkert gert að því að tryggja, að hægt verði að standa við þessi loforð, — ekkert.

Fyrrv. ríkisstj. Framsóknar og íhalds lék þennan leik, rétt áður en sú stjórn leið út af. Þá var ausið út loforðum til útgerðarinnar, þá var lofað að hækka bæturnar frá því, sem áður var, þá var gefin ávísun á gjaldþrota sjóð. Það er kannske meiningin að gera að líka núna. Nei, vandinn hefur legið í því hingað til að reyna að tryggja, að sjávarútvegurinn fengi þannig bætur, að hann gæti búið við eðlilegan rekstur, og sjá einnig um, að hægt væri að greiða þessar bætur.

Hin ráðstöfunin, sem nú er gripið til í þessum efnum, og sú eina, sem hér eru einhverjir tilburðir til þess að koma fram til þess að reyna að tryggja, að sjávarútvegurinn fái nú að njóta þessara auknu bóta, er að reyna að koma fram kauplækkun hjá vinnandi fólki í landinu. En það hrekkur vitanlega mjög skammt upp í það að tryggja fé til þess, að hægt verði að standa í skilum með þau útgjöld, sem hér er stofnað til.

Hæstv. forsrh. gerði grein fyrir því hér í sinni ræðu, að allt væri þetta frá hálfu Alþfl. byggt upp á því, að það mætti takast að breyta fjárl. þannig, að í fyrsta lagi yrði tekjuáætlun fjárlfrv. hækkuð um 83 millj. kr. frá því, sem fjárlfrv. liggur nú fyrir með, og einnig var þetta miðað við það, að það mætti takast að fá það samþykkt hér á Alþ. að lækka beinar fjárveitingar á fjárl. um 40 millj. kr.

Nú var mér það ljóst, að þessir peningastofnar, sem þarna var bent á, voru engan veginn tryggir. Ég dró það í efa hér í minni ræðu, að þessar 83 millj. kr. væru fyrir hendi, og ég dró það líka nokkuð í efa, að það fengist samþ. hér á Alþ. að lækka útgjöldin á fjárlfrv. um 40 millj. kr. Sjálfur er ég samþykkur því, að það sé reynt, og ágreiningur minn við Alþfl. er ekki um það að reyna þessar leiðir, heldur hitt: hefur Alþfl. tryggt sér nægilegt atkvæðamagn hér á Alþ. til þess að hækka tekjuhlið fjárlfrv. um 83 millj. kr., þannig að það megi standast? Hefur hann tryggt sér það, að útgjöld á fjárl. verði skorin niður um 40 millj. kr.? Ég spurði um það hér í minni fyrri ræðu, hvernig þessu væri varið. Ég spurði sérstaklega um það, hvort stærri stjórnarflokkurinn, Sjálfstfl., hefði ákveðið að vera með þessum till. Alþfl. Hv. 1. þm. Reykv. (BBen) svaraði hér fyrir hönd Sjálfstfl. og lýsti því yfir, að þeir væru algerlega óbundnir í þessum efnum, þeir hefðu ekkert loforð gefið viðvíkjandi afgreiðslu á þessum málum, um afgreiðslu fjárl. hefðu þeir algerlega óbundnar hendur enn.

Það kemur þá í ljós, að öryggi fyrir því, að fé fáist í útflutningssjóð til þess að borga það, sem nú er þegar búið að leggja á útflutningssjóð, því að það er búið að gera honum að greiða 75 millj. kr. á þessu ári í auknar niðurgreiðslur á verðlag í landinu, og síðan er ætlazt til þess, að hann greiði framleiðsluuppbætur upp á 77 millj. kr. fram yfir það, sem áður var, — það kemur þá í ljós, að það er ekkert öryggi fyrir því hjá ríkisstj., að hún hafi vald á því að tryggja, að útflutningssjóður fái þetta fé. Þetta er vitanlega merginn málsins í þessum efnum.

Málið lítur sem sé þannig út, að Alþfl. hefur aðeins fengið eitt tryggt í þessum efnum: hann hefur fengið loforð Sjálfstfl. fyrir því, að hann skuli samþ. með Alþfl. frv. um kauplækkun hér á Alþ., — ekkert annað. Það er eina öryggið, sem Alþfl. hefur viðvíkjandi afgreiðslu þessara mála, þ. e. að fá samþ. frv. hér um ákveðna kauplækkun fyrir alla launþega í landinu, en önnur atriði, sem tryggja þarf, til þess að það fái staðizt, sem hér hefur verið gert, sem útveginum í landinu hefur m. a. verið lofað, það hefur Alþfl. enn ekki haft vald til þess að tryggja.

Ég verð að segja, að það eru furðuleg vinnubrögð af Alþfl. hendi í þessum efnum að ætla sér að halda svona á þessu máli. Það er alveg augljóst mál, að svo getur farið, að búið sé að lofa útflutningsatvinnuvegunum auknum bótum frá því, sem áður var, búið sé að taka á sig skuldbindingar með aukna niðurgreiðslu á dýrtíð í landinu, en áfram verði haldið jafnvel að hækka útgjöld á fjárl. frá því, sem áður var, og að afleiðingin yrði svo nýr langur skuldahali gagnvart framleiðslunni í landinu á næsta hausti eða ástandið yrði þá svipað og var, þegar íhalds-framsóknarstjórnin lét af völdum á árinu 1956.

Það hefur nokkuð verið vikið að því hér í þessum umræðum og var nú gert síðast af hv. 1. þm. Reykv., að það, sem hér væri verið að gera með ákvörðun um, að launþegar í landinu ættu að gefa eftir bótalaust 10 vísitölustig, væri hliðstætt því, sem gert var varðandi 6 vísitölustigin haustið 1956. — Nú efast ég ekki um, að hv. 1. þm. Reykv. veit það, að hér er um tvennt algerlega ólíkt að ræða. Það, sem gert var haustið 1956 varðandi vísitölustigin 6, var það, að með beinu samkomulagi á milli ríkisstj. og verkalýðssamtakanna og launþegasamtakanna í landinu var ákveðið, að tiltekin verðhækkun, sem átti að eiga sér stað í septembermánuði, var látin niður falla gegn því, að 6 vísitölustig féllu þar niður á móti, og þessi verðhækkun, sem átti að eiga sér stað um miðjan septembermánuð, var þannig, að launþegar hefðu ekki fengið hana aftur bætta í vísitölunni. Þetta atriði var þá borið undir verkalýðssamtökin í landinu, ekki aðeins undir miðstjórn Alþýðusambands Íslands, heldur einnig undir fjórðungssambönd Alþýðusambandsins, einnig undir fulltrúaráð verkalýðsfélaganna hér í Reykjavík og formenn allra verkalýðsfélaga hér í Reykjavík, sem héldu fund um málið, og þetta var einnig borið undir stjórnir flestra verkalýðsfélaga í landinu, og eftir að fyrir lá samþykki þessara aðila og þar með Alþýðusambands Íslands, var ákveðið að setja þessi lög.

Nú er hins vegar ekki leitað eftir samþykki þessara aðila fyrir útstrikun á 10 vísitölustigum. Nú þorir ríkisstj. ekki að binda ákvörðun

sína við það, að það fáist jákvæð afgreiðsla launþegasamtakanna í landinu fyrir þessu. Ríkisstj. veit, að það mundi ekki fást. Nú er þessu líka fyrir komið á allt annan hátt en þá var. Nú hafa verðhækkanirnar átt sér stað. Launþegarnir hafa borið hið hækkaða verðlag um nokkurra mánaða skeið og vilja fá sína vísitöluhækkun á kaup þar á móti nú á eftir. Verðhækkanirnar eiga að standa sem þessum 10 vísitölustigum nemur, þær verðhækkanir eiga að standa áfram, en það á bara að strika út bótalaust þessi 10 vísitölustig. Heldur 1. þm. Reykv. því fram, að hér sé eitthvað líkt á komið með það, sem ákveðið var haustið 1956, og það, sem ætlað er að lögbinda með því frv., sem hér er til umr.? Nei, það getur hann vitanlega ekki gert, þegar hann talar í fullri alvöru.

Ég held, eins og ég sagði hér fyrr í þessum umr., að það sé hætt við því, að það fari eins í þetta skipti og áður, þegar reynt hefur verið að knýja fram kauplækkun með lögum frá Alþingi algerlega gegn vilja verkalýðssamtakanna í landinu, að þá sé verulega hætt við því, að þessi lagasetning komi ekki að því haldi, sem þeir ætlast nú til, sem að henni standa. Ég er hræddur um, að það kunni jafnvel svo að fara, að sjávarútvegurinn í landinu, sem m. a. á að taka þessa lagasetningu sem bætur upp í það, sem honum er ætlað, kunni líka að grípa í tómt í þessum efnum. Ekki þætti mér það beint ólíklegt, eins og háttar hér til á vinnumarkaði, þegar vinnuveitendur þurfa mjög að auglýsa eftir vinnuafli og ganga jafnvel á eftir mönnum til þess að fá þá nægilega marga til vinnu hjá sér og þeir hafa þurft að yfirborga verkafólki í mörgum tilfellum, að þá kunni að fara svo, að margir vinnuveitendur verði jafnvel að borga áfram það kaup, sem strikað verður út á pappírnum með þessari löggjöf, sem er verið að reyna að knýja hér í gegn þvert gegn vilja verkalýðssamtakanna í landinu. Og hver er þá að bættari? Rétta leiðin var vitanlega sú, sem verkalýðssamtökin í landinu bentu sjálf á. Það var æskilegt að reyna samningaleiðina til lausnar á þessum málum við verkalýðssamtökin. Þau buðust til þess, en þau munu ekki taka því þegjandi, að slík lög verði sett sem þessi og þetta einhliða tekið þannig af kaupi þeirra, sem samið hefur verið um eftir réttum reglum.

Ég held því, að einnig þetta frv., sem þó er ekki nema aðeins lítill hluti af þessu heildarvandamáli, sé þannig upp byggt, að það komi að litlu gagni.

Mér sýnist líka, að það hafi sannazt alveg greinilega í þessum umr., að það var hægt að leysa þetta vandamál á þann hátt, að útflutningsframleiðslan byggi a. m. k. við jafngóð kjör og hún bjó við á s. l. ári, án þess að grípa hefði þurft til kauplækkunar á nokkurn hátt. En það er rétt, þá hefði þurft að tryggja, að útgjöld á fjárlögum hefðu nokkuð verið skorin niður, þá hefði þurft að tryggja, að tekið hefði verið nokkuð af þeim greiðsluafgangi, sem varð hjá ríkissjóði á þessu ári, til þess að greiða niður verðlag í landinu, þá hefði þurft að tryggja, að þetta fengist samþykkt á Alþingi, en ekki að heimila Alþingi, eins og helzt lítur út fyrir núna, að skjóta sér undan þessum vanda, ætla að svíkjast um að gera þetta, en reyna einvörðungu að fara kauplækkunarleiðina.

Ef farið hefði verið að till. okkar Alþýðubandalagsmanna í þessum efnum, þá hygg ég, að það hefði orðið farsælla fyrir atvinnuvegi landsins heldur en reyna þessa lagabindingarleið, sem hér á að reyna að fara.

Eysteinn Jónsson: Það verður aðeins athugasemd. Ég mun þar af leiðandi ekki minnast á margt af því, sem ástæða væri til þess að taka fram, sumpart út af því, sem hv. 1. þm. Reykv. (BBen) tók fram í kvöld. En það verður líka tækifæri til þess að minnast á það síðar. Ég ætla aðeins að minnast á tvö atriði.

Ég spurði hv. 1. þm. Reykv. um sparnaðinn, hverjar uppástungur Sjálfstfl. væru í þeim efnum. Hann svaraði því nú í raun og veru engu, en sagðist út af því vilja minnast á eitt dæmi um sparnað, sem hann hefði viljað koma fram. Hann segist hafa flutt till. um að hafa einn ráðuneytisstjóra fyrir menntmrn. og dómsmrn., en ég hafi ekki mátt heyra þetta nefnt.

Mig rekur nú ekki minni til þessarar viðureignar. En ég vil alls ekki segja, að hv. þm. segi þetta ósatt fyrir því, því að það skeður svo margt, sem fellur í gleymsku, og þess vegna vil ég ekki fara út í þex um það. En ég vil bara í sambandi við þetta benda á þetta dæmi, eins og hv. 1. þm. Reykv. leggur það fyrir. Þá er það svona: Hann, þessi mikli áhugamaður um sparnað, leggur fram í ríkisstj. eða segist minnast á það í ríkisstj. að sameina þarna tvö ráðuneyti undir einn ráðuneytisstjóra. Einn af ráðh., segir hann, mótmælir þessu eða er á annarri skoðun, og hvað gerir þá þessi mikla sparnaðarhetja? Hún lekur niður. Hún hættir við þessa fyrirætlun, og samt sem áður er þetta algerlega á valdi þessa ráðh. og kemur fjmrh. í raun og veru ekkert við, og hann hefur enga möguleika til þess að stöðva þetta. Hvers vegna gerði hv. þm. ekki þetta, fyrst hann áleit það rétt? Hvers vegna lak hann niður, þó að einhver hefði aðra skoðun, þegar þetta var á hans valdi?

Ég vil svo nefna dæmi um það, að hv. þm., þessi mikli áhugamaður, var ekki að setja fyrir sig, þó að einhver ágreiningur væri, þegar um það var að ræða að fjölga embættum. Ég vil í því sambandi minna á, að lengi vel var útgerðarstjórn strandferðaskipa og varðskipa saman, og þetta sparaði tvímælalaust mikið mannahald. Hv. þm. sleit þetta í sundur, og það kostaði ekki eitt embætti, heldur mörg. Ég var á móti þessu, en hann gerði það samt. Hann þurfti sem sé ekki mitt samþykki til þess að fjölga embættum, en hann segist sjálfur hafa lekið niður á því að sameina embætti, af því að ég hafi andæft í ríkisstj. eitthvað þar á móti. Trúi hver, sem trúa vill, sem þekkir þennan hv. þm., að

hann hafi sett það fyrir sig, þó að ég hafi eitthvað verið að kvaka um það, að mér væri þetta ekki alveg að skapi.

Nei, svona sögur hafa satt að segja ekki mikið gildi nema þá til skemmtunar.

Það er svo þar fyrir utan og getur verið ástæða til að minnast á það síðar, að það var ekki aðeins í þessu tilliti, sem ég var að nefna áðan, sem þessi hv. þm. stóð fyrir embættafjölgunum, því að sannleikurinn er sá, að hann mun hafa staðið fyrir meiri útþenslu á ríkiskerfinu tiltölulega miðað við tímalengd en nokkur annar ráðh., sem ég þekki til. Í lögum voru ákvæði um, að gera mætti það að skilyrði, að embættafjölganir skyldu bornar undir fjmrn., og þessi hv. þm. hafði þetta ákvæði að engu og fjölgaði starfsmönnum eins og honum sýndist. Það var bara þegar hann ætlaði að fara að sameina störf, að þá þurfti hann að fá samþykki hjá Eysteini og ómögulegt að gera það, af því að Eysteinn var á móti. Það var ekki hægt, það varð að hætta við það. Sér nú ekki hv. þm., hvað hann gerir sig lítinn með því að vera að halda þessu fram? Ég held, að hann hljóti að sjá það.

Þá var annað atriði, og svo mun ég ekki nefna fleiri, því að ég vil ekki þreyta þolinmæði manna né hæstv. forseta. Mikið er eftir að ræða um þessi mál í vetur vafalaust. En það er út af lántökunum. Þessi hv. þm. sagði, svo að ekkert var um að villast, að það hefði verið samið um framhaldandi dvöl varnarliðsins, og sagði m. a.: Beinn þáttur í endurnýjun varnarsamningsins var, að Ísland fengi lánið. — Og sönnunin. Jú, hún er, að í einhverri fréttatilkynningu úti í Bandaríkjunum sé það tekið fram, að fé í lánið sé tekið úr sérstökum sjóðum eða sjóði, sem eigi að vera til að stuðla að öryggi Bandaríkjanna. Hv. þm. veit ákaflega vel, að þessi er formúlan fyrir öllu því fé, sem Bandaríkin láta af hendi rakna yfir höfuð til annarra landa í einu og öðru formi til stuðnings við þeirra efnahagsstarfsemi. Og svo kemur þessi hv. þm. hér og segir: Þarna hafið þið sönnunina. Þetta var verzlun. — Og svo bætir hann við, að þetta sé staðfest, segir hann, í blaði stærsta stjórnarflokksins, Þjóðviljanum. Það var líka staðfest í Þjóðviljanum, að þessi hv. þm., einmitt þessi hv. þm., hefði verzlað við Bandaríkjamenn með veru varnarliðsins og Marshall-hjálpina. Það var líka staðfest í þessu sama blaði. Þetta er nú málflutningur.

Ég mun ekki minnast á fleiri atriði, sem þó gæti verið ástæða til, og læt þetta nægja.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þó að nokkuð sé orðið áliðið nætur, vildi ég samt verja nokkrum mínútum til að svara tveimur ræðumönnum, sem töluðu hér í dag og í kvöld og véku máli sínu nokkuð að mér. Sá fyrri er hæstv. menntmrh., sem gerði mér þann sóma, eftir að ég hafði talað hér í dag, að lesa upp alveg frá upphafi til enda heila grein eftir mig, sem birtist í tímaritinu Vinnunni í nóvemberlok, rétt um það leyti sem Alþýðusambandsþing var að koma saman. Þar hélt ég því fram sem minni skoðun, að ég teldi, að einasta þjóðfélagsaflið, sem væri fært um að stöðva óheillaþróun verðbólgunnar, væri verkalýðshreyfingin og samtök bændastéttarinnar í nánu samstarfi við velviljað ríkisvald.

Ég sagði síðan, að það væri mín skoðun, að aðaluppistaðan í því, hvernig þetta yrði að gerast, væri á þann hátt, að það yrði nú af sanngirni að deila byrðunum á bök allra Íslendinga. Ég spyr: Er fyrir því séð í frv. hæstv. ríkisstj.? Nei, þar er síður en svo gætt þessa frumskilyrðis. Það er stefnt að stórfelldri kauplækkun hjá verkalýðnum, en það eru réttar 77 millj. kr. að nokkrum tugum útgerðarmanna í landinu. Þetta er ekki að byrja þannig, að byrðunum sé deilt að jöfnu á bök allra Íslendinga, á ekkert skylt við það.

Framleiðslan getur sjálf tekið á sig nokkurn hluta byrðarinnar, hélt ég fram. Það er síður en svo, að þannig sé farið nú að. Það er bætt við aðstoðina til sjávarútvegsins í staðinn.

Ríkissjóður á að sýna nokkra viðleitni til sparnaðar. — Hér hefur verið spurt um, hvort það sé tryggt, að ríkissjóður gangi hér á undan og skeri niður um nokkra tugi milljóna. Það hefur ekkert svar fengizt við því. Þeir átta þingmenn, sem standa að hæstv. ríkisstj., eru ekki þess megnugir að koma því í gegn og Sjálfstfl. hefur ekki viljað lýsa því yfir, að hann væri reiðubúinn til þess að tryggja framgang slíks sparnaðar.

Álagningu í heildsölu og smásölu á að færa niður aftur í sömu prósenttölu og s. l. ár. Það er ekki stafur um þetta í frv. hæstv. ríkisstj. Það er þannig ekki nein vissa fyrir því, að hún ætlist til, að það séu lagðir neinir pinklar á kaupmanna- og heildsalastéttina í landinu, á sama tíma sem það er uppistaðan í þessu frv. að skera niður vinnulaun verkafólks um 10 vísitölustig eða — eins og þeir játa sjálfir — 5.4%.

Með þessu er nægilega sannað, að þetta frv., sem ég hef hér deilt á, fer ekki þær leiðir, sem ég taldi mig geta mælt með við Alþýðusambandsþing og Alþýðusambandsþing viðurkenndi að það vildi fallast á, að svipuð leið yrði farin, og samþykkti það, sem ég segi hér í niðurlagi grg., að takmarkið með öllu þessu eigi að vera, að kaupgjald og verðlag nemi staðar, þar sem það nú er. Hvar var það þá? Það var 185 stig. Og Alþýðusambandsþing gerði samþykkt um, að það vildi leggja sitt lið fram, til þess að verðbólgan yrði stöðvuð við 185 stig, ekki við 175 stig með því að fella niður bótalaust 10 stig í viðbót, — það samþykkti Alþýðusambandsþing ekki og Alþýðuflokksþingið ekki heldur.

Ég læt þetta nægja til svars hæstv. menntmrh.

Þá er það hv. 1. þm. Reykv. Hann sté hér í ræðustólinn í kvöld með fullan faðminn af blaðadruslum og bókum og var ferlegur tilsýndar, þegar hann hóf mál sitt, og er þó

stundum og oftast gustmikill, þegar hann ræðst hér til atlögu í ræðustólinn.

Hann var í sama ham í gærkvöld, þegar hann tók hér til máls, og þá var hann í því skapi, að það var ákaflega lítið af því, sem hann sagði, yfirvegað eða satt. Þegar hann t. d. fór út í að lýsa því, hvílíkur geysilega afkastamikill og ákafur kauphækkunarberserkur Eysteinn Jónsson, fyrrv. fjmrh., væri, þá var hann auðvitað að segja ósatt og vissi það ósköp vel, því að Eysteinn Jónsson er einmitt kunnur að því, að hann er aðhaldssamur um slíka hluti, og hefur ekki verið staðinn að neinu slíku starfi og enga aðstoð veitt hv. 1. þm. Reykv. í kauphækkunarbraski hans undanfarna mánuði og hefur aldrei gert.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði, að þetta frv. væri öðruvísi en þeir sjálfstæðismenn hefðu viljað, ef þeir hefðu mátt ráða. Þetta eru alveg vísvitandi ósannindi hjá hv. 1. þm. Reykv. Frv. er nákvæmlega eins og Sjálfstfl. vildi að það væri, því að hann hefur blessað yfir það og ekki látið það frá sér fara aftur til prentunar hér sem þskj. nema af því, að hann var búinn að samþ. það svona; 10 stiga niðurfelling jafngilti kröfu hans um 6% grunnkaupslækkun, og nafnið skiptir litlu máli. Hann var búinn að fá sinn vilja fram. Það skyldi vera reynt að koma því í gegn, sem Sjálfstfl. heimtaði, 6% grunnkaupslækkun í formi 10 stiga niðurfellingar bótalaust, og það er meginkjarni málsins, og þar með fékk Sjálfstfl. sitt fram. Það þýðir ekkert fyrir hv. 1. þm. Reykv. að koma hér fram og skrökva því, að þetta frv. sé í meginatriðum öðruvísi en Sjálfstfl. hefði viljað hafa það. Það er skapað í hans mynd og er ófrýnilegt eins og sá, sem að baki þess stendur og réð því, hvernig það væri.

Þá sagði hv. 1. þm. Reykv., að það væri ekkert samkomulag milli Sjálfstfl. og stjórnarinnar um niðurskurð á fjárlögunum, um afgreiðslu fjárlaganna yfirleitt. Það er alveg áreiðanlegt, að þetta er einnig ósatt. Það er alveg víst, að hér hefur ekki þessi hæstv. ríkisstj. setzt í stólana upp á annað en það, að það væri alveg tryggt, að Sjálfstfl. fylgdi stjórnarliðinu í Alþfl. um afgreiðslu fjárlaganna. Að öðrum kosti, ef fjárlagaafgreiðslan var ekki tryggð af þessum tveim flokkum, þá áttu þessir fjórmenningar, sem nú sitja í ráðherrastólunum, ekkert erindi í þá.

Þá sagði hv. 1. þm. Reykv. viðvíkjandi lántöku, sem barst í tal: Ég veit ekkert um það enn þá, við höfum ekkert verið spurðir, og ég veit ekki, hvort við verðum spurðir. — Hann veit vel, að þeir verða spurðir. Þess vegna skrökvar hann þessu líka. Auðvitað verður engin lántaka framkvæmd, nema þeir verði spurðir. Hún hefur enga möguleika til þess að ná fram að ganga öðruvísi, og hann veit þess vegna, að þeir verða spurðir.

En einmitt þessi hv. þm. kom hér og sagði, að hann væri alveg sérstakt sannleiksvitni, hann kynni ekki að skrökva. Hann var þá einmitt að tala um það, að framsóknarmenn yrðu hissa á því, ef þeir heyrðu mann segja satt orð, hann kynni ekki að skrökva. En hann var bara að skrökva hverju einasta atriði, sem hann fór með í ræðustólnum.

Hann sagði, að það væri ósatt, sem ég hefði sagt hér í dag, að það hefði aldrei verið gert fyrr með löggjöf að lækka kaup án alls samráðs við verkalýðssamtökin, og hann fór að reyna að afsanna þetta, og hann sló upp í bókunum að lokum og var lengi að leita og var þá við árið 1947; þar las hann nokkrar línur úr frv. til laga, sem borið var fram af Stefáni Jóh. Stefánssyni, þáverandi forsrh., og fékk það staðfest, að ég hafði í atkvgr. mælt með samþykki þess frv. Var þetta frv. um niðurfellingu á 10 vísitölustigum? Var það um lækkun kaupsins frá því, sem kaup hafði verið ákveðið af verkalýðsfélögunum samkvæmt samningum þeirra? Nei, það var um að staðfesta það í því formi, sem verkalýðsfélögin höfðu samið um það.

Svo staðnæmist hann við 1956, og þar sló hann upp á lögum um festingu verðlags og kaupgjalds og vildi reyna að heimfæra það á þann hátt, að þetta væri alveg hliðstæða við það, sem fælist í þessu frv. Í fyrsta lagi sjá allir, að þegar fest var verðlag og kaupgjald haustið 1956, var á engan hátt haggað því, sem verkalýðsfélögin höfðu þá tryggt sér sem umsamið kaup og umsamin kjör í stéttarfélagasamningum. En í annan stað er sá mikli munur á, eins og hv. 2. þm. S-M. upplýsti hér áðan, að þá var leitað eftir samkomulagi við stéttarfélögin í landinu, ekki með einum leynifundi, eins og hv. 1. þm. Reykv. skrökvaði áðan meðal margs annars, heldur með mörgum fundum víðs vegar um allt land, fundi hér í Iðnó, þar sem allir formenn allra stéttarfélaga í Reykjavík og nágrenni voru saman komnir, og var samþykkt þar. Þetta var rætt á félagsfundum, og þetta var rætt í stjórnum allra fjórðungssambanda innan Alþýðusambandsins, og fjórðungsstjórnirnar höfðu borið sig saman við verkalýðsfélögin hver í sínu umdæmi, og að yfirgnæfandi meiri hluta var samkomulag gert um þetta. Þar var því ekkert gert á móti vilja verkalýðssamtakanna, þau ekki svipt neinum rétti. Það var gert eftir samkomulagi við þau gegn því, að felldar væru niður verðhækkanir, sem voru fram undan innan hálfs mánaðar, þá skyldu 6 vísitölustig falla út, sem áttu að koma til framkvæmda eftir nokkurn tíma, — en að það hafi verið nokkuð það á ferðinni að lækka kaup, rifta gerðum samningi stéttarfélaganna eða fella niður 10 vísitölustig bótalaust, um það var ekki að ræða. Að þetta séu hliðstæður, er því algerlega rangt hjá hv. 1. þm. Reykv., og það var víst eitt af því fáa, sem hann sagði satt, að guð mundi hafa gefið mönnum gáfurnar yfirleitt, bæði honum og mér og öðrum slíkum, en það má hamingjan vita, hvað hann er búinn að gera af þeim gáfum, sem guð hefur gefið honum einhvern tíma, því að þeirra hefur ekki orðið vart í ræðuhöldum hans hér í kvöld, svo mikið er víst, því að ómálefnalegri eða ósannari ræðuflutn-

ing hefur enginn maður hér hlustað á heldur en einmitt hjá honum, og var enga vitsmuni hægt að sjá í þeim ræðuflutningi.

Það eru til tvenns konar leikhús: leikhús, þar sem eru lifandi leikendur, og svo eru til önnur leikhús, þar sem eru dauðar dúkkur á framsviðinu, en það er þráðarspotti í hverja dúkku aftur fyrir tjaldið, og þar eru æfðir leikstjórar, sem kippa í spottana og láta dúkkurnar dansa, eins og þeir, sem á bak við tjaldið eru, ætlast til að þær dansi og leiki. Þekkið þið, hv. þm., nokkurt slíkt dúkkuleikhús, slíkt strengbrúðuleikhús? (Gripið fram í.) Já, þið sjáið það, ég sé það. Þessu brúðuleikhúsi var komið á fót núna á messu heilags Þorláks rétt fyrir jólin. Þá settust á framsviðið fjórir leikarar; spottinn lá aftur fyrir tjaldið úr hverjum þeirra í hendur formanns og varaformanns Sjálfstfl., Ólafs Thors og Bjarna Benediktssonar. Þeir halda í þræðina í þessu leikhúsi, og það var samkomulag, að þeir áttu að halda sig bak við tjaldið. Þeir áttu ekkert að vera að álpast fram fyrir tjaldið, þeir voru ekki viðurkenndir sem leikbrúður. Þeir voru bara þeir, sem áttu að halda í þræðina á bak við. En þetta samkomulag hefur ekki verið haldið vel. Formaður Sjálfstfl. hefur haldið það ágætlega. Hann hefur ekkert komið fram fyrir tjaldið. Hann er bara á bak við tjaldið, eins og hann á að vera í þessu leikhúsi, og hann kippir þar í spottana, eins og um var samið. En varaformaður Sjálfstfl., sá leikstjóri, hefur ekki haft stillingu í sér til þess að geta verið á bak við tjaldið, eins og hann átti að vera. Hann hefur hvað eftir annað rokið fram fyrir tjaldið og þótzt vera leikbrúða, sem ætti að leika sjálf framan við tjaldið, og komið hér fram í salinn og farið að leika. Þetta átti hann ekki að gera. Hann átti að halda sér bak við tjaldið, eins og um var samið, og láta dúkkurnar fjórar á forsíðunni sprella þar, en bara með því að hann kippti í spottana, þá gat hann fengið allt, sem hann vildi láta gera.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21:1 atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., 27 jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 180, n. 188, 196 og 197, 189, 193, 194, 195).

Frsm. meiri hl. (Pétur Pétursson): Herra forseti. Fjhn. þessarar hv. d. hefur rætt frv. á fundum sínum laugardag og sunnudag, og hv. fjhn. Ed. tók einnig þátt í athugun frv.

Svo sem nál. á þskj. 188 ber með sér, var ekki samkomulag um afgreiðslu málsins í n. Hv. 3. þm. Reykv. (EOl) er andvígur frv., en hv. þm. V-Húnv. (SkG) skilar einnig sérstöku áliti.

N. aflaði sér ýmissa skýringa varðandi einstök atriði málsins, m. a. kom hagstofustjóri á fund til nefndanna og svaraði ýmsum fyrirspurnum frá einstökum nm. eða frá n. í heild.

Þar sem hinar löngu umr. voru um þetta mál hér í hv. d. fyrir helgina, þá ætla ég, að málið liggi efnislega ljóst fyrir. Þó langar mig að fara nokkrum orðum um örfá efnisatriði.

Kjarni frv. kemur vitanlega fram í 1. gr. þess. Ég vil gera ráð fyrir því, að allir séu út af fyrir sig sammála þeirri meginhugsun, að brýna nauðsyn beri til að reyna að stöðva verðbólguna. Um hitt greinir menn á, hvort nauðsynlegt hafi verið að færa vísitöluna niður með eftirgjöf um 10 stig, til þess að hægt væri að láta endana ná saman. Því er haldið fram, að hægt sé að veita framleiðsluatvinnuvegunum nauðsynlega aðstoð án þess, að til þurfi að koma nokkur bein lækkun á kaupgjaldi bótalaust. Þetta tel ég að sé ekki rétt, og það má mikið vera, ef það reynist ekki fullerfitt að láta dæmið ganga upp, þó að þessi eftirgjöf eigi sér stað. Um það má auðvitað alltaf deila, hve mikil aðstoðin þurfi að vera á hverjum tíma. M. a. er því haldið fram, að nýgerðir samningar við sjávarútveginn geri e. t. v. ráð fyrir óþarflega mikilli aðstoð við þann atvinnuveg. Um þetta atriði hefur nokkuð verið rætt hér í hv. d. í sambandi við frv. um breyt. á l. um útflutningssjóð, en ég tel alveg vafalaust af þeirri reynslu, sem ég hef haft af samningagerðinni, að ef samningar hefðu ekki verið gerðir á svipuðum grundvelli og gert var, þá hefðu róðrar ekki hafizt upp úr áramótum, eins og þeir þó gerðu.

N. hefur orðið sammála um að gera eina brtt. við 1. gr. frv. Þessi till. er á þskj. 195 og miðar að því, að bætur, sem kunna að verða greiddar úr atvinnuleysistryggingasjóði, verði miðaðar við vísitölu 185. Virðist eðlilegt, ef til slíkra bótagreiðslna kemur, að þá sé miðað við þá upphæð, sem hefði verið greidd skv. þeirri vísitölu.

Þá var allmikið rætt um 2. og 3. gr. frv., m. a. við hagstofustjóra. Það er augljóst, að leiga á ýmiss konar leiguhúsnæði, þar sem í leigusamningi er miðað við breytingu samkvæmt húsaleiguvísitölu, getur lækkað nokkuð. Um leigu á öðru húsnæði er erfiðara að segja, enda held ég, að sannleikurinn sé sá, að það er fyrst og fremst framboð leiguhúsnæðis, sem ræður húsaleigu yfirleitt á hverjum tíma, eða svo held ég að það hafi verið a. m. k. á undanförnum árum.

Varðandi 7. og 8. gr. frv. vil ég aðeins láta þess getið, að fjhn. barst bréf frá framleiðsluráði landbúnaðarins, sem ég vil leyfa mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta, það er útskrift úr gerðabók:

„Framleiðsluráð hefur enn tekið til athugunar frv. ríkisstj. um niðurfærslu verðlags, launa o. fl. Eru það einkum eftirfarandi atriði, sem ráðið vill benda ríkisstj. og Alþingi á og það óskar að fáist leiðrétt í frv.:

1) Áður en ákveðin er niðurfærsla á verði landbúnaðarafurða, verði reiknað með þeirri grunnkaupshækkun, sem varð á hinu almenna verkamannakaupi í Reykjavík á s. l. hausti umfram það, sem gert er ráð fyrir í verðlags-

grundvellinum, þ. e. 9.5% í stað 6% á launalið grundvallarins, sem er um 2% á grundvellinum í heild.

2) Ef sú regla yrði látin gilda yfirleitt, að kaupgjald og afurðaverð, sjávarafurðir og landbúnaðarafurðir, breytist ekki vegna vísitölubreytingar, nema vísitalan hækki eða lækki um 2% eða meira í stað 5 stiga, gæti framleiðsluráð fallizt á það fyrir sitt leyti. Að öðru leyti verði engar slíkar takmarkanir settar á breytingar afurðaverðs.

3) Breyta skuli verði landbúnaðarvara ársfjórðungslega til samræmis, ef breytingar eiga sér stað á grunnkaupi almennra verkamanna í Reykjavík.

Eru þessar ábendingar um breytingar í samræmi við viðtöl þau, sem framleiðsluráð og fulltrúar þess hafa átt við ríkisstj. að undanförnu. Þó skal á það bent, að því er varðar 2. tölulið, að í frv. er gert ráð fyrir útreikningi á vísitölu út frá öðrum grunni en framleiðsluráði var kunnugt um, þegar það ræddi við ríkisstj.

Rétta útskrift vottar Sveinn Tryggvason."

N. sem heild sá sér ekki fært að taka þessar óskir framleiðsluráðsins til greina, en einstakir nm. flytja brtt., sem hníga í þessa átt.

Varðandi 9. gr. frv. sé ég ekki ástæðu til að ræða mikið nú, þar sem það hefur verið gert rækilega í gær og dag hér í hv. d. við umr. um frv. um breyt. á lögum um útflutningssjóð. Þó vil ég aðeins taka fram vegna þess fyrirvara, sem settur var af hálfu samninganefndar sjómanna, að það upplýstist þegar eftir undirskrift samninganna, að samninganefnd sjómanna leit tvennum augum á fyrirvarann. Þrír af sex nm. sjómanna litu einmitt svo á fyrirvarann, að hann ætti ekki við breytingu á vísitölu. Hinir 3 voru á annarri skoðun. Hlaut því að koma í hlut hæstv. ríkisstj. að segja til um sinn skilning á málinu. En ég hef hér samning á milli Landssambands ísl. útvegsmanna og sjómannasamtakanna innan Alþýðusambands Íslands, sem var undirritaður að morgni þess 3. jan., en í þeim samningi segir svo í 6. gr., með leyfi hæstv. forseta, 6. gr. hljóðar svo:

„Aðilar eru samþykkir yfirlýsingu ríkisstj. um, að fiskverð skuli hækka eða lækka, ef vísitala breytist frá 185 stigum."

Ég tel alveg vafalaust, að þegar þessi grein var samþ. og frá henni gengið og samningurinn undirritaður, þá hafi öllum aðilum verið fullljóst, hvað hér var um að ræða.

Varðandi 10. gr. frv., sem fjallar um niðurfærslu verðlags á hvers konar vöru og þjónustu, skal ég ekki heldur vera margorður. Verðlagsyfirvöld fara með framkvæmd þessa atriðis, og verður það vafalaust talsvert verk að umreikna verð á vöru og þjónustu til lækkunar, svo sem gert er ráð fyrir í frv. En samkvæmt lögum verður þetta vitaskuld ákveðið af viðskmrn. og innflutningsskrifstofunni.

Það eru vitanlega skiptar skoðanir um það, hvort með þessu frv. sé stefnt í rétta átt í framvindu efnahagsmála okkar. Úr því sýnist mér reynslan verða að skera. En það er þó ekki hægt að segja annað af neinni sanngirni heldur en alvarleg tilraun sé nú gerð til þess að reyna að stöðva það mikla verðbólguflóð, sem við blasir.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég skal ekki á þessu stigi málsins blanda mér í þær almennu umr. og deilur, sem orðið hafa um þetta mál, en vil aðeins um það segja það, sem raunar ætti að vera ljóst, að þegar sjálfstæðismenn skömmu fyrir áramótin eða þegar til Sjálfstfl. var um það leitað fyrir áramótin að gera tilraun til stjórnarmyndunar og þeir framkvæmdu þær tilraunir sínar eða formaður flokksins, þá var lögð á það höfuðáherzla af hálfu sjálfstæðismanna, að í efnahagsmálunum yrði óhjákvæmileg byrjunarráðstöfun sú að stöðva verðbólguna. Nú skal ég ekki rifja þetta frekar upp að öðru leyti en því, að eins og kunnugt er, þá mistókust þessar tilraunir sjálfstæðismanna, en hins vegar hafa sjálfstæðismenn tekið að sér þann stuðning við núv. hæstv. ríkisstj., sem margsinnis hefur komið fram hér, að verja hana vantrausti, meðan hún ynni m. a. að framgangi þessa máls, sem að vísu er í nokkrum einstökum atriðum ekki alveg í sama formi og við hefðum helzt kosið, en stefnir þó að því meginsjónarmiði, sem sjálfstæðismenn lögðu áherzlu á, að stöðva verðbólguna í landinu.

Annars eru það aðeins brtt., sem ég hef flutt hér, sem ég vildi gera að umtalsefni. Eins og fram kom hjá frsm. meiri hl. fjhn., lá fyrir n. erindi frá framleiðsluráði landbúnaðarins, þar sem var farið fram á tvenns konar breytingar á frv., og hef ég á þskj. 194 tekið upp tvær af þessum tillögum, sem fram voru bornar af hálfu framleiðsluráðsins.

Þessar brtt. eru báðar við 8. gr., en þar er tekið upp það nýmæli, að framleiðsluráði landbúnaðarins sé nú heimilt að hækka afurðaverð til framleiðenda svarandi til þess, að laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara séu færð til samræmis við þá vísitölu, sem verðlagsuppbótarlaun eru greidd eftir, frá sama tíma og samkvæmt ákvæðum 6. gr. þrisvar sinnum á ári, til viðbótar við þá almennu ákvörðun um verðlagsgrundvöllinn, sem fram til þessa hefur ætíð verið gerð að haustinu, 1. sept.

Hér er bændum skapaður nýr réttur til þess að fá lagfærðan þeirra verðlagsgrundvöll, ef miklar breytingar eru á tilkostnaði og kaupgreiðslum í landinu, og ætti þeim að geta orðið það til mikilla hagsbóta. Á þessu var þó sá hemill, að slík heimild á ekki eftir 8. gr. frv. að koma til framkvæmda, nema breytingin á vísitölunni eða hækkun sé minnst 5 stigum hærri en sú vísitala, sem afurðaverðið var síðast ákveðið eftir.

Nú gerðu fulltrúar landbúnaðarins eða framleiðsluráðsins grein fyrir því í sínu bréfi, eins og fram kom áðan, að þegar á sínum tíma hafði verið við þá um þetta rætt, þá hefði á þessi fimm stig verið fallizt af þeirra hálfu út frá þeirri hugsun, að þeim var þá ekki ljós sá umreikningur eða breyting á vísi-

tölunni, sem nú er ráðgerð með þessu frv. að taki gildi 1. marz, og fóru því fram á, að þetta yrði lækkað, þessi hemill yrði lækkaður úr 5 stigum niður í 2 stig. Það má segja, að það sé á móti þeim höfuðtilgangi að verjast breytingum á verðlagi og kaupgjaldi. En hins vegar er hitt rétt, að það mundi verða sáralítill munur á 2 stigum eftir nýju vísitölunni og 5 stigunum eftir þeirri vísitölu, sem við nú höfum, eða m. ö. o., eftir að vísitalan 175 verður færð á grundvöllinn 100 frá 1. marz, svo að frá þessu sjónarmiði hef ég talið sanngjarnt að fallast á þetta og flutt þess vegna till. í samræmi við þær óskir, sem fram voru bornar í umræddu bréfi.

Þá var einnig þess óskað, að verðlagsráðinu væri heimilað að hækka afurðaverðið, á sama hátt og ég nú hef greint í samræmi við hækkun vísitölu, ef hækkanir á grunnkaupi ættu sér stað, þ. e. a. s. grunnkaupi í almennri verkamannavinnu í Reykjavík, á undangengnu þriggja mánaða tímabili.

Þetta er að vissu leyti einnig þess eðlis, að það getur skapað meiri hreyfingar, og þess vegna dregur úr þeirri festu, sem er nú höfuðtilgangurinn, að reyna að halda verðlaginu sem stöðugustu. Á hitt er hins vegar bent, eins og fram hefur komið í umr., sérstaklega um frv. um breyt. á l. um útflutningssjóð, að gert hefur verið ráð fyrir því, að að einhverju leyti a. m. k. verði í samningunum við útvegsmenn við þetta breytingar á grunnkaupinu miðaðar, og hef ég því talið, að það væri ekki óeðlilegt frá því sjónarmiði, að hér kæmi fram meira samræmi en ella væri á milli aðstöðu bændanna annars vegar og útvegsmannanna hins vegar. Þó er ekki alveg ljóst, hvað kann að felast mikið í samkomulagi ríkisstj. um þetta í sambandi við samningana við útvegsmenn og sjómenn, og víst er það rétt, að það er ekki bundið í lögunum eftir því frv., sem hér liggur fyrir, 9. gr., en um þetta segir þó í grg. frv. frá hæstv. ríkisstj. um útflutningssjóð, 90. mál, með leyfi hæstv. forseta: „Í samningum þeim, sem gerðir voru milli bátasjómanna og útvegsmanna, er ráð fyrir því gert, að skiptaverð hækki og lækki með breytingum á kaupgreiðsluvísitölu. Í framhaldi af þessu varð í samningum ríkisstj. við útvegsmenn að gera ráð fyrir, að þeir gætu fengið bætta þá hækkun rekstrarkostnaðar, er af slíkum kaupbreytingum og breytingum á grunnkaupi leiddi.“

Það er, eins og ég segi, nokkuð til samræmis við þennan hugsunarhátt, sem ég hef fyrir mitt leyti fallizt á eða tekið upp þessa ósk framleiðsluráðs landbúnaðarins, eins og hún lá fyrir fjhn.

Þá var þriðja ósk framleiðsluráðsins sú, sem fram kom hér áðan, að bændur fengju nú þegar leiðréttingu á verðlagsgrundvellinum frá því í haust vegna hækkunar á Dagsbrúnarkaupi, sem varð frá því að verðlagning landbúnaðarafurðanna var ákveðin 1. sept. eða síðar í septembermánuði, og það er verðhækkun, sem bændur eiga tvímælalaust rétt til, en að óbreyttum lögum hins vegar mundi ekki koma inn í verðlagsgrundvöll þeirra fyrr en 1. sept. á þessu ári. Það má segja, að það sé nokkuð sanngirnismál að fara þess á leit, einkum og sér í lagi þegar er verið að flytja till. um það og fallast á að hreyfa oftar verðlagsgrundvöllinn en ella væri. En hitt er líka rétt, að í sjálfu sér eiga bændur ekki rétt á þessu fyrr en nú næsta haust, og auðvitað mundi það nokkuð draga úr þeim verðlækkunum, sem stefnt er að einmitt og mikilsvert að komi sem fyrst fram á landbúnaðarvörunum, ef fallizt væri á þetta sjónarmið. Og þó að fulltrúar bænda hafi tilhneigingu þarna til þess að óska eftir slíku sem þessu, þá verða þeir einnig á sama tíma að hafa í huga, að hér hefur verið fallizt á mjög mikilvægt atriði í sambandi við verðlagningu landbúnaðarafurðanna, sem felst í 8. gr., að verðbreytingar í sambandi við kaupgreiðsluvísitölu og breytingar á grunnkaupi, ef tillögur um það verða samþykktar, séu reiknaðar út fjórum sinnum á ári, en fram til þessa aðeins árlega.

Með vísun til þessa verð ég að segja fyrir mitt leyti, að ég treysti mér ekki til að taka upp þessa ósk, sem var sú þriðja, og þar sem ég hef fyrir mitt leyti líka orðið að fallast á þau sjónarmið hæstv. ríkisstj., að hér gæti skipt verulega máli að öðru leyti um framgang þessa máls, ef við þessu væri orðið nú.

Ég held, að það séu svo ekki fleiri atriði, sem ég þarf að taka fram í sambandi við þetta mál að svo komnu.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Ég var á mælendaskrá við 1. umr. málsins, en var forfallaður sökum lasleika, og tek þess vegna til máls við þessa umr.

Ég vil taka það fram strax, að ég fylgi þessu frv. vegna þess, að ég tel það vera nauðsynlegt spor í rétta átt. Með því er að vísu aðeins tekinn til úrlausnar einn þáttur dýrtíðarmálanna, og verður því að líta á þetta frv. sem fyrsta skrefið til þess að leysa þau vandamál, enda munu flestir gera sér grein fyrir því. Ég mun ekki ræða einstök atriði frv., enda liggur það nokkuð ljóst fyrir, en ég ætla í þess stað að ræða nokkuð um dýrtíðarmálin á víðari grundvelli, þar sem meginþættir þessa máls eru óleystir, þó að þetta frv. verði samþ. Ég ætla ekki að blanda mér í deilur milli flokka, sem fóru fram við 1. umr. málsins, um það, hvaða flokkur eða hvaða flokkar ættu sök á þeim margháttuðu orsökum, sem hafa magnað óvætt verðbólgunnar. Að sjálfsögðu er nauðsynlegt að geta lært af þeim mistökum og óskynsamlegum ráðstöfunum, sem aukið hafa verðbólguna og gert hana að hættulegu fyrirbrigði í þjóðlífinu. En hitt skiptir ekki meginmáli, hverja við getum ásakað, heldur staðreyndin, sem við stöndum frammi fyrir, sú óhugnanlega staðreynd, að allt efnahagslíf þjóðarinnar getur hrunið í rúst, ef ekki eru nú gerðar ráðstafanir, sem geta hindrað þann ófarnað. Öngþveiti lítillar þjóðar brennur engum á baki nema henni sjálfri, og þess vegna þarf hún ekki að vænta þess, að lausnin á erfiðleikunum

komi utan frá. Nei, lausnin verður að koma innan að, frá henni sjálfri. Hún verður að bjarga sér sjálf, hún verður að bera sína eigin byrði, og hún verður að fórna, ef fórnar er þörf. En umfram allt verður hún að gera sér grein fyrir því, hvar skórinn kreppir og hverra aðgerða er þörf. Hún verður að horfa gegn staðreyndunum og gera sér ljóst, hvar hún stendur, hvernig hún stendur og hvernig á því stendur, að hún getur nú ekki lengur flotið undan straumi án þess að eiga það á hættu, að skip hennar brotni í spón.

Ég hef ætíð verið þeirrar skoðunar, að fyrst og fremst eigi að segja þjóðinni umbúðalaust, hvað að gangi, þegar af henni er ætlazt, að hún taki með skilningi og stillingu þungbærum ráðstöfunum, sem gerðar eru af illri nauðsyn.

Ég veit, að margir líta á þetta sem litla stjórnvizku og telja hitt farsælla, að sýna ekki þjóðinni framan í hætturnar og óþægindin, eins og þau eru í raun og veru, og nefna þess vegna ekki alltaf hlutina með sínu rétta nafni. Af því leiðir að sjálfsögðu oft, að ekki er skorið fyrir meinið eins og þyrfti að gera af ótta við stundaróvinsældir, sem sársaukinn af aðgerðunum kann að hafa í för með sér.

Um þetta geta menn deilt. En í mínum huga eru engar efasemdir um það, að skemmsta leiðin að markinu er sú að segja þjóðinni sannleikann hispurslaust. Ég trúi því, að enginn flokkur muni til lengdar tapa á því að segja fólkinu það sanna og rétta í hverju máli, sérstaklega þar sem dómgreind og raunsæi almennings er á jafnháu stigi og hér á landi. En eina hættan, sem mér finnst á því, að dómgreind og raunsæi almennings fái að njóta sín, er sú stéttarsefjun, sem nú er róið undir hér á landi og kemur fram í því, að áróðursmenn stéttanna, hverrar um sig, hvetja þær til þess að heimta til sín gæði sér til handa án tillits til þess, hvaða áhrif það hefur á hag og afkomu þjóðarheildarinnar.

Engin stétt getur lifað út af fyrir sig eða starfað án annarra, ekki frekar en hjól í stórri vél, þar sem öll hjólin verða að snúast, til þess að hún geti gengið. Stéttir þjóðfélagsins verða fyrst og fremst að gera sér grein fyrir og viðurkenna þessa einföldu staðreynd, ef skipulag þjóðfélagsins á ekki að liðast í sundur af deilum og sérhyggju.

Undanfarið hefur það verið að smáskýrast í hugum manna vegna þeirra erfiðleika, sem nú hefur að höndum borið, af hvaða rótum þeir erfiðleikar eru runnir, sem nú safnast eins og svart ský yfir höfði þjóðarinnar. Erfiðleikarnir eru að sjálfsögðu af mörgum rótum runnir, og það má segja, að þeir séu afleiðingar langvarandi sjúkdóms í atvinnu- og sálarlífi þjóðarinnar. En af þeim mörgu orsökum, sem verðbólgunni valda, hygg ég að þó sé ein, sem mestu hefur valdið nú síðustu árin og er að gera hraðann óstöðvandi, það er sú óhrekjanlega staðreynd, að landsmenn hafa síðasta áratuginn lifað um efni fram. Það er almennt viðurkennt, að lífskjör manna hér á landi eru yfirleitt betri en í flestum öðrum löndum. En það, sem þjóðin hefur aflað undanfarin ár, hefur ekki hrokkið til að halda við þeim lífskjörum, sem hún hefur notið og hún hefur gert kröfu til. Til þess að halda við þeim lífskjörum hefur þjóðin þegið miklar gjafir og tekið stórlán. Lífskjörunum hefur verið haldið uppi með erlendri hjálp. Engin þjóð getur til lengdar byggt efnahagslíf sitt á slíkum grundvelli. Þegar hin utanaðkomandi aðstoð rennur til þurrðar, og að því hlýtur að koma fyrr eða seinna, þá stöðvast hjól atvinnulífsins og erfiðleikarnir halda innreið sína, nema þjóðin geri sig ánægða með að lifa á því, sem hún aflar.

Andvaraleysið hefur nú í mörg ár haft bólfestu í landi okkar. Það hefur sljóvgað tilfinninguna fyrir því, að það sé hægt að tapa sæmd sinni ekki síður en velgengni með því að vera þiggjandi. Það hefur leitt af sér lausung og ábyrgðarleysi í meðferð fjármuna, bæði hjá einstaklingum og hinu opinbera.

Allt þetta hefur runnið að einum ósi, að ósi verðbólgunnar, sem nú rís eins og flóðalda og reynir að brjóta af sér stíflugarðana.

Ég sagði áðan, að þjóðin hefði haldið undanfarið uppi lífskjörum sínum með erlendum gjöfum og lánum. Ég ætla ekki að setja það reikningsdæmi upp hér. En ég vil aðeins geta þess út af umr., sem farið hafa fram um þetta atriði, að erlendar skuldir þjóðarinnar um s. l. áramót eru taldar 718 millj. kr., reiknað á núverandi bankagengi, sem verður með 55% yfirfærslugjaldi 1113 millj. kr. Við þetta mætti svo bæta lánum, sem hafa verið tekin eða gerðir samningar um, en ekki notuð. En þetta er sú skuld, sem talið er að þjóðin sé í erlendis um s. l. áramót. Skuldaaukning þjóðarinnar er gífurleg. Þótt telja megi, að talsverður hluti erlendu skuldanna hafi gengið til þarflegra fyrirtækja, þá getur það ekki leikið á tveim tungum, að skuldabagginn er nú orðinn svo þungur, að fullrar aðgæzlu er þörf. Þessi skuldasöfnun, að því leyti sem hún hefur gengið til þess að greiða eyðslu þjóðarinnar umfram aflaðar tekjur, hefur stuðlað að sjálfsögðu að þeirri fjármálaupplausn, sem nú blasir við.

Síðustu árin hefur Vestur-Evrópa smám saman með samvinnu milli landanna og skynsamlegum efnahagsráðstöfunum verið að treysta fjárhag sinn og atvinnuvegi í því skyni að bæta kjör fólksins og koma á eðlilegu frjálsræði í viðskiptum þjóðanna, en slíkt frjálsræði getur aðeins byggzt á efnahagslegu jafnvægi. Ísland hefur allan þennan tíma, sem þessi samvinna hefur staðið, verið þátttakandi í samvinnu þessara þjóða án þess að uppfylla þau skilyrði, sem sett voru fyrir samvinnunni, nema að mjög litlu leyti. Síðustu árin hefur Ísland enga samleið átt með þessum vestrænu þjóðum að þessu leyti. Þau héldu í áttina til aukins frjálsræðis, meðan við héldum á ný inn á braut hafta, opinbers eftirlits og nefndaskriffinnsku, sem kollvarpaði algerlega því viðskiptafrelsi, sem komst á í byrjun þessarar efnahagssamvinnu vestrænu þjóðanna.

Nú um áramótin gerðust þau merkilegu tíð-

indi, að flest þau lönd, sem að samvinnunni stóðu, stigu síðasta sporið á þeirri braut, sem þau hafa fetað sig á einn heilan áratug, með því að gefa frjálsa gjaldeyrissölu þjóða á milli og þar með viðskiptin milli þjóðanna. En meðan þetta gerist í nágrannalöndum okkar, er íslenzka þjóðin skuldunum vafin í flestum viðskiptalöndum sínum. Engan hlut, sem kostar meira en ein máltíð í veitingahúsi, er hægt að flytja inn án leyfis, enga krónu er hægt að fá yfirflutta til útlanda án þess að útfylla til þess beiðnir og bíða nokkrar vikur eftir svari. Ef farareyrir fæst til útlanda, er hann af svo skornum skammti, að svartur markaður á erlendum gjaldeyri hefur sprottið upp á öðru hverju götuhorni.

Menn munu halda, að hér sé fulldjúpt tekið í árinni. En ef þeir vilja kynna sér þetta *mál nánar, þá munu þeir komast að raun um*, að svartur markaður á gjaldeyri hér á landi er alveg furðulegur. Að vísu er það ekki meira en er í löndum, þar sem efnahagsástand er svipað og hér. Í þeim löndum hafa ferðamenn ekki frið fyrir mönnum, sem elta þá á götunum til þess að bjóða þeim helmingi hærra verð í gjaldeyri en bankar landsins kaupa hann fyrir.

Allt er þetta rökrétt afleiðing af þeirri ringulreið, sem orðið hefur á efnahagskerfi landsins undanfarin ár, vegna þess að þjóðin krafðist meira en hún aflaði, vegna þess að hún til þess að dylja þá staðreynd gerði aðalatvinnuveg sinn, útflutningsframleiðsluna, að styrkþega, og vegna þess að óttinn við þessi grundvallarmistök gerði að engu traustið á gjaldeyri landsins. Þegar svo var komið, settist eyðslan í forsætið hér á landi, og því harðari sem snúningurinn verður á verðbólgunni, því meir eykst eyðsluviðleitnin hjá þjóðinni.

Í sambandi við þessar hugleiðingar langar mig til að minnast lítillega á eitt mál, sem er lítill gaumur gefinn, eins og sakir standa. En eins og allir vita, eru til gjaldeyrissamtök, sem heita sterlingssvæðið eða Sterling Area á ensku máli. Í þessum samtökum eru Bretland, nýlendur þess, Ástralía, Nýja-Sjáland, Írland og Ísland. Ég hygg, að það séu margir Íslendingar, sem hafa ekki hugmynd um, að Ísland er á sterlingssvæðinu, og mundi mörgum þykja súrt í broti, eins og núna standa sakir, að Ísland sé þar sem ein nýlenda Breta. En í byrjun stríðsins gerðist Ísland aðili að þessari samþykkt, vegna þess að álitið var að það gæti bjargað okkur frá dollaraskorti. En um það leyti hafði Bretland stofnað sérstakan dollarasjóð fyrir sterlingssvæðið, sem átti að hjálpa þessum löndum, ef þau kæmust í vandræði með dollara, enda áttu þau þá að skila öllum sínum dollaratekjum í sjóðinn. En við þurftum aldrei að nota þennan dollarasjóð, og við greiddum heldur aldrei neitt í sjóðinn, hvorki fyrr né síðar. Það varð til þess, að þessi aðild okkar að sjóðnum í raun og veru varð aldrei annað en nafnið tómt og veitti okkur ekki nein hlunnindi. En nú er svo komið vegna síðustu ráðstafana í gjaldeyrismálum, sem gerðar hafa verið í Evrópu, að frjálst er að kaupa dollara í Bretlandi fyrir erlendar þjóðir, en ekki fyrir Breta sjálfa eða þau lönd, sem eru á sterlingssvæðinu. M. ö. o.: Ísland hefur ekki formlega neinn rétt til þess að kaupa dollara í Bretlandi, eins og t. d. Danmörk eða Noregur. Það virðist því tímabært að athuga, hvort rétt sé fyrir Ísland að halda áfram að vera í þessum samtökum, þegar er sýnilegt, að það hefur aldrei haft nein not af því og hefur nú frekar skaða af því, eins og málum er komið. Hitt getur svo verið, að Bretar veiti Íslandi heimild til að kaupa dollara. En það haggar ekki þeirri staðreynd, að Ísland er á sterlingssvæðinu og hefur ekki formlega réttinn.

Um það eru allir sammála, að stöðvun verðbólgunnar sé þjóðarnauðsyn. Jafnvel kommúnistar þykjast vera á þeirri skoðun. En stöðvunin er að *minu áliti meira en venjuleg þjóðarnauðsyn*. Hún er skilyrði fyrir því, að íslenzkt þjóðfélag liðist ekki í sundur í nálægri framtíð vegna efnahagslegrar brjálsemi. En efnahagslega brjálsemi kalla ég það, þegar allt er að fara úr böndunum vegna deilu um, hvað sé rétta leiðin, þegar útflutningsframleiðslan þarf allt að 500 millj. í styrk til þess að framleiða útflutningsvörur fyrir 1000 millj., þegar ríkissjóður þarf til sinna þarfa sem svarar nær öllu útflutningsverðmæti landsmanna, og þegar eitt mesta góðæri, sem yfir þetta land hefur gengið til lands og sjávar, leiðir af sér eina mestu gjaldeyriskreppu, sem yfir þetta land gjaldeyrisskortsins hefur gengið. There is something rotten in the state of Denmark, sagði Hamlet. En hvað mundu Íslendingar geta sagt, ef þeir litu í eigin barm? Ef þetta er nú svo, er þá hægt fyrir Alþingi, sem ber alla ábyrðina gagnvart þjóðinni, að láta sem ekkert sé og enginn vandi á höndum? Getur það látið dagana líða hvern eftir annan í þögn og aðgerðarleysi, meðan meinsemdin í efnahagslífi og atvinnulífi þjóðarinnar breiðist út eins og krabbamein?

Ég geri ráð fyrir því, að flestir séu sammála um það, að ekki sé unnt að komast hjá því að gera bráðabirgðaráðstafanir í svipinn, eins og þær, sem hér er stefnt að, er stöðvað geti verðbólguna þegar í stað og fært til baka framleiðslukostnaðinn. En þótt slík ráðstöfun sé gerð, einungis til þess að geta fótað sig á svellinu, eru meginverkefnin óleyst eftir sem áður, og lausn þeirra er svo aðkallandi, að þetta ár má ekki líða svo, að atvinnulíf og efnahagslíf landsmanna komist ekki að verulegu leyti á traustan og heilbrigðan grundvöll.

Í þessu sambandi vil ég minnast á þrjú meginatriði, sem ég tel að verði að taka til greina og leysa á réttan og raunhæfan hátt, ef giftusamlegar ráðstafanir í efnahagsmálunum eiga að takast. Ég veit, að lausn þessara þriggja atriða getur valdið deilum. Þess vegna vil ég taka fram, að það, sem ég segi, eru mínar persónulegu skoðanir.

Þau atriði, sem ég ætla að minnast á, eru vísitalan, gengið og útflutningsstyrkirnir.

Frá þeim tíma, er vinnulaun og verð landbúnaðarvara voru órjúfanlega tengd vísitölu framfærslukostnaðar, en síðan eru, ef ég man rétt, um 15 ár, hefur verðbólgan, ef svo mætti segja, matazt á þeim víxláhrifum, sem verðlagið í landinu hefur orðið af þessum sökum. Við þekkjum allir, hvernig skrúfan gengur. Verðlagið eltir kaupgjaldið, kaupgjaldið eltir verðlagið, þangað til verðlagið fer aftur að elta kaupgjaldið. Þessi hringekja er öllum svo kunn, að ég ætla ekki að lýsa nánar þessu sjúklega þjóðfélagsfyrirbrigði. En þjóðin, eftir þann langa tíma, sem hún hefur verið að berjast við að hindra það, að vísitölukvörnin malaði skip hennar í kaf, ætti nú að vera farin að skilja, að það er hættulegt að láta kvörnina mala lengur. Með því móti getum við ekki haldið skipinu á floti. Og að lokum verða þeir verst úti, sem vísitölukvörnin átti að tryggja réttláta afkomu.

Ég hygg, að óhætt sé að fullyrða, að þau lönd í Evrópu og Ameríku, sem nú búa við öruggan fjárhag, stöðugt verðlag og frjálsa verzlun, hafa aldrei farið inn á þá braut að láta framfærsluvísitöluna ákveða sjálfkrafa kaupgjald og framleiðslukostnað. Fyrir þjóðir, sem þurfa að byggja tilveru sína aðallega á útflutningi, eins og Íslendingar, er slíkt sama og að bjóða óstöðvandi verðbólgu heim, enda höfum við fengið af því smjörþefinn. Það er haft eftir einum sérfræðingi okkar, sem mikið hefur fengizt við þessi mál nú upp á síðkastið, að án stöðvunar á víxláhrifum vísitölunnar sé engin lækning möguleg til frambúðar á því krabbameini, sem efnahagskerfi okkar þjáist af.

Menn munu nú spyrja hvaða leiðir séu hugsanlegar til þess að losna við víxláhrif vísitölunnar. Að sjálfsögðu verður að gera sér grein fyrir, að launastéttirnar í landinu og bændastéttin, sem fá hækkuð laun sín eftir því, sem vísitalan hækkar, muni ógjarnan vilja gefa upp þennan mælikvarða á launatekjur þeirra, jafnvel þótt hægt sé að sýna fram á með rökum, að fastheldni við vísitölukaupið er beinasta leiðin til ófarnaðar. En þetta er mannlegt, og ég dæmi engan fyrir það, sérstaklega ekki á þeim tíma, þegar allt verðlag er á hverfanda hveli. Mér sýnist þess vegna, að afnám víxláhrifa vísitölunnar, sem er grundvallarskilyrði fyrir heilbrigðu efnahagslífi í framtíðinni, verði ekki framkvæmt fyrr en gerðar hafa verið aðrar ráðstafanir fyrst, sem miði að því að koma á heilbrigðu jafnvægi í efnahagskerfinu og endurreisi traust almennings á verðgildi krónunnar. Þegar það hefur verið gert og ró færist yfir verðsveiflurnar, er kominn tími til að nema burt sýkilinn, sem valdið hefur hitasóttinni í efnahagskerfinu. En verði þá ekki til hugrekki eða skilningur til að stíga það spor, blossar sjúkdómurinn upp á ný og eitrar efnahagslíf landsins með þeim afleiðingum, sem verður ekki séð út yfir að sinni.

Kommúnistar hafa reynt og reyna enn að telja þjóðinni trú um, að hægt sé að hækka kaup, eins og ástæður eru nú hér á landi, án þess að kauphækkunin sé jafnóðum sótt í vasa almennings með hækkuðum álögum. Þetta er hin mikla pólitíska blekking, sem haldið hefur íslenzku efnahagslífi í heljargreipum verðbólgunnar í nálega tvo áratugi. Kommúnistar hafa enn fremur valið sér þá rökvana stefnu í efnahagsmálunum að telja almenningi trú um það, að gengislækkun sé glæpur gagnvart þjóðinni, glæpur, sem sporna verði við, hvað sem öðru líður. Þessi staðhæfing er annaðhvort sprottin af barnalegri fáfræði, sem þeim er ekki trúandi til, eða pólitískri spákaupmennsku, sem mér þykir líklegra. En þeir eru í þessu, sem mörgu öðru, ekki sjálfum sér samkvæmir. Þeir hafa sjálfir með þátttöku og stuðningi við síðustu ríkisstjórn samþykkt stórkostlega gengisskerðingu krónunnar beint og óbeint með sérstökum skatti, 55% gjaldeyrisskatti, og nýjum aðflutningsgjöldum. Allt er þetta auðvitað gert til þess að leiðrétta gengi krónunnar, því að engin þjóð, sem nokkur viðskipti hefur við útlönd, getur til lengdar haft mjög rangt gengi án þess að verða að leiðrétta það, opinberlega eða grímuklætt. En svo koma þessir góðu menn fram, kommúnistarnir, sem með lagasetningu hafa lækkað gengi krónunnar stórkostlega á tveimur árum, og hamra á þeirri furðulegu firru, að ekki megi hrófla við gengi krónunnar til þess að komast út úr efnahagsflækjunni og öngþveitinu, sem þeir hafa manna mest verið valdir að. Um það stoðar ekki að deila, hvernig sem reynt er að dylja staðreyndirnar, að gildi krónunnar er fallið stórlega. Og allt, sem gert er til að leyna þeirri staðreynd um stundarsakir, — því að lengur verður það ekki gert, — það er allt saman ráðstafanir til bráðabirgða. Það er allt saman tjaldað til einnar nætur.

Rétt gengi er bráðnauðsynlegur þáttur í heilbrigðu efnahags- og atvinnulífi hverrar þjóðar. Og mikið af þeim erfiðleikum, sem nú steðja að í efnahagsmálunum, hefur sprottið af því, að gengi krónunnar er ekki rétt skráð. Ástæðan fyrir því er að mínu áliti tvenns konar: annars vegar óttinn við óvinsældir meðal almennings af beinni gengislækkun, en hins vegar skortur á pólitískri og efnahagslegri undirstöðu, sem gengisbreyting verður að byggjast á, ef hún á að koma að gagni. Gengisbreyting, þótt hún sé bráðnauðsynleg, er tilgangslaus og jafnvel skaðleg, ef hún er jafnóðum gerð gagnslaus með samsvarandi hækkun á kaupgjaldi og verðlagi. Þess vegna þarf annað hvort að gerast, að öruggt sé, að gengislækkun mæti fullum skilningi hjá þjóðinni eða hún sé gerð í áföngum, til þess að verðbreytingin valdi ekki svo mikilli og skyndilegri breytingu á högum þjóðarinnar, að hún snúist til virkrar andstöðu við þessa óþægilegu, en bráðnauðsynlegu aðgerð.

Þegar fyrrv. stjórn var að fást við efnahagsmálin, kvaddi hún hingað erlenda sérfræðinga sér til ráðuneytis til þess að segja álit sitt um það, hvað bæri að gera til þess að komast út úr þeim vandræðum, sem þjóðin var þá komin í. Stjórnin var margspurð um

það, hvað þessir erlendu sérfræðingar hefðu lagt til. Út úr henni fékkst ekki orð. Hvers vegna? Vegna þess að hinir erlendu sérfræðingar lögðu til, að framkvæmd yrði bein gengislækkun til þess að ráða bót á því misvægi, sem komið var í efnahagskerfinu. Að sjálfsögðu þurfti að gera ýmsar ráðstafanir til þess að tryggja, að slík ráðstöfun næði tilgangi sínum, en til þess mun stjórnin ekki hafa treyst sér.

Efnahagsstofnun Evrópu lætur árlega gera yfirlit um efnahagsástand þátttökuríkjanna. Þessi stofnun hefur nýlega gert skýrslu um efnahagsástandið hér á landi. Skýrslan er birt í síðasta hefti efnahagstímarits Landsbankans. Ég ætla ekki að ræða um þessa skýrslu hér, en niðurlagsorð hennar langar mig til að lesa upp, með leyfi hæstv. forseta, en þau hljóða svo:

„Það er mjög æskilegt, að eins fljótt og auðið er verði mismunandi útflutningsbóta- og innflutningsgjaldakerfi lagt niður og í staðinn tekin upp einföld og raunhæf gengisskráning."

Þetta eru niðurstöðuathuganir sérfræðinga Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu um efnahagsástand á Íslandi í dag.

Í mínum huga getur ekki valdið neinum deilum, að rétt gengisskráning er eitt höfuðskilyrði fyrir því, að efnahagsmálin komist í heilbrigt form. Það væri barnaleg sjálfsblekking að halda, að hægt sé að sneiða hjá því til langframa að skrá rétt gengi. En eins og ég hef tekið fram, þá er tilgangslaust að gera slíka ráðstöfun, fyrr en nauðsynlegur grundvöllur hefur verið lagður, sem tryggir, að ráðstöfunin beri tilætlaðan árangur. En því lengur sem dregst, að þessi og aðrar óhjákvæmilegar ráðstafanir séu framkvæmdar í efnahagsmálunum, því meir eitrar óvissan og tortryggnin allt efnahagslífið.

En af öllu, sem aflaga fer í efnahagslífinu, er þó að mínu áliti alvarlegust sú staðreynd, að útflutningsatvinnuvegi þjóðarinnar er haldið gangandi með stórkostlegum útflutningsbótum þannig, að landsmenn eru skattlagðir í flóknu kerfi, til þess að útflutningsframleiðsla geti starfað. Það einkennilega fyrirbrigði er nú að verða árlegur viðburður í þessu þjóðfélagi, að allur fiskifloti landsins verður að semja við ríkisstj. um það, hvaða verð hann eigi að fá á vertíðinni. Og ef samningar nást ekki við vinnuveitandann, sem er ríkissjóður, gerir flotinn verkfall, eins og hver önnur launastétt. Þetta er versta tegund ríkisrekstrar, sem hægt er að finna. Og í kapítalistisku þjóðfélagi, sem er byggt upp á frjálsum atvinnurekstri og eignarrétti einstaklinganna, stendur þetta fyrirkomulag eins og fleinn í því efnahagskerfi, sem byggt er upp til þess að starfa á gerólíkan hátt. Íslenzkt atvinnulíf og fjárhagskerfi verður þess vegna ætíð sjúkt og brenglað, meðal aðalatvinnuvegur landsins fær ekki að standa á eigin fótum, en er í þess stað gerður að styrkþega af almannafé og verður á hverju ári að berjast baráttu sem hver önnur launastétt þjóðfélagsins til þess að geta starfað. Þess vegna er lífsnauðsyn fyrir þjóðina að losa sjávarútveginn úr þeirri spennitreyju óviturlegrar ríkisíhlutunar, sem hann er í kominn, og þetta ástand heldur við því ömurlega öngþveiti, sem nú þjakar þjóðfélagið, — og því lengur sem það stendur, því meir hallar á ógæfuhliðina. En við skulum alveg gera okkur grein fyrir því, að þetta ástand lagast ekki, fyrr en tekin hefur verið upp rétt gengisskráning, sem byggist á traustu efnahagsjafnvægi. Þess vegna er rétt gengisskráning, byggð á nauðsynlegum öryggisráðstöfunum, undirstaða þess, að efnahagslíf landsins komist á heilbrigðan grundvöll. Og þess vegna verða allar ráðstafanir hér eftir að stefna að því, að sjávarútvegurinn fái rétt gengi fyrir gjaldeyrinn, rétta og heilbrigða hlutaskiptingu og að afnumdir verði allir styrkir. Eftir það á útvegurinn að sjá um sig sjálfur. Engin þjóð getur farsællega stundað sinn aðalatvinnuveg, ef sá atvinnuvegur þarf sífellt að standa í kröfustappi við ríkisvaldið sjálft um tilveru sína.

Ég efast ekki um, eins og ég tók fram í upphafi, að allir geri sér ljóst, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, sé aðeins fyrsta skrefið til þess að lagfæra það ástand, sem nú ógnar efnahagslífi landsmanna. Ef vel gengur, getur þetta stöðvað óheillaþróunina um stundarsakir. En eins og ég hef líka tekið fram, eru meginþættir vandamálsins enn óleystir, og þess vegna er ekki til setunnar boðið, þó að þetta frv. komist í gegnum þingið.

Mér finnst ástæða til að segja það, að ríkisstj. Alþfl. hefur sýnt lofsvert pólitískt hugrekki með því að leggja þessar till. fyrir þingið, sem vafalaust verða ekki eins vinsælar og þær eru nauðsynlegar. Flokkurinn hefur því sýnt meira raunsæi og meiri ábyrgðartilfinningu en kommúnistarnir sýna, hafa sýnt eða munu sýna. Kommúnistarnir leika nú þann loddaraleik að reyna að telja almenningi trú um, að hag hans sé bezt borgið með því, að sundrað sé grundvellinum fyrir því atvinnulífi, sem hann byggir nú á tilveru sína. Allir þjóðhollir menn munu vænta þess, að þetta fyrsta spor verði undanfari annarra nauðsynlegra ráðstafana, sem aftur geta skipað okkur í flokk þeirra landa, sem hluttæk teljast í efnahagssamvinnu frjálsra þjóða.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Þegar frv. um niðurfærslu verðlags og launa o. fl. var til 1. umr. hér í hv. d., var það að vonum mikið rætt og skoðanir þm. mjög skiptar um málið. Það, sem mér fannst einkennandi við þær umr., var það, hvað annar stjórnarfl., þ. e. Alþfl., hafði sig lítið í frammi við þær umr. Aðeins tveir ráðherranna, hæstv. forsrh. og hæstv. menntmrh., töluðu í málinu. Maður skyldi þó ætla, að t. d. hæstv. forsrh., sem hafði framsögu fyrir frv., hefði talið sér skylt að svara ýmsu af því, sem fram kom í ræðum andstæðinga frv. En svo var ekki. Aftur á móti gerðist það, að þm. Sjálfstfl. gengu fram

fyrir skjöldu og vörðu frv. og töldu það vera flestra meina bót á efnahagsástandinu, eins og það er nú.

Hv. 1. þm. Reykv. (BBen) lét þó í það skína, að þetta frv. væri aðeins bráðabirgðalausn: fleiri og stærri skref þyrfti að stíga til úrbóta vandamálunum. Það fór ekkert á milli mála, að hv. þingmönnum Sjálfstfl. fannst ekkert við það að athuga, þó að gengið væri á hinn freklegasta hátt á samningsrétt verkalýðsfélaganna og þó að launastéttirnar yrðu rændar a. m. k. 10 vísitölustigum án alls samráðs við heildarsamtökin og án þess að nokkrar bætur kæmu þar á móti. Því var bara slegið föstu án nokkurra raka, að kaupgjaldið væri allt of hátt og að engin leið væri önnur til til lækninga á ástandinu, kaupgjaldið væri það, sem öllu réði, aðalatriðið væri að skerða vísitöluna um nógu mörg stig.

Þessi skoðun virðist vera sameiginleg hjá báðum stjórnarfl., Alþfl. og Sjálfstfl. Í ræðum þm. Alþb. var sýnt fram á með óyggjandi rökum, hvað mikil fjarstæða þetta væri og það væri allt annað og meira, sem væri aðalorsökin fyrir vaxandi dýrtíð og verðbólgu.

Þegar hæstv. ríkisstjórn tók við völdum 23. des. s. l., var það eitt af hennar fyrstu verkum að auka niðurgreiðslur að miklum mun frá því, sem áður hafði verið. Gert var ráð fyrir, að til niðurgreiðslna þyrfti að verja um 75 millj. kr. á þessu ári. Þó má telja líklegt, að sú upphæð nægi ekki og að til niðurgreiðslnanna á landbúnaðarvörum o. fl. þyrfti að verja allmiklu hærri upphæð. Allt er þetta mjög óljóst og varlegt að tilnefna nokkrar ákveðnar tölur.

Hæstv. ríkisstj. telur sig þurfa a. m. k. 170 millj. kr. til að standast hin auknu útgjöld vegna hinna ýmsu ráðstafana, sem gerðar verða, svo sem niðurgreiðslu landbúnaðarvara, aukna styrki til útvegsins o. fl. Þetta virðist nú vera dálaglegur skildingur til viðbótar við það, sem áður var veitt til slíkra mála. Hv. 1. þm. S-M. (EystJ) telur t. d., að til að standast hin auknu útgjöld muni þurfa um 230 millj. kr. Hér ber allmikið á milli og verður ekkert um það fullyrt, hvor talan sé rétt. En ýmislegt bendir þó til þess, að hin auknu útgjöld verði allmiklu meiri og hærri en hæstv. forsrh. telur að verði. Til að standast þessi nýju útgjöld hugsar hæstv. ríkisstjórn sér eftirfarandi leiðir: 20 millj. kr. af rekstrarafgangi s. l. árs, hækkun hinna ýmsu tekjuliða fjárlaga um 83 millj. kr., sparnað í ríkisrekstri 40 millj. kr. og nýja tekjuliði 35 millj. kr. Samtals gerir þetta 178 millj. kr.

Það liggur ekkert fyrir opinberlega um það, hvort þingflokkur Sjálfstfl. muni vilja styðja þessar till. hæstv. ríkisstj. Hv. 1. þm. Reykv. hefur lýst því yfir hér á Alþingi, að engir samningar hafi verið gerðir á milli þessara flokka nema um það eitt að forða hæstv. ríkisstj. frá vantrausti gegn skýlausu loforði um þingrof.

Mér skilst því, að það sé síður en svo traustur grundvöllur fyrir þeim till. til fjáröflunar, sem hæstv. forsrh. lýsti í framsöguræðu sinni fyrir frv., og í sjálfu sér er það lítt forsvaranlegt að afgreiða frv., fyrr en fyrir liggja frekari upplýsingar um afstöðu Sjálfstfl. til áðurnefndra till.

Um sjálfar till. væri margt hægt að segja. Mér finnst t. d. mjög óvarlegt að ætla sér að hækka tekjuliði fjárlagafrv. um 83 millj. kr. Það er að vísu rétt, að fyrrv. fjmrh. hefur alltaf áætlað hina ýmsu tekjuliði of lágt. Það sýna bezt hinir miklu tekjuafgangar undanfarinna ára. En að rétt sé að hækka tekjur fjárlaga um 83 millj. kr., tel ég óraunhæft.

Alþfl. hefur lýst því yfir, að til þess að standast hin auknu útgjöld verði ekki lagðir nýir skattar á almenning. Nú segir hæstv. forsrh., að nýir tekjuliðir séu áætlaðir 35 millj. kr. Nú spyr ég: Hvaða nýir tekjuliðir eru það? Hverjir eiga að greiða þessar 35 millj. kr.? Ætli það verði ekki allur almenningur, sem kemur til með að greiða þessar upphæðir? Og hvað um sparnaðinn? Hvaða liðir fjárlaga eru það, sem á að færa niður? Til skamms tíma hefur Alþfl. ekki verið til viðræðna um neinn sparnað, heldur þveröfugt. Og hvað þá um Sjálfstfl.? Hvað vill hann spara? Á undanförnum þingum hafa þm. Sjálfstfl. flutt fjölda brtt. til stórhækkana fjárlaganna. Ekki bendir það í þá átt, að þaðan sé sparnaðar að vænta. Þó má vel vera, að Sjálfstfl. sé nú allt í einu orðinn sparnaðarflokkur, en mér finnst, að fátt bendi þó til þess, að svo sé.

Það er í sjálfu sér ekkert nema allt gott um það að segja að taka upp sparnað í rekstri ríkisins, t. d. með því að draga að einhverju leyti úr fjárfestingu á vegum ríkisins með sparnaði í utanríkisþjónustu, t. d. með því að sameina sendiráðin á Norðurlöndum, með því væri t. d. hægt að leysa úr útlegð sendiherra þann, sem hv. 1. þm. Reykv. taldi að fyrrv. ríkisstj. hefði sent í útlegð. Það væri hægt að spara líka stórfé með því að fækka sendiferðum til útlanda á fund Atlantshafsbandalagsins, Evrópuráðsins og ótalmargra fleiri stofnana. Sjálfsagt væri líka hægt að meinalausu að fækka fólki á hinum ýmsu skrifstofum og ráðuneytum og sameina ríkisstofnanir, svo sem Áfengisverzlun ríkisins og Tóbakseinkasöluna, svo að eitthvað sé nefnt.

En allt þetta mál er á huldu og ekkert liggur fyrir um það, hvað það er, sem hæstv. ríkisstj. ætlar sér að spara. Væri nú til of mikils mælzt, að hæstv. fjmrh. gæfi þinginu skýrslu um það, í hverju fyrirhugaðar sparnaðartill. eru fólgnar? Sjálfsagt er hæstv. ríkisstj. nú þegar búin að taka ákvörðun um það, í hverju þær liggja, hinar fyrirhuguðu sparnaðartill.

Ég get svo látið útrætt um þessa hlið málsins, en mun nú ræða að nokkru sjálft frv. og hvernig það kemur til með að verka gagnvart launastéttunum.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir, að frá 1. febr. 1959 skuli greidd verðlagsuppbót á laun og aðrar greiðslur, er fylgja kaupgreiðsluvísitölu, samkv. vísitölunni 175 stig.

Í grg., sem frv. fylgir, er því haldið fram,

að hér sé um að ræða 10 vísitölustiga eftirgjöf af hendi launþega. Miklar líkur benda þó til þess, að hér sé um miklu meiri eftirgjöf að ræða og að sú lækkun, sem verður vegna niðurgreiðslu nokkurra vöruflokka, sýni alranga mynd af hinu raunverulega verðlagi. Þær vörutegundir, sem nú eru greiddar niður, eru m. a. mjólk, kjöt (ekki unnar kjötvörur), kartöflur, smjör, smjörlíki og saltfiskur. Þessar niðurgreiðslur eru vægast sagt mjög athyglisverðar, t. d. niðurgreiðslur á kartöflum og saltfiski. Báðar þessar vörutegundir eru óeðlilega háar í vísitöluútreikningnum, og hefur oft verið áður til þess gripið að greiða niður kartöflur beinlínis til þess eins að falsa vísitöluna. Af hverju er t. d. ekki greiddur niður allur fiskur, jafnt nýr sem saltaður? Af hverju eru ekki greiddar niður unnar kjötvörur? Þessar spurningar eru á hvers manns vörum. Því miður bendir þetta til þess, að ekki sé allt mjölið hreint í pokanum og að kaupskerðingin sé miklu meiri en þessi 10 vísitölustig.

En þó að gengið væri út frá því, að eftirgjöfin sé ekki meiri en 10 vísitölustig, er hér um stórfellda kaupskerðingu að ræða. Það, sem er þó alvarlegast við þessar fyrirhuguðu ráðstafanir, er það, að með þessu er verið að ógilda gerða samninga verkalýðsfélaganna við atvinnurekendur. Í öllum samningum verkalýðsfélaganna er gert ráð fyrir fullri vísitölu af grunnkaupi eins og hún er reiknuð út af kauplagsnefnd. Hér á nú með lögum að taka af launastéttunum 10—15 vísitölustig og það án þess að nokkuð komi í staðinn. Með slíkum ráðstöfunum er svo freklega gengið á rétt launastéttanna, að stórfurðulegt verður að teljast. Við mörgu gat maður búizt, en ég held, að fáir launþegar hafi látið sér til hugar koma slíkar ráðstafanir af hendi Alþfl. Ekki var verið að hafa fyrir því að leita eftir samráði við verkalýðssamtökin um lausn þessara mála. Hæstv. ríkisstj. var þó vel kunnugt um skoðanir og vilja verkalýðssamtakanna í þessum málum.

Á þingi Alþýðusambands Íslands, sem haldið var síðustu daga nóvembermánaðar, var gerð efnahagsmálasamþykkt, þar sem lögð var áherzla á, að vandi efnahagsmálanna yrði bezt leystur með nánu samstarfi verkalýðssamtakanna og ríkisvaldsins. Það var viðurkennt, að stöðvun vísitölunnar í 185 stigum væri nauðsyn til tryggingar fullrar atvinnu og áframhaldandi aukningar útflutningsframleiðslunnar. Samþykktin, sem gerð var, hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„26. þing A. S. Í. telur mjög nauðsynlegt, að slíkt samstarf sé á milli ríkisstjórnar og verkalýðssamtakanna og leggur mikla áherzlu á, að slíkt samstarf geti haldizt á þeim grundvelli, sem lagður var í málefnasamningi stjórnarflokkanna.

Alþýðusambandsþingið telur, að vandamál þau, sem nú er við að eiga í efnahagsmálum þjóðarinnar, verði bezt leyst launastéttunum til handa með slíku samstarfi ríkisvaldsins og verkalýðssamtakanna.

Þingið telur, að miða þurfi ráðstafanir í efnahagsmálunum við eftirfarandi: 1) að stöðva dýrtíðina, 2) að tryggja kaupmátt launanna, 3) að tryggja næga atvinnu, 4) að vinna markvisst að aukinni útflutningsframleiðslu.

Þingið leggur því áherzlu á, að þegar í stað verði eftirfarandi ráðstafanir gerðar:

I. Stöðvun verðbólgunnar. — Nú þegar verði hafizt handa um að stöðva verðbólguna. 26. þing A. S. Í. lýsir því yfir, að til þess að auðvelda frekari aðgerðir getur það fallizt á, að vísitalan verði greidd niður þannig, að hún hækki ekki frá því, sem hún nú er (framfærsluvísitala 202 stig og kaupgjaldsvísitala 185), með þeim hætti, að það valdi engri rýrnun á kaupmætti launa, enda verði fjárins til niðurgreiðslunnar ekki aflað með auknum sköttum, sem verkalýðsstéttinni sé ætlað að bera. Fjár til niðurgreiðslunnar og til stuðnings atvinnuvegunum verði m. a. aflað: 1) með sparnaði í rekstri ríkisins og frestun um skeið á nokkrum þeim fjárveitingum til fjárfestingar á vegum hins opinbera, sem minni þýðingu hafa í rekstri þjóðarbúsins, þó án þess að af því leiði atvinnuleysi; 2) með því að verja greiðsluafgangi ríkissjóðs í því skyni; 3) með auknum tekjum af einkasölum og skattlagningu á þá, sem grætt hafa á verðbólgunni.

II. Komið verði upp stofnun, er hafi það verkefni að gera áætlun um fjárfestingu og heildarstjórn á sviði atvinnumála í samráði við ríkisstjórnina. Lögð verði áherzla á að efla þær atvinnugreinar, sem þýðingarmestar eru frá þjóðhagslegu sjónarmiði.

III. Látin verði fara fram ýtarleg endurskoðun á rekstrarfyrirkomulagi og skipan mála atvinnuvega landsins, sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði, með það fyrir augum, að rekstur þeirra verði sem hagfelldastur frá sjónarmiði þjóðarheildarinnar."

Samþykkt þessi var gerð með atkvæðum svo til allra þingfulltrúa eða miklum meiri hluta allra þingfulltrúa, þar með taldir rúmir 100 fulltrúar Alþfl.

Núverandi hæstv. ríkisstj., sem skipuð er eingöngu flokksbundnum Alþýðuflokksmönnum, var mætavel kunnugt um þessa samþykkt og um vilja Alþýðusambandsþings til þessara mála. En þrátt fyrir það hikar hæstv. ríkisstj. ekki við að ganga algerlega fram hjá heildarsamtökum verkalýðsins og vilja þeirra í þessum málum. Aðeins til málamynda var frv. lagt fyrir miðstjórn Alþýðusambandsins með svo stuttum fyrirvara, að tæplega hefði unnizt tími til að gera nauðsynlegar breytingar á frv., enda vitað, að til þess var ekki ætlazt af hæstv. ríkisstj.

Á fundi, sem miðstjórn Alþýðusambands Íslands hélt þá strax, var þetta frv. tekið fyrir. Meiri hluti miðstjórnar samþykkti harðorð mótmæli gegn því og benti alveg sérstaklega á þá geysilegu hættu, sem í frv. ríkisstj. felst með því að gera slíka ráðstöfun í efnahagsmálunum án þess að hafa haft nauðsynlegt samstarf og samráð við launasamtökin

í landinu. Minni hluti miðstjórnarinnar, þ. e. Alþfl.-mennirnir, hafði sérstöðu í málinu og lýsti sig sammála þeim fyrirætlunum að rjúfa samninga verkalýðsfélaganna og skerða kjör launþega.

Í ályktun meiri hluta miðstjórnar er sérstaklega bent á, að með frv., ef að lögum yrði, er gert ráð fyrir því að breyta löglega gerðum kjarasamningum stéttarfélaganna stórlega til lækkunar og ákveða þannig kauplækkun með lögum. Þá er og bent á, að verkalýðshreyfingin geti ekki og megi ekki láta undir höfuð leggjast að mótmæla slíku gerræði harðlega.

Þá er og bent á, að nú þegar hafi verið samið við atvinnurekendur í sjávarútvegi um tugmilljóna króna auknar bætur af opinberu fé umfram það, sem fellur þeim til hagsbóta í kauplækkunum. Engin trygging liggi fyrir um það, hvernig þessa fjár verði aflað.

Hver getur fullyrt um það nú, að ekki verði lagðir á nýir skattar, nýjar álögur á almenning, t. d. síðar á árinu?

Þá bendir miðstjórn Alþýðusambandsins á, að hún telji þessar aðgerðir brjóta í meginatriðum í bága við stefnu Alþýðusambandsþings og stefnu þá, sem þingið markaði í efnahagsmálunum, það sé með þessu frv. gengið á sameiginlegan samningsrétt verkalýðsfélaganna og stefnt að stórfelldri kjaraskerðingu. Miðstjórn Alþýðusambandsins varar alvarlega við því að samþykkja frv. og bendir sérstaklega á þá hættu, sem í því felst að ætla að afgreiða aðgerðir í efnahagsmálunum án eðlilegs samráðs og samstarfs við launþegasamtökin í landinu.

Að lokum lýsir miðstjórn Alþýðusambands Íslands sig reiðubúna til viðræðna við hæstv. ríkisstj. um aðgerðir til stöðvunar verðbólgunni á grundvelli þeirrar samþykktar, sem Alþýðusambandsþing gerði í þessum málum í lok nóvembermánaðar s. l., en hæstv. ríkisstj. hefur ekki óskað eftir neinum viðræðum við miðstjórn A. S. Í. um þessi mál, og verður það skoðað sem hún hafi engan sérstakan áhuga á því að eiga viðræður við miðstjórn Alþýðusambandsins eða heildarsamtökin um málið, og tel ég það mjög illa farið og er sízt til fyrirmyndar.

Minni hluti miðstjórnar Alþýðusambandsins var mótfallinn þessari ályktun meiri hlutans og flutti aðra ályktun, þar sem mælt er með frv. ríkisstj.

Í þessu sambandi hlýtur það að vekja allmikla undrun, hvað Alþfl.-mennirnir í miðstjórninni hafa verið fljótir að skipta um skoðun. Á þingi Alþýðusambandsins töldu þeir sig ekki hafa umboð til þess að samþykkja frestun í einn mánuð, þ. e. a. s. í desember, að 17 vísitölustig kæmu inn í kaupgjaldið. En þó lágu þá fyrir skýlaus loforð frá hæstv. ríkisstj. fyrrv. um það, að ef ekki næðist samkomulag í desember um raunhæfar aðgerðir í dýrtíðarmálunum, skyldu launþegum greidd umrædd vísitölustig í janúar. Það voru ekki eingöngu Alþfl.-menn, sem höfðu þessa skoðun. Mikill meiri hluti þingfulltrúa var þeim sammála og taldi sig ekki geta orðið við óskum fyrrv. ríkisstj.

En nú skeður það merkilega í málinu, að fulltrúar Alþfl. í miðstjórn Alþýðusambandsins, sem áttu sæti á síðasta Alþýðusambandsþingi og töldu sig þá ekki hafa umboð til þess að veita umbeðna frestun, mæla nú með — ekki frestun, nei, nei, heldur með því að taka af launastéttunum með lögum 10 vísitölustig, án þess að nokkrar hagsbætur komi á móti. Þetta getur maður nú kallað að kunna vel til verka.

Rétt er að athuga dálítið nánar, hvað hér er um að ræða og hvaða áhrif þetta frv. kemur til með að hafa, ef að lögum verður, á lífskjör launastéttanna. Eins og menn vita er kaup verkamanna nú greitt eftir kaupgjaldsvísitölu 202 stig samkv. gildandi samningum og átti að greiða eftir sömu vísitölu desember, janúar og febrúar. Frv. gerir hins vegar ráð fyrir að breyta þessu fyrirkomulagi þannig, að eftir 1. febr. skuli greitt eftir kaupgjaldsvísitölu 175 stig í staðinn fyrir 202, eins og ætti að gera samkv. samningum verkalýðsfélaga við atvinnurekendur, og þar með hafa af launastéttunum rétta vísitölu í febrúarmánuði, sem þeim bar samkv. áður gerðum samningum. Þetta hefur þau áhrif, að tímakaup verkamanna, sem vinna eftir Dagsbrúnartaxta, lækkar úr kr. 23.86 á klst. í 20.67, eða um kr. 3.19 á klst. Þessi lækkun gerir á viku kr. 152.12 eða yfir árið, ef þannig væri reiknað, 7656 kr., miðað við dagvinnu. Vitanlega verður kjararýrnunin miklu meiri, því að allur fjöldi verkamanna vinnur mikla eftirvinnu og helgidagavinnu. T. d. í síldarbæjum á Norðurlandi er mikið um eftir- og næturvinnu að ræða og helgidagavinnu yfir síldveiðitímabil, og verður þetta kauprán sízt minna þar en hér. Ég er hræddur um, að síldarsaltendur yrðu hálfskrýtnir, ef verkamennirnir og verkakonurnar, sem vinna við þessa framleiðslu, tækju upp á því að segja: Nei, við vinnum bara dagvinnu, það er nóg, að þið rænið þar af okkur, en við ætlum ekki að vinna neina eftirvinnu eða helgidagavinnu. Ég er hræddur um, að það mundi koma skrýtið hljóð þá, enda ekki óeðlilegt og enda munu verkalýðssamtökin ekki fara inn á slíkar leiðir. Til þess eru þau of ábyrgir aðilar.

Ég tel því, að hér sé um mestu kjaraskerðingu að ræða, sem gerð hefur verið, síðan gengisfellingarlögin voru samþykkt 1950. Þó segja nú fulltrúar Sjálfstfl., að hér verði aðeins um byrjun að ræða, stærra skref þurfi að stíga nú alveg á næstunni. Hér var nú að ljúka máli sínu einn af aðalforustumönnum Sjálfstfl. á þingi, og hann hélt því fram, að þetta væru aðeins fyrstu skrefin. Hann hélt hér langa ræðu um nauðsyn og blessun gengisfellingar fyrir alþjóð og mér skildist jafnvel fyrst og fremst fyrir launastéttirnar. Þessi kenning, sem hér hefur verið sett fram, ætti fyllilega skilið, að hún væri athuguð nánar síðar.

Þetta vísitölurán verða launastéttirnar að þola bótalaust. Því miður er allt í óvissu um

það, eins og ég hef áður tekið fram, nema verkafólkið og launastéttirnar verða að lækka kaup sitt í haust að dómi kauplækkunarpostulanna. Allt bendir til þess, að svo verði. Já, það bendir sannarlega allt í þá átt, að afturhaldið ætli sér að framkvæma óskadraum sinn og lækka gengið, eins og sá hv. þm., sem hér var að tala áðan, benti á og taldi allra meina bót, enda er þetta yfirlýst stefna þeirra flokka, sem að frv. standa. Það fer ekki milli mála. Það er margyfirlýst af hendi vissra forustumanna Alþfl., að þeir hafa ekki séð aðra lausn í þessum málum en að lækka gengið. Það er aðeins fyrir harðfylgi ráðh. Alþb. á síðasta kjörtímabili, að ekki var farið inn á almenna gengislækkun. Það er alveg vitað, að hæstv. menntmrh. var einn aðalgengislækkunarpostulinn í fyrrv. ríkisstj., og ég geri ekki ráð fyrir, að hann hafi neitt breytt þar um skoðun síðan.

Forsvarsmenn frv. halda því fram, að kaupgjald sé of hátt, með því sé verið að sliga atvinnuvegina. Þetta er sami söngurinn, sem sunginn hefur verið frá því fyrsta, — frá fyrstu dögum verkalýðshreyfingarinnar. Ég minnist ekki annars en að í hvert einasta skipti, sem launastéttirnar hafa barizt fyrir hækkun launa, hefur allt afturhaldið öskrað einum rómi: landráðastefna, kommúnistaáróður o. fl. þess háttar.

Nei, sannleikurinn er hins vegar sá, að engar staðreyndir liggja fyrir um það, að kaupgjaldið sé of hátt og að hlutur verkamanna af þjóðartekjunum sé of mikill, heldur alveg þveröfugt. Eftir því sem Eðvarð Sigurðsson, ritari Dagsbrúnar, upplýsti í félaginu á fundi s. l. föstudag, hefur þjóðarframleiðslan vaxið um 41% á hvert mannsbarn í landinu á árunum 1952—1956. Á tímabilinu 1948—57 jukust atvinnutekjur verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna að meðaltali um 37%. Á þessu sést, að hlutdeild launþega í heildarframleiðslu þjóðarbúsins hefur farið minnkandi, en ekki vaxandi.

Nei, það er hin herfilegasta blekking, að kaupgjaldið eitt út af fyrir sig sé aðalorsök hinnar ört vaxandi dýrtíðar og verðbólgu. Þar eru allt önnur öfl að verki. Þar eiga m. a. sinn mikla skerf þeir, sem hafa staðið að öllu braskinu hér í Reykjavík og öðrum stærri bæjum á landinu. Þeirra hlutur þar í því að auka verðbólguna mun vera sá stærsti. En það er ekki verkalýðshreyfingin, sem ber ábyrgð á hinni vaxandi dýrtíð, síður en svo. Verkalýðsstéttin hefur aldrei talið sig græða á dýrtíðinni, heldur hið gagnstæða. Hins vegar neita launastéttirnar því að láta ræna sig minnst 10 vísitölustigum, sem þeim ber samkv. gerðum samningum, án þess að eitthvað komi á móti. Það er mannlegt að halda í það, sem þegar er fengið, og verkalýðshreyfingin er þekkt að því á undanförnum árum, að hún hefur staðið vel á verði fyrir verkalýðsstéttirnar, og hún mun gera það líka hér eftir.

Það, sem er þó langalvarlegast við þetta frv., er það að ætla sér með lögum að skerða hinn hefðbundna lagalega rétt verkalýðsfélaganna til að semja um kaup og kjör meðlima sinna, en með þessum lögum er það gert. Slíku ofbeldi af hendi löggjafarvaldsins mótmælir verkalýðshreyfingin einhuga, og hún mun aldrei sætta sig við að vera beitt slíkum bolabrögðum. Verkalýðshreyfingin hefur um árabil barizt harðri baráttu fyrir fullu samningafrelsi við atvinnurekendur. Þessi réttur er hverjum launþega helgur og verður aldrei af hendi látinn. Afturhaldið hefur oft áður gert harða árás á verkalýðshreyfinguna, en alltaf orðið undir í þeim átökum. Svo mun enn verða. Það má vel vera, að í bili sé hægt að ræna af launastéttunum hluta af réttmætum launum þeirra, en verkalýðshreyfingin mun við fyrsta hentugt tækifæri rétta hlut sinn í bróðurlegri samvinnu við aðrar launastéttir og önnur framsækin öfl í þjóðfélaginu.

En það eru fleiri en beinar launastéttir, sem verða fyrir barðinu á hinum nýju ráðstöfunum hæstv. ríkisstj., ef að lögum verða. Hlutarsjómennirnir fá þar sinn skerf. Í frv. er gert ráð fyrir, að fiskverð hlutarsjómanna fylgi vísitölunni. Slíkt fyrirkomulag hefur ekki þekkzt áður, enda í alla staði óeðlilegt að mínum dómi.

Í samningum sjómannafélaganna og Alþýðusambandsins við útvegsmenn var samið um, að fiskverð skyldi hækka um 20 aura á kg, eða í kr. 1.75. Nú er gert ráð fyrir, að fiskverð fylgi vísitölunni samkv. frv., sem hér liggur fyrir. Fiskverð í jan. varð því kr. 1.91, en verður 1. febr., ef frv. verður samþykkt, kr. 1.66. Halda menn, að með svona ráðstöfunum gangi betur að fá menn á fiskiskipin? Halda þeir, að þetta sé leiðin til þess að hæna unga og hrausta menn að því að gerast þátttakendur í framleiðslu sjávarútvegsins? Nei, ég held ekki. Ég held, að það sé alveg þveröfugt. Og sama fyrirkomulagið skal gilda um fiskverð það, sem aflaverðlaun togarasjómanna miðast við. Fyrir stuttu — ég held, að það hafi verið í okt. eða í nóv. — voru gerðir nýir samningar fyrir hönd togaraháseta. Þar fékkst í gegn allmikil hækkun á þeirra kjörum, en nú á bara með einföldum lögum að kippa töluverðu af þessu aftur til baka. Ég held, að það hafi sýnt sig undanfarið, að það hafi ekki gengið meira en svo vel að fá nægilega marga menn til þess að stunda hina erfiðu togaravinnu, og það kemur hér alveg sama fram og með bátasjómennina, þessi lagasetning verður ekki til þess að ýta undir menn til að fara á togarana, heldur alveg þveröfugt, enda virðast þessi mál vera þannig, að það sé eins og mönnum sé alveg fyrirmunað að skilja jafneinfalda hluti og það, að þegar farið er inn á þá braut að lækka svona hrapallega og svona mikið tekjumöguleika þessa fólks, þá hlýtur að stefna að því, að fólkið vill ekki vinna við þennan atvinnuveg. Þetta er staðreynd, sem rétt er að benda á, hvort sem mönnum líkar það betur eða verr.

Það er öllum ljóst, sem eitthvað hafa fylgzt með þessum málum, að bátasjómennirnir voru mjög andvígir þessu fyrirkomulagi og töldu,

að ríkisstj. hefði gengið á gerða samninga, sem hún líka gerði. Það var samið um fast fiskverð, kr. 1.75 pr. kg. Þá samninga bar hæstv. ríkisstj. að virða og halda. Í staðinn fyrir það er lagt til í frv. að lækka fiskverðið niður í kr. 1.65 frá 1. febr., eða um 9 aura, og þessar ráðstafanir eru gerðar á sama tíma sem sjómenn vantar í tuga- og hundraðatali á fiskibátana. Það er sent sérstakt skip til Færeyja til þess að sækja þangað sjómenn. Það er talið, að það vanti 300—400 sjómenn hingað á fiskiflotann. Er það fyrir það, að það sé of vel búið að þessum mönnum, að ekki fást fleiri menn á fiskiskipin? Eða er það eitthvað annað? Ég held, að það sé fyrst og fremst fyrir það, að við höfum aldrei skilið til fullnustu, hvers virði sjómannastéttin er fyrir okkur. Við höfum aldrei goldið þeim þann hlut, sem okkur ber, og aldrei gert nægilega vel við þá. En þetta er ekki leiðin til þess að manna skipin, heldur þveröfugt.

Nei, svona starfsaðferðir eru stórfurðulegar. — Ég vil nú samt sem áður leyfa mér að beina þeirri fsp. til hæstv. ríkisstj., hvort ekki sé nú hægt að ná samkomulagi um það, að fellt verði niður úr frv. ákvæði 9. gr. um skiptaverð á fiski til bátasjómanna og fiskverð það, sem aflaverðlaun togara miðast við. Ég tel, að með því væri komið til móts við óskir fiskimanna í þessu máli, en það tel ég vera mjög mikils virði. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við 9. gr. frv., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta, að 1. málsl. orðist svo: „Frá 1. febr. 1959 skal skiptaverð á fiski til bátasjómanna miðast við kaupgreiðsluvísitölu 185 stig.“

Ég held, að þrátt fyrir alla hina miklu galla frv., þá væri þó frv. stórum betra, ef þessi breyting fengist í gegn. Ég trúi því ekki, fyrr en ég sé það sjálfur, að hv. alþm. geti ekki greitt þessari brtt. atkv.

Eitt er það, sem vekur alveg sérstaka eftirtekt í þessu frv., og það er, að hvergi virðist eiga að hrófla við gróða bankanna eða annarra stórgróðafyrirtækja. Bankar og sparisjóðir eiga eftir sem áður að fá að halda sínum okurvöxtum. Við slíkum stofnunum má ekki hrófla, þær skulu fá að halda sínum 7—8% vöxtum, á sama tíma sem allur almenningur skal lækka laun sín um mörg þús. kr. á ári. Reyndar segir í frv., að kaupmáttur tímakaups verkamanna og iðnaðarmanna 1. marz n. k. verði 1.6% meiri en hann var í okt., og síðar segir: „Miðað við 1. okt. 1958 reyndist kaupmáttur tímakaups beggja þessara stétta einnig hafa aukizt 1. marz n. k. hjá verkamönnum“ — taki menn vel eftir, — „3.9% og hjá iðnaðarmönnum 0.6%.“

Ég verð að segja, að það þarf mikla kunnáttu í reikningslist til þess að geta fengið þessar tölur út. En það er kannske þannig, að flestir hagfræðingar eru nú einu sinni þannig, að þeir hugsa og reikna út hlutina á annan veg en flestir aðrir. Það má segja um þetta eins og sagt var einu sinni, að það er hægt að segja sannleikann þannig, að hann sé verri en lygin.

Ég hef hér lýst þessu frv. að nokkru, þó ekki nema örfáum atriðum úr því, eins og það kemur mér fyrir sjónir. Ég tel, að það gangi mjög freklega á rétt launastéttanna, rýri laun þeirra stórkostlega, á sama tíma sem auðstéttin fær að halda öllu sínu og fær til viðbótar það, sem taka á af launastéttunum. Það er ekki gott að fullyrða neitt um það, hvað þetta gerir mikið í krónutali, en samkv. lauslegum útreikningi, sem gerður hefur verið á þessu, er líklegt, að þetta geti numið nokkrum hundruðum milljóna á allar launastéttir í landinu. Maður sér á þessu, að hér er ekki neitt smáræðismál á ferðinni. Það er ekki verið að taka nokkra tugi, heldur jafnvel svo að skiptir hundruðum milljóna af launastéttunum. Þetta er laglegur skildingur, sem þarna á að taka af launastéttunum og færa yfir til auðstéttarinnar.

Ég hef bent á, að með frv. þessu er ráðizt á samninga verkalýðshreyfingarinnar, og það vil ég undirstrika, að ég tel það hættulegast af öllu við frv.

Frv. var samið og sett fram án nokkurs samráðs við verkalýðssamtökin, og þau hafa því algerlega óbundnar hendur í málinu. Ég tel allan undirbúning að þessu máli og frv. í heild með þvílíkum endemum, að undrum sætir.

Nú þegar hefur miðstjórn A. S. Í. og nokkur verkalýðsfélög sent frá sér mótmæli á móti frv., m. a. frá verkalýðsfélögunum í kjördæmi hæstv. forsrh., og fleiri munu á eftir koma. Verkalýðshreyfingin á Íslandi hefur oft áður sýnt það, að hún lætur ekki troða á rétti sínum, og hún mun fyrr eða síðar krefjast leiðréttingar á því ranglæti, sem nú er verið að fremja gagnvart verkalýðshreyfingunni í heild og launastéttunum almennt.

Ég tel, að hér sé verið að ganga lengra en þeir menn, sem að frv. standa, hafa gert sér grein fyrir, og ég held, að það væri mjög hollt fyrir þá að taka frv. til endurskoðunar og reyna að draga úr a. m. k. allra verstu ágöllum þess.

Forsrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki fara út í það að deila við hv. síðasta ræðumann, hv. 6. landsk. þm. (GJóh), um efni þessa frv. Það hefur svo margt verið sagt, sem gersamlega hrekur hans umsögn um málið, sem hér kom fram, að ég hirði ekki um að endurtaka það.

Ég vil aðeins benda á, þar sem hann segir, að af verkalýðsfélögunum sé tekinn hinn helgasti réttur, þ. e. samningsrétturinn um þeirra kaup og kjör, með frv., þá er það alrangt, því að verkalýðsfélögin hafa þar fullan rétt til þess að gera sínar ráðstafanir, eftir því sem þeim kann að þóknast. Þetta er einungis tilraun, sem gerð er, til þess að vita um það, hvort þau geta hugsað sér að fara þessa leið, sem ég er sannfærður um að muni reynast þeim miklu léttbærari en nokkur önnur leið, sem til er út úr þessum ógöngum.

Þetta vil ég láta nægja til að svara hv. þm.

En mig langaði aðeins með örfáum orðum til

að lýsa áliti mínu á þeim brtt., sem fram eru komnar, þó að ekki hafi verið mælt fyrir sumum þeirra.

Ég vil segja um brtt. á þskj. 195, sem er frá fjhn. allri og gengur út á það að taka upp atvinnuleysistryggingabætur í frv. sem undanþegnar þessari lækkun, að ríkisstj. getur á það fallizt.

Um brtt. á þskj. 194 vil ég segja það, að hún er tengd till. á þskj. 193 og á þskj. 189 frá öðrum minni hl. fjhn., hv. þm. V-Húnv., en allar þessar till. miða að því að breyta þeim ákvæðum, sem í frv. eru um það, sem gert er ráð fyrir að bændastéttin í landinu leggi fram til þessara aðgerða. Þegar framleiðsluráð landbúnaðarins eða a. m. k. nokkrir menn úr því komu til ríkisstj. til þess að ræða við hana um málið, þá skildist mér á þeim, að þeir hefðu þá kröfu að gera, að áður en til lækkunar kæmi á því kaupi bóndans og annarra starfsmanna hans, sem reiknað er inn í verðlagsgrundvöllinn, þá væri gerð breyting á honum til hækkunar samkv. þeirri hækkun, sem orðið hefði á kaupi Dagsbrúnar nú í haust, eftir að samið hafði verið um verðlagið í haust við landbúnaðinn. Í öðru lagi settu þeir það fram sem varakröfu, að verð á landbúnaðarvörum yrði „regúlerað" á þriggja mánaða fresti eins og kaup verkamannsins, og skildist mér þá, að það gæti að einhverju leyti komið í staðinn fyrir þá hækkun, sem mundi leiða af því að leiðrétta samkv. Dagsbrúnarhækkuninni í haust fyrst. Þess vegna var tekin inn í frv., sem þá hafði verið samið, 8. gr., sem nú er, og fjallar um það, að verðlag á landbúnaðarafurðum skuli breytast á þriggja mánaða fresti, í stað þess að því var áður breytt á 12 mánaða fresti. Í frv. er enn fremur gert ráð fyrir, að þessi breyt. skuli þó ekki fara fram, nema 5 stiga vísitölubreyting hafi orðið.

Nú hefur verið bent á það, að þessi 4—5 stig, sem um var talað við fulltrúa landbúnaðarins á viðræðufundi við ríkisstj. snemma í þessum mánuði, hafi verið miðuð við vísitölu 185, en nú verði hún færð niður í 100 með þessu frv., og væri því eðlilegt, að þessi 5 stiga takmörkun, sem áður var hugsuð, lækkaði. Ég hef út af fyrir sig ekkert á móti því, að það verði gert, þó að það kannske kunni að valda eitthvað örari breyt. en upphaflega var ætlað. En það verður að viðurkenna, að þessi 2 stiga viðmiðun nú, miðað við vísitölugrundvöll 100, svarar nánast til þess, að reiknað væri með 4—5 stigum, miðað við vísitölu 185, eins og áður hafði verið ætlað. Ég geri þess vegna ráð fyrir því, að ríkisstj. hafi ekki á móti því, að þessi 5 stiga viðmiðun áður verði lækkuð niður í 2 vísitölustig.

Sömuleiðis vildi ég segja, að brtt. á þskj. 194, þar sem gert er ráð fyrir því, að breyt. verði á afurðaverði landbúnaðarins, ef breyt. verður á grunnkaupi í almennri verkamannavinnu í Reykjavík, sé ekki óeðlileg, vegna þess að þá fylgist kaup bóndans með kaupi verkamannsins, eins og það er á hverjum tíma. Hins vegar tel ég, að ef farið verður út í það að breyta fyrst verðlaginu í samræmi við þessi 3.3%, sem landbúnaðurinn telur að á skorti, að hann hafi í haust náð sömu hækkun og Dagsbrúnarmaðurinn, þá sé stefnt í hreina upplausn í þessu efni, því að þá breytist svo sá grundvöllur, sem reiknað hefur verið með, að ekki næst sá árangur, sem viðhlítandi getur talizt. Ég teldi það þess vegna mikla ógæfu, ef út í það yrði farið að breyta þessu, þar sem líka fjöldi manna er á samningum, sem ekki hafa fengið sömu hækkun á sín laun og Dagsbrúnarmenn fengu í haust. Það eru margir samningar í gildi milli launþega og atvinnurekenda, sem veita minni hækkun á grunnkaup en þau rúm 9%, sem Dagsbrúnarmenn fengu í samningunum s. l. okt., og náttúrlega mundi þeim finnast sér óréttur ger, ef einn aðili, sem samið hefur til næsta hausts um sitt kaup, yrði skyndilega tekinn út úr þeim hóp og veitt þessi viðbót. — Ég vil aðeins taka þetta fram, til þess að það komi fram strax og liggi ljóst fyrir í umræðunum, að ég teldi það hið mesta tjón og mundi skapa erfiðleika í sambandi við endanlega afgreiðslu málsins og fjárútvegun til þess, ef þessi brtt. á þskj. 189 frá hv. þm. V-Húnv. yrði samþ.

Um brtt. á þskj. 200 frá hv. 6. landsk. þm., sem var hér að enda við að tala áðan, vil ég aðeins segja það, að það hefur verið gengið út frá því frá upphafi, að þessar byrðar, sem talið er að menn leggi á sig með frv., gengju jafnt yfir alla. Bátasjómenn hafa vissulega fengið með þeim samningum, sem þeir nú gerðu við útgerðarmenn, hlut sinn svo bættan, að þeim ætti að vera mögulegt að bera þessa skerðingu eins og aðrir. En þó að þetta sé kölluð skerðing og sé það vissulega í útborgaðri krónutölu, þá er ég sannfærður um það, eins og ég var áður og hef alltaf verið, að það er ekki mögulegt fyrir launþegana að komast hjá því, að kaupmáttur þeirra launa verði skertur, ef þessar aðgerðir verða ekki gerðar, þannig að það er ekki spurningin um það, hvort launþegar eigi að leggja þetta á sig eða sleppa ella, heldur er það spurningin um það, hvort menn eigi heldur að fara þessa leið eða aðra, sem gefur þeim sízt meira í aðra hönd, ef reiknað er með kaupmáttarbreytingu launanna og svo hinu, að verðbólgan samtímis aukist upp úr öllum skorðum til almenns skaða fyrir þjóðfélagið í heild.

Þetta vildi ég aðeins láta koma fram, áður en umr. heldur áfram.

Frsm. 2. minni hl. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Eins og áður hefur verið skýrt frá, varð ekki samkomulag í fjhn. d. um afgreiðslu þessa máls og liggja fyrir 3 nefndarálit. Ég hef leyft mér að leggja hér fram nefndarálit um frv. á þskj. 197.

Það er aðalefni þessa frv. að færa niður laun og verðlag, sem svarar 10 vísitölustigum, og er þetta einn þáttur í þeim ráðstöfunum í efnahagsmálum, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur á prjónunum.

Um miðjan nóv. s. l., í tíð fyrrv. ríkisstj., lögðu framsóknarmenn í ríkisstj. fram þar tillögur sínar um efnahagsmálin. Till. þessar voru við það miðaðar fyrst og fremst, að haldið yrði uppi í landinu sem mestri framleiðslu og atvinnu og aðgerðir í efnahagsmálum yrðu við það miðaðar, að ríkisbúskapurinn yrði hallalaus. Þar var einnig lagt til, að leitað yrði samkomulags, eins og áður í tíð þeirrar stjórnar, við stéttasamtökin í landinu um efnahagsráðstafanirnar og þ. á m. ráðstafanir til að koma í veg fyrir vöxt dýrtíðarinnar. Einn þátturinn í þessum tillögum var það, að leitað yrði samkomulags við stéttasamtökin um eftirgjöf á vísitöluuppbót, sem samsvaraði nokkrum vísitölustigum, en þó skyldi þetta gerast þannig, að kaupmáttur tímakaups rýrnaði ekki frá því, sem hann var í okt. nú í haust, eða í febr. s. l., ef betur þætti henta til samkomulags að miða við það, sem þá var. Um þessar till. fékkst ekki samkomulag í ríkisstj., en efnahagsmálin voru m. a. til meðferðar á þingi Alþýðusambands Íslands, sem haldið var síðustu daga nóvembermánaðar. Farið var fram á það af hálfu forsrh. við Alþýðusambandsþingið, að það samþykkti fyrir sitt leyti, að sett yrðu lög um það að fresta greiðslu á hækkun vísitöluuppbótar, sem átti að ganga í gildi 1. des., um einn mánuð og sá tími yrði notaður til þess að ná samkomulagi um efnahagsmálin. Þessu var hafnað á þingi Alþýðusambandsins, eins og kunnugt er. Er þetta kunn saga, er gerðist í þessum málum um þær mundir, og þarf ég ekki að rekja hana hér. En eins og þar kom fram í till. framsóknarmanna og ég hef vikið að, telja þeir, að með slíkri niðurfærslu á vísitöluuppbótum sé stefnt í rétta átt. Að vísu teljum við, að það sé aðeins eitt af þeim úrræðum, sem til greina komi og þurfi að beita í þessum efnum. Það eitt er vitanlega ekki nægjanlegt, en getur ásamt öðrum ráðstöfunum átt sinn þátt í því að koma þessum málum í betra horf. Hér er lagt til, að þessi leið verði farin og verði svo fyrir mælt með lögum. Og ég vil vekja athygli á því, að það er verulegur munur á því að færa niður á þennan hátt með samkomulagi við stéttasamtökin eða með löggjöf án samninga. Samkomulagsleiðin, ef unnt er að fara hana, er áreiðanlega miklu líklegri til góðs árangurs.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er borið fram af hæstv. ríkisstj., þeirri er nú situr, en eins og kunnugt er, nýtur hún stuðnings Alþfl. og Sjálfstfl. Á Alþýðusambandsþinginu í vetur voru margir fulltrúar, sem eru stuðningsmenn þessara flokka. Þeir beittu sér þó á móti því ásamt fleirum, að veittur yrði nokkur frestur til samkomulagstilrauna um efnahagsmálin við þáv. ríkisstj. Mér þykir mjög líklegt og reyndar má telja það víst, að ef þeir hefðu þá í þess stað beitt sér fyrir því, að teknir yrðu upp samningar við ríkisstj. um efnahagsmálin, þá hefðu þeir getað komið því fram á Alþýðusambandsþingi, að sú stefna hefði verið upp tekin. En því var ekki að heilsa, að þannig væri þar á málum haldið. En fáum vikum síðar gerðist það, að ýmsir þeirra manna, sem voru á þingi Alþýðusambandsins og áttu sinn þátt í þeirri afgreiðslu málanna, sem þar varð hvað þetta snertir, gerast stuðningsmenn að því frv., sem hér liggur fyrir, þar sem lagt er til, að lögfest verði þessi eftirgjöf á vísitöluuppbótum. Mér finnst þetta lítt skiljanlegt framferði hjá þessum mönnum, og ég tel, að þetta hafi verið fremur ógiftusamleg vinnubrögð. Þess er óskandi vitanlega, að þetta komi ekki að sök, en ég tel, að það hefði verið miklu vænlegra til góðs árangurs, að reynt hefði verið að fara samkomulagsleiðina í málinu, og ef það hefði tekizt, þá hefði það verið stórum betra en þessi leið, sem nú hefur verið valin.

Auk þess, sem ákveðið hefur verið í frv., að laun skuli lækkuð sem svarar 10 vísitölustigum, þá eru þar ákvæði um lækkun vöruverðs og ýmissa gjalda fyrir margs konar þjónustu. Vöruverðslækkunin á að ná til bæði þeirra vara, sem framleiddar eru innanlands, og einnig á hún að koma fram á vörum, sem fluttar eru frá öðrum löndum. Ég tel, að þetta sé eðlilegt ákvæði í frv. til samræmis við niðurfærslu á kaupgjaldi. En hvernig tekst með framkvæmd á þessu ákvæði? Um það skal ég ekki fara með mikla spádóma, en trúað gæti ég því, að eftirlit með því, að þessu verði framfylgt, gæti reynzt nokkuð erfitt, og að hætta sé á því, að ýmsir fái skotið sér undan því að fylgja fyrirmælum laganna í því efni. Þá má auk þess vekja athygli á því, að það kostar verulega fyrirhöfn og umstang að framkvæma þessi verðlækkunarákvæði.

Í 10. gr. frv., síðustu mgr., er t. d. svo fyrir mælt, að verðlagsyfirvöld skuli þegar eftir gildistöku laganna gera ráðstafanir til lækkunar á vöruverði í heildsölu og smásölu til samræmis við þá lækkun dreifingarkostnaðar, sem leiðir af ákvæðum laganna, svo og svarandi til þess, að hagnaður verzlana lækki í hlutfalli við niðurfærslu kaupgreiðsluvísitölunnar. Ég fæ ekki betur séð en að allar verzlanir t. d., sem þessi ákvæði ná til, hljóti að þurfa að láta fara fram nýja vörutalningu, þegar þetta á að koma til framkvæmda. Það er ekki hægt að framkvæma þetta með öðru móti en hafa bókhald í fullkomnu lagi. Við þetta skarðast vitanlega töluvert sá hagnaður, sem fyrirtækin annars hafa af þeim fyrirskipuðu launalækkunum. Ég er ekki að minna á þetta eða benda á þetta vegna þess, að ég sé á móti þessu ákvæði eða telji það óeðlilegt, aðeins vil nefna það sem dæmi um það, að framkvæmdaörðugleikar ýmsir munu hér verða.

Eitt atriði vil ég nefna enn í sambandi við þessa allsherjar verðlækkun, sem á að verða. Það er kunnugt, að það eru dæmi til þess, að ýmis fyrirtæki hafa selt vörur, sem eru háðar verðlagsákvæðum, við lægra verði en þau þurfa að gera, þ. e. a. s., það hefur ekki verið notuð að fullu álagningarheimild, sem er í reglum, sem um það gilda. Nú þætti mér fróðlegt að fá upplýsingar um það, hvort fyrirtæki, þar sem svo stendur á, þurfa að lækka

sitt vöruverð, jafnvel þó að þau hafi ekki áður notað álagningarheimildir að fullu. Frsm. meiri hl. nefndarinnar, hv. 10. landsk., mun vera einn af þeim mönnum, sem veita forstöðu innflutningsskrifstofunni, sem hefur með þessi mál að gera, og geri ég því ráð fyrir, að hann geti sagt eitthvað um þetta og gefið upp, hvernig hann lítur á þetta mál. Það má segja kannske, að þetta skipti ekki miklu máli, því þó að skylt væri skv. þessum ákvæðum að færa niður verð á þeim vörum, þegar svona stendur á, þá er líklegt, að viðkomandi fyrirtæki hafi heimild til að hækka þær í verði aftur á móti sem niðurfærslunni svarar, ef álagningarheimildin hefði ekki áður verið notuð að fullu.

Í grg., sem frv. fylgir frá hæstv. ríkisstj., segir, að til úrbóta í þessum efnum sé um tvær meginleiðir að velja. Hin fyrri sé sú að hækka bætur til útflutningsframleiðslunnar sem því svaraði, er tilkostnaður hennar hefði aukizt, síðan slíkar bætur voru ákveðnar síðast, og leggja ný gjöld á landsmenn til að afla tekna á móti. Hin leiðin sé sú að lækka tilkostnað útflutningsframleiðslunnar með almennri lækkun kaupgjalds og verðlags, þannig að ekki þurfi að hækka þær bætur, sem hún fær nú greiddar. Og síðan segir í grg., að ríkisstj. hafi ákveðið að leggja til við Alþingi, að *síðari kosturinn sé valinn, og þess* vegna sé lagt til í frv., að tilkostnaður framleiðslunnar verði lækkaður, svo sem nauðsynlegt sé, til þess að bætur á gjaldeyrisverðmæti útflutningsins geti haldizt óbreyttar. Ég held, að þarna sé ekki alveg rétt frá skýrt. Mér virðist, að báðar þessar leiðir verði farnar, samkv. því, sem fyrir liggur um fyrirætlanir hæstv. stjórnar. Það er kunnugt, að ríkisstj. hefur þegar með samningum við útvegsmenn og fleiri vöruútflytjendur gengið inn á að hækka verulega bætur til þeirra í ýmsu formi, og nemur það samtals verulegum fjárhæðum, þannig að *þær niðurfærslur, sem hér er gert* ráð fyrir í þessu frv., nægja ekki að dómi sjálfrar hæstv. ríkisstj. til að bæta útflutningsatvinnuvegunum þær hækkanir á rekstrarkostnaði, sem fram eru komnar.

Áður hefur verið frá því skýrt af hv. frsm. meiri hl., að fjhn. barst bréf frá framleiðsluráði landbúnaðarins ásamt till. um breyt. á frv. Bréf þetta er dags. 24. þ. m. Ég lít svo á, að framleiðsluráðið hafi þar borið fram sanngjarnar tillögur um breyt. á frv. En hv. meðnm. mínir í fjhn. vildu ekki fallast á að taka þær til flutnings. Einn af þeim, hv. 5. þm. Reykv., hefur þó síðar lagt fram till. frá sér, þar sem að nokkru leyti er gengið til móts við þessar óskir framleiðsluráðsins.

En þar sem ekki fékkst samkomulag um afgreiðslu á þessu máli í nefndinni, meðan hún var að störfum, þá tók ég þann kostinn að flytja sem 2. minni hl. fjhn. þær till., sem framleiðsluráðið hafði borið fram, og eru tillögur frá mér um þetta á tveimur þingskjölum. Vil ég fyrst nefna till. mínar á þskj. 189. Þar er í fyrri brtt. lagt til, að gerð verði lagfæring á launum bænda í verðlagsgrundvellinum, sem nú gildir. Þegar sá grundvöllur var fundinn á næstliðnu sumri, var þar gert ráð fyrir grunnlaunahækkun til bænda 6%, og var það í samræmi við það, sem þá hafði orðið hjá ýmsum öðrum stéttum. Skömmu síðar gerðist það, að kaup verkamanna í Reykjavík, sem aðallega er við miðað, þegar laun bænda eru ákveðin í verðlagsgrundvellinum, hækkaði um 9.5%, og er hér því um nokkurn mismun að ræða, sem bændur hafa enn ekki fengið.

Í athugasemdum, sem fylgja frv. ríkisstj. um breyt. á l. um útflutningssjóð og eru á þskj. 187, er nokkuð greint frá þeim samningum, sem ríkisstj. hefur gert við útvegsmenn. Segir þar, með leyfi hæstv. forseta:

„Í samningum þeim, sem gerðir voru milli *bátasjómanna og útvegsmanna, er ráð fyrir* því gert, að skiptaverð hækki og lækki með breytingum á kaupgreiðsluvísitölu. Í framhaldi af þessu var í samningi ríkisstj. við útvegsmenn gert ráð fyrir því, að þeir gætu fengið bætta þá hækkun rekstrarkostnaðar, er af slíkum kaupbreytingum og breytingum á grunnkaupi leiddi. Óhjákvæmilegt var og, að vinnslustöðvar gætu fengið samkomulagsgrundvöllinn endurskoðaðan vegna slíkra hækkana á kaupi."

Til samræmis við þetta legg ég til, að bændur fái nú þá leiðréttingu, sem þeir eiga eftir að *fá vegna grunnkaupshækkana*, sem orðið hafa hjá öðrum, og einnig að þeir fái framvegis grunnkaupshækkanir í samræmi við það, sem aðrir kunna að fá, oftar á ári en áður hefur verið.

Hvað viðvíkur þessum halla, sem þarna er um að ræða frá því á s. l. hausti, má segja það, að bændur hafa ekki nú lagalegan rétt til að fá þetta fyrr en á næsta sumri, þegar nýr verðlagsgrundvöllur verður ákveðinn. En þar sem nú hefur verið ákveðið af hæstv. ríkisstj. að taka upp þann hátt að hækka bætur til útvegsmanna, ef hækkanir á grunnkaupi *eiga sér stað, þá sýnist mér* það fullkomlega réttmætt, að þessi skekkja frá í haust verði leiðrétt nú í sambandi við þær ráðstafanir, sem á að gera samkv. þessu frv. Ég vil benda á það, að bændur eru nú þegar búnir að búa við lægra verðið í rúma 4 mánuði, og til þess er ætlazt í þeim till., sem ég ber fram, að leiðréttingin komi til framkvæmda frá 1. febr. n. k. Þessi brtt. er, eins og ég þegar hef sagt, einmitt borin fram í sambandi við fyrirheitið, sem ríkisstj. hefur gefið útvegsmönnum um hækkaðar bætur, ef grunnkaup breytist, og þetta er nýmæli í samningum við þá. Enn má benda á það, að samkvæmt 4. gr. þessa frv. á nú hinn 1. marz n. k. að leggja saman grunnlaunaupphæðir og vísitöluuppbætur og telja það eftirleiðis samanlagt grunnkaup hjá launamönnum og reikna í framtíðinni vísitöluuppbætur á það. En þegar þessi breyting er gerð og um leið og hún er gerð, þá sýnist fyllilega réttmætt að leiðrétta þennan halla, sem ég hef hér getið um.

Hæstv. forsrh. hefur þegar gert þessa till. mína að umtalsefni, og mér virtist hann leggjast gegn því, að hún yrði samþykkt. En engin

rök heyrði ég hann færa fram til stuðnings því, að það væri réttmætt, að bændur byggju þarna við minni rétt en aðrar stéttir.

Í grg. með frv. er nokkuð rætt um ákvæði þess um greiðslu vísitöluuppbótar til útvegsmanna og sjómanna. Þar segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Í nýgerðum samningum milli útvegsmanna og sjómanna er nú í fyrsta skipti gert ráð fyrir því, að skiptaverð á fiski til sjómanna skuli breytast með breytingum á kaupgreiðsluvísitölu. Í samræmi við þessi samningsákvæði er í frv. gert ráð fyrir slíkum breytingum á skiptaverði til bátasjómanna og því fiskverði, sem aflaverðlaun togarasjómanna eru miðuð við. Í framhaldi af því hefur einnig þótt eðlilegt, að breytingar verði á afurðaverði til bænda samkvæmt kaupgreiðsluvísitölu jafnoft og samtímis og breytingar verða á kaupi launþega vegna breytinga á vísitölu.“

Ákvæði um vísitöluuppbótina til framleiðenda landbúnaðarvara hafa svo verið sett í 8. gr. frv. En þar er það einkennilega ákvæði, að hækkun til bænda skuli því aðeins heimil, að kaupgreiðsluvísitala sú, sem gildir frá byrjun viðkomandi tímabils, sé minnst 5 stigum hærri en sú vísitala, sem afurðaverð var síðast ákveðið eftir.

Ég hef ekki heyrt færð fram nein rök fyrir því, að það sé eðlilegt að takmarka þannig verðlagsuppbót til bænda einna. Öðru máli gegndi, ef þetta hefði verið algild regla. Ef þetta væri látið gilda um alla, þá var vitanlega ekkert við því að segja, þó að það næði til bænda. Ég hef því lagt fram till. um breyt. á þessu, og er hún á þskj. 193. Till. mín þar er um það að afnema þessa takmörkun á vísitöluuppbót til bænda.

Hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) hefur lagt fram brtt. um þetta atriði, en hún gengur of skammt til leiðréttingar á því. Hann leggur til, að í stað 5 stiga takmörkunar verði sett takmörkun við 2 stig. Ég sé enga ástæðu til þess að koma þessu þannig fyrir, því að eins og ég hef sagt, tel ég alveg sjálfsagt, að bændur njóti hér sömu kjara og aðrar stéttir.

Hv. 5. þm. Reykv. segir, að framleiðsluráð muni í viðtali við ríkisstj. hafa fallizt á þessa 5 stiga takmörkun. Þetta hlýtur að vera einhver misskilningur, því að ég er viss um það, að framleiðsluráðið hefði ekki sent fjhn. till. um breyt. á þessu, ef það hefði áður verið búið að gera einhvern samning við ríkisstj. um, að þessi takmörkun skyldi vera. Að vísu er það svo í bréfi og till. framleiðsluráðsins, að þar kemur fram, að ef þessi regla yrði látin gilda yfirleitt, að kaupgjald og afurðaverð breyttist ekki vegna vísitölubreytinga, nema vísitalan hækkaði eða lækkaði um ákveðin stig, ákveðinn stigafjölda, þá gæti framleiðsluráð fallizt á það fyrir sitt leyti. En verði þessi regla ekki tekin upp almennt, þá fer það vitanlega fram á, að engar slíkar takmarkanir séu settar á breytingar afurðaverðs, og þetta þykir mér eðlilegt. Og ég læt mér ekki til hugar koma, að framleiðsluráð hefði farið fram á þessa breytingu, ef það hefði verið búið að ganga inn á eitthvað annað eða gera eitthvert samkomulag við hæstv. ríkisstj. um annað fyrirkomulag.

Ég vil nú fastlega vænta þess, að við athugun á þessum till. komist hv. þdm. að þeirri niðurstöðu, að það sé sanngjarnt að samþykkja þær. Hér er ekki farið fram á nein forréttindi fyrir bændur, heldur aðeins það, að sömu reglur gildi fyrir þá og aðra, og ég fæ ekki séð, hvernig menn geta beitt sér gegn slíku.

Eins og ég gat um áður, þá er þetta frv., sem hér liggur fyrir, aðeins einn þáttur í efnahagsráðstöfunum, og gildi þess, ef samþykkt verður, hlýtur að fara mjög eftir því, hvað gert verður að öðru leyti í þeim málum. Ef vanrækt verður að afla tekna á móti gjöldum, sem þegar er búið að ákveða, þá er það að mínu áliti mjög háskalegt. En það liggur þegar fyrir, að hæstv. ríkisstj. hefur aukið niðurgreiðslur á vöruverði, sem munu kosta marga milljónatugi, og það liggur einnig fyrir, að vegna þeirra nýju samninga, sem ríkisstj. hefur gert við bátaútvegsmenn og aðra þá, sem fást við sjávarútveg, verða mikil útgjöld til viðbótar úr útflutningssjóði. Það nemur stórum upphæðum. Hins vegar er enn allt í óvissu um það, hvernig hæstv. ríkisstj. ætlar að sjá fyrir tekjum á móti þessum gjöldum. Það er allt þoku hulið, og fari það svo, að hæstv. ríkisstj. skjóti sér undan þeirri skyldu að sjá fyrir nægum tekjum í útflutningssjóð á móti þeim gjöldum, sem hann þarf að bera, eða afgreiði fjárlög með halla, þá stefnir það vitanlega að enn aukinni verðbólgu. Og fari svo, þá geta þær ráðstafanir, sem þetta frv. fjallar um, orðið næsta þýðingarlitlar.

Ég sé ekki ástæðu að svo stöddu til að hafa um þetta fleiri orð, en leyfi mér að vísa til nál., sem ég hef lagt fram á þskj. 197.

Frsm. 1. minni hl. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég hef á þskj. 196 skilað nál. um mína afstöðu í þessu máli, og niðurstaðan í því nál. er, að ég legg til, að þetta frv. sé felllt. Ég skal nú gera nokkra grein fyrir, af hvaða ástæðum. Að vísu hafði ég rætt nokkuð um þetta frv. við 1. umr., en mun reyna að endurtaka sem minnst af því, en fara nánar út í hinar ýmsu greinar þessa máls.

Það er þá í fyrsta lagi, að í 1. gr. þessa frv. er fyrirskipað með lögum, hver vísitalan skuli vera. Ég efast um, að allir hv. þm. hafi gert sér ljóst, að hve miklu leyti er með þessum lögum farið að skipta sér af þeim frjálsu samningum, sem verkamenn og atvinnurekendur eða launþegar almennt hafa gert.

Í fyrsta lagi er þetta gert með því, að það eru numin burt 10 vísitölustig, m. ö. o.: það er fyrirskipað, að atvinnurekendur skuli sleppa við að greiða af kaupi hvers manns 10 vísitölustig, sem þeir áður höfðu með samningum skuldbundið sig til að gera, og ég vil minna á, að þeir samningar eru að öllu leyti jafnréttháir og t. d. þau við, sem gefin eru. Eignarréttur verkamannsins á sínu vinnuafli er jafnréttháir og eignarréttur eins manns á

sínu húsi eða annað slíkt. Og þegar slíkir samningar hafa verið gerðir og eru rofnir frá hálfu löggjafans, þá er eðlilega verið að baka sér með því a. m. k. allmikla móralska ábyrgð og jafnvel meira.

En þetta með 10 vísitölustigin er nú svo ljóst, að um það þarf ekki að ræða. Það hefur sjálf hæstv. ríkisstj. lagt áherzlu á frá upphafi að væri aðalinnihald þessa frv., og á því byggist raunverulega allt, sem hún segist gera í þessu frv. til þess að stöðva verðbólguna, eins og hún kallar það.

En í öðru lagi er með þessu frv., ef að lögum verður, öllu grunnkaupi breytt, og þeir, sem kunnugir eru undirbúningi þessa máls, vita, að einmitt sérstaklega allir þeir forustumenn Alþfl., sem trúnaðarstöðu hafa í verkalýðssamtökunum, lögðu höfuðáherzlu á, að það mætti ekki snerta við grunnkaupi í sambandi við þetta frv. Það, sem gert er hins vegar með frv., fyrirmælum í 4. og 5. gr., er að gerbreyta öllu grunnkaupi í landinu, fyrst að lækka þá útborguðu vísitölu, sem verkamenn eiga að fá ofan á kaup sitt, síðan að taka þá lækkuðu vísitölu og leggja hana við grunnkaupið og síðan með lögum að ákveða, að þetta skuli vera grunnkaup framvegis, m. ö. o.: gerbylta öllum samningum, sem verkamenn og launþegar almennt hafa gert við sína atvinnurekendur, eftir að vera búnir að rýra þá áður um þessi 10 stig.

Í þriðja lagi er öllum þessum samningum að því leyti gerbylt, að það er lagt allt annað vísitölustig til grundvallar við hækkun og lækkun heldur en áður var. Eins og samningarnir eru nú, þá skal kaup hækka á þeim fresti, sem er ákveðinn í samningunum, þegar vísitala hefur hækkað um 1 stig. Eftir þessu frv., sem hér liggur fyrir, ef að lögum verður, þá verður þar ákveðið, að kaup skuli breytast, svo framarlega sem vísitalan hefur hækkað um 1 stig samkvæmt nýrri vísitölu, sem lögð er á nýjan grundvöll. Það stig verður það gildara en það fyrra, að það verður raunverulega sama sem 1.85, allt að því tvöfalt á við það gamla, þannig að nú þarf meira til þess, að kaupgjald hækki, heldur en áður þurfti.

Og í fjórða lagi er svo fyrirskipað með þessum lögum, að *þeim vísitölugrundvelli, sem* samið hefur verið um síðustu 20 árin á Íslandi með tiltölulega litlum breytingum, breytingum, sem gerðar voru 1950, sem sé sjálfum grundvelli vísitölunnar skuli breytt, öllum hennar útreikningi. *Það er út af fyrir sig* ekki máske stórkostlegt atriði. En það er þó atriði, sem ekki er nein heimild til þess að fara að breyta á þann hátt, sem hér er gert, vegna þess að það eru frjálsir samningar um *þennan vísitölugrundvöll milli atvinnurekenda* og verkamanna, og það, sem hefði átt að gerast, áður en þeim vísitölugrundvelli var breytt, var, að báðir aðilar hefðu komið sér saman um slíkt, og það er nú kannske eitt af því *fáa af því, sem hér er lagt til* að breyta með þessu frv., sem líkindi væru til að atvinnurekendur og verkamenn hefðu komið sér saman um með frjálsum samningum að breyta, þannig að hin siðferðilega sök í því sambandi hjá frv. og þeim, sem það flytja og styðja, er ekki svo sérstaklega mikil, en aðferðir óviðkunnanlegar.

En allt þýðir þetta, 10 stigin, grunnkaupsbreytingin, breytingin á vísitölustigunum, allt þýðir þetta, að það eru rofnir allir þeir samningar, allir þeir frjálsu samningar, sem gerðir hafa verið, með lagaboði. Og eins og gefur að skilja, þá þýðir þetta, þegar löggjafinn grípur svona inn í á þennan hátt, að verkalýðsfélögin munu tvímælalaust skoða sig sem óbundin af því, hvenær þau vilja segja núverandi samningum upp, og að þeirra gömlu uppsagnarákvæði séu sett úr gildi.

Þetta er nú í fyrsta lagi viðvíkjandi vísitölunni, að þarna er á þennan hátramma hátt traðkað á samningsrétti og réttindum, sem verkalýðsfélögin höfðu tryggt sér með frjálsum samningum, og breytt af hálfu löggjafans, ef þetta verður að lögum.

En í öðru lagi er auðsjáanlega ekki látið við þetta sitja. Það er líka farið út í annað og það er að gera ákveðnar breytingar viðvíkjandi því, hvaða áhrif grunnkaupshækkanir skuli hafa framvegis. Það var sagt hér, held ég, af hæstv. forsrh., að samningsfrelsi verkamanna væri ekki afnumið, og það er rétt. Það er aðeins brotið, samningsréttur skertur, samningarnir rofnir af hálfu löggjafans, en samningsfrelsið er ekki afnumið. Það er hægt að semja um grunnkaupsbreytingar. En hvað er gert? Það er auðsjáanlega verið að innleiða hér ákvæði um að gera allar slíkar grunnkaupsbreytingar sem allra erfiðastar. Í bréfi eða samningi sem hæstv. ríkisstj. hefur gert við framleiðendur á hraðfrystum fiski í landinu og raunar við fleiri aðila, er gert samkomulag um það, að breytist grunnkaup eða kaupgreiðsluvísitala frá því, sem þar er ákveðið, þá endurskoðist samkomulagið í samræmi við þær breytingar. Og það er alveg greinilegt, eftir því sem hér er nú rætt, að það á að taka upp þann hátt í fyrsta lagi að gera það að reglu, eins og ríkisstj. lýsir yfir í þessu bréfi, að það skuli endurskoða fiskverð í samræmi við breytingar, sem verða á grunnkaupi. Og í öðru lagi hefur framleiðsluráð landbúnaðarins *strax fylgt í kjölfarið, gerir kröfur* til hins sama, og tveir meðnm. minir úr fjhn., hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) og formaður nefndarinnar, hv. þm. V-Húnv. (SkG), flytja báðir till. um að tryggja, að það skuli færa verð *á landbúnaðarvörum til samræmis við þær* hækkanir, sem kunni að verða í framtíðinni á grunnkaupi í almennri verkamannavinnu í Reykjavík. M. ö. o.: það er verið að reyna að hlaða ofan á grunnkaupið slíkum böggum, *slíkum byrðum, að verkamenn fái helzt ekki* risið undir því að breyta slíku grunnkaupi, vegna þess að þeir viti, að með því breytist allt landbúnaðarvöruverð og jafnvel allt fiskverð í landinu.

Þessi fyrirmæli og þessi lög og þessar till. eru ósvífni. Þær eru ósvífni gagnvart verkamönnum og launþegum í landinu, að reyna

að tengja þetta á þennan hátt, og þær eru þjóðfélagslega séð og þjóðhagslega séð heimska. Ég ræddi um það þó nokkuð hér við 1. umr. þessa máls, að svo framarlega sem framfarir eigi að verða með eðlilegum hætti í okkar atvinnu- og efnahagslífi, þá séu einmitt kaupgjaldsbreytingarnar, kauphækkanirnar aðalkrafturinn, sem knýr slíkar framfarir fram, vegna þess að slíkar kaupbreytingar, þegar verkamennirnir fá fram einhverja ofur litla hækkun á sínu kaupgjaldi, þýða það, að ef atvinnurekandinn fellst á slíka hækkun og semur um hana og getur ekki velt henni yfir á neina aðra, þá hugsar hann sig tvisvar sinnum um, og áður en hann fellst á það, er hann áreiðanlega búinn að taka einhverja ákvörðun um, hvernig hann eigi að standa undir þessu, hvort hann ætli, ef hann hefur haft gróða af sínum atvinnurekstri, að gefa eitthvað eftir að honum, eða hvort hann sé búinn að finna út aðferðir til þess að hafa sinn atvinnurekstur þannig praktískari í framtíðinni, að hann geti staðið undir þessum kauphækkunum; annars fellst hann ekki á þær.

Það þarf því einmitt að skapa frá hálfu þjóðfélagsins það aðhald, að atvinnurekandinn sé ekki viss um, að hann megi bara skrifa út ávísun á þjóðarbúið fyrir öllum grunnkaupshækkunum, sem hann fellst á. Þvert á móti á hann að vera knúinn til að breyta í sífellu, bæta í sífellu, skapa í sífellu framfarir í sínum atvinnurekstri til þess að geta staðið undir betri lífskjörum þjóðarinnar. Og það, sem knýr hann til þess að verða við þessu og skapa þessar framfarir, er óskir og kröfur verkamanna og launþega um kauphækkanir, það er bókstaflega framfaraaflið í þjóðfélaginu. Að setja þessa ákvörðun til allra þeirra, sem stunda t. d. rekstur í hraðfrystihúsum núna, og annarra slíkra, að það skuli um leið fara að endurskoða í samræmi við svona grunnkaupsbreytingar allt það verð, sem þeim er úthlutað, allt það samkomulag, sem við þá er gert, það nær bókstaflega ekki nokkurri átt. Sum hraðfrystihúsin á Íslandi eru bezt reknu og þau fyrirtæki, sem einna mestan gróðann gefa á Íslandi nú, fyrirtæki, sem eru rekin í stórum stíl, þar sem um mikinn rekstur er að ræða, allstöðugan yfir mikinn tíma ársins, og hefur meira að segja safnazt á undanförnum árum bara þó nokkurt fjármagn hjá þessum stóru hraðfrystihúsum. Ef á að fara að gefa þessum fyrirtækjum vottorð um það, að hvenær sem þau hækka grunnkaup, þá skuli þau bara gera um leið kröfu á þjóðfélagið fyrir auknum uppbótum, eða m. ö. o. kröfur á Alþingi um aukna skatta og tolla, þá er það enginn máti að stjórna þjóðfélagi og þjóðarbúskap á. Þetta er rétt eins og ef einn privatmaður tæki upp á því, ef hann ætti eitthvað inni í einhverjum sparisjóð eða banka, að afhenda ávísanabókina einhverjum og einhverjum öðrum og segja, að hann geti gefið út á hana eins og hann vilji.

Hins vegar er auðséð, hver afleiðingin kemur til með að verða af þessum tengslum, sem hér er verið að koma á milli grunnkaups og breytinga á því og hins vegar verðs á landbúnaðarvörum og fiski. Afleiðingarnar verða þær, eins og líka auðsjáanlega allar ráðstafanir eru gerðar til í þessu frv., að gera víxláhrifin miklu örari en áður.

Með þessu frv. er verið að ákveða, að landbúnaðarvöruverð skuli breytast fjórum sinnum á ári í staðinn fyrir áður einu sinni, m. ö. o. að gera víxláhrifin hraðari. Með þessu frv. er líka verið að ákveða, að fiskverðið skuli geta breytzt miklu oftar en áður. Og með þessu móti er bókstaflega verið að auka á verðbólguna, ef á annað borð er einhver hreyfing í þá átt í þjóðfélaginu, gera hana hraðari, gera víxláhrifin meiri og örari.

Það er svo sem alveg auðséð, hver afleiðingin af svona háttalagi verður. Það á að reyna að gera vísitölukerfið mjög óvinsælt og undirbúa afnám þess, enda kemur það greinilega fram og kom líka fram hjá okkur í umr. í n., að að því virðist stefnt, bókstaflega vitandi vits, af margra hálfu að afnema sjálft vísitölukerfið.

Vísitölukerfið hefur verið vörn fyrir launþegann í landinu gegn ráðstöfunum ríkisvaldsins eða gegn utanaðkomandi hagsveiflum. Það hefur verið staðfesting hans á því, að hann eigi að fá að halda því kaupi, sem hann hefur, og það eigi ekki að rýra það með utanaðkomandi hagsveiflum eða ráðstöfunum þess opinbera, tollabyrðum og öðru slíku. Og t. d. Alþingi og hver ríkisstj., sem að völdum hefur setið, hefur haft það aðhald, að hún hefur vitað, að ef hún jók tollana, ekki sízt á þeim vörum, sem undir vísitöluna koma, þá mundi það þýða, að hún stæði fyrir vandræðum seinna meir, það yrði „búmerang", sem hitti hana aftur. Það er þess vegna greinilegt, að það er með þessu frv. verið að undirbúa að reyna að afnema vísitölukerfið sem mælikvarða fyrir launþegana og tryggingu fyrir þá á því, að ekki sé hægt að leiða yfir þá bótalaust botnlausa dýrtíð. Og það, sem virðist bókstaflega vera verið að gera líka með þessu frv., það er að stefna að því að frysta allt grunnkaup í landinu með því að gera verkamönnum svo erfitt að hreyfa grunnkaupið, af því að þeir viti, að þá muni allt landbúnaðarvöruverð og allt fiskverð hreyfast einnig, að þeir helzt ekki leggi út í það. Er jafnillt að gera slíkt gagnvart verkamönnum og launþegum eins og það er óviturlegt fyrir þjóðfélagið að stjórna þannig.

Þess vegna eru þessar greinar í frv., sem snerta þannig vísitöluna og grunnkaupið, að mínu áliti ákaflega ranglátar og ákaflega óviturlegar.

Ýmsar af sérstökum greinum þessa frv. eru að vísu bara bein afleiðing og samræming út frá grundvallarhugsun frv., en sumar þeirra er samt rétt að tala nokkuð sérstaklega um.

Í 6. gr. er gengið út frá því að lengja þann tíma, sem sama vísitalan eigi að gilda. Hingað til hefur það verið í þrjá mánuði, sem vísitalan hefur gilt. Eftir þessari grein verður það í fjóra mánuði, og það verður þannig, að sú vísitala, sem verður raunverulega 1. marz,

hún verður nokkurn veginn látin duga út ágúst. Það þýðir, að með þessu er raunverulega verið nokkurn veginn að frysta kaupið, að svo miklu leyti sem ekki yrði hægt að hreyfa grunnkaup á þessum tíma, fram til ágústloka. En í annarri efnismálsgr. í 6. gr. er líka gerð önnur ákvörðun. Það er sett aftur inn sú ákvörðun, sem tekin var út 1956, að breytt verð á landbúnaðarvörum vegna hækkunar eða lækkunar á launum bónda eða verkafólks skuli ekki hafa áhrif á vísitöluna seinna meir, þ. e. kauplagsvísitöluna. Þetta ákvæði var hér áður, en var tekið út 1956, einmitt til þess að draga úr því, að þessi hækkun yrði svo ör og að það yrði vaxandi munur á milli verðlagsins á landbúnaðarvörum og kauplagsvísitölunnar. Nú er meiningin að setja þetta inn aftur. Það mundi þýða að gera muninn á því kaupgjaldi, sem bóndinn fær, og því kaupgjaldi, sem verkamaðurinn fær, smám saman meiri, skapa þarna mun á milli framfærsluvísitölunnar og þeirrar kauplagsvísitölu, sem reiknað er eftir, og þessi 6. gr. ætti öll, hvernig sem annars færi, að falla burt, en alveg sérstaklega þó þessi 2. efnismálsl. í henni.

Þá er í sambandi við 9. gr. Þar eru þau fyrirmæli, sem lækka þetta kaup hjá sjómönnum líka. Um þau fyrirmæli hafa orðið nokkrar umræður hér. Ég vil fyrst segja það í sambandi við þessi mál: Það er óréttlátt að lækka kaupið hjá sjómönnunum. Í öllum þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið núna á undanförnum árum og á ýmsan hátt hafa snert kaupgjald beint eða óbeint og samið hefur verið um við verkalýðsfélögin, þá hefur verið reynt að sjá hins vegar um það, að kaup sjómanna færi stöðugt hækkandi, vegna þess að sannleikurinn er, að það var of lítill munur á kaupi sjómanna og annarra launþega. Það þurfti að auka kaup sjómanna og það verulega, einmitt til þess að þjóðfélagið fengi nægilega marga röska og duglega menn á sjóinn, af því að það er undirstaðan undir öllum launum allra annarra, sem í landi vinna, að þar fáist menn. Þess vegna er það í fyrsta lagi óréttlátt gagnvart sjómanninum og þeirri vinnu, sem hann innir af hendi, að lækka hjá honum kaup. Hann hefur verri aðstöðu en nokkur annar maður til þess að nota sér sína frítíma. Allir aðrir þegnar í þjóðfélaginu hafa aðstöðu til þess að vinna, að vísu með því að leggja mikið á sig, svo og svo mikla aukavinnu, vinna að því kannske að byggja sér jafnvel íbúðarhús eða ýmislegt annað slíkt. Sjómaðurinn hefur ekki aðstöðu til neins af þessu og leggur samt á sig aðra eins gífurlega aukavinnu og hann gerir, svo að maður tali ekki um það annað, sem hann fer á mis við, það, að hann geti verið heima hjá sínum fjölskyldum og annað slíkt á venjulegum tímum. Það er að öllu leyti réttmætt, jafnvel þótt verið væri að gera ráðstafanir, sem snertu aðra launþega, að sjómennirnir væru undanþegnir. Í öðru lagi er ópraktískt af þjóðfélaginu sem heild að gera þetta. Íslenzka þjóðfélagið þarf á því að halda, að við höldum mönnum á sjónum og fáum fleiri menn á sjó. Þess vegna eigum við að gera betur við þessa menn og ekki láta þá verða fyrir neinu hnjaski, jafnvel þegar aðrir verða fyrir hnjaski. Þess vegna er rangt að leggja þarna til að lækka eins við sjómennina og við aðra. Þegar samið var um þetta, samningurinn gerður á milli Landssambands ísl. útvegsmanna og sjómannasamtakanna, sem ríkisstj. hafði þátt í, þá var, — og það er bezt, að ég minnist fyrst á 6. gr., sem hv. 10. landsk., frsm. meiri hl. fjhn., minntist hér á í sinni framsöguræðu, — þá stóðu allir aðilar í samþykki við yfirlýsingu ríkisstj. um, að fiskverð skuli hækka og lækka, ef vísitalan breytist frá 185 stigum. Þegar stendur í einni grein, að vísitala breytist frá 185 stigum, þá skilur hver einasti maður það þannig, að sjálf vísitalan sé að breytast, að framfærsluvísitala eða kauplagsvísitala sé að breytast á eðlilegan hátt, að það, sem hún sé að mæla, vöruverðið og kaupgjald í samræmi við það, sé að breytast og þar með eigi þessi mælikvarði, sem þarna er lagður, að segja til um öðruvísi kaupgjald. Það er að vísu ómögulegt að skilja slíkt, að ríkisstjórn eða Alþingi skuli banna, að reiknað sé eftir ákveðnum mælikvarða þannig, það er algerlega óeðlilegt ástand. Það er alveg jafnt hægt að fyrirskipa, þegar 37 gráðu hiti er, að hann skuli vera reiknaður 35, eða að metrinn skuli vera 90 sm eða eitthvað annað slíkt, menn skuli bara sleppa þessum 10 stigum eða 10 sm eða hvað sem það nú væri. Það, sem tekur af öll tvímæli um þetta, er yfirlýsingin, sem stendur á eftir samningnum, sem undirskrifaður er af öllum aðilum, og ég, með leyfi hæstv. forseta, vil leyfa mér að lesa upp. Þar stendur:

„F. h. sjómannasamtaka innan A. S. Í. Að áskildu samþykki félagsfunda og að eftirfarandi yfirlýsing fáist frá ríkisstj. Íslands: Ef samningar takast á milli L. Í. Ú. og sjómannasamtakanna um fiskverð og kauptryggingu á þessu ári, þá er ríkisstj. því samþykk, að ef vísitalan breytist frá 185 stigum, skuli fiskverð hækka eða lækka í hlutfalli við breytingu þá. Enn fremur samþykki ríkisstj., að í fyrirhugaðri lagasetningu um efnahagsmálin muni hún leggja til, að kjör sjómanna samkvæmt samningi þessum skuli ekki skert."

Það er náttúrlega alveg ótvírætt, hver meiningin er í þessu, og getur enginn um það efazt, ef sú almenna vísitala mælir eitthvað annað en 185 stig, þá skal það tekið til greina, og svo er hins vegar ákveðið, að kjörin skuli ekki skert, jafnvel þótt kjör annarra verði skert, — kjör sjómanna samkvæmt þessum samningum skuli ekki skert. Það er undarlegt að vera með einhverjar öðruvísi túlkanir á þessum greinum, sem eru eins skýrar og þær eru. Frá hálfu sjómanna er þarna auðsjáanlega alveg skýrt og skorinort kveðið á um, að ekki skuli skerða þeirra kjör. Hvað sem sá meiri hl., sem e. t. v. mun vera til í þessari hv. d. fyrir þessu frv., kann að vilja gera í þessum málum, þá ætti hann að breyta

þessari 9. gr., bæði frá sjónarmiði réttlætisins og frá sjónarmiði þess, sem praktiskt er fyrir þjóðfélagið.

Þá er viðvíkjandi 10. gr. Þar er verðlækkunin, og ég hef tekið eftir því, að það hefur verið reynt að gera ákaflega mikið úr þessari verðlækkun, og það hafa verið vaktar vonir hjá mönnum um, að einhver verðlækkun muni verða í sambandi við þetta. Ég held satt að segja, að það séu tálvonir, sem bæði flm. og stuðningsmenn þessa frv. gera sér um verðlækkanirnar í sambandi við 10. gr. Þegar við spurðum hagstofustjóra um, hvaða verðlækkun hann héldi að mundi verða í sambandi við áhrif þessarar 10. gr. og hvað mikið mundi koma fram í vísitölunni af henni, þá sagði hann, að það mundi líklega verða 0.5 stig í vísitölu.

Maður hefur reynsluna af því áður, hvernig fer með svona hluti. Þetta lítur skikkanlega út á pappírnum fyrir þá, sem kunna ekki að lesa á milli línanna, en í reyndinni verður venjulega hverfandi lítið úr þessum hlutum — og af hverju? Af því að þeir aðilar, sem eiga mest innangengt hjá þeim valdhöfum, sem setja lög eins og þessi, ef að lögum verða, ota hver sínum tota og sjá um, að það verði ekkert úr þessum fórnum, sem eigi að bitna á þeim. Það var svo sem alveg gefið núna og er nú þegar komið fram og nú þegar er byrjað að láta undan því, hvernig fara skuli með landbúnaðarvörurnar í þessu sambandi, og það eru nú þegar komnar fram óskirnar og kröfurnar og útreikningarnir frá hálfu ýmissa atvinnurekenda viðvíkjandi því, hvernig reikna verði nýja liði á þeirra tilkostnaði til þess að vega upp á móti því, sem þeir e. t. v. ættu að lækka út af því, sem hér er, og ég er ákaflega hræddur um, að þeir mörgu aðilar, er koma til með að ota hver sínum tota í sambandi við 10. gr. og verðlækkanirnar, muni verða bænheyrðir meira en útlit er fyrir að verkalýðssamtökin verði af þeim, sem ætla að knýja þessa löggjöf fram. Till., sem fram eru komnar, bæði á þskj. 194 og 189, benda bezt á það, hvers þar megi vænta.

Ég er hræddur um, að fyrir utan allt það óréttláta og óviturlega í þessu frv., öll þau samningsrof, sem í því felast, þá muni þetta frv. ekki verða til þess, sem hæstv. ríkisstj. leggur nú höfuðáherzlu á, og það er að stöðva verðbólguna eða draga úr hennar vexti.

Hv. 2. þm. Reykv. (BÓ) var að lýsa því hér áðan, hvernig hringekjan væri í sambandi við verðbólguna, og mér sýnist, að það, sem verið sé að gera með þessu frv., sé að binda stærra hlass aftan í þessa hringekju en áður, þannig að það sé nú öruggt, að það snúist nú allt saman í senn og fljótt, hvenær sem farið væri af stað með grunnkaupshækkanir.

En um leið er vert að vekja athygli á því, að samtímis því sem talað er um, að þetta frv. eigi að vera ráðstöfun á móti verðbólgu, þá leggja þeir, sem auðsjáanlega ætla að koma þessu frv. í gegnum þingið með ríkisstj., þ. e. með Alþfl., Sjálfstfl., þá dregur hann enga dul á, að það eigi sem næsta skref á eftir þessu frv. og þetta frv. sé aðeins fyrsta skrefið, þá eigi að auka og margfalda verðbólguna á Íslandi með gengislækkun í haust. Við þekkjum þessar kröfur. Við erum núna í tvö ár búnir að hlusta á þessar kröfur og standa á móti þessum kröfum, kröfunum um gengislækkun. Þær hafa dunið yfir allan tímann, og við létum, eins og ég gat um við 1. umr. þessa máls, reikna það út, meðan við tókum þátt í vinstri ríkisstj., þá létum við reikna það út, Alþýðubandalagsmenn, hvað það mundi þýða að afnema styrkina og uppbæturnar og lækka gengið þannig út, þegar þau stæðu undir sér eins og þá var, og það hefði þýtt hækkun á útlendu gengi um 114% þá. Það er hverjum manni ljóst, að gengislækkun á Íslandi margfaldar alla verðbólguna, sem hér er fyrir, og það umtal, sem núna sífellt fer fram um gengislækkun, það ábyrgðarlausa umtal, sem kemur jafnvel frá þeim mönnum í embættisbákninu, eins og aðalbankastjóra seðlabankans, sem ættu þó að vera varfærnastir um svona mál, — það væri kannske frekar hægt að fyrirgefa stjórnmálamönnunum, þó að þeir væru stundum að tala um þetta, — þetta umtal um gengislækkun ýtir undir alla verðbólgu, það ýtir undir allt brask, það fær hvern einasta mann til þess að hugsa: Nú, það verður hvort sem er lækkað gengið í haust, og það er bezt fyrir mig að reyna að hlaupa með mitt sparifé og mína peninga í að kaupa eitthvað, sem heldur þó sínu gildi.

Þetta sífellda umtal um gengislækkun, kröfur um gengislækkun, yfirlýsingar um, að gengislækkun sé eina vitið, það er áskorun til alls almennings í landinu um að viðhalda verðbólgunni og auka hana. Þessi áróður er til þess að rífa grundvöllinn undan trausti á íslenzkum gjaldeyri og gengi íslenzkrar krónu og auðvitað trausti á sparifé. Og það sýnir bezt, hve mikið traust almennings raunverulega er á þessu, að það skuli nokkur eyrir vera eftir af sparifé í bönkum landsins eða sparisjóðum eftir allan þann áróður, sem á gengur um þetta og það ekki sízt frá hálfu þeirra manna, sem ættu þó fyrst og fremst að reyna að passa upp á sparifé.

Þetta frv. miðar þess vegna ekki að því að stöðva verðbólguna. Það miðar aðeins að einu, aðeins að því að skerða launakjör verkalýðsins og gera honum til næsta hausts erfiðara að vinna á móti þeirri skerðingu með því að binda svo og svo mikið af öllu verðlagi í landinu við hverja hreyfingu, sem hann kynni að gera í átt til hækkaðs grunnkaups.

Hv. 2. þm. Reykv. hélt hér allýtarlega og hreinskilna ræðu áðan. Mér þykir leitt, að hann skuli ekki vera hérna, en ég veit, að hann var hálflasinn, þannig að það er ekki honum að kenna, þótt hann sé ekki hérna. En ég sagði honum frá því, að ég mundi svara einhverju af því, sem hann hefði sagt, enda voru þær hugleiðingar, sem hann var með, ekki aðeins hreinskilnar, heldur líka mjög raunsæ yfirlýsing frá hálfu þeirra manna, sem hafa hans skoðanir um, hvað gera beri í þessum málum.

Hann hélt því fram, að undirrótin að verðbólgunni á Íslandi væri, að kommúnistar, eins og hann orðaði það, hafa talið mönnum trú um, að hægt væri að hækka kaup án þess að velta því yfir á þjóðfélagið, og þetta er hans trú og vafalaust fleiri manna, að sé einn aðalgrundvöllur verðbólgunnar. Og það er alveg rétt, að við gerum okkur það ljóst, hvort þetta sé satt eða satt ekki, því að raunverulega er forsendan, sem allt þetta frv. byggist á og allt þetta að vera að keðja grunnkaupið við allt landbúnaðarvöruverð og fiskverð í landinu, það hlýtur að byggjast á þeirri trú, að það sé ekki hægt að hækka grunnkaup á Íslandi öðruvísi en að skrifa gengið og gjaldeyrinn niður um leið eða rýra verðgildi allra peninga í landinu, og mín fullyrðing um, að það sé hægt að hækka grunnkaupið, án þess að þetta gerist, byggist á því, að ég lít svo á, að þetta sé mögulegt, og ég skal færa rök að því.

1957 — ætla ég — að það hafi verið, að okkar framleiðslutekjur allar, þjóðarbúsins, séu áætlaðar 4 milljarðar og 900 milljónir, þ. e. 1957, — er það ekki rétt til getið hjá mér? Og skiptingin á þessu er eftirfarandi: Af þessum 4900 millj. kr. fara 1600 millj. kr. í fjárfestingu, 700 millj. kr. fara til rekstrar ríkis og bæjar- og sveitarfélaga, 2600 millj. fara til neyzlu allra landsmanna. Spurningin, sem liggur fyrir manni, þegar maður segir: Það er hægt að bæta kjör launþega, byggist á því, að í fyrsta lagi sé hægt að skipta neyzlunni öðruvísi, þannig að það fari meira af þessum 2600 millj. í hlut verkamanna, láglaunamanna skulum við segja, og þá aftur minna í hlut þeirra, sem við oft köllum efnamenn eða yfirstétt.

En við skulum segja, að við gerðum ekki mest úr því, hvort hægt væri að taka — við skulum segja nokkra milljónatugi á þennan hátt. Við skulum taka fjárfestingaratriðið. 1600 millj. kr. fara í fjárfestingu. Þegar einn verkamaður, sem lifir af 5 þús. kr. á mánuði, gerir kröfu til þess, að kaup sé hækkað, við skulum segja, að hann fari fram á 3% hækkun, þá hlýtur hann að velta þeirri spurningu fyrir sér: Er öllu þessu fé, sem fer í þessa fjárfestingu, svo vel varið, að því væri ekki betur varið sem neyzlu til mín? Og þegar hann horfir á fjárfestinguna, eins og hún er í þjóðfélaginu, þá sér hann, að það eru hundruð milljóna, hundruð og hundruð milljóna, sem er varið í meira eða minna algerlega „ópródúktíva“ fjárfestingu, þ. e. fjárfestingu, sem gefur ekki arð. Að vísu er margt af fjárfestingu, sem gefur ekki arð, bráðnauðsynlegt, skólarnir, sjúkrahúsin eða annað slíkt, en svo og svo mikið af þessari fjárfestingu er líka fjárfesting, sem mætti bíða, á meðan nóg er að gera við vinnuafl þjóðarinnar við hagnýta framleiðslu. Það hefur verið bent á, að ef dregið væri úr fjárfestingunni, þá mundi það þýða atvinnuleysi. Það er ekki rétt, það er hægt að draga úr fjárfestingu eins og til vega, brúa og ýmislegs annars slíks, án þess að það þýði nokkurt atvinnuleysi á Íslandi, heldur þvert á móti, að það þýði aukna framleiðslu þjóðarinnar. Í hverju einasta þjóðfélagi í öllum okkar nágrannalöndum, þar sem ríkið á annað borð skiptir sér eitthvað af sveiflunum í atvinnulífinu, þá er það föst regla og búin að vera þar meira eða minna í upp undir 25 ár, þ. e. síðan í kreppunni miklu, að á þeim tímum, þegar fullur og mikill gangur er í atvinnulífinu, framleiðslulífinu almennt, því atvinnulífi, sem einkaatvinnurekendurnir hafa, og annað slíkt, þá er dregið úr opinberum framkvæmdum, þá sparar ríkið svo að segja sína peninga í öllu, sem það annars notar í hitt og þetta, sem við á atvinnuleysisárunum börðumst fyrir sem atvinnubótavinnu, eins og vegavinnunni og ýmsu öðru slíku. Ríkið gerir þetta í þjóðfélögum eins og í Svíþjóð og ótal öðrum slíkum þjóðfélögum, dregur úr sínum opinberu framkvæmdum, þegar fullur gangur er í því almenna atvinnulífi þjóðfélagsins, til þess aftur á þeim tímum, þegar ef til vill atvinnuleysishætta vofir yfir eða atvinnuleysi er byrjað, að geta aukið að sama skapi sínar opinberu framkvæmdir, til þess að þjóðfélagsþegnunum líði betur. En hér er haldið í þessa hluti í fjárlögunum út frá hreppapólitísku sjónarmiði, þegar þjóðfélaginu er ekki þörf á því, og þessum peningum er veitt út í þjóðfélagið, án þess að það sé brýn þörf á þessu, og jafnvel þannig, að það geri meiri eða minni skaða, tekur vinnuafl, sem hægt væri að nota við beina framleiðslu. Þetta er ópraktískt. Það er ekki að stjórna þjóðarbúi vel að stjórna svona. Það er álíka og fyrir einn bónda, þegar hann væri að heyja, að hann færi sjálfur og sendi endilega allt sitt fólk í brakandi þurrki í það að fara að búa til vegarspotta, sem kæmi honum þó ekki að neinu gagni, hvorki það sumar né næsta, en léti heyið eiga sig. Það er nákvæmlega sami búskaparhátturinn að taka mennina, sem þyrftu að vera að framleiða fiskinn og vinna að honum, og senda þá í vegagerð upp í sveit, einhvers staðar þar sem er verið að gera einhvern bút, vegna þess að einhver þm. vill gjarnan geta sagt við sína kjósendur í kjördæminu: Sjáið þið, hvað ég var duglegur að útvega þennan bút núna í sumar.

Ef á að stjórna þjóðfélagi af viti og þegar Alþingi er búið að taka það að sér, þá verður það að þora að hugsa nokkurn veginn rökrétt í þessum málum frá þjóðarbúinu í heild. Og þetta þyrfti ekki að þýða, að það væri unnið minna að vegum í sveit. Ég skal vera handviss um, að það má með marga vegina, sem þar er unnið að, vinna á fjórða hverju ári að því að fullgera veg á sama tíma, sem menn eru að dunda við í pörtum öll hin fjögur árin hvert um sig. Það að flytja þessar stóru vegavinnuvélar til, það fer stundum helmingurinn af allri vinnunni og kostnaðinum við að leggja einn vegarspotta í að flytja þær fram og aftur. Það er ekki nokkurt vinnulag á þessum hlutum, og það, sem þess vegna verkamaðurinn með 5 þús. kr. launin hlýtur að spyrja að, þegar hann horfir upp á, hvernig stjórnað er,

það er: Á ég að borga þetta? Á ég að borga það, að fjárfestingin sé meira eða minna vitlaus, að það sé unnið meira eða minna vitlaust að henni? — Það er það, sem spurningin stendur um.

Þess vegna held ég, að við höfum haft á réttu að standa, sem höfum haldið því fram, að það væri hægt að hækka grunnkaup, vegna þess að það er svo margt í þjóðfélaginu, þess fjárfestingu og öllum þess rekstri, sem má laga, þannig að það sé praktískara, vinnuaflið betur hagnýtt, vélarnar betur hagnýttar og fjármagninu varið réttar. Ef búið væri að stjórna þannig á þessum sviðum öllum, að allir kraftar væru þarna sem bezt hagnýttir, og búið að skipuleggja þetta eins vel og frekast væri hægt og þjóðarbúið gæti svo ekki meira, þá skyldi ég vera fyrstur manna til að segja: Nú er ekki hægt að hækka kaupið meira. En meðan við sjáum óreiðuna, vitleysuna, skipulagsleysið, hugsanaleysið í þessu öllu saman, þá vitum við ósköp vel, að kraftur verkamannsins og verkalýðssamtakanna til að hækka grunnkaup er aðalaflið í þjóðfélaginu, sem getur knúið fram betri skipulagningu, skynsamlegri fjárfestingu, betri stjórn á þjóðarbúinu, svo fremi sem atvinnurekendurnir, Alþingi og allir aðilar láti ekki undan þeim þrýstingi, sem grunnkaupshækkunin skapar, með því einu að auka verðbólguna. Það er það, sem hefur verið gert, og það, sem hv. 2. þm. Reykv., þegar hann ræddi þetta mál svona ýtarlega hérna áðan, sleppti alveg, var þetta: Atvinnurekendurnir velta af sér yfir á þjóðfélagið grunnkaupshækkunum eða vísitöluhækkunum, og í því liggur, að þeir þurfa ekki einu sinni að endurskipuleggja sinn rekstur, gefa bara ávísun á þjóðarbúið. Hann hefði einmitt átt að athuga, sem sjálfur er atvinnurekandi, af hverju gengst hann ekki fyrir, að atvinnurekendurnir stöðvi hjá sér, en það er svo fjarri því, að slíkt sé gert og slíkt aðhald sé skapað, að þvert á móti er núna með þessu frv. verið að lögleiða það.

Hv. 2. þm. Reykv. kom í þessu sambandi inn á gjaldeyrisframleiðsluna, einmitt í sambandi við það, sem hann var að ræða um næstu skrefin í þessu. Hann talaði mikið um vandræðin, hvernig þetta væri allt saman keðjað hér saman hjá okkur, og það er ekki nema eðlilegt, að maður íhugi, einmitt út frá hans röksemdum, viðhorfið, ef það ætti nú að fara eftir því, sem hann leggur til.

Þó mundi ég hafa viljað skjóta því að honum, ef hann væri hérna, þegar hann var að tala um verkalaunin, — ég mundi hafa viljað skjóta því að honum að athuga, þó að honum *fyndust launin of há núna, hvort þá væri* praktískt fyrir þjóðfélagið að lækka þau, væri ekki betra fyrir þjóðfélagið að athuga, hvernig það gæti skipulagt sinn eigin þjóðarbúskap betur og skynsamlegar, áður en það færi í það að lækka launin, því að það að lækka launin þýðir afturför fyrir þjóðfélagið sjálft. Það knýr ekki fram þær framfarir í atvinnurekstrinum, sem ella mundu verða knúðar fram með eðlilegum hætti af grunnkaupshækkunum.

Viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði viðvíkjandi gjaldeyrisframleiðslunni, þá er eitt, sem menn verða að gera sér ljóst í því sambandi. Þegar íslenzka þjóðfélagið tók þá ákvörðun að taka allan gjaldeyri af útveginum og úthluta honum, og það er búið að gera það meira eða minna nú í 25 ár, þegar það raunverulega, ef við notum slagorð um það, þjóðnýtti gjaldeyrinn, þjóðnýtti útveginn, þá tók íslenzkt þjóðfélag að sér eina skuldbindingu. Sú skuldbinding var, að þjóðfélagið sjálft hefði framtak til að sjá um alla aukningu sjávarútvegsins. Þegar gjaldeyririnn var tekinn af sjávarútvegsmönnunum og þjóðnýttur, þá var tekið af þeim það eðlilega framtak, sú eðlilega löngun þeirra og hvöt til þess að auka gjaldeyrisframleiðsluna í krafti síns gróða á sjávarútveginum. Um leið og gróðanum var kippt burt, gjaldeyririnn tekinn af þeim, þá varð það þjóðfélag, sem gerði þetta, sjálft að hafa ábyrgðartilfinningu fyrir því að hugsa um það sjálft, hafa þjóðarframtak sjálft um að auka sjávarútveginn, og það er það, sem hefur skort. Það hefur *skort þennan skilning, nema rétt öðru* hverju í þjóðfélaginu hjá okkur á undanförnum 25 árum. Þjóðfélagið sem heild og þar með Alþingi hefur ekki staðið við þá ábyrgð, sem það tók á sig, þegar það þjóðnýtti gjaldeyrinn, þjóðnýtti framleiðslu sjávarútvegsins, að sjá um sjálft ekki bara að halda þessari framleiðslu gangandi, heldur að stórauka sjávarútveginn. Sjálft þjóðfélagið varð að koma í staðinn fyrir framtak einstaklingsins í þessum efnum.

Hv. 2. þm. Reykv. hefur heldur aldrei skilið þá skuldbindingu, sem þjóðfélagið þannig tók að sér. Það hefur hins vegar ekki vantað kröfurnar, bæði frá honum og öðrum heildsölum í Reykjavík og öðrum, sem við verzlun fást, um að fá sem mestan gjaldeyri og sækja um hann, en það vantar skilninginn á, að þjóðfélagið þurfi sjálft að hafa framtak um að láta framleiða þennan gjaldeyri.

Þá talaði hv. 2. þm. Reykv. um af sinni venjulegu hreinskilni, að gengislækkun væri gagnslaus, ef kaup er hækkað að sama skapi. M. ö. o.: sú gengislækkun, sem fyrirhuguð er, ef hún á að standast, þá þarf kaupbinding að fylgja henni. Nú vildi hv. 2. þm. Reykv. ekki fara inn á leið kaupbindingar. Það þýddi, að hann vildi gefa þessa hluti algerlega frjálsa. Ég veit ekki, það er nú orðið svo langt síðan menn hafa þekkt frjáls viðskipti á Íslandi, að menn gera sér kannske ekki grein fyrir, hvernig þau eru, en ég mundi hafa spurt hann, ef hann hefði verið hérna, hvort hann þyrði nú virkilega að búast við því, að það væri hægt að koma á slíkum viðskiptum á Íslandi. Það að gera gengi íslenzkrar krónu frjálst, það þýðir sem sé að láta þann, sem aflar gjaldeyrisins, halda þeim gjaldeyri sjálfur og ráða sjálfur, hvað hann gerir við hann, sé ekki skyldugur til að skila honum einu sinni til íslenzka þjóðfélagsins. Þeir geta haft hann erlendis, ef

þeir vilja, að svo miklu leyti sem þeir ekki þurfa endilega að selja hann hér aftur innanlands fyrir íslenzkar krónur til þess að nota hann.

Ég held, að það muni vart vera sá stjórnmálamaður til hér á Alþingi, kannske þá að undanteknum hv. 2. þm. Reykv., ef hann er það, sem mundi þora að leggja til að koma á alfrjálsum peningaviðskiptum á Íslandi, með öllum þeim afleiðingum, sem af því hljótast. Þessi hv. þm. hafði sjálfur sem ráðh. einu sinni tækifæri til þess að vinna að þessu. Hann var ráðh. í stjórn Framsóknar og Sjálfstfl. 1950 — held ég — og árin þar á eftir, og þá var einmitt verið að gera gengisbreytingu á Íslandi, og þá var einmitt stefnt að því að gera gengið algerlega frjálst og gjaldeyrinn og yfirlýsingar um þá stefnu, og það var gefizt upp á þeirri stefnu þá, og hann reyndi sjálfur ekki einu sinni að gera grein fyrir því í sinni ræðu hér, hvernig á því hefði staðið. Mér fannst það mjög eðlilegt, að það væri gefizt upp á því. Ég held, að það sé hrein „útopía", hrein draumsjón fyrir þá, sem vilja nota svo fallegt orð um þá stefnu, að láta sér detta í hug að koma á slíkum frjálsum gjaldeyrisviðskiptum hér á Íslandi.

Að síðustu talaði svo hv. 2. þm. Reykv. um afnám styrkjanna, og það er líka það, sem er í stefnuskrá Sjálfstfl. um þessa hluti. Það var greinilegt, að það, sem fyrir hv. 2. þm. Reykv. vakti, var m. ö. o. að koma aftur á privatkapítalisma, óbundnum, ókontróleruðum privatkapítalisma á Íslandi.

Ég vil segja það sem mína skoðun, að ég held, að slíkur almennur, ókontróleraður privatkapítalismi geti ekki þrifizt á Íslandi, ekki a. m. k. þannig, að Ísland þrífist nokkurn veginn um leið, og ég skal segja af hverju: Þessi hugmynd um þann frjálsa privatkapítalisma, raunverulegan nítjándu aldar kapítalisma, hún er orðin svo úrelt, að það er ekki við því að búast, að það sé hægt að framkvæma hana, og hún hefur alltaf verið erfið í okkar þjóðfélagi. Hvernig var, á meðan kapítalisminn hér á Íslandi var nokkurn veginn frjáls í þessum hlutum? Það er raunverulega aðeins á tímabilinu frá 1920—30. Undireins og hann verður fyrir sinni fyrstu kreppu, þá hrynur þetta allt saman. Og hverjir eru aðilarnir, sem raunverulega beita sér fyrir fyrstu ríkisíhlutuninni um það, sem er þó grundvöllurinn að öllum frjálsum viðskiptum á Íslandi, fiskútflutninginn? Það er Sjálfstfl. Það er sjálfur formaður Sjálfstfl., sem var ráðh. 1932, sem setur lög, sem gefa einum aðila, einum samtökum einkaleyfi frá hálfu ríkisins til útflutnings á saltfiski. M. ö. o.: íslenzka ríkisvaldið er notað til þess að afnema privatkapítalismann á Íslandi og koma á meiri eða minni ríkiskapítalisma eða einokunarkapítalisma, sem fær vald frá hálfu ríkisins til þess að starfa í þess nafni og með þess vald á bak við sig. Og hvernig er þetta svo á eftir gert allan tímann? Meira eða minna í gegnum ríkisbankana eða í gegnum sjálft ríkisvaldið.

Nei, það er alveg vonlaust að ætla að skapa það skipulag aftur á Íslandi. Við erum á annarri öld núna heldur en öld frjálsrar samkeppni og privatkapítalisma. Við erum á öld einokunarkapítalismans, að svo miklu leyti sem við lifum í kapítalistísku þjóðfélagi. Og íslenzka þjóðfélagið er svo lítið, en svo háð umheiminum, svo háð heimsmarkaðnum, að það getur ekki staðið sig í þeirri samkeppni, sem það þarf að standa í, bæði hvað snertir sölu og innkaup, öðruvísi en með því að skipuleggja sig verulega vel, með því að koma fram sem eitt þjóðarbú, sem einn aðili að heita má, hvort heldur maður vill kalla, að það hafi þannig kosti eins sterks auðhrings eða að það hafi kosti sósíalistísks þjóðfélags. Ef íslenzka þjóðfélagið á að bjarga sér og geta útvegað sínum þegnum sæmileg lífskjör í þessari veröld tiltölulega harðrar lífsbaráttu, þá verðum við að beita öllum þeim krafti, sem býr í samtökum, og það verða að vera eins konar þjóðarsamtök, sem koma fram út á við gagnvart öllum öðrum aðilum í heiminum, til þess að við getum verið eins sterkir og þetta þjóðfélag undir nokkrum kringumstæðum getur orðið. Og hvort við svo inn á við, innan þessa sameinaða þjóðarbús, höfum sumpart privatkapítalistíska, sumpart hálfgerðan einokunar-, sumpart samvinnurekstur, sumpart ríkisrekstur, það hefur ekki eins mikið að segja. Það getum við haft eftir því, sem við innbyrðis komum okkur saman um að praktískt sé. En út á við, í okkar afstöðu gagnvart umheiminum, ef við ætlum að vera eins sterkir og okkur er nauðsyn á að vera, þá þurfum við að vera sem mest ein heild. Það er allt á atvinnu- og viðskiptasviðinu í veröldinni, sem stefnir að slíkum sterkum, stórum heildum, við lifum á öld þeirra voldugu organisasjóna, þeirra voldugu samtaka. Og hvort þau samtök heita auðhringir eða sósíalistísk þjóðfélög, í sjálfri baráttunni, efnahagslegu baráttunni í veröldinni, á heimsmörkuðunum, þá eru það þessi sterku samtök, sem eru þar afgerandi. Ef við leysum þetta þjóðfélag upp, þennan þjóðarbúskap upp í ótal smáprivatkapítalista eða smásamvinnusambönd eða annað slíkt, þá verðum við troðnir undir, og við lifum það, sem við lifðum á árinu 1930 og þar á eftir, yrðum traðkaðir undir af kreppunni, af hagsveiflunum og öllu slíku. Nei, við verðum að hafa múr utan um þetta land, sem við byggjum sjálfir til þess að verja okkur móti hagsveiflum og móti kreppum. Við verðum að hafa eins konar þjóðarsamtök um, hvernig við komum fram sem efnahagsleg heild út á við, hvernig sem við kunnum svo að rífast um það og deila um það hér innanlands, hvernig við eigum að skipta þeirri köku, sem við mölum.

Það er bara því miður svo mikið um það, að menn geri sér alls konar mögulegar hugmyndir um, hvað sé hægt í þessum hlutum í heiminum, og vilji fara að gera tilraunir hérna á Íslandi með að taka upp 19. aldar hugmyndir og gera okkar þjóðfélag að tilraunastöð fyrir þær. Við erum búnir að fá meira en nóg af slíku og búnir að tapa meira en nógu af því. Og hv. 2. þm. Reykv., sem sjálfur

var ráðh. einmitt þegar verið var að gera allar þessar tilraunir og sá þær mistakast, hann ætti að vera búinn að læra eitthvað á því.

Ég held svo, að ég láti útrætt um ræðu hv. 2. þm. Reykv. Ég held, að við verðum hér á Íslandi að taka tillit til þess, að ef við ekki ætlum að koma hér á kreppum, ef við ekki ætlum að innleiða hér atvinnuleysi, ef við ætlum að reyna að viðhalda þjóðfélagi, þar sem allir geta unnið, þá verðum við að viðhalda þjóðfélagi með þessum styrkja- og uppbótabúskap. Þá eigum við ekki að láta okkur dreyma um að skrá okkar gengi endilega í samræmi við það, sem það mundi ef til vill seljast á frjálsum markaði, ef frjáls markaður væri á því. Hvað gerir það, ef við erum alltaf að tala um þetta, að við eigum að breyta genginu? Þetta umtal eitt skipuleggur verðbólguna í landinu. Svo framarlega sem við höldum þó nokkurn veginn okkar gengisskráningu hér innanlands, eins og hún er, hvað miklar uppbætur og styrki sem við annars þurfum að láta vera, þá eru vissir þættir í þjóðfélaginu, sem haldast tiltölulega fastir, tiltölulega stabílir, og við gætum haldið enn þá stabílari, t. d. húsaverðinu og öðru slíku. Og við sjáum þjóðfélög hér nærri okkur, eins og danska þjóðfélagið, sem halda enn þá sínum ákveðnu reglum um, hvernig virða skuli hús til húsaleigu, eftir því t. d., hvort þau eru byggð fyrir 1914, hvort þau eru byggð eftir fyrra stríðið á vissum tíma og annað slíkt. Það er hægt, ef aðeins næst samkomulag um það á milli þeirra, sem þjóðfélaginu stjórna, að skapa mjög mikla festu í okkar þjóðfélagi, þó að við förum ekki inn á þá braut að fara að skrá gengið eftir hagsveiflum þess stóra heims.

Viðvíkjandi svo að síðustu því, sem er viðhorfið fyrir verkalýðinn í þessu sambandi, er óréttlátt að fara inn á þá leið, sem hér er farin. Ég sýndi fram á það í minni fyrstu ræðu, í minni ræðu við 1. umr., að verkalýður Íslands býr núna við lægri kaupmátt á tímakaupi en hann gerði fyrir 15 árum, — lægri kaupmátt. Og með þessu frv. á að lækka hann enn. Það er greinilegt, að það er ekki það, að verkalýðurinn hafi tekið of mikið til sín af þjóðfélagsauðæfunum, þjóðfélagstekjunum, sem veldur allri þeirri verðbólgu, sem orðið hefur. Hins vegar, meðan fjárfestingin, auðskiptingin, tekjuskiptingin í þjóðfélaginu er eins og hún er, þá er alveg greinilegt, að það, sem fellur í hlut ekki hvað sízt þeirra verkamanna, sem framleiðslustörfin vinna, er miklu minna en meðalfjölskyldan í landinu hefur í sinn hlut af þjóðartekjunum, eins og ég sýndi þá fram á, ef fjölskyldan hefur frá 125 þús. kr. og þar upp eftir og meðaltekjur verkamannafjölskyldu eru þetta 50 til 60 þús. kr. Þess vegna er þetta óréttlátt gagnvart verkalýðnum og rof á hans samningum og óviturlegt fyrir þjóðfélagið, brottnemur eða reynir að lama þann kraft, sem knýr framfarirnar fram, baráttu verkalýðsins fyrir hækkuðu grunnkaupi.

Ég hafði minnzt á það við 1. umr. þessa máls, að þar að auki mundi það ekki koma að haldi að fara inn á svona leiðir. Lífsbjargarviðleitnin, framfaraþráin hjá alþýðunni er það sterk, að hún grípur ætíð til annarra ráða, ef einni leið er lokað, til þess að reyna að knýja fram betri lífskjör. Það voru ekki frá minni hálfu neinar hótanir til Alþingis, það voru aðeins viðvaranir út frá reynslu, sérstaklega síðustu 17 árin. Þegar farið hefur verið inn á þá braut að svipta verkamenn þeim hlunnindum og kjörum, sem þeir hafa tryggt sér með frjálsum samningum, þá hefur alltaf eitthvað illt hlotizt af, byrjaði með gerðardómslögunum 1942 og hefur haldið áfram síðan. Og af hverju hefur illt hlotizt af þessu? Nú viðurkennum við allir, að Alþingi er æðsta valdið í okkar landi. Og hvernig stendur á því, að það skuli geta hlotizt illt af gerðum slíks æðsta valds? Það er vegna þess, að þegar Alþingi gerir slíka hluti, eins og þegar gerðardómslögin voru sett eða önnur slík kaupkúgunarlög, þá er Alþingi að brjóta í bága við þá hugsjón, sem þeir beztu menn, sem á því hafa starfað að fornu og nýju, hafa fyrst og fremst helgað, þá hugsjón að reyna að bæta lífskjör þessarar þjóðar og sérstaklega vera þeim smáu, smælingjunum í lífsbaráttunni, skjól og skjöldur. Hvenær sem Alþingi víkur út af þessu og beitir því mikla valdi, sem okkar þjóð gefur því, til þess að ráðast á garðinn, þar sem hann er lægstur, þá víkur það frá slíkri hugsjón og niðurlægir sjálft sig. Við vitum, hvað okkar Alþingi hefur orðið að reyna á sínum þúsund árum og hvers konar ægileg niðurlæging hefur orðið þess hlutskipti oft, og þegar við endurreistum okkar lýðveldi, þá vonuðumst við einmitt til þess, að Alþingi mundi í ríkara mæli en nokkru sinni áður verða skjól og skjöldur vinnandi stéttanna í landinu, vinna að því að efla og bæta þeirra lífskjör og skapa þeim öryggi, afkomuöryggi, atvinnuöryggi í þessu þjóðfélagi. Þegar Alþingi brýtur út af þessu og fer þessa leið, sem svo mörgum hv. alþm. finnst vera svo auðveld, að skera niður við fjöldann, skera niður við launþegana, gert með lögum, frekar en reyna að stjórna þjóðarbúinu betur, þá hlýzt ógæfa af, af því að Alþingi er að víkja þarna út af réttri braut.

Ég vildi mega vona, að þessi hv. d. bæri gæfu til þess að afstýra því, að fyrsta sporið inn á leið gengislækkunar, margfaldaðrar verðbólgu og atvinnuleysis verði stigið með því að samþykkja þetta frv. Þetta frv. er fyrsta skrefið, eins og hér hefur verið margtekið fram, inn á slíka leið.

Ég vil vona, að Alþingi gangi ekki inn á þessa leið, — felli þetta frv. og knýi þar með flokka þingsins og stéttir þjóðfélagsins til þess að ráða sameiginlega fram úr þessum málum eða mynda það sterkan meiri hluta um lausn á efnahagsmálunum, að hann geti tryggt að framfylgja þeim niðurstöðum, sem þá yrði komizt að, þannig að okkar þjóðfélags- og þjóðlíf beri ekki ógæfu af.

Þess vegna er það mín till., að þetta frv. sé fellt.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 193, 194, 195, 200, 201 og 202, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Hv. 7. þm. Reykv. (HV), sem talaði hér á föstudagskvöldið, hélt því fram, að sú skerðing á vísitölunni, sem um er að ræða skv. þessu frv., væri allt annars eðlis heldur en sú skerðing á kaupgreiðsluvísitölu, sem framkvæmd var með lögum þeim, sem sett voru um áramótin 1947—48 og haustið 1956, en báðar þær skerðingar hafði hv. þm. stutt, þar sem um þessar fyrri skerðingar hefði verið samkomulag við verkalýðshreyfinguna, en það væri ekki nú. Hvað snertir lögin frá áramótum 1947—48, þar sem lögboðin var niðurfærsla kaupgjaldsvísitölu um 28 stig eða 9—10% lækkun á heildarkaupi, þá mun það flestum hv. þm. kunnugt, að verkalýðshreyfingin, bæði Alþýðusambandsstjórnin og stjórnir flestra stærri verkalýðsfélaganna, var algerlega í andstöðu við þá löggjöf, og þarf ekki annað en lesa Þjóðviljann frá þessum tíma til þess að sannfæra sig um það. Hvað snertir vísitöluniðurfærsluna frá 1956, tel ég, að þar hafi í rauninni ekki verið neinn eðlismunur á. Að vísu hefur það verið upplýst, að hóað hafi verið saman fundi nokkurra formanna í verkalýðsfélögunum og þeir samþykkt þetta, en auðvitað höfðu þeir ekkert umboð til þess að breyta kjarasamningum verkalýðsfélaga, þannig að ég tel, að hér sé ekki um neinn eðlismun að ræða.

Að öðru leyti hafði ég hugsað mér að víkja nokkuð að ræðum hv. 3. þm. Reykv. (EOl), bæði þeirri, er hann flutti áðan, og sérstaklega þó þeirri, er hann flutti hér á föstudagskvöldið. Ég mundi þó gjarnan, með tilliti til þess, að talað var þarna til mismunandi aðila, vilja skipta þessum ræðum eða sérstaklega fyrri ræðunni í það, sem ég mundi kalla verri hlutann og betri hlutann. Verri hlutinn er talaður til hinna óþroskaðri launþega, og í honum felst tiltölulega lítið, sem fallið er til þess að upplýsa þessi mál, en þó get ég ekki stillt mig um það að víkja að því örfáum atriðum.

Hann talaði m. a. um hina sótsvörtu hagfræðinga, eins og hann orðaði það, og líkti þeim við klerka miðaldanna, þannig að á sama hátt og klerkar miðaldanna prédikuðu nauðsyn bænagerðar til þess að öðlast sáluhjálp, þá prédikuðum við, hagfræðingar nútímans, fyrir fólkinu, að það þyrfti að taka á sig fórnir, til þess að ekki færi allt um koll í þjóðfélaginu. Ég er nú í rauninni sammála hv. þm. um það, að þetta tal um nauðsyn þess að færa fórnir sé nokkuð út í hött. Hér er um að ræða gamla plötu, sem hætt er við að fari inn um annað eyrað og út um hitt. Ég held, að það sé ekki nauðsynlegt að prédika fyrir fólkinu, að það þurfi að taka á sig fórnir. En það er annað, sem forustumönnum þjóðmálanna ber að skýra fyrir fólkinu hverju sinni, og það eru þeir kostir, sem um er að velja.

Í sambandi við þetta minntist hv. þm. á gengislækkunarlögin frá árinu 1950 og þátt minn og annarra hagfræðinga í þeirri löggjöf. Ég vil nú upplýsa það, að minn þáttur í þeirri löggjöf var aðeins sá, að ég var tæknilegur ráðunautur við samningu laganna, en ekki ráðinn sem prédikari. En ef ég hefði átt að gegna síðara hlutverkinu, þá hefði ég sagt: Hvort viljið þið heldur búa við það ástand, sem er, með svörtum markaði og algerri upplausn í vörudreifingunni, eða taka það á ykkur, að gengið verði lækkað, sem vitanlega kemur til að þýða verðhækkanir? Það verður hægt að hækka kaupið líka að vísu, en ekki eins mikið. En gera má sér þá vonir um að geta losnað við það vandræðaástand, sem nú er við að etja. En hvernig var ástandið í efnahagsmálum um áramót 1949—50? Það, sem setti þá sinn svip á allt viðskiptalíf, var vöruskorturinn, svarti markaðurinn, biðraðirnar o. s. frv. Ég þekkti þá eina embættismannafjölskyldu hér í bænum, sem sagði mér þá sögu, að þar á heimilinu hefði um langt skeið ekki verið til nema ein ljósapera, sem færa varð á milli herbergja, þar sem fjölskyldan vildi dveljast hverju sinni. Ég man líka eftir því haustið 1949, að þá skrifaði formaður Framsfl., hv. þm. Str. (HermJ), grein í blað sitt, þar sem hann sagði frá því, að hann hefði tekið sér morgungöngu um eitt af hverfum bæjarins og veitt því athygli, að það voru ekki færri en sex nýjar fornsöluverzlanir, sem þar voru risnar upp. Það var einn þáttur í svarta markaðinum, að varanlegar vörur, sem þá voru lítt fáanlegar, voru seldar sem notaðar, kannske á tvöföldu eða þreföldu verði á við það, sem löglegt var. Það var ekki verzlunarstéttin, sem mun almennt hafa tekið þátt í þessu, heldur hinir og þessir aukamilliliðir, sem þarna höfðu skotið sér inn, því að það var tiltölulega auðvelt, ef maður hafði aðstöðu til þess að fá ísskáp á löglegu verði, að fara með hann heim til sín og setja hann í samband, og svo var ekkert við það að athuga, þó að hann væri seldur sem notaður á þreföldu verði, því að af tæknilegum ástæðum er ekki hægt að láta verðlagsákvæði ná til vara, sem notaðar eru. Ég man einu sinni eftir því, að ég var af tilviljun á gangi í janúarmánuði snemma morguns í hörðu frosti í Austurstræti. Þar var löng biðröð fyrir utan eina vefnaðarvörubúðina, en þegar ég kom inn á Austurvöll, þá sá ég tvo góðborgara skjótast þar út bakdyramegin með fangið fullt af pinklum. Þeir höfðu fengið sig afgreidda fyrir opnunartíma, en þetta voru þeir venjulegu viðskiptahættir á þessum tíma. Það var um þetta tvennt að velja, hvort bæta mætti úr þessu og þeim óþægindum, sem það olli fólkinu og vitað var að mundu fara vaxandi, eða sætta sig við þau óþægindi, sem vitanlega hlutu einnig að stafa af gengislækkuninni.

Vitanlega olli gengislækkunin verðhækkunum. Hún olli meira að segja meiri verðhækkunum en við höfðum búizt við, sem undirbjuggum þá löggjöf, og olli þar mestu um, að

Stalin heitinn hafði ekki tilkynnt okkur um það, að í ráði væri að hefja árásarstyrjöld í Kóreu vorið 1950. En afleiðingar þeirrar styrjaldar urðu á næstu mánuðum mjög verulegar verðhækkanir á erlendum vörum, þannig að af þeim ástæðum komu verðhækkanirnar á útlendu vörunni eðlilega til að vera allmiklu meiri en gert hafði verið ráð fyrir í gengislækkunarlögunum. Á hinn bóginn var það líka efnt, sem kunnugt er, að það tókst á tiltölulega skömmum tíma að bæta út hinum tilfinnanlega vöruskorti.

Hv. þm. minntist einnig á olíugróðann, að þar mætti taka peninga til lausnar verðbólguvandamálunum. Ég er nú ekki viss um, að þeir hv. flokksbræður hans, hv. 2. þm. S-M. (LJós) og hv. 7. þm. Reykv. (HV), telji, að sér sé mikið traust sýnt með því að nefna þetta, því að þeir hafa, eins og kunnugt er, haft með höndum olíuverðlagningu að undanförnu. Fyrir hefur það nú að vísu komið, að þeim hefur orðið á að skammta ríflega í því efni. Þarf ég ekki að segja meira um það, allir hv. þdm. skilja, hvað ég er að fara.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þetta. [Fundarhlé.]

Herra forseti. Það voru að því leyti heppileg þáttaskil, að ég var einmitt kominn að því að ræða það, sem ég kallaði betri part ræðu hæstv. forseta d., hv. 3. þm. Reykv. — Hv. þm. kvartaði um það, hversu mjög skorti upplýsingar um þjóðartekjurnar, ráðstöfun þeirra og skiptingu. Undir það get ég fyllilega tekið. *En í leiðinni hjó ég eftir því*, að hv. þm. lýsti eftir hinni margumtöluðu úttekt, sem lofað var fyrstu mánuðina eftir að fyrrv. ríkisstj. settist að völdum. Það vildi nú svo til, að ég varð til þess einmitt fyrir 2 árum að lýsa eftir þessari úttekt. Það virtist svo sem fsp. sú, sem ég þá gerði, færi mjög í taugarnar á þáverandi ríkisstj. og liði hennar. Fsp., þó að kurteislega væri fram borin, var í meginatriðum svarað með skætingi, en að öðru leyti var sagt, að þessi rannsókn væri í fullum gangi og úttektin mundi birtast, þó að síðar væri. Hitt mun fáa þm. hafa grunað, sem hlustuðu á þær umræður, að hv. 3. þm. Reykv., einn af forustumönnum eins þess flokks, sem stjórnina studdi, skyldi einmitt tveim árum *síðar verða til þess að lýsa eftir þessari* sömu úttekt.

Þá vék hv. þm. að fjárfestingarmálunum. Hann hefur í nál. sínu birt nokkrar upplýsingar úr skýrslu, sem lögð mun hafa verið fram á síðasta Alþýðusambandsþingi um þjóðartekjur Íslendinga árið 1957 og skiptingu þeirra, en þessar ráðstöfunartekjur voru 4.9 milljarðar kr.; þar af munu að vísu vera 200 millj., sem fengnar eru að láni erlendis frá, þannig að 4.7 milljarðar koma úr þjóðarframleiðslunni, en það skiptir ekki máli í þessu sambandi. Samkv. skýrslunni var þessu skipt þannig, að 2.6 milljarðar eru til ráðstöfunar sem neyzla, 1600 milljónir eru fjárfesting og 700 milljónir fara í opinberan rekstur. Svo spyr hv. þm. sem svo, með leyfi hæstv. forseta: Skyldi ekki mega spara 80—160 milljónir á fjárfestingunni, 5—10%, áður en farið væri að skera niður laun *verkamanna og láglaunamannanna*? — Hér er að mínu áliti í rauninni vikið að mjög þýðingarmiklu atriði í sambandi við lausn efnahagsvandamálanna, og ég vil segja það strax og dreg ekki á það neina dul, að ef hér væri um að ræða einhverjar aðrar ráðstafanir í efnahagsmálum heldur en þær að gera skyndiráðstafanir til þess að forða bráðum voða, þá mundi ég segja, að á þessum grundvelli væri það, sem þetta mál ætti að leysa.

Ég hygg, að það gæti orðið til ofur lítils fróðleiks að birta nokkrar nánari tölur um þetta úr umræddri skýrslu, af því að ég tel, að með því sé varpað nokkru ljósi yfir þýðingu fjárfestingarmálanna fyrir efnahagsvandamálin og einnig varpi það ljósi yfir sambandið á *milli fjárfestingarmálanna og kjaramálanna*.

Samkv. þessu áttu þjóðartekjurnar að nema 29 þús. kr. á einstakling, eða um 145 þús. kr. á 5 manna fjölskyldu. Þess ber þó auðvitað að gæta í þessu sambandi, að hér er um að ræða þjóðartekjurnar á einstakling, þannig að gera má ráð fyrir því, að þegar um fjölskyldur er að ræða, þar sem aðeins einn vinnur í fjölskyldunni, verði tekjurnar náttúrlega miklu lægri en þessar 29 þús. kr. á einstakling, en vinnandi einhleypingar hafa eðlilega hærri tekjur.

Ég hef gert lauslega athugun á því, hvað þjóðartekjurnar mundu vera miklar á framfæranda eða þá, sem þurfa að sjá fyrir sér sjálfir, þ. e. a. s. *til þeirra teljast ekki börn* á framfærslualdri og giftar konur. Ef við þetta er miðað, þá eru tekjurnar á framfæranda um 63 þús. kr. Við sjáum af þessum tölum, sem birtar eru í nál., að það er u. þ. b. helmingur af þjóðartekjunum, sem fer í fjárfestingu og til opinberra útgjalda. Í rauninni er hér um þyngri skatt að ræða á þjóðinni hvað þetta snertir en tíðkast mun í nokkru okkar nágrannalanda, og meira að segja í Ameríku hefur það verið þannig undanfarin ár, að það eru um 2/3 af þjóðartekjunum, sem fólkið hefur til ráðstöfunar til neyzlu þrátt fyrir þær þungu byrðar, sem á Ameríkumönnum hvíla vegna vígbúnaðar og landvarna og hjálpar til annarra þjóða. Í Noregi munu það vera u. þ. b. 2/3 af þjóðartekjunum, sem varið er til neyzlu, og hefur Noregur þó verið talinn meðal þeirra landa í Evrópu, sem mesta fjárfestingu hefðu. Hér er það u. þ. b. helmingur af þjóðartekjunum, sem er varið til fjárfestingar og opinberra útgjalda.

Nú er spurningin þessi: Hvernig er nú farið að ná þessu af fólkinu? Ef tekjurnar á framfæranda eru 63 þús. kr., þá er skatturinn til opinberra rekstrargjalda og fjárfestingar um 30 þús. kr. Hvernig er farið að því að fá fólkið *til þess að afsala sér* þessum 30 þús. kr.? Það er ekki hægt að gefa um þetta nákvæmar upplýsingar, en nokkuð má fara nærri um það. Um það bil einn milljarður af þjóðartekjunum mun vera tekinn í skatta til þess að standa straum af rekstrarútgjöldum hins opinbera og opinberri fjárfestingu. Skattarnir í heild eru

nú að vísu hærri, ef tekið er tillit til skatta vegna útflutningsuppbótanna, en það er skoðað sem tekjuyfirfærsla í þjóðarhagsreikningunum og ekki látið snerta þetta dæmi.

En segjum nú, að af þessum 63 þús. kr. sé hverjum einstaklingi eða hverjum framfæranda gert að greiða 13 þús. kr. í skatt. Það, sem er þá til ráðstöfunar, eru 50 þús. kr. til jafnaðar á alla einhleypinga, fjölskyldumenn, gamalmenni o. s. frv. Af þessum 50 þús. kr. þarf að taka þriðjunginn eða um 17 þús. kr. Nú á sér vitanlega stað sparnaður í þjóðfélaginu af frjálsum vilja. Nokkurn hluta af tekjum sínum leggur fólk fyrir og sparar í einni eða annarri mynd, og tilfellið er, að sparnaðurinn hér á landi er þrátt fyrir allt furðulega mikill, og er það ein skýringin á því, að þessi gífurlega fjárfesting skuli ekki fyrir löngu hafa leitt til óðaverðbólgu. Hitt gefur auga leið, að það eru ekki nema tiltölulega fáir, sem spara þriðjung af þó ekki nema 50 þús. kr. tekjum. Það mundi þykja sparsamur einhleypingur, sem sparaði þriðjung af þessum tekjum, og fyrir fjölskyldumenn er þetta auðvitað ekki hægt, þannig að með frjálsum sparnaði næst ekki í nema hluta af því, sem þarf.

Hvernig er þá farið að ná því, sem á vantar, af fólkinu? Svarið við því er: Það er tekið með dýrtíðarmyndun. Að vísu eru skattstigarnir spenntir svo hátt, bæði skattar til ríkisins og útsvör, sem fært þykir, en það nægir þó ekki nema til þess að ná í þessar 13 þús. kr. Hitt er tekið með því, sem ég mundi vilja kalla dýrtíðarskatt, sem ef til vill mætti líka kalla laumuskatt. En hvernig er farið að því? Jú, það er gert á þann einfalda hátt, að opinberir aðilar og einkafyrirtæki, sem í fjárfestingu leggja, fá nýja peninga úr seðlabankanum. Með þeirri kaupgetu, sem þannig skapast, er svo keppt við fólkið um vöru og þjónustu á markaðinum, og á þennan hátt með aukningu dýrtíðarinnar er hægt að ná því fram, að fólkið verður að herða nægilega að sér ólina til þess, að það heldur ekki eftir nema u. þ. b. helmingi af þeim tekjum, sem til ráðstöfunar eru. Það er m. ö. o., að dýrtíðarskatturinn er notaður til þess að fullnægja því, sem þarf í fjárfestinguna fram yfir hina venjulegu skatta og fram yfir það, sem fer í frjálsan sparnað. Víst er, að launamenn gera sér það nú meira ljóst en áður hefur verið, hvílíka byrði hér er um að ræða. Það hefur lengi verið þannig, að því hefur verið mjög haldið á lofti, að takmörkun fjárfestingar væri nokkuð, sem ekki kæmi til greina, og sú grýla, sem þar var notuð, var sú, að slíkt mundi óhjákvæmilega hafa í för með sér meira eða minna atvinnuleysi. Hér er ekki nema um grýlu að ræða, og að launþegar gera sér það nú í vaxandi mæli ljóst, má sjá af þeim samþykktum, sem á s. l. hausti voru bæði gerðar á Alþýðusambandsþingi og hv. 6. landsk. las hér upp, og enn þá skýrar var þetta ef til vill tekið fram í ályktun um efnahagsmál, sem samþ. var á þingi opinberra starfsmanna, enda er vitanlegt, að auðvitað er ekkert því til fyrirstöðu, að menn geti haft atvinnu við annað en fjárfestingu, annaðhvort neyzluvöruframleiðslu, útflutningsframleiðslu o. s. frv., og þó að auðvitað sé hugsanlegt að skera fjárfestinguna svo mikið niður, að atvinnuleysi verður, þá þarf enginn að hafa áhyggjur af því, þar eð hin stjórnmálalegu takmörk fyrir niðurskurði fjárfestingar nást ábyggilega miklu fyrr en takmörkin fyrir því, að slíkt leiði til atvinnuleysis. En mér finnst þó fróðlegt í sambandi við fjárfestingarmálin og þýðingu þeirra fyrir efnahagsmálin almennt að gera örlitla grein fyrir því, hvernig þróun þessara mála var í tíð hæstv. fyrrv. ríkisstj. Um þetta er birt yfirlitsskýrsla í umræddri skýrslu til Alþýðusambandsþingsins.

Á árunum frá 1954 til 1957 hefur neyzlan aukizt um u. þ. b. 20 millj. kr. Það er litlu meira en nemur fólksfjölgun á þessum tíma, þannig að segja má, að neyzlan eða lífskjörin hafi staðið nokkurn veginn í stað. Fjárfestingin hefur hins vegar aukizt úr 1 milljarði og 67 millj. kr. árið 1954 upp í 1 milljarð og 616 millj. kr., eða um 50%. Hér er þó umreiknað eftir verðlagi 1957, þannig að verðlagsbreytingar eru ekki látnar hafa áhrif á það. Ef reiknað væri í krónum, þá mundi fjárfestingin sennilega hafa u. þ. b. tvöfaldazt á þessum tíma, eða á sama tíma og neyzlan stendur í stað vex fjárfestingin um 50%.

Nú má að vísu að mínu áliti segja, að árið 1954 hefur fjárfesting sjálfsagt verið meiri en góðu hófi gegnir. En hafi svo verið, hversu gífurlega aukningu fjárfestingarinnar er þá ekki um að ræða einmitt á þessu tímabili, enda er það þannig, að sé miðað við einstakling, þá hefur það verið þannig á fyrsta valdaári fyrrv. ríkisstj., að þá minnkar neyzlan blátt áfram úr 16800 kr. í 15600 kr., eða um 1200 kr. á einstakling, á sama tíma sem fjárfestingin á einstakling vex um 600 kr. og neyzla stjórnarvalda, þ. e. rekstrarútgjöld hins opinbera, um 260 kr. á einstakling? Þessi hefur þróun fjárfestingarmálanna verið á valdatíma hæstv. fyrrv. ríkisstj.

Það hefur verið sagt, að hagfræðingar væru yfirleitt andstæðingar þess, að um mikla fjárfestingu væri að ræða. Ég hugsa, að skoðanir hagfræðinga á þessum efnum séu ekki neitt frábrugðnar því, sem almennt gerist. En það er eitt, sem hagfræðingarnir gera sér ljóst, og það er það, að fjárfestingin hlýtur alltaf að verða á kostnað neyzlunnar. Það leiðir af þeim einfalda sannleika, eins og það hefur verið orðað, að það er ekki bæði hægt að borða kökuna og eiga hana til góða. Ef bóndi t. d. leggur 10 eða 20 þús. kr. af tekjum sínum í ræktun á jörð sinni eða í það að byggja peningshús, þá er það gefið mál, að hann notar ekki sömu peningana til þess að kaupa fyrir heimilistæki eða fatnað á fjölskyldu sína eða annað slíkt. Það er staðreynd, að hann verður að herða að sér ólina, ef hann gerir þetta. Þar með er auðvitað ekki sagt, að slíkt sé heimskuleg ráðstöfun.

En þá spyrja menn ef til vill sem svo: Mundi það ekki þýða meiri eða minni stöðvun

nytsamlegra framkvæmda og framfara í landinu, ef minnka ætti fjárfestinguna? — Nú er það annað, sem er dálítið athyglisvert í þessu sambandi og mun hafa vakið mikla furðu erlendra hagfræðinga, sem kynnt hafa sér efnahagsmál Íslands, að þrátt fyrir það að fjárfestingin hefur verið svo miklu meiri hér en nokkurs staðar annars staðar mun þekkjast, miðað við þjóðartekjurnar, þá standa lífskjörin eða neyzlan nokkurn veginn í stað. Það er ekki um að ræða neinn verulegan árangur í bættum lífskjörum, sem maður skyldi þó ætla að væri raunin. Neyzlan hefur á því 10 ára tímabili, sem hér er um að ræða, verið nákvæmlega óbreytt frá því 1948. Þá er hún 16600 kr. á einstakling. Síðan verða í henni nokkrar sveiflur frá ári til árs eftir árferði o. s. frv. Einna hæst kemst hún árið 1956; þá er hún um 16800 kr., aðeins 200 kr. eða tæplega það meiri en 1948, og lækkar svo árið eftir niður í 15600 kr.

Hver getur nú verið ráðningin á þessari gátu, að þrátt fyrir hina gífurlegu fjárfestingu kemur árangur hennar í bættum lífskjörum ekki fram að neinu verulegu leyti? Svarið við því er það, að mjög mikill hluti af þessari fjárfestingu hlýtur að vera algerlega óarðbær, og á því er í rauninni eðlileg skýring. Talsvert af þessari fjárfestingu mun þess eðlis, að hana má kalla verðbólgufjárfestingu. Það er ekki um það að ræða, að fjárfestingin eigi sér stað vegna framkvæmda til að auka framleiðsluna, heldur blátt áfram af því, að menn óska eftir að koma eignum sínum í föst verðmæti. Það hefur fyrr í þessum umræðum verið minnzt á miklar verzlunarhúsabyggingar á vegum stórfyrirtækis hér, sem gera má ráð fyrir að hafi greiðan aðgang að bönkum landsins. Ég skal ekkert segja um það, hvað mikið er um þetta. Um það hefur ekki nein skýrsla verið birt, en það er ekki annað en skynsamleg eignaráðstöfun frá hagsmunasjónarmiði þeirra fyrirtækja, sem greiðan aðgang hafa að því að taka lán, að ráðast í sem mesta fjárfestingu, aðeins til þess að auka eignir sínar með því móti, af því að vitað er, að þeir, sem hafa aðgang að því að fá peninga að láni, þurfa ekki að skila aftur nema helmingi þess raunverulega verðmætis, sem þeir fá að láni, vegna verðbólgunnar, en fasteignir og annað slíkt hækkar í verði í hlutfalli við verðbólguna. Hjá einstaklingum kemur þetta sennilega fram í því, að lagt er í meiri kostnað við húsabyggingar en ástæða er til, m. a. af því, að vegna verðbólgunnar telja menn sig hafa efni á að byggja miklu dýrara en þeir ella mundu gera.

En fyrir utan þessa verðbólgufjárfestingu, þá má nefna það, sem kalla mætti pólitíska fjárfestingu, því að er nú hægt að neita því, þó að vissulega hafi verið gerðar ýmsar gagnlegar framkvæmdir, að um talsvert af þeim framleiðslutækjum, sem lagt hefur verið í, er það svo, að slíkt hefur ekki verið gert fyrst og fremst í því skyni að auka framleiðsluafköstin, heldur meira eða minna í áróðursskyni, þannig að meira eða minna af þessum framleiðslutækjum hefur aldrei farið í ganginn og kannske ekki einu sinni til þess ætlazt. Ef til vill hafa einhverjir hv. þm. lesið grein í Morgunblaðinu núna fyrir fáum dögum eftir Einar Sigurðsson útgerðarmann um verklegar framkvæmdir á Seyðisfirði. Menn vita, að Einar Sigurðsson er grandvar maður, sem ekki fer með fleipur, þannig að það er ekki ástæða til þess að rengja þetta. En ætli það séu ekki margar svipaðar sögur um það sama. Þetta er skýringin á því, að þrátt fyrir þessa geysilegu fjárfestingu, sem hér hefur átt sér stað, þá er ekki um að ræða neinar verulegar bætur á lífskjörum landsmanna, auk þess sem þessi mikla fjárfesting hefur auðvitað vegna þeirra óheilbrigðu áhrifa, sem hún hefur haft á hagkerfið, dregið mjög úr framleiðsluafköstunum. Það er sennilegt, að framfarir hér á landi mundu hafa verið til mikilla muna örari, jafnvel þó að fjárfestingin hefði verið minni, ef það hefðu fyrst og fremst verið efnahagsleg sjónarmið, sem legið hefðu þessari fjárfestingu að baki, og athyglisvert er það, að hjá okkar nágrannaþjóðum, sem hafa þó haft miklu minni fjárfestingu, miðað við þjóðartekjur, hefur verið um jafnar og hægar framfarir að ræða.

Ég get því verið sammála hv. þm. um það, að hér er vissulega um að ræða möguleika til lausnar efnahagsvandamálunum, án þess að það þurfi verulega að skerða hag launþeganna. En þetta verður ekki undirbúið nema á lengri tíma, og það, sem máli skiptir í sambandi við það frv., sem hér liggur fyrir, er, að það vandamál, sem þarf fyrst og fremst að leysa, verður ekki leyst með þessum hætti. Það, sem nú ber nauðsyn til að gera, er að stöðva víxlhækkun kaupgjaldsins og verðlagsins, og um það hafa allir verið sammála. Það hefur glöggt komið fram í þeim tillögum, sem stjórnmálaflokkarnir hafa gert, að þetta verður ekki gert nema með tvennu móti: annaðhvort með eftirgjöf eða með því að borga vísitöluna niður. Aðrar leiðir koma ekki til greina, um það er ekki neinn ágreiningur. Það er hins vegar ágreiningur um það, hvernig eigi að skipta þarna á milli eftirgjafar og niðurgreiðslu.

Það mundi að vísu frá tæknilegu sjónarmiði vera hægt að fara niðurgreiðsluleiðina eingöngu. En að mínu áliti tel ég, að það mundi valda almenningi meiri óþægindum en sú leið, sem lögð er til að hér verði farin. Það verður að hafa hugfast í þessu sambandi, að það eina, sem Alþ. ræður yfir í þessu efni, er hin opinbera fjárfesting. Það er ekki vafi á því, að það er nauðsynlegt, ef lækna á verðbólguþróunina, að skera niður fjárfestinguna í heild, en að láta allan þann niðurskurð bitna á fjárfestingu á vegum ríkisins væri að mínu áliti fráleitt. Það er nauðsynlegt að dreifa honum.

Ég vil svo aðeins að síðustu fara örfáum orðum um gengismálið. Að vísu eru gengismálin þýðingarmikil í þessu sambandi. En þau vanda-

mál, sem þar er við að etja, eru þó ekki grundvöllur meinsins, heldur það, sem ég hef nú gert grein fyrir, fjárfestingin.

Í flokksráðssamþykkt sjálfstæðismanna frá 18. des. s. l. var talað um það, að æskilegt sé að koma á einu gengi, eins og það er orðað. Nú má í sambandi við þetta vekja athygli á því, að eitt gengi er ekki sama og jafnvægisgengi. Það væri hægt að koma á einu gengi án þess að þurfa að breyta nokkru verulegu frá því, sem nú er, og án þess að það þyrfti að hafa nein teljandi áhrif á verðlagið. Hitt væri vitanlega æskilegt, að þetta eina gengi gæti um leið orðið *jafnvægisgengi*.

Ég tel þó, að röðin á lausn vandamálanna eigi að vera sú, að fjárfestingarvandamálin beri að leysa fyrst. Þá fyrst kemur til athugunar, hvort möguleiki væri á því að lagfæra gengisskráninguna, sem vissulega er æskilegt, og ég tel það hugsanlegan möguleika, að ef fjárfestingarmálin væru tekin réttum tökum, þá mundi vera hægt að koma fram þeim verðlækkunum, að færa mætti gengið í rétt horf, án þess að til verulegra verðhækkana þyrfti að koma.

Tilfellið er það, að þetta rangskráða gengi og hið margfalda gengi, *sem við höfum búið* við, er í rauninni aðeins angi af niðurgreiðslufyrirkomulaginu. Það er þannig, að innflutningurinn er seldur á mjög mismunandi gengi. Nauðsynjavörur eða vörur, sem hafa gildi í vísitölunni, eru fluttar inn á hagstæðu gengi. Svo eru aftur vissar „lúxus"-vörur, sem fluttar eru inn jafnvel á miklu hærra gengi heldur en jafnvægisgengið mundi vera. Það gegnir sama máli með þetta eins og niðurfærslurnar almennt, að út af fyrir sig má segja, að það sé hinum fátækari í þjóðfélaginu að nokkru leyti í hag, að þetta fyrirkomulag er, þannig að ef það yrði afnumið skyndilega, án þess að nokkuð kæmi í staðinn, þá mundi það gera kjör hinna fátækustu lakari en ella. Á hinn *bóginn má benda á það, að allar niðurgreiðslur*, hvort sem þær eru í einu formi eða öðru, eru að því leyti ópraktískar, að það verður mjög dýr aðferð til þess að bæta hag þeirra, sem verst eru settir. Þegar mjólk er t. d. borguð niður, þá kemur það öllum jafnt til góða, hvort sem þeir þurfa slíks styrks eða ekki, þannig að peningarnir mundu nýtast miklu betur í þágu hinna lægst launuðu, ef það væri í einhverju öðru formi, t. d. fjölskyldubóta o. s. frv.

Ég tel, að það komi ekki til mála að afnema niðurgreiðslukerfið, þó að það sé að öðru leyti æskilegt, *hvorki almennt né hvað* þetta sérstaka atriði snertir, gengisskráninguna, nema þá um leið sé búið að tryggja aðrar ráðstafanir, eins og hækkun fjölskyldubóta og aðrar umbætur á félagsmálalöggjöfinni, þannig að hagur hinna lægst launuðu verði af þeim ástæðum ekki lakari en áður var.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. Það er nú búið að ræða mikið um þetta mál hér og ekki allt, sem í raun og veru kemur við frv. sjálfu, en bollaleggingar á ýmsar hliðar um það, hver bæri sök á málinu og hvernig því skuli ráða til lykta.

Ég vildi aðeins segja hér örfá orð, áður en frv. er afgreitt og kemur til atkvgr., og er það einkum vegna þeirra ummæla hæstv. forsrh., að hann lagði á það nokkra áherzlu, að frv. þetta og byrðar þær, sem því fylgja, ættu að koma jafnt niður á alla. Og vitanlega er það sú eina rétta leið, sem hugsanleg er í þessum efnum, að svo skyldi vera. *Jafnhliða* segir hann þó, að fáist þær leiðréttingar, sem fulltrúar bænda hafa farið fram á í þessum efnum til þess að fá hliðstæður eða verða jafnir öðrum, þá sé öllu stefnt í beina upplausn og mikla ógæfu með afgreiðslu þessa máls. Það virðist því eins og frv. sé að nokkru leyti byggt á, að það skuli ekki vera sami réttur, sem bændunum er áskilinn til þess að geta náð því marki, sem frv. á að ná, því að það hafa verið fluttar hér brtt. samkv. ósk framleiðsluráðsins, sem miða að því að gera bændurna nokkurn veginn hliðstæða öðrum stéttum, sem við er miðað í afgreiðslu frv. Því hefur verið tekið af stjórnarflokkunum mjög misjafnlega og jafnvel illa og eins *og hæstv. forsrh. segir*, að ef þessar hliðstæður og þessi jöfnuður eigi að nást milli bændanna og aftur hinna stéttanna, sem um er að ræða, bæði sjómanna og útgerðarmanna, að þeir væru þar að öllu hliðstæðir, þá sé öllu stefnt í beina upplausn og hreina og mikla ógæfu. Hvernig er hægt að skilja þetta á annan veg en þann, að hann ætli bændunum annan rétt og minni en þeim stéttum, sem hliðstæðar eru og hliðstæðar aðgerðir fá í þessu frv.? Frv. er þess vegna að nokkru leyti einmitt á þessum mismun byggt, hreint og beint byggt á þessum mismun, sem er á *milli annarra stétta um afgreiðslu þessa máls* og aðstöðu bændastéttarinnar, og skal ég víkja að því nokkrum orðum.

Þá er fyrst að líta á það, sem ríkisstj. hefur þegar framkvæmt, en það eru niðurgreiðslurnar, og líta á, hver hlutur bændanna verður við þessar niðurgreiðslur, sem hafa verið framkvæmdar, og svo gagnvart hlut hinna, og við höfum orðið um það nokkuð ljóst yfirlit, sem við höfum náttúrlega ekki fyrr en gögnin fóru að koma á borðið um það, hvernig þessar niðurgreiðslur verka fyrir bændastéttina. Ég hef fengið skýrslu frá hagstofustjóra um það, hvernig þessar niðurgreiðslur hafa verið framkvæmdar nú um áramótin af hæstv. ríkisstj., og það eru aðeins 6 liðir, sem niðurgreiðslurnar *eru reiknaðar á*. Það eru þessir liðir: Kjöt er greitt niður sem svarar 5.44 vísitölustigum, nýmjólk 4.28 vísitölustigum, smjör 0.74 vísitölustigum, kartöflur 1.14 vísitölustigum, smjörlíki 0.50 og saltfiskur 0.50, eða samtals, sem þessar niðurgreiðslur hafa verið framkvæmdar um áramót af hæstv. ríkisstj., 12.60 vísitölustig.

Hvernig kemur þetta nú út fyrir bændastéttina annars vegar og fyrir launþegana hins vegar? Fyrir því liggja líka nokkrar staðreyndir nú þegar í þessu máli. Það er vitað mál,

að ef svona einhliða eru greiddar vissar vörutegundir niður og það langt niður fyrir framleiðsluverð, þá verður hlutur bændanna sá, að þeir verða að neyta sinnar vöru á langtum hærra verði, sem þeir nota heima hjá sér, heldur en neytandinn fær í kaupstöðunum. Það er alveg augljóst mál. Nú er t. d. búið að greiða nýmjólkina niður í 3.20 og fer líklega niður í 3.05 eða eitthvað þess háttar, eftir að lækkunin er að fullu framkvæmd, að mér skilst, eitthvað nálægt því, en grundvallarverðið eða framleiðsluverðið er 3.92 kr. M. ö. o.: á þessu verði verða bændurnir að neyta sinnar vöru, þegar neytendurnir aftur í bæjunum fá það svona miklu lægra. Þetta er ekki eins mikið af kjötinu, en þetta er komið svo mikið á mjólkina, að það munar þessu. Hvernig eiga þeir að fá bætta þessa aðstöðu sína, áður en farið er að jafna út og allir eiga að bera byrðarnar jafnt? Ég spyr. Það má vel vera, að það sé erfitt við það að eiga, en þetta sýnir okkur, að það verður að hafa fulla gát á því, hvernig niðurgreiðslunum er hagað, ef þær eiga ekki að verða ranglæti fyrir vissa þegna í þjóðfélaginu. Það verður að hafa gát á því, fulla gát, og fara eftir till. í fullu samráði við þá, sem framleiðsluvörurnar hafa.

Það má segja, og ég skal viðurkenna það, að það má hafa það sjónarmið, að því meira sem vörurnar eru greiddar niður, því meira seljist þær. En það kemur óneitanlega, áður en langt um líður, alltaf að því marki, að neyzlan er orðin það mikil, að hvað mikið sem greitt er niður, þá eykst hún ekki. Og það er raunin, sem hér er orðin á og við vitum að hefur orðið, að neyzlan t. d. á mjólk hefur ekki aukizt hér neitt við þessar aukaniðurgreiðslur, sem hafa orðið í þessu efni. Neyzlan á mjólk er orðin gífurlega mikil vegna þess, að niðurgreiðslan á mjólkinni er hvorki meira né minna en sem svarar 11.51 vísitölustigi, sem er greitt niður af rúmum 35 vísitölustigum, sem greidd eru niður alls í neyzluvörum. Þess vegna er ekki að vænta aukinnar sölu í þessu, þegar komið er niður fyrir visst mark, og hagnaðurinn fæst því ekki á þá hliðina. Hann fæst náttúrlega, meðan varan er nokkuð há í verði, en þegar hún er komin svona langt niður, þá fæst það ekki.

Mér skilst því, að hvað greiðslugetu bændanna snertir, þá er aðeins um tvo liði að ræða af þessum 6 liðum, sem greiddir eru niður um áramót, aðeins um tvo liði að ræða, sem beinlínis koma til hagsbóta bændastéttinni, og það er saltfiskur og smjörlíki. Og hvað gerir þetta mikið af þessum 12.60 vísitölustigum? Það gerir aðeins eitt vísitölustig, — segi og skrifa. Nú hefur hv. 3. þm. Reykv. reiknað út, hver hagnaður sé af þessari niðurgreiðslu fyrir neytendurna, og sjáum við þá líka ljóst, hver aðstaðan er fyrir bændastéttina í þessu efni, og hann reiknar það út þannig í sínu nál., með leyfi hæstv. forseta, að árssparnaður meðalfjölskyldu vegna hinnar nýju niðurgreiðslu ríkisstj. er kr. 2115.79. Þetta er þó viðurkennt jafnvel af þeim, sem eru fullkomnir andstæðingar frv., að við niðurgreiðslurnar fái neytendurnir þetta í sinn hlut. En hver verður hlutur bændanna? Eftir útreikningi hans sömuleiðis, hæstv. forseta, sem hann skrifaði í sínu nál., þá segir hann, og ég tek ekki annað, því að þetta eru neyzluvörur bænda, sem búið er að greiða niður fyrir framleiðsluverð, og kemur þar af leiðandi alls ekki til greina við greiðslugetu bændanna aftur, þá verður saltfiskurinn kr. 65.26 og smjörlíkið kr. 72.08, það vill segja kr. 138.34 alls á móti því, sem hann viðurkennir hjá neytendunum að geri kr. 2115.79 á fjölskyldu. Þetta er alveg ómótmælanlegt, þegar við förum að athuga plöggin, eins og þau liggja fyrir, að þannig er þetta. Það er ekki annað, sem kemur bændunum að beinu gagni í þessum niðurgreiðslum, eins og þær eru einhliða framkvæmdar og svo mikið á þessum sérstöku vöruflokkum, hvorki meira né minna á kjöti og mjólk en 10 vísitölustig af þessum 12.60, sem eru greidd niður, og þeir verða að borga sína vöru hærra en neytendurnir, það sem þeir nota sem sína neyzluvöru. Ég skal vera það hreinskilinn að játa, að það er erfitt mjög að koma þessu fyrir, þegar komið er inn á þessa leið, að greiða þetta svona langt niður. Það skal ég játa. En við skyldum þó halda, að þegar hér væri komið og þessi mismunur er á í aðstöðunni eftir niðurgreiðslurnar hjá bændunum og neytendunum, að þeir í öðrum hlutum fengju þó fullt jafnrétti. Væri það til of mikils mælzt eftir yfirlýsingu hæstv. forsrh. um, að allir eigi að bera byrðarnar jafnt? Það er sjáanlegt, að þarna er bændastéttin, sem verður að taka á sig meiri byrðar en hinir. En þá skyldum við halda, að þeir gætu þó verið jafnhliða á öðrum sviðum. En hvernig er tekið undir það?

Hv. þm. V-Húnv. hefur nú flutt brtt. frá n., sem er í fullkomnu samræmi við það, sem framleiðsluráðið hafði óskað eftir, — og hverjar eru þessar óskir? Þær eru, að það verði sett bara jafnhliða í sömu atriðum við aðrar stéttir, við það, sem þær hafa fengið. Fyrir það fyrsta — með leyfi hæstv. forseta — er óskað eftir, að áður en ákveðið er með niðurfærslu á verði landbúnaðarafurða, verði reiknað með þeirri grunnkaupshækkun, sem varð á hinu almenna verkamannakaupi í Reykjavík á s. l. hausti, umfram það, sem gert var ráð fyrir í verðlagsgrundvellinum. Þetta er 9.5% í stað 6 á launahlið grundvallarins, sem er um 2% á grundvellinum í heild, en 3.5% á launaliðunum. Þetta hafa fulltrúar bændanna allir lagt megináherzlu á að fá leiðrétt. En þetta atvikaðist með því móti í haust, að þegar verðlagt var, þá var gert ráð fyrir og það meira að segja í samráði við Dagsbrúnarmenn eða Alþýðusambandsmenn, að launahækkun mundi verða í grunnkaupi, sem mundi að öllum líkindum ekki verða meiri en 6%. Með þessu var þar af leiðandi reiknað. En hvað skeði? Það skeður svo, að hækkunin verður 9.5%. Og það hefur meira að segja fengizt ádráttur um það, að ef þetta yrði hærra, þá skyldi verða viðurkennt, að það mætti leiðrétta það. Ég segi: að það var gefinn ádráttur um það.

Það er enginn vafi á því, sem síðan hefur verið afneitað með öllu. Og mér er hreint ekki grunlaust um, að það hafi verið dregið einmitt að framkvæma þetta, þangað til búið var að verðleggja landbúnaðarvörurnar, til þess að hafa þennan sama leik og hefur gengið ár eftir ár undanfarandi, sem sé sá, að þegar bændurnir loksins hafa eftir árið eða eftir marga mánuði, 8—10 mánuði, fengið leiðréttingu í samræmi við þær kauphækkanir, sem hafa orðið, þá hefur þeim verið kennt um, að nú væru þeir að byrja aftur, og síðan hafa komið uppsagnir á samningum, heimtaðar kauphækkanir. Við höfum fengið leiðréttinguna fyrst í september, en kauphækkanir ævinlega komið í nóvember, desember eða síðast í janúar á eftir og verið sagt, að það væri til þess að leiðrétta, þegar bændurnir loksins hafa getað fengið leiðrétt sitt eftir fleiri mánuði, eins og ég tók fram. Þess vegna hefur framleiðsluráðið líka lagt mikla áherzlu á það og beðið um það æ ofan í æ að fá að verðleggja oftar en einu sinni á ári, vegna þess að þetta hefur í raun og veru leitt til þess, að bændur hafa stöðugt verið á eftir í þessari verðlagningu og í þessu kapphlaupi, allt upp undir heilt ár, með þessari aðferð, sem verkalýðsfélögin hafa beitt.

Þess vegna er það líka alveg rétt, að við teljum það mikilsvirði að fá þær breyt. inn í frv., að það megi leiðrétta þetta oftar en einu sinni á ári, eins og verið hefur. En það er ekkert annað heldur en sjálfsagður hlutur, að við fáum það, þegar aðrar stéttir, sem hafa verið bundnar eins og við til lengri tíma, eins og t. d. útvegsmenn, bátaútvegsmenn, sjómenn og aðrir, sem hafa samið fyrir vertíðina og jafnvel fyrir árið og úthaldstímann. Nú fá þeir að hækka, án þess að nokkurt bil sé gert, bara ef nokkur hækkun verður, þá fá þeir leiðréttingar, ef það verður hækkun á grunnkaupi eða vísitölu. Og hvers vegna eigum við þá ekki að vera þar samhliða, ef þetta á að koma jafnt yfir á alla, eins og hæstv. forsrh. lýsir yfir, og þarf ekki að kaupa það neitt? En nei, gerið þið svo vel, þið eigið ekki að vera þar nákvæmlega eins. Það skal vera þar nokkurt bil á milli. Við fáum þetta ekki leiðrétt samkv. frv. fyrr en eftir 5 vísitölustig, sem hefur nú verið gengizt inn á, af því að öllum er ljóst, að vísitölustigið, eftir að breytt verður um og grunnkaup og vísitala fært saman, gildir meira, og gengizt inn á að lækka bilið niður í 2 vísitölustig, sem jafngildir nokkurn veginn 4—5 áður, eins og hefur verið sagt.

Þetta er vitanlega svo, eins og kemur frá framleiðsluráði, að þeir gætu sætt sig við þetta, ef þetta væri eins um aðra. En það verður ekki. Það er bara um þá eina, bændurna eina, og enga aðra. Er þetta að láta alla bera byrðarnar jafnt? Til hvers er verið með þessi 2 vísitölustig þá, þegar það er ekki hjá öðrum? Hví ekki að láta þá njóta sama réttar og alla aðra í þessum efnum? Ég fæ ekki skilið það. Og ég fæ ekki skilið þá heldur þessa yfirlýsingu hæstv. forsrh. um, að allir eigi að bera byrðarnar jafnt. En báðum þessum meginatriðum í frv. til þess að komast á sama grundvöll og aðrir hefur verið tekið mjög þunglega af stjórnarliðinu, vægast sagt, og hv. 5. þm. Reykv. hefur flutt till. um það að færa þetta niður í 2 vísitölustig, af því að þetta hefur verið á misskilningi byggt, og sömuleiðis að lagfæra um grunnkaupið, eins og við höfðum líka óskað eftir, en meginkröfunni gengur hann fram hjá, um það, að við verðum alveg jafnréttháir, og sömuleiðis, að það sé lagaður grundvöllurinn, áður en við færum niður. Þetta er í till. hv. þm. V-Húnv., og ég fyrir mitt leyti get ekki séð með nokkru lifandi móti, hvaða maður og sízt jafnreikningsglöggur maður og hæstv. forsrh. getur haldið því fram, að bændurnir séu á sama grundvelli og t. d. sjávarútvegurinn, bátaútvegurinn og sjómennirnir og aðrir slíkir, sem eiga að fá að hækka, eða launamenn, sem eiga að fá að hækka, jafnóðum og nokkurt bil kemur þarna á milli. Þetta er svo augljóst mál, að ef þetta fæst ekki leiðrétt, þá er það beinlínis yfirlýsing um það, að bændurnir skuli bera þyngstu byrðarnar. Ég er búinn að sýna fram á, að einmitt með niðurgreiðslunum bera þeir samt meira en aðrir eða bera minna úr býtum fyrir þær. En ef þetta fæst ekki leiðrétt, þá er komið svo mikið misræmi í þetta, að ég skil ekki í því, hvernig nokkur einasti maður ætlar að geta haldið því fram, að þeim sé ætlaður sami hlutur og öðrum. Ég fæ ekki skilið það.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram, áður en lengra er gengið um þetta mál. Þó að hv. þm. V-Húnv. væri búinn að lýsa því mjög skilmerkilega, þá vildi ég árétta það. Og það, sem hafði verið rætt við framleiðsluráðið áður, það var þá vitanlega óundirbúið og ekkert skýrt frá, hvað ætti að gera gagnvart öðrum skyldum. Við höfðum ekki hugmynd um það, var algerlega leynt um þá hluti, og sömuleiðis þetta með vísitöluna, hvernig hún ætti að breytast á þennan veg, eins og gert er ráð fyrir, og færast niður í 100 1. marz, þannig að þær viðræður, sem eru gerðar að alveg óundirbúnu og órannsökuðu máli, eru vitanlega út af fyrir sig, en ekki hægt neitt á þeim verulega að byggja, fyrr en búið er að rannsaka málið betur og sjá, hvernig á að samræma þetta við alla aðra, eins og hæstv. forsrh. segir, að allir eigi að bera byrðarnar jafnt. Og það er það, sem við krefjumst að verði gert.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 64. fundi í Nd., 28. jan., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 201 felld með 18:5 atkv.
— 195 samþ. með 25 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 19:5 atkv.
2. gr. samþ. með 19:3 atkv.
Brtt. 202 samþ. með 18:5 atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 19:4 atkv.
4.—5. gr. samþ. með 19:4 atkv.
6. gr. samþ. með 19:5 atkv.

Brtt. 189,1 felld með 24:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: EystJ, GíslG, TÁ, HS, PÞ, SkG, StgrSt, SvbH, ÁB, EirÞ.

nei: GÍG, GJóh, GÞG, HV, IngJ, JóhH, JPálm, JS, KGuðj, KJJ, LJós, MJ, ÓB, ÓTh, PO, PP, RH, SÁ, ÁkJ, BG, BBen, BÓ, EmJ, EOl.

1 þm. (ÁÞ) fjarstaddur.

7. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 193 felld með 24:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: TÁ, HS, PÞ, SkG, StgrSt, SvbH, ÁB, EirÞ, EystJ, GíslG.

nei: GÍG, GJóh, GÞG, HV, IngJ, JóhH, JPálm, JS, KGuðj, KJJ, LJós, MJ, ÓB, ÓTh, PO, PP, RH, SÁ, ÁkJ, BG, BBen, BÓ, EmJ, EOl.

1 þm. (ÁÞ) fjarstaddur.

Brtt. 194,a—d samþ. með 26:5 atkv.

— 189,2 samþ. með 26:4 atkv.

— 194,e kom ekki til atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 19:5 atkv.

Brtt. 200 felld með 19:5 atkv.

9. gr. samþ. með 19:5 atkv.

10.—12. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: MJ, ÓB, ÓTh, PO, PP, RH, SÁ, ÁkJ, BG, BBen, BÓ, EmJ, GÍG, GÞG, IngJ, JóhH, JPálm, JS, KJJ.

nei: GJóh, HV, KGuðj, LJós, EOl.

PÞ, SkG, StgrSt, SvbH, ÁB, EirÞ, EystJ, GíslG, TÁ, HS greiddu ekki atkv.

1 þm. (ÁÞ) fjarstaddur.

Á 65. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr., útvarpsumr. (A. 203).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Afbrigði um brtt. 205, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Forseti (EOl): Þá hefst útvarpsumr. um málið. Flokkar þingsins taka til máls í þessari röð: fyrst Alþfl., þá Framsfl., síðan Sjálfstfl. og að lokum Alþb. Umferðir verða tvær, hin fyrri er 30 mín. og hin síðari 15 mín.

Þá tekur til máls hæstv. forsrh., Emil Jónsson, fyrir hönd Alþfl.

Forsrh. (Emil Jónsson): Herra forseti, hv. áheyrendur. Vegna hlustenda við þessa 3. umr. málsins verður ekki hjá því komizt að endurtaka nokkuð af því, sem sagt hefur verið við fyrri umr., og bið ég hæstv. forseta velvirðingar á því. En þetta er nauðsynlegt til þess að gefa þeim, sem á hlýða, heildarmynd af þeim aðstæðum, sem hafa valdið því, að nauðsynlegt var að flytja þetta frv.

Verðbólguþróunin á s. l. ári hefur orðið miklu örari en nokkru sinni áður. Vísitala framfærslukostnaðar mundi hafa orðið 225 stig 1. jan. s. l., ef ekki hefði verið að gert, en hún var 191 stig 1. jan. 1958. Hækkun á árinu hefði því orðið 34 vísitölustig.

Augljóst var, að þessi hækkun mundi hafa haldið áfram með vaxandi hraða vegna hækkunar kaupgjaldsvísitölu í 202 stig 1. des. s. l. úr 185 stigum, sem hún hafði verið í áður.

Þessi heljarstökk verðlags og kaupgjalds og þær uggvænlegu afleiðingar, sem hækkuninni hljóta að fylgja, ollu mönnum miklum áhyggjum. M. a. af þessum orsökum lét fyrrv. hæstv. ríkisstj. sérfræðinga sína gefa sér umsögn um málið og till. um, hvaða leiðir væru helzt til úrbóta. Í þeirri álitsgerð var komizt að þeirri niðurstöðu, að vísitala framfærslukostnaðar mundi komast upp í 270 stig næsta haust og kauplagsvísitalan upp í 250 stig. Hún mundi síðan halda áfram að vaxa með hingað til óþekktum hraða, ef ekkert yrði að gert, og valda algerum glundroða í efnahagslífi þjóðarinnar, sem að síðustu mundi leiða til atvinnuleysis og hruns.

Tvær leiðir var bent á til bjargar. Önnur var sú að leggja á nýja skatta til að mæta auknum útgjaldaþörfum ríkissjóðs og útflutningssjóðs og freista að stöðva vísitöluna, þar sem hún væri nú. Hin leiðin var að reyna að snúa verðbólguhjólinu svo mikið til baka, að takast mætti að komast af án verulegra nýrra skatta, en í staðinn gæfu launþegar og aðrir þegnar þjóðfélagsins eftir einhvern hluta þeirrar hækkunar, sem orðið hafði í krónutali á tekjum þeirra á árinu.

Um þetta náðist ekki samkomulag í fyrrv. ríkisstj. Baðst hún því lausnar 4. des. s. l.

Alþfl. og Framsfl. vildu fara síðari leiðina, og studdist Alþfl. þar við samþykkt síðasta flokksþings síns, sem haldið var um þetta leyti. Á þetta vildu fulltrúar Alþb. í ríkisstj. ekki fallast þá, og varð því niðurstaðan sú, sem fyrr getur, að ríkisstj. sagði af sér.

Tilraunir til nýrrar myndunar meirihlutastjórnar báru ekki árangur, og tók þá Alþfl. að sér að reyna að mynda þingræðisstjórn, er freistaði að leysa þetta mál á þeim grundvelli, sem þing Alþfl. hafði lagt og Framsfl. og Sjálfstfl. í meginatriðum voru einnig fylgjandi samkvæmt þeim yfirlýsingum, sem flokkarnir höfðu um þetta gefið.

Framsfl. fékkst þó ekki til að standa að þessari stjórnarmyndunartilraun, þrátt fyrir það þó að yfirlýst væri, að í meginatriðum mundi verða reynt að fylgja þeim línum, sem vitað var að samkomulag væri um milli flokkanna, en Sjálfstfl. hét stjórninni stuðningi á þann hátt að firra hana vantrausti, á meðan tilraunin væri gerð.

Þess má þó einnig geta hér, að fulltrúar Alþb. létu í það skína í viðræðunum um stjórnarmyndunina, að þeir gætu líka hugsað sér að fara þessa leið. En allt var það svo loðið og óákveðið, að auðséð var, að samningar við þann flokk mundu taka lengri tíma en hugsanlegt var að nota til samninganna vegna aðkallandi vandamála og óvíst, hvernig fara mundi, svo að ekki var á það hætt.

Minnihlutastjórn Alþfl. tók því að sér að freista að leysa vandann með þeim stuðningi Sjálfstæðisflokksins, sem ég hef áður greint frá.

Strax daginn eftir að stjórnin var mynduð, var skipuð nefnd til að gera samninga við bátaútvegsmenn, sjómenn og fiskvinnslustöðvar um rekstrargrundvöll sjávarútvegsins fyrir árið 1959. Þessum samningum við bátaútvegsmenn lauk um áramótin. Samningi milli sjómanna og útvegsmanna var lokið 3. jan., og gátu því róðrar hafizt á venjulegum tíma þess vegna. Samningum við fiskvinnslustöðvarnar og togarana var lokið um miðjan janúar, og var þá hægt að gera sér grein fyrir, hvernig útkoman úr því dæmi yrði.

Þess má geta, að í öllum þessum samningagerðum var við það miðað, að lagður yrði til grundvallar samningurinn frá s. l. ári, en útgerðarmönnum og vinnslustöðvum bætt sú nettóhækkun kostnaðarliða, sem sannanlega hafði orðið á árinu. Sjómenn fengu þó í sinn hlut öllu meiri hækkun á skiptaverði fisksins heldur en orðið hafði hjá verkamönnum í landinu, eða um 13% beina hækkun á fiskverðinu, og aðrar kjarabætur, sem taldar eru nema sem svarar 1% í viðbót, eða samtals 14%.

Þessir samningar þýddu það, að ef miðað var við vísitölu 185, námu bæturnar í heild til þessara aðila allra, að viðbættum tilsvarandi bótum á útfluttar landbúnaðarafurðir, 158.6 millj. kr. umfram það, sem var s. l. ár. En við samningagerðina kom líka í ljós, að ef miðað var við vísitölu 175 í stað 185, var hægt að lækka bæturnar til útvegsmanna og vinnslustöðvanna úr 158.6 millj. kr. niður í 77.7 millj. kr., eða um 80.9 millj. kr. Var því staðnæmzt við að athuga þann möguleika, hvort þetta mundi fært.

Eins og kunnugt er, ákvað ríkisstj. um s. l. áramót að greiða niður verðlag á nauðsynjavörum, aðallega landbúnaðarvörum, mjög verulega, eða sem svarar með 75 millj. kr. á ári. Við þetta lækkaði vísitalan um 13 stig og komst niður í 212 stig. Eftir var þá að brúa bilið niður í 192 stig, sem framfærsluvísitalan þurfti að komast, til þess að kaupgreiðsluvísitalan kæmist niður í 175.

Þessum 20 stigum er ógerlegt að ná með niðurgreiðslum einum saman, vegna þess að það mundi kosta ríkissjóð svo mikið fé, að ógerlegt væri að hugsa sér að komast hjá nýjum skattaálögum þess vegna.

Sérfræðingar ríkisstj. töldu á hinn bóginn, að ef launþegar gæfu eftir án bóta 10 vísitölustig, mundu hin 10 stigin, sem á vantaði, nást með lækkun á verðlagi sem afleiðing af þessari vísitölulækkun, ef bændur, verzlunarmenn og iðnrekendur gæfu einnig eftir að sínum hluta tilsvarandi. Og þessi leið hefur nú verið valin, og um hana fjallar það frv., sem hér liggur nú fyrir til 3. og síðustu umr. í þessari hv. deild.

Í frv. segir, að allar greiðslur, sem fylgja kauplagsvísitölu, skuli frá 1. febr. n. k. fylgja vísitölunni 175. Þó gildir þetta ekki nema til 1. marz, en á því tímabili, í febrúarmánuði, er gert ráð fyrir, að verðlagið lækki það mikið, að vísitalan komist með eðlilegum hætti niður í 185, og hefur ríkisstj. skuldbundið sig til að tryggja það með niðurgreiðslu á því, sem á kann að vanta þá, sem gert er ráð fyrir að gæti orðið 1—2, kannske 3 vísitölustig, vegna þess að það tekur alltaf nokkurn tíma, að kaupáhrifin verki á verðlagið, en þetta ætti ekki að standa nema í örstuttan tíma. Í öllu falli á það að vera tryggt, að frá 1. marz n. k. verði ekki af neinum gefið eftir meira en 10 stig.

Í frv. eru svo ákvæði um það, að þessi eftirgjöf nái einnig til bænda, sjómanna, verzlunarmanna, iðnaðarmanna og til gjalds fyrir hvers konar þjónustu, flutninga, ákvæðisvinnu o. s. frv., þannig að allir, sem með einhverju móti er hægt að ná til, beri sinn hluta.

Þó að ýmis önnur merk atriði séu í frv., verða þau ekki rakin hér frekar. En á það vil ég þó benda, að frv. gerir ráð fyrir, að tekinn verði upp nýr vísitölugrundvöllur, sem kauplagsnefnd hefur verið að vinna að undanfarin ár og fer miklu nær núverandi neyzluháttum en gamli grundvöllurinn, sem er orðinn nærri tuttugu ára gamall. En neyzluvenjur almennings og neyzluskipting hefur breytzt mjög á þessum árum, eins og kunnugt er, og ætti því þessi grundvöllur að gefa raunhæfari mynd af þeirri breytingu á neyzluvörum manna heldur en sá gefur, sem nú er í gildi.

Þessi breyting er tekin upp samkvæmt ósk minni hluta stjórnar Alþýðusambands Íslands og stjórnar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og annarra launþegasamtaka, sem um málið hafa fjallað.

Það má einnig geta þess, að inn í frv. hafa verið tekin ákvæði um að umreikna kaup bóndans í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara fjórum sinnum á ári eins og laun verkamanna og annarra launamanna, í stað þess að þetta er aðeins gert einu sinni á ári nú. Þetta ákvæði var tekið upp samkvæmt ósk Stéttarsambands bænda eða framleiðsluráðs þess. Fleira mætti nefna, en út í það skal ekki farið að þessu sinni.

Meginhugsunin, sem á bak við þessar ráðstafanir liggur, er sú, að verðlag verði greitt niður, eins og frekast er mögulegt, án nýrra skatta og síðan komi fram með eðlilegum hætti lækkun á verðlaginu vegna niðurfærslu kaupgjaldsins, en það, sem þá verður eftir, sem hér er reiknað með að verði 10 stig, eða 5.4%, verði gefið eftir.

Því ber ekki að neita, að hér er um að ræða nokkra fórn. En þar við er þó því að bæta, að ég tel mig mega fullyrða, að það er engin lausn til á þessu máli, sem ekki kemur á einhvern hátt við almenning. Það hefur t. d. komið fram í umr. um þetta frv. og er mjög athyglisvert, að ef ekki verður að gert og vísitalan heldur áfram að hækka með þeim hraða, sem ég lýsti í upphafi, samkvæmt áliti sérfræðinga, eða sem svarar ca. 5 stigum á mánuði, og launþegar fá ekki hækkunina uppborna nema á þriggja mánaða fresti, þá eru þeir 5 stigum á eftir fyrsta mánuðinn, 10 stigum á eftir annan mánuðinn og 15 stigum á eftir þriðja mánuðinn, eða að meðaltali 10 stigum á eftir, eða nákvæmlega jafnmikið og hér er

gert ráð fyrir að gefa eftir. Auk þess koma svo þær nýju skattaálögur, sem óumflýjanlega verður að gera til þess að halda útveginum gangandi, stöðug rýrnun á sparifé og algert öngþveiti í efnahagsmálum öllum, sem leiðir af hinni ört vaxandi verðbólgu.

Það er því síður en svo, að menn komist hjá því að gefa eitthvað eftir, þó að þessi leið verði ekki farin. Ég vil þvert á móti segja, að þegar allt verði krufið til mergjar, þá muni þessi leið verða sú, sem almenningi muni reynast léttbærust og allt annað koma verr niður.

En hvernig tekst þá að ná endunum saman með þessum ráðstöfunum? Er hægt að gera þetta án nýrra skatta? Það er sá brennandi punktur, sem margir spyrja um, því að allir munu þegar hafa fengið nóg af þeim álögum, sem fyrri ráðstöfunum í þessum málum hafa fylgt. Þessu er því til að svara, að til þess að mæta hinum auknu bótum til sjávarútvegsins og landbúnaðar þarf 77.7 millj. kr., eins og ég hef áður sagt. Til þess að bera uppi niðurgreiðslurnar, sem gerðar voru 1. jan. s. l., þarf 75 millj. kr., og til þess að mæta útgjaldaaukningu ríkissjóðs vegna grunnkaups og vísitölubreytinga er talið að þurfi 22.2 millj. kr., eða samtals 174.9 millj. kr. Og þá er eðlilegt, að menn spyrji: Er hægt að ná þessari upphæð án nýrra skatta, og þá hvar og hvernig?

Þessu er því til að svara, að um mörg undanfarin ár hefur sá háttur verið hafður á afgreiðslu fjárlaga, að tekjurnar hafa verið áætlaðar mjög varlega, ég vil segja óþarflega varlega, enda hefur komið í ljós, þegar uppgjör ársins hefur legið fyrir, að þær hafa oftast reynzt mjög miklu hærri en áætlað var. Það er nú þegar vitað, að greiðsluafgangur s. l. árs muni verða mjög verulegur, þó að ekki sé nákvæmlega vitað, hve mikill hann muni verða. Hafa verið nefndar í því sambandi 50—60 millj. kr. Um töluna skal ég ekkert fullyrða enn sem komið er, en hún kemur til að liggja fyrir innan stutts tíma. Er enginn vafi talinn á, að þó að ekki sé nákvæmlega um töluna vitað nú, að þar muni hægt að fá til ráðstöfunar a. m. k. 20—30 millj. kr.

Við athugun tekjuhliðar fjárlagafrv. fyrir 1959 hefur einnig komið í ljós, að tekjurnar eru mjög varlega áætlaðar. Telja þeir, sem gerst mega til þekkja, að hækka megi áætlunina um 48 millj. kr. og hafa þó 35 millj. kr. upp á að hlaupa fyrir umframgreiðslum, eða að tekjurnar muni geta orðið um 83 millj. kr. hærri en áætlað er í frv., miðað við sömu innflutningsáætlun og s. l. ár.

Þá er og víst, að með góðum vilja má draga úr gjaldahlið fjárlagafrv., á þann hátt t. d. að fresta framkvæmdum eða draga úr þeim, og tel ég alls ekki útilokað, að á þann hátt mætti lækka útgjöldin um 40—50 millj. kr., og væri þó ekki nema um 5% lækkun heildarupphæðar fjárlaga að ræða. Hvort þetta tekst eða ekki, er vitanlega undir hv. alþm. komið. Mér er ljóst, að hér á landi er margt ógert og nauðsynlegt, að það sé gert sem fyrst. En þegar um það er að ræða að forða þjóðinni frá botnlausri verðbólgu, þá tel ég langt frá útilokað að grípa til nokkurs niðurskurðar á gjaldahlið fjárlaganna. Þó að æskilegt væri að komast hjá þessum niðurskurði, þá er þó enn æskilegra að losna við þá verðbólguþróun, sem nú blasir beint við, ef ekki verður að gert. Á það má líka benda, að sú stefna hefur víða gefizt vel, að hið opinbera dragi sig frekar í hlé með sínar framkvæmdir, þegar hin almenna framleiðslustarfsemi er í blóma og frekar skortir innlenda menn til hennar heldur en hið gagnstæða, ríkissjóður komi heldur til með auknar framkvæmdir, þegar hallar undan fæti hjá einstaklingunum, og bæti þá úr og fylli í skörðin. Ég tel það því síður en svo neina goðgá, þó að til þessa yrði gripið nú að einhverju leyti.

En þegar þessar tölur allar eru teknar saman, þá vantar ekki mikið á, að hægt sé að ná endum saman, og engan veginn útilokað, að það sé hægt án nýrra skatta.

Það má að vísu segja, að hér sé teflt á tæpasta vað, og það er vissulega rétt, en það sýnir aðeins, að farið hefur verið eins skammt í því að leggja byrðar á almenning og frekast má telja mögulegt.

Ef til vill má af þessu draga þá ályktun, að nauðsynlegt hefði verið að ganga lengra en gert er í frv. En það er ekki gert, til þess að meiri líkur séu fyrir því, að vænta megi skilnings almennings á nauðsyn þess, sem gert er.

Það hafa í umr. komið fram aðfinnslur út af því, að ekki væri, um leið og þetta frv. væri afgreitt, gengið frá fjárlögunum, til þess að hægt væri að sjá í heild, hver afgreiðsla málsins yrði. Út af því er aðeins það að segja, að til þess hefur ekki verið nokkur tími. Samningunum við bátaútveginn varð að ganga frá sem næst áramótum, og það tókst, svo að róðrar gátu hafizt á réttum tíma, en þó þannig, að greiða verður nú úr útflutningssjóði nærri 7 millj. kr. aukalega vegna hinnar háu vísitölu janúarmánaðar. Ef enn ætti að bíða með lausn þessa máls eftir því, að fjárlög væru afgreidd um leið, mundi það kosta enn hærri greiðslu fyrir febrúarmánuð og gera allt málið miklu torleystara vegna hinna auknu útgjalda, sem það mundi hafa í för með sér. Hefur því hiklaust verið horfið að því ráði að freista að leysa eitt atriðið í einu, og vænti ég, að hv. alþm. skilji það og geri sér grein fyrir, að annað er ekki hægt nema með stórlega auknum útgjöldum fyrir útflutningssjóð, sem þá yrði að afla sérstakra tekna til, þegar líka er tekið tillit til þess, að tímanum frá þingsetningu, 10. okt. s. l., og til jóla var eytt í svo að segja einskis nýtt þras um málið án þess að komast að nokkurri niðurstöðu.

Því er haldið fram af andstæðingum frv., að með því sé freklega gengið á rétt verkalýðsins og launþeganna yfirleitt. Í fyrsta lagi er því haldið fram, að til þessara samtaka hafi

ekki verið leitað og ekkert tillit til þeirra tekið við undirbúning málsins. Í öðru lagi er því haldið fram, að hér sé um óhóflega mikla og óþarfa kjaraskerðingu að ræða, og í þriðja lagi er sagt, að með lagaboði á þennan hátt sé verið að taka samningsréttinn af launþegasamtökunum og færa hann yfir til Alþingis.

Mér þykir rétt að athuga þessi atriði lítillega. Um fyrsta atriðið er það að segja, að málið var borið undir bæði launþegasamtökin og Stéttarsamband bænda, áður en það var lagt fram, og þessum aðilum sagt, að ef þeir hefðu athugasemdir að gera, mundi verða leitazt við að taka þær til greina, ef þær færu ekki í bága við meginstefnu frv. Athugasemdir komu frá Stéttarsambandi bænda, frá Alþýðusambandi Íslands, frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og frá Landssambandi íslenzkra verzlunarmanna, og hafa nú lagfæringar og sumar allþýðingarmiklar verið teknar inn í frv. samkvæmt þessum óskum. Það er því fjarri því að vera rétt, að ekki hafi verið til þessara samtaka leitað, heldur þvert á móti.

Stéttarsamband bænda lýsti sig samþykkt þeirri stefnu, sem í frv. felst. Nálega helmingur af stjórn Alþýðusambands Íslands, fjórir af níu, taldi að þing Alþýðusambands Íslands, hið síðasta, hafi ekki tekið afstöðu gegn þeirri leið, sem felst í frv. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja telur fyrirhugaðar aðgerðir ríkisstj. miða í rétta átt. Og Landssamband íslenzkra verzlunarmanna telur niðurfærsluleiðina hafa ýmsa kosti fram yfir aðrar leiðir. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Samband íslenzkra bankamanna og Iðnnemasambandið voru einnig kvödd til, en hafa ekki gefið umsögn.

Ég get því ekki annað sagt en að leitað hafi verið til allra hugsanlegra aðila um athugun á frv. og að undirtektir allra aðila, sem fram hafa komið, nema kommúnistanna og hv. 7. þm. Reykv., Hannibals Valdimarssonar, sem er með kommúnistum í stjórn Alþýðusambands Íslands, hafi verið jákvæðar. Og var þó sú tíðin, að hv. 7. þm. Reykv., Hannibal Valdimarsson, var á þessari leið ekki alls fyrir löngu, að reynt yrði að fara þannig að, sem frv. gerir ráð fyrir. Í næstsíðasta tölublaði Vinnunnar, í nóvember s. l., sem Alþýðusamband Íslands gefur út og hann er ritstjóri að, segir hann, að framleiðslan eigi að taka á sig nokkurn hluta byrðanna, ríkissjóður eigi að sýna viðleitni til sparnaðar og auk þess geti hann staðið undir nokkurri niðurgreiðslu nauðsynjavara, álagning eigi að lækka, ríkið og sveitarfélög og einstaklingar eigi að draga nokkuð úr fjárfestingu, bændur eigi að lækka framleiðsluvörur sínar — og, segir hann síðan, „því eiga verkamenn að svara með því að falla frá nokkrum stigum af kaupi sínu". „Nýja vísitölu á að taka upp," segir hann einnig, „í stað þeirrar gömlu." Þetta sagði hv. 7. þm. Reykv., Hannibal Valdimarsson, í nóvember s. l., áður en hann fór úr ríkisstj. En hér er með orðum hans lýst nákvæmlega þeirri stefnu, sem í frv. felst. En af einhverjum annarlegum ástæðum virðist hann nú hafa skipt um skoðun, eftir að hann fór úr ríkisstj. Það er kannske mannlegt að gera það, en það er ekki stórmannlegt.

Um kaupskerðinguna er það að segja, að það liggur ljóst fyrir, hver hún verður, eða 5.4%. Er þó teflt á tæpasta vað, eins og ég hef áður lýst, og ég vil undirstrika, að allar aðrar aðferðir, sem til mála koma og athugaðar hafa verið, mundu hafa kostað almenning meira, beint og óbeint, þannig að segja má, að hér hafi ekki verið margra kosta völ. En hitt má fullyrða, að þetta sé skásti kosturinn, þegar á allt er litið. Það er líka rétt, að það komi hér fram, að með niðurfærslunni samkvæmt frv. verður kaupmáttur launa þó heldur meiri á eftir en hann var í októbermánuði s. l.

Síðasta hálmstrá andstæðinga frv. er það, að útgerðarmenn hafi fengið of góða samninga og þess vegna séu greiðslurnar úr ríkissjóði og útflutningssjóði til þeirra of háar. Út af því vil ég aðeins segja, að í samninganefndinni við útvegsmenn voru menn úr öllum stjórnmálaflokkum, sem sæti eiga á Alþingi, og það var samhljóða álit þeirra allra, að hagstæðari samning við útgerðarmenn hafi ekki verið unnt að ná, enda hafi þeir ekki fengið bætur sínar hækkaðar nema sem svaraði hækkun í tilkostnaði, og að bátarnir mundu ekki hafa getað farið af stað, a. m. k. ekki á venjulegum tíma, ef þær hefðu verið ákveðnar nokkru sem næmi lægri.

Þá er síðasta athugasemdin og sú, sem lögð hefur verið hvað mest áherzla á, að með þessu frv. sé verið að taka samningsréttinn af verkalýðsfélögunum. Þetta er hin herfilegasta firra. Félögin halda sínum samningsrétti, þó að frv. verði samþykkt og gert að lögum, og eru frjáls að því að gera hvað sem þau vilja í þessu efni á eftir. Samningsrétturinn er nákvæmlega hinn sami og áður. Hins er svo vænzt, að þau athugi vel sinn gang, áður en þau geri ráðstafanir til hækkunar á ný og rjúfi þannig þann varnarvegg, sem hér er verið að reyna að reisa gegn verðbólguflóðinu. Hér er um nákvæmlega sams konar aðgerðir að ræða og gerðar voru 1956 af fyrrv. ríkisstj. og þær, sem boðaðar voru af forseta Alþýðusambands Íslands í Vinnunni í nóvembermánuði s. l., áður en hann fór úr ríkisstj.

Sambandið við launastéttirnar í þessum málum getur verið með tvennu móti.

Í fyrsta lagi getur það verið þannig að reyna samkomulag fyrir fram við forustumenn samtakanna, sem þó hafa raunverulega ekkert umboð til samninga, því að það vald er hjá hinum ýmsu félögum sjálfum og ekki hjá neinum framámönnum þeirra. Þar getur eingöngu verið um persónulegt álit að ræða og ekkert annað.

Í öðru lagi getur þetta samband verið á þann hátt að gera ráðstafanir á þann hátt, að reynt sé að gæta fyllstu sanngirni, og láta svo félögin dæma sjálf á eftir.

Þetta síðara er það, sem nú er verið að gera

og þá í samráði við heildarstjórnir þessara samtaka, eftir því sem fært hefur þótt og eins og ég hef lýst hér áður.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er tilraun til að leysa mikinn vanda, ekki eingöngu vanda almennings og launastéttanna, heldur þjóðarinnar allrar. Fyrrverandi ríkisstj. vék sér undan vandanum, og það hefur komið í hlut Alþfl. að gera tilraunina. Stefna hans í þessu máli er ljós, og flokkurinn stendur einhuga um hana. Sjálfstfl. hefur lýst sig fylgjandi henni, og vitað var, að Framsfl. hefur verið inni á sömu hugsun áður. Alþýðubandalagsmenn léðu máls á að fylgja þessari lausn líka, ef þeir yrðu í stjórn, en hafa nú snúizt öndverðir til harðrar andstöðu. Ef frv. nær samþykki á Alþ., sem raunar er ekki vitað enn, ríður mikið á, að þjóðin taki því með skilningi og raunsæi og láti ekki vélast af skrumkenndum og ábyrgðarlausum fullyrðingum andstæðinganna. Á afstöðu þjóðarinnar til þessara ráðstafana veltur að lokum allt. Hún hefur það í sinni hendi, hvort tilraunin tekst eða ekki. Hennar verður að taka lokaákvörðun í málinu. En tilraunin hefur þó verið gerð, tilraun, sem ég fyrir mitt leyti er sannfærður um að ber í sér þá hagstæðustu lausn, sem hægt er að ná nú, eins og komið er, fyrir íslenzka alþýðu og fyrir þjóðina alla.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti, góðir hlustendur. Atvinnuvegir Íslendinga eru þannig, að þjóðin þarf að eiga mikil viðskipti við aðrar þjóðir. Til þess að svo geti orðið, verður þjóðarbúið að framleiða mikið vörumagn til útflutnings, sem það fær greitt með erlendum gjaldeyri eða vörum. Það er því meginatriði í þjóðarbúskapnum, að framleiðslan sé stunduð af fullu kappi til lands og sjávar. Ef framleiðslan dregst saman og gjaldeyrisöflunin minnkar, rýrna að sama skapi lífskjör þjóðarinnar, og framkvæmdir falla niður að meira eða minna leyti.

Með efnahagslöggjöfinni, sem sett var á síðasta þingi, var stefnt að því að stuðla að hallalausum rekstri útflutningsatvinnuveganna og ríkisbúskaparins, að jafna aðstöðu þeirra atvinnugreina, sem afla þjóðarbúinu gjaldeyris, frá því sem verið hafði, og gera framkvæmd nauðsynlegs stuðnings við þær einfaldari og að draga úr því misræmi í verðlagi, sem skapazt hafði innanlands undanfarin ár, bæði milli erlendrar vöru og innlendrar og milli erlendra vörutegunda innbyrðis.

Í lögunum um útflutningssjóð var ákveðið, að grunnlaun skyldu hækka um 5%, en 9 vísitölustig, sem kæmu fram, eftir að lögin tækju gildi, skyldu ekki hafa áhrif á kaupgjaldið. Í grg., sem fylgdi frv. til l. um útflutningssjóð, var það skýrt tekið fram, að það var þá einróma álit fyrrverandi ríkisstj., að framleiðslan gæti ekki staðið undir meiri kauphækkun en lögfest var. Í kjölfar frekari kauphækkana mundu sigla kröfur um nýja hækkun á útflutnings- og yfirfærslubótum, hækkun þeirra hefði í för með sér meiri hækkun á framfærsluvísitölunni og hún ylli svo á hinn bóginn nýrri hækkun á kaupgjaldi og afurðaverði og þannig koll af kolli. Enn fremur var tekið skýrt fram í grg. það álit fyrrv. ríkisstj., að í sambandi við lausn efnahagsmálanna væri nauðsynlegt að taka sjálft vísitölukerfið til athugunar, þ. e. þá skipan, að allt kaupgjald og afurðaverð breyttist sjálfkrafa með breytingu á framfærsluvísitölu. Fyrrv. ríkisstj. gerði sér ljóst, að slíkt mál yrði að leysa í nánu samstarfi við stéttasamtökin í landinu og hét því að beita sér fyrir samstarfi við stéttasamtökin um þetta efni.

Það, sem nú liggur fyrir í þessum málum, sannar, að þetta álit var rétt. Í grg. með frv. um breytingar á lögum um útflutningssjóð, sem hæstv. núverandi ríkisstj. flytur, er m. a. sagt, að fjárhagsafkoma útflutningssjóðs hafi reynzt tiltölulega góð á árinu 1958 og að líkur séu til þess, að sjóðurinn hefði getað orðið hallalaus á árinu 1959, ef engin ný hækkun bóta eða niðurgreiðslna hefði komið til og aðstæður hefðu orðið svipaðar og á síðasta ári.

Á árinu 1958 mun hafa orðið nokkur greiðsluafgangur hjá ríkissjóði, og er allmikið um það rætt. Þessar niðurstöður sýna, að með efnahagslöggjöfinni s. l. vor var stigið stórt skref og mikilvægt að því marki að koma á jafnvægi í efnahagsmálum, tryggja rekstur framleiðslunnar og efla þannig þjóðarhag.

En Sjálfstfl. sýndi glöggt, eftir að hann komst í stjórnarandstöðu 1956, hver hann er. Eftir að vinstri stjórnin var mynduð, stóðu sjálfstæðismenn að því verki að senda skeyti til erlendra fréttastofnana, þar sem málstaður Íslands var ranglega túlkaður. Jafnframt gerðist Sjálfstfl. kaupkröfuflokkur, tók að hvetja til kauphækkana og beita sínum áhrifum til þess, að kauphækkanir ættu sér stað í einstökum verkalýðsfélögum. Eftir að efnahagslöggjöfin var sett s. l. vor, virðast forustumenn Sjálfstfl. hafa hugsað á þessa leið: Hvað varðar okkur um þjóðarhag? Ef löggjöfin reyndist vel í framkvæmd og þær áætlanir, sem gerðar voru, þegar hún var sett, stæðust vel, mundi það að sönnu bæta þjóðarhag, eins og að var stefnt með löggjöfinni, en það gat styrkt vinstri stjórnina í sessi og torveldað Sjálfstfl. valdabaráttuna, enda jókst mjög á s. l. sumri áróður fyrir því, að verkalýðsfélög segðu upp samningum og krefðust kauphækkana. Til liðs við sjálfstæðismenn í þessu verki komu menn úr verkalýðsflokkunum, sem andstæðir voru efnahagslöggjöfinni.

Nú eru afleiðingarnar af þessum verkum komnar í ljós. Þeim afleiðingum lýsa núverandi stjórnarflokkar í grg. með frv. um breyt. á l. um útflutningssjóð, sem hæstv. ríkisstj. flytur, m. a. þannig orðrétt:

„Á vegum fyrrv. ríkisstj. var í októbermánuði s. l. gerð athugun á því, hver áhrif þær hækkanir grunnkaups og kaupgreiðslu skv. vísitölu, sem átt höfðu sér stað, síðan lögin um útflutningssjóð voru sett, hefðu haft á rekstrarkostnað útflutningsatvinnuveganna. Þessar hækkanir kaupgjalds voru, eins og kunnugt er, 10.7% umfram það, sem útflutn-

ingssjóðslögin höfðu gert ráð fyrir, að því er verkamenn snerti, og 7.1% að því er flestar aðrar starfsgreinar snerti. Niðurstöður þessarar athugunar voru þær, að af völdum kauphækkananna væri rekstrarkostnaður útflutningsatvinnuveganna orðinn um 6% hærri en sá kostnaður, sem bætur útflutningssjóðslaganna voru miðaðar við, og til þess að jafna metin mundi þurfa nýja hækkun bóta að upphæð um 105 millj. kr. Þessar áætlanir voru miðaðar við kaupgreiðsluvísitölu 185 og byggðust enn fremur á þeirri forsendu, að skiptaverð á fiski til bátasjómanna hækkaði ekki meir en kaupgjald verkamanna hafði hækkað, eftir að útflutningssjóðslögin höfðu verið sett."

Hér við bætist, að samkv. niðurstöðum sérstakrar athugunar á einstökum greinum framleiðslunnar, sem hæstv. núv. ríkisstj. hefur haft til athugunar, og samkv. samningum, sem ríkisstj. hefur gert við útvegsmenn og sjómenn, hækkar sú fjárhæð, sem óhjákvæmilegt er vegna kauphækkananna s. l. sumar að færa til atvinnuveganna, eins og skýrt er í grg. frv., úr 105 millj. kr. í 159 millj., miðað við kaupgreiðsluvísitölu 185 stig. Vegna hinna almennu launahækkana hafa til samræmis verið ákveðnar nokkrar uppbætur á laun opinberra starfsmanna, og mun það hækka útgjöld ríkissjóðs á þessu ári um 30—40 millj. kr.

Vegna þeirrar þróunar í kaupgjaldsmálum, sem átti sér stað s. l. sumar, þarf nú að glíma við hækkun útgjalda hjá útflutningssjóði og ríkissjóði, sem nema mundi samtals eigi fjarri 300 millj. kr., miðað við kaupgreiðsluvísitölu 185 stig. Þetta vandamál lá fyrir þegar í haust. Fyrrv. ríkisstj. vildi hafa samráð við stéttasamtökin um lausn málsins. Niðurstaðan varð sú, að Alþýðusambandsþingið neitaði fyrir sitt leyti að fallast á niðurfærslu, þannig að launþegar og framleiðendur féllu frá verðlagsuppbót, sem samsvaraði nokkrum vísitölustigum, sem þá voru ekki farin að hafa áhrif á kaupgjald og verðlag. Var þá talað um, að fulltrúar á Alþýðusambandsþingi hefðu ekki umboð til slíkrar ráðstöfunar. Þetta gerði málið lítt viðráðanlegt, ef leysa átti það svo, að gagn yrði að til frambúðar, eins og marka má af þeim tölum, sem fyrir liggja, og leiddi til þess, að fyrrv. ríkisstj. sagði af sér.

Allan þann tíma, sem vinstri stjórnin sat að völdum, var framkoma Sjálfstfl. í efnahagsmálum lík því, sem vitur maður kvað um einn forustumann norrænan:

„Þjóðin það í hegðun Haralds finnur
helzt, að kræki vill hann leynigötur."

Sjálfstfl. var á móti löggjöfinni um framleiðslusjóð og síðar andvígur löggjöfinni um útflutningssjóð, bar þó ekki fram sjálfstæðar tillögur í efnahagsmálum, en af hálfu flokksins var opinberlega viðurkennt, að það hefði þurft að gera eitthvað svipað því, sem gert var. Sjálfstfl. hvatti í blöðum sínum og á annan hátt til kauphækkana, en hélt jafnframt uppi lýðskrumi og reyndi að telja þjóðinni trú um, að hann hefði næg úrræði og góð til að leysa vanda efnahagsmálanna, ef hann fengi aukin völd. Eftir að stjórn Hermanns Jónassonar fór frá völdum og forseti Íslands hafði falið Ólafi Thors að gera tilraun til stjórnarmyndunar, neyddist Sjálfstfl. til að hætta í bili að krækja leynigötur í sambandi við efnahagsmálin og koma um stund út á alfaraveg.

Hinn 19. des. s. l. birtust í Morgunblaðinu till. Sjálfstfl. í efnahagsmálum undir fyrirsögninni: „Sjálfstæðisflokkurinn markar viðreisnarstefnu." Þar er veigamesta atriðið og það, sem fyrst átti að koma til framkvæmda, þetta: „Launþegar afsali sér 6% af grunnkaupi sínu, og verð landbúnaðarvara breytist vegna hliðstæðrar lækkunar á kaupi bóndans og öðrum vinnutilkostnaði við landbúnaðarframleiðsluna. Þó verði grunnlaun engrar stéttar lægri en þau voru, þegar efnahagsráðstafanir ríkisstj. tóku gildi á síðastliðnu sumri." Þannig er þá aðalatriðið í svokallaðri viðreisnarstefnu Sjálfstfl.

Það er eftirtektarvert í þessu sambandi, að kaupgjaldið má vera, að dómi Sjálfstfl., eins og það var ákveðið, þegar efnahagsráðstafanir fyrrv. ríkisstj. tóku gildi s. l. vor. En Sjálfstfl. krefst þess nú, að almenningur í landinu afsali sér hluta af kaupi sínu, og lætur nærri, að sá hluti samsvari þeirri kauphækkun, er sjálfstæðismenn og fleiri unnu að og hvöttu til að knúin yrði fram á s. l. sumri.

Það er meginefni frv. þess um niðurfærslu verðlags og launa, sem hér er til umr. og flutt er af hæstv. ríkisstj., að frá 1. febr. n. k. skuli greiða verðlagsuppbót á laun og allar aðrar greiðslur, er fylgja kaupgreiðsluvísitölu, samkv. vísitölu 175 stig. Á bótaupphæðir skv. l. um almannatryggingar skal þó á sama tíma greiða verðlagsuppbót skv. vísitölu 185 stig. Hliðstæð lækkun á að verða skv. frv. á landbúnaðarafurðum, fiskverði og ýmiss konar þjónustu. Ákvæðið um kaupgjaldsvísitölu 175 er við það miðað, að launþegar, bændur og aðrir afsali sér af tekjum sínum sem svarar til 10 vísitölustiga, en talið er, að það jafngildi 5.4% af núgildandi kaupi eða tekjum. Með þessu, ef lögfest verður, hyggst hæstv. ríkisstj. að koma fram lækkun á nauðsynlegum bótum til atvinnuveganna, sem framleiða til útflutnings, er nemur rúmum 80 millj. kr., frá því, sem ella mundi.

Margur mun spyrja: Hvernig er því varið með þá stuðningsmenn hæstv. ríkisstj., sem í nóv. s. l. sögðu, að þá vantaði umboð til að mæla með því, að launþegar gæfu eftir af verðlagsuppbót sem samsvaraði nokkrum vísitölustigum? Hver hefur síðan þá veitt þeim mönnum umboð til að styðja lagasetningu um þetta efni? — Nú liggur það ljóst fyrir, að meiri hluti stjórnar Alþýðusambands Íslands er andvígur hæstv. ríkisstj. í þessu máli.

En þó að menn spyrji um þennan þátt málsins, liggja ýmsir aðrir þættir þess ljóst fyrir. Þetta frv. sýnir, að forsendur fyrir efnahagsráðstöfunum fyrrv. ríkisstj. voru réttar og að þeir, sem á síðasta þingi samþykktu lögin um útflutningssjóð, sögðu þjóðinni satt. Með þessu frv. segja sjálfstæðismenn og aðrir, sem beittu sér fyrir kauphækkunum í sumar, en styðja nú þetta mál, raunverulega um sjálfa sig: Ef

þjóðin hefði ekki tekið mark á okkur í sumar, væri nú engra sérstakra ráðstafana þörf í efnahagsmálum. — Þetta frv. er raunverulega reikningur til þjóðarinnar, þar sem þess er krafizt, að kauphækkununum frá síðasta ári sé skilað aftur.

Í þessu frv. er ákvæði um það, að 1. marz 1959 skuli taka gildi nýr grundvöllur vísitölu framfærslukostnaðar í Reykjavík skv. niðurstöðum neyzlurannsóknar þeirrar, er kauplagsnefnd hefur framkvæmt í samráði við hagstofuna. Skal útgjaldaupphæð hins nýja vísitölugrundvallar 1. marz 1959 vera sú grunnupphæð, er síðari breytingar á vísitölu miðast við, og jafngildi því grunntölu 100.

Það mundu flestum þykja sjálfsagðar leikreglur, að keppinautar standi jafnt að vígi, þegar keppni er hafin. Það virðist jafnsjálfsagt mál og réttmætt í sambandi við hagsmunabaráttu stéttanna, að hlutur þeirra stétta, sem eiga að búa við sambærileg kjör, sé gerður sem jafnastur, um leið og lagður er grundvöllur að nýrri vísitölu. Þessa er ekki að öllu leyti gætt í þessu frv. Hækka þarf laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvellinum um 3.3%, svo að vinnuliður hans sé í samræmi við hækkun þá, er varð á tímakaupi í almennri verkamannavinnu í Reykjavík frá 1. sept. 1957 til 23. sept. 1959. Samkv. frv. skal frá 1. maí 1959 skiptaverð á fiski til bátasjómanna og fiskverð það, sem aflaverðlaun togarasjómanna miðast við, hækka í samræmi við þá verðlagsuppbót, sem kann að verða greidd á laun á hverjum tíma. En skv. frv. eiga bændur því aðeins að fá hliðstæða hækkun, að kaupgreiðsluvísitala sú, sem gildir frá byrjun þess tímabils, sem miðað er við, sé minnst 5 stigum hærri en sú vísitala, sem afurðaverð var síðast ákveðið eftir. Í frv. var ekki gert ráð fyrir, að framleiðsluráði landbúnaðarins yrði heimilt að hækka afurðaverð til framleiðenda sem svaraði til þess, að laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara yrðu færð til samræmis við þá hækkun, sem kynni að hafa orðið á grunnkaupi í almennri verkamannavinnu í Reykjavík á undangengnu 3 mánaða tímabili. Þetta hefur nú verið leiðrétt, og ákvæðið um, að vísitala þurfi að hækka um 5 stig, til þess að það valdi breytingum á afurðaverði, hefur verið lagfært að nokkru leyti. Framsóknarfl. mun beita sér fyrir því, að ósamræmið verði að fullu leiðrétt við meðferð málsins.

Þrátt fyrir þá lækkun á bótum til útflutningsatvinnuveganna, sem leiða mun af samþykkt þessa frv., frá því sem ella mundi, mun vanta mikið fé í útflutningssjóð. Það er langt frá því, að vandinn sé leystur með þessu frv. Hæstv. ríkisstj. áætlar sjálf, að útflutningssjóð muni skorta um 150 millj. kr., til þess að afkoma hans á þessu ári sé sæmilega trygg. Í þessari áætlun munu þó ekki öll kurl vera komin til grafar. Eftir því sem ráða má af umræðum, mun helzt vera fyrirhugað af núv. stjórnarflokkum að mæta þessum halla þannig, að láta greiðsluafgang ríkissjóðs frá síðasta ári renna í verðbólguhítina, en verja því fé ekki til stuðnings framkvæmdum, að lækka útgjöld fjárlaga frá því, sem lagt er til í fjárlagafrv., um nokkra milljónatugi, — ef það verður samþykkt, mun af því leiða samdrátt verklegra framkvæmda úti um land, — að hækka stórkostlega tekjuáætlun fjárlagafrv., þó að það geti þýtt raunverulegan tekjuhalla á fjárlögum fyrir þetta ár. Allt er þetta beinlínis miðað við, að núv. stjórnarfl. geti tekizt að fleyta efnahagsmálum þjóðarinnar nokkra mánuði, meðan barizt verður í tvennum kosningum. Til þess á að lækka framlög til verklegra framkvæmda, en eyða því fé, sem fáanlegt er, í verðbólguhítina.

Öll þessi málsmeðferð er liður í miklu stærri áætlun. Það er yfirlýst stefna ríkisstj. og þeirra flokka, sem hana styðja, að koma á gerbreytingum á kjördæmaskipun landsins, þannig að leggja niður öll núverandi kjördæmi nema eitt. Það á að gera með snöggu átaki á næsta sumri. Núv. kjördæmaskipun er í meginatriðum af fornum rótum runnin. Þegar Alþ. var endurreist, var þeirri meginstefnu fylgt, að sýslurnar mynduðu kjördæmi. Héruðin hvert um sig eiga sögulegan rétt, alveg eins og íslenzka þjóðfélagið í heild. En hinn sögulegi réttur hefur jafnan dugað íslenzku þjóðinni bezt í frelsisbaráttu hennar. Þeir flokkar, sem styðja núv. ríkisstj., telja það helzt að í hinu íslenzka þjóðfélagi, að sjálfstæði héraðanna sé of mikið og íbúar úti um landsbyggðina hafi of mikinn rétt, enda er kjördæmabreytingin aðaláhugamál þeirra. Um þessar fyrirætlanir stjórnarflokkanna gagnvart fólkinu úti um land eiga við orð húsfreyjunnar á Bergþórshvoli, er hún mælti til sona sinna: „Gjafir eru yður gefnar, og verðið þér litlir drengir, ef þér launið engu.“ Kjósendur munu fá tækifæri til þess á næsta vori að sýna, hvernig þeir taka á móti gjöfum núv. stjórnarflokka.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Þegar samstarf um fyrrv. stjórn slitnaði, stakk Framsfl. upp á því, að mynduð yrði þjóðstjórn um efnahagsmálin og landhelgismálið og sú stjórn gerði tilraunir til að ná samkomulagi um nýja kjördæmaskipun. Á þetta vildi núv. forsrh., sem þá hafði með höndum tilraunir til stjórnarmyndunar, alls ekki hlusta. Og ástæðan var sú, að þetta kom ekki heim við áætlanir Sjálfstfl., en Sjálfstfl. vildi ekki eiga þátt í nokkru starfi, nema tryggt væri, að kosningar færu fram strax í vor og kjördæmaskipuninni yrði breytt á þann hátt, sem flokkurinn vildi, þ. e. a. s. öll kjördæmi utan Reykjavíkur afnumin og sett upp örfá stór kjördæmi með hlutfallskosningum. Þessi afstaða Sjálfstfl. hefur mótað meðferð málanna, síðan vinstri stjórninni var sundrað, og á henni byggð sú furðulega stjórnarmyndun, sem nú hefur átt sér stað.

Þessi hernaðaráætlun Sjálfstfl. byggist alveg tvímælalaust fyrst og fremst á þrennu. Í fyrsta lagi telja þeir og það ekki að ástæðulausu, að eftir því sem kosningar dragist lengur, komi það skýrar í ljós, að þeir hafi ekki á boðstólum nein úrræði í efnahagsmálum, sem þoli

nokkurn minnsta samanburð við lýðskrumsáróður þeirra í stjórnarandstöðunni. Þeim mun finnast, að tillaga sú um 6% almenna lækkun kaupgjalds og verðlags, sem þeir hafa neyðzt til að gera, sé alveg nægilegt jarðarmen að ganga undir fyrir kosningar, þótt eigi bætist fleiri slík við hvert af öðru, sem hlyti að verða, ef lengur drægist að halda kosningarnar og afstöðu þyrfti að taka til úrlausnar í fleiri þáttum þjóðarbúskaparins. Í öðru lagi: Sjálfstæðismenn hafa nú lýst því yfir, að þeir ætli að láta koma til framkvæmda þá áætlun um afnám kjördæmanna, sem þeir hafa lengi legið með og ætluðu að koma í framkvæmd 1931, en urðu þá að hætta við, þar sem nægilega mikill hluti þjóðarinnar reis í móti. Er þeim ljóst, að vonlaust mundi að koma slíku fram, ef menn fengju fullt ráðrúm til þess að átta sig, svo að missirum skipti. Í þriðja lagi hafa foringjaráð sjálfstæðismanna, hægri öfl Alþfl. og Þjóðviljamenn í Alþb. gengið með þær hugmyndir undanfarið um efnahagsmálin, að höfuðmeinsemdin væri of mikill fjáraustur í framkvæmdir víðs vegar um landið og að það væri óhugsandi að leysa þau öðruvísi en á kostnað framkvæmdanna í landinu. Þessa hugmynd telja sjálfstæðismenn á hinn bóginn ekki framkvæmanlega, nema búið sé að minnka aðhaldið utan af landi með því að gerbreyta kjördæmaskipuninni og leysa þingmennina með því úr þeim nánu tengslum, sem þeir hafa nú við fólkið í þessum byggðarlögum, og þar með undan því aðhaldi, sem þessi tengsl veita.

Þessum síðasta lið í áætluninni munu sjálfstæðismenn hafa áhuga fyrir að leyna fyrst um sinn og tala um hann með þokukenndum orðum, eins og t. d. að endurskoða stefnuna í fjárfestingarmálum og annað því líkt. En kommúnistar og hægra lið Alþfl. tala ekkert tæpitungumál um þessi efni og hafa undanfarið haft beinar till. uppi um að skera niður fjárframlög til framkvæmdanna. Sjálfstæðismenn munu á hinn bóginn væntanlega leika þennan leik þannig að samþykkja ekki niðurskurð fyrir kosningar. Er það í samræmi við þann lið áætlunarinnar, að slíkt sé ekki mögulegt að gera, fyrr en búið sé að breyta kjördæmunum.

Þessi áætlun um nýja stefnu í efnahagsmálunum, sem byggð sé á nýrri stjórnarskipun, þar sem höfuðatriðið er að breyta stefnunni í fjárfestingarmálunum til óhags fyrir landsbyggðina til sjávar og sveita, mun verða til hreins ófarnaðar fyrir þjóðina, ef hún nær fram að ganga, og það ekkert síður fyrir íbúa fjölmennustu byggðarlaganna, svo sem höfuðborgarinnar, en aðra landsmenn. Hin mikla velmegun í Reykjavík undanfarið hefur einmitt að mjög verulegu leyti byggzt á því, að með skynsamlegri fjárfestingarpólitík víðs vegar um land, sem hefur stóraukið framleiðslu og atvinnu hvarvetna við sjó og í sveit, hefur straumurinn til höfuðborgarinnar minnkað, framkvæmdamálefni hennar orðið viðráðanlegri á alla lund en áður var og atvinnuástandið verið betra en nokkru sinni fyrr. Allt byggist þetta beinlínis á þeirri jafnvægisstefnu í efnahagsmálum, sem framfylgt hefur verið.

Margir eru meira en lítið undrandi á því, að Alþfl. skuli hafa orðið til þess að mynda ríkisstj. til að koma þessari áætlun Sjálfstfl. í framkvæmd. Margir eiga erfitt með að skilja þetta. Augljóst er, að hægri öfl Alþfl. hafa alveg tekið stjórnina þar, þau öfl, sem raunverulega hafa alltaf staðið á móti efnahagsmálastefnu fyrrv. stjórnar, jafnvægisstefnu í fjárfestingarmálum. Með þessu hefur Alþfl. rofið umbótabandalagið. Voru þeir þó vægast sagt ekki kosnir á þing til þess að kljúfa það og mynda stjórnarsamstarf til þess að leggja niður þau kjördæmi, sem þeir voru kosnir fyrir. Alþfl. gat engu tapað í kjördæmamálinu, þótt það væri ekki afgreitt fyrr en í lok kjörtímabilsins. Framsfl. var reiðubúinn að ganga inn á þá málamiðlun í kjördæmamálinu að fjölga kjördæmakosnum þm. í þeim héruðum, þar sem fólksfjölgun hefur orðið mest. Það rak því enginn nauður Alþfl. né aðra til þess að leggja út í þetta ævintýri, sem nú er fyrirhugað með Sjálfstfl.

Engar líkur eru til þess, að stjórnarflokkarnir ráði nokkurn skapaðan hlut við efnahagsmálin, enda munu þeir fullkomlega ætla sér að láta reka á reiðanum eins og með þarf, á meðan þeir koma öðrum áformum sínum í framkvæmd. Samkvæmt þeirra eigin útreikningum vantar 170—180 millj. kr. í útflutningssjóðinn, miðað við, að 10 stiga lækkunin verði samþykkt, og eru þó ekki nærri öll kurl komin til grafar. Það er talað um að mæta þessu með hækkaðri tekjuáætlun og niðurskurði á fjárlögum og með því að éta upp nokkurn greiðsluafgang, sem hefur orðið á síðasta ári. Allar svífa þessar fyrirætlanir fullkomlega í lausu lofti, og þykjast stjórnarflokkarnir ekki hafa haft tíma til þess að átta sig á því, hvort þetta muni einu sinni vera hægt, og þykjast ekkert vita, hvaða skoðun þeir geti að lokum sameiginlega haft um afgreiðslu þessara mála.

Sjálfstfl., aðalstjórnarfl., er í þessu sambandi nú undanfarið stundum að tala um slæman viðskilnað fyrrv. stjórnar og vanskilavíxla og fleira í því sambandi. Síðan hv. 1. þm. Reykv., Bjarni Benediktsson, fékk aðgang að stjórnarráðinu bakdyramegin, hefur hann verið að leita að þessum vanskilareikningum, en hann hefur bara enga slíka vanskilareikninga fundið. Þess í stað hefur hann fundið afgang hjá ríkissjóði og að því er manni skilst afgang hjá útflutningssjóði. Og nú síðast hefur stjórnarliðið farið í fiskhúsin og uppgötvað, að meira sé til af fiski en vant er, á því megi eitthvað lifa. Nú horfa þessi mál því þannig, að hallabandalagið hefur helzt uppi áætlanir um að lifa á því að éta upp þessa afganga, sem fyrrv. ríkisstj. skildi eftir í stað vanskilareikninganna, sem ekki hafa fundizt, og svo fiskbirgðirnar, sem fyrir voru í landinu við stjórnarskiptin. Allt á að éta upp til þess að halda hallabandalaginu á floti í nokkra mánuði, en stefna þó í botn-

laust skuldafen. Á eftir á svo að skera niður framkvæmdirnar og taka upp „nýja fjárfestingarstefnu“, eða „skipulag á þjóðarbúskapnum“, eins og það heitir á máli þeirra, sem í þessa átt stefna, allt eftir því, hvar þeir standa að öðru leyti. Margvíslegum málflutningi er haldið uppi til þess að undirbúa hina nýju fjárfestingarstefnu. Æðisgengnar árásir með dylgjum út af framlögum af lánsfé og með öðru móti til margvíslegra framkvæmda úti um land í gegnum ræktunarsjóð, fiskveiðasjóð, raforkuáætlunina og aðra slíka liði, sem þýðingarmestir hafa verið og mest lyftistöng þeirra framfara, sem orðið hafa. Dylgjur eru byrjaðar út af stuðningi við togaraútgerð úti um land af atvinnuaukningarfé o. s. frv., o. s. frv. Allt er þetta undirbúningur að því, sem koma skal, ef þessi öfl fá vilja sinn. En gamalt máltæki segir: Ekki er sopið kálið, þótt í ausuna sé komið.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Við heyrðum af orðum hv. 1. þm. S-M., Eysteins Jónssonar, að honum var allmikið niðri fyrir. Hvort hann hefur með mælgi sinni gagnað flokknum á þann veg, sem hann býst við, skal ég ekki segja, en við, sem erum hér í þingsalnum, sáum, að honum var mjög annt um að komast í ræðustólinn, því að rétt áður en hv. þm. A-Sk., Páll Þorsteinsson, hvarf þaðan, fór hv. þm. S-M. með miða og afhenti honum, og er enginn vafi á, að hann átti að tákna, að nú var röðin komin að því, að hann átti að þagna, en hinn að taka til máls.

Með frv. þessu er ætlunin að gera hina fyrstu af þeim raunhæfu ráðstöfunum, sem fyrrv. hæstv. forsrh., Hermann Jónasson, lýsti í uppgjafarræðu sinni hér á Alþingi hinn 4. des. s. l. að láðst hefði að gera við setningu efnahagslaganna á s. l. vori. Eins og kunnugt er, var sú löggjöf, sem í háði hefur hlotið heitið „bjargráðin“ meðal almennings, sett til að útvega fé, bæði til að geta staðið undir útgjöldum fjárlaga og til efnda á loforðum um útflutningsbætur, sem atvinnurekendum höfðu verið gefin nær hálfu ári fyrr, þ. e. a. s. um áramótin 1957 og 1958. Þegar þau loforð voru gefin, hafði þáverandi ríkisstjórn ekki komið sér saman um, hvernig afla skyldi fjár til að standa við þau, né heldur til að afgreiða fjárlög tekjuhallalaus. Fjárlagaafgreiðslan fyrir árið 1958 var með þeim frumlega hætti, að nokkur hluti vitaðra útgjalda var hreinlega tekinn út af frv. og þar með látið svo sem tekjuhallinn væri úr sögunni. Þáv. ríkisstj. hafði vafalaust í huga að bæta úr þessu, tryggja tekjur handa útflutningssjóði og jafna fjárlögin. En vangaveltur um aðferðina til þess tóku nærri fimm mánuði. Kunnugir segja, að allan þann tíma hafi verið stjórnarkreppa hvern einasta dag, svo að enginn ráðherranna vissi að morgni, hvort stjórnin hjarði til kvölds. Loks var svo látið heita í mailok sem samkomulag væri komið á og bjargráðin lögfest.

Með þeim ráðstöfunum var að vísu mikilla tekna aflað, svo mikilla, að sumir hinna fyrrv. ráðherra segja, að greiðsluafgangur ríkissjóðs 1958 hafi orðið milli 60 og 70 millj. kr., auk þess sem vegna þeirrar skattheimtu hafi einhverjum áskotnazt þar fyrir utan 63 millj. kr., sem ríkisstj. ráðstafaði á banadægri sínu með meirihlutaatkv. gegn atkv. minni hlutans og án þess að bera málið undir Alþingi. Er öflun þeirrar fjárhæðar og ráðstöfun hennar rannsóknarefni fyrir sig, sem ekki verður látið niður falla. Með bjargráðunum var sem sagt mikilla tekna aflað, en á þann veg, að ljóst var, að verðbólga hlyti stórlega að aukast, ef ekki væri að gert, en verðbólguvöxturinn var einmitt sá vandi, sem við var að etja. Bjargráðin voru sett til að reyna að ráða við hann, svo úr því að árangurinn varð sá, að verðbólgan jókst í stað þess að minnka, var bersýnilega meira en lítið varhugavert við þær ákvarðanir, sem þá voru teknar. Dæmi þessa er það, sem hv. 2. þm. S-M., Lúðvík Jósefsson, skýrði frá á Alþingi í gær, að ríkissjóður hefði orðið að greiða nýlega rúmlega 800 þús. kr. vanskilaskuld togarans Gerpis, sem beinlínis væri til orðin vegna yfirfærslugjaldsins, sem lögleitt var með bjargráðunum.

Af ræðu hv. þm. A-Sk., Páls Þorsteinssonar, var ljóst, að jafnvel þeir, sem dyggastir eru í þjónustunni, eru farnir að gera sér grein fyrir, að töluvert skortir á um fullkomleik bjargráðanna. Sama játningin um botnleysi þeirra kom fram hjá hv. þm. Str., Hermanni Jónassyni, í uppgjafarræðunni hinn 4. des. s. l., þegar hann sagði: „Í ríkisstjórninni er ekki samstaða um nein úrræði í þessum málum, sem að mínu áliti geti stöðvað hina háskalegu verðbólguþróun, sem verður óviðráðanleg, ef ekki næst samkomulag um þær raunhæfu ráðstafanir, sem lýst var yfir að gera þyrfti, þegar efnahagsfrv. ríkisstjórnarinnar var lagt fyrir Alþingi á s. l. vori.“ Þetta var úr uppgjafarræðunni.

En það voru ekki aðeins hinir gífurlegu skattar, sem settir voru með bjargráðunum, sem hlutu að auka vöxt verðbólgunnar, úr því að ekki var að gert, heldur var einnig með þeim lögboðin grunnkaupshækkun. Þar sem bjargráðin voru einmitt sett af því, að kaup í landinu var þegar orðið of hátt, var það auðvitað algert öfugmæli, einungis sett til að villa um fyrir mönnum, að lögskipa í þeim sjálfum nýja grunnkaupshækkun. Þó að ótrúlegt megi virðast, mun tilætlunin með þessu hafa verið sú að draga úr frekari hækkunum. Árangurinn varð, svo sem sjá mátti fyrir, þveröfugur, enda höfðu stjórnarliðar sjálfir forustu um kauphækkanir, sem í kjölfarið sigldu. Öll stjórnarblöðin, Tíminn t. d. hinn 27. júní, mæltu með frekari kauphækkunum til fyrstu félaganna, sem kröfu gerðu um hækkanir eftir setningu bjargráðanna.

Þá er kunnari en frá þurfi að segja ályktunin, sem bæjarfulltrúi Framsfl., deildarstjóri í fjmrn., bar fram í bæjarstjórn Reykjavíkur hinn 18. sept. s. l. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Bæjarstjórn þakkar verkamannafélaginu Dagsbrún þjóðholla afstöðu að undanförnu í

efnahagsmálum þjóðarinnar. Jafnframt ályktar bæjarstjórn, að brýna nauðsyn beri til að hindra, að til vinnustöðvunar komi hjá bænum og bæjarstofnunum í vinnudeilu þeirri, sem fram undan er milli verkamannafélagsins Dagsbrúnar og atvinnurekenda, og felur því borgarstjóra að undirrita samninga við Dagsbrún í meginatriðum á grundvelli þeirra krafna, er félagið hefur lagt fram.“

Þannig hljóðaði þessi fræga ályktun.

Eins og tíðkast í vinnudeilum, voru kröfurnar í meginatriðum miklu hærri en ætlunin var að knýja fram. Raunin varð og sú, að örfáum dögum síðar samþykktu Dagsbrúnarmenn sjálfir miklu lægra kaup en bæjarfulltrúi Framsóknar hafði krafizt að umsvifalaust væri gengið að. Þá er það vitað, að kommúnistar, Moskvu-kommúnistar, sem Tíminn svo kallar þessa dagana, eru allsráðandi í Dagsbrún. Um þessar mundir eiga framsóknarmenn ekki nógu hörð orð til fordæmingar þeim mönnum. En það er ekki lengra síðan en í miðjum september, að þeir sendu fulltrúa sinn til að þakka þeim þjóðholla afstöðu. Er sú framkoma raunar í fullu samræmi við það, að einmitt S. Í. S., Samband ísl. samvinnufélaga, þar sem Eysteinn Jónsson, hæstv. fyrrv. fjmrh., er varaformaður, var sú stofnun, er beitti sér fyrir að brjóta niður eina varnargarðinn, sem fyrrv. ríkisstj. reyndi að reisa gegn verðbólgunni, það eru kaupfestingarlögin frá því í ágúst 1956. Á meðan þau lög voru í gildi, veitti S. Í. S. starfsmönnum sínum 8% kauphækkun og gerði þar með mun erfiðara fyrir aðra að standa á móti kauphækkunum. Sú afsökun, sem nú er borin fram, að þar hafi einungis verið um samræmingu að ræða, er haldlaus, því að svo er sagt um hverja einustu kauphækkun.

Tveir voru þeir hópar, sem framsóknarmenn og kommúnistar hafa í sameiningu fyrr og síðar sýnt fullkominn fjandskap í kaupdeilum. Þegar Iðjufólk, sem eftir langvarandi yfirráð kommúnista í félaginu var um margt verr stætt en aðrir, fékk nokkra leiðréttingu mála sinna vorið 1957, þá snerust bæði framsóknarmenn og kommúnistar gegn þeirri leiðréttingu af miklu offorsi og vitna enn til hennar sem einstæðs hneykslis. Þannig var umhyggjan fyrir þeim, sem lægst kaupið höfðu. Annar hópur, sem varð fyrir barðinu á stjórnarvöldunum, voru farmenn. Þeir töldu sérstaklega á sig hallað í bjargráðunum og reistu kröfu á þeim grundvelli. Sérfræðingur ríkisstj. í efnahagsmálum, Jónas Haralz, gaf þá yfirlýsingu um, að farmenn hefðu orðið verr úti en aðrir vegna þessarar löggjafar. Eftir það treysti stjórnin sér ekki til að halda í ranglætið og heimilaði hækkun á farmgjöldum til að gera mögulegt, að farmenn gætu fengið hlut sinn réttan. En af einhverjum ástæðum bannaði ríkisstj. algerlega, að birt væri tilkynning sérfræðingsins um, af hverju hækkunin væri nauðsynleg. Sú tilkynning var þó bezta vörnin gegn því, að aðrir reistu kröfur á þeim grundvelli, að fordæmi hefði verið skapað með leiðréttingum til handa farmönnum. En í þessu sem fleiru var svo að sjá sem hæstv. fyrrv. ríkisstj. gerði sér ekki grein fyrir afleiðingum verka sinna.

Eins og af þessu yfirliti sést, hafa á valdaárum fyrrv. hæstv. ríkisstj. sífelldar kauphækkanir og stórkostlegar álögur lagzt á eitt um að auka verðbólguvöxtinn. Gegn þessu voru engar raunhæfar ráðstafanir gerðar af hálfu ríkisstj., eftir að kaupbindingarlögin féllu úr gildi í árslok 1956. Það var því orð að sönnu, sem hæstv. forsrh., Hermann Jónasson, sagði í uppgjafarræðunni: „Í ríkisstj. er ekki samstaða um nein úrræði í þessum málum.“ Um ástæðurnar fyrir því ósamkomulagi skal ég ekki fjölyrða. Málflutningur framsóknarmanna og kommúnista skýrir þær betur en mér vinnst tími til.

Framsóknarmenn telja, að óhæfilegar kauphækkanir eigi fyrst og fremst sök á verðbólguþróuninni. Vissulega er margt, sem þeir segja um hættuna af kauphækkunum umfram getu atvinnuveganna, alveg rétt. En við þá eiga orð séra Hallgríms, þegar hann sagði:

„Þetta, sem helzt nú varast vann,
varð þó að koma yfir hann.“

Framsóknarmenn og þá ekki sízt hv. 1. þm. S-M., Eysteinn Jónsson, hafa með atferli sínu allra manna mest ýtt undir örar og óheilbrigðar kauphækkanir hér á landi síðustu árin.

Á sama veg er um kommúnista. Ýmislegt, sem þeir segja um hættuna, sem stafar af ofboðslegri fjárheimt ríkisins, er rétt. Enginn efi er á því, að svo gífurleg skattheimta sem gerir mögulegt, að þrátt fyrir óstöðvandi eyðslu sé nú tekjuafgangur 1958 60—70 millj. kr., að viðbættum 63 millj. kr., sem áskotnuðust vegna bjargráðanna, — slíkar skefjalausar álögur hljóta mjög að ýta undir verðbólguvöxtinn. Hæstv. forsrh., Emil Jónsson, hefur og upplýst, að tekjurnar á fjárlagafrv. fyrir árið 1959 séu vantaldar að mati sérfræðinga í fjmrn. um 83 millj. kr. Hnígur það að hinu sama, að úr hófi er farið um skattheimtuna, og bætir það ekki úr skák, að reynt hefur verið að halda svo stórfelldum fjárhæðum leyndum fyrir Alþingi. Er það í senn vitni ótrúlegrar óreiðu og vilja til að draga fjárveitingavaldið úr höndum Alþingis. Hitt er rétt, sem hv. 1. þm. S-M., Eysteinn Jónsson, hefur haldið fram, að engir hafi verið frekari í fjárkröfum en einmitt kommúnistar, og þess vegna situr ekki á þeim að saka aðra. En það er önnur saga.

Nú verðum við að taka afleiðingum þess, sem orðið er fyrir tilverknað þessarar þokkalegu samfylkingar. Hæstv. fyrrv. forsrh., Hermann Jónasson, lýsti ástandinu í uppgjafarræðu sinni hinn 4. des. svo: „Ný verðbólgualda er skollin yfir.“ Og þrátt fyrir alla skattheimtuna og milljónatugina eða hundruðin, sem komu í leitirnar, sagði 1. þm. S-M. hinn 23. jan., að við blöstu tómir sjóðir, missir fjölda manns á íbúðum sínum og botnlaus verðbólguhít. Þannig var ástandið, þegar hann hvarf frá völdum, og því miður er ekkert ofmælt í lýsingum þeirra flokksbræðranna Hermanns Jónassonar og Eysteins Jónssonar.

Sérfræðingur ríkisstj. í efnahagsmálum, Jónas Haralz, hefur sannað, að þar sem verðbólgan hefur að meðaltali á ári vaxið um 10% frá árinu 1946 fram á 1958, þá er nú fyrirsjáanlegt, að vöxturinn verður 20—30% árlega og sennilega meiri. Hann telur, að næsta haust komist vísitalan upp í 270 stig, og hv. 9. landsk. þm., prófessor Ólafur Björnsson, hefur sýnt fram á, að eftir 1½ ár muni hún verða 400 stig, ef ekki verða gerðar gagnráðstafanir. Almenningur *finnur og af eigin* útgjöldum, hversu þróunin er orðin geigvænleg. Niðurgreiðslur hæstv. núv. ríkisstj. um áramótin hafa að vísu nokkuð dregið úr ofurþunga útgjaldanna, en þar er um ráðstöfun að ræða, sem senn segir til sín í lækkaðri vísitölu og þar með kaupgjaldi.

Hæstv. fyrrv. stjórn færir sér það til afsökunar fyrir því, að hún hafi ekki gert hinar raunhæfu ráðstafanir, sem hún vissi að gera þurfti í sambandi við bjargráðin á s. l. vori, að það væri vegna þess, að hún vildi hafa samráð við stéttasamtökin. Raunin varð og sú, að ríkisstj. beið eftir Alþýðusambandsþingi. Það var haldið síðustu vikuna í nóvember. En voru nokkrar raunhæfar tillögur lagðar fyrir það þing? Nei, síður en svo. Hæstv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, hefur upplýst, að framsóknarmenn hafi lagt tillögur sínar í efnahagsmálum fram á ríkisstjórnarfundi hinn 17. nóv. Síðustu daga í nóvember höfðu ráðherrar kommúnista einnig lagt tillögur sínar fyrir ríkisstj., en hvorki framsóknarmenn né kommúnistar báru þessar tillögur undir Alþýðusambandsþing, þó að þeim hefði verið það í lófa lagið. Í stað þess fór hæstv. fyrrv. forsrh., Hermann *Jónasson*, á Alþýðusambandsþing og bað þar um frest, sem auðsjáanlega var fyrst og fremst og raunar eingöngu miðaður við það, að sjálft Alþýðusambandsþingið tæki enga málefnaafstöðu til þessa vandamáls, heldur yrði við það látið sitja að veita einhverjum umboð, sem síðan gætu ráðið málunum til lykta að eigin vild. Frestinum var neitað. Sjálft fékk Alþýðusambandsþing ekki neitt færi á því að taka efnislega ákvörðun um málið. Að vísu voru þar á næturfundi bornar fram, ræddar og samþykktar till. í efnahagsmálum, en nærri má geta, hvers virði þvílíkar samþykktir eru, sem gerðar eru á einni næturstund, án þess að mönnum hafi gefizt kostur á að átta sig á málum eða kynna sér forsendur, þegar vandinn, sem við er að etja, er slíkur, að sérfræðingar hafa skrifað um hann hverja álitsgerðina eftir aðra, stjórnmálaflokkar gert um hann ályktun eftir ályktun og lagaboð hafa verið sett eftir lagaboð, *en allt komið fyrir ekki.*

Synjun Alþýðusambandsþings um frest notaði Hermann Jónasson svo sem átyllu til þess að segja af sér. Auðvitað var þar ekki um hina eiginlegu orsök að ræða, heldur einungis átyllu, vegna þess að Hermann Jónasson var búinn að gera sér ljóst, að ríkisstj. hans skorti sökum sundurlyndis öll skilyrði til þess að geta leyst verðbólguvandann, sem hún fyrst og fremst var mynduð til að leysa. Það var af þeim sökum, sem fyrrverandi stjórn „fleygði málinu frá sér", svo að notað sé orðalag hæstv. forsrh., Emils Jónssonar, á Alþingi í gær. Ef til vill vakti fyrir hæstv. fyrrv. forsrh., Hermanni Jónassyni, að hann með afsögn sinni gæti *hrætt samstarfsmenn sína til hlýðni. En* það fyllti ekki hina botnlausu verðbólguhít, sem Eysteinn Jónsson réttilega segir blasa við.

Á þennan veg var málum komið, þegar leitað var til okkar sjálfstæðismanna um að reyna að *mynda ríkisstj. Við gerðum okkur þegar* í stað grein fyrir, að þar var þrenns að gæta. Þegar í stað varð að gera ráðstafanir til að stöðva vöxt verðbólgunnar, setja varð nýjar reglur um kjördæmaskipun og tryggja, að nýjar kosningar færu fram, svo fljótt sem við verður komið.

Um nauðsyn kosninga ætti ekki að þurfa að fjölyrða. Bæði Framsókn og Alþfl. hétu því fyrir síðustu kosningar að vinna hvorki með kommúnistum né sjálfstæðismönnum á kjörtímabilinu. Þeir hafa að vísu rofið loforðið varðandi kommúnista, en við sjálfstæðismenn teljum okkur ekki samboðið að taka þátt í samstarfi, sem byggist á svikum af hálfu gagnaðila. Frambúðarsamstarf getur því þegar af þeirri ástæðu ekki komið til greina af okkar hálfu fyrr en að afloknum nýjum kosningum.

Rangindi Hræðslubandalagsins við síðustu kosningar gerðu og óumflýjanlegt, að kjördæmaskipuninni yrði breytt. Undanfarinn einn og hálfan áratug hefur endurskoðun stjórnarskrárinnar strandað á ósamkomulagi um nýja kjördæmaskipun. Úr því sem komið er, var ekki um annað að ræða en að reyna að ná samkomulagi um að hafa nokkur stór kjör*dæmi með hlutfallskosningum. Framsóknar*menn segja, að með því eigi að leggja öll gömlu kjördæmin niður og það brjóti gegn sögulegri þróun. Hin þrönga staðbundna skipting, sem nú er á kjördæmum hér, á rætur sínar að rekja til þess tíma, er danska einveldið réð á landi hér. Á meðan Íslendingar höfðu frelsi áður og hin fornu goðorð voru við lýði, þá voru þau ekki staðbundin. Þá mátti maður kjósa sér hvern þann goða, sem hann vildi, innan sama fjórðungs. Alveg á sama veg leggjum við nú til, að menn megi kjósa á milli margra innan staðartakmarka, sem segja má að svari til fjórðunganna fornu, enda er svo til háttað, að á engan verði hallað vegna hlutfallskosninganna. Auðvitað eru gömlu kjördæmin ekki lögð niður með þessum hætti, heldur sameinuð á svipaðan veg og þegar piltur og stúlka ganga í hjónaband og slá saman búum sínum. Auðvitað halda þau hvort um sig eftir sem áður sinni sjálfstæðu tilveru og forræði eigna sinna, eftir því sem lög segja til um, þrátt fyrir hjónaband og félagsbú.

En úr því að Framsfl. finnur svo mjög að till. okkar um kjördæmabreytinguna, af hverju ber hann þá enga sjálfstæða tillögu fram í málinu? Af hverju hrekkur hann ætíð undan og fæst ekki til að segja hug sinn í þessu mikla máli, þegar til ákvörðunar kemur? Það er vegna þess, að hann vill það eitt að halda

við ranglætinu og leiðir þannig meiri hættur yfir umbjóðendur sína en nokkur annar, því að aldrei blessast til lengdar í lýðfrjálsu þjóðfélagi að sitja yfir rétti samborgara sinna.

Tal Framsóknar um þjóðstjórn nú sýnir ótta þeirra herra við kosningar, því að nú þora þeir ekki að leggja til kosninga nema í samstarfi við okkur sjálfstæðismenn, sem þeir höfðu heitið að vinna alls ekki með. En það er einnig eftirtektarvert, að þjóðstjórnartalið bar aldrei á góma í viðræðum okkar og þeirra fyrir jólin, heldur skaut því þá fyrst upp, þegar framsóknarmenn sáu, að þeir voru ella oltnir úr völdunum.

En kosningar eru ekki aðeins nauðsynlegar af þessum sökum, heldur og vegna sjálfra efnahagsmálanna.

Þegar við sjálfstæðismenn gerðum tilraun okkar til stjórnarmyndunar, settum við það sem frumskilyrði, að tafarlaust yrðu gerðar ráðstafanir til þess að stöðva vöxt verðbólgunnar. Um þetta sögðum við nánar í flokksráðssamþykkt okkar frá 18. des.:

„Við athugun á þeim gögnum um efnahagsmálin, sem flokkurinn fékk í hendur fyrir rúmri viku fyrir milligöngu forseta Íslands, er staðfest, að ástandið í þessum efnum er svo alvarlegt, að ráðstöfun til stöðvunar sívaxandi verðbólgu má með engu móti skjóta á frest. Það er ótvírætt, að þjóðin notar meiri fjármuni en hún aflar og verður að taka afleiðingunum af því til þess að tryggja efnahagslegt öryggi sitt í framtíðinni.

Flokkurinn hefur lagt áherzlu á að finna þau úrræði, er þrautaminnst væru fyrir almenning, en væru þó um leið líklegust til þess að stöðva vöxt verðbólgunnar. Er það mat flokksins, að eftirgreindar ráðstafanir samræmist bezt þessu tvíþætta markmiði: Launþegar afsali sér 6% af grunnkaupi sínu, og verð landbúnaðarvara breytist vegna hliðstæðrar lækkunar á kaupi bóndans og öðrum vinnukostnaði við landbúnaðarframleiðsluna."

Er þetta síðan skýrt nokkuð, og segir því næst:

„Til þess að halda vísitölunni í 185 stigum yrði að auka niðurgreiðslur á vöruverði, er næmi 10—12 stigum. Séu niðurgreiðslur ekki auknar umfram þetta, ætti ekki að þurfa að hækka beina skatta og almenna tolla.

Jafnhliða þessum aðgerðum verður þegar í stað að gera ýmsar aðrar ráðstafanir, svo sem í bankamálum og fjárfestingarmálum, til þess að forðast verðbólgumyndun úr þeim áttum. Ráðstafanir þessar til stöðvunar verðbólgunni eru aðeins fyrsta skrefið til jafnvægisbúskapar og heilbrigðrar þróunar í atvinnulífi þjóðarinnar. En til þess að koma á jafnvægi í þjóðarbúskapnum er þörf fjölþættra ráðstafana, og telur flokkurinn óhjákvæmilegt, að þjóðin fái, svo fljótt sem við verður komið, í almennum kosningum að meta aðgerðir stjórnarflokkanna að undanförnu og tillögur allra flokka til lausnar þessu mikla vandamáli. Mun Sjálfstfl. þá gera þjóðinni grein fyrir viðhorfi sínu og úrræðum í einstökum atriðum."

Þetta er úr flokksráðssamþykktinni 18. des. Á Alþingi fékkst ekki meiri hluti fyrir stjórnarmyndun á þessum grundvelli. Þá sneri forseti Íslands sér til Alþfl., og leitaði Alþfl. til okkar sjálfstæðismanna um stuðning við minnihlutastjórn sína, eins og til hinna flokkanna, og féllumst við einir á að veita stuðning á þann veg að verja slíka stjórn vantrausti, á meðan hún væri að reyna að leysa efnahagsmálin. Þá komu Alþfl. og Sjálfstfl. sér saman um megindrætti í lausn kjördæmamálsins, og ákveðið var, að kosningar væru látnar fara fram á næsta vori.

Svo sem kunnugt er, var þessi stjórn mynduð hinn 23. des., og hefur hún síðan ósleitilega unnið að lausn efnahagsmálanna. Á Alþingi hefur verið lýst yfir því af hálfu Sjálfstfl., að við hefðum talið réttara, að efnahagsmálin hefðu öll verið leyst í einu, þ. e. a. s. þetta frv. hefði verið tengt ákvörðun um auknar niðurgreiðslur vöruverðs, um fiskverð og afgreiðslu fjárl. En vegna þess öngþveitis, sem fyrrv. hæstv. ríkisstj. skildi við málefni þjóðarinnar í, er hún fleygði málum frá sér, varð þessum starfsháttum ekki komið við.

Þegar á allt þetta er litið, er sízt of sterklega að orði kveðið, þegar sagt hefur verið, að frv. það, sem hér liggur fyrir, sé að efni til um fyrstu afborgun af vanskilavíxli fyrrv. ríkisstj.

Deilt er um, hversu mikil sú kjaraskerðing er, sem í þessu frv. felst. Ég skal ekki blanda mér í þær deilur, en fullyrði aðeins, að hún er áreiðanlega lágmark þess, sem gera þarf, ef ekki á að fara illa. Reynt er að láta jafnt yfir alla ganga. Fjarstæða er, að bændum sé gert rangt til, þvert á móti er ekki hallað á þá, svo sem framsóknarmenn létu viðgangast, á meðan þeir voru í stjórn. Því fer hins vegar fjarri, að þetta sé eina ráðstöfunin, sem nú þarf að gera. Við sjálfstæðismenn bentum á það strax í flokksráðsályktun okkar 18. des., að nú þegar yrði auk kauplækkunarinnar og aukinna niðurgreiðslna að gera ýmsar ráðstafanir í bankamálum og fjárfestingarmálum til þess að forðast verðbólgumyndun úr þeim áttum. En hér við bætist, að nú er komið í ljós, að ástandið var enn verra en við þá gerðum okkur grein fyrir. Útvegurinn hefur þurft meiri uppbætur en ætlað varð eftir þeim gögnum, sem við þá fengum í hendur. Kommúnistar segja raunar í öðru orðinu, að óþarfi sé að hafa þær uppbætur svo miklar, en í hinu orðinu játar Lúðvík Jósefsson á Alþingi, að hæstv. ríkisstj. hafi náð beztum fáanlegum samningum. Gagnrýni hans er því ekki mikils virði. En hækkanirnar eru óneitanlega vitni þess, að verðbólguþróunin hefur verið komin enn þá lengra en menn jafnvel gerðu sér grein fyrir um miðjan desember. Því meiri nauðsyn er, að stungið sé við fótum og snúið við.

Kommúnistar og framsóknarmenn nota það til árásar á hæstv. ríkisstj., að hún hafi enn ekki tryggt sér afgreiðslu tekjuhallalausra fjárlaga, og hælast um yfir því, að við sjálfstæðismenn höfum ekki lofað að skera niður framkvæmdir á fjárlögum, svo að nemi 40 millj. kr. Um afgreiðslu fjárl. hefur enn ekki verið

samið. Til þess hefur einfaldlega skort tíma. En auðvitað munu sjálfstæðismenn nú sem fyrr taka ábyrga afstöðu til afgreiðslu fjárl. og meta það, hverjar ráðstafanir gera þurfi, til þess að sá megintilgangur náist, að verðbólguvöxturinn stöðvist. Þetta tekst að sjálfsögðu ekki erfiðleikalaust. Ein höfuðvilla fyrrv. hæstv. ríkisstj. var sú að láta sem unnt væri að finna einhverja varanlega lausn efnahagsmálanna, eins og þeir tóku til orða, án þess að almenningur yrði fyrir nokkrum óþægindum. Þrátt fyrir eindæma góðæri s. l. ár og meðalár þar á undan gat hæstv. fyrrv. ríkisstj. aðeins haldið sæmilegri atvinnu við í landinu með því að auka opinberar skuldir nokkuð á 7. hundrað millj. kr., eða hér um bil fimm sinnum meira en sambærileg skuldaaukning varð á nær 3 ára valdaferli stjórnar Ólafs Thors. Er það raunar eitt vitni ringulreiðarinnar, að opinberum aðilum kemur ekki saman um skuldaaukninguna, svo að munar hundruðum millj. eftir því, hver stofnunin gefur upp tölur.

Íslendingum tjáir ekki til lengdar að ætla að lifa með því að bæta stöðugt láni ofan á lán til eyðslu og þeirra framkvæmda, sem þjóðin með eðlilegum hætti á sjálf að leggja fé til. Sá, sem lifað hefur um efni fram, verður annað hvort eða hvort tveggja að draga úr eyðslu eða auka tekjur. Eins og nú háttar til, verðum við að byrja með því að draga úr eyðslu. En það er alger misskilningur, að þetta verði gert örðugleikalaust. Enn sakast gömlu stjórnarflokkarnir innbyrðis á um það, hverjum þeirra sé að kenna um, að upp úr samstarfinu slitnaði, og segja, að aldrei hafi verið auðveldara að leysa vandann en einmitt á s. l. hausti. En af hverju leystu þeir þá ekki þennan vanda? Það var vegna þess, að þeir voru ósammála í öllum meginatriðum og höfðu ekki kjark til að gera sér grein fyrir örðugleikunum, sem við var að etja. En þegar þeir sáu afleiðingar verka sinna, skutu þær þeim skelk í bringu, og þeir hlupu af hólmi.

Örðugleikana ber að líta raunsæjum augum, þá eru mestar líkur til að hægt sé að vinna bug á þeim. Ég játa, að mér virðist sem Alþfl. enn leitist um of við að gera minna en vert er úr þeim örðugleikum, sem við blasa og ekki verður fram hjá komizt. Þetta segi ég eins og er, jafnframt því sem ég viðurkenni þann meginmun, sem er á framkomu Alþfl. og hinna, sem sjálfir gáfust upp, fleygðu málum frá sér og nú reyna að spilla þeim.

Með þessu frv., ef lögfest verður, og öðrum nauðsynlegum ráðstöfunum er hægt að skapa svigrúm fyrir þjóðina til að átta sig á þessum málum. Það svigrúm þarf að nota til þess að gefa kjósendum færi á að segja sjálfir til um, hvernig þeir vilji að málum sé háttað í framtíðinni.

Áður en að kosningum kemur, gefst flokkunum að sjálfsögðu færi á að gera grein fyrir skoðunum sínum. Ég skal ekki í kvöld rekja stefnu Sjálfstfl. í einstökum atriðum, til þess skortir mig tíma. Ég læt mér nægja að vitna til flokksráðsályktunarinnar frá 18. des. En fyrst og fremst verðum við að koma á því jafnvægi í þjóðarbúskap okkar, að við getum sloppið úr svikamyllu styrkja og hafta, sem nú binda þjóðina á höndum og fótum. Eðlileg lögmál atvinnulífsins verða að taka hér gildi. Atvinnurekendur verða á ný að fara að reka atvinnu sína upp á eigin áhættu, en ekki almennings, svo sem nú er gert. Við verðum að skapa traust á krónunni og þar með leggja grundvöllinn að víðtækum framkvæmdum. Við eigum að varast erlendar lántökur til að halda uppi meiri eyðslu en við höfum efni á. En við eigum hiklaust að afla okkur erlends fjár til að hagnýta þá orku, sem í landinu er, þá orku, sem — ef rétt er að farið — áreiðanlega nægir til þess að búa Íslendingum öruggan efnahagsgrundvöll í framtíðinni, þannig að við, er búum á þessari köldu eyju, getum notið jafngóðra lífskjara og nokkur þjóð önnur.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti, góðir hlustendur. Hv. 1. þm. Reykv., Bjarni Benediktsson, sem hér var nú að ljúka máli sínu, hefur, eins og alþjóð er kunnugt, fengið sérstök verðlaun fyrir það að skrifa skammir um andstæðinga sína í flokksblað sitt. Við úthlutun þeirra verðlauna hlýtur að hafa verið tekið tillit til þess, hve þm. virðist eiga létt með að halla réttu máli. Þessi eiginleiki hv. þm. kom einkar ljóslega fram nú í ræðu hans, svo mjög sem hann hallaði þar réttu máli í mörgum tilfellum og vitnaði beint í ummæli manna þvert gegn því, sem rétt var. Ég mun víkja nokkuð að sumum rangfærslum hans síðar í þessum umr., eftir því sem tími vinnst til.

Það má öllum vera ljóst, að deilur flokkanna um lausn efnahagsmálanna að þessu sinni hafa ekki snúizt um það, hvort stöðva skuli vöxt verðbólgunnar eða ekki. Deilurnar hafa staðið nú eins og jafnan áður um það, hvaða leiðir skuli farnar til stöðvunarinnar, hverjir raunverulega skuli borga kostnaðinn af stöðvunarráðstöfununum. Um þetta hefur verið deilt, og um þetta er deilt.

Allir hafa flokkarnir lýst yfir þeim vilja sínum, að stöðvunin yrði miðuð við kaupgjaldsvísitöluna 185.

Framsfl. taldi, að þetta væri auðvelt með því, að launþegar gæfu eftir 15 vísitölustig eða 8% af kaupi. Bændur áttu engu að fórna, ríkissjóður gat ekkert sparað, og engir aðrir en launþegar gátu neitt lagt fram af kostnaðinum við stöðvunina að áliti framsóknarmanna.

Sjálfstfl. var með svipaðar till. Hann taldi hægt að leysa vandann með 6% kauplækkun launafólks og bænda. Aðrir gátu ekkert lagt fram að hans dómi. Kauplækkunartill. Framsóknar, 8%, mundi hafa þýtt um 90—100 millj. kr. í kauplækkun á ári fyrir alla meðlimi Alþýðusambands Íslands, um 30 þús. að tölu. Kauplækkunartill. íhaldsins mundi lækka kaup þessa sama fólks um 80 millj. á ári.

Stefna Alþfl. hefur verið nokkuð óljós eins og stundum áður. Hann hefur hrökklazt á milli flokka og ýmist lagt til þetta eða hitt. Á Alþýðusambandsþingi stóðu Alþýðuflokksmenn

með Alþb.-mönnum um að móta þá stefnu, að stöðva bæri við kaupgjaldsvísitöluna 185, án þess að nokkur kauplækkun kæmi til greina. Litlu síðar voru Alþýðuflokksmenn komnir í fangið á íhaldinu og búnir að taka að sér að mynda gerviríkisstj. fyrir það. Þá lagði Alþfl. auðvitað fram kauplækkunartill. íhaldsins í frv.-formi hér á Alþingi.

Alþb. hefur staðið með stefnu Alþýðusambandsþings og viljað verðlagsstöðvun miðað við kaupgjaldsvísitöluna 185 án kauplækkunar. Það hefur bent á, að í stað kauplækkunar, sem næmi 80—100 millj. fyrir alla meðlimi Alþýðusambands Íslands, mætti spara í útgjöldum ríkisins, mætti taka greiðsluafgang ríkissjóðs, auk þess sem margir aðrir aðilar í þjóðfélaginu stæðu nær því að láta nokkuð af sínum gróða til þess að stöðva verðbólguna en verkamenn, bændur og sjómenn. Alþb. hefur bent á, að bankar landsins græða tugi millj. á hverju ári, að olíufélögin hafa álitlegan gróða og að heildverzlunin í landinu græðir mikið.

Þessar hafa verið till. flokkanna í aðalatriðum. Um þessar leiðir hefur verið deilt, og ætti því öllum að vera fullljóst, um hvað raunverulega er barizt varðandi lausn efnahagsmálanna að þessu sinni.

Frv. það, sem hér er til umr., er svo flutt til þess að lögbinda kauplækkunartill. íhalds og Alþfl. Höfundar frv. segja, að með því verði 10 vísitölustig felld niður bótalaust eða kaupgjald lækkað um 5.4%. Allar líkur benda þó til, að kauplækkun samkvæmt frv. verði allmiklu meiri, sennilega um 9%.

Samkv. verðlagi, eins og það er í dag, ætti kaupgjaldsvísitalan að vera 195 stig. Frv. gerir ráð fyrir að færa vísitöluna niður í 175 stig eða lækka hana um 20 stig. Helming lækkunarinnar, eða 10 stig, eiga launþegar og bændur að bera bótalaust, en hin 10 stigin eiga að hverfa með verðlækkunum, sem vonazt er til að leiði af frv., og með viðbótarniðurgreiðslum á vöruverði. Kauplækkunin er augljós og fastbundin, í allra minnsta lagi 5.4%, en verðlækkanirnar eru ekki eins fastbundnar. Í frv. eru engin ákvæði um tölulega lækkun á álagningu eða vöruverði. Þess í stað eru mjög loðin og óákveðin ákvæði um, að færa skuli niður verð á vörum og þjónustu, sem samsvarar launalækkuninni í launalið verðlagsins. Þessi lækkunarákvæði á almennu verðlagi er að finna í 10. gr. frv. Við athugun á málinu í þn. var hagstofustjóri um það spurður, hvað hann teldi að umrædd lækkun á almennu vöruverði og þjónustu mundi nema miklu til lækkunar á vísitölunni. Hagstofustjóri sagði, að ekki væri gott að segja til um það, en sér kæmi til hugar hálft vísitölustig. Já, um hálfu stigi gat það numið, það var allt og sumt. Enginn vafi er á því, að verðlækkun umfram það, sem stafar af beinni kauplækkun bóndans og þar með nokkurri lækkun landbúnaðarvara, verður harla lítil. Hitt mun sönnu nær, að samhliða kauplækkuninni muni verðlag í ýmsum greinum fara hækkandi. Hér skulu nefnd dæmi um það.

Iðnrekendur hafa þegar gert kröfu um að fá að hækka allar sínar vörur sem nemur 6% kauphækkun iðnaðarfólks, þar sem þeir hafa nú nýlega byrjað að greiða 6% á kaup starfsfólksins í lífeyrissjóð þess samkvæmt áður gerðum kjarasamningum. Telja má alveg víst, að þessi krafa iðnrekenda verði samþykkt.

Þá hafa sömu aðilar krafizt verðlagshækkunar, vegna þess að þeir greiddu 17 vísitölustigin á kaup í desember og janúar. Ríkisstj. hefur samið um það við útvegsmenn að bæta þeim upp sérstaklega kostnaðinn af þessum 17 stigum í janúar, og má því einnig telja víst, að iðnrekendur fái þetta sama. Allt bendir því til, að innlendar iðnaðarvörur hækki á næstunni, en lækki ekki.

Í nýgerðum samningum við útgerðina er ákveðið, að fiskverð til báta og togara hækki um 70 kr. á tonn, og þó kemur þar til viðbótar nokkur hækkun á svonefndum sérbótum, sem áhrif hafa á fiskverð innanlands. Neyzlufiskverð hækkar því óhjákvæmilega á næstunni og þar með vísitalan af þeim ástæðum.

Verðlækkunarhlið frv. er blekking. Á hana getur enginn treyst. En eitt atriði frv. er þannig orðað, að það mun ekki missa marks, en það er kauplækkunarákvæðið.

Þegar mál þessi eru rædd, er ekki óeðlilegt, að um það sé spurt, hver sé ástæðan til þess, að sá vandi kom upp, sem nú er við að glíma í efnahagsmálunum.

Fyrir ári voru einnig allmiklar umr. um efnahagsmálin. Alþb. hélt því þá fram, að farsælast væri að halda fast við verðstöðvunarstefnuna og byggja áfram upp aukinn útflutning og komast þannig út úr erfiðleikum efnahagsmálanna. Framsfl. og Alþfl. snerust hins vegar gegn stöðvunarstefnunni. Niðurstaðan varð síðan sú, sem kunnugt er, að stöðvunarstefnan var yfirgefin í bili, en farið inn á braut hækkunar og samræmingar.

Hækkanir á verðlagi urðu þó nær helmingi minni en Framsókn og Alþfl. höfðu lagt til. Alþb. varaði sterklega við hækkunarstefnunni. Það benti á, að hækkandi verðlag leiddi alltaf til kauphækkana og að hætt væri við, að hækkanir yrðu meiri en ráðgerðar væru í upphafi, ef farið væri inn á hækkunarbrautina á annað borð.

Það fór líka svo, verðhækkanir urðu miklar og allmiklu meiri en þörf var á. En afleiðingar hækkunarstefnunnar urðu svo þær, að vísitalan hækkaði um 17 stig 1. des. s. l. Þannig var vandinn til kominn. Viðbrögð Framsóknar, þegar svona var komið, voru svo þau að neita afleiðingunum af sínum eigin till. og leggja til, að vísitalan yrði tekin úr sambandi eða launþegar tækju á sig verðhækkanirnar bótalaust.

Reynslan hefur sýnt, að aðvaranir og tillögur okkar Alþb.-manna voru réttar. Álögurnar voru meiri en þörf var á, verðhækkanirnar urðu of miklar. Greiðsluafgangur ríkissjóðs mun verða um 60—70 millj. kr. á s. l. ári, og þó var síður en svo dregið úr nokkurri eyðslu. Auk þessa voru 63 millj. kr., sem meiri hl. ríkisstj. ráðstafaði, þ. e. ráðh.

Framsfl. og Alþfl., gegn atkv. okkar Alþb.-ráðherranna daginn sem ríkisstj. lét af völdum, en fé þetta féll til með yfirfærslubótum þeim, sem ákveðnar voru með efnahagsmálalöggjöfinni s. l. vor.

Þannig hafa sannanlega verið teknar 120—130 millj. kr. með hækkuðum gjöldum á vörur umfram það, sem bein rekstrarútgjöld kröfðust. Afleiðingar þessarar ofinnheimtu munu nema um 15 vísitölustigum. Það er í beinu framhaldi af þessu, sem við Alþb.-menn höfum lagt það til, að ríkið skili aftur nokkru af því, sem oftekið hefur verið. Við höfum lagt til, að í stað kauplækkunarleiðar íhalds og Framsóknar komi sparnaður í rekstri ríkisins og að frestað sé um tíma þeim fjárfestingarframkvæmdum, sem minni þýðingu hafa í þjóðarbúskapnum. Við höfum lagt til, að nokkuð af greiðsluafgangi ríkisins verði notað til þess að bægja verðbólguhættunni frá. Slíkar till. sem þessar mega kauplækkunarflokkarnir ekki heyra. Að nefna sparnað hjá ríkinu, við því segir Framsókn þvert nei og íhaldið líka. Að nota greiðsluafgang ríkissjóðs gegn verðbólgunni kemur ekki til mála, segir Framsókn og svarar slíku með því að flytja till. á Alþingi um að ráðstafa 25 millj. af greiðsluafganginum til húsbygginga, og auðvitað á meiri hlutinn að ganga til húsbygginga í Reykjavík. Ja, öðruvísi mér áður brá. Þá mátti Framsókn ekki heyra nefnda till. okkar Alþb.-manna um að taka nokkurt lán til byggingarsjóðs ríkisins. En nú eru líka kosningar fram undan, nú má verja því fé, sem innheimt hefur verið með almennri verðlagshækkun í landinu, til húsbygginga.

Það leynir sér ekki, að ein aðalástæðan til þess, að Framsókn og íhald geta ekki hugsað sér neinn sparnað hjá hinu opinbera, er einmitt sú, að kosningar eru fram undan. Þeir þurfa báðir á miklu fé að halda til þess að bjóða í hv. kjósendur. Íhaldið hefur þegar svarað kosningatillögu Framsóknar um íbúðalánin, og því flytja þm. íhaldsins till. um, að ríkið megi allra mildilegast greiða niður verð á áburði fyrir bændur, og þannig verður haldið áfram, á sama tíma og til þess er ætlazt, að verkamenn og sjómenn eigi að fórna hluta af sínu kaupi.

Að hverju er stefnt með þeirri efnahagsmálalausn, sem Alþfl. og Sjálfstfl. nú standa að á Alþingi? Ríkisstj. segir, að nýir samningar, sem gerðir hafa verið við framleiðsluna, auki útgjöld útflutningssjóðs á þessu ári um 77.7 millj. kr. Þegar hafa verið ákveðnar auknar niðurgreiðslur, sem nema 75 millj. kr., og ríkisstj. hefur lýst yfir, að hún muni auka þær nokkuð á næstunni. Þá er einnig vitað um nokkur önnur aukaútgjöld, sem til munu falla. Telja má því alveg víst, að aukin útgjöld útflutningssjóðs verði um 200 millj. kr. samkvæmt þessu. En engar till. um tekjuöflun eða sparnað hér á móti eru lagðar fram af stjórnarflokkunum, og kemur þar að litlu gagni, þó að Alþfl. lýsi því yfir, að hann vilji gjarnan leggja fram till. í þessu efni, ef Sjálfstfl. vill ekki samþykkja þær.

Tekjuöflunin verður sýnilega látin bíða fram yfir kosningar. Hér er á ný tekin upp gamla skuldahalastefna íhaldsins. Allt er við það miðað, að Sjálfstfl. þurfi sem minnst að sýna stefnu sína og raunverulegar fyrirætlanir fyrir kosningar. Af þeim ástæðum er sá grái leikur settur á svið, sem nú er leikinn. Íhaldið setti upp leppstjórn sína í þessum tilgangi. Það vissi, hvernig það átti að véla Alþfl. inn í þetta fyrirtæki sitt. Það vissi, að foringjar Alþfl. voru álika veikir fyrir embættum og vegtyllum eins og ofdrykkjumaður fyrir brennivíni. Af því bauð íhaldið Alþfl. alla stjórnarstólana og slatta af öðrum embættum. Aumingja Alþfl. stóðst auðvitað ekki mátið og gein við agninu, og þar með var dúkkustjórn íhaldsins sett á svið. Stefna íhaldsins miðast öll við að svindla sig í gegnum einar eða tvennar kosningar án þess að hafa tekið nokkra ábyrga afstöðu til sjálfra vandamálanna, sem liggja fyrir.

Svo tröllriðinn er vesalings Alþfl. af íhaldinu, að hann skilur ekki einu sinni sitt eigin ástand. Sjálfur forsrh., formaður Alþfl., lýsir því yfir og telur sér það til afsökunar á því, sem gert hefur verið, að hann hafi engan samning við íhaldið um nein málefni, aðeins það að íhaldið muni verja stjórnina fyrir vantrausti. Formaður Alþfl. sér ekki, að einmitt þessi yfirlýsing sannar bezt, að stjórnin er algerlega í höndum íhaldsins. Hefði stjórnin haft samning um framgang einhverra mála, sem einhvers virði voru, mátti kannske afsaka stjórnarmyndunina, en því er alls ekki að heilsa.

Það er því íhaldið, sem ábyrðina ber á því, sem nú er verið að gera. Það er það, sem knýr fram kauplækkunina. Það er það, sem stefnir út í stórfellda skuldasöfnun, en ætlar að fela það fyrir kjósendum fram yfir kosningar, hvernig á að taka þetta fé af landsmönnum.

Þennan feluleik íhaldsins munu allir sjá í gegnum. Með einbeittri afstöðu geta verkamenn og bændur hrundið um koll þessari fyrirætlun íhaldsins. Það er einmitt í kosningunum í sumar, sem alþýða landsins verður að svara kauplækkunarflokkunum á þann hátt, að þeir villist ekki um, hvað svarið þýðir.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Ég get ekki að því gert, kannske er það nú ljótt, að mér kemur helzt í hug strengjabrúðuleikhús, þegar ég leiði hugann að núverandi hæstv. ríkisstj. Ég sé fyrir mér tvo strengjameistara, handfima og sterka, að tjaldabaki í gervi hv. þm. G-K., Ólafs Thors, og hv. 1. þm. Reykv., Bjarna Benediktssonar. Þeir stjórna fastri hendi af mikilli kunnáttu öllum hreyfingum og athöfnum leikbrúðanna fjögurra á sviðinu framan leiktjalds, og nú getum við gert okkur það í hugarlund, að frumsýning á leikritinu „Kauplækkun til kjarabóta“ sé að hefjast.

Ætli það hafi annars nokkurn tíma átt sér stað um víða veröld, að verkalýðsflokkur og íhaldsflokkur, sem í senn er harðsvíraður málsvari atvinnurekendavalds og kaupsýsluhags-

muna, séu eins og samvaxnir tviburar og standi sameiginlega að ríkisstj.? En hvað sem um það er, þá er það staðreynd, að Sjálfstfl. og Alþýðufl. hafa tekið upp með sér náið samstarf, sem sjálfsagt er hugsað til margra ára. Því er þannig háttað, að Alþfl. leggur til alla ráðherrana með hálfum þingflokki sínum, en Sjálfstfl. kýs sér heldur það hlutskipti að standa í skugganum, ef hugsazt gæti, að hann með því kæmist hjá að verða dreginn til ábyrgðar fyrir þann einstæða vesaldóm að hafa ekkert — alls ekkert — til málanna að leggja fyrir kosningar til úrlausnar í efnahagsmálum þjóðarinnar. Og nú sjáum við fyrsta ávöxtinn af samstarfi atvinnurekendaflokksins og verkalýðsflokksins. Það er frv. til laga um bótalausa niðurfellingu tíu vísitölustiga á allt kaupgjald eða 5.4% kauplækkun, sem játuð er af foreldrum þessa efnilega frumburðar. Ýmsir aðrir telja þessa kauplækkun miklu meiri.

Eins og menn muna, komst Sjálfstfl. að þeirri niðurstöðu, þegar hann var að reyna að mynda ríkisstj. í des. s. l., að höfuðaðgerð í efnahagsmálum yrði að vera a. m. k. 6% grunnkaupslækkun. Kauplækkun sú, sem felst í frv. Alþfl., er nálega jafnmikil, og virðist frv. þannig svipa mest í ætt Sjálfstfl. Er heldur ekki ólíklegt, að svo muni einnig verða um fleiri mál, sem ríkisstj. Alþfl. leiðir til lykta, þar sem það er Sjálfstfl., sem leggur til meginhluta þess þingstuðnings, sem þarf til þess að afgr. mál á Alþingi.

Í lok seinasta Alþýðusambandsþings réðu Alþfl.-fulltrúar utan af landi úrslitum um það, að fulltrúar Alþb. og Alþfl. skyldu taka höndum saman um stjórn Alþýðusambands Íslands næstu tvö ár. Með þessu héldu menn, að bundinn væri endir á það nána samstarf, sem verið hafði seinustu árin milli íhaldsins og margra Alþfl.-manna í Reykjavík. Var þessum atburði fagnað af alþýðu manna um allt land, en íhaldið steytti hnefa og brigzlaði Alþfl.-mönnum um svik.

Á þessu sama þingi Alþýðusambandsins stóðu fylgjendur Alþfl. og Alþb. hlið við hlið um afgreiðslu á myndarlegri ályktun um efnahagsmál. Lögð skyldi höfuðáherzla á stöðvun verðbólgunnar í nánu sambandi við verkalýðssamtökin, þannig að framfærsluvísitalan yrði ekki hærri en 202 stig og kaupgjaldsvísitalan þannig 185 stig. Bent var á ákveðnar leiðir til að framkvæma þetta. Þær 120—130 millj. kr., sem nú er vitað að voru ofteknar af þjóðinni s. l. vor og valdið hafa verðhækkunum, sem a. m. k. nema 15 vísitölustigum, skyldu nú eðlilega vera notaðar til niðurgreiðslna. Dregið skyldi úr þýðingarminni fjárfestingu ríkisins, sveitarfélaga og einstaklinga, einkum þeirri, sem ekki væri bráðaðkallandi. Nokkur niðurskurður skyldi framkvæmdur á fjárl. og tekna aflað með hækkuðu verði á einkasöluvörum, helzt þó einnig með ríkiseinkasölu á olíum. Þannig taldi þingið, að komizt yrði hjá að leggja á nýja neyzluskatta. Um þetta stóðu fulltrúar Alþfl. og Alþb. saman eins og einn maður.

En hvað hefur svo gerzt síðan? Rétt eftir að fulltrúar Alþfl. á Alþýðusambandsþingi voru komnir úr höfuðborginni til heimkynna sinna, hafði forustulið Alþfl. stofnað til nánari íhaldssamvinnu á stjórnmálasviðinu en nokkru sinni fyrr, eða eins og það hefur verið orðað hnyttilega og réttilega: Sjálfstfl. myndaði ríkisstj. Alþfl.

Og svo varð eitt fyrsta verk þessarar ríkisstj. íhaldsins og Alþfl. það að ráðast gegn frjálsum samningarétti verkalýðsfélaganna og beita sér fyrir lögbundinni kauplækkun og þetta hvort tveggja án þess að leita nokkurs minnsta samráðs við launþegasamtökin í landinu.

Það var fyrst, þegar Sjálfstfl. hafði blessað endanlega yfir málið og frv. var fullmótað í öllum aðalatriðum, sem það var rætt við fulltrúa bændasamtakanna og síðast við fulltrúa Alþýðusambandsins og annarra launþegasamtaka. Þannig hagaði ríkisstj. Alþfl. vinnubrögðum sínum, því miður.

Þeir menn, sem að undanförnu hafa horft tárvotum augum ofan í opna gröf Hræðslubandalagsins sæla, hafa stundum að undanförnu verið að hugga sig við fullyrðingar um, að Alþb. væri einnig úr sögunni. Þeir hafa búið til alls konar skröksögur um hatrömm átök, sem nú ættu sér stað innan Alþb. Ja, svo mæla börn sem vilja. En fyrir þessum sögum og fullyrðingum er enginn flugufótur. Alþb. hefur aldrei verið jafnsamhent og sterkt eins og nú. Alþb. hefur heldur aldrei haft jafnþýðingarmiklu hlutverki að gegna eins og nú. Alþfl. er genginn íhaldinu á hönd í kauplækkunarherferð gegn verkalýðnum og öllum launastéttum landsins, en Alþb. er staðráðið í að berjast fyrir þeirri stefnu í efnahagsmálum, sem mörkuð var á Alþýðusambandsþingi af Alþfl.-mönnum og fylgjendum Alþb. í sameiningu.

Alþb. vill sannarlega stöðva verðbólgu og vaxandi dýrtíð. En Alþb. krefst þess, að fyrst sé hafinn sparnaður hjá ríkinu, þar næst klipið duglega af ofsagróða auðfélaga og stórgróðamanna, skipulagi verði komið á fjárfestinguna í landinu og henni sett hófleg takmörk, allt þetta áður en ráðizt sé á 5000 kr. mánaðarlaun meðalfjölskyldu og þrengt að lífskjörum hinna lægst launuðu í þjóðfélaginu, eins og íhaldið og Alþfl. hafa gert að sinni sáluhjálparkenningu í þessu frv. Og þessi stefna Alþb. er rétt stefna, sem alþýða landsins mun fylkja sér um. Hin gamalkunna og þráláta kauplækkunarstefna íhaldsins, sem Alþfl. hefur nú flekazt til að gera einnig að sinni stefnu, er hins vegar röng stefna, falskenning, sem verkalýðshreyfingin hefur alltaf barizt gegn og mun alltaf berjast á móti.

En er það nú víst, að verkalýðshreyfingin verði andvíg þessu kauplækkunarfrv. íhaldsins og Alþfl.? Það er nú þegar farið að sjást, hverjar undirtektirnar verða hjá launþegasamtökunum. Miðstjórn Alþýðusambands Íslands markaði strax þann 19. jan. s. l. afstöðu sína til kauplækkunarfrv. með ályktun, sem birzt hefur í blöðum og tvívegis verið lesin hér í þessum umr. Í samþykktinni varaði miðstjórn

Alþýðusambands Íslands alvarlega við samþykkt frv. og benti sérstaklega á þá hættu, sem í því felst að ætla að afgreiða aðgerðir í efnahagsmálum án eðlilegs samráðs og samstarfs við launþegasamtökin í landinu. Jafnframt lýsti miðstjórnin yfir því, að hún væri reiðubúin til viðræðna við ríkisstj. um aðgerðir verðbólgunni til stöðvunar á grundvelli þeirrar samþykktar, sem þing Alþýðusambandsins í lok nóv. s. l. gerði í þeim efnum.

Landssamband íslenzkra verzlunarmanna hefur í sinni samþykkt um frv. mótmælt skerðingu ríkisvaldsins á frjálsum samningum launþega við vinnuveitendur sem hættulegu fordæmi, sem verkalýðsfélögin verði að gjalda varhuga við. Landssamband verzlunarmanna lagði líka ríka áherzlu á, að þeim byrðum, sem með frv. yrðu lagðar á þjóðina, verði réttlátlega skipt á allra herðar. Til þess að svo verði, segja verzlunarmenn sérstaklega nauðsynlegt, að vandlega sé tryggt, að í raun takist að framkvæma þær lækkanir, sem samkvæmt frv. eiga að verða á vörum og þjónustu, og virðist svo sem þeir leyfi sér að draga það í efa, að svo reynist. Stranglega verður einnig að gæta þess, segja þeir í ályktun sinni, að húsaleiga lækki raunverulega og vinna seld erlendum aðilum lækki ekki og renni mismunurinn þá í ríkissjóð.

Með þessu seinasta er bent á þá staðreynd, að samkvæmt frv. mun launakostnaður setuliðsins á Keflavíkurflugvelli lækka verulega, og það verður þannig setuliðið, sem græðir á efnahagsmálaaðgerðum íhaldsins og Alþfl.

Afstaða Landssambands íslenzkra verzlunarmanna er andstæð frv.

Þá gætir einnig harðrar andstöðu við frv. í samþykktum, sem ég nú hef séð frá fulltrúaráði verkalýðsfélaganna í Árnessýslu, Verkamannafélaginu Hlíf í Hafnarfirði, fulltrúaráði verkalýðsfélaganna á Akureyri, verkamannafélaginu Dagsbrún og Sjómannafélagi Hafnarfjarðar. I öllum þessum samþykktum er mótmælt þeirri beinu kjaraskerðingu, sem í frv. felst. Lögbundinni lækkun á umsömdu fiskverði er einnig mótmælt og síðast, en ekki sízt skerðingu hins helga samningsréttar verkalýðsfélaganna, sem þau hafa öðlazt í harðri baráttu um áratugi. Má vera, að miklu fleiri verkalýðsfélög hafi þegar mótmælt frv., en þessi viðbrögð sýna ljóslega, að nú telja verkalýðsfélögin vá fyrir dyrum.

Hver er þá hin beina kjaraskerðing, sem í frv. ríkisstj. felst? Hún er þessi að því er snertir verkamenn og verkakonur og meiri hjá öllum þeim, sem hærra eru launaðir: Tímakaup verkamanna er nú kr. 23.86, en fer eftir 1. febr. niður í kr. 20.67. Lækkunin á útborguðu tímakaupi nemur þannig kr. 3.19 eða 13.4%. Dagkaupið lækkar þannig um kr. 30.31, ef reiknað er með átta dagvinnutímum og einum eftirvinnutíma, eins og algengast er. Og sé reiknað með 25 vinnudögum í mánuði, lækkar mánaðarkaup verkamanns um 757 kr., en af árskaupi slíks verkamanns nemur lækkunin, sem af frv. leiðir, hvorki meira né minna en 9093 kr., og gæti fátækan verkamann munað um minna. Á móti þessari kauplækkun kemur svo sparnaður vegna niðurgreiðslu þeirrar, sem ákveðin hefur verið, en hún nemur, þegar miðað er við það magn af kjöti, saltfiski, nýmjólk, kartöflum, smjöri og smjörlíki, sem gert er ráð fyrir að meðalfjölskylda noti samkvæmt grundvelli hinnar nýju vísitölu, sem frv. gerir ráð fyrir að nú verði tekin upp, á mánuði kr. 176.32, og á ári sparast meðalfjölskyldu kr. 2115.79. Sé þessi sparnaður vegna niðurgreiðslnanna dreginn frá, nemur kauplækkun meðalfjölskyldu verkamanns kr. 527.18 á mánuði, en á ári verður nettókauplækkun hans kr. 6326.16.

Tímakaup verkakvenna í almennri vinnu lækkar úr kr. 18.62 í kr. 16.13 eða um kr. 2.49. Það verður á dag kr. 19.92, rétt við 20 kr. eftir átta stunda vinnu. Hér er því ráðizt á garðinn, þar sem hann er einna lægstur. Þess vegna er það, að ég og hv. 2. landsk. þm., Karl Guðjónsson, flytjum við þessa umr. till. til breyt. á frv., sem er svo hljóðandi:

„Enn fremur skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu 185 á allt grunnkaup kvenna samkvæmt samningum stéttarfélaga, þar til fullum jöfnuði er náð við kaup karla, sem vinna hliðstæð störf."

Ég trúi því ekki, fyrr en ég tek á því, að Alþfl. snúist gegn þessari sjálfsögðu till., sem miðar að auknu launajafnrétti milli kvenna og karla og hefur þó engin áhrif á vísitölu til hækkunar. En við sjáum, hvað setur.

Að því er hlutarsjómenn snertir, fer fiskverðið, eins og menn vita, úr kr. 1.91 í kr. 1.66 eða lækkar um 25 aura á kg. Getur það orðið laglegur skildingur, ef sæmilega aflast.

En nú kynni einhver að segja: Hverju á ég eiginlega að trúa? Ég hef lesið það í Alþýðublaðinu og gott ef ekki Morgunblaðinu líka, að þessar niðurgreiðslur og 10 stiga niðurfelling verði mér eftir allt saman til kjarabóta. — Við þessu segi ég aðeins eitt: Trúið engu í blindni, kannske er bezt að þið biðið, þangað til þið getið þreifað á. Eftir 1. febr. verður ykkar eigin pyngja ólygið vitni í þessu máli, og þá sést, hvers konar sannleiksvitni Alþýðublaðið og Morgunblaðið eru.

Seinustu dagana hafa Alþýðublaðið og Morgunblaðið sagt, og því sama leyfði hæstv. forsrh., Emil Jónsson, sér einnig að halda fram hér áðan, að segja eitthvað á þessa leið: Góðir verkamenn, þið megið vera vissir um það, að þetta er allt saman gert ykkur til kjarabóta, þetta er nákvæmlega það sama og Hannibal gerði haustið 1956, og auk þess förum við í þessu frv. í einu og öllu eftir till. Hannibals Valdimarssonar, sem hann gerði grein fyrir í nóv. í haust í ágætri, já, stórmerkri grein í Vinnunni, tímariti Alþýðusambandsins. — Og svo mikið var við haft út af þessari grein, að hæstv. menntmrh. las þessa ágætu grein í heild í ræðu á Alþingi, og daginn eftir var hún einnig birt í heild í Alþýðublaðinu og myndir af höfundi á forsíðu beggja þessara

verkalýðsblaða, Morgunblaðsins og Alþýðublaðsins. Öðruvísi mér áður brá. Þvílíkir forláta hræsnarar og falsarar!

Á sama hátt hafa þessi verkalýðsmálgögn hampað nöfnum manna eins og Gunnars Jóhannssonar og Einars Olgeirssonar o. fl., allt í þeim tilgangi að telja fólki trú um, að þeir hafi til skamms tíma mælt með svona aðgerðum í efnahagsmálum. En allt er þetta hið argasta fals og blekking.

Tökum nú til dæmis það, sem gerðist haustið 1956. Ég spyr: Voru þá og þar felld niður 10 vísitölustig af kaupi manna bótalaust? Nei og aftur nei. Þá stóðu sakir þannig, að 1. sept. átti vísitalan að hækka um 6 stig, og nokkrum dögum síðar átti verð á landbúnaðarvörum að hækka um rösk 11%, og nú var lögð ósköp einföld spurning fyrir verkalýðsfélögin: Munduð þið sætta ykkur við þá ráðstöfun, að hvorki vísitöluhækkunin né hækkun landbúnaðarvaranna verði látin koma til framkvæmda? — Og svar verkalýðshreyfingarinnar var afdráttlaust á þessa leið: Við mundum ekki aðeins sætta okkur við það. Við ætlumst til þess af þér og ríkisstj., að þetta hvort tveggja verði hindrað með brbl., og þá voru brbl. sett, sem Morgunblaðið var að ljósmynda á dögunum, en þau voru sett í nánu, víðtæku og fullkomnu samráði við verkalýðshreyfinguna, en ekki að henni forspurðri, eins og þetta frumvarpsskrípi er til orðið.

Og þá eru það skoðanir mínar í nóvember í hinni ágætu grein í Vinnunni og svo þessar aðgerðir hins vegar. Ég hafði sagt: Óheft verðbólguþróun er leiðin til glötunar. Hana verður að stöðva, og einasta þjóðfélagsaflið, sem það getur, er verkalýðshreyfingin í nánu samstarfi við samtök bændastéttarinnar. — Og að lokum sagði ég þetta í margnefndri grein: Nú þarf að deila byrðunum á bök allra Íslendinga. Framleiðslan getur tekið á sig nokkurn hluta byrðarinnar, ríkissjóður á að sýna nokkra viðleitni til sparnaðar, og auk þess getur hann vel staðið undir nokkurri niðurgreiðslu nauðsynjavara. Álagningu í heildsölu og smásölu á að færa aftur í sömu prósenttölu og s. l. ár. Ríki, sveitarfélög og einstaklingar eiga að draga nokkuð úr fjárfestingu á næsta ári. Bændur eiga að lækka framleiðsluvörur sínar, með því eykst sala þeirra. Og því eiga verkamenn að svara með því að falla frá nokkrum vísitölustigum af kaupi sínu. Nýja vísitölu á að taka upp í stað þeirrar gömlu. Takmarkið með öllu þessu á að vera það, að kaupgjald og verðlag nemi staðar, þar sem það nú er, þ. e. í 185 stigum, svo að atvinnulífið geti haldið áfram án nýrrar tekjuöflunar eftir þessa aðgerð og þjóðartekjurnar geti haldið áfram að vaxa, eins og þær gerðu á árinu 1958, og það er raunar það eina, sem tryggt getur varanlegar kjarabætur.

Þetta sagði ég í nóvember, og þetta allt er ég reiðubúinn til að standa við í dag.

En hvers vegna ertu þá ekki með stjórnarfrv.? spyr hæstv. forsrh., og undir þá spurningu taka með honum hæstv. menntmrh., Gylfi Þ. Gíslason, og strengjameistarinn að tjaldabaki, hv. 1. þm. Reykv., Bjarni Benediktsson. Spurningu þeirra er auðsvarað: Þetta frv. nýtur hvorki stuðnings verkalýðshreyfingarinnar né samtaka bændastéttarinnar, og hefur það því enga fótfestu í veruleikanum. Hér er byrðunum ekki deilt á bök allra Íslendinga, heldur ráðizt sérstaklega á launastéttirnar. Framleiðslan er ekki látin taka á sig auknar byrðar, heldur eru nokkrum hundruðum útgerðarfyrirtækja og útgerðarmanna réttar 77.7 millj. kr. í nýrri aðstoð. Þetta er nú jafnréttið.

Menn hafa í þessum umr. spurt um sparnað ríkissjóðs, og nú er ljóst, að Sjálfstfl. vill engan sparnað á ríkisfé rétt fyrir kosningar. Ekkert orð er um það í frv., að álagning í heildsölu og smásölu verði færð aftur niður í sömu prósenttölu og á s. l. ári. Ekkert orð hefur enn heyrzt um ráðstafanir til að skipuleggja og draga úr fjárfestingu ríkisins, sveitarfélaga eða einstaklinga, og bændur hafa ekki fram að þessu lækkað framleiðsluvörur sínar. En sem svar við því taldi ég ekki útilokað, að launamenn fórnuðu nokkrum vísitölustigum af sínu kaupi. Og síðast, en ekki síst taldi ég það vera takmarkið með öllu þessu að knýja kaupgjald og verðlag til stöðvunar í 185 stigum eins og Alþýðusambandsþingið mælti með nokkrum dögum síðar. Það var raunhæft takmark, en 10 stiga niðurfellingin í viðbót er kauprán, því að þessi ríkisstj. íhalds og Alþfl. hefur enga getu til að lækka verðlagið sem því svarar. Og svo skulum við þá heldur ekki gleyma því, sem Morgunblaðið hefur margtekið fram: Þetta eru aðeins fyrstu spor, fyrstu aðgerðir í efnahagsmálum, framhaldssporin og síðari aðgerðir verða ekki nefndar á nafn fremur en snara í hengds manns húsi fyrr en eftir síðari kosningarnar í haust, og við vitum, að það er gengisfelling.

Nú er ég við því búinn, að einhver spyrji: Telur þú ekki nauðsynlegt að stöðva verðbólguna, og ef svo er, hvers vegna ertu þá á móti frv. ríkisstj.?

Þessu er ósköp fljótsvarað: Ég tel höfuðnauðsyn, að verðbólgan sé stöðvuð, og það er heitasta ósk verkalýðshreyfingarinnar og allra launamanna, að reistar verði rammar skorður við verðbólguþróun þjóðfélagsins og reynt að stöðva hana hið fyrsta, og einmitt þess vegna er ég ákveðinn andstæðingur þessa frv.

En er þá ekki stefnt að stöðvun verðbólgunnar með aðgerðum ríkisstj. í þessu frv.? spyrja menn. Nei, því fer víðs fjarri, að svo sé. Með þeim er einmitt stefnt út í stórfellda aukningu verðbólgunnar ásamt tilfinnanlegri og ranglátri kjaraskerðingu vinnandi stétta, eins og sýnt hefur verið fram á. Allir hagspekingar eru sammála um það, að hallarekstur hjá því opinbera auki verðbólgu. Með þessum aðgerðum ríkisstj. er stofnað til stórkostlegs hallarekstrar. Framtíðin á að borga brúsann, það dylst engum, og þar með er stofnað til vaxandi verðbólguþróunar. Í öðru lagi er beinlínis stuðlað að aukinni verðbólguþróun í öllu verðlagskerfinu með ákvæðum frv. um tíðari endurskoðun en áður bæði á landbún-

aðarverði og fiskverði við hverja sveiflu, sem framfærsluvísitalan kann að taka upp á við.

Það er hin argasta villukenning, að kaup og kjör verkafólks séu höfuðorsök verðbólgu og þess vegna verði að byrja á því að skera vinnulaunin niður, þá stöðvist verðbólgan eins og af sjálfu sér. Hér er nefnilega byrjað á algerlega öfugum enda. Hið rétta er: Frumorsök þeirrar verðbólgu, sem hér hefur verið í íslenzku þjóðfélagi í rúman seinasta áratug, er það óhemjufjármagn á íslenzkan mælikvarða, sem inn í landið flæddi á stríðsárunum og eftir stríðið, um eða yfir 2000 millj. kr., án þess að útflutningsframleiðslan ykist að sama skapi. Þannig hefur Keflavíkurflugvöllur og allt farganið í kringum hann alltaf verið stórfelldur verðbólguvaldur og er það enn, þótt í minni mæli sé. Allt of miklum hluta þessa fjármagns var svo varið til aukinna lífsþæginda, ófrjórrar eyðslu og margs konar fjárfestingar, sem ekki leiddi til framleiðsluaukningar, og það er meginbölið.

Framleiðsluaukning og aftur framleiðsluaukning ásamt auknum sparnaði ríkisins er því rétta byrjunin, ef í alvöru skal lagt til atlögu við verðbólguþróunina, og með auknum þjóðartekjum er alls ekki líklegt, að til nokkurrar kauplækkunar þyrfti að koma.

Þetta frv. er vissulega kauplækkunarfrv. En verðlækkanirnar, sem það lofar, verða vissulega minni en af er látið og munu koma með seinni skipunum, og það er vissulega höfuðmisskilningur, ef það er þá ekki höfuðlygi, að aðgerðum þessa frv. sé stefnt gegn verðbólgunni. Þvert á móti, þetta er svo sannarlega verðbólgufrumvarp, sem einhliða ræðst á launastéttir landsins og riftar frjálsum samningsrétti verkalýðsfélaganna. Það er því heilög skylda Alþingis að mínu áliti að fella þetta frv.

Að lokum þetta: Ég harma það sáran, að það skyldi hafa hent verkalýðsflokk að hafa tekið að sér það hlutverk fyrir flokk atvinnurekenda að bera fram á Alþingi Íslendinga frv. til laga, sem brýtur niður samningafrelsi stéttarfélaganna og ákveður stórfellda kauplækkun með lögum. Í þessum harmleik og löngu eftir að hann er af sviði munu íslenzkar launastéttir ekki gleyma, hver fór með hlutverk Ketils garmsins, og því síður mun gleymast sá, sem í þessum leik fór með hlutverk Skugga-Sveins og valdi sér þó stöðu að baki Katli, en það er Sjálfstfl. í þessari mögnuðu aðför, sem nú er gerð að launastéttum Íslands.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti, góðir áheyrendur. Ég trúði varla mínum eigin eyrum, þegar ég heyrði hv. 7. þm. Reykv., Hannibal Valdimarsson, hér rétt áðan tala um leikbrúður, sem stjórnað væri af öðrum, og ætla þessu að vera spaug um aðra. Hver skyldi það vera hér á Alþ., sem nú dansar fimlegast eftir því, hvernig kippt væri í spottann? Skyldi hv. þm. í raun og veru ekki vita, að það hanga margir spottar aftan úr honum, og skyldi hann virkilega ekki finna, hverjir kippa í þá? En þjóðin veit það — og nóg um það.

Vandi sá, sem nú er við að etja í íslenzkum efnahagsmálum, er ekki nýr af nálinni. Hann hefur ekki skapazt skyndilega um þessi áramót, og hann er ekki heldur síðan í fyrra eða hittiðfyrra. Í aðalatriðum er um að ræða sama vandamálið og glímt hefur verið við allar götur síðan í stríðslok. Stundum er sagt, að undirrót erfiðleikanna sé, að fjárfesting hafi verið of mikil. Stundum er sagt, að orsökin sé sú, að þjóðin hafi tamið sér of góð lífskjör. Hvorugt er rétt út af fyrir sig, og þó er nokkur sannleikur í hvoru tveggja.

Vöxtur þjóðarteknanna síðan í stríðsbyrjun hefur verið svo mikill, að þjóðin hefði með eðlilegum og heilbrigðum hætti getað létt sér þau lífskjör, sem hún hefur notið, ef hún hefði ekki jafnframt viljað verja jafnmiklu til fjárfestingar og gert hefur verið. Hún hefði einnig getað haft fjárfestinguna jafnmikla og hún hefur orðið án þess að stofna til verðbólgu, ef hún hefði viljað sætta sig við nokkru lægri lífskjör. En hitt hefur verið ómögulegt: að gera hvort tveggja samtímis, að njóta sömu lífskjara og við höfum notið og halda uppi sömu fjárfestingu og hér hefur verið framkvæmd, nema þá efna til mikillar verðbólgu, eyða gjaldeyrisforða og stofna til mikilla lausaskulda og svipta þannig atvinnu- og viðskiptalífið traustum og heilbrigðum grundvelli og valda öryggisleysi um afkomu bæði framleiðenda og launþega. Það er einmitt þetta, sem hefur gerzt.

Í sannleika sagt hefur verðbólgan og söfnun lausaskulda síðan í stríðslok þó verið minni en búast hefði mátt við með tilliti til neyzlu þjóðarinnar og fjárfestingar hennar, og er ástæðan sú, að á árunum 1948—53 nutum við mikillar erlendrar fjárhagsaðstoðar. Síðan hafði þjóðin um skeið mjög miklar óvenjulegar gjaldeyristekjur, og um nokkur ár hefur hún fengið óvenjumikið af föstum erlendum lánum til langs tíma. Ef gera á annað hvort, að stöðva verðbólguna eða draga út notkun erlends lánsfjár, að ég ekki tali um, ef gera ætti hvort tveggja, þá verða menn að horfast í augu við, að það er alls ekki hægt að halda hvoru tveggja óbreyttu, fjárfestingunni og neyzlunni. Annað hvort eða hvort tveggja verður að minnka. Ég er þeirrar skoðunar, að fyrst og fremst fjárfestingin eigi að minnka og að það sé hægt að halda neyzlu þjóðarinnar, eins og hún er nú, óbreyttri með heilbrigðum hætti. En þá verða menn að hafa kjark til þess að draga mjög verulega úr fjárfestingunni, einkum þeirri, sem ekki verður talin arðbær og stendur ekki í sambandi við útflutningsframleiðsluna.

Þetta verður að sama skapi auðveldara sem framleiðsla þjóðarinnar er í örari vexti. Sem betur fer, hefur vöxtur hennar verið ör undanfarin ár, og allt bendir til þess, að sá vöxtur geti haldið áfram, ef engin óhöpp koma fyrir og okkur tekst að stjórna efnahagsmálunum sæmilega. En sá vöxtur getur aldrei orðið svo mikill, að hann leysi allan þennan vanda, held-

ur getur hann aðeins gert hann auðveldari viðfangs.

Að öðru leyti er vandamálið nú við þessi áramót tvíþætt. Þegar efnahagsmálalöggjöfin var samþ. í maí s. l., var í raun og veru frestað að gera ráðstafanir vegna 10 stiga vísitöluhækkunar, sem vitað var að verða mundi. Um það leyti var rætt opinskátt um það í þáv. ríkisstj. og stuðningsfl. hennar, að þessi 10 vísitölustig væru vandamál, sem ræða þyrfti við stéttasamtökin um að leysa. Þess vegna var málinu skotið á frest. Með hliðsjón af þessu er það í rauninni alveg eðlilegt, að hv. 7. þm. Reykv., Hannibal Valdimarsson, skuli hafa gert það að till. sinni í grein í Vinnunni, að launþegar ásamt bændum og öðrum framleiðendum gæfu eftir nokkur vísitölustig, og að hann skuli hafa látið þau ummæli falla í ræðu á Alþýðusambandsþingi, að til greina kæmi, að launþegar afsöluðu sér 10—15 vísitölustigum.

En vandamálið jókst mjög á síðari hluta nýliðins árs, eins og raunar er alkunnugt. Vegna 6—9% grunnkaupshækkunar þeirrar, sem varð síðari hluta ársins, og 2 stiga hækkunar á vísitölu var kaupgjaldið í nóv. s. l. orðið 7—11% hærra en það kaup, sem bætur til útflutningsframleiðslunnar voru miðaðar við í maí s. l. 1. des. varð síðan enn hækkun á kaupgjaldi vegna hækkunar á kaupgjaldsvísitölu um 17 stig, þannig að við síðustu áramót var kaupgjald orðið 17—21% hærra en gert var ráð fyrir, þegar rekstrargrundvöllur útflutningsframleiðslunnar var ákveðinn fyrir s. l. ár.

Þessi einfalda staðreynd hlýtur að opna augu sérhvers skynsams manns fyrir því. Í hvert fjarstæðukennt óefni framleiðslu- og fjármál þjóðarinnar voru komin um síðustu áramót. Á 6 mánuðum hafði krónutala þess kaups, sem launþegar fengu í hendur, vaxið um 17—21%. Enginn heilvita maður getur trúað því, að þjóðarframleiðslan hafi á s. l. ári vaxið um 17—21%, þannig að lífskjör þjóðarinnar geti í raun og veru batnað sem þessu nemur. Hvert mannsbarn hlýtur að skilja, að jafnstórkostlegar breytingar á krónutölu kaups hljóta að langmestu leyti að leiða til samsvarandi hækkunar á verðlagi, þannig að breytingin er sú ein, að fleiri krónur fari um hendur manna en áður.

Til lausnar á þeim vanda, sem við blasti um áramótin, er í raun og veru aðeins um tvær aðalleiðir að ræða. Hin fyrri er sú að fara eins að og gert hefur verið um mörg undanfarin ár, þ. e. hækka bætur til útflutningsframleiðslunnar svo mikið sem nauðsynlegt reynist til þess að gera henni kleift að standa undir sannarlegum kostnaðarauka og afla síðan fjár til þess að greiða þessar bætur með nýjum álögum á landsmenn. Þetta mætti kalla hækkunarleiðina. Hin leiðin er sú að lækka tilkostnað útflutningsframleiðslunnar með niðurfærslu kaupgjalds og verðlags svo mikið, að hægt sé að halda aðalútflutningsbótunum, þ. e. þeim, sem greiddar eru á útflutningsverðmæti, óbreyttum og komast þannig hjá því að hækka yfirfærslu- og innflutningsgjöldin. Þetta mætti kalla lækkunarleiðina.

Ég skal nú reyna að bera þessar leiðir saman í sem stytztu máli. Ef hækkunarleiðin væri farin, hefur verið áætlað, að fjárþörf útflutningssjóðs og ríkissjóðs yrði um 400 millj. kr., svo að afla hefði þurft þessarar upphæðar, hvorki meira né minna en 400 millj. kr., með því að leggja ný gjöld á landsmenn. Svo gífurleg hækkun yfirfærslu- og innflutningsgjalda hefði auðvitað haft í för með sér mjög mikla hækkun á verðlagi. Bæði kauphækkunin 1. des. og þessi hækkun innfluttrar vöru hefði hækkað innlent verðlag í jan. og febr. mjög verulega. Í mánuðunum des., jan. og febr. hefðu launþegar því þurft að búa við mjög ört hækkandi verðlag, en óbreytt kaup. Kauphækkunin 1. des. hefði þannig smáeyðzt í hækkandi verðlagi. 1. marz hefði kaupið hins vegar hækkað aftur, en í mánuðunum marz, apríl og maí hefði farið á sömu leið og í mánuðunum des., jan. og febr. Verðlagið hefði stöðugt hækkað og án efa örar og örar, því að gera má ráð fyrir, að bændur hefðu krafizt þess að fá afurðaverði sínu breytt til fulls samræmis við þær öru kaupgjaldsbreytingar. Svona hefði þetta haldið áfram. Kaupgjald og verðlag hefði enn hækkað um 25% á einu ári. Kaupgjaldið hefði breytzt á 3 mánaða fresti, en hver kauphækkun hefði fuðrað upp í verðbólgueldi, sem magnazt hefði með hverjum mánuðinum sem leið. Í fyrsta lagi hefðu launþegar alltaf þurft að bíða eftir að fá verðhækkunina jafnaða, í öðru lagi hefðu orðið hækkanir á gjöldum, sem alls ekki er tekið tillit til í gamla vísitölugrundvellinum, svo sem á við um skatta og útgjöld, og í þriðja lagi hefði orðið mikil hækkun á verði ýmissar vöru, sem of lítið tillit er tekið til í gamla grundvellinum, vegna þess, hve þýðingarlítil hún var í neyzlunni, þegar sá grundvöllur var fundinn.

Af þessum sökum er hækkunarleiðin launþegum tvímælalaust óhagkvæm, jafnvel séð frá þrengsta sérhagsmunasjónarmiði þeirra. Þar við bætist, að hækkunarleiðin hefði leitt yfir þjóðina stórkostlegri, örari verðbólguþróun en nokkru sinni fyrr með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir vöxt og viðgang atvinnulífsins í landinu, auk þess sem hún hefði brennt upp *til agna fjórðung af sparifé manna, ungra og* gamalla.

Ef hins vegar væri farin lækkunarleiðin, hafa athuganir sýnt, að kaupgjaldsvísitala þarf að komast niður í 175 stig, til þess að ekki þurfi að hækka hinar almennu útflutningsbætur og þar með ekki yfirfærslu- og innflutningsgjöldin. Það svarar til 13% lækkunar á því kaupi, sem mönnum hefði verið greitt í des. og jan. Það er þó að sjálfsögðu stórkostleg og raunar augljós blekking, að þessi 13% lækkun á krónutölu kaups, eins og hefur verið í tvo mánuði, jafngildi 13% kjaraskerðingu. Kaupgjald lækkar að krónutölu sem svarar til 17 vísitölustiga. Verðlag ýmist hefur lækkað eða mun lækka sem svarar 17 vísitölustigum, svo að það, sem er gert ráð fyrir

að launþegar, bændur og allar aðrar stéttir gefi eftir af kaupi sínu eða tekjum, getur aldrei orðið meira en sem svarar 10 vísitölustigum eða 5.4% af kaupgjaldinu eða tekjunum. En það er líka rangt að tala um þessa lækkun kaupgjalds sem 5.4% kjaraskerðingu, eins og hv. 2. þm. S-M., Lúðvík Jósefsson, gerði í ræðu sinni áðan. Allar tölur, sem vitnað hefur verið í af hálfu málsvara og blaða Alþb. um svo mikla kjaraskerðingu vegna þessa frv., eru byggðar á því, að launin hefðu getað haldið þeim kaupmætti, sem þau höfðu eftir síðustu kauphækkun, 1. des. s. l. En hvert mannsbarn á að vita, að þetta er ekki rétt. Strax fyrstu dagana í des., þ. e. þegar í stað eftir kauphækkunina, var verðlag byrjað að hækka vegna kauphækkunarinnar og kaupmátturinn þannig að rýrna aftur, krónufjölgunin tekin að brenna á verðbólgubálinu. Sá eldur hefði magnazt. Ef hægt væri að sýna fram á, að unnt hefði verið að stöðva alla hækkun alls verðlags eftir 1. des. s. l. þrátt fyrir kauphækkunina, sem þá var orðin eftir 1. júní, mætti segja, að ráðstafanir þessa frv. hefðu í för með sér kjaraskerðingu, miðað við það ástand. En hver einasti maður á Íslandi veit, að þessu er ekki svo farið, og þar með er grundvellinum kippt undan öllum tölunum, sem menn hafa heyrt og hafa séð hampað um svo og svo mikla kjaraskerðingu af völdum ráðstafana þessa frv.

Þetta verður raunar einnig augljóst, þegar bornar eru saman meðalárstekjur ýmissa stétta á s. l. ári og væntanlegar tekjur þeirra í ár, miðað við að kaupgreiðsluvísitala verði 175 frá 1. febr. Árið 1958 hafði Dagsbrúnarverkamaður, sem vann 8 tíma á dag og alla virka daga og 5 tíma á viku í eftirvinnu, 56100 kr. í árslaun. En miðað við kaupgreiðsluvísitölu 175 frá 1. febr. n. k. og út árið, munu árslaun hans 1959 verða 58700 kr. eða um 2600 kr. hærri en þau voru í fyrra. Kaup járniðnaðarmanns mun í ár, miðað við sömu forsendur, verða 71100 kr., en var í fyrra 70800. Opinber starfsmaður í 7. launafl. mun nú í ár fá 74600 kr. í laun, en hafði í fyrra 73500. Opinber starfsmaður í 10. launafl. hafði í fyrra 60100 kr. í laun, en mun nú í ár fá 61000 kr. í laun. Laun allra þessara starfsstétta munu því í ár verða nokkru hærri en þau voru á s. l. ári, þótt kaupgreiðsluvísitala verði aðeins 175 frá 1. febr. Meðalframfærsluvísitalan var 1958 201 stig, en yrði 203 stig 1959, ef miðað er við óbreytt verðlag frá 1. marz, eins og miðað var við óbreytt kaup frá sama tíma í launatölunum, sem ég nefndi áðan. Hækkun árstekna verður því frá 0.4—4.6%, en hækkun á framfærsluvísitölu aðeins 1%. Það er því mikil blekking, að þetta frv. geri ráð fyrir lækkun á árslaunum manna, miðað við árið 1958. Þess vegna er það á röngum forsendum byggt, þegar reynt er að vekja ugg hjá þeim, sem á síðustu árum hafa stofnað til skulda til þess að koma upp yfir sig húsnæði, og telja þeim trú um, að nú muni þeir missa íbúðir sínar, vegna þess að skuldirnar standi í stað, en launin lækki. Það, sem lagt er til í þessu frv., er alls ekki að lækka árstekjur manna frá því, sem var á síðasta ári, heldur hætta við framkvæmd kauphækkunar, sem enginn raunhæfur grundvöllur er fyrir, heldur hefði aukið snúningshraða verðbólguhjólsins svo gífurlega, að beinn voði hefði verið að.

Það er alkunna, að fyrrv. stjórnarsamstarf rofnaði vegna ágreinings um efnahagsmálin. Í raun og veru er enginn grundvallarmunur á þeim till., sem á sínum tíma voru lagðar fram um þessi mál af hálfu Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl. Tillögur Alþb. hafa hins vegar því miður frá upphafi verið sumpart óraunhæfar og sumpart óljósar. Alþb. lagði til, að niðurgreiðslur yrðu auknar um 15 stig, án þess að benda á nægilegar tekjur. Þetta var óraunhæft. Alþb. áætlaði bótaþörf útflutningsframleiðslunnar tvímælalaust allt of lága. Þetta var líka óraunhæft. En það, sem ávallt var óljóst hjá Alþb., var, hversu mikla eftirgjöf vísitölustiga hjá launþegum og bændum það vildi samþykkja. Ég segi með ráðnum hug: hversu mikla, því að í samningunum um endurreisn fyrrv. stjórnar sögðu málsvarar Alþb. beinlínis, að þeir væru til viðtals um eftirgjöf 6 vísitölustiga og væri það raunar ekki síðasta orðið. Þetta varpar auðvitað undarlegu ljósi á hina hörðu gagnrýni flokksins á þá 10 stiga eftirgjöf, sem nú er gert ráð fyrir. Ég nefni þetta hér til þess að geta látið þess getið, að meðal ráðamanna Alþb. eru áreiðanlega menn, sem í raun og veru gera sér fulla grein fyrir kjarna þeirra vandamála, sem við er að etja, og að skynsamlegast er að taka í aðalatriðum á þeim eins og nú er gert ráð fyrir. Ég held í sannleika sagt, að þetta eigi við um báða fulltrúa Alþb. í fyrrv. ríkisstj. og fleiri menn í þingflokki þeirra. Á hinn bóginn er flokkurinn sem heild og blaðakostur hans á valdi manna, sem hugsa allt öðruvísi og vilja breyta út frá allt öðrum forsendum, manna, sem í einu og öllu aðhyllast lífsviðhorf hins alþjóðlega kommúnisma og hafa því í rauninni annaðhvort vantrú eða fyrirlitningu á öllum tilraunum til þess að hafa skynsamlegt vit í efnahagskerfi auðvaldsskipulags. Þeim finnst, að það geti hvort eð er ekki verið annað en ranglátt og heimskulegt, og gleyma þó alveg að taka tillit til þess, að efnahagskerfið á Íslandi nú er mjög ólíkt því auðvaldsskipulagi, sem bæði jafnaðarmenn og kommúnistar deildu fastast á, þegar fræðikenningar þeirra mótuðust í upphafi. Út frá sjónarmiði slíkra manna er það að vissu leyti rökrétt að vera alltaf neikvæður. Því fyrr sem auðvaldsskipulagið verður gjaldþrota, því betra, hugsa þeir. Það er þess vegna í samræmi við innsta eðli og allar grundvallarskoðanir slíkra manna að vera ávallt neikvæður, ávallt í andstöðu, þangað til byltingin hefur orðið sigursæl og þeir sjálfir eru komnir til valda, bera aldrei ábyrgð á jákvæðum ráðstöfunum í þjóðskipulagi, sem þeir eru andvígir. Þeir blátt áfram kunna það ekki, geta það ekki. Það kom ávallt í ljós, þegar taka þurfti mikilvægar ákvarðanir um efnahagsmál í fyrrv.

ríkisstj., að slík öfl voru afar sterk í Alþb. Stundum urðu þau að lúta í lægra haldi, en þegar mest á reyndi, urðu þau ofan á, og það var höfuðorsök þess, að stjórnarsamstarfið rofnaði.

Ég álít þessa staðreynd vera eitt meginvandamál íslenzkra stjórnmála nú í dag, þá staðreynd, að einn af fjórum þingfl. þjóðarinnar, flokkur, sem hefur á að skipa 8 þingsætum, skuli í raun og veru reynast á valdi manna, sem annaðhvort vilja ekki eða geta ekki tekið jákvæða afstöðu til efnahagsvandamálanna, en kjósa heldur neikvæða gagnrýni, þótt umbjóðendum þeirra sé með því augljóslega ekki unnið gagn, heldur tjón.

Alþfl. hefur nú undir þessum erfiðu kringumstæðum ekki viljað taka sams konar afstöðu. Hann gerir sér ljóst, að í efnahagsmálunum er þjóðin nú stödd á krossgötum. Ég vil engan veginn segja, að það sé auðvelt eða þrautalaust, hvorki fyrir þjóðina í heild, einstakar stéttir hennar né stjórnmálaflokkana, að halda út á rétta braut. Til slíks þarf oft bæði áræði og ábyrgðartilfinningu, og það á nú við. En Alþfl. hefur talið það skyldu sína að flýja ekki erfiðleikana, að vera jákvæður. Í þeim vanda, sem nú steðjar að þjóðinni, vill hann kappkosta að segja henni satt. Þau stjórnarstörf, sem hann hefur nú tekizt á hendur um stundarsakir, mun hann kappkosta að framkvæma heiðarlega og vonar, að sem stærstur hluti þingmanna beri gæfu til þess að sameinast um ráðstafanir í efnahagsmálum, sem þjóðinni í heild megi verða til heilla.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Fram að þessu hafa framleiðendur ekki mátt hækka verðlag sitt, þótt grunnkaup eða vísitala hækkaði, fyrr en í lok verðlagsárs. Nú á að breyta þessu varðandi framleiðendur sjávarafurða. Flestum mun víst finnast, úr því að þetta er gert, að sama ætti að gilda um aðra framleiðendur einnig, bændurna, en ekki stjórnarflokkunum, eins og stjórnarfrv. ber með sér.

Framsfl. tók upp baráttu fyrir jafnrétti í framhaldi af óskum framleiðsluráðs landbúnaðarins. Stjórnarliðið lét undan síga, og samþykkt var, að afurðaverð mætti hækka eins og grunnkaup, en jafnrétti fékkst ekki. Önnur vísitöluregla skal gilda fyrir bændur en aðra framleiðendur.

Eftir frv. á að stokka upp verðlagsmálin nú og byrja á nýjum grunni.

Fellt var í dag á Alþingi að setja verðlag landbúnaðarafurða í samræmi við kaupgjaldið í dag og verðlag á útflutningsvörum í dag. Saman stóð stjórnarliðið allt og kommúnistar í því að synja bændum jafnréttis við aðra framleiðendur. Eftir þessu mun verða tekið.

Lítilmannlega fórst hv. 2. þm. S-M., Lúðvík Jósefssyni, í því að kenna efnahagslöggjöfina aðeins við tvo stjórnarflokkana. Að efnahagslöggjöfinni stóðu allir flokkarnir, sem stóðu að fyrrv. ríkisstj., og kommúnistar eða Alþýðubandalagsmenn gátu ekki bent á neina aðra færa leið í efnahagsmálunum en þá, sem farin var í frv.

Hann virtist ákaflega sorgmæddur yfir því, að nokkur greiðsluafgangur hefði orðið s. l. ár, og heimtaði, að hann yrði étinn upp og alls ekki notaður til þess að auka íbúðalán eða til annarra slíkra framkvæmda, það fannst honum hneyksli. Greiðsluafgangurinn varð vegna þess, að innflutningur varð óvenjulega mikill vegna mikils lánsfjár, sem tekið var erlendis til framkvæmda á árinu, og vegna óvenjulegra tekna af einkasölum á áfengi og tóbaki, sem sumpart byggðist á bættri tollgæzlu. Ef ekki hefði orðið nokkur greiðsluafgangur við þessi skilyrði, þá þýddi það, að fjárlögin hefðu verið raunverulega afgreidd með greiðsluhalla í meðalári.

Þessi hv. þm. talaði hér um sparnað í rekstri ríkisins. Við þekkjum, hvað kommúnistar meina með þessu sparnaðartali. Þeir hafa flutt hverja till. eftir aðra síðustu missirin í fyrrv. ríkisstj. um að skera niður verklegar framkvæmdir og til viðbótar að leggja fjárfestingarskatt á verklegar framkvæmdir.

Um stjórnarslitin í vetur eða ástæður fyrir þeim er óþarfi að deila. Einar Olgeirsson hefur lýst vígi stjórnarinnar á hendur sér hér á Alþingi. Hann lýsti því yfir í umr. einmitt um þetta frv., að sú stefna fyrrv. stjórnar að endurskoða vísitölukerfið hefði verið hrein fjarstæða, og státaði af því, að hans flokkur hefði lokað þeirri leið gersamlega. En menn geta bara hér um bil séð, hvernig þá hefði verið hægt að fást við þessi mál, þegar það er athugað, að jafnvel þótt fallið sé frá 10 vísitölustigum, vantar upp undir 200 millj. inn í kerfið, uppbótakerfið og vegna ríkisbúskaparins.

Fyrrv. stjórn gat ekki leyst efnahagsmálin á kostnað framkvæmdanna úti um landið, þó að kommúnistar vildu það, því að með því hefði hún svikið stefnu sína, sem hún lýsti yfir að væri sú að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Og þó að kommúnistar vildu, að stjórnin sviki þessa stefnu sína, þá var það ekki hægt.

Hv. 1. þm. Reykv., Bjarni Benediktsson, ræddi hér áðan nokkuð um viðskilnað fyrrv. ríkisstj. Ég hélt, að hv. þm. hefði orðið sér nægilega til athlægis hér á hv. Alþingi um daginn út af broslegum mótsögnum hans, þar sem hann fyrst lýsti þeim digru sjóðum, sem eftir hefðu verið skildir í stjórnarráðinu, og þar með of mikið tekið af þjóðinni, en umturnaðist svo á næstu mínútum út af því, að fyrrv. stjórn hefði verið gersamlega fjárþrota, bætti svo við áætlunum um að lifa af því að éta upp afgangana og fiskbirgðirnar með. En hv. þm. virðist það mest áhugamál að láta hlæja að sér og endurtekur því þessar sömu hlálegu fjarstæður núna hér í þessum umr. Hann virðist vera að búa sig undir að gerast skemmtikraftur á kosningasamkomum sjálfstæðismanna og vill því ólmur verða að athlægi strax. Hann um það. En lítið held ég að þessi

málflutningur auki veg hans eða flokksins, og er sízt um það að sakast. Það er gott, á meðan hann heldur þessu áfram.

Í fjármálum botnar þessi hv. þm. ekki neitt, ruglar öllum tölum viljandi og óviljandi. Hann ber saman algerlega ósambærilegar skuldatölur, svo að úr verður botnlaus hringavitleysa, og talar svo um ringulreið í reikningsfærslu.

Annars verð ég að segja, að þessar umr. upplýsa að ýmsu leyti betur en mátti gera sér vonir um, hvernig línurnar liggja. Ég vona, að það hafi ekki farið fram hjá neinum, hvernig þeir hv. 1. þm. Reykv., Bjarni Benediktsson, og 2. þm. S-M., Lúðvík Jósefsson, kepptust um að lýsa því yfir hér í útvarpinu, að annað eins hneyksli og það að verja 63 millj. af gengismuninum af Ameríkuláninu í ræktunarsjóð, í fiskveiðasjóð, í raforkuáætlunina og í sementsverksmiðjuna, að annað eins hneyksli og þetta, að verja þessum fjármunum í þessar framkvæmdir, vildu þeir ekki láta kenna við sig á einn eða annan hátt. Og hv. 1. þm. Reykv. sagði meira að segja, að þetta væri sérstakt rannsóknarefni, sem ekki væri búið að gleyma. Ja, hvílíkt hneyksli, að þessum fjármunum skuli hafa verið varið til þess að standa undir raforkuáætluninni, bátakaupunum, byggingunum í sveitunum s. l. ár og til þess að ljúka sementsverksmiðjunni! En þetta sýnir kannske betur en langar ræður, hvert það er, sem þessir hv. þm. eru að fara með öllu sínu tali um hina nýju fjárfestingarstefnu og þar fram eftir götunum. — Ég vona, að menn hafi tekið eftir þessu.

Í umr. þeim, sem hér hafa orðið um þetta mál, hefur Einar Olgeirsson, hv. þm. Reykv., deilt mjög fast á ranga og óarðbæra fjárfestingarstefnu og fjáraustur í atvinnuvegi, sem ekki ættu rétt á sér. En grundvöllurinn undir þessu öllu saman sagði hv. þm. að væri samkeppnin um kjördæmin, sem sagt, áhrif manna úti um landið væru of mikil. Og síðan, þegar hv. þm. hafði útlistað þetta með sterkustu orðum tungunnar og af mikilli mælsku, þá sagði hann: Má vera, að þetta lagist, ef kjördæmunum verður breytt.

Og í umr. hér í gærkvöld kom einn af forustumönnum Sjálfstfl., Ólafur Björnsson, og hélt fyrirlestur um það, sem annars vegar héti pólitísk fjárfesting, en hins vegar það, sem kalla mætti efnahagslega fjárfestingu. Við vitum, hver hin pólitíska fjárfesting er. Það er fjárfestingin úti um land. En sú efnahagslega, það er eitthvað annað. Og í þessu sambandi var hann að tala m. a. um fiskiðjuverið á Seyðisfirði í mjög niðrandi tón. En það var annað hljóðið í sjálfstæðismönnum, þegar þeir fyrir skömmu voru að státa af forgöngu sinni að byggingu fiskiðjuversins á Seyðisfirði. Annars er bezt að spá sem minnstu um framtíð þess. Það liggur við góða og glæsilega höfn og getur kannske komið að meiri notum, áður en nokkurn varir, heldur en þeir halda, sem nú tala um það í fyrirlitningartón. En það væri fróðlegt að vita hjá þessum hv. forustumanni Sjálfstfl. og öðrum slíkum, undir hvorn flokkinn heyrir t. d. fjárfesting eins og bygging Faxaverksmiðjunnar og Hæringskaupin. Heyrir það undir pólitíska fjárfestingu eða efnahagslega fjárfestingu? Og hvar koma slíkar fjárfestingar eins og þær inn í hugleiðingar þessara hv. þm. um kjördæmamálið og það plan, sem þar liggur á bak við?

Og þessi hv. þm., forustumaður Sjálfstfl., hafði bætt því við, að ef hér hefði að undanförnu aðeins verið gætt þess að halda sig við efnahagslega fjárfestingu, þá mundi fjárfestingin hafa minnkað í heild og allt hafa verið í lagi. Jú, sem sagt, ef „pressan" hefði verið minni og minna fjármagn lagt víðs vegar um landið til uppbyggingar á margan hátt, þá hefði fjárfestingin verið minni og gengið betur í efnahagsmálunum.

Á þessu sjá menn gleggra en nokkru öðru, hvaða lausn það er, sem raunverulega er fyrirhuguð í efnahagsmálunum af hendi þessara manna.

Það er margt, sem angrar sjálfstæðismenn um þessar mundir, og er það skiljanlegt. Eitt af því er framkoma flokksins í stjórnarandstöðunni undanfarið. Flokkurinn gafst alveg upp við að móta heilsteypta stefnu og reyna að vinna sér fylgi á því. Í þess stað greip flokkurinn til skemmdarverka, beitti sér fyrir hækkunarbaráttu, sem hann vissi að gat ekki orðið launastéttunum til nokkurs gagns, að ekki sé nú minnzt á landhelgismálið og lántökumálin. Notaði flokkurinn meira að segja atvinnurekendavald sitt til þess að koma slíkum hækkunum á, lét útsendara bjóða kaup-hækkanir, ef tregða var að krefjast þeirra.

Nú hefur komið fram eins glöggt og verða má, að fyrrv. ríkisstj. sagði mönnum satt um efnahagsmálin, en Sjálfstfl. sagði mönnum ósatt. Gleggsti vottur um það er till. Sjálfstfl. sjálfs um, að þjóðarnauðsyn beri til að lækka kaupgjald og afurðaverð um 6%.

Frv. það, sem hér liggur fyrir til 3. umr., fjallar í raun réttri um að innheimta af þjóðinni þær hækkanir, sem Sjálfstfl. eggjaði menn svo mjög á að taka s. l. ár. Einna gleggst væri kannske að hugsa sér aðalefnið úr þessu frv. sett upp eins og reikning, og gæti sá reikningur mætavel hljóðað þannig: Reikningur: Til þjóðarinnar. Frá Sjálfstfl. An. (eða úttekið): Ofreiknað kaup og afurðaverð að áeggjan vorri 170 millj. Undir gæti svo staðið Sjálfstfl., Bjarni Benediktsson, e. u.

Betra hefði verið fyrir alla, að ekkert hefði verið farið eftir því, sem Sjálfstfl. sagði í sumar, en þess í stað fylgt stefnu fyrrv. ríkisstj.

Þetta er það, sem raunverulega er að gerast. Sjálfstæðismenn eru óánægðir með þennan málflutning og hafa jafnvel látið á sér skilja, að þeir þykktust við hann, en það kemur alveg skakkt niður, að þeir snúi þykkju sinni að okkur í Framsfl. eða öðrum fyrir það, hvernig þessum málum er komið. Ekki höfum við komið þeim í þessa klípu. Þeir hafa gert það sjálfir, og þeir geta ekki búizt við öðru en á þetta sé bent, enda er sannleikurinn sá, að þótt enginn benti á þetta í nokkurri ræðu,

þá mundi það alls ekki fara fram hjá mönnum samt. Það er alveg óhugsandi. Þeir, sem fylgzt hafa með stjórnarandstöðu sjálfstæðismanna og vinnubrögðum þeirra undanfarið, kunna á þessu alveg glögg skil. Það munu sjálfstæðismenn eiga eftir að finna.

Þegar þessi mál ber á góma, þá reynir hv. 1. þm. Reykv. að verja sig eða draga athyglina frá aðalatriðinu með tveimur slúðursögum. Önnur er um till. framsóknarmanns í bæjarstjórn Reykjavíkur um Dagsbrúnarkaupið. En samhengi þessa máls er þannig, að sjálfstæðismenn ætluðu að hefna sín á Dagsbrúnarmönnum með því að halda fyrir þeim eðlilegum kauphækkunum, eftir að aðrir voru búnir að hækka hjá sér. Það átti að vera refsingin fyrir það, að Dagsbrún hafði lengur farið eftir aðvörunum ríkisstj. gegn kauphækkunum en önnur félög og minna skeytt um útsendara Sjálfstfl. En till. framsóknarmannsins í bæjarstjórninni var um það, að Dagsbrúnarmenn skyldu njóta sambærilegrar afgreiðslu og aðrir, en slík hefur ævinlega verið afstaða Framsfl.

Þá er það sagan um SÍS og kauphækkanir mínar í Sambandinu. Alltaf þegar Bjarni Benediktsson er settur í klípu út af framkomu flokksins í efnahagsmálum, grípur hann til þessarar sömu slúðursögu, að ég hafi reist nýja kauphækkunaröldu 1956 með því að gangast fyrir kauphækkunum hjá SÍS. En málavextir eru þessir: Ný launalög komu í gildi frá 1. jan. 1956, og kaup opinberra starfsmanna hækkaði um 10%. Reykjavíkurbær hækkaði kaup sitt um mitt sumarið 1956, SÍS hækkaði til samræmis um haustið, og gilti hækkunin frá 1. jan. 1956, sama tíma og nýju launalögin. Hér er um alveg hliðstæða breyt. að ræða og var í launalögum ríkisins og hjá Reykjavíkurbæ, ákvörðunin tekin seinna, en greitt frá sama tíma. Hv. þm. býr hreinlega til slúðursöguna um nýja kauphækkunaröldu, sem SÍS hafi reist, og endurtekur hana með viku millibili eða svo í Morgunblaðinu í því trausti, að sé lygin endurtekin nógu oft, þá verði henni trúað. En þetta á að draga athyglina frá hækkunarbaráttu sjálfstæðismanna, sem þó öll þjóðin þekkir, og þess vegna er þetta þýðingarlaust.

Framsfl. hefur ekki haft aðstöðu til að koma á samtökum um þau vinnubrögð í efnahagsmálum, sem hann taldi þjóðarnauðsyn. Það liggur ekki fyrir nú heildaryfirlit um afgreiðslu efnahagsmálanna, en það, sem vitað er, bendir eindregið til þess, að stefnt sé til stórfellds hallarekstrar, sem ásamt fleiru verði til að reisa nýja verðbólguöldu og gera efnahagsmálin erfiðari eftir nokkra mánuði en þau hafa nokkru sinni áður verið.

Framsfl. mun enga ábyrgð taka á ráðstöfunum ríkistj. Flokkurinn mun á hinn bóginn ekki, þar sem hann hefur engin tök á að koma fram heildarráðstöfunum, sem hann hefur trú á, beita þingstyrk sínum til þess að fella þá þætti í till. ríkisstj., sem að hans dómi mega teljast tilraun til að halda í rétta átt eða eru óhjákvæmilegir, til þess að framleiðslan haldist gangandi, jafnvel þótt einhverja galla megi á þeim tillögum finna. Framsóknarmenn munu ekki gerast skemmdarverkamenn í stjórnarandstöðunni.

Yfir hefur nú verið lýst pólitískum ófriði til þess að afnema öll kjördæmin utan Reykjavíkur og heilögu stríði lýst um nýja fjárfestingarstefnu, sem byrjað er að kalla efnahagslega fjárfestingarstefnu í stað pólitískrar, þegar kjördæmaskipun hefur verið breytt. Áður hafa framsóknarmenn bent á, að lokamark andstæðinganna væri að afnema kjördæmin, en það hefur verið svarið og sárt við lagt, að slíkt kæmi ekki til greina, þetta væru bara getsakir framsóknarmanna. En hvað kemur í ljós? Nú er því yfir lýst, að ætlunin sé að lögleiða örfá stór kjördæmi. Það er erfitt að ganga framan að mönnum og segja, að verið sé með þessu að taka af þeim mikilsverðan rétt og minnka áhrif héraðanna. Þess vegna verður að reyna að dulbúa sig í vinargerfið sem fyrr, og það er áður vel þekkt. Nú er sagt: Það á að kjósa jafnmarga samtals og áður. Það er meira að segja aukinn réttur að taka þátt í að kjósa fimm eða sex í stað þess að eiga þátt í að velja aðeins einn eða tvo. Það á að vera betra fyrir héruðin að eiga pínulítil ítök í þessum hóp en að eiga sérstaka fulltrúa, eins og nú er. Eftir þessum falsrökum ætti það að vera enn þá meiri réttarbót að eiga þátt í kosningu enn þá fleiri manna í einu lagi og sú mest að kjósa allan þingheim í einu lagi og afnema alveg alla kjördæmaskiptingu.

Svona röksemdafærslu er boðið upp á til þess að slá ryki í augu manna um það, sem fyrirhugað er. Svo segir hv. 1. þm. Reykv., Bjarni Benediktsson, að sameining kjördæmanna sé ekki að leggja þau niður, það sé eins og gifting. Eftir sömu röksemdafærslu væri það ekki heldur að leggja kjördæmin niður að gera landið að einu kjördæmi. Það væri bara að sameina þau. Þessar röksemdir ætlar hv. þm. handa fullorðnu fólki. Þegar sá, sem lagnastur er sjálfstæðismanna að snúa út úr, býður upp á þetta, þá sjá menn, hvernig málstaðurinn er. Áætlunin er sú að slíta fólkið úti um land úr tengslum við þingmennina með hinum stóru kjördæmum. Enginn ræður við að hafa náin tengsl, þegar kjördæmin eru orðin svo gífurlega stór sem fyrirhugað er. Þannig á að minnka aðhaldið utan af landi, áður en höfuðúrræðin í efnahagsmálunum koma til greina. Það á að koma fram í verki, eftir að búið er að breyta til.

Eitt höfuðúrræði nýju stjórnarinnar er niðurskurðurinn. En aðrir munu ekki þora í þennan niðurskurð fyrir kosningar. Honum verður því vafalítið frestað, þangað til búið er að afnema kjördæmin og minnka pressuna.

Það er ekki út í bláinn, að þeir, sem fyrir kjördæmabreytingunni standa, hafa ekki viljað hlusta á málamiðlunartill. framsóknarmanna um að fjölga þm. kjördæmakjörnum, þar sem fólkinu hefur fjölgað mest. Slíkt mundi þó flestum finnast sanngjarnt, og ég vil biðja menn að taka eftir því, að Framsfl.

hefur verið reiðubúinn til slíkrar málamiðlunar. Á þetta hefur ekki verið litið, vegna þess að með því móti yrðu kjördæmin ekki lögð niður. Afnám kjördæmanna er aðalatriðið í þessari nýju áætlun. Nú á að stíga lokaskrefið í því, og á ekkert annað er hlustað.

En þess ber að gæta, að þessar áætlanir allar um nýja fjárfestingarpólitík, byggðar á nýrri stjórnskipan, eru alls ekki komnar í höfn. Almenningur í landinu á eftir að segja sitt orð. Það hefur skeð áður, að slíkar áætlanir hafa ekki komizt í framkvæmd, vegna þess að fólkið hefur risið á móti, hvað sem flokksforingjarnir sögðu og vildu. Enginn þingmanna er kosinn á þing til þess að leggja kjördæmi sitt niður. Mikill þorri manna úr öllum flokkum er á móti því að leggja niður kjördæmin og á móti þessari nýju fjárfestingarstefnu, sem boðuð er jafnframt. Afstaða manna í því efni fer ekki eftir flokkum. Fólkið í héruðunum hefur það á sínu valdi að knýja fram breyt. á þessum fyrirætlunum eða stöðva þær. — Góða nótt.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Eins og vænta mátti, hafa þessar útvarpsumræður um frv. hæstv. ríkisstj. til þess að stöðva verðbólguna í landinu verið nokkuð almenns eðlis. Ég gerði þó tæplega ráð fyrir því, að þeir, sem kæmu fram hér í kvöld af hálfu þingmanna, mundu verja svo að segja öllum ræðutíma sínum í að ræða annað mál, sem sé kjördæmamálið, eins og síðasti hv. ræðumaður, 1. þm. S-M., Eysteinn Jónsson, bæði nú í lok þessarar ræðu og í allri fyrri ræðunni, sem hann flutti. Ég vil leyfa mér að gefnu tilefni að gera nokkrar athugasemdir við þau ósannindi og missagnir, sem þessi hv. þm. leyfði sér að hafa um hönd í sambandi við kjördæmamálið og þá breytingu, sem þar er fyrirhuguð.

Ég vil leggja áherzlu á það, að sjálfstæðismenn hafa lagt á það megináherzlu í sambandi við þær till., sem þeir hafa undirbúið í sambandi við kjördæmaskipunina, að sjálf stjórnskipun ríkisins verði að miðast við, að kjölfestan, þ. e. hæfilegt jafnvægi í byggðum landsins, sogist ekki fyrir borð. Þrátt fyrir marga galla hinnar gömlu kjördæmaskipunar er það þó ríkt í eðlisfari Íslendinga, að byggðarlögin hafi sína þingmenn. Samfara jöfnum kosningarrétti einstaklinganna er því mikilvægt að hafa í huga jafnvægi byggðanna, og þetta höfum við sjálfstæðismenn gert okkur fullkomlega ljóst. En jafnvægi byggðanna er að sjálfsögðu auðvelt að tryggja, þó að sameinuð séu smærri kjördæmi innan eðlilegra byggðarlaga með samstæða hagsmuni.

Hv. 1. þm. S-M. endaði ræðu sína með því hér áðan, að þessar breytingar, sem fyrirhugaðar væru, hefðu ekki náð fram að ganga, það hefðu áður verið stöðvaðar breytingar á kjördæmaskipun af hálfu framsóknarmanna. Hann hefði ekki átt að minna á þetta. Það skeði í kosningum 1931, að Framsfl. fékk með þeirri kjördæmaskipun, sem hann virðist vilja halda upp á, 21 þm. kosinn af 36 kjördæmakosnum þingmönnum, sem þá átti að kjósa, með 35% af kjósendum landsins, en Sjálfstfl. fékk þá 12 þm., þó að hann hefði 43.8%. Þetta er það réttlæti, sem þessi hv. þm. hefur barizt fyrir í kjördæmamálinu og öðrum málum hér á þingi. Framsóknarmenn ætla sér ævinlega annan hlut en öðrum mönnum. Framsfl. fékk þarna í þessum kosningum 60% þingmanna á rúmlega þriðjung kjósendanna. En Framsfl. var þá skamma stund höggi feginn, og hann kynni að vera það einnig nú, ef hann ætlar að leggja megináherzluna á það að hanga í ranglætinu. Og ég minni á það, að það liðu ekki nema 2 ár, þar til næstu kosningar fóru fram, — og hvernig fór það? Framsfl. tapaði þá þriðjungi af öllum þingmönnum sínum.

Það, sem þessi hv. þm., sem talaði hér áðan, og Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk., virðast vilja, að ráða skuli í kjördæmaskipuninni, það er það, sem við búum við nú, að Framsfl. fær í síðustu alþingiskosningum 17 þm. kosna með um 13 þús. atkv., þegar Sjálfstfl. fær 19 þm. kosna með yfir 35 þús. atkv. eða nærri þrisvar sinnum stærri kjósendatölu og ætti, ef fullt jafnrétti væri milli kjósenda, rétt hlutfall milli þingmanna og kjósenda, að hafa 46 þm. á móti 17 þm. Framsfl. Mér finnst, að þessir 17 dátar ættu að skammast sín fyrir að sitja hér í þingsölunum í skjóli slíks ranglætis.

Það er, eins og ég sagði áðan, meginsjónarmið í till. sjálfstæðismanna í sambandi við kjördæmabreytingu, að nauðsynlegar leiðréttingar á kjördæmaskipuninni fækki ekki þingmönnum strjálbýlisins, og hefur heldur þótt rétt að fjölga þingmönnum nokkuð til þess að geta fylgt þessari reglu. Og ég vil alveg sérstaklega taka það fram í sambandi við dreifbýlið, að í till. þeim, sem undirbúnar hafa verið um stærri kjördæmi, er síður en svo gengið á rétt fólksins í strjálbýlinu. Hitt er sýnu nær, að aðstaða þess batni frá því, sem áður er, a. m. k. í fjölmörgum tilfellum, til þess að hafa áhrif á og samband við þm., sem verða mundu 5 til 6 eða 7 fyrir hvert kjördæmi í stað eins eða tveggja, eins og nú er, því að vitanlega verða þingmenn hinna nýju kjördæma að gæta jafnt hagsmuna sinna kjósenda, hvar sem þeir búa í kjördæminu.

Ég er þeirrar skoðunar, að viðhorf manna sé mjög breytt frá því, sem áður kann að hafa verið, varðandi sambúð og samband sveita og kaupstaða eða strjálbýlis og þéttbýlis. Allar þjóðlífsbreytingar síðustu áratuganna stuðla að því. Gerbyltingar í samgöngum og samlífi fólksins innan landshluta og milli landshluta segja til sín. Í dag skilst mönnum í vaxandi mæli, að velferð þjóðarinnar í heild veltur á auknu innbyrðis samræmi í þjóðfélaginu, meira jafnvægi og festu, gagnkvæmum skilningi milli stétta og starfsgreina, minni nágrannakryt, vægari flokkabaráttu og minni hreppapólitík. Það er ólán Framsfl. í þessu máli eins og svo mörgum öðrum, að gengi hans veltur á því að viðhalda ranglætinu.

Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk., talaði um það hérna áðan, að það þættu eðlilegar leikreglur,

að keppendur stæðu jafnt að vígi, þegar keppnin hefst. Þetta segja mennirnir, sem hafa haldið í ranglátu kjördæmaskipunina, sem ég var að lýsa áðan. En framsóknarmönnum hefur ekki nægt hið herfilega ranglæti og misrétti í núverandi kjördæmaskipun, heldur tók þessi flokkur sér fyrir hendur fyrir síðustu alþingiskosningar að auka enn þá meira á ranglætið. Þá var stofnað til Hræðslubandalagsins. En það er áreiðanlegt, að það er ekkert fremur en þau herfilegu kosningasvik Framsóknar, sem þá var stofnað til, sem gera það nú óhjákvæmilegt að breyta kjördæmaskipun landsins, svo að útilokuð séu svikin og ranglætið.

Ég skal láta þetta nægja í bili um kjördæmamálið.

Þá vil ég þessu næst víkja að vissum einkennum stjórnmálaþróunarinnar á undanförnum árum í tíð vinstri stjórnarinnar, sem mér finnst öðrum fremur áberandi, en þess eðlis jafnframt, að mönnum ber að festa þau í minni, því að þau eru að mínum dómi mjög til viðvörunar, auk þess sem mál það, sem hér liggur fyrir, er bein afleiðing af viðskilnaði fyrrv. ríkisstj. og ekki síst viðskilnaði hv. 1. þm. S-M. í sambandi við fjármálastjórn landsins.

Fólkinu hefur ekki á undanförnum árum verið sagt satt. Loforð hafa ekki verið efnd. Svo mikils hefur verið metið að fara með völdin í þjóðfélaginu, að valdhafarnir sjálfir hafa tapað áttunum og verið sjálfum sér sundurþykkir. Það hefur þar af leiðandi skort alla festu í stjórnarframkvæmdir og stjórnarstefnu, og af þessu öllu hefur leitt, að allur almenningur hefur í vaxandi mæli átt erfitt með að átta sig á, hvað við mundi taka frá degi til dags, enda oft staðið þannig á, að sjálfir stjórnarherrarnir hafa ekki vitað það, eins og kom hér fram áður, hvort þeir yrðu deginum lengur ráðherrar eða ekki. Slíkt er stórhættuleg þróun í lýðræðisþjóðfélagi. Hún veikir ekki aðeins trú almennings á stjórnarforustunni í landinu, heldur stefnir beinlínis að því, að almenningur glati gersamlega trausti á Alþingi og ríkisstj., á stjórnmálaflokkum og hlutverki þeirra í þjóðfélaginu.

Vinstri stjórnin boðaði í upphafi varanleg úrræði í efnahagsmálunum. Hún vissi ekki um nein varanleg úrræði, þegar þessi boðskapur var látinn út ganga. Fyrstu viðbrögðin voru 6 vísitölustiga kaupskerðing, sama eðlis eða svipaðs eðlis og nú er lagt til og kommúnistar fordæma í kvöld. Samtímis var því borið við í grg. fyrir fyrstu fjárl. vinstri stjórnarinnar haustið 1956, að ríkisstj. hefði þá ekki unnizt tími til að marka hina nýju stefnu í efnahagsmálunum. Að ári liðnu, haustið 1957, var nýja stefnan ekki enn fundin, og þá var borið við, að ríkisstj. hefði ekki haft tækifæri til að hafa samráð við þm. stjórnarflokkanna. Svo var beðið eftir úrræðum fram að jólum, en engin úrræði, og enn var beðið fram að páskum, fram fyrir páska, og loks í lok maí s. l. komu hin svokölluðu „bjargráð". En þau voru þá ekki einhlít. Meira var boðað síðar. Um það átti að bíða samráðs stéttarfélaga eða fyrst og fremst þings Alþýðusambands Íslands. Á meðan magnaðist verðbólgan með ógnarhraða, svo að allir sáu, að efnahagsmálin voru komin í meiri ófæru en nokkru sinni fyrr í tíð þeirrar stjórnar, sem taldi sig myndaða til þess að leysa vandann. Þetta er nú alkunn saga. Lokaorð hennar eru þessi hjá Hermanni Jónassyni, fyrrv. forsrh., þegar hann tilkynnti Alþ. að ríkisstj. hans hefði gefizt upp:

„Ný verðbólgualda er skollin yfir. Í ríkisstj. er ekki samstaða um nein úrræði í þessum málum, sem að mínum dómi geti stöðvað hina háskalegu verðbólguþróun, sem verður óviðráðanleg, ef ekki næst samkomulag um raunhæfar ráðstafanir."

Þetta má segja að sé í fullu samræmi við það, sem þáverandi forseti Sþ., núverandi hæstv. forsrh., sagði, er Eysteinn Jónsson lagði fram þriðju og síðustu fjárlög vinstri stjórnarinnar í haust. Þá sagði Emil Jónsson: „Öllum landsmönnum er nú ljóst orðið, að sú þróun, sem átt hefur sér stað að undanförnu og fjárl. eru á vissan hátt spegilmynd af, er í hæsta máta óheillavænleg og leiðir til hreinnar glötunar, ef ekki tekst á einhvern hátt að stöðva hana."

Ég skal nefna annað sýnishorn af staðfestuleysi fyrrv. hæstv. ríkisstj. Samþykkt var að krefjast þess, að varnarliðið færi tafarlaust úr landi. Þetta var sett efst á stefnuskrá fyrrv. stjórnar við hliðina á varanlegum úrræðum í efnahagsmálunum. Í þessu máli eru öllum landsmönnum líka ljósar efndirnar. Strax haustið 1956 var málinu skotið á frest. Um sama leyti var samið um nokkurra millj. dollara lán frá ríkisstj. Bandaríkjanna. Nú hefur allt þinglið kommúnista haft geð í sér til þess, eftir að þeir eru komnir úr ríkisstj., að bera fram hér þáltill. um það, að Alþingi álykti að efna ályktun sína um brottför hersins frá 28. marz 1956, — rétt eftir að þeir eru skriðnir úr ráðherrastólunum. En 29. marz s. l. lýsti Alþýðublaðið því, hversu skeleggir þessir menn hefðu verið, meðan þeir voru í ríkisstj., í þessu máli. Þá stóð í Alþýðublaðinu: „Þeir (kommúnistar) tefla að vísu peðunum fram og hafa hátt, en ekki er vitað til, að ráðherrar þeirra hafi í eitt einasta skipti nefnt varnarmálin innan ríkisstj., síðan hún var mynduð. Þeir virðast ekki telja það þess virði. Þvert á móti lýstu ráðherrar þeirra yfir á Alþingi, að þeir væru samþykkir frestun á samningum um dvöl varnarliðsins í des. 1956 í nokkra mánuði, en síðan ekki söguna meir. Þm. kommúnista virðist vera miklu meiri alvara í málinu."

Mig langar til að tíunda svolítið meira. Það var lofað samráði við svokallaðar vinnustéttir. Það reyndist fals og blekkingar, og aldrei var þetta ljósara en á Alþýðusambandsþingi í haust, þegar var leynt till. stjórnarfl., sem þó er nú upplýst að lágu fyrir í efnahagsmálunum. Það var lofað vinnufriði í landinu, en uppskorið vinnudeilur og verkföll. Það var lofað 15 stórum togurum, — efndir voru engar. Það var lofað leiðréttingu á kosningalöggjöf og kjördæmaskipun, — það var svikið. Það var

lofað nýju skipulagi á útflutningsverzluninni, — reyndist eintómur hégómi. Það var lofað stórauknu fjármagni til íbúðabygginga. Þeir lánasjóðir eru tómir, og liggur við, að fjöldi manna missi hálfgerðar íbúðir vegna svikanna, að því er Eysteinn Jónsson hefur upplýst hér við 1. umr. þessa máls. Það var lofað endurskoðun bankalöggjafarinnar, sem reyndist eintóm sýndarmennska, utan þess að 13 stjórnarliðum var komið fyrir í nýjum og gömlum stöðum bankastjóra og bankaráðsmanna.

Ég segi ekki, að fyrrv. hæstv. ríkisstj. hafi verið mislagðar hendur á öllum sviðum, en ég hef drepið á, hversu henni mistókst hrapallega, þar sem mest lá við. Eins er þetta á fjölmörgum öðrum sviðum efnahags- og fjármála, sem blandazt hafa inn í þessar umr.

Og þá langar mig til að koma nokkuð að lántökunum, erlendu lántökunum, sem 1. þm. S-M., Eysteinn Jónsson, gerði hér að umræðuefni.

Hann er sí og æ við meðferð þessa máls að inna núverandi hæstv. ríkisstj. eftir því, hvort hún ætli eða ætli ekki að taka eitthvert 5 eða 6 millj. dollara lán, sem fyrrv. ríkisstj. hafi verið með á prjónunum, áður en hún gafst upp. Enginn hefur hælzt um meir vegna hinna erlendu lána fyrrv. ríkisstj. en Eysteinn Jónsson. Samt er þetta e. t. v. skammarlegasti og um leið vafasamasti þáttur stjórnarferils vinstri stjórnarinnar, að vera sí og æ betlandi um lánsfé hjá meðlimaríkjum Atlantshafsbandalagsins eftir það, sem á undan var gengið, fyrst og fremst hjá Bandaríkjunum, einnig hjá Þýzkalandi og loks hjá öllum Atlantshafsríkjunum sameiginlega, þegar beðið var um samskotalánið. Vafalaust hefur þetta allt átt að forða vinstri stjórninni frá því að þurfa að þiggja lán frá Rússum, en þó endaði líka með lántöku þar, 50 millj. kr. á s. l. ári.

Erlend skuldasöfnun hefur verið geigvænleg undanfarin ár. Á tveggja og hálfs árs valdaferli vinstri stjórnarinnar hafa verið tekin erlend lán á sjöunda hundrað millj. kr. Árlegar greiðslur, vextir og afborganir af erlendum lánum, borið saman við gjaldeyristekjurnar, eru 2.6% í árslok 1955, en 7.5% í árslok 1958. Erlenda skuldabyrðin hefur þannig nærri þrefaldazt á þessu tímabili fyrir þjóðarheildina.

En hér við er jafnframt að athuga, að þeir einstöku aðilar, sem skulda erlendu lánin, verða eftir gengislækkunina með niðurfærslugjaldinu að borga þær skuldir og vexti með 55% álagi, og stærstu skuldararnir eru ríkið sjálft og opinberir aðilar. Þannig eru t. d. umsamin föst erlend lán í árslok 1957 samtals 867 millj. kr., reiknað á jafnvirðisgengi, þ. e. einn Bandaríkjadollar kr. 16.28, en verða með 55% yfirfærslugjaldinu, sem lögboðið var í maí 1958, 1343 millj. kr. Bent hefur verið á, að erlendu lánunum hafi verið varið til þarflegra framkvæmda, eins og sementsverksmiðju, raforkuframkvæmda, ræktunarsjóðs og fiskveiðasjóðs. Eysteinn Jónsson var hér áðan að tala um, að menn hefðu talið þetta eftir. Það er mesti misskilningur. Til allra þessara framkvæmda var varið álíka miklu fé í tíð stjórnar Ólafs Thors á árunum 1953—56 þrátt fyrir sáralitlar erlendar lántökur, eða samtals á þeim tíma um 130 millj. kr. Þetta var hægt vegna hinnar öru sparifjármyndunar þá, sem nam í heild um 700 millj. kr. á 4 árum. En vegna hinnar geigvænlegu gjaldeyrisstöðu undanfarið hefðu ekki aðeins umræddar framkvæmdir farið varhluta af fé, ef erlendu lánin hefðu ekki fengizt, heldur hefði vinstri stjórnina gersamlega rekið upp á sker að halda þjóðarbúskapnum gangandi. Það hefði skort gjaldeyri til almennra neyzluvörukaupa landsmanna, ríkissjóður hefði misst hundruð millj. kr. tekjur vegna hinna geysihækkuðu tolla á innfluttu vörunum fyrir hinn erlenda gjaldeyri frá lánunum, og útflutningssjóður á sama hátt hefði misst hundruð milljóna í yfirfærslugjald á gjaldeyrinum, eftir að það kom til. Það er því beinlínis rétt, að vinstri stjórnin sællar minningar hafi dregið fram lífið og lifað á erlendri skuldasöfnun, enda heyrðu menn, hvað Eysteinn Jónsson sagði hér áðan, þegar var verið að tala um greiðsluafganginn og menn voru að býsnast yfir því, að þinginu hefði ekki verið gerð grein fyrir því o. s. frv., þá segir þessi hv. þm.: Ja, þetta var bara ein af mörgum afleiðingum af erlendu lántökunum. Annars hefði ég engan greiðsluafgang haft. — Hann hefur sannarlega lifað á því að safna skuldum erlendis, þessi hv. þm. og hæstv. fyrrv. fjmrh.

Ég vil svo loksins víkja að einu máli, sem hér hefur ekki komið til umræðu í sambandi við þetta, og það er sá ljóður á þessum lánum til aðila eins og ræktunarsjóðs og fiskveiðasjóðs, að báðir þessir sjóðir veita sín lán til bænda og útgerðarmanna og sjómanna í íslenzkri mynt, og er því þessum sjóðum voði vís, ef ekki er að gert nógu snemma, ef ný yfirfærslugjöld á erlendan gjaldeyri væru á lögð eins og í tíð vinstri stjórnarinnar eða svipuð gengislækkun og þá átti sér stað.

Fiskveiðasjóður verður að afskrifa 6 millj. kr. um síðustu áramót vegna 55% yfirfærslugjaldsins, sem lagt var á á s. l. ári, sem er gengistap á erlendum lánum, sem tekin voru áður en þetta gengislækkunargjald var á lagt með bjargráðunum. Hann á nú að mestu óráðstafað lánsfé frá seinni hluta s. l. árs, en það er vissulega nýtt vandamál, hvernig með á að fara. Mér er tjáð, að ræktunarsjóður skuldi í erlendum lánum um 80 millj. kr. og hafi það allt nú þegar verið endurlánað í íslenzkri mynt án nokkurrar gengisbreytingartryggingar, og líklega er nærri helmingurinn eða nálægt helmingur erlendar skuldir, áður en 55% yfirfærslugjaldið var á lagt, og ef svo er, þá er ræktunarsjóðurinn nú þegar orðinn fyrir yfir 20 millj. kr. gengistapi þess vegna. Vextir hækka svo einnig að sama skapi. Aðstaðan er því geigvænleg.

Á erlendu lántökunum hvílir því vissulega þungur skuggi, svo að ekki sé meira sagt.

Herra forseti. Ég veit, að með vissum rétti geta menn sagt: Það er ekki þessi sorgarsaga, sem nú skiptir öllu máli, heldur hitt: Hvað á nú að taka til bjargar út úr öngþveitinu? En hitt er jafnrétt, að á lærdómi

þeim, sem nú hefur fengizt, þótt dýrkeyptur sé, verður nú að byggja. Ég verð að mestu leyti að láta mér nægja að vitna til ræðu hv. 1. þm. Reykv., Bjarna Benediktssonar, um afstöðu okkar sjálfstæðismanna til málanna nú. Í sem stytztu máli er okkar afstaða þessi:

Sjálfstæðismenn héldu uppi málefnalegri og öruggri gagnrýni í stjórnarandstöðunni, svo sem þeim bar skylda til.

Eysteinn Jónsson sagði áðan, að sjálfstæðismenn mundu finna það, að fólkinu mundi ekki líka stjórnarandstaðan hjá þeim og hvernig þeir hefðu komið fram. Sem betur fer, liggur fyrir nokkurt sönnunargagn um þetta, því að fyrir afstöðu sína í stjórnarandstöðunni hafa sjálfstæðismenn þegar fengið vitnisburð kjósendanna í þessu landi í sveitarstjórnarkosningum, sem fram fóru fyrir ári, en þá hlutu þeir meira en helming allra greiddra atkv. á öllu landinu, þar sem þá var kosið.

Í þriðja lagi lögðu sjálfstæðismenn í efnahagsmálunum fram sínar till. strax og aðstæður leyfðu og við fyrsta tækifæri. Eysteinn Jónsson sagði, að sjálfstæðismenn hefðu gefizt upp við að móta stefnuna í efnahagsmálunum. Að heyra nú, að þessi hv. þm. skuli tala um það, að menn gefist upp við að móta stefnu í efnahagsmálunum! Getur nokkur neitað því, að auðvitað bar ríkisstj., fyrrv. hæstv. ríkisstj., að hafa frumkvæði um till. í efnahagsmálunum, og það voru ekki aðeins sjálfstæðismenn og Sjálfstfl., sem biðu og biðu eftir till., heldur beið öll þjóðin í 2 ár eftir hinum lofuðu úrræðum, — varanlegum úrræðum ríkisstj., sem svo áttu að heita, í efnahagsmálunum. Og þegar þau loksins komu eftir 2 ár, þá vantaði botninn í þau, eins og viðurkennt er af forsvarsmönnum fyrrv. hæstv. ríkisstj., enda sprakk stj. af þeim sökum, er yfir lauk.

Í fjórða lagi gerði Sjálfstfl. fyrir áramótin tilraun til stjórnarmyndunar með tveim frumskilyrðum, sem greint hefur verið frá, að tafarlaust yrðu gerðar ráðstafanir til að stöðva verðbólguna og lögfest yrði á þessu þingi sú breyting á kjördæmaskipuninni, að tryggt sé, að Alþingi verði skipað í slíku samræmi við þjóðarviljann, að festa í þjóðmálum geti náðst. Eftir að þessi tilraun mistókst, ákvað Sjálfstfl. að styðja minnihlutastjórn Alþfl. með þeim hætti að verja hana vantrausti, meðan hún freistaði þess að stöðva verðbólguna, og gegn því, að Sjálfstfl. og Alþfl. flyttu á þingi nú stjórnarskrárbreytingu um kjördæmaskipunina og að þing væri rofið og kosningar yrðu í vor.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, um niðurfærslu verðlags og launa, boðar stöðvun verðbólgunnar. Við styðjum ríkisstj. því heils hugar í því, að það nái fram að ganga. Kommúnistar ákalla nú verkalýðinn og aðra launþega og segja: Sjá, það á að taka launþegana þrælatökum. — Þeirra forskrift er þessi: Það er hægt að ráða fram úr vandanum, án þess að nokkur þurfi að finna fyrir því.

Áðan sagði hv. 2. þm. S-M., Lúðvík Jósefsson: Því ekki að taka tugi millj. kr. af bönkum, olíufélögum og heildsölum, en hlífa almenningi? — Ja, því gerði þessi hv. þm. þetta ekki, meðan hann var í ráðherrastól ásamt með félaga Hannibal og báðir voru ekki svo sjaldan kallaðir olíumálaráðh. og réðu mestu um þessi mál? Nei, þá var ekki verið að hlífa alþýðunni.

Ég leyfi mér að segja, að það er með öllu óverjandi að reyna stöðugt að blekkja fólkið, enda mun það ekki láta blekkjast. Kommúnistum er ekki of gott að reyna enn að telja mönnum trú um, að enginn hafi fundið til undan meira en 1000 millj. kr. nýjum álögum á allan almenning í landinu, sem þeir stóðu fyrir í tíð fyrrverandi ríkisstj. Þeir beittu sér ekki aðeins fyrir launaskerðingu í tíð vinstri stjórnarinnar, heldur stöðugri launalækkun, sem sjálfkrafa leiddi af hinni geigvænlegu og vaxandi dýrtíð, þar sem kaupmáttur launanna þvarr jafnt og þétt og þ. á m. vegna gengislækkunarinnar með 55% yfirfærslugjaldinu á nær allar erlendar yfirfærslur.

Innlegg Framsfl. hér í kvöld við afgreiðslu þessa máls er að stíga í vænginn við bændurna, vilja hækka strax verð á vörum þeirra, þegar allt annað á að lækka. Til umræddrar hækkunar eiga bændur rétt, en ekki fyrr en næsta haust. Hins vegar hafa þeir nú fyrst fyrir tilstilli sjálfstæðismanna, enga sérstaka baráttu frá framsóknarmönnum, fengið því til leiðar komið, að verðlag á vörum þeirra er leiðrétt ársfjórðungslega til samræmis við launabreytingar annarra landsmanna. Það er gamla sagan: Framsókn rankar við sér með yfirskinsbændadekri, þegar hillir undir kosningar.

Eysteinn Jónsson sagði áðan: Framsfl. tók upp baráttu fyrir því, að verðlagsgrundvöllurinn verði leiðréttur ársfjórðungslega. — Ja, af hverju tók hann ekki upp þessa baráttu fyrr en nú? Af hverju tók hann hana ekki upp, meðan hann var í stjórn og gat ráðið málunum?

Við sjálfstæðismenn styðjum heils hugar málstað bænda til jafns við aðrar stéttir og gleðjumst jafnframt yfir því að geta tryggt þeim betri aðstöðu en meðan Framsókn réð. Bændur hafa ekki í þessu sambandi misst neitt, sem framsóknarmenn höfðu tryggt þeim, meðan þeir réðu, og menn taki eftir því, svo að ég noti orð Eysteins Jónssonar: Þá gerðu framsóknarráðherrarnir ekkert til, að bændur fengju þessa umræddu verðhækkun, sem þeir nú hafa talað um. Það verða menn líka að muna.

Loks vitna ég til yfirlýsingar hæstv. forsrh. um það, að ef þessi sérstaka hækkun hefði nú átt að koma fram, væri þessu frv. í heild beinlínis stefnt í voða. Á það verður að fallast og að því vilja sjálfstæðismenn ekki stuðla, og mér er nær að ætla, að slík verði einnig afstaða bændanda yfirleitt.

Herra forseti og hv. hlustendur. Nú eru fram undan mikil tímamót í íslenzkum stjórnmálum. Það er rétt, að reyna mun á þroska og skilning almennings og mönnum er ætl-

að að færa fórnir fyrst í stað. En verið er að leggja grundvöll að tvennu: Í fyrsta lagi efnahagslegu jafnvægi í þjóðarbúskapnum, sem framtíðarvelferð almennings veltur á að takast megi, í öðru lagi stjórnskipulegu réttlæti, sem er forsenda þess, að festa í þjóðmálum geti náðst. Eru ekki margir orðnir þreyttir á því að hjakka í gamla farinu, og hverjir mundu ekki vilja vera með í nýrri sókn að nýjum markmiðum í íslenzku stjórnmálabaráttunni og íslenzkri þjóðlífsþróun? — Góða nótt.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv., Jóhann Hafstein, sem hér var að ljúka máli sínu, vék að því, að þm. Alþb. hefðu nýlega lagt hér fram þáltill. á Alþ. um það, að staðið yrði við samþykkt Alþ. frá 28. marz 1956 um brottför hersins úr landinu. Þessi hv. þm. viðhafði þau orð í þessu efni, að við ráðherrar Alþb. hefðum þó ekki minnzt á þetta mál í ríkisstj. þann tíma, sem við sátum þar. Þetta segir þessi hv. þm. sýnilega gegn betri vitund, vegna þess að einmitt í því þskj., sem hann vitnar í, er gerð glögg grein fyrir því, að við höfðum margsinnis tekið málið upp við samstarfsflokka okkar í ríkisstj. og gengið eftir efndum í málinu. Það hafa farið mörg bréf á milli flokkanna. Þetta hefur þessi hv. þm. án efa séð, fyrst hann þekkti þskj., en hann hirti ekki um að skýra þar rétt frá.

Það er svo önnur saga, að flokkur þessa hv. þm. og hann bera öðrum meiri ábyrgð á því, að við sitjum enn þá uppi með herinn í landinu.

Þessi hv. þm. spurði um, hvernig á því stæði, að við ráðherrar Alþb. hefðum ekki beitt okkur fyrir því þann tíma, sem við vorum í ríkisstj., að tekið yrði nokkuð af gróða olíufélaganna og af gróða verzlunarinnar í landinu. Þetta var vissulega gert. Það var gert í það ríkum mæli árið 1957, að blöð Sjálfstfl. kvörtuðu dag eftir dag yfir því, að of hart væri gengið að þessum félögum. Þau kvörtuðu dag eftir dag undan því, að það ætti sýnilega að leggja verzlunina að velli í landinu. Hins vegar var það svo, að við höfðum gert fulla grein fyrir því, að það var hægt að taka meira af þessum auðfélögum en gert var, og þau hafa unnið verulega á nú upp á síðkastið með því að fá sín kjör enn þá bætt.

Þessi hv. þm. gerði hér mikið úr því, sem fyrrv. ríkisstj. hefði lofað og ekki staðið við. Í þeim efnum minntist hann á það, að hún hefði lofað að breyta löggjöfinni um afurðasöluna. Það er furðulegt, að þessi hv. þm. skuli leyfa sér að minnast á þetta mál á þá lund, svo sem hans flokkur skildi við afurðasölumál landsins, þegar svo stóð, að það varð að setja reglur um það að banna framleiðendum í landinu að frysta fisk, vegna þess að ráðherra Sjálfstfl. hafði ekki dug í sér til þess að geta selt hann. Eftir að hið nýja skipulag var tekið upp, hefur slíkt aldrei komið fyrir.

Þessi hv. þm. minntist á það, að lofað hefði verið nýjum fiskiskipum og við það hefði ekki verið staðið. Reynslan sýnir þó, að í tíð fyrrv. ríkisstj. var fiskiskipastóll landsmanna stórlega aukinn, en á þeim tíma, sem Sjálfstfl. fór með stjórn landsins, rýrnaði fiskiskipafloti landsmanna ár frá ári. **(JóhH:** Ég talaði um togara.) Það hefur ekki tekizt að kaupa hina nýju togara til landsins, sem ráðgert var að kaupa. Það er rétt. Það hefur ekki staðið á okkur Alþb.-mönnum. Þar hafa pólitískir fordómar ráðið, að lán voru ekki tekin á þeim stað til kaupanna, þar sem hægt var að fá lánin. — En í þessum efnum væri kannske fróðlegt að minnast nokkuð á loforð íhaldsins. Hverju er íhaldið að lofa landsmönnum núna þessa dagana? Það er að lofa verðlækkun. Hvernig skyldi íhaldið ætla að framkvæma þessa verðlækkun? Hefur ekki bæjarstjórnaríhaldið í Reykjavík lofað Reykvíkingum því að hækka útsvörin um 35 millj. kr. á næsta ári eða um 15%? Skyldi nokkur trúa því, að útsvörin í Reykjavík muni lækka á þessu ári? Hefur ekki bæjarstjórnaríhaldið í Reykjavík þegar tilkynnt mönnum stórkostlegar hækkanir á margs konar bæjargjöldum? Vatnsskattur á að hækka um 100%, fasteignaskattur á að stórhækka, lóðarskatturinn á að þrefaldast, húsaskatturinn á að hækka til mikilla muna, daggjöld á barnaheimilum á að hækka, sundlaugagjöld eiga að hækka o. s. frv. Þannig efnir Sjálfstfl. loforð sín um verðlækkanir.

Eitt af því, sem Sjálfstfl. hefur sérstaklega talið sér til gildis og lofað öllum landsmönnum, er það að vernda persónufrelsið í landinu, vernda einstaklingsfrelsið. Hvernig stendur Sjálfstfl. við þetta loforð sitt nú gagnvart launamönnum í landinu, þeim sem hafa gert samkv. réttum lögum samninga um kaup sín og kjör? Nú kemur Sjálfstfl. og sviptir þessa menn alla samningaréttinum, ógildir þá samninga, sem atvinnurekendur hafa undirskrifað með sinni hendi, en ætlar að halda launþegum bundnum við þessa samninga þann tíma, sem samningarnir áttu að standa, þó að búið sé að breyta gildi þeirra. Þannig er það, sem Sjálfstfl. stendur við loforð sín.

Hæstv. menntmrh. minntist á það hér í umr., að till. Alþb. í efnahagsmálunum væru óraunhæfar. Það, sem hann færði sérstaklega fram, var það, að Alþb. hefði lagt til, að vísitalan yrði greidd niður um 15 stig, en ekki bent á fé til þess að standa undir þessum niðurgreiðslum.

En hvað hefur Alþfl. gert nú, þá daga sem hann hefur setið í ríkisstj.? Hann hefur greitt niður verðlagið um 13 stig og segist ætla að gera það í ríkara mæli. Ætli þetta verði ekki talin nokkuð léttvæg rök hjá hæstv. menntmrh.?

Það eina, sem Alþfl. hefur fengið fram af sínum till. og fær samþ. hér á Alþ. í efnahagsmálatill. sínum, er kauplækkunarákvæðið. Ekkert annað fær flokkurinn samþ. Hann hefur fengið neitun frá Sjálfstfl. um það, að sparað verði í ríkisrekstrinum. Hann hefur fengið neitun hjá Sjálfstfl. um það, að tekið verði nokkuð af tekjuafganginum. Hann fær aðeins eitt samþ. hér, það er kauplækkun. Um það atriði gat aldrei tekizt neitt samkomu-

lag við okkur Alþb.-menn. Við léðum aldrei máls á því, að efnahagsmálin yrðu einhliða leyst á kostnað launastéttanna í landinu.

1. þm. S-M. vék hér nokkuð að till. okkar Alþb.-manna um sparnað í ríkisrekstrinum. Hann bregzt sjaldan reiðari við en ef till. koma fram um sparnað hjá ríkinu, og afsökunin er alltaf hin sama. Hann getur ekki imyndað sér neinn sparnað hjá ríkinu, án þess að slíkt verði látið bitna á íbúunum úti á landi, rétt eins og öll útgjöld ríkissjóðs gangi til fólksins úti á landi. Hann ætti að athuga sín fjárlög betur, þá mundi hann sennilega komast að raun um það, að yfirgnæfandi meiri hluti útgjaldanna gengur hér til stofnana og manna og aðila í Reykjavík og nágrenni.

Vissulega er hægt að spara í ríkisútgjöldunum. Vissulega er hægt að spara þar stórar fjárfúlgur í sambandi við óþarfa útgjöld. Við Alþb.-menn höfum bent á, að það er vitanlega engin þörf á því að eyða til lögreglukostnaðar á Keflavíkurflugvelli 3.7 millj. kr. á hverju ári. Það er engin þörf á því að hafa 3 sendiráð á Norðurlöndum. Það er engin þörf á því að hafa 2 sendiráð — mjög kostnaðarsöm — í einni borg, í París, og það er hægt að telja upp fjölmarga útgjaldaliði á fjárl. og hefur verið gert æ ofan í æ, sem hægt væri að spara, en þessi hv. fyrrv. ráðh. hefur alltaf staðið gegn.

Það er eðlilegt, þegar efnahagsmálin eru rædd, að það spyrji margir um það nú: Hvernig stendur á því, að einmitt nú þurfti krafan um kauplækkun að koma fram? Nú er hagur ríkissjóðs þó góður, og hið sama er að segja um hag útflutningssjóðs, sem staðið hefur í skilum með allar sínar skuldbindingar. Rekstrarafkoma atvinnuveganna var góð á s. l. ári. Gjaldeyrisstaðan fór batnandi, og birgðir útflutningsvöru, sem öll er þó seld, hafa safnazt í landinu. Það er annað en var á árinu 1956, þegar íhalds- og framsóknarstjórnin var að hrökklast frá völdum. Annað aðalmálgagn þeirrar ríkisstj., Tíminn, hefur fyrir nokkru lýst á skilmerkilegan hátt, hvernig ástandið var, þegar sú stjórn fór frá. Lýsing Tímans er orðrétt þannig:

„Undirbygging atvinnulífsins var öll í ólestri. Fiskiskipastóllinn gekk saman ár frá ári undir stjórn sjútvmrh. íhaldsins. Langvarandi og tíðar vinnutruflanir riðu yfir hver af annarri. Stöðvanir fiskiskipaflotans hjuggu skörð í þjóðartekjurnar, svo að hundruðum millj. kr. nam á hverju ári. Fiskvinnslustöðvar stóðu aðgerðarlausar. Fólkið flutti í stríðum straumum utan af landsbyggðinni og til Faxaflóasvæðisins. Í kauptúnum og sjávarþorpum úti um land grúfði atvinnuleysið yfir eins og viðvarandi sjúkdómur. Allir, sem við gátu komið, hurfu að mannskemmandi setuliðsvinnu suður á Reykjanesskaga. Allt var í vitleysu með markaðsmálin. Þau frystihús, sem einhvern fisk fengu, voru við lokun, því að fiskurinn seldist ekki. Allir sjóðir atvinnuveganna voru tómir. Engin lán fengust til stærri framkvæmda. Bröskurum og fjárplógsmönnum leið vel, og íhaldið sá ekkert nema sólskin."

Þannig var ástandið að sögn Framsóknar, sem þó var beinn aðili að því stjórnarsamstarfi, sem þannig skildi við árið 1956.

En á þessu öllu hefur orðið stórkostleg breyting í tíð vinstri stjórnarinnar. Þátttakan í útgerð og framleiðslu hefur stóraukizt. Þannig stunduðu á fyrsta ári vinstri stjórnarinnar 20% fleiri bátar vetrarvertíð en árið áður og 25% fleiri sumarsíldveiðar. Þessi aukna þátttaka í útgerð átti sér stað án þess, að nokkur teljandi aukning væri orðin í fiskiskipaflota landsmanna.

Árið, sem var að líða, var mesta framleiðsluár í sögu landsmanna. Ársaflinn mun vera rúmum 200 millj. meiri að verðmæti en árið áður, og þó hefur aflinn á hvern einstakan bát og í hverjum einstökum róðri ekki verið meiri á s. l. ári en oft áður. Árið 1958 voru hraðfryst um 75 þús. tonn af fiskflökum, en áður hafði ársframleiðslan aldrei farið yfir 55 þús. tonn. Kjör sjómanna hafa verið bætt frá ári til árs, og er nú aftur að nást jafnvægi og nægilega margir íslenzkir sjómenn á fiskibátaflotann. Áður flúði sjómannastéttin í land, svo að til stórvandræða horfði. Nú hafa samningar tekizt við framleiðsluna í tæka tíð og engar framleiðslustöðvanir orðið. Markaðsmálin hafa verið tekin nýjum tökum, samið til nokkurra ára í senn og megnið af framleiðslunni selt fyrir fram. Tekin hefur verið upp skipuleg leit fiskimiða með góðum árangri. Fiskiskipastóllinn hefur verið stóraukinn og lagður grundvöllur að enn þá meiri aukningu hans. Og það, sem þó skiptir mestu máli, er, að landhelgin hefur verið stækkuð í 12 mílur, og með því er enn lagður grundvöllur að aukinni framleiðslu og bættri afkomu sjávarútvegsins.

Þannig hefur tímabili siðspillandi hernámsvinnu verið snúið í stóraukna framleiðslu. Þannig hefur tíma viðvarandi atvinnuleysis úti á landi verið snúið í meiri atvinnu og betri lífsafkomu en nokkru sinni áður hefur þekkzt þar. Þannig var örugglega stefnt út úr öngþveiti efnahagsmálanna til hinnar einu varanlegu lausnar á efnahagsvandamálum þjóðarinnar, sem er aukin framleiðsla.

Sú krafa Framsfl. að krefjast einmitt nú kauplækkunar, þegar slíkir stórsigrar höfðu unnizt í efnahags- og framfaramálum þjóðarinnar, er ekki auðskilin. En forustumenn Framsóknar verða að svara til saka. Þeir verða að gefa fullnægjandi skýringu á því, hvers vegna þeir gerðu þá kórvillu að rjúfa stjórnarsamstarfið og krefjast skilyrðislaust kauplækkunar undir þessum kringumstæðum.

Það er þýðingarlaust með öllu að skrökva upp skýringum og segja, að Einar Olgeirsson hafi alltaf viljað sprengja stjórnarsamstarfið. Slíkt er hreinn tilbúningur.

Alþb. hefur lagt á það höfuðáherzlu, að eina varanlega lausnin á vandamálum efnahagslífsins er aukin framleiðsla. Möguleikar til aukinnar framleiðslu eru stórkostlegir hjá okkur. Með skipulegri leit að nýjum fiskimiðum eigum við eftir að finna nýjar fiskislóðir og ausa úr þeim ógrynni verðmæta. Með

nýjum veiðiaðferðum munum við stórauka það síldarmagn, sem veitt er árlega. Við vitum, að innan 12 mílna landhelginnar eigum við nær ósnert mikil auðæfi í þeim fisktegundum, sem dýrastar eru og veiddar eru hér við land. Við vitum, að við getum tvöfaldað útflutningsverðmæti síldarafurðanna með því að fullvinna þá vöru í landinu í stað þess að flytja meginið út sem hálfunna vöru.

Hið sama er að segja um saltfiskinn, sem er enn að mestu fluttur út hálfunninn.

Þannig eru möguleikar okkar til aukinnar framleiðslu til öflunar meiri þjóðartekna stórkostlegir. Ráðstafanir í efnahagsmálunum þurfa því allar að miða að því marki, að þessir möguleikar megi nýtast. Deilur ríkisvaldsins við vinnustéttirnar í landinu leiða jafnan af sér framleiðslustöðvanir og minnkun þjóðartekna.

Kauplækkunarleiðin nú er því röng og hlýtur að leiða af sér minnkandi þjóðartekjur. Sú stefna stefnir í þveröfuga átt við þá uppbyggingar- og framfarastefnu, sem verið hefur nú um skeið. Sú hrunstefna íhalds og Framsóknar, sem beið skipbrot á árinu 1956 og einkennzt hafði af framleiðslustöðvunum, illa nýttum framleiðslutækjum, hrörnun fiskiskipaflotans, atvinnuleysi úti um land, markaðsvandræðum, flótta sjómanna af fiskiflotanum, af hernámsvinnu í stað framleiðslustarfa, hún hefði haldið áfram að afloknum kosningum 1956 með tilheyrandi kauplækkunum og árásum á kjör almennings, ef Alþb. hefði ekki þá unnið sinn kosningasigur og sannfært menn um, að heilladrýgra mundi vera að hafa samráð og samstarf við verkalýð landsins um stjórn þjóðarbúsins en ætla að leggjast í nýjan hernað gegn vinnandi fólki í landinu.

Nú skýtur hrunstefnan aftur upp kollinum. Nú á aftur að reyna fyrir sér með kauplækkunarárás. Þessu þarf fólkið í landinu að svara á eftirminnilegan hátt. Svarið, sem dugir, þekkja allir. Það er aðeins eitt: Að efla Alþb. í komandi kosningum enn meira en áður. — Góða nótt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 66. fundi í Nd., 29. jan., var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 205,1 felld með 21:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: GJóh, HV, KGuðj, LJós, EOl.

nei: GÍG, GÞG, HÁ, IngJ, JóhH, JPálm, JS, KJJ, MJ, ÓB, ÓTh, PO, PP, RH, SÁ, StgrSt, ÁkJ, BG, BBen, BÓ, EmJ.

HS, PÞ, SkG, SvbH, ÁB, EirÞ, EystJ greiddu ekki atkv.

2 þm. (GíslG, ÁÞ) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég tel þessa brtt. við þetta lækkunarfrv. ekki réttu aðferðina til að jafna launamismun karla og kvenna og segi því nei.

Frv. samþ. með 19:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: GÞG, IngJ, JóhH, JPálm, JS, KJJ, MJ, ÓB, ÓTh, PO, PP, RH, SÁ, ÁkJ, BG, BBen, BÓ, EmJ, GÍG.

nei: GJóh, HV, KGuðj, LJós, EOl.

HÁ, HS, PÞ, SkG, StgrSt, SvbH, ÁB, EirÞ, EystJ, GíslG greiddu ekki atkv.

1 þm. (ÁÞ) fjarstaddur.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Eysteinn Jónsson: Þar sem ég tel heildarstefnu núverandi stjórnarflokka í efnahagsmálum þannig, að svo miklu leyti sem hún er kunn orðin, að ég vil enga ábyrgð á henni bera, og frv. þetta ekki þannig úr garði gert, að það tryggi jafnrétti stétta, mun ég ekki greiða atkv. með því. En þar eð meginatriði frv. er þó að gera tilraun til að færa til baka hækkanir, sem andstæðingar fyrrv. ríkisstj. knúðu fram á s. l. sumri, mun ég ekki bregða fæti fyrir frv. og greiði því ekki atkv. — Þessi er afstaða okkar framsóknarmanna í hv. deild.

Frv. afgr. til Ed.

Á 58. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 59. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Forsrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta mál er komið hingað frá hv. Nd., þar sem það hefur nú verið afgreitt við þrjár umr. og ekki hljóðalaust, svo að hv. alþm. í þessari virðulegu deild hafa sjálfsagt ekki komizt hjá því að kynnast efni málsins og þeim rökum, sem eru fyrir því, að það er flutt, svo að ég tel, að þess vegna sé ástæða til að ætla, að ég þurfi ekki að hafa fyrir því eins ýtarlega framsögu og annars mundi vera ástæða til.

Í stuttu máli eru rökin fyrir því, að þetta frv. er fram borið, þau, að verðbólgan tók ískyggilega mikinn kipp á s. l. ári, þar sem framfærsluvísitalan hækkaði úr 191 stigi upp í 225 stig, sem hún mundi hafa farið í, ef engar aðgerðir hefðu verið gerðar um nýárið, eða hækkaði með öðrum orðum um 34 vísitölustig. Kauplagsvísitalan hækkaði tilsvarandi, þannig að hún er nú í 202 stigum. Það er alveg greinilegt, að ef svo heldur fram, þá er stefnt í hreinan voða með verðbólguaukninguna. Sérfræðingar hafa reiknað, að hún mundi vaxa á þessu ári til næsta hausts, þannig að framfærsluvísitalan mundi komast upp í 270 stig og kauplagsvísitalan upp í 250 stig. Afleiðingarnar af þessu eru auðsæjar og hafa verið margraktar, svo að ég skal ekki fara út í að rekja það neitt hér nú.

Leiðirnar, sem til eru út úr þessu vandamáli, eru, að því að talið er, ekki nema tvær: Annars vegar að reyna að stöðva við það, sem er, og afla nýrra tekna til þess að greiða útflutningssjóði það, sem hann þarf til viðbótar, og afla tekna í ríkissjóð fyrir hans auknu útgjöldum, sem af þessu mundi leiða. En niðurstaðan af athugun þeirrar leiðar hefur orðið sú, að til þess að ná árangri eftir þessari leið mundi þurfa að afla svo gífurlega mikilla skatta, að það var talið hyggilegra að fara hina leiðina, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, að reyna að lækka tilkostnað og fá eftirgefinn hluta af launum manna, sem yrði notaður til þess að mæta þeim erfiðleikum, sem hér er um að ræða.

Í þeim umr., sem fram hafa farið á milli fulltrúa ríkisstj. og útvegsmanna, hefur það komið í ljós, að ef rekstrarkostnaður útvegsins yrði miðaður við 185 vísitölustig, þá mundi þurfa að styrkja þessa starfsemi umfram það, sem nú er gert, með 158.6 millj. kr. á árinu 1959, og er þó ekki þar gert ráð fyrir öðru en bæta þá hækkun, sem orðið hefur á rekstrarkostnaði þessara aðila vegna þeirrar hækkunar, sem orðið hefur á kaupgjaldi og verðlagi, síðan síðasti samningur var gerður. Hins vegar hefur það líka komið í ljós, að ef hægt væri að halda vísitölunni niðri í 175, þá þyrftu þessar bætur ekki að vera nema 77.7 millj. kr., eða 80.9 millj. kr. lægri. Ég skal ekki fara út í þessa samninga að öðru leyti, en við þessa tölu, 175 vísitölustig, hefur verið staðnæmzt. Framfærsluvísitalan í dag er 212 stig og kauplagsvísitalan samkvæmt því 195 stig, þannig að það þarf til þess að ná þessu marki að vera hægt að lækka kauplagsvísitöluna úr 195 stigum niður í 175. Þessu er hugsað að ná og er talið vera hægt að ná samkvæmt umsögn sérfræðinganna með því að fá launþega alla, sjómenn og bændur, iðnaðarmenn og aðra, sem taka laun fyrir sitt starf á einhvern hátt, til þess að gefa eftir sem svarar 10 vísitölustigum af sínu kaupi, eða 5.4%. Þá er talið, að hin 10 stigin muni nást með hinni almennu verðlagslækkun, sem af kauplækkuninni muni leiða. Þetta er að vísu nokkur fórn, eða virðist vera fórn a. m. k. fyrir þá, sem þetta nær til. En því er til að svara, að það er engin lausn til á þessu dæmi, sem ekki verður á einhvern hátt til þess að skerða kaupmátt launa frá því, sem nú er, og það miklu meira, ef aðrar leiðir eru farnar. Það er sem sagt niðurstaðan af þeim athugunum, sem gerðar hafa verið um þetta mál, að þessi leið, sem hér er farin, sé sú, sem minnst kemur við almenning í landinu og heppilegust muni reynast til þess að ráða fram úr vandanum.

Kaupmáttur launa verður samkvæmt þessu eða með vísitölunni 175 þó hærri eða lítið eitt meiri en kaupmáttur launa var í októbermánuði s. l. Og heildarlaunahæð í krónum árið 1959 verður, þó að þessi leið verði farin, ekki lægri, heldur örlítið hærri en hún var hjá sömu mönnum og við sömu aðstæður 1958.

Um frv. sjálft þarf ég ekki að vera margorður. Það gerir ráð fyrir því, að allar greiðslur, sem fylgja kauplagsvísitölu, skuli eftir 1. febr. n. k. miðast við vísitölu 175 stig. Þó er gert ráð fyrir, að 1. marz og þar á eftir verði kaupið leiðrétt eftir framfærsluvísitölu, miðaðri við vísitölu 100, sem gengið verði út frá 1. marz n. k.

Í frv. eru svo ýmis ákvæði, sem skilgreina betur, hvernig frá málinu verði gengið, og tel ég mig ekki þurfa að fara frekar út í það. En nýmæli tvö auk þessa aðalatriðis eru líka í frv. Annað er það, að eftir 1. marz skuli reiknað eftir nýjum vísitölugrundvelli, sem kauplagsnefnd og hagstofan hafa unnið að nú um nokkurt skeið og talið er að fylgi hinni almennu neyzlu betur en gamli grundvöllurinn, sem er orðinn um 20 ára gamall, en eins og kunnugt er, hafa neyzluvenjur í þessu landi breytzt mjög á þessu tímabili. Ætti því þessi nýi grundvöllur undir framfærsluvísitöluna að gefa sannari mynd og réttari af neyzluskiptingunni heldur en gamli grundvöllurinn gerir og þar með fást réttara álag á kaup, samkvæmt breytingum á verðlaginu. — Hin nýmælin í frv. eru þau, að hjá bændum er tekin upp endurskoðun á vöruverði landbúnaðarins á þriggja mánaða fresti eða fjórum sinnum á ári, eins og hjá verkamönnum og öðrum launþegum, til þess að bændur fái sín laun umreiknuð í verðlagsgrundvöllinn eftir þeim breytingum, sem orðið hafa á þessu þriggja mánaða tímabili, en hafði áður verið gert einu sinni á ári.

Þetta eru nýmæli auk meginatriðisins, sem gengur í gegnum allt frv. og er, eins og ég hef lýst, að allir, bæði verkamenn og aðrir launþegar, bændur, sjómenn, iðnaðarmenn og aðrir, gefi eftir 10 vísitölustig eða 5.4% af launum.

Um þetta frv. hefur verið leitað umsagnar bæði Alþýðusambands Íslands og ýmissa annarra launþegasamtaka, svo sem Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Sambands ísl. verzlunarmanna, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Sambands ísl. bankamanna og Iðnnemasambands Íslands. En þessi samtök öll hafa með sér samvinnu um efnahagsmál og hafa gert nokkrar till. til breytinga á frv., eftir að þau höfðu fengið tækifæri til þess að athuga það, og hafa þær sumar hverjar verið teknar til greina, eftir því sem mögulegt hefur verið.

Alþýðusamband Íslands eða stjórn þess hefur klofnað í málinu, og hefur meiri hluti stjórnarinnar samþykkt að vara við samþykkt frv. og telur fyrir því ýmis rök í sínu bréfi. En minni hlutinn telur í sinni umsögn, að þrátt fyrir yfirlýsingu síðasta þings Alþýðusambands Íslands um að stöðva við vísitölu 185 verði að telja, að þingið hafi ekki tekið afstöðu gegn þeirri leið, sem felst í umræddum till. ríkisstj., ef tryggt er, að kaupmáttur launa verði ekki rýrður frá því, sem hann var í október s. l. — og það liggur fyrir. Samkvæmt því er þess vegna umsögn minni hluta stjórnar A. S. Í. jákvæð við frv., en meiri hlutans neikvæð, og skipting meiri hluta og minni hluta er

þannig, að 5 af 9 stjórnarmeðlimum A. S. Í. mynda meiri hlutann, en 4 minni hluta. Stéttarsamband bænda hefur í meginatriðum tjáð sig fylgjandi þeirri stefnu, sem í frv. felst, en hefur óskað eftir að koma á framfæri nokkrum breytingum, sem sumar hverjar hefur verið unnt að taka til greina og aðrar ekki. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hefur líka látið í té umsögn um málið, og verður að telja hana jákvæða fyrir afgreiðslu frv. í meginatriðum. Samband ísl. verzlunarmanna hefur í sínu bréfi lýst yfir, að það telji, að niðurfærsluleiðin, sem hér er farið fram á að framkvæma, hafi ótvíræða kosti fram yfir ýmsar aðrar leiðir, sem farnar hafa verið í þessu skyni á undanförnum árum. Farmanna- og fiskimannasamband Íslands hefur sent mér umsögn sína rétt á þessari stundu, þannig að ég hef ekki fengið tækifæri til að yfirfara hana gaumgæfilega, en það segir í þessari umsögn, að sambandið sé samþykkt stöðvun verðbólgunnar, en telur sig ekki geta tekið afstöðu til málsins í heild að öðru leyti, og er það nokkuð óljós afstaða að vísu.

Ég veit ekki, hvort það er ástæða til eftir allar þær umr., bæði í útvarpi og á venjulegan hátt, sem fram hafa farið um málið, að ég sé hér að rekja það nákvæmlega. Þetta, sem ég hef nú greint frá, eru aðalefnisatriði málsins.

Í heild má segja, að til lausnar á þessum vanda, sem hér er við að glíma, sé ekki margra góðra kosta völ, en ég tel — og það telur ríkisstj. öll, að þessi leið, sem hér er bent á að fara, sé sú skásta af þeim, sem komið hafa til greina.

Eins og hv. þdm. er kunnugt, er gildistaka frv. miðuð við 1. næsta mánaðar, 1. febr., og væri af því mikið tjón, ef ekki næðist að afgreiða málið fyrir þann tíma. Ég bendi t. d. á, að ef þetta frv. hefði verið tilbúið 1. jan. í staðinn fyrir 1. febr., þá hefði mátt spara útflutningssjóði útgjöld til útvegsins, sem námu um 7 millj. kr., og ég efast ekki um, að ef afgreiðsla þess dregst fram yfir 1. n. m., þá muni það skapa miklu meiri útgjöld, vegna þess að aflinn í þeim mánuði verður væntanlega meiri en janúaraflinn, svo að útgjöld útflutningssjóðs vegna núverandi vísitölu í stað vísitölu 175 mundu verða miklu meiri en þau, sem bæta þyrfti fyrir janúarmánuð.

Ég vildi þess vegna leyfa mér að óska eftir því við hæstv. forseta þessarar d., að hann leitaðist við að flýta afgreiðslu þessa máls svo sem frekast eru föng á og svo, að heildarafgreiðsla þess fyrir 1. febr. yrði tryggð. Ég vil líka benda á í því sambandi, að ég fór fram á það við hæstv. forseta Nd., að hann leitaði eftir því við fjhn. þessarar hv. d., að hún sæti fundi með fjhn. Nd., þegar hún athugaði málið, og ætti þess vegna að vera fyrir hv. fjhn. þessarar d. auðleystara og fljótara að ganga frá málinu heldur en ella.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að óska eftir því, að að þessari umr. lokinni verði málinu vísað til hv. fjhn.

Forseti (BSt): Út af ummælum hæstv. forsrh. til mín að flýta málinu sem mest, þá skal ég þegar taka það fram, að mér er ljóst, að þetta mál, ef það á fram að ganga á annað borð, þarf helzt að fá afgreiðslu fyrir mánaðamót, og mun ekki standa á mér að reyna að greiða fyrir því, að svo geti orðið. En á það vil ég benda, að þessari hv. d. er ekki gefinn ýkja mikill tími til þess að afgreiða málið fyrir mánaðamót. Hv. Nd. hefur nú haft málið til meðferðar í viku, en okkur hér eru ætlaðir í hæsta lagi 2 dagar til þess.

Það er að vísu rétt, sem hæstv. ráðh. gat um, að fjhn. þessarar d. vann með fjhn. Nd. að athugun málsins, gerði það yfir helgi, og flýtir það að sjálfsögðu fyrir. En það verður samt töluverður aðstöðumunur deildanna til þess að fjalla um málið.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Það er búið að ræða þetta mál allmikið í hv. Nd., og þ. á m. hafa verið um það útvarpsumræður, en þegar þess er gætt, þá skaðar það nú kannske minna, þó að málið sé ekki ýtarlega rætt hér í þessari hv. d., enda til þess lítill tími.

Ég mun ekki heldur eyða miklum tíma í umr. um þetta mál, og það er sjálfsagt að taka það til greina að tefja það sem allra minnst, þó að það verði á kostnað þess, sem kannske skaðar lítið, að það verður minna rætt hér en ella hefði ef til vill verið gert, þótt málið hafi verið, eins og ég sagði áðan, rætt í hv. Nd.

Það er í sjálfu sér þýðingarlítið að ræða mjög um forsögu þessa máls, og a. m. k. er sjálfsagt að eyða ekki tíma til þess að rekja það langt aftur í tímann eða tildrög þess. En það er þó naumast hægt að komast hjá því vegna þess, hvernig þetta mál er til komið, að rekja það lítils háttar, vegna þess að það stendur í svo nánu sambandi við það, sem hefur verið að gerast núna sérstaklega á s. l. ári.

Það er enginn efi á því, að með myndun fyrrv. ríkisstj. var færzt mjög mikið í fang. Það, sem hún setti sér að takmarki, var mjög erfitt viðfangsefni, þó að ég sé einn af þeim mönnum, sem hafa naumast trú á því, að það sé auðvelt að ná jafnvægi í efnahagsmálum og stjórna efnahagsmálunum sæmilega nema með því að þetta mark, sem fyrrv. ríkisstj. setti sér, takist. Markmiðið, sem ríkisstj. setti sér, var raunverulega það að setja niður vinnudeilur, þannig að verkfallsrétturinn yrði a. m. k. notaður í hófi og ekki þannig, að yrði til skaða fyrir framleiðsluna, en vinnustéttirnar, bændur og launastéttirnar almennt gætu treyst því með því að hafa fulltrúa sína í ríkisstj., að það væru á hverjum tíma greidd þau laun fyrir vinnu, sem framleiðslan og þjóðartekjurnar þyldu frekast, og að keppt væri að því með því að hafa stöðuga og vaxandi framleiðslu, að tekjur þessara stétta og annarra í þessu þjóðfélagi gætu aukizt með því móti.

Ég sagði, að þetta væri erfitt viðfangsefni,

og það er það, vegna þess að því er ekki að leyna, að á undanförnum árum hefur verkalýðshreyfingin þróazt þannig og verið sterkust í átökum sínum í þá átt að fá fram kaupgjaldshækkanir, enda ekki óeðlilegt þó að verkfallsréttinum hafi verið beitt, þar sem vinnustéttirnar, verkamennirnir, höfðu ekki aðstöðu til þess að fylgjast með því, hvort kaupgjald þeirra væri í samræmi við það, sem atvinnulíf og þjóðartekjur frekast þyldu. Þetta var markmiðið, sem stjórnin setti sér, og það má segja, að það hafi raunverulega mistekizt og þar af leiðandi hafi þessi stjórn orðið að segja af sér.

Það voru góð samtök um það haustið 1956 að gera þetta átak, sem gera þurfti, það var fallið frá 6 vísitölustigum, enda stóð þannig á, að þá hefðu, ef þau vísitölustig hefðu verið tekin til greina viðkomandi greiðslu kaups og launa, landbúnaðarvörur hækkað svo að segja sama daginn um það, sem þessu svaraði, og ef til vill gerði það þá auðveldara að fá þessa samninga, enda stóðu þá þeir flokkar, sem ríkisstj. studdu, saman um þetta atriði svo að segja sem einn maður. Það var þá, sem voru gerðar ráðstafanir til þess eða samningur um það, að stóreignaskattur skyldi lagður á og lækkuð verulega álagning. Þetta var gert til þess að fullnægja því sjónarmiði, að aðrir væru látnir fórna, ef hægt er að kalla það því nafni, jafnhliða því sem vinnustéttirnar féllu frá þessum 6 vísitölustigum og bændur um leið frá því, sem því samsvaraði, haustið 1956.

Það var eftirtektarvert í þessum umræðum, sem fóru fram um fráfall þessara 6 vísitölustiga, að það varð varla vart nokkurs ágreinings í Alþfl., Alþb. eða Framsfl. um, að þetta væri nauðsynlegt, og rökunum, sem færð voru fram fyrir því, og útreikningunum, sem verkalýðnum voru sýndir, þeim var trúað, enda voru þeir sannir og réttir, og ég hygg, að þegar verkalýðsflokkarnir, sem svo kalla sig, og Framsfl. stóðu saman um þetta atriði svo að segja sem einn maður, þá sýnir það greinilega, hvað hægt er að gera til hagsbóta fyrir efnahagsmálin og um leið fyrir launastéttir og þjóðfélagið í heild, ef þessir flokkar standa saman um það, sem gera þarf, og segja satt og rétt frá því, sem verið er að gera, og um ástæðurnar fyrir því, því að það er vitað mál, að haustið 1956 var þessum 6 vísitölustigum ofaukið, framleiðslan gat ekki greitt það, og það var ekki hægt að taka þessi 6 vísitölustig til greina í kaupgjaldi nema leggja álögur á almenning sem því svaraði til þess að greiða framleiðslunni meira með þeim vörum, sem fluttar eru út.

Það er ákaflega eftirtektarvert, vegna þess að það var þegar á þessum tíma svo háttað, eins og greinilega kemur fram í ummælum blaða og öllum áróðri, sem var beitt í kosningum til stjórna verkalýðsfélaga þá um haustið, að þessir flokkar, sem að ríkisstj. stóðu, voru kallaðir kjaraskerðingarflokkar o. s. frv., og áróðrinum beitt miskunnarlaust af stjórnarandstöðunni þá þegar í þá átt að reyna að espa upp vinnustéttirnar gegn þessum ráðstöfunum, en það hafði — eins og kosningar það haust bera með sér — engan árangur.

Ég minnist sérstaklega á þetta vegna þess, að ég tel þetta vera eftirtektarvert og þess vert, að því sé veitt athygli, hvernig er raunverulega hægt að vinna að þessum málum, ef rétt er unnið.

Því hefur oft verið haldið fram og notað mjög í pólitískum áróðri, að flokkar með ólíkar skoðanir, eins og Framsfl., Alþb. og Alþfl. að sumu leyti, geti ekki unnið saman. Það hefur ákaflega mikið komið fram í umr. í hv. Nd. og í umr. um þetta stjórnarsamstarf einmitt þetta atriði, að það hafi frá upphafi verið vanhugsað, að þessir flokkar gætu í raun og veru unnið saman með svo ólíkar skoðanir, og að það sé útilokað, að slíkt sé framkvæmanlegt.

Ég held, að það sé ástæða til þess að benda á, að þessi áróður er settur fram í alveg ákveðnum tilgangi, og það þarf ekki að skýra það fyrir neinum, í hvaða tilgangi honum er haldið á lofti, þessum áróðri. Það er alveg vitað mál, að þegar fyrrv. ríkisstj. var mynduð, stóðu flokkarnir, sem studdu ríkisstj., ekki að henni sem heild. Það var alltaf mikill ágreiningur bæði í Alþfl. og í Alþb., og ýmsir öflugir stjórnarandstæðingar, sem urðu undir í báðum flokkum, þegar ríkisstj. var mynduð, og skal ég ekki rekja það atriði nánar. En þetta atriði haustið 1956 og fleiri átök, sem ríkisstj. gerði, sýna, að kenningin um það, að andstæðir flokkar geti ekki unnið saman, er algerlega röng. Hún er vanhugsuð, og það er vegna þess, að svona stjórnarsamstarf getur einatt blessazt milli flokka, þó að þeir séu með ólíkar skoðanir, meðan sá meiri hluti ræður í hverjum flokki, sem er hlynntur stjórnarsamstarfinu og vill vinna það til að taka visst tillit til þess, að stjórnarsamstarfið haldi áfram. Þessi tilraun, sem nú var gerð til stjórnarsamstarfs milli þessara flokka, fór forgörðum vegna þess, að það urðu ofan á þau öfl í tveim stjórnarsamstarfsflokkunum, sem voru raunverulega andvíg stjórnarsamstarfinu. Það eru ef til vill sterkustu rökin til þess að hnekkja þessum stöðuga áróðri, sem er settur fram í ákveðnu markmiði um það, að ólíkir flokkar geti ekki unnið saman, ef maður lítur til annarra landa, þó að maður taki ekki nema tvö lönd, England og Bandaríkin. Þar er tveggja flokka kerfi, en í báðum flokkunum í Bandaríkjunum er vitað, að þar eru svo ólíkar skoðanir, að varla getur verið um ólíkari skoðanir að ræða milli tveggja flokka. En þessir flokksmenn vinna saman vegna þess, hvernig kosningakerfið er. Það þarf ekki að rekja þetta mál. Þetta er öllum svo kunnugt, sem hér eru til staðar. Að maður ekki minnist á Bretland, þar sem hafa hvað eftir annað verið það mikil átök í Verkamannaflokknum, vegna þess að þar hafa verið tveir armar, tveir flokkar, — enda er brezki Verkamannaflokkurinn raunverulega samsettur af mörgum flokkum að vissu leyti, — að legið hefur við klofningi, sem núna

hefur á seinni árum verið jafnaður, og mætti svo rekja víðar. — Þetta set ég hér fram til þess að hnekkja þeim rökblekkingum, sem hvað eftir annað eru bornar fram um það, að flokkar með mismunandi skoðanir geti ekki unnið saman, ef vissum skilyrðum er fullnægt.

Ég skal nú ekki rekja þessa stjórnarsögu frekar. En eins og ég sagði í upphafi máls míns, er ástæða til að gera það, vegna þess að það, sem nú er að gerast, stendur í nánu sambandi við það, sem gerðist í fyrrv. ríkisstj. Ég ætla samt sem áður að sleppa því að rekja það, þangað til kemur að því atviki, sem má telja að sé frumástæðan til þess, að við erum nú að ræða þær ráðstafanir, sem hér liggja fyrir.

Þegar efnahagsráðstafanirnar voru gerðar vorið 1958, þá var enginn efi á því, að það var rétt stefnt, þessar ráðstafanir gengu í rétta átt. Það var rétt stefnt, og bezti vitnisburðurinn um þessar ráðstafanir er — án þess að ég nefni sérstök nöfn — frá þeim mönnum hér í þessu landi, sem mest hafa fengizt við það að reyna að skýra fyrir þjóðinni, hvað gera þyrfti í efnahagsmálunum til þess að ná eðlilegu jafnvægi. Það var engin dul dregin á það af þessum sérfræðingum, sem skrifuðu um ráðstafanirnar vorið 1958, að svo var, og það, sem var eitt meðal annars, sem var eðlilegt og skynsamlegt í þessum ráðstöfunum, var 55% yfirfærslugjaldið. Þessar ráðstafanir, þó að þær væru ekki gerðar að öllu leyti eins og þessir efnahagssérfræðingar, sem reiknuðu fyrir okkur dæmið, og aðrir, sem að þeim stóðu, höfðu ráðlagt, þá var það samt í höfuðatriðunum, og það, sem var eitt af stærstu atriðunum í þessu máli, var það, að auk þess sem náðist jafnvægi, þá voru í þessum efnahagsráðstöfunum sett ákvæði, sem leiðréttu misræmi á erlendu og innlendu verðlagi og leiðréttu misræmi á þeim vörum, sem við kaupum til landsins. Menn eru svo uppteknir af því að ræða um það, hvort þetta eða hitt hækki, hvort vinnustéttir og bændur eigi að fá þessa eða þessa hækkun, að mönnum sést meira og minna yfir þessar ráðstafanir, þessi ákvæði frv., sem voru meginatriði þess til þess að ná jafnvægi í efnahagsmálum og gjaldeyrismálum. En þessi spor í rétta átt ollu eðlilega hækkunum, um leið og var leiðrétt misræmi á vörum, sem við flytjum til landsins. Ég get nefnt dæmi, sem enginn vænir mig um að ég sé sérstaklega að nefna í hlutdrægum tilgangi, — við skulum segja fóðurbætir. Við skulum líka nefna alls konar vélar til lands og sjávar, svo að nokkur dæmi séu nefnd. Það er vitað mál, það duldist engum, og enginn veit það betur en hæstv. forsrh., að gjaldeyriseftirspurnin eftir þessum vörum á frjálsum markaði var orðin svo geysileg, að það var alveg bersýnilegt, að fjármálakerfið gat ekki staðizt. Ég fer ekki nánar inn á þetta, en afleiðingin af þessu var sú, að um leið og þetta var rétt og stórt spor, þá var jafnframt auðvelt vegna þessara hækkana og fyrir þá, sem vildu beita sér gegn ríkisstj., að hefja áróður, sem var líklegur til þess að fá eyru fjöldamargra í þessu landi, þar sem þetta er allt í hækkunarátt, o. s. frv.

Það var enginn efi á því, að þessar ráðstafanir gerðu það auðvelt, þó að þær væru réttar, að koma við áróðri í þessa átt, og hann var sannarlega ekki sparaður. Það er enginn efi á því, að þessi áróður hafði djúptæk áhrif og þau áhrif, sem ég er ekki farinn að sjá að núverandi hæstv. ríkisstj. sé alls kostar laus við. Það er vonandi, að svo sé. En það var bersýnilegt, að ástæðurnar til þessa áróðurs voru tvenns konar. Hann var vegna stöðugs áróðurs Sjálfstfl. um kauphækkanir og stöðugs áróðurs vegna hækkana, sem urðu, og kauphækkana, sem þyrftu að verða. Það þarf ekki að ræða það mál. Það er allri þjóðinni kunnugt. Þessi áróður olli því, að það greip hræðsla um sig bæði í Alþfl. og í Alþb. um sitt verkamannafylgi, því að hvað sem hver segir, þá er það nú svo, að það er auðveldara að segja við verkalýðinn eða hvern sem er: Ég býð þér 20 kr., ja, ég býð þér 30 kr., þegar annar býður 20. — Það er auðveldara að bjóða 30, og ef það er sagt hvað eftir annað og mönnum sagt hvað eftir annað, að fyrir því sé grundvöllur, þá er nokkurn veginn víst, hvorum megin fylgið fellur. Sérstaklega er það alveg augljóst, ef bilar sá meginþáttur þeirra flokka, sem stóðu með stjórninni, að standa að því sem einn maður og sýna mönnum fram á sannleikann í þessum málum, enda er enginn efi á því, að þegar atkvgr. fór fram um efnahagsráðstafanirnar vorið 1958, þá hafði þessi áróður og þessi hræðsla að sumu leyti borið þann árangur, að ráðstafanirnar voru samþ. með eins atkv. mun, og margir af þeim mönnum, sem hafa mikil áhrif í verkalýðshreyfingunni, jafnvel meginhluti þeirra, voru andvígir ráðstöfununum frá 1958.

Þarna blandaðist saman þessi geigur og jafnframt það, að andstæðingarnir, sem höfðu alltaf verið í tveimur flokkum, sem stóðu að ríkisstj., sáu sér þarna færi, þeir sáu sér þarna leik á borði. Og enginn þekkir það betur en ég, að það gengur á ýmsu í stjórnmálum, og þeir hafa sjálfsagt talið það hyggilegt og rétt að nota sér þetta tækifæri, — ég skal ekkert um það dæma, — og sjálfsagt að einhverju leyti talið eða öllu leyti talið, að þó að þeir vissu, hvað þeir voru að fara, og þeir voru í raun og veru að segja fólkinu það, sem þeir vissu sjálfir að var ekki satt, — ég leyfi mér að segja svo mikið og ætla mér að rökstyðja það hér strax á eftir, — þá hafa þeir talið sér það leyfilegt, vegna þess að góður tilgangur hefur helgað í þeirra augum það meðal. En það var enginn vafi á því, að hér var slíkt á ferðinni, að ekki var þetta sagt öðruvísi en gegn betri vitund, a. m. k. af sumum, því að í hinni margumtöluðu grg. stóð það, sem er vert að veita athygli, vegna þess að það er ekki undirskrifað af einum ráðh. eða tveim ráðherrum, það er undirskrifað af allri ríkisstj., öllum ráðherrunum sex, — það er sagt í grg. beinlínis, að kaupið megi ekki hækka meira en um 5%. Ef það gerist, þá er

það rökstutt svo greinilega sem verða má, að af því leiði það, að aftur komist á jafnvægisleysi, leiði af sér hækkanir, vísitöluhækkanir o. s. frv., sem leiði af sér, að það þurfi að afla frekari tekna, og þarf ég ekki að tefja á því að lesa þessa grg., því að hún hefur verið lesin það oft hér á hv. Alþ. og birt í blöðum. Og það er sagt meira heldur en þetta, allir ráðherrarnir segja sem einn maður: Við gerum okkur ljóst, að vísitöluna þarf að endurskoða fyrir 1. des. næsta ár. Ef það er ekki gert, þá er hætta á ferðum. — Þetta undirskrifuðu allir ráðherrarnir, og þetta var samkv. útreikningum þess hagfræðings, sem hafði gengið frá grundvallarútreikningum, sem efnahagsráðstafanirnar byggðust á og voru margendurskoðaðir í fleiri vikur af þeim ráðherrum, sem að lokum skrifuðu undir þetta efni grg.

En það er nú einu sinni svo, að þegar andstæðingarnir vissu, að þarna var Akkilleusarhællinn, þarna var hægt að vinna á stjórnarsamstarfinu, þá var það beinlínis notað í þeim tilgangi, sem við vitum, og með þeim árangri, að sá tilgangur náðist.

Ég ætla ekki að rekja þetta atriði hér, því að ég lofaði að fara sem fljótast yfir sögu. En afleiðingarnar urðu þær, sem margtekið hefur verið fram hér á Alþ., þvert á það, sem efnahagsráðstafanirnar gerðu ráð fyrir að mætti koma fyrir.

Kauphækkanirnar fram yfir þetta urðu miklar, og þegar efnahagssérfræðingur ríkisstj., Jónas Haralz, endurskoðaði þessar ráðstafanir s. l. haust, þá komst hann að þeirri niðurstöðu í höfuðatriðum, að ef kauphækkanirnar væru í meginatriðum teknar til baka, þá væri hægt að halda jafnvæginu, — það væri hægt að halda jafnvæginu, vegna þess að þau vísitölustig, sem þyrfti þá að greiða niður, fyrir því þyrfti það lítilla tekna að afla, að það mundi vera hægt að gera það án þess að íþyngja almenningi. Og þegar Sjálfstfl. fékk þessi skjöl og lét sinn sérfræðing endurskoða þetta í fleiri daga, viku eða tíu daga, það hefur verið sagt hér, það er ástæða til að leiðrétta það, ég hef ekki nennt að vera að leiðrétta það, — ég sagði Sjálfstfl., þegar hann bað um þessi skjöl, að það væri alveg sjálfsagður hlutur, bara einhver dráttur á því, að efnahagssérfræðingarnir hefðu þetta til, og forsetinn hringdi til mín og spurði, hvort það væri ekki hægt að reka á eftir því, ég gerði það. Það lá alveg í hlutarins eðli, að flokkur, sem ætlaði að mynda stjórn, fengi þessi skjöl, svo að það var ekki á því nein tregða. En þegar þessi skjöl voru skoðuð og nýir útreikningar gerðir, þá komst Sjálfstfl. að þeirri niðurstöðu, að það, sem þyrfti að gera, væri það að taka aftur kauphækkanirnar, sem flokkurinn ásamt stjórnarandstöðunni í hinum flokkunum hafði beitt sér fyrir s. l. sumar. Og hann segir meira í þessum yfirlýsingum sínum, hann segir, að þá sé hægt að ná jafnvægi, að vísu segir hann: fyrst um sinn eða til bráðabirgða, svo þurfi að gera, eins og hann orðar það síðar í tillögunum, gengisbreytingu síðar.

Það getur vel verið, að það sé hægt að fara með almenning á þennan hátt. Það getur vel verið, að það sé hægt, og það getur vel verið, að það borgi sig. Ég þekki ekki svo til, að ég ætli að fullyrða neitt um það, hverjar afleiðingar slíkt hefur. En einkennilegt má það vera, ef það á ekki eftir að draga dilk á eftir sér, þegar búið er að segja mönnum það í allt sumar við kosningar fulltrúa til Alþýðusambandsþings, að það, sem nú sé um að gera að framkvæma, það, sem mestu skipti fyrir verkalýðinn, sé að hækka kaupið, og koma svo til sömu manna og segja við þá: Nei, þetta var allt saman tóm vitleysa, þetta var allt ósatt, sem ég sagði ykkur. Einasta ráðið til þess að ná jafnvægi og forða ykkur frá atvinnuleysi er að taka allt til baka, sem við sögðum ykkur í sumar að þið ættuð að fá. — Og þegar það er tekið til baka, þá er ekkert undarlegt, þó að fólk, sem farið er með á þennan hátt, eigi erfitt með að trúa því, sem er sagt núna, fyrst þeim var sagt í allt sumar, að það væri nauðsynlegt að hækka kaupið, sem var vitanlega gert í ákveðnum tilgangi, pólitískum tilgangi, en núna er sagt, að það, sem mest á ríður fyrir hag þess, sé að taka það allt saman aftur. Hvernig er raunverulega hægt að ætlast til þess af þeim vinnustéttum, að þær trúi þessu? Ég veit það ekki. Það getur vel verið, að það lánist, en ekki þætti mér það einkennilegt, þó að það ætti eftir að draga dilk á eftir sér.

Það hefur verið rakið svo greinilega hér, hvernig þetta stóð s. l. haust, að ég sé ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um það. En vekja má athygli á því einu sinni enn, að fyrrv. ríkisstj. fékk loforð fyrir því, margendurtekið loforð, og á því var byggt, að Alþýðusambandsþingið kæmi saman óvenjulega snemma og hefði lokið störfum svo snemma eða það tímanlega í nóvembermánuði, að það væri hægt að semja við Alþýðusambandsstjórnina, áður en vísitöluskrúfan færi af stað 1. des. Þetta var beint loforð og samningar. Okkur var tjáð, að vegna veikinda forseta Alþýðusambands Íslands, Hannibals Valdimarssonar, hefði ekki verið hægt að semja þá skýrslu, sem hann þurfti að leggja fyrir Alþýðusambandsþing, aðrir hefðu ekki getað gengið í það verk heldur en hann, og þess vegna hefði Alþýðusambandsþingið ekki verið kallað saman fyrr en 25. nóv. eða svo seint, að fyrirsjáanlegt var, að útilokað var að ræða við Alþýðusambandsþingið og nýja stjórn Alþýðusambandsins um vandamálið.

Það hefur oft verið talað um, að það hefði í sjálfu sér kannske verið fráleitt að biðja Alþýðusambandsþingið um þann frest, sem ég óskaði eftir. Í mínum augum var ekki aðeins sjálfsagt, heldur skylt að gera það, þar sem þeir flokkar, sem stóðu að ríkisstj., sumir, settu það fyrst og fremst að skilyrði, og þar sem þeir settu það að skilyrði, þá varð vitan-

lega ekki hjá því komizt, enda hafði verið lofað að vinna með alþýðusamtökunum og vinnustéttunum í heild, þannig að ríkisstj. ráðfærði sig við þau um þau hagsmunamál, sem verkalýðinn snertu og vinnustéttirnar.

En ég get sagt það hér, að það var enginn efi, að mér virtist, í hugum nokkurs af meðráðherrum mínum um það, að það yrði auðsótt mál hjá Alþýðusambandsþingi að fá þann frest, sem beðið var um, ekki sízt þar sem það lá fyrir, að það loforð, sem hafði verið gefið um að halda Alþýðusambandsþingið fyrr, hafði ekki verið hægt að standa við, og það var ekki talinn neinn vafi á því hjá neinum í ríkisstj., að að sjálfsögðu yrði þessi frestur veittur.

Ég skal svo ekki rekja það nánar. Það hefur sjálfsagt skort ýmislegt á, að ég gerði Alþýðusambandsþinginu grein fyrir því, hve nauðsynlegt var að fá þennan frest og hve mikils var um vert, að það væri hægt að tala saman, áður en nýja dýrtíðaraldan skylli yfir. En ef það hefur eitthvað skort á það hjá mér, þá er ég viss um, að það hefur ekkert skort á það hjá Jónasi Haralz, efnahagssérfræðingi ríkisstj., því að hann flutti þar mjög ýtarlega ræðu fyrir Alþýðusambandsþinginu um nauðsyn þess, að þessi frestur væri veittur og það væri til hagsmuna fyrir vinnustéttirnar fyrst og fremst.

Það þarf ekki að rekja það, að þessu var neitað, vegna þess að þeir töldu sig ekki hafa umboð á Alþýðusambandsþingi. En það er náttúrlega dálítið einkennilegt að hafa umboð til að neita, en hafa ekki umboð til að samþykkja, hafa umboð til þess að gera tillögur rétt á eftir í efnahagsmálunum, sem eru það bindandi, að útilokað var, að ríkisstj. gæti setið, eftir að þær till. voru samþ., — til þess höfðu þeir umboð.

Það hefur verið talað um það og var mikið talað um það í umr. hér í hv. Nd., og þess vegna minnist ég á það, að það sé furðulegt, að ekki skyldu vera lagðar tillögur fyrir Alþýðusambandsþingið af ríkisstj. — Fyrst og fremst var það nú þannig, að þeir flokkar, sem unnu með Framsfl. í ríkisstj., vildu ekki fallast á þær till., sem hann bar fram, og þess vegna var ekki hægt að bera þær till. fram, en samstarfsflokkarnir vildu ekki leggja fram neinar till., fyrr en þeir hefðu fengið að vita, að hin nýja sambandsstjórn hefði verið kosin og þeir gætu ráðfært sig við hana um það, hvaða efnahagstillögur yrðu samþ.

Ég get aðeins skotið því hér inn í, að ég heyrði í umr. í gær, ég held, að það hafi verið í útvarpsumræðunum, hv. 1. þm. Reykv. (BBen), sem talaði um, að það væri alveg furðulegt einmitt, að þessar till. skyldu ekki vera lagðar fyrir Alþýðusambandsþingið. Ég hef nú gert grein fyrir því, vegna hvers það var ekki hægt. En svo að segja í sömu andránni eða rétt síðar minntist hann á tillögurnar, sem Alþýðusambandsþingið hefur gert, og segir, að það megi nú nærri geta, hvaða vit hafi verið í þessum till., sem svona fjölmenn samkunda hafi samþ. og ekki haft ástæðu til þess að kynna sér málin.

Ætlun okkar var vitanlega sú og það eðlilega, að Alþýðusambandsþingið kysi sína fulltrúa, hvort sem það hefði nú verið nýja Alþýðusambandsstjórnin ein eða með allmörgum öðrum, eins og hafði tíðkazt áður, því að nítján manna nefndin hafði einmitt verið kosin til þess að ræða þessi mál, og gat þá hið nýja Alþýðusambandsþing kosið nægilega marga fulltrúa með Alþýðusambandsstjórninni til þess að ræða efnahagsmálin við ríkisstj., á sama hátt og gert hafði verið áður. Það var vitanlega eina leiðin. En það er vitað mál, að þessar till., sem voru samþ. á Alþýðusambandsþingi, og þegar vitað er, hverjir að þeim stóðu, hverjir sömdu þær, því að þær eru samdar löngu fyrir Alþýðusambandsþing, svo mikið fylgdumst við með, þær voru samdar af stjórnarandstæðingunum í báðum flokkunum, Alþfl. og Alþb., þeim mönnum, sem höfðu verið mest á móti ráðstöfununum s. l. vor, og þannig voru þær barðar í gegn.

Það var þess vegna komið á daginn, að þeir menn, er voru í meiri hl., höfðu náð undirtökunum í þessum flokkum, sem voru andstæðir ríkisstj., og samþ. till., sem lokuðu öllum leiðum fyrir henni í þessu máli, eins og komið hefur greinilega fram í þessum umr. og þarf ekki að rekja nánar. Ágreiningurinn, sem fyrir lá, hefur komið svo greinilega fram m. a. í umr. í hv. Nd., í blöðum og í útvarpsumræðunum í gær, að það er alveg óþarfi að vera að rekja það, en skiptir náttúrlega ekki máli, þó að það hafi jafnframt komið í ljós, að sumir af þeim mönnum, sem voru með því á Alþýðusambandsþingi að loka öllum leiðum til samkomulags um nokkra minnstu eftirgjöf á vísitölu og grunnkaupi, þeir voru frakkastir í því að samþ. það, eftir að ríkisstj. er farin. Það sýnir náttúrlega greinilega og svo að ekki verður villzt um, af hvaða toga þessi vinnubrögð á Alþýðusambandsþingi af þeirra hálfu a. m. k. eru.

En það, sem nú á að gera, — ég ætla að sleppa hér hugleiðingunum um tilraunir til stjórnarmyndunar, — það, sem núna á að gera, er bersýnilega það að taka aftur svo að segja alla kauphækkunina, sem barizt var fyrir af þessum flokkum s. l. sumar, og þannig á að ná jafnvæginu. Þetta eru nú út af fyrir sig einstök vinnubrögð, sem þjóðin á sjálfsagt eftir að dæma. Það hefur að vísu verið sagt í þessum umr., að Sjálfstfl. hafi komizt að þeirri niðurstöðu, að útlitið sé nú verra en þegar hann gaf út efnahagsmálaályktun sína um, að 6% kauplækkun, sem var barizt fyrir í sumar, það væri nóg að taka hana aftur, því að þá næðist jafnvægi fyrst um sinn. Hann segir, að útlitið hafi verið lakara, þegar hann hafi farið að athuga það, En heldur verður nú lítið úr þessari röksemdafærslu, þegar þess er gætt, að síðan hafa þeir uppgötvað, að hjá þessum óreiðumönnum, sem eru óreiðumenn eitthvað nýrrar tegundar, eftir því sem var litið á þetta í minni sveit, þegar ég var að alast upp, og reyndar síðan hjá fólki almennt, óreiðan er sú, að það munu finnast 50—70 millj. í tekjuafgang, — þetta

hefur nú fundizt, síðan þeir komust að þeirri niðurstöðu, að það þyrfti ekki að falla frá nema kaupgjaldinu, sem þeir spenntu upp í sumar, þá væri hægt að ná jafnvægi. Síðan hefur það komið í ljós, að það er tekjuafgangur, eftir því sem þeir álíta, frá 50—70 millj. Að vísu er það ekki upplýst enn þá, tekjuafgangurinn er nokkur, en hvort hann er það, það er náttúrlega óupplýst mál, en því reikna þeir þó með og það sé hægt að nota eðlilega mikið af þessum tekjuafgangi til þess að greiða niður dýrtíðina. Enn fremur hafa þeir komizt að þeirri niðurstöðu, að hjá þessum sömu óreiðumönnum, sem mér skilst nú að sé aðallega fjmrh., að vísu hygg ég, að ég hafi hlotið þá sæmd að vera talinn með annað slagið, — þá hafa þeir fundið það, að það sé hjá þessum óreiðumönnum svo varlega áætlað, að það sé hreinasta vanvirða, hvernig mennirnir hafa áætlað, þeir hafa áætlað svo varlega, að það sé hreinasta vanvirða, því að það muni muna allt að 80 millj., sem þeir hafa áætlað of varlega. Og það seinasta, sem hefur fundizt, er það, að það séu svo miklar fiskbirgðir, að þær séu um 70 millj. meiri, að mér skilst, heldur en í fyrra, og það standi meira að segja þannig af sér, eftir því sem manni skilst á umr., að þessi fiskur sé allur seldur, svo að það stendur ekki á því að fá fyrir hann andvirðið.

Þeir hafa fundið þá þarna, eftir því sem mér skilst, eitthvað á þriðja hundrað milljóna, síðan þeir komust að þeirri niðurstöðu, að allt væri í bezta lagi, ef það væru teknar aftur kauphækkanirnar, sem þeir spenntu upp í sumar, og þá væri náð jafnvægi,— en síðan hafa þeir fundið eitthvað á þriðja hundrað milljóna, eftir því sem þeir lýsa sjálfir. Það er hvorki meira né minna.

Það má kannske telja, að það sé tiltölulega meinlaus pólitískur leikur að nota fólkið í landinu, sérstaklega launastéttirnar, sem leiksopp á þennan hátt, sem gert er og gert hefur verið í sumar og gert er með því framhaldi, sem við höfum síðan horft á, og það sé sagt: Ja, það gerir ekkert til, þó að það sé dansaður þessi Óla skans-dans, að hækka kaupið og hlaupa svo til baka aftur og taka það af þeim, það getur vel verið, að það sé meinlaust og vinnustéttirnar taki því öllu með þögn og þolinmæði og trúi þeim mönnum, sem segja núna: Við sögðum ykkur ósatt í sumar, það byggist allt á því, við sögðum ykkur ósatt í sumar, og þess vegna þarf að taka það til baka. — En er þá ekki hugsanlegt, að sá sami verkalýður láti sér detta í hug, að það sé eins sagt ósatt núna, eins og þeir játa, að þeir hafi sagt ósatt s. l. sumar? Og leikurinn er alls ekki eins meinlaus og menn halda. Það eru taldir upp 26 liðir, það eru aðeins fáir liðir af þeim, sem þarf að lækka, 26 liðir eru taldir upp nýlega í Alþýðublaðinu, sem á að lækka núna vegna lækkananna. Það eru aðeins örfáir liðir fjöldamargra í þjónustu og vöruverði, sem á að lækka.

Mér er sem ég sjái það, þó að stjórnin væri öll af bezta vilja gerð, þegar hún er búin að snúa þessum 26 hjólum og óteljandi hjólum öðrum, snúa þeim á þann hátt, sem mjög erfitt er að gera, gegn sjálfshyggju hvers og eins, sem lækkunin snertir. Það verður erfitt verk. En í þessu atriði er einmitt það alvarlega, að það er ekki hægt að hlaupa upp með verðlag, spana fólk til þess að hækka kaup og verðlag og segja svo við það: Ja, bara ef það er tekið aftur af ykkur allt saman, þá er allt í lagi. — Það er ekki í lagi. Ég fullyrði það og er viss um, að hæstv. forsrh. gerir sér það fyllilega ljóst af þeirri reynslu, sem hann hefur af þessum málum, og raunverulega hver einasti þm. hér á Alþingi gerir sér það ljóst, að þetta eru erfiðleikarnir við að hækka og lækka síðan aftur kaupið. Hækkanirnar eru komnar inn í fjöldamargt, að því er snertir verðlag á þjónustu og vörum, og það er erfitt að ná því til baka. Fólkið verður verr sett en ef það hefði aldrei hækkað. Það er það alvarlega.

Í því sambandi ætla ég ekki að nefna nein sérstök dæmi, enda þarf þess ekki, því að þetta atriði gerir hver einasti maður sér ljóst, bæði utan þings og innan, sem hugsar um þessi mál.

Ég vil svo benda á annan megingallann í þessu öllu saman, og sá galli er, auk þess sem ég hef nú nefnt, að það er hætt við því, að til þess að uppfylla þessi loforð um niðurgreiðslu á vísitölustigum, loforð um greiðslur úr útflutningssjóði, loforð um greiðslu á nokkrum stigum enn, það er að vísu ekki vitað, hvað þau verða mörg, hæstv. forsrh. segir, að þau séu 1—3, það er undir því komið, hvað tekst að koma vöruverði og þjónustu niður til 1. marz, hvað þau verða mörg, — allt þetta bendir til þess, að þó að hæstv. ríkisstj. reikni, eftir því sem mér skilst, með 170—180 millj., það er það, sem niðurgreiðslurnar og greiðslur úr útflutningssjóði kosta, þá eru margir póstar enn þá duldir, sem enginn veit enn þá hvað kosta, t. d. það, sem ég minntist á áðan, niðurgreiðslurnar, og ýmislegt fleira, sem hefur verið nefnt í þessum umr., og gallinn á þessu öllu saman er náttúrlega sá, að botninn í þessu öllu saman er suður í Borgarfirði. Það er ákaflega auðvelt mál og það auðveldasta, sem til er í heiminum, að lofa svo og svo miklum greiðslum úr útflutningssjóði og semja um það, lofa niðurgreiðslum, greiða niður og lofa niðurgreiðslum á dýrtíð, en enn þá hefur ekki verið tekið á neinum vanda nema þeim, sem hér liggur fyrir, því að það má segja, að frá fall af tíu vísitölustigum er sparnaður á útgjöldum. En að öðru leyti er alveg eftir að fást við það, sem er meginatriði málsins, og það er það, hvernig á að standa við þessar skuldbindingar. Það hafa alltaf verið erfiðleikarnir í þessum efnahagsmálum, og ég held, að það séu engar ýkjur, að það hafi a. m. k. alls ekki verið sannað eða færðar að því nægilegar líkur, að það hafi verið séð fyrir þessari hlið. En það er raunverulega meginmálið, og því miður finnst mér þetta benda til þess að hafa þann keim, að hér eigi að leysa málin álíka og

1942 og geti farið með þau eitthvað svipað og 1942, þótt að ýmsu leyti sé öðruvísi að þessu farið, það eigi að velta þessu á framtíðina og fram yfir tvennar kosningar. Það sýnist mér vera öll einkennin á þessu máli. Þetta kemur vitanlega betur í ljós, þegar önnur atriði málsins verða rædd, og skal ég ekki fjölyrða frekar um það, þó að þetta sé í mínum augum og náttúrlega allra, sem athuga þessi mál, meginatriðið.

Ég vil ekki ljúka þessari umr. án þess að minnast á það misrétti, sem landbúnaðurinn verður fyrir í þessu frv. Það má að vísu segja, eins og hefur verið sagt í þessum umr. réttilega, að landbúnaðurinn hefur ekki fengið þær hækkanir, er snerta kaupgjald bóndans, nema einu sinni á ári. Það var sett inn í lög hér fyrir sjö árum, ef ég man rétt, og átti þá að vera eins konar hamla, það var sett inn, þegar gengisbreyting var gerð, átti að vera hömlur á hækkun á vexti dýrtíðarinnar. Við þetta hafa þeir búið, — það er alveg rétt, sem hefur komið fram í þessum umr., — við þetta hafa þeir búið, og það hefði engum dottið í hug, a. m. k. hefði ég ekki álitið það rétt, að þessu yrði hreyft, ef ekki væru hreyfðar aðrar stéttir, sem bjuggu áður við sama kost og landbúnaðurinn. Fiskverðið var óhreyfanlegt frá hausti yfir allt árið. Nú eiga samningar, að því er skilja má, að falla úr gildi og endurskoðast, ef það hækkar grunnkaup eða vísitala, og það á náttúrlega að takmarka það, og jafnframt eru ákvæðin, sem ekki hafa verið áður, um breytingar á fiskverði eftir vísitölu. Þá er vitanlega ekkert eðlilegra, fyrst sjómenn og útgerðarmenn eru látnir búa við þessar reglur, en landbúnaðurinn sé látinn búa við þær líka. Ef hvorugt hefði verið gert og útgerðarmenn búið við það sama og þeir hafa búið við áður og fiskimenn búið við það sama sem þeir hafa búið við áður, þ. e. a. s. sama og landbúnaðurinn, þá hefði ekki verið ástæða til þess að hreyfa þessu. En það er alveg fráleitt að ætla að láta eina stétt búa við annan kost en hinar stéttirnar, og má þá minnast þess, sem einhverju sinni hefur verið sagt, að misrétti er alltaf versta ranglætið.

Eins er það, þegar byrjað er á því að hafa vísitölu 100 sem eins konar grunn 1. marz, þá er alveg eðlilegt, að menn séu, þegar sá grundvöllur er myndaður, eins settir. En það er vitað mál, að það var gert, — ég er ekki að segja, að það hafi verið gert af hrekk, — en sá óvanalegi atburður gerðist, þegar Dagsbrún hækkaði s. l. haust, þá hækkaði hún þvert á móti því, sem venjulega hefur verið, beið þangað til landbúnaðarverðið var ákveðið og hækkaði um á fjórða prósent meira en gert var ráð fyrir í landbúnaðarverðinu.

Það eru að sjálfsögðu bornar fram brtt. um þau atriði, sem nauðsynlegt er, til þess að landbúnaðurinn standi eins að vígi og hinar stéttirnar, og geri ég ráð fyrir því, að það fari öðruvísi atkvgr. um það en í hv. Nd., því að ég get ekki skilið, hvernig menn geta varið það að láta eina stétt vera verr setta en aðra, vegna þess að það má líka fullyrða það, án þess að ég sé að nokkru leyti að telja það eftir og fara inn á röksemdir um það, sem þó væri að ýmsu leyti þess vert, að við framsóknarmenn höfum alltaf viðurkennt, að niðurgreiðslur geti verið þarflegar, réttlátar og eðlilegt að nota þær, en við höfum hins vegar alltaf bent á það, að þegar þær eru komnar yfir visst magn, þá eru þær af mörgum ástæðum mjög hættulegar, af mörgum ástæðum, og þar á meðal er það, að því er svo háttað núna í þessum niðurfærslum og niðurgreiðslum, að t. d. er kjötverð komið langt niður fyrir það, sem er í grundvellinum, og bændurnir eru þess vegna þeir, sem neyta langdýrasta kjötsins, dýrustu mjólkurinnar og dýrustu kartaflnanna, þeir fá ekki tekið til greina nema það, sem þeir nota af saltfiski og smjörlíki. Ég ætla ekki að gera þetta sérstaklega að umtalsefni, en ég bendi á það, að þeir verða öllu verr úti en aðrir. Látum svo vera, en þá er óþarfi að bæta því ofan á að láta þá að öðru leyti vera verr setta en allar aðrar stéttir í þessu frv., fyrst leiðrétting er á þessu gerð gagnvart útgerðarmönnum og sjómönnum.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta mál að þessu sinni og reyna í umr. að vera það stuttorður sem ég sé mér frekast hægt, til þess að þetta mál geti orðið afgreitt fyrir þann tíma, sem hæstv. forsrh. benti á og gert er ráð fyrir í frv.

Björn Jónsson: Herra forseti. Hv. þm. Str. (HermJ) lauk hér máli sínu, og meðal þess, sem hann gerði að umtalsefni, voru kauphækkanirnar, sem gerðar voru á s. l. sumri, og dæmdi hann þær mjög hart og alla þá, sem að þeim höfðu staðið.

Í því sambandi gat hann þess fyrr í ræðu sinni, að í grg. þeirri, sem fylgt hefði frv. um útflutningssjóð á s. l. vori, hefði það verið tekið fram og öll ríkisstj. hefði verið sammála um það, að kaup mætti ekki hækka frá því, sem ákveðið var í lögunum, og enn fremur, að öll ríkisstj. hefði verið sammála um það, að endurskoðun vísitölunnar færi fram nú í vetur eða á næsta hausti.

Þegar rætt er um kauphækkanirnar, þá held ég, að það sé nauðsynlegt að muna eftir öllum þeim, sem stóðu að kauphækkunum og að hækkunum á almennu verðlagi, og dæma þá alla jafnhart. En staðreynd er það, að á s. l. sumri, áður en verkamenn höfðu hækkað sitt kaup um einn eyri, hafði framleiðsluráð landbúnaðarins undir forustu framsóknarmanna hækkað vinnulið bóndans, þ. e. a. s. hans laun og þeirra, sem hjá honum vinna, um 6%. Rétt áður en Alþýðusambandsþing var haldið og áður en verkalýðshreyfingin tók þar afstöðu í efnahagsmálunum, hafði Framsfl. einnig staðið að því, að kaup allra opinberra starfsmanna í landinu var hækkað um 6—9%. Ég minni á þetta til þess að sýna, að það voru ekki aðeins þeir, sem hv. þm. Str. kallar stjórnarandstæðinga innan samstarfsflokka Framsfl. í fyrrv. ríkisstj., sem stóðu að kauphækkunum, heldur voru það miklu fleiri, og

verður vafalaust enginn sérstakur flokkur um það sakaður, nema ef vera skyldi sá, sem réð mestu eða a. m. k. allt of miklu um efnahagsaðgerðirnar, sem gerðar voru á s. l. vori.

Það liggur nú fyrir, sem Alþb. hafði raunar spáð, þegar frv. og lögin um útflutningssjóð voru til umr. hér á hv. Alþingi á s. l. ári, að það hefur á þessu ári verið ofheimt af þjóðinni upphæð, sem trúlega nemur allt að 200 millj. kr. Ég held, að hv. þm. Str. geti ekki mótmælt því, að tekjuafgangur ríkissjóðs á þessu ári muni nema 60—70 millj. kr. Ég hygg, að hann geti ekki heldur mótmælt því, að beinn hagnaður útflutningssjóðs á þessu ári nemur a. m. k. 34 millj. kr. Og ég hygg, að hann muni ekki heldur neita því, að ráðstöfun á fé ríkissjóðs hafi vegna erlendrar lántöku, sem var ráðstafað á sérstakan hátt á banadægri fyrrv. ríkisstj., numið 63 millj. kr. Þetta telst mér til að muni vera um 170 millj. kr. Auk þess hefur það svo verið upplýst, að fiskbirgðir í landinu umfram þær, sem voru til um áramótin 1957—58, eru nú um 70 millj. kr. virði, og bæði útflutningssjóður og ríkissjóður eiga því eftir að taka sínar tekjur af þessum fiskbirgðum, sem þó eru framleiddar á fyrra ári.

Það lá heldur ekki fyrir, ekki fullkomlega sannanlega fyrir a. m. k., þegar lögin um útflutningssjóð voru samin og ráðherrar Alþb. stóðu að því og þeirri grg., sem þeim fylgdi, að framleiðsla þjóðarinnar mundi vaxa á árinu um 200 millj. kr., og verð ég að segja það, að komið gæti til álita, að minni upphæð en þeirri yrði skipt á einhvern hátt milli launþega í landinu.

Ég vil svo líka gera það ranghermi hv. þm. Str. örlítið að umtalsefni, að stjórnarsamstarfið hefði rofnað vegna þess, að þau öfl hefðu orðið ofan á, að mér skildist sérstaklega í Alþb., sem hefðu verið andvíg stjórnarsamstarfinu og viljað það feigt. Þetta veit hv. þm. Str. að er með öllu ósatt. Fyrrv. ríkisstj. rofnaði vegna þess, að Framsfl. setti verkalýðshreyfingunni og Alþb. úrslitakosti í efnahagsmálunum. Þessir úrslitakostir voru fólgnir í því, að 15 stig skyldu vera eftirgefin bótalaust af vísitölu. Það verður þó að segja um aðstandendur þessa frv., sem hér er nú til umr., að þeir krefjast þó ekki nema 10 stiga bótalauss niðurskurðar á vísitölu, en þessi krafa framsóknarmanna hefði þýtt það, að kaup hefði lækkað um 8%. Auk þess lagði svo Framsfl. til, að 6 vísitölustig yrðu greidd niður og 150—160 millj. yrðu lagðar á í nýjum álögum. Þetta voru þeir kostir, sem Framsfl. gerði Alþb. til áframhaldandi stjórnarsamvinnu, og verð ég að segja það, að síðar hefur komið í ljós, að allir flokkar aðrir buðu þar hagstæðari býti, þegar rætt var um stjórnarmyndun að þessari stjórn frá farinni.

Það er rétt hjá hv. þm. Str., að þessar bjargulegu till. þeirra framsóknarmanna voru ekki beint lagðar fyrir Alþýðusambandsþing. En þó var öllum, a. m. k. öllum í þeim nefndum, sem fjölluðu um ályktanir þingsins, kunnugt um þær, og að sjálfsögðu ber að skoða neitun Alþýðusambandsþingsins á frestunarbeiðni þáv. hæstv. forsrh. í ljósi þeirra úrslitakosta, er Framsfl. hafði sett fram við samstarfsflokka sína. Að þetta hafi verið úrslitakostir, sannast greinilega af því, að eftir Alþýðusambandsþing, þegar bæði Alþfl. og Alþb. höfðu lagt fram sínar till. í efnahagsmálunum, þá fengust þær ekki einu sinni ræddar í ríkisstjórninni.

Fyrir örfáum dögum gat að lesa ummæli í aðalmálgagni hæstv. núv. ríkisstj., svofelld, með leyfi hæstv. forseta:

„Kunnur hagfræðingur hefur sagt um till. ríkisstj. nú, að hann sjái ekki nokkurn aðila í íslenzku þjóðlífi, sem geti hagnazt á þeim ráðstöfunum, sem lagðar eru til. Þetta þýðir, að enginn tapar á þeim, því að enginn getur tapað án þess, að annar græði, sem tapinu nemur."

Höfundur þessarar ívitnuðu greinar er einn af hv. þm. Alþfl. og jafnframt nú orðinn aðalritstjóri Alþýðublaðsins, svo að hér fer ekki á milli mála, að þarna eru túlkaðar skoðanir hæstv. ríkisstj. á því frv., sem hér liggur fyrir. Og þá vita menn það. Töfrasprotinn, sem þarf að beita í efnahagsmálunum, er fundinn og Alþfl. bregður honum á loft með þessu frv., — og sjá, fram undan blasir við breiður vegur, sem þjóðin mun ganga eftir út úr hörmungum dýrtíðarinnar og inn í hið fyrirheitna land atvinnuöryggis og batnandi lífskjara. Og auðvitað eru allir ánægðir, jafnt auðmenn sem öreigar, atvinnurekendur jafnt og verkamenn, því að „enginn tapar. Þess vegna hlýtur almenningur að fagna þeim ráðstöfunum, sem núv. ríkisstj. leggur til," segir blaðið, „almenningur er með lausninni." Dagsinn áður hafði blaðið að vísu slegið upp fimm dálka fyrirsögn, svofelldri: „Niðurfærsla verðbólgunnar, eftirgjöf 10 stiga, kaupmáttur hækkar." Í greininni, sem á eftir fer, segir svo: „Eftirgjöfin verður aðeins 10 stig. Er hækkun kaupmáttar við þessar ráðstafanir því 1.6%." Eftir allt saman er það þó ekki alveg nákvæmt hjá hv. 5. landsk. þm. (BG), ritstjóra Alþýðublaðsins, að enginn græði. Launamenn græða sem sé svolítið, ekki mikið að vísu, en þó upphæð, sem mundi svara 20—25 millj. kr. fyrir meðlimi Alþýðusambandsins eina. Og enn er sú undantekning að sögn blaðsins, að öryrkjar, mæður og barnafjölskyldur hagnast verulega, því að ekki eigi að lækka þeirra laun nema sem nemi úr 202 stiga verðlagsbótum í 185 stig. Og hverjir skyldu svo bera tapið af þessum hagnaði vinnustéttanna og öryrkjanna? Ekki getur blaðið þess, en trúlega eru það atvinnurekendur, því að öðrum er tæplega til að dreifa, og einhver hlýtur að tapa, þegar annar græðir, samkvæmt kenningu þess manns, sem falin hefur verið opinber málsvörn af hálfu ríkisstj.

Ég nefni þetta dæmi um málatilbúnað vegna þess, að hann er einkennandi fyrir allan málflutninginn á opinberum vettvangi af hálfu hæstv. ríkisstj., síðan hún tók við völdum, spaugilegur kannske að vísu að því leyti, að þar rekur sig allt á annars horn og gífuryrðin

hljóma eins og sæmilegustu skrýtlur. En alvara málsins er sú óvirðing, sem almenningi er sýnd með áróðri af þessu tagi, það algera vanmat á dómgreind hans, sem lýsir sér í öllum þessum málflutningi.

Í áramótaboðskap sínum mælti hæstv. forsrh. á þessa lund undir lok ræðu sinnar:

„Ég vil ætla, að mörgum þyki það heiðarlegra að ganga beint framan að mönnum og segja, hvers sé þörf, heldur en að læðast aftan að fólki og taka hið sama eða meira í hækkuðu vöruverði.“

Ég verð að segja það sem mína skoðun, að bæði þetta frv., sem hér liggur fyrir, og annar málflutningur í grg. þess ber lítinn keim af hinum karlmannlegu orðum hæstv. forsrh., er hann mælti til þjóðarinnar á nýársnótt. Það er ekki komið beint framan að almenningi með þessu frv., heldur þveröfugt, læðzt í krákustigum að baki honum til þess að fela hina réttu mynd af þeim afleiðingum, sem það hefur í för með sér. Sá maður, sem ekki hefði annað að styðjast við en þetta frv. og rökstuðninginn með því, mundi sannarlega ekki komast langt til rétts skilnings á því, sem hér er að gerast eða verið er að reyna að láta gerast í efnahags- og kjaramálum.

Þar er þá fyrst að nefna það, að sjálf málsmeðferðin kemur í veg fyrir það, að rétt mynd fáist af því, hvernig ríkisstj. hyggst leysa efnahagsmálin. Þar á ég við það, að ekkert, bókstaflega ekkert liggur enn fyrir um það með neinni vissu, hvernig stjórnarflokkarnir muni afgreiða fjárlög, en afgreiðsla þeirra er annar höfuðþáttur efnahagsmálanna í heild sinni.

Sem dæmi um það, hve reikular og óvissar eru hugmyndir stuðningsliðs stjórnarinnar um þann þátt málsins, má nefna, að um áramótin lét hæstv. forsrh. liggja að því, að fjár til niðurgreiðslnanna yrði að miklu leyti, þ. e. a. s. allt að 70—80 millj. kr., jafnvel enn meira, aflað með sparnaði á gjaldaliðum fjárlaga. En svo, þegar hann lagði þetta frv. fyrir hér á hv. Alþingi, tæpti hann á 40 millj. kr., 40 millj. kr. lækkun gjaldaliða, en hafði þó varla sleppt því orði, þegar formaður þess þingflokksins, sem úrslitavaldið hefur í þessu máli eins og öðrum þeim, sem varða stjórnarstefnuna, reis upp og kvað hart nei við öllum niðurskurði á fjárl. öðrum en bitlingum til framsóknarmanna. Sjálfsagt má þar nú eitthvað spara, þó að varla verði það tugmilljónir, og kynni líka að vera, að einhverjum bitling þyrfti að víkja að einhverjum þeim, sem þykist hafa orðið út undan fyrir ásækni framsóknarmanna.

Hugmyndir hæstv. ríkisstj. um 83 millj. kr. hækkun tekjuáætlunar ríkissjóðs virðast líka svífa í álíka lausu lofti og sparnaðurinn á gjaldaliðum fjárl.

Loks hefur hæstv. forsrh. boðað það, að vísu gagnstætt því, sem hann hafði látið í ljós í áramótaboðskap sínum, að nýrra tekna upp á a. m. k. 35 millj. kr. yrði aflað. Hann sagði þó, að þau nýju gjöld mundu ekki koma verulega við. Og loks var sá fyrirvari á öllu þessu mjög svo óljósa tali hafður, að þegar allt þetta væri fengið, mundi skorta nokkra milljónatugi og að auki áætlun fyrir öllu, sem héti óvænt útgjöld. Trúlega er þar enn um nokkra milljónatugi að ræða, sem almenningur verður að greiða fyrr eða síðar. Loks er því lýst yfir, að nota eigi 20 millj. kr. af greiðsluafgangi s. l. árs til hinna auknu útgjalda ríkissjóðs og útflutningssjóðs, sem fram undan eru.

Hæstv. forsrh. hefur talið, að heildarhækkun útgjalda útflutningssjóðs og ríkissjóðs, sem leiðir af nýgerðum samningum við útvegsmenn, niðurgreiðslum þeim, sem ríkisstj. hefur þegar hafið, og óhjákvæmilegum hækkunum öðrum, mundi nema 174.9 millj. kr. Margar veigamiklar upphæðir eða raunar flestar, sem þessa heildartölu mynda, eru áætlunaruppliæðir, og er raunar þegar viðurkennt, að sumar þeirra a. m. k. eru stórlega of lágt áætlaðar. T. d. hafa talsmenn ríkisstj. hér á Alþingi viðurkennt, að niðurgreiðslur mundi þurfa að auka um a. m. k. 3 stig, flestir álíta það miklu meira, en það mundi aldrei kosta undir 18—20 millj. kr. Þá gerir hæstv. ríkisstj. ekki heldur ráð fyrir neinum upphæðum til óvæntra útgjalda, eins og ég nefndi áðan, en þær munu á undanförnum árum hafa numið að meðaltali um 40 millj. kr. árlega.

Nú er það svo, að auðvitað hefur enginn hv. alþm. haft minnsta tækifæri til að sannprófa, hversu trúverðuglega eða gætilega aðrar áætlunartölur eru reiknaðar. En með hliðsjón af hinni augljósu tilhneigingu, sem fyrir hendi er, í þá átt að sýna sem skásta mynd af fyrirætlununum án tillits til staðreynda, verður ekki annað ályktað en að heildarútgjaldahækkunin verði ekki 174.9 millj. kr., heldur mikið yfir 200 millj. kr. Þegar svo á hinn bóginn er athugað, að hin gífurlega hækkun tekjuáætlunarinnar svífur að miklu leyti í lausu lofti og annar stjórnarflokkurinn neitar öllum niðurskurði á fjárl. eða svo til, þá getur ekki dulizt, að mjög miklar upphæðir skortir á, að endar nái saman, og að stefnt er að stórfelldum hallarekstri á útflutningssjóði, sennilega svo að nemi nokkuð á annað hundrað millj. kr. á þessu ári. Og hverjar skyldu afleiðingar slíkrar ráðsmennsku verða? Ég ætla ekki að svara því. Hins vegar leyfi ég mér að leiða hæstv. núv. menntmrh. sem vitni í því máli. Hann sagði við 1. umr. um útflutningssjóðslögin 14. maí s. l., með leyfi hæstv. forseta:

„Það er rétt, að verðhækkanirnar verða ekki umflúnar og þær koma. Það væri hættuleg sjálfsblekking að gera sér ekki grein fyrir því. Þær munu koma. En það væri líka hættuleg sjálfsblekking að gera sér ekki grein fyrir hinu, að þær eru óumflýjanlegar, þær eru afleiðing þess, að það er sannanlegur halli á útflutningssjóði, á útflutningsatvinnuvegunum og ríkissjóði. Undir slíkum kringumstæðum verða verðhækkanir ekki umflúnar. Það er einungis spurningin: Í hvaða formi vilja menn taka þær?“

Ja, spurningin verður sem sagt ekki um það, að afleiðingarnar verða verðhækkanir, heldur

um það, hvort menn vilji meðtaka þær í formi gengisfellingar, hækkaðra aðflutningsgjalda eða þá kannske með nýju, beinu launaráni, álíka miklu eða meira en því, sem nú er ráðgert hér í þessu frv. En það verður þá eina huggunin samkvæmt ummælum hæstv. menntmrh., að menn geta valið um þessar leiðir.

Svo koma talsmenn hæstv. ríkisstj. fram fyrir þing og þjóð og segja fullum fetum, að verið sé að stöðva verðbólguna og að engar nýjar álögur verði lagðar á almenning, og á þeirri forsendu á að svíkja inn á þjóðina þá miklu kjaraskerðingu fyrir almenning, sem ráðgerð er. Að vísu fæ ég ekki séð, að neinn grundvallarmunur sé á því að leggja beinar skattaálögur á launamenn og fá þær í hendur atvinnurekendum með milligöngu t. d. útflutningssjóðs og á því að lækka laun, án þess að nokkrar bætur komi á móti. Hvorri aðferðinni sem beitt er, verður afleiðingin hin sama: minni kaupmáttur launa, skert lífskjör og vöxtur raunverulegrar dýrtíðar.

Ég hef hér bent á, að hallarekstur útflutningssjóðs, sem leiða mun af ráðstöfunum hæstv. ríkisstj., muni leiða til vaxtar verðbólgu, þó að takast kunni að fela þann verðbólguvöxt næstu mánuði eða fram yfir kosningar. En hér kemur enn fleira til og þó sérstaklega það, að afleiðing þessa frv. mun verða aukin fjárfesting samhliða samdrætti í almennri neyzlu. En það er ekki hvað sízt gegndarlaus, stjórnlaus og sívaxandi fjárfesting, sem stuðlað hefur að verðbólgunni á undanförnum árum.

Það er sagt, að útflutningsatvinnuvegirnir spari sér millj. kr. á hinni óumdeildu launalækkun, sem leiðir af þessu frv. Ég vefengi ekki þá tölu. En hitt er augljóst, að þessi launalækkun er aðeins hluti af samanlagðri launalækkun allra, sem laun taka. Aðrir aðilar í þjóðfélaginu en útflutningsatvinnuvegirnir hirða hinn stærri hlutann og hann langtum stærri af launaráninu. Allir þeir, sem standa að hvers kyns fjárfestingu, taka þar sinn hlut og hann ómældan, ríkið, bæjarfélögin, atvinnurekendur, einstaklingar, sem verja fé til fjármunamyndunar. Enginn vafi er á því, að hvorki ríki né bæjarfélög munu draga að neinu leyti úr sinni fjárfestingu. Engar ráðstafanir hafa heldur verið til þess gerðar. Þegar það svo kemur til, að laun eru skyndilega stórlækkuð og menn sjá á hinu leitinu hilla undir stórfelldar verðhækkanir og jafnvel gengisfellingu, eins og Sjálfstfl. hefur boðað sem næsta skrefið í efnahagsmálunum á næsta hausti eða vetri, þá fer ekki hjá því, að allir, sem komizt geta yfir laust fé eða eiga fé, muni gripnir ofboði í að nota nú tækifærið til þess að fjárfesta, hver eftir sinni ýtrustu getu, og þá auðvitað m. a. með því að kaupa það vinnuafl, sem næstu mánuði mun verða falt með undirverði samkvæmt lagaboði, því að enginn mun verða svo grunnhygginn að trúa því, að verið sé að stöðva verðhækkanir til langframa, enda eru yfirlýsingar hins stærri stuðningsflokks ríkisstj. um nauðsyn gengisfellingar ólygnastar um það, hver þróunin verður, ef hann fær henni með nokkru móti ráðið, — og hann ræður henni nú og stefnir rakleitt að sínu setta marki.

Nú er það e. t. v. skoðun núverandi hæstv. ríkisstj., að þjóðin öll lifi um efni fram og að þetta frv. muni stemma þar á að ósi. Ég veit ekki um það, en ég tel þó ómaksins vert að skoða þá hlið málsins. Það er rétt, að á undanförnum hálfum öðrum áratug hefur heildarneyzla og fjárfesting verið meiri en við höfum getað staðið undir með samtíma vinnu. Er talið, að ráðstöfunarfé á síðasta áratugnum hafi numið frá 0.7—8.6% umfram samtíma þjóðartekjur. Þessi umframeyðsla þjóðarinnar hefur þó ekki farið til hlutfallslega aukinnar neyzlu. Þannig hefur neyzla í hlutfalli við þjóðarframleiðslu farið mjög minnkandi síðasta áratuginn eða úr 79.3% 1948 í 70.4% árið 1957, en fjárfesting í hlutfalli við þjóðarframleiðslu aukizt á sama tíma úr 24.3% í 34.3%. Nú má á það benda, að á valdaskeiði fyrrv. ríkisstj. hefur mjög áunnizt í því efni að auka þjóðarframleiðsluna og útflutningstekjur, sem sérstaklega mun koma greinilega í ljós, þegar allar tiltækilegar tölur verða lýðum ljósar yfir árið 1958. Þannig hefur útflutningsframleiðslan aukizt á því eina ári um 200 millj. kr. Það má því óhætt fullyrða, að við höfum ekki síðasta áratuginn staðið nær því en einmitt nú að lifa á okkar eigin samtíma vinnu og framleiðslu.

En ef svo er, að þjóðin í heild lifir um efni fram, þ. e. a. s., að neyzla og fjárfesting samanlögð séu meira en þjóðartekjurnar geta staðið undir, og vil ég þá undanskilja þá fjárfestingu, sem örugglega skilar sér aftur í aukinni útflutningsframleiðslu, þá er um þrjár leiðir að velja til úrbóta: í fyrsta lagi að minnka fjárfestingu, í öðru lagi að draga úr neyzlu, þ. e. a. s. að lækka lífskjörin, og í þriðja lagi að gera ráðstafanir til að auka þjóðarframleiðsluna. Það er skoðun mín og míns flokks og hefur alltaf verið, að hin síðasttalda leið sé sú ákjósanlegasta, og við það höfum við miðað okkar stefnu í efnahagsmálum þjóðarinnar fyrst og síðast. En sé ekki unnt að koma fram á nægilega skömmum tíma fullnægjandi ráðstöfunum, sem leysa vandann að þeirri leið einni saman, teljum við, að grípa eigi til þess að minnka fjárfestinguna, þegar svo stendur á, að það mundi ekki hafa í för með sér neinn samdrátt í atvinnulífinu. Og hér skilur á milli okkar stefnu og stefnu núv. hæstv. ríkisstj., eins og hún birtist í þessu frv. og öðrum fyrirætlunum hennar. Hér er ekki lagt til að gera neinar ráðstafanir til að auka framleiðsluna, og ekki er vitað um að neinar slíkar ráðstafanir séu fyrirhugaðar. Hér er ekki lagt til, að neinar ráðstafanir séu gerðar til að draga úr óarðbærri fjárfestingu. Hér er einhliða og eingöngu lagt til að ráðast á neyzluna, lífskjörin með stórfelldri beinni launaskerðingu. Hér er lagt til, að farin verði sú leið, sem sízt skyldi og margt illt mun af hljótast, ef svo ógiftusamlega tekst til að farin verði.

En hér er síður en svo um það eitt að ræða, að röng og óréttlát leið sé farin í grundvallaratriðum. Sjálf framkvæmd þessarar allsherjar

lífskjaraskerðingar er einnig byggð á freklegum ójöfnuði. Hún er hugsuð út frá þeirri alröngu forsendu, að allir þeir, sem laun taka, séu hlutfallslega jafnt aflögufærir, hálaunamaðurinn með 100—300 þús. kr. árstekjur á að skerða laun sín hlutfallslega jafnt og hinn tekjulægsti í hópi verkamanna og verkakvenna, og jafnvel örkumlamaðurinn á að taka sinn skerf. Þetta þýðir auðvitað, að þeir, sem nú hafa aðeins til hnífs og skeiðar eða tæplega það — og þeir eru margir þrátt fyrir allt — þeir eiga að axla sínar byrðar hlutfallslega við þann, sem ríflegastan hlut ber frá borði af þeim, sem laun taka, þeir eiga að taka sinn skerf af kjaraskerðingunni, á meðan enginn eyrir er tekinn af gróða í atvinnurekstri, verzlun eða neins konar annarri milliliðastarfsemi, heldur hlutdeild þeirra í afrakstri þjóðarbúsins aukin að miklu mun. Þeir launamenn eru vissulega til og þeir margir, sem geta fórnað nokkru af tekjum sínum og lifað samt góðu lífi, en þeirra er áreiðanlega ekki að leita meðal hinna lægst launuðu.

Í hinum nýja vísitölugrundvelli, sem byggður er á neyzlurannsókn, sem framkvæmd var á árunum 1953 og 1954 meðal verkamanna, iðnaðarmanna, sjómanna, skrifstofumanna og opinberra starfsmanna, er gert ráð fyrir, að neyzla meðalfjölskyldu með 4.24 manns sé kr. 53150.47, miðað við verðlag 1. nóv. 1957. Á verðlagi nú mundi þessi upphæð nema um 60 þús. kr. Í þessum grundvelli eru ekki meðtalin útgjöld vegna skatts eða útsvars og húsaleiga er áætluð aðeins tæpar 800 krónur á mánuði. Raunveruleg útgjöld slíkrar fjölskyldu yrðu því tæpast innan við 65—70 þús. kr., miðað við núverandi verðlag, og þó trúlega meiri. Nú eru laun verkamanns, sem vinnur eðlilegan vinnudag, 8 stundir alla virka daga ársins, með kaupgjaldi því, sem gilt hefur frá 1. des. s. l., 57264 kr. Skortir því a. m. k. 8—13 þús. kr. á, að slíkur verkamaður, hafi hann fyrir meðalfjölskyldu að sjá, nái inn fyrir vinnu sína þeirri upphæð, sem hagstofan og kauplagsnefnd töldu meðaltalsgrundvöll lífskjara almennings fyrir 4—5 árum. Þegar þessi verkamaður hefur síðan fengið laun sín skert samkvæmt þessu frv., — aldrei gæti verið umdeilt, að sú skerðing hljóti að nema a. m. k. 6%, og 10% eru nær lagi, — mundi hann skorta á milli 11 og 16 þús. kr. til þess að ná vísitölugrundvellinum.

Ég tel með öllu óþarft að viðhafa sterk orð um þann verknað, sem hér er verið að fremja gagnvart þeim lægst launuðu í þjóðfélaginu, því að hann dæmir sig sjálfur. Þeir, sem fyrir honum standa, ættu sjálfir að skammta sér 4134 kr., en það verður kaupið að þessu frv. samþykktu, ættu að skammta sér þá upphæð í einn mánuð til framfærslu sinnar og sinna og gefa síðan hv. Alþingi og öllum almenningi skýrslu um það, hvernig sá búskapur hefði gengið. Þetta ættu þeir að gera, áður en þeir knýja fram gegn eindregnum mótmælum verkalýðshreyfingarinnar stórfellda lækkun á launum verkamanna og jafnvel á þeim, sem lægri eru.

Því er haldið fram, að þetta frv., kjaraskerðingarfrv., og frv. um breyt. á lögum um útflutningssjóð muni leiða af sér stöðvun verðbólgunnar í landinu. Þetta er herfilegasta blekking. Ég hef áður drepið á, að fyrirsjáanlegur hallarekstur á útflutningssjóði muni verða á árinu mikið á annað hundrað millj. kr. og að sú upphæð öll muni koma fram síðar í hækkuðu vöruverði. Sýndarákvæði frv. um niðurfærslu á vöruverði og þjónustu eru haldlaus og munu ekki koma í veg fyrir mjög verulegar hækkanir, t. d. á svo til öllum iðnvarningi, sem framleiddur er í landinu. Menn hafa séð nú þessa dagana síðast tilkynningarnar frá bæjarstjórn Reykjavíkur um hækkun hvers konar skatta og gjalda og útsvara. Frv. er ekki ætlað að koma í veg fyrir þær hækkanir.

Enn ber að athuga það, að samkv. yfirlýsingum ríkisstj. á að nota á þessu ári til niðurgreiðslu a. m. k. tugmilljónir kr. af tekjuafgangi ríkissjóðs á s. l. ári. Skal sú ráðagerð út af fyrir sig viðurkennd sem eðlileg. En hitt er þó víst, að ekkert slíkt fé verður til ráðstöfunar í lok þessa árs, og yrði þá að afla nýrra tekna í það skarð, þegar þar að kæmi. Sú tekjuöflun mundi bætast við aðrar verðhækkanir þá.

Þá er gert ráð fyrir 70 millj. kr. tekjum í útflutningssjóð vegna lántöku. Þar er heldur ekki um að ræða neinar varanlegar tekjur, heldur tekjur, sem aðeins eru bundnar við þetta eina ár. Augljóst er, að allar breytingar, sem verða á bótum eða áætlunum, sem fyrir liggja um bætur, verða til hækkunar, og slíkar breytingar eru nú mjög auðveldaðar með þeim ákvæðum, sem felast í lagafrv. um útflutningssjóð og kveða svo á, að allar breyt. á vísitölu og grunnkaupi verki sjálfkrafa til hækkunar útflutningsbóta.

Að samanlögðu getur því ekki hjá því farið, að niðurstaðan að þessu ári liðnu verði sú, að hundruð millj. skorti í útflutningssjóð og ríkissjóð, og þeim vanda yrði ekki mætt nema með stórfelldum nýjum verðhækkunum eða enn nýrri launaskerðingu. Og þannig mundi fara, þótt launamenn og samtök þeirra hlífðust við að gera sínar gagnráðstafanir. Þessi afleiðing yrði m. a. óhjákvæmileg vegna þess, að ekkert á að gera í þá átt að minnka fjárfestingu eða auka framleiðslu, svo sem ég hef áður drepið á.

En eru þá nokkrar líkur fyrir því, að launamenn og þá sérstaklega láglaunamenn eiri því, að lífskjörin séu skert svo freklega sem hér er ráð fyrir gert? Það er athyglisvert í því sambandi, að bátasjómenn hafa að mjög verulegu leyti og sums staðar, eins og t. d. í Vestmannaeyjum, að öllu leyti hrundið af sér kjaraskerðingarákvæði þessa frv., áður en það var lagt fram hér á Alþingi, en eftir að kvisast tók um efni þess. En annars staðar voru bellibrögð höfð í frammi að undirlagi ríkisstj. til þess að knýja fram samþykktir á samningum með kjaraskerðingarskilningi hennar. Með sjómannasamningunum beið ríkisstj. fyrsta ósigur sinn í aðförinni að al-

menningi, að vísu ekki algeran ósigur, en ég fullyrði, að ósigurinn hefði orðið alger, ef fullkunnugt hefði verið um efni frv., þegar samningar fóru fram.

Næst gerðist það, að Alþýðusamband Íslands mótmælir þessu frv. eindregið og síðan nær því hvert einasta verkalýðsfélag, sem haldið hefur fund, síðan frv. var lagt fram. Jafnvel í Hafnarfirði, fæðingarsveit hæstv. ríkisstj., fannst enginn verkamaður á félagsfundi Hlífar, sem vildi ekki mótmæla kjaraskerðingarákvæðum frv. og skerðingu þess á samningsfrelsi verkalýðssamtakanna. Í Sjómannafélagi Hafnarfjarðar voru hörð mótmæli samþ. einróma. Þannig rís andúðaraldan æ hærra gegn þeirri allsherjarárás, sem hafin er gegn lífskjörum almennings, og þó er það víst, að andúð almennings verður því meiri og sterkari sem menn kynnast afleiðingunum betur.

Enn hafa menn ekki kynnzt í raun launaráninu. Enn er unnt að vefja málið og flækja með áróðursbrögðum viðlíka og þeim, sem ég gat um í upphafi máls míns. En slíkt er skammgóður vermir fyrir hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokka hennar. Fyrr en varir geta afleiðingarnar ekki leynzt neinum manni. Að vísu verður reynt að fela raunverulega aukningu verðbólgu á bak við skuldasöfnun uppbótakerfisins og frestað að láta hið sanna eðli ráðstafananna að því leyti koma fram að fullu fyrr en eftir kosningar, hvort sem þær verða einar eða tvennar, og til þess eru refirnir skornir. En að liðnum fáum vikum mun hinu ekki verða leynt, að launin lækka um 13.4%, en vöruverð og önnur útgjöld munu standa í stað miðað við þær niðurgreiðslur, sem þegar eru hafnar, að *langsamlega mestu leyti og í* sumum tilfellum hækka. Og þegar þær staðreyndir liggja fyrir, hygg ég, að leitun verði á þeim verkamanni, sjómanni eða iðnaðarmanni, sem ekki snýst til varnar gegn þeim ójöfnuði, sem hann er beittur undir því falska yfirskini, að verið sé að stöðva verðbólguna.

Eggert Þorsteinsson: Herra forseti. Af eðlilegum ástæðum hefur mönnum orðið tíðrætt um frv. hæstv. ríkisstj. um niðurfærslu verðlags og launa við þær umr., sem fram hafa nú farið hér á hv. Alþingi. Það væri vart ofmælt, þótt sagt sé, að þjóðin hafi fylgzt með þessum umr. með eftirvæntingu. Er beðið úrslita málsins jafnt af stuðningsmönnum málsins og andstæðingum þess. Öll dagblöð bæjarins hafa undanfarið flutt forsíðufréttir af gangi mála hér, og yfir útvarpshlustendur hefur dunið túlkun manna af öllum skoðanategundum.

Menn velta því þá fyrir sér, hvort ekki séu allir reiðubúnir til þess að taka afstöðu til málsins og hvort allir kostir lýðræðisskipulagsins hafi ekki verið að fullu nýttir.

Með ýtarlegum umr. nú verður vart mögulegt að leiða neitt nýtt í ljós, sem ekki hefur verið minnzt á áður. Hvað viðkemur einstökum atriðum sjálfs frv., þá vil ég aðeins vitna til hinnar greinargóðu framsöguræðu hæstv. forsrh.

Höfuðástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs nú við þessa 1. umr. málsins hér í hv. þd., eru ýmis atriði, sem fram hafa komið í umr. almennt um málið.

Eins og fram kom við framsögu málsins í hv. Nd., hafði fulltrúum ýmissa stéttasamtaka verið kynnt efni þessa frv. 4—5 dögum áður en það var lagt fram, og beinlínis eftir því óskað af hæstv. ríkisstj., að þessi samtök létu í ljós álit sitt á stefnu þeirri, sem frv. boðar. Jafnframt var boðað, að ríkisstj. mundi taka til velviljaðrar athugunar þær athugasemdir, sem rúmuðust innan þeirrar stefnu, er í frv. fælist. Flest þessara samtaka svöruðu bréflega, og kom þar fram, að ekki ríkti full eining um afstöðuna til málsins, en svör þessi er að finna í framsöguræðu hæstv. forsrh., er hann flutti fyrir málinu í hv. Nd. og hann minntist hér á áðan. Þessi svör stéttasamtakanna gerðu tveir hæstv. fyrrv. ráðh., Hannibal Valdimarsson og Eysteinn Jónsson, að sérstöku umræðuefni í Nd. og þá sérstaklega till. minni hl. miðstjórnar Alþýðusambands Íslands samkv. því, sem dagblöð hafa eftir þeim.

Höfuðathugasemd þessara ágætu þm. var, að flm. minnihlutaálitsins í miðstjórn Alþýðusambands Íslands væru þeir sömu sem barizt höfðu gegn því á síðasta þingi Alþýðusambands Íslands, að orðið yrði þar við tilmælum hæstv. þáverandi forsrh., Hermanns Jónassonar, um það, að fallið yrði frá 17 stiga vísitöluhækkun á laun í desember, sem þá var sýnilegt að ætti að koma. Þetta töldu þm. þessir og blöð þeirra mikla stefnubreytingu, ef ekki alger skoðanaskipti. En í fyrrnefndu minnihlutaáliti okkar, er skipuðum *minni hl. í miðstjórn Alþýðusambandsins*, var mælt með framgangi málsins að uppfylltum ákveðnum atriðum, sem nánar eru tilgreind og vikið skal að síðar.

Hæstv. fyrrv. félmrh. kryddaði svo þessa frásögn sína með því að lesa till. frá Múrarafélagi Reykjavíkur, sem fór mjög í sömu átt og forsendur Alþýðusambandsþings fyrir fyrrgreindri neitun á beiðni hæstv. þáverandi forsrh., en var samþykkt í félaginu á þingsetningardaginn með samhljóða atkv., en á Alþýðusambandsþingi daginn eftir með 295 atkv. þingfulltrúa gegn 38 eða um það bil 1/8 hluta þingsins.

Hverjar voru svo höfuðröksemdir þessara aðila þá, Alþýðusambandsins og Múrarafélagsins, og annarra þeirra, er létu í ljós skoðanir sínar? Er það ekki spurning, sem þessum hv. þm. væri hollt að rifja upp? Ef minnið í þessum efnum skyldi samt sem áður vera farið að sljóvgast um þessi mál, þá er rétt að rifja upp ástæðurnar, er til þessarar afstöðu lágu þá og voru vel rökstuddar.

Ég var vel kunnugur umr. þeim, sem fram fóru, áður en hin fyrrgreinda afstaða var tekin, enda viðstaddur á báðum stöðunum. Það fór ekki dult, að þann dag, 20. nóv. s. l., sem þáverandi forsrh. kvaddi okkur 4 fulltrúa úr alþýðusamtökunum á sinn fund og fór þess á leit, að við mæltum með samþykkt þessari um frestun eða stuðningi við hana á þingi

Alþýðusambands Íslands, að þá var ekkert samkomulag innan ríkisstj. um, hvað gera skyldi. Þvert á móti var vitað um mikinn skoðanamun, sérstaklega á milli sjútvmrh. og fjmrh. þeirrar hæstv. stjórnar, ágreining um það grundvallaratriði, hvað háar fjárhæðir þyrfti til þess að leysa vanda útflutningssjóðs og ríkissjóðs. Reynslan frá síðustu ráðstöfunum fyrrv. ríkisstj. var og á þann veg, að það tók 7 mánuði að komast að endanlegri niðurstöðu um till. í efnahagsmálunum.

Alþýðusambandsþing og Múrarafélagið og aðrir þeir, er fjölluðu um þetta mál, tóku því fyrst og fremst afstöðu gegn því að veita slíkan frest án þess, að nokkuð annað fylgdi um framhaldið. Hæstv. þáverandi forsrh. gat af eðlilegum ástæðum ekki gefið nein svör við því, hver yrði endanleg stefna til úrlausnar, því að hann vissi manna bezt, að ekkert samkomulag var orðið um það atriði innan stjórnarinnar og óneitanlega heldur skuggalegt útlit um, að nokkurt samkomulag yrði. Það var undir þessum kringumstæðum, sem alþýðusamtökin neituðu um meðmæli með fresti á greiðslu 17 stiganna 1. des. Alþýðusamtökin neituðu m. ö. o. að skrifa upp á víxil, sem tölurnar vantaði á.

Af þessu, sem ég nú hef sagt, ætla ég það vera ljóst, hvers vegna afstaða alþýðusamtakanna varð sú, sem raun bar vitni.

Í dag liggja hins vegar ákveðnar till. fyrir um, hvernig ætlazt er til, að vandinn verði leystur, og sýnist mönnum nokkuð sitt hvað jafnt innan alþýðusamtakanna sem utan þeirra.

Í sambandi við afstöðu verkalýðssamtakanna nú er rétt að minnast þess, að allt frá vinnudeilunni 1952 hefur verið óskorað meirihlutafylgi fyrir því innan verkalýðssamtakanna, að verðbólguþróunin yrði stöðvuð, þar sem vitað væri, að sú óheillaþróun kæmi verst og þyngst niður á launafólki. Allir hugsandi menn hafa og ekki gengið þess duldir, að slíkt átak mundi kosta fórnir. Forustumenn verkalýðssamtakanna hafa og eindregið hvatt til stuðnings við slíka stefnu. Birtar ræður og greinar um þessi efni skipta nú tugum. Ég hirði ekki um að vitna sérstaklega í greinar þessar eða ræður, það hafa dagblöðin gert nógu rækilega undanfarna daga. Á hitt vil ég minna, að einn afkastamesti forustumaður verkalýðssamtakanna um þessi efni er hæstv. núverandi forseti Alþýðusambandsins og fyrrv. félmrh. Hann hefur allt frá 1952 talið sig einn helzta forsvarsmann stöðvunar- og niðurfærsluleiðarinnar. Þau undur hafa nú hins vegar skeð, að í hv. Nd. hefur þessi sami maður farið með dylgjur um skoðanaskipti þess fólks, er skipaði eins atkv. minni hl. í miðstjórn Alþýðusambands Íslands, af því að það vildi styðja að framgangi þessa frv., sem er áreiðanlega stærsta og veigamesta skrefið, sem íslenzk stjórnarvöld hafa stigið til stöðvunar og niðurfærslu verðbólgu allt frá árdögum dýrtíðarflóðsins.

Þar sem hv. þm. hefur ekki aðstöðu til andsvara hér í þessari hv. þd., þá mun ég láta sögunni eftir að dæma, hvor aðilinn, hann eða við fjórmenningarnir í miðstjórn Alþýðusambands Íslands, hafi haft skoðanaskipti. Ég er óhræddur fyrir okkar hönd um þann dóm.

Í ágústmánuði 1956 fór hæstv. fyrrv. ríkisstj. fram á það við verkalýðssamtökin, að þau gæfu eftir 6 stig af vísitöluuppbótum, sem þá áttu að koma. Undantekningarlítið var þeirri ráðstöfun vel tekið, eins og hæstv. fyrrv. forsrh. gat um í ræðu sinni áðan, og verkalýðssamtökin stóðu sem ein fylking um það atriði, fyrst og fremst vegna þess, að almenningur vildi, að þá þegar væri snúizt hart gegn verðbólguskrúfuganginum og hann stöðvaður. Þessi vísitöluskerðing var framkvæmd, og meðlimir verkalýðssamtakanna ólu þá von með sér, að nú væri a. m. k. spyrnt við fótum og hlé yrði á árásum verðbólguvofunnar.

Á s. l. vori tel ég persónulega, að brugðizt hafi þessar vonir fólksins með stefnubreytingu þeirri, er frv. um útflutningssjóð tók. Eftir setningu þeirra laga töldu verkalýðsfélögin, að horfið hefði verið frá þeirri stöðvunarstefnu, sem verkalýðssamtökin hafa sífellt klifað á og margendurtekið frá 1952 og var aðalástæðan til þess, að samtökin studdu að ráðstöfununum í ágúst 1956.

Ég var af þessum ástæðum andvígur frv. um útflutningssjóð á s. l. vori, en er af sömu ástæðu meðmæltur samþykkt þessa frv., sem hér er til umr.

Höfuðröksemdir þær, sem fulltrúar kommúnista hafa beitt nú gegn frv. þessu eru tvenns konar:

1) Frv. boðar svo og svo mikla kauplækkun, sem þeim ber ekki alveg saman um, hve mikil er.

2) Frv. er skerðing á samningafrelsi verkalýðssamtakanna.

Hvað viðkemur fyrri ásökuninni, þá hefur enginn af stuðningsmönnum frv. farið dult með það, að með ráðstöfunum þeim, sem frv. gerir ráð fyrir, er reiknað með 5.4% launalækkun, miðað við núgildandi vísitölu. Það er niðurfelling 10 vísitölustigahækkunar bótalaust. Það væru ósannindi og óheilt að reyna að dylja slíkar afleiðingar, enda hefur enginn reynt það. Hins vegar hefur ekki staðið á fulltrúum kommúnista að reyna til við alls konar loðnar fullyrðingar og óskhyggjublandnar um, að ríkisstj. kynni ekki að takast jafnvel við niðurfærslu verðlagsins og hún hyggur, þ. e. lækkun álagningar í heildsölu og smásölu.

Ég vona launafólksins vegna, að þessi óskhyggja kommúnista um hrakfarir í baráttunni við verðlagið reynist röng, jafnvel þótt ég viti, að það yrði kommúnistum þungt áfall.

Á síðasta þingi Alþýðusambandsins stóðu upp fulltrúar hvaðanæva af landinu og fullyrtu, að umbjóðendur þeirra væru fúsir til að fórna, ef horfið yrði að því að stöðva verðbólguna. Það sama hef ég reynt. Ég viðurkenni, að mikið veltur á um framkvæmd þessara mála, hvernig til tekst. En jafnóviturlegt er að láta pólitískan fjandskap einan saman ráða afstöðunni til máls, sem óvefengjanlega nýtur stuðnings almennings þrátt fyrir þær

launaskerðingar, sem í bili leiðir af frv. Eða hver yrði launaskerðing fólks, ef ekkert væri að gert?

Varðandi síðari mótrökin, um skerðingu samningsréttar og samningsréttarfrelsisins, þá er það rétt, að ýmis félög eða hlutar þeirra hafa talið, að svo væri. Persónulega er ég á annarri skoðun. Ég tel, að réttur verkalýðsfélaga til þess að semja um allt, sem þau hafa samið um áður eða vildu semja um, sé óskertur. Ég held, að fullyrðing þessi blandist skoðun manna á þeirri kjarafórn, sem í frv. felst með niðurfellingu 10 vísitölustiga, eða vil a. m. k. ætla það að svo sé.

Hvað hefðu þessir sömu menn sagt, ef hreyft hefði verið við beinu ákvæði í samningum verkalýðsfélaganna, eins og t. d. umsömdu grunnkaupi?

Þessi tvö atriði, sem notuð eru í áróðrinum gegn frv., verða þó léttvæg, þegar nú hefur verið upplýst, að þeir, sem fremstir standa fyrir slíkum ummælum, voru vel til viðtals um einmitt sömu leiðir, ef þeir ættu sjálfir að sjá um framkvæmdina, þ. e. sitja í ráðherrastólunum.

Persónulega hef ég alltaf verið þeirrar skoðunar, að það eigi ekki að dæma verk ríkisstj. eftir því, hverjir skipi ráðherrastólana hverju sinni, heldur eftir því, hver niðurstaðan eða sjálfar staðreyndirnar verða um verk þeirra, er þar sitja.

Mistakist þær góðu fyrirætlanir, er að baki þessu frv. liggja, verður það að sjálfsögðu skylda verkalýðshreyfingarinnar að meta og vega það raunverulega tjón, sem hún hefur orðið fyrir um kaupmátt launa sinna. Og þá mun ekki standa á mér eða flokksbræðrum mínum um að fá fram sanngjarnar leiðréttingar þar á, þegar full reynsla er fengin á þessari niðurfærslutilraun til þess að leysa hinn ógnarlega vanda allrar þjóðarinnar.

Ég minntist í upphafi þessara orða minna á, að miðstjórn Alþýðusambands Íslands hefði ekki orðið sammála í afstöðu sinni til málsins og fram hefðu komið tvö álit, annað stutt af 5, en hitt 4 miðstjórnarmönnum. Þetta gat hæstv. forsrh. einnig um nú í sinni framsöguræðu og í útvarpsumræðunum frá hv. Nd. í gær um málið. Var áliti meiri hl. gerð á þeirra vísu góð skil. Ég vil því, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér till. okkar, er minni hl. skipuðum, en hún er svo hljóðandi:

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands hefur átt þess kost að kynna sér till. ríkisstj. um fyrirhugaðar ráðstafanir í efnahagsmálum og ályktar í því sambandi eftirfarandi:

Síðasta þing Alþýðusambands Íslands taldi höfuðnauðsyn, að þegar yrðu gerðar ráðstafanir til þess að stöðva verðbólguna. Jafnframt lýsti þingið sig samþykkt því, að vísitalan yrði stöðvuð við 185 stig, enda leiddi það ekki til rýrnunar á kaupmætti launa og fjár til niðurgreiðslna yrði ekki aflað með nýjum sköttum á verkalýðsstéttina.

Í till. þeim, sem núv. ríkisstj. hyggst leggja fram til lausnar aðsteðjandi vanda efnahagsmálanna, er gert ráð fyrir, að auk þess sem verðbólgan verði stöðvuð, verði verðlag og kaupgjald fært niður til baka, þannig að kaup verði greitt frá 1. febr. samkvæmt vísitölu 175. Er þetta talið nauðsynlegt vegna þeirrar þróunar, sem orðið hefur í kaupgjaldsmálum og verðlagsmálum, svo sem vegna nýrra samninga við bátasjómenn og útvegsmenn, ef unnt á að vera að komast hjá hækkun yfirfærslu- og innflutningsgjalda, sem mundi koma harðast niður á launþegum.

Miðstjórninni er ljóst, að ef ekki verða nú þegar gerðar ráðstafanir til lausnar efnahagsmálunum, vofir yfir stöðvun atvinnulífsins og alger upplausn, sem hvort tveggja mundi leiða til stórfelldrar kjaraskerðingar fyrir alla launþega.

Þrátt fyrir yfirlýsingu síðasta þings Alþýðusambands Íslands um að stöðva við vísitölu 185 verður að telja, að þingið hafi ekki tekið afstöðu gegn þeirri leið, sem felst í umræddum till. ríkisstj., ef tryggt er, að kaupmáttur launa verði ekki rýrður frá því, sem hann var í október, miðað við vísitöluna 185. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja og staðfest hefur verið hér á fundinum (þ. e. miðstjórnarfundinum), verður að telja þetta tryggt.

Í sambandi við fram lagðar till. ríkisstj. telur miðstjórnin nauðsynlegt að eftirfarandi verði tryggt:

1) Fjár til niðurgreiðslna og fyrirhugaðra ráðstafana verði aflað með sparnaði í rekstri ríkisins og frestun á þýðingarminni fjárfestingarframkvæmdum svo og með því að verja til niðurgreiðslna greiðsluafgangi ríkissjóðs.

2) Niðurgreiðslur verði auknar, þannig að tryggt sé, að framfærsluvísitala verði ekki hærri en 202 stig 1. marz n. k.

3) Síðari liður 1. gr. verði einnig látinn taka til bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

4) 4. gr. verði við það miðuð, að hinn nýi vísitölugrundvöllur verði látinn koma til framkvæmda frá gildistöku fyrirhugaðra laga.

5) Niður verði felld 2. málsgr. 6. gr. frv.

Auk þess telur miðstjórnin nauðsynlegt, að bæjar- og sveitarfélög leggi vísitöluna 175 til grundvallar við álagningu útsvara ársins 1959."

Undir þessa tillögu miðstjórnarhlutans í Alþýðusambandinu skrifuðu auk mín og fluttu: Magnús Ástmarsson, Sigurrós Sveinsdóttir og Óskar Hallgrímsson.

Af þessu er ljóst, að um allverulegan skoðanamun var að ræða í forustuliði samtakanna. Við í minni hl. höfum að vísu ekki fengið fram einn lið af fimm af því, sem upp er talið meðal þess, er við töldum nauðsynlegt að tryggt yrði, sem eðlilega kemur til af því, að leita hefur þurft þingstyrks til að koma þessum málum fram.

Við valdatöku núverandi ríkisstj. tók hæstv. forsrh. og formaður Alþfl. það skýrt fram, að um hreinar flokkstill. til lausnar efnahagsmálunum gæti vart orðið að ræða, þar sem ríkisstj. væri minnihlutastjórn.

Þrátt fyrir þessi smærri atriði þykir mér

sjálft höfuðmálið, niðurfærsla verðbólgunnar, svo mikið hagsmunamál almennings, að ég mun fylgja frv. óbreyttu, eins og það er komið frá Nd.

Auk fyrrgreinds álits minni hluta sambandsstjórnar hefur Bandalag starfsmanna ríkis og bæja sagt m. a.:

„Fyrirhugaðar aðgerðir ríkisstj., sem oss hafa verið kynntar, miða vissulega að því að stöðva þessa óheillaþróun“ — þ. e. verðbólguna.

Landssamband íslenzkra verzlunarmanna segir m. a. í ályktun sinni, með leyfi hæstv. forseta:

„En L. Í. V. telur, að ef sjávarútvegurinn raunverulega þarf þær lagfæringar á rekstrargrundvelli sínum, sem honum eru ætlaðar með aðgerðum þessum, þá hafi sú leið, sem valin er, niðurfærsluleiðin, ótvíræða kosti fram yfir ýmsar aðrar leiðir, sem farnar hafa verið í þessu skyni á undanförnum árum.“

Ég tek þessi atriði fram hér, af því að af einhverjum ástæðum féllu þau niður hjá þeim hv. þm., sem reyndu þó að færa sér aðra kafla ályktananna í nyt í útvarpsumr. frá Nd. í gærkvöld.

Ég hef hér reynt að minna á ýmis almenn atriði málsins, sumpart til þess að leiðrétta missagnir og svo til þess að koma á framfæri skoðunum þeirra, sem enn þá trúa því, að hægt sé að komast frá voða atvinnuleysis og hörmungum verðbólgu, — þeirra, sem trúa því, að hægt sé að lifa mannsæmandi lífi í þessu þjóðfélagi án þess að brjóta það allt í rúst og koma öllu í efnahagslegan voða fyrst.

Forsrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það eru ekki mörg atriði, sem ég þarf að svara í ræðum þeirra hv. þm., sem hér hafa tekið til máls.

Hv. þm. Str. (HermJ) notaði megnið af sínum ræðutíma til þess að rekja aðdragandann að því, að stjórn hans sagði af sér 4. des. s. l., og þær orsakir, sem hann taldi að til þess hefðu legið. Hann sagði nú, að ágreiningur í Alþfl. og Alþb. um stjórnarsamstarfið hefði verið þess valdandi, og vildi, að því er mér skildist, kenna þessum ágreiningi að verulegu leyti um að upp úr slitnaði.

Ég vil aðeins út af þessu taka fram, að ég veit ekki betur en að af hálfu Alþfl. hafi verið gert allt, sem hægt var, til þess að reyna að halda því stjórnarsamstarfi áfram. Ég er mér þess ekki meðvitandi a. m. k., að það hafi verið gert neitt af hálfu þingflokks Alþfl. til þess að rjúfa þetta stjórnarsamstarf. Ég tel, að ágreiningurinn um lausn efnahagsmálanna á milli Framsfl. og Alþfl. hafi ekki verið það mikill, að það bil hefði ekki verið hægt að brúa og a. m. k. af hálfu þingflokksins hafi verið gert það, sem unnt var, til þess. Ég tel, að af hálfu þingflokksins, því að um annað er mér ekki nákvæmlega kunnugt eða a. m. k. ekki eins kunnugt, hafi verið gert allt, sem hægt var, til þess að halda samstarfinu áfram. Og ég tel, að það þýði ekki fyrir einn eða neinn að fara neitt í kringum það, að það var ósamræmið í till. Framsfl. og Alþb., sem olli því, að upp úr slitnaði.

Annað í ræðu hv. þm. þarf ég ekki að vera margorður um. Ég vil þó aðeins geta þess, að hann taldi, að það hefði verið lofað of miklum greiðslum úr útflutningssjóði og ríkissjóði, án þess að séð væri fyrir tekjum á móti, og — eins og hann orðaði það að lokum — botninn væri þar suður í Borgarfirði.

Það hefur komið fram í umr. í hv. Nd. svipað sjónarmið, og ég hef svarað því á þann veg, að það væri fjarri því, að það væri ekki ætlað að sjá fyrir tekjum á móti. Hins vegar hefði ekki verið unnt að bíða með þær aðgerðir, sem hér er verið að gera, eftir því, að fjárlög væru afgreidd, því að það mundi hafa kostað miklu meira fé en annars hefði þurft og gert málið miklu torleystara í heild, ef allt hefði verið tekið í einu og ekkert verið leyst, fyrr en séð var, hvernig tekjuöflunin mundi fara.

Núverandi ríkisstj. er á þeirri skoðun, að það sé unnt eða það sé ekki óviðráðanlegt, svo að ég orði það varlega, að ná því, sem ná þarf út úr núverandi fjárlögum, án þess að stofna til verulegra nýrra útgjalda og með greiðsluafgangi ársins 1958. Þessu hefur verið lýst svo ýtarlega, að ég fer ekki að endurtaka það hér. Ég skal aðeins segja það, sem ég hef líka raunar sagt áður, að það er að vísu teflt á tæpt vað með því að leysa málið á þennan hátt, en það sýnir aðeins, að þar er farið eins skammt í að færa niður kaupgjald eða vísitöluna og frekast hefur verið talið forsvaranlegt í þeirri von, að þá mundi heldur verða sætt sig við það.

Þá sagði hv. þm., að hann kynni því ekki, að það misrétti landbúnaðarins, sem hann ætti nú að búa við, yrði ekki leiðrétt, áður en frá þessu máli yrði gengið, og átti þar við, að sú hækkun, sem verkamannafélagið Dagsbrún í Reykjavík hefði fengið s. l. haust, yrði ekki reiknuð inn í verðlagsgrundvöllinn, áður en til lækkunar yrði gengið.

Út af þessu skal ég aðeins segja það, að sá samningur, sem gerður var s. l. haust um verðlag landbúnaðarafurða, gildir fyrir árið, eins og samningar verkalýðsfélaga yfirleitt gilda til lengri tíma. Mér er kunnugt um, að það eru margir samningar verkalýðsfélaga, sem þyrftu leiðréttingar við, ef þeir ættu að ná sömu hækkun og Dagsbrúnarverkamenn fengu s. l. haust, en ég hef vonað, að þau félög láti kyrrt liggja, og ég hefði líka vonað, að landbúnaðurinn eða hans fulltrúar létu kyrrt liggja samningstímabilið út.

Ég vil líka í þessu sambandi benda á, að ég held, að ég megi fullyrða, að landbúnaðurinn hefur fengið hærri uppbætur á sínar útflutningsvörur heldur en gert hafði verið ráð fyrir, þegar verðlagsákvæðin voru sett á s. l. hausti, og þar með hafi þeir fengið að verulegu leyti upp borinn þann halla, sem þeir kunna að bíða af því, að Dagsbrúnarkaupið er ekki tekið með inn í verðlagsgrundvöllinn að fullu. En hitt vil ég þó leggja aðaláherzluna á, að ef út í þetta væri farið, þá væri í fyrsta

lagi stofnað til enn mikið aukinna útgjalda fyrir ríkissjóð og í öðru lagi væri málinu í heild stefnt í óefni, ef þetta væri tekið út úr.

Út af ræðu hv. 8. þm. landsk. þm. (BjörnJ) þarf ég ekki að vera langorður, enda hefur hv. 4. þm. Reykv. (EggÞ) svarað hans máli að mjög verulegu leyti, en það var í stuttu máli það að telja mönnum trú um, að launin lækkuðu raunverulega ekki um 5% eða 5.4%, eins og sagt hefur verið af hálfu ríkisstj. og stuðningsmanna frv. að þau gerðu samkvæmt ákvæðum þessa frv., heldur, að því er mér skildist á hv. ræðumanni, að launin gætu lækkað upp í 13%.

Hér er náttúrlega farið með málið út á vettvang, sem mér finnst tæpast vera sæmilegur, því að hann veit vel, hv. þm., að það verður ekki samkvæmt frv. um þessa lækkun að ræða frá því, sem verður, ef frv. nær ekki fram að ganga.

Ég hef áður leitt að því rök, og það hefur komið fram í umr. í hv. Nd. mjög greinilega og er athyglisvert að mínum dómi, að ef ekki verður að gert í málinu, þá hækkar verðlagsvísitalan sennilega um allt að 5 stig á mánuði, og þá verða launamenn allir á eftir með sínar greiðslur, sem svarar meira en 10 vísitölustigum. Fyrsta mánuðinn verða þeir 5—10 stigum á eftir, annan mánuðinn verða þeir 10—15 stigum á eftir, og þriðja mánuðinn verða þeir yfir 15 stigum á eftir, þannig að það er ekki ósennilegt, að meðaltalið af þessu verði talsvert yfir 10 vísitölustig, sem þeir þá fá ekki bætt, vegna þess að endurskoðun kauplagsvísitölunnar gerist á þriggja mánaða fresti. Þeir yrðu með þeim verðbólguvexti að gefa eftir hærri upphæð en þetta frv. gerir ráð fyrir auk þeirra álaga, sem þeir yrðu að taka á sig vegna hækkaðra skatta, sem afla þyrfti, til þess að útflutningssjóður og ríkissjóður gætu staðið undir sínum útgjöldum, ef vísitalan héldi áfram að hækka.

Mér fannst ræða hv. þm. vera gott dæmi um óábyrga afstöðu í málinu og meir til þess ætluð að reyna að véla um fyrir mönnum en segja þeim sannleikann.

Hv. þm. sagði, að ósamræmi hefði verið eða væri milli áramótaræðu, sem ég hefði flutt, og þessa frv. Ég held, að það sé ekki það ósamræmi þar á milli, að nein ástæða sé til að kvarta um, því að í þeirri ræðu sagði ég, að líkur væru til þess, að heildarkaup manna þyrfti að lækka um 5—6% til þess að ná endunum saman, og það hefur nákvæmlega komið á daginn, að svo er.

Hv. þm. sagði, að bellibrögð hefðu verið höfð í frammi við sjómannafélögin, þegar þau voru fengin til þess að fallast á samningana, sem gerðir voru í janúarmánuði. Ég held, að hér sé ekki aðeins rangt til orða tekið, heldur séu þetta sennilega vísvitandi ósannindi hjá hv. þm. Bellibrögð voru engin þarna í frammi höfð, því að öllum félögunum, sem greiddu atkv. um samningana, var sagt, við hverju mætti búast og hvað þessi „klásúla“ í samningunum, sem um var deilt, þýddi. Vísitölulækkun á fiskverðinu, sem samningurinn gerði ráð fyrir, var skýrð þannig, eins og rétt var, að hún tæki bæði til eðlilegrar lækkunar á vísitölunni samkvæmt lækkun verðlags og þess, sem ríkisstj. kynni að hugsa sér að lækka vísitöluna með lögum. Þetta vissu félögin öll um, sem tóku málið til afgreiðslu, og samþykktu það með þessum skilningi, enda var það sagt mjög greinilega, að því er mér er tjáð, af þeim hluta samninganefndar sjómanna, sem samband hafði við félögin.

Hv. þm. sagði, að Sjómannafélag Vestmannaeyja hefði fengið með sinni baráttu samþykkta hækkun á sínum kjörum eða launum, sem jafnaðist til fulls á við þá lækkun, sem hugsað væri að gera með þessu frv.

Ég hef sannarlega ekki á móti því, að þessum mönnum tækist að fá laun sín þannig fest eða hækkuð. En á það vil ég benda, að mér hefur verið tjáð, að þær kjarabætur, sem Sjómannafélagi Vestmannaeyja tókst að ná í lokin, hefðu verið meir til samræmis en til hækkunar, því að ýmis félög hér við Faxaflóa og í nágrenninu hefðu áður haft þau kjör eða svipuð og Vestmanneyingum tókst að loknum að semja um nú.

Um ræðu þessa hv. þm. að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða, aðeins sló það mig strax, að þessi ætti að vera aðferðin, þegar málið kæmi til fólksins, að reyna að telja því trú um, að hér væri um svo mikla og óþarfa kjaraskerðingu að ræða, að það yrði að taka upp baráttu eða andstöðu gegn málinu. Þessi afstaða verður náttúrlega að dæmast af reynslunni og þeim árangri, sem verður af þessari baráttu. Ef hún tekst og ef það tekst að telja verkalýðsfélögunum trú um, að það sé rétt, sem hv. þm. sagði, þá verður tilraunin, sem hér er gerð, að engu, og þá verður að grípa til enn nýrra ráðstafana til þess að ráða bót á ástandinu og niðurlögum verðbólgudraugsins með öðrum ráðum en hér er beitt. En ég vil í lengstu lög vona, að honum og öðrum hans líkum eða sálufélögum takist ekki að telja fólki trú um þetta. Og þeir, sem taka að sér að berjast fyrir þessum aðgerðum, sem hann hér hefur komið inn á, taka á sig mikla ábyrgð. Og fyrr eða seinna munu þeir verða að svara til saka fyrir það, sem þeir eru að gera nú.

Björn Jónsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. lauk ræðu sinni með því að segja, að þeir mundu þurfa að svara til saka, sem hefðu svipaðar skoðanir á þessu máli og ég og væru að reyna að telja fólki trú um, að í þessu frv. fælist raunveruleg kjaraskerðing. Hæstv. forsrh. viðhafði einu sinni þau ummæli í öðru sambandi, að kauphækkanir væru glæpur. Það eru nokkuð mörg ár síðan, og verkalýðssamtökin í landinu hafa síðan á hverju ári verið að fremja þennan glæp að dómi hæstv. ráðh., og ég geri ráð fyrir því, að þau muni halda því áfram, þegar þau telja það hagsmunum sínum nauðsynlegt.

Það er ekki rétt, að ég eða minir flokksbræður hafi á nokkurn hátt reynt að afflytja þetta frv., heldur þvert á móti. Við höfum reynt að segja fólki sannleikann um það, og

það verður þá sjálft að dæma eftir því, hvernig það lítur á málin. Hvorki ég né hæstv. ráðh. mun ráða miklu um það, hver verða viðbrögð manna í þessu efni eða hvaða tökum þeir taka þær aðgerðir, sem hér eru á ferðinni. Það verður fólkið sjálft, sem svarar fyrir sig.

Ég var að frétta það núna rétt áðan, að Félag járniðnaðarmanna í Reykjavík hefði tekið þetta mál fyrir á fundi sínum í gær, og þar voru ekki bara samþykkt mótmæli gegn þessu frv., heldur einróma mótmæli. Það fannst enginn járnsmiður í Reykjavík, sem vildi ljá þessu frv. fylgi sitt, og ég ætla, að þessi samþykkt og þessi afstaða félagsins, sem áreiðanlega er með þroskuðustu verkalýðsfélögum í landinu, muni spá nokkru um það, hvernig framtíðin verður í þessi efni.

Sannleikurinn er sá, að hver sem óskhyggja hæstv. forsrh. er í þessu efni, þá er þetta frv. óframkvæmanlegt. Það er ekki hægt að koma fram þessari kjaraskerðingu, sem hér er um að ræða, vegna þess að verkalýðshreyfingin í landinu hefur of góðan skilning á málefnum sínum og er of sterk til þess, að hún muni þola hana. Og það mun hvorki þurfa eggjunarorð frá minni hálfu né annarra til þess, að hún beiti sínum ráðum í samræmi við skoðanir sínar.

Það kom fram hjá forsrh. og hefur reyndar komið margsinnis fram í umr. þeirra ríkisstjórnarmanna um þessi mál og síðast í útvarpinu í gærkvöld, að þeir miða afleiðingar þessa frv. við það, sem hefði orðið, ef ekkert hefði verið aðhafzt. Nú er það svo, að allir stjórnmálaflokkarnir í landinu hafa lýst yfir ákveðinni stefnu um það, hvernig eigi að leysa þetta mál, og þeir eru allir sammála um eitt atriði eða voru a. m. k. allir sammála um eitt atriði, það, að stöðva bæri verðbólguna við 185 stig, þangað til hæstv. ríkisstj. Alþfl. fann það allt í einu upp, að það mundi vera miklu betra að stöðva hana við 175.

Þegar þess vegna er verið að dæma um leiðir í þessu efni, þá ber vitanlega að miða við aðrar leiðir, sem á hefur verið bent, því að enginn, bókstaflega enginn, hefur haldið því fram, að ekki bæri að stöðva verðbólguna. Og það er vitanlega við þetta, sem kjaraskerðingin verður að miðast, en ekki við það, sem yrði, ef ekkert yrði aðhafzt. Þarna er um grundvallarhugsanavillu að ræða í sambandi við allan rökstuðninginn fyrir málinu.

Hæstv. forsrh. þóttist hafa á því betri þekkingu en ég, og má það vera, hvaða aðferðum hafi verið beitt í sjómannafélögunum til þess að fá þennan samning samþykktan með skilningi ríkisstj. Ég hef þó góðar heimildir varðandi sjómannafélagið á Ísafirði, sem mun hafa verið eitt fyrsta félagið, sem samþykkti samningana, að þeir hafa lýst því yfir þar, forustumenn sjómannafélagsins, að þeir hefðu aldrei látið sér koma til hugar að samþykkja samninginn, ef þeir hefðu vitað, hvernig skilningur ríkisstj. var á fyrirvaranum.

Í Hafnarfirði hafði verið boðuð allsherjaratkvgr. um samningana, en á síðustu stundu setja bæði Alþfl. þar og Sjálfstfl. af stað pólitíska smölun í félaginu og nota meirihlutavald sitt í stjórn þess til þess að rifta ákvörðun um allsherjaratkvæðagreiðslu og boða til fundar í skyndi, þar sem samningurinn var samþykktur með eins atkvæðis meiri hluta.

Hv. 4. þm. Reykv. (EggÞ) var eitthvað að tala um notkun á lýðræðinu í sinni ræðu. Ég man nú ekki vel, í hvaða sambandi það var, en þetta mun líklega vera sú notkun, sem hann telur í beztu samræmi við sínar hugmyndir.

Þá vildi hæstv. forsrh. halda því fram, að sjómönnum í Vestmannaeyjum hefði ekki tekizt að hindra kjaraskerðingar, að kjaraskerðingarákvæðin bitnuðu á þeim, og taldi, að samningar þeirra hefðu verið svo miklu verri á undanförnum árum en annars staðar, að þeir hefðu bara fengið fram leiðréttingar. Ég skal nú ekki deila um þetta atriði við hæstv. ráðh., en það hefur þó verið hald manna hingað til, að sjómannakjörin í Vestmannaeyjum væru meðal þeirra beztu á landinu. En hitt er staðreynd, að sjómannafélagið í Vestmannaeyjum var reiðubúið að semja án þessara breytinga, sem metnar voru 8—9 aurar á kg, ef kjaraskerðingarákvæðin giltu ekki fyrir félagið og þeir fengju að halda sínu fiskverði, þannig að það er óumdeilanlegt, að sjómennirnir í Vestmannaeyjum fengu sem svarar 8—9 aura hækkun á fiskkíló eingöngu vegna þess, að þeir vissu um fyrirætlanir ríkisstj., en þessi hækkun mun vera nálægt því að vega upp á móti skerðingarákvæðum frv.

Ég ætla þá, að ég hafi í aðalatriðum svarað aths. hæstv. forsrh., og vildi þá fara örfáum orðum um ræðu hv. 4. þm. Reykv., þó að ég muni að verulegu leyti geyma það þangað til síðar að taka til athugunar afstöðu hans og minni hl. í miðstjórn Alþýðusambands Íslands til þessa máls og þessara mála fyrr og síðar.

Það er út af fyrir sig mjög nýstárleg og athyglisverð aðferð hjá minni hl. í einum samtökum og hjá viðsemjendum við verkalýðssamtökin að fara að semja við minni hl. og taka hann til greina, en gera hins vegar ekkert með það, sem meiri hl. hefur fram að bera. Þetta er bæði nýstárleg aðferð frá hendi minni hl., að neita að sætta sig við þá afstöðu, sem tekin er á lýðræðislegan hátt, og það er líka athyglisverð aðferð frá hendi þeirra, sem þarna þykjast vera að semja við viðkomandi samtök eða leita þeirra álits.

Hitt er svo aftur annað mál, að hæstv. ríkisstj. hefur komið þannig fram gagnvart þessum mönnum, sem hafa reynzt henni eins og hlýðin hjú, að þeir taka nálega ekkert mark á því, sem þeir segja. Það er aftur annar kapituli í málinu.

Minni hl. í miðstjórn Alþýðusambands Íslands gerði það að skilyrði fyrir stuðningi sínum við frv., að fjár til niðurgreiðslunnar yrði aflað með niðurskurði á fjárl. Nú er það upplýst, að niðurgreiðslurnar eru a. m. k. um 100 millj. kr., en hæstv. forsrh. hefur ekkiýjað í þá átt, að það verði tekið meira með niðurskurði heldur en 40 millj., og eins og ég

gat um í frumræðu minni, þá hefur sá flokkurinn, sem öllu ræður um þetta, lýst því yfir, að hann muni ekki leyfa svo til neinn niðurskurð. Þetta var fyrsta skilyrðið, sem þessi minni hl., sem virðist álíta, að hann hefði eitthvert vald til þess að semja um þessi mál fyrir verkalýðssamtökin, setti, og vitanlega var ekki orðið við því.

Sama er að segja um frestun á fjárfestingarframkvæmdum. Það eru engin líkindi til þess, að við þeim óskum verði orðið, og a. m. k. er engin trygging fyrir því, að svo verði.

Þess var krafizt, að tekjuafgangur ríkissjóðs yrði notaður í þessar þarfir, sem ríkisstj. hefur skuldbundið sig til að svara. Jú, það hefur verið talað um, að 20 millj. yrðu teknar af 60 eða 70 millj.

Þá er það skilyrði, sem er nú frekar spaugilegt, að niðurgreiðslurnar verði það miklar, að öruggt sé, að vísitalan 1. marz verði aðeins 202. Ég held, að þetta sé eiginlega það eina, sem er alveg tryggt í sjálfu frv. að verði gert, vegna þess að kjaraskerðingarráðstafanirnar koma ekki að neinu haldi fyrir hæstv. ríkisstj. og fyrir atvinnurekendur og aðra, sem á henni eiga að græða, nema þetta verði gert. En hitt datt þessum minni hluta ekki í hug, að setja það skilyrði, að niðurgreiðslunum yrði haldið áfram allan tímann til 1. sept. Það datt honum ekki í hug, vegna þess að það getur kostað peninga að standa við það loforð og það hefði getað tryggt það, að kjaraskerðingin hefði orðið minni þetta tímabil en hún verður, ef ríkisstj. greiðir vöruverð ekki niður allan tímann. Um það skal ég ekkert fullyrða, hvort svo verður eða ekki, en fyrir því er a. m. k. engin trygging í frv. Þar höfum við ekkert annað en orð ríkisstj., sem er nú ekki sterkari á svellinu en það, að enginn veit hennar endadægur, hvort það ber að á morgun eða hinn daginn.

Jú, það er rétt, að minni hl. fékk þá breytingu á frv., að atvinnuleysistryggingarnar mættu hækka bætur á sama hátt og aðrar tryggingar, og þetta er náttúrlega sjálfsögð breyting. En þá einu aths. er við þetta að gera, að þetta er sjóður, sem verkalýðshreyfingin á sjálf og borgar sjálf allar bætur úr, svo að það verður ekki hægt að telja það sérstaka skrautfjöður í hatti hæstv. ríkisstj., þótt hún yrði við þessum tilmælum.

Þá fór minni hl. fram á það, að kjaraskerðingarákvæði 2. málsgr. 6. gr. þessa frv., sem eru áreiðanlega mjög veruleg, þótt ekki hafi mikið verið rædd hér, yrðu felld niður, þ. e. a. s. það ákvæði, að vísitöluuppbót á laun verkamanna, sem stafar af hækkun á afurðaverði, sem leitt hefur af vísitöluuppbótum launþega, komi ekki til útborgunar. Ég held, að það sé alveg fullkomin ástæða til þess að athuga þetta atriði sérstaklega.

Það var komið svo 1956, þegar verðfestingarlögin voru sett, að bilið á milli launa og landbúnaðarvöruverðs var orðið mjög mikið af þessum sökum, vegna þess að þetta ákvæði var þá í gildi, en það mun upphaflega hafa verið í gengisskráningarlögunum 1950. Sú hækkun á landbúnaðarvörum, sem átti að verða 1. sept. 1956 um 11.4%, hefði ekki fengizt uppi borin svo til að neinu leyti vegna þessa ákvæðis, þó að verkamenn hefðu ekki fallið frá neinum vísitölustigum, vegna þess að þessi hækkun var fyrst og fremst vegna verðlagsbóta, sem launþegar höfðu fengið, og þessi staðreynd var ein af meginástæðunum fyrir því, að launþegasamtökin samþykktu verðstöðvunarlögin 1956, um 11.4%, hefði ekki fengizt uppi borin þetta bil á ný, svo framarlega sem vísitalan fer hækkandi, og ég gæti vel trúað því, að þróunin yrði þannig, að þetta gæti munað fjölda vísitölustiga, áður en langt um líður. En ábending minni hl. Alþýðusambandsstjórnar varðandi þetta var ekki tekin til greina, vegna þess að hún þýddi eitthvað, hún þýddi eitthvað fyrir launamenn.

Þá er það um nýju vísitöluna. Ég skal ekki á þessu stigi neitt dæma um það, hvort það er til bóta eða ekki að taka upp hina nýju vísitölu. Um það eru mjög skiptar skoðanir í verkalýðshreyfingunni og einmitt hjá þeim mönnum í samtökunum, sem mest hafa kynnt sér það mál. En hinu verður þó ekki á móti mælt, að það er samningsákvæði milli hvers einasta verkalýðsfélags í landinu og atvinnurekenda, eftir hvaða reglum vísitöluuppbót verði greidd, og það er vitanlega hvers einstaks félags og þeirra atvinnurekenda, sem við það gera samninga, að meta það, eftir hvaða aðferðum þessi vísitala verði greidd. En ég verð að segja, að það hefði þó a. m. k. verið viðkunnanlegra fyrir minni hl. í Alþýðusambandsstjórninni að ganga svoleiðis frá þessu atriði, að ekki væri beint og sýnilegt tjón af, sem það þó er, þó að kannske sé ekki í mjög stórum atriðum. En það er nú svo með fleira í þessu frv., að um það má segja, að lítið dragi vesalan, en þarna er það sem sagt ákveðið í síðustu málsgrein viðkomandi greinar, að hálft vísitölustig skuli falla niður. Það er í hverjum einasta samningi hvers einasta verkalýðsfélags í landinu ákvæði um það, að hálft stig skuli hækkað. Þessi eina breyting telst mér til að geti þýtt a. m. k. 500—600 kr. fyrir verkamenn á ári. Þar sem eitt stig í hinni nýju vísitölu jafngildir alltaf tveim vísitölustigum í þeirri gömlu, þá getur sýnilega skakkað þarna um eitt stig á þessu.

Þá setti minni hl. enn það skilyrði, að þess yrði gætt, að við álagningu útsvara yrði miðað við vísitölu 175. Ég hef nú sjaldan heyrt öllu broslegra skilyrði en þetta. Eins og það sé ekki sjálfgert, að hvert einasta bæjarfélag í landinu muni reikna með þeirri vísitölu, sem er lögbundin yfir árið. Það hefði verið eitthvað raunhæft í málinu, ef það skilyrði hefði verið sett, að útsvörin ættu að lækka hlutfallslega við launin. Það hefði verið eitthvert vit í því fyrir launamenn, ef slík ákvæði hefðu verið sett. En ég ætla t. d., að það verði lítil huggun fyrir launamenn í Reykjavík, sem fá á sig a. m. k. 30 millj. kr. útsvarshækkun, þó að borgarstjórinn í Rvík geti skýrt frá því,

að það sé reiknað með vísitölunni 175. Ég ætla, að útsvörin komi jafnhart niður á menn fyrir því.

Ég ætla svo ekki að fara út í öllu fleira af því, sem hv. 4. þm. sagði, a. m. k. ekki á þessu stigi málsins, það gefst ef til vill tækifæri til þess að ræða við hann eitthvað nánar síðar um ýmis atriði í þessu sambandi, aðeins vil ég segja það, að óneitanlega hefði ég getað kosið varaforseta Alþýðusambands Íslands betra hlutskipti en að standa hér uppi á Alþingi til þess að verja þetta frumvarp.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Það er nú ósköp lítið ánægjulegt að endurtaka mikið af því, sem búið er að segja um þetta mál, enda mun ég sneiða hjá því, eftir því sem ég get, og aðeins við þessa umræðu segja örfá orð að gefnu tilefni. Það eru fyrst og fremst ummæli hæstv. forsrh., sem gefa nú raunar varla tilefni til þess að ræða þau, en því meira vert að vekja athygli á þeim, og það er eiginlega alveg nægilegt svar. Hann sagði: Ég er mér þess ekki meðvitandi, að af hálfu þingflokksins hafi ekki verið gert allt, sem í valdi hans stóð, til þess að stjórnarsamstarfið héldi áfram, og svo sagði hann: Ég tek það fram: af hálfu þingflokksins, annað er mér minna vitað um. — Ég ætla nú ekki að fara nánar út í þetta. Þetta segir alveg nægilega mikið, enda væri mér vitanlega ekkert fjær en fara að lýsa stjórnarslitunum öðruvísi en þau raunverulega bar að.

Ég held, að það sé óþarfi að segja meira um þetta, nema tilefni gefist til, en þá væri auðvelt að gefa á þessu þær skýringar, sem enginn efast um, enda vitað.

Í annan stað minntist hæstv. forsrh. á landbúnaðinn og sagði, að samningarnir við hann giltu fyrir árið og þess væri vænzt, að þeir létu kyrrt liggja árið út. Þetta fær vitanlega því aðeins staðizt, eins og maður veit um alla samninga, að sú forsenda, sem er fyrir samningunum, sé óbreytt. Það gera allir samninga á þann hátt, að fyrir þeim eru ákveðnar forsendur, og forsendurnar fyrir því, að landbúnaðurinn fær ekki hækkun fyrr en að hausti og verður að þola hækkanir yfir árið að miklu leyti, eru vitanlega þær, að aðrar stéttir voru látnar búa við þetta. Það var þá alveg ástæðulaust að taka t. d. útgerðarmennina út úr. Þeir urðu að búa við þetta allt árið áður, — og hvers vegna að taka útvegsmennina út úr og segja við þá: Þið fáið breytingar á þessu, ef það breytist, þá skal það tekið til greina og samningar teknir upp að nýju? Og jafnframt hefur það ekki heldur verið í samningum við*komandi sjómönnunum, eins og það er núna.* Ef sú verður reyndin, að ekki er hægt að halda þessu kyrru, þá fá báðar þessar stéttir, sem ekki fengu þessa hækkun áður, **hækkanir á** árinu á þriggja mánaða fresti, svo að segja jafnóðum og hækkanirnar dynja yfir, og um landbúnaðinn er þess vegna látin gilda önnur regla en gildir um þessar stéttir. En það gilti sama regla um landbúnaðinn og þessar stéttir áður. Það er því ekki nokkurt réttlæti, sem mælir með því, að þessi stétt sé ein tekin út úr og látin búa við annað. Og þegar tekinn er vísitölugrundvöllur 100 1. marz, þá er það í alla staði óeðlilegt, að þeir séu látnir búa við önnur kjör en aðrar stéttir. Þegar vísitalan 100 er lögð til grundvallar, þá eiga þeir að vera eins settir og aðrar stéttir, og mælir engin sanngirni með því, að önnur regla gildi um þá nú, eftir að þessi nýmæli eru tekin upp viðkomandi útveginum og viðkomandi sjómönnum. Það mátti alveg eins segja við útvegsmennina: Við ætlumst til þess, að þið takið skakkann, sem verður á árinu, og bíðið, þangað til samningar verði gerðir næsta haust, — og sama mátti segja við sjómennina. Nú er hvorugt gert, og þá ástæðulaust að taka eina stéttina út úr. Þetta finnst mér vera svo augljós rök, að hv. þd. hljóti að fallast á leiðréttingar á þessu atriði.

Viðkomandi tekjuöfluninni kom nú ekkert fram nýtt frá hæstv. forsrh., og þarf því ekki að ræða það mál frekar. Það stendur óhaggað, það sem hefur verið sagt um þetta mál í hv. Nd., og þau ummæli, sem ég lét hér falla, og gefur ekki tilefni til frekari umræðna að sinni.

Ég hlustaði ekki nema á sumt af því, sem hv. 4. þm. Reykv. sagði um neitun Alþýðusambands Íslands, enda held ég nú satt að segja, að afstaða hv. 4. þm. Reykv. sé orðin svo skýr öll saman, að hún þurfi engrar skýringar við og það þurfi ekkert um hana að ræða. Það er vitanlega saga út af fyrir sig að greiða atkv. með því og jafnvel beita sér fyrir því í sínu eigin félagi, Múrarafélaginu, að ekki skuli gefið eftir eitt einasta vísitölustig og ekki skuli gefið eftir neitt af grunnkaupi, — samþykkja það sama á Alþýðusambandsþingi Íslands að sjálfsögðu í vissum tilgangi, sem hann vitanlega hefur sínar ástæður fyrir, og falla svo frá öllu saman síðar, eins og nú er kunnugt. Það er vitanlega gert í ákveðnum tilgangi, sem hann telur sig hafa náð og ekkert er í sjálfu sér við að athuga. En það er miklu mennilegra að kannast við það heldur en láta það liggja jafnljóst fyrir og það liggur fyrir öllum, sem um málið hugsa. Og þar kemur náttúrlega að því, sem hæstv. forsrh. sagði, að þingflokkurinn hefði staðið að þessu, — það stóð náttúrlega ekki allur þingflokkurinn að dýrtíðarráðstöfununum s. l. ár, en þar kemur að því, að þetta, sem er minna um kunnugt og ég sé ekki ástæðu til að ræða, er einn þátturinn í því, sem hv. 4. þm. Reykv. hefur manna mest beitt sér fyrir.

Um það, að það hefði ekki verið gerð grein fyrir því á Alþýðusambandsþingi, hvernig við hugsuðum okkur að leysa málin, *ég hefði ekki* minnzt á það, því er fljótsvarað. Ég sagði áðan, að það gæti vel verið, að ég hefði ekki gert ýtarlega grein fyrir því, en ég fullyrði það, að á Alþýðusambandsþingi var eins góð grg. fram borin og frekast er unnt að bera fram af Jónasi Haralz, og Alþýðusambandsþingið gat ekki farið í neinar grafgötur um það, hvernig gert var ráð fyrir að leysa málin, svo greinilega voru þau lögð fyrir. Hann lagði

þau eðlilega mjög skýrt fyrir, bæði maður gagnkunnugur þessum málum, kunnugur öllum útreikningum og kunnugur því, sem hann taldi vera fært í þessu máli, sem hann allt saman setti fram á mjög skýran og skilmerkilegan hátt.

Þegar hv. 8. landsk. talaði hér áðan, þá sagði hann m. a., og það er það eina, sem ég sé ástæðu til að svara í hans ræðu, að það hefði ekki gefizt tími til þess að ræða ágreininginn í ríkisstj., till. hefðu ekki einu sinni fengizt ræddar. Þetta er ekki rétt. Þetta hefur að vísu margoft verið sagt, og hann hefur þetta sjálfsagt eftir einhverjum öðrum. Ég sé, að þetta hefur verið sagt í blöðum. Þetta er ekki rétt. Það var sagt 29. nóv., að liti út fyrir og væri í raun og veru auðséð, að ríkisstj. yrði að segja af sér. En það var beðið eftir tillögum frá Alþb., og þær voru lagðar fram, og ég fullyrði það, að þær voru í engu efnislega öðruvísi en till. Alþýðusambands Íslands, m. ö. o. neitun á því að falla frá nokkru af grunnkaupi eða vísitölu, alger neitun á því. Og það er eitt af því leiðinlega við íslenzka pólitík, og er sjálfsagt margt óskemmtilegt við pólitík alls staðar, en það er þetta að þurfa að vera að deila um hluti, sem liggja alveg ljóst fyrir. Þarna var ágreiningur milli Framsfl. og Alþb., og það kom fram í þessum umræðum, að hann væri ekki brúanlegur. Það var ekki hægt að taka 5 mánuði til þess að ræða málin, eins og var á árinu 1958, og þess ber að geta, að á seinasta degi lögðu ráðherrar Alþfl. fram tillögur, sem voru að mörgu leyti svipaðar till. Framsfl., og það var um það spurt, hvort það væri hægt að ræða það í ríkisstj., að gengið yrði inn á tillögur eitthvað svipaðar till. Framsfl. og Alþfl., og þessu var neitað. Það má náttúrlega segja það, um það má alltaf deila, að ríkisstj. hefði átt að setjast á rökstóla og sitja svo og svo lengi til þess að reyna að ná samkomulagi. Til þess var enginn tími, þar sem liðið var að áramótum og yfirvofandi var stöðvun flotans, og varð þess vegna að reyna aðrar leiðir. En það er það leiðinlega að þurfa að vera að deila um það, og ætti nú ekki að þurfa að vera að deila um það héðan af, — þetta var ágreiningurinn, og hann hefur komið fram ekki einu sinni, heldur hundrað sinnum í blöðum Alþb., í umræðunum hér á þingi og er uppistaðan í öllum þeirra ádeilum, m. a. hörðum ádeilum á Framsfl.

Hitt má svo aftur deila um, og það er einnig gert, — það má deila um það, hvort við í Framsfl. höfum verið of varfærnir í okkar till., viljað hafa vaðið of mikið fyrir neðan okkur. Um það má deila. En um það er enginn vafi í okkar hug, að við erum alveg ófáanlegir til þess að miða við það, þó að komi mikil aflahrota á einu ári, og segja sem svo, að það sé alveg víst, að það komi aftur o. s. frv. Margt fleira má ræða um í því sambandi. Við erum alveg ófáanlegir til þess. Um þetta má vitanlega deila. En um hitt verður ekki deilt, hver ágreiningurinn var, enda er það komið skýrt fram, komið svo skýrt fram, að það ætti ekki að þurfa að vera að eyða frekari orðum að því.

Ég sagði í upphafi þessa máls, að það væri leiðinlegt eða óskemmtilegt verk að endurtaka mikið af því, sem margbúið er að segja í þessu máli, þó að það hafi verið sagt í hv. Nd. eða einhvers staðar annars staðar, og ég get látið þetta nægja að sinni.

Eggert Þorsteinsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Hv. 8. landsk. lét þess getið í sinni ræðu áðan og lagði mikinn skapþunga í, að sér þætti það einkennileg notkun á lýðræðinu, að minni hlutinn í Alþýðusambandsstjórn taki að sér að vera samningsaðili við ríkisstjórnina fyrir hönd verkalýðssamtakanna.

Af þessu gefna tilefni vil ég aðeins lýsa því yfir, að minni hlutinn í Alþýðusambandsstjórn hefur ekki staðið í neinum samningum við hæstv. núverandi ríkisstj. Það, sem ég átti við áðan, þegar ég var að bera saman, hvaða tillit væri tekið til tillagna, sem fram hefðu komið, þá var það aðeins vegna þess, að það komu fram tvær tillögur í Alþýðusambandsstjórn, það ætla ég okkur, þótt í minni hluta séum, leyfilegt, og eins hitt, að það vill nú svo til, að einn af þessum fjórmenningum, ég sjálfur, á sæti í þingflokki Alþfl. og hef haft aðstöðu þar til að láta mínar skoðanir í ljós, rétt eins og ég gerði í miðstjórn Alþýðusambandsins.

Það er því alger rangtúlkun, að minni hlutinn í miðstjórn Alþýðusambandsins standi fyrir hönd verkalýðssamtakanna í nokkrum samningum. Við höfum að sjálfsögðu beygt okkur fyrir þeirri ályktun, sem samþ. var þar með meiri hluta atkv., þannig að það er sú ályktun, sem fer frá miðstjórninni. Hins vegar hefur sambandsskrifstofunni, framkvæmdastjóra og starfsmönnum Alþýðusambandsins þótt rétt að láta það minnihlutaálit koma fram, sem kom þar fram. Þetta álít ég að nægi til þess að svara þeim mikla hita, sem hv. þm. lagði í þær röksemdir og sleggjudóma, sem hann fór með hér, bæði í minn garð og annarra Alþfl.-manna.

Hann sagði undir lokin í ræðu sinni, að hann hefði kosið varaforseta Alþýðusambands Íslands betra hlutskipti en að standa hér uppi og verja þetta frv.

Ég verð nú að segja, eftir að hafa setið hér í hv. þingdeild með þessum ágæta þm. og séð hann styðja þvert ofan í meirihlutasamþykki verkalýðssamtakanna á s. l. vori þær ráðstafanir, sem þá voru gerðar, að þá tel ég, að hvorugur öfundi hinn af sínu hlutskipti.

Hv. þm. Str. (HermJ), fyrrv. forsrh., kom hér inn á afstöðu mína, eins og ég gat um í minni ræðu og raunar er endurtekning á því, sem hv. 1. þm. S-M. (EystJ) og 7. þm. Reykv. (HV) höfðu um þessa afstöðu mína í Nd., endurtók það hér, þótt með nokkuð hóflegri orðum væri, og taldi, að ég hefði beitt mér fyrir því í Múrarafélaginu og á Alþýðusambandsþingi, að farin yrði þveröfug stefna við það, sem hér er lagt til. — Ég vil ekki teygja

tímann á því hér að endurtaka mikið af því, sem ég sagði áðan, en hv. þm. var ekki viðstaddur þá ræðu, að maður gæti séð. En þar skýrði ég skýrt og greinilega frá því, hverjar aðstæður voru fyrir hendi, þegar fyrrv. ályktanir voru gerðar, og ég veit, að hv. þm. Str. er sá drengskaparmaður, að hann minnist sinna eigin orða um það við okkur fjórmenningana frá A. S. Í., sem hann kvaddi á sinn fund um þessi mál, þá sagðist hann af ástæðum, sem við skildum, ekki geta sagt, hverjar yrðu endanlegar tillögur þáverandi ríkisstj. í efnahagsmálunum, um það væri ekki samkomulag. Það ætla ég að vona að hann standi við.

Um ræðu hans og Jónasar Haralz á Alþýðusambandsþingi er það rétt, að Jónas Haralz skýrði mjög glöggt og greinilega frá ástandinu, eins og hann taldi að það væri, og benti á ýmsar leiðir, sem til greina gætu komið. En hann gat ekki frekar en hæstv. þáverandi forsrh. sagt, hvernig sú endanlega leið, sem ríkisstj. kynni að fara, yrði, eða samkomulag næðist um að lokum.

Það var í þessu óvissuástandi, sem fyrrverandi ályktanir voru gerðar.

Ætla ég þá að vona, að það sé skýrt, hvers vegna sú afstaða var þar tekin til mála, bæði á sambandsþingi og í margnefndu Múrarafélagi um þessa hluti.

Að öðru leyti tel ég mig ekki þurfa að svara því, sem hér hefur fram komið, umfram það, sem ég gerði beint og óbeint í ræðu minni áðan.

Björn Jónsson: Ég skal ekki fara út fyrir þann ramma, sem þingsköp ákveða um það, að menn megi bera af sér sakir. Það eru aðeins tvær setningar. Hv. 4. þm. Reykv. (EggÞ) ber það á mig, að ég hafi staðið hér upp á Alþ. í fyrravor og varið efnahagslögin þá þvert ofan í samþykktir alþýðusamtakanna, þar sem ég hef gegnt trúnaðarstörfum. Ef það er ekki á móti þingsköpum, þá lýsi ég hv. 4. þm. Reykv. hreinan ósannindamann að þessu.

Í fyrsta lagi stóð ég hér aldrei upp á Alþ. til þess að verja efnahagslögin á s. l. vori, en ég greiddi atkv. um þau í samræmi við þá samþykkt, sem löglega kosin nefnd af Alþýðusambandsþingi, sem hafði verið falið að fara með efnahagsmálin á milli þinga, hafði gert.

Eggert Þorsteinsson: Ég vil aðeins út af þessum ummælum 8. landsk. taka það fram, að þegar ég á við meiri hluta samtakanna, eins og ég sagði áðan, þá á ég við þann meðlimafjölda Alþýðusambandsins, sem stóð að baki þeim fulltrúum í 19 manna nefndinni, sem greiddu atkvæði um þessi mál. (Gripið fram í.) Ég ætla að vona, að það standi, að meiri hluti þeirra umbjóðenda, sem greitt var atkvæði fyrir, eða f. h. þeirra umbjóðenda, sem greitt var atkvæði í nitján manna nefndinni (Gripið fram í.), að þá sé ekki neinn vafi á, að þar stóð minni hluti að baki, sem varð þó í eins atkv. meiri hluta á fundinum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12:2 atkv. og til fjhn. með 16 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., 30. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 203, n. 212, 213 og 214, 215, 216).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Eggert Þorsteinsson): Herra forseti. Eins og í nál. meiri hl. fjhn. á þskj. 212 segir, hefur nefndin fjallað um frv. ásamt fjhn. Nd., auk þess sem það var að nýju tekið fyrir í nefndinni í gær. Samkomulag varð ekki um afgreiðslu málsins, og skiptist n. í þrjá hluta. Einn nm., hv. 8. landsk., greiddi atkv. á móti frv., en annar nm., hv. 1. þm. Eyf., tók í nefndinni ekki afstöðu til málsins, og munu þeir gera nánari grein fyrir afstöðu sinni með sérstökum nál. En við, hv. 6. þm. Reykv. (GTh) og hv. þm. Vestm. (JJós) og ég, mælum með, að frv. verði samþ. óbreytt í núverandi mynd, eins og það kom frá hv. Nd.

Um efni frv. er óþarft að vera fjölorður. Hæstv. forsrh. rakti í framsögu sinni fyrir málinu hér í deildinni í gær höfuðatriði frv. og ástæður þær, er til þess liggja, og ýtarlegar umræður hafa þegar farið fram um málið í hv. Nd. og m. a. í útvarpi. Rétt er þó að stikla á höfuðatriðum frv.

Í 1. gr. frv. segir, að frá 1. febr. n. k. skuli greiða verðlagsuppbót á laun og allar þær greiðslur, er kaupgjaldsvísitölu fylgja, samkvæmt vísitölu 175 stig, og nánar er greint frá, hvernig ákvæði þessi eiga að ná til hinna ýmsu launataxta. Tvær undanþágur eru þó við ákvæði þessarar greinar: greiðslur eða bætur skv. 37. og 38. gr. laga um almannatryggingar, elli- og örorkulífeyrir, og greiðslur skv. lögum um atvinnuleysistryggingar skulu miðast við 185 stig áfram.

Í 2. gr. eru ákvæði um, að vísitala viðhaldskostnaðar og húsaleiguvísitala skuli reiknuð eftir vísitölunni 175.

Í 3. gr. er nánar kveðið á um, að húsaleigan skuli eftir 1. marz reiknuð inn í framfærslukostnaðarreikning kauplagsnefndar.

Núgildandi vísitölugrundvöllur er frá árunum 1939 og 1940 og því 20 ára gamall og miðaður við neyzluvenjur þá. Í 4. gr. er gert ráð fyrir, að horfið verði að nýjum vísitölugrundvelli, og er sú breyting rökstudd með því, að á s. l. 20 árum hafi neyzluvenjur almennings tekið miklum breytingum. Hinn eldri grundvöllur er því orðinn í hæsta máta óraunverulegur og jafnvel hættulega lokkandi fyrir stjórnarvöld landsins á hverjum tíma, t. d. með niðurgreiðslum eins eða tveggja vörutegunda, án tillits til þess, hve nauðsynlegar þær eru almenningi. Kauplagsnefnd hefur nú um langt skeið unnið að undirbúningi hins nýja grundvallar, og mun óhætt að fullyrða, að þessi nýi grundvöllur hefði verið tekinn upp,

hvort sem þetta frv. nær fram að ganga eða ekki.

Í 5. gr. er ákveðið, að frá 1. marz 1959 verði verðlagsuppbót lögð við grunnupphæðir launa og sett sem grundvöllur 100 frá þeim degi.

6. gr. frv. ákveður, að á tímabilinu frá 1. maí til 30. ágúst skuli greiða verðlagsuppbót á laun skv. þeim breytingum, sem vísitala framfærslukostnaðar hefur tekið á tímabilinu 1. marz til 1. apríl, og er þar aðeins um að ræða endurtekningu sama háttar og á hefur verið um þessi mál.

Í 7. og 8. gr. er ákveðið, að færð skuli niður í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara laun bónda og verkafólks hans, samsvarandi við aðrar launastéttir skv. öðrum greinum frv. um það efni.

8. gr. gerir ráð fyrir því, að kaup bóndans verði nú eins og annað kaupgjald reiknað út með breyttu verðlagi og breytist eftir vísitölu. Í upphaflega frv. hafði þó verið gert ráð fyrir, að breyting þessi á launum bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvellinum yrði að nema 5 stigum eða meira. Nú hefur með samþykkt á brtt. í Nd. verið ákveðið, að þetta mark skuli vera aðeins 2 stig.

Í 9. gr. eru tilsvarandi ákvæði um vísitöluáhrif á skiptaverð á fiski til bátasjómanna. Skv. upplýsingum, sem ég hef aflað mér, mun þessi breyting upphaflega vera komin inn skv. óskum samninganefndar sjómanna um s. l. áramót. Síðar kom þó í ljós, að þessar samninganefndir skiptust í tvo hópa um skilning á verkun þessarar verðlagsuppbótar. Ríkisstj. gaf þá út í tilkynningarformi skoðun sína á ákvæði þessu og taldi, að þeir samningar, sem þá var fyrirhugað að gera, miðuðust við vísitölu 185 og yrðu fyrirrætlanir um að lækka vísitölu í 175 samþykktar, lækkaði skiptaverð á fiski til samræmis. Þeir samningar, sem nú hafa verið gerðir við bátasjómenn, eru því samþykktir með þessum skilning. Undantekning er þó frá þessu, þar sem ákveðið er, að kauptrygging sjómanna miðist við vísitölu 185, þó að frv. þetta verði að lögum.

Þá eru í 10. gr. talin upp þau atriði önnur, er ákvæði laganna skulu ná til, t. d. framleiðsla. Framleiðendur hvers konar þjónustu skulu þegar eftir gildistöku þessara laga lækka söluverð til samræmis við þá lækkun launakostnaðar, sem leiðir af lækkun kaupgjaldsvísitölu í 175 stig. Fyrirmæli eru og um, að verðlagsyfirvöld skuli þegar eftir gildistöku þessara laga setja nánari fyrirmæli um framkvæmd þessarar greinar.

Ég hef hér í fáum orðum stiklað á meginefni frv. Um það, sem ég hef látið ósagt, vísa ég til ræðu hæstv. forsrh., er hann flutti fyrir málinu hér í gær.

Ég vil svo aðeins ítreka fyrri ummæli mín um, að meiri hl. fjhn. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og það kom frá hv. Nd.

Frsm. 1. minni hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Í nál. mínu sem 1. minni hl. fjhn. á þskj. 213 hef ég vikið að meðferð þessa máls með tilliti til þess, hvaða kostur þessari hv. d. er gefinn til að athuga málið sérstaklega.

Hv. Nd. hafði málið til meðferðar í rúma viku. Það mun hafa fyrst verið rætt þar á föstudegi og síðast á næsta föstudegi. En það kemur fyrst til umr. hér í hv. d. í gær á öðrum fundi d. og var tekið á dagskrá strax og Nd. hafði frá því gengið. Og nú er það aftur til 2. umr. Ég sem forseti d. hef talið rétt og skylt, úr því sem komið er, að reyna að flýta málinu sem mest, þar sem frv. ber það með sér, að ef það á að verða að lögum á annað borð, þá þarf það að verða á morgun. Hugsanlegar eru breyt. hér í hv. d., og þá mundi ekki veita af fyrri hluta dagsins á morgun til þess að ljúka málinu, ef breyt. yrðu gerðar hér í hv. deild.

Samkvæmt stjórnarskránni eru báðar d. þingsins jafnréttháar og hafa sama vald í almennum löggjafaratriðum. En það er þó oft og tíðum eins og hv. Nd. áliti sig vera þingið, enda er ekki dæmalaust, að þingmenn þar hafa kallað þá deild aðaldeild þingsins.

Það er ekki þar fyrir, að þetta, að Ed. Alþingis er gefinn lítill tími, hefur oftar komið fyrir en nú, og það hefur komið fyrir, það skal ég játa, þegar ég hef stutt hlutaðeigandi ríkisstj., svo að ég er ekkert sérstaklega að deila á þessa hæstv. ríkisstj., sem nú situr, fyrir þetta, heldur vil ég mótmæla því, að það sé gert að sið hér í Alþingi, á meðan deildaskipting helzt, að Ed. sé í raun og veru ekki annað ætlað en segja já og amen til þess, sem Nd. gerir, eða þá fella málið með öllu, því að oft er það, að það er lítið tóm til að gera nema annað hvort þetta.

Hvað sem úrslitum þessa máls í heild sinni líður og þó að það yrði samþykkt, sem ég geri ráð fyrir að sennilega verði, þá verð ég að lýsa sérstaklega óánægju minni yfir einu atriði í frv., sem er það, að það er alveg ómótmælanlegt, að bændastétt landsins verður fyrir misrétti samanborið við aðrar sambærilegar stéttir, eins og t. d. útgerðarmenn og sjómenn.

Hv. þm. Str. (HermJ) vék að þessu í gær, þegar málið var til 1. umr., og ég skal því ekki fara um það mörgum orðum, því að það yrði endurtekning. En í tilefni af þessu hef ég leyft mér að bera fram tvær brtt. á þskj. 216, sem báðar fjalla um að leiðrétta þetta misrétti.

Fyrri brtt. er við 7. gr. frv., og hún er í stuttu máli um það, að hækka beri laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvellinum um 3.3%, og síðan, þegar þessu hefur verið bætt við, lækka þennan lið í samræmi við það, sem annars staðar er gert. Þetta stafar af því, eins og hefur verið margtekið fram, að þar sem kaup hækkaði hér í Reykjavík svo að segja samtímis því, að verðlagsgrundvöllurinn s. l. haust var gerður, að því er landbúnaðarvörur snertir, þá var ekki í verðlagsgrundvelli landbúnaðarins tekið tillit til þeirrar hækkunar, og telja fróðustu menn, að bændur hafi þannig verið sviptir 3.3% af vinnulið þeirra og verkafólks þeirra. Ég álít forsvaranlegt að bera þessa till. fram,

því að hér er um mjög lága upphæð að ræða, og till. er borin fram til þess að krefjast jafnréttis, en ekki sökum þess, að ég álíti bændum óbærilegt að standast þetta. Hér er aðeins um að ræða upphæð í eitt skipti fyrir öll, því að þegar verðlagsgrundvöllurinn verður reiknaður í haust, þá kemur samanlagt kaup annarra stétta, grunnkaup og vísitala, til greina. Álíta kunnugir menn, að þessi upphæð sé um það bil sú sama og bændum er ætlað að greiða á fjórum árum til búnaðarmálasjóðs, til þess að hægt sé að byggja það hús, sem allir hafa heyrt um, og ýmsir þeir, sem felldu í hv. Nd. sams konar till. og ég ber hér fram, hafa talið óbærilega kvöð á bændum að greiða svipaða upphæð á fjórum árum og hér á að taka af þeim á hálfu ári og þeir greiða atkvæði með.

Önnur brtt. mín á þessu sama þskj. er við 8. gr., fyrri málsgr. hennar, a-liður, að 2. málsl. fyrri málsgr. falli niður. En þessi 2. málsl. er um það, að verðhækkun hjá bónda komi því aðeins til greina í byrjun viðkomandi tímabils, að vísitalan hafi hækkað um 2 stig. Eins og frv. var lagt fram, átti þetta að vera 5 stig, en á þessu fékkst þó nokkur leiðrétting í hv. Nd.

Það er ekkert sambærilegt ákvæði um nein önnur laun eða nein önnur kjör annarra stétta. Ef svo væri ákveðið, að kaupgreiðsla samkvæmt vísitölu hækkaði ekki til launþega, nema um 2 stiga vísitöluhækkun væri að ræða, og ef sama gilti um fiskverð og sem sagt annað, sem hliðstætt má telja, þá væri ekkert við þessu að segja. En um þetta er það sama að segja og um fyrri till. mína, að hér er um jafnréttiskröfu að ræða.

Þá er b-liður þessarar sömu till. um umorðun á síðasta málsl. 1. málsgr. þannig, að hafi heimild til hækkunar afurðaverðs samkv. 1. málsl. þessarar greinar ekki verið notuð að einhverju eða öllu leyti, þá er ekki skylt að lækka afurðaverð samkvæmt næsta málsl. hér á undan, nema kaupgreiðsluvísitalan lækki niður fyrir þá vísitölu, sem afurðaverð var síðast ákveðið eftir, í staðinn fyrir það, sem er í frv., en þar er aðeins talað um, að lækki kaupgreiðsluvísitalan niður fyrir 102 stig, þá skal fella niður þá hækkun afurðaverðs, sem leitt hefur af hækkun kaupgreiðsluvísitölunnar umfram eitt stig frá grunnvísitölu samkv. 1. og 2. málsl. þessarar greinar. — Hér er um svipað að ræða. Þetta er jafnréttiskrafa einkum.

Eins og ég hef tekið fram í nál. mínu, þá virðist mér, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, *enda mun það vera viðurkennt, sé ekki nema* einn þáttur efnahagsmálanna, það sé í raun og veru þríþætt, það mikla vandamál, og ég tel, að það sé mjög erfitt að taka ákvörðun um einn þátt þessara mála eingöngu, heldur væri nauðsynlegt, að allt málið lægi fyrir í einu, eins og oftast hefur verið, þegar þessi mál hafa verið til meðferðar í Alþingi og síðast í maí s. l., að þá var allt þetta mál lagt fyrir í einu frv. Og sá þátturinn, sem mjög lítið er vitað um, en er þó undirstaða undir því, að þetta frv. og það frv. um útflutningssjóð, sem nú er búið að leggja fyrir þingið, fái staðizt, það er fjármálahliðin, hvernig ríkisstj. hugsar sér og getur framkvæmt það að hafa til fé til þess að standast þær ráðstafanir, sem hún ráðgerir í heild. Það kostar að vísu ekki fé beinlínis að lækka vísitöluna úr 185 stigum í 175. En það kostar mikið fé, sem að einhverju leyti hefur þegar verið lagt fram, að lækka vísitöluna með niðurgreiðslum, svo að hægt sé að miða við 185 stig og hér sé aðeins um 10 stiga eftirgjöf að ræða til þess að koma vísitölunni ofan í 175. Það er hugsanlegt, að hæstv. ríkisstj. geti um tíma velt þessu á einhvern hátt á undan sér með lánum og með því að eyða því, sem nú er til, en það kemur að skuldadögunum. Mér virðist réttmætur sá grunur, að hæstv. ríkisstj. hugsi ekki til langra lífdaga, en hún hugsar þá kannske eins og einn fornkonungur, að til „frægðar skal konung hafa, en ekki til langlífis," og væri þá óskandi, að hún gæti unnið sér eitthvað til frægðar á þeim stutta ævitíma, sem hún augsjáanlega býst við, og skal ég ekki vera með neinar hrakspár um það, þó að ég sjái nú ekkert enn, sem gefi mér von um það, að hæstv. ríkisstj. vinni sér sérstaklega mikið til frægðar. Vildi ég þó gjarnan óska þess, því að allir eru hæstv. ráðh. góðir vinir mínir, ef svo má að orði kveða, eða a. m. k. góðkunningjar, vildi ég því gjarnan unna þeim sem bezts hlutskiptis.

Ég get ekki betur séð en hæstv. ríkisstj. hugsi eitthvað töluvert svipað því, sem sagt er að Lúðvík 15. Frakkakonungur hafi sagt, þegar allt var í ólestri undir stjórn hans í Frakklandi og ýmsir voru að spá því, að þjóðin mundi rísa upp og velta honum, þá sagði hann: Nei, það er engin hætta á því, þetta draslast allt, á meðan ég lifi, en eftirmaður minn fær að vita af því. — Og ætli það verði ekki þannig, að sú stjórn, sem á eftir þessari hæstv. stjórn kemur, fái að vita af því að sjá fyrir fjármagni, sem þá verður sumpart eytt af því, sem nú er til, og sumpart verður skuldað? (Gripið fram í.) Ég held, að fyrrv. stjórn hafi enga ástæðu haft til að segja þetta, því að það, sem núv. hæstv. stjórn byggir á og er eitt af því, sem hún telur til, að hægt sé að standast þessar ráðstafanir, er einmitt það, hvað fyrrverandi ríkisstj. skildi vel við, skildi við tekjuafgang í ríkissjóði og fleira, sem mér virðist nú að sé talið henni til lasts.

Í mínu ungdæmi var það ekki talin búmennska, ef bóndi eyddi öllum heyfyrningum *eftir gott sumar og setti svo á næsta haust* í trausti þess, að veturinn yrði sérstaklega góður og gjafmildur. En mér virðist eins og hæstv. ríkisstj. stefni töluvert í þá átt, sem líkja má við þess konar ásetning bónda og þess konar búskaparlag. Þetta er kannske orðin búmennska nú á þessum miklu framfaratímum, sem við lifum nú á, en það fór oftast þannig í gamla daga, að þeir, sem þetta búskaparlag höfðu, enduðu með því að drepa úr hor.

Mér finnst það ekki beinlínis góður grund-

völlur að byggja á, sem hæstv. forsrh. hefur hvað eftir annað tekið fram um þetta atriði, nefnilega að það muni nægja að hækka tekjuáætlun fjárlaganna, mig minnir, að ég hafi heyrt hann nefna um 80 millj. kr. eða þar yfir í því sambandi, og einnig megi skera niður á útgjaldahlið fjárlaganna um háa upphæð, ég hef heyrt nefndar 40 millj. kr. í því sambandi.

Þó að tekjuáætlun fjárlaganna sé hækkuð, þá get ég ekki séð, að fjármunir í ríkissjóð vaxi neitt við það. Það er áætlun, sem hugsanlegt er kannske að standist, ef það verður sérstaklega gott tekjuár, en vitanlega stenzt ekki með nokkru móti, ef árið verður að því leyti slæmt. Er ekki skynsamlegt, þegar gerð er áætlun um tekjur ríkissjóðs, að miða við meðalár? Mér finnst ekki mega áætla óvarlegar en miða við það.

Hvað niðurskurð á fjárlögum snertir, þá er það algert nýmæli nú um áratugi a. m. k., að það hafi tekizt að lækka útgjaldahlið fjárlaga í meðförum þingsins. Venjulega hefur það öfuga skeð, að þingið hefur hækkað útgjöld fjárlaganna frá því, sem er í stjórnarfrv., og meira að segja er komið beinlínis fram, að sá flokkur, sem hefur lofað að verja stjórnina fyrir vondum mönnum, þó að hann segist ekki vera beint stjórnarflokkur, nefnilega Sjálfstfl., hefur alls ekki viðurkennt, að hann hafi gengið að þeim samningum að skera niður margar millj. á fjárlögum, og ætli hv. þm. N-Ísf. t. d. vilji ekki fá aukin fjárframlög í einhverja vegi við Djúpið? Ég gæti haldið það. Og þar sem hann er áhrifamikill þingmaður, þá efast ég ekki um, að honum tekst að fá einhverja slíka upphæð hækkaða.

Ég skal játa, að þetta, sem ég hef nú sagt um tíma, á ekki beinlínis við þetta frv., en er því þó viðkomandi á þann hátt, sem ég hef gert grein fyrir.

Þetta frv. er borið fram í þeim tilgangi að lækka dýrtíðina, og segja má, að í því felist tilraun til þess, hvort sem hún tekst eða ekki. En á því tel ég hina mestu nauðsyn að lækka dýrtíðina, og ég vildi óska þess, að þetta tækist. En dýrtíðina á samkvæmt frv. að lækka með því að nema úr gildi 10 vísitölustig, en greiða vísitöluna niður að öðru leyti, eins og á þarf að halda, til þess að vísitalan geti orðið 175 stig. Með þessu er í raun og veru það gert, að kauphækkanirnar, sem knúðar voru fram á s. l. sumri og hausti, eru um það bil teknar aftur. Ég álít, að það hefði verið betra fyrir alla aðila, að þessar kauphækkanir hefðu ekki orðið og ekki hefði nú þurft að taka til þessara ráða þar af leiðandi, því að það er alltaf erfiðara að snúa til baka heldur en leggja ekki út á vafasama braut.

Í gærdag deildu tveir hv. þm., sem sæti eiga í fjhn., töluvert um sína afstöðu til málsins í verkalýðsfélögunum. Í raun og veru höfðu báðir þessir þm. verið sjálfum sér samkvæmir. Hv. 8. landsk. þm. (BjörnJ) fylgdi þeim efnahagsráðstöfunum, sem gerðar voru í vor sem leið, ásamt sínum flokksbræðrum í þinginu flestum, og þetta var samkvæmt meirihlutasamþykkt trúnaðarmanna, sem verkalýðurinn hafði kosið til þess að vera fyrir sína hönd í þessum málum. Hann gerir það sama enn. Nú eru það trúnaðarmenn, þ. e. a. s. Alþýðusambandsstjórnin, meiri hluti hennar, að vísu með litlum meiri hl., sem samþykkir að mótmæla þessum ráðstöfunum. Hann gerir nákvæmlega það sama og í fyrra, hv. 8. landsk. Hann er á móti þessu frv. samkvæmt því.

Sama má segja um hv. 4. þm. Reykv. (EggÞ). Hann laut ekki þessari meirihlutasamþykkt trúnaðarmanna verkalýðsins í fyrra, heldur fylgdi hann þar minni hl. alveg eins og nú, og í Alþingi varð hann í minni hl. En skoðanabræður hans innan verkalýðsflokkanna, því að það voru skoðanabræður hans þá, bæði í Alþfl. og í Alþb., og með mikilli aðstoð sjálfstæðismanna og Sjálfstfl. knúðu fram þessar kauphækkanir í sumar sem leið og í haust.

Ja, nú er hv. 4. þm. Reykv. aftur í minni hl. í Alþýðusambandsstjórninni, og hann framfylgir áliti þess minni hl. hér í Alþingi og mælir nú með till. um að taka aftur þessar kauphækkanir. Mér finnst, að hann hefði staðið í skemmtilegri sporum, ef hann hefði í vor sem leið fylgt mestum hluta síns þingflokks og samþykkt þær ráðstafanir, sem gerðar voru í vor. Þá hefðu hans spor nú verið léttari en þau hljóta að vera.

Ég vildi óska, að þessi tilraun, sem hér er gerð til þess að lækka dýrtíðina, tækist, og þess vegna mun ég ekki leggjast á móti þessu frv. En það, hvort þetta tekst, mun fara mjög mikið eftir hinum þáttum þessa máls og þá sérstaklega eftir því, hvaða fjárhagsgrundvöllur verður til að standa undir þessum ráðstöfunum. Ef ekki verða til fjármunir til þess að standa undir niðurgreiðslunum og útflutningsuppbótunum og tekin verða einhver bráðabirgðalán til þess, þá kemur að skuldadögunum, og þegar þar að kemur, að þarf að fara að greiða skuldirnar, sem af þessu stafa, þá fæ ég ekki séð, að það geti orðið með öðru móti en því, að einhverjar byrðar verði lagðar á þjóðina, og þá kynni sagan að endurtaka sig um það, að það væri tekið úr einum vasanum og látið í hinn og ekki tækist að halda dýrtíðinni í skefjum.

Það er sem sagt óvissa um heildarmálið, um efnahagsmálið í heild sinni. Þess vegna er það skemmst frá minni afstöðu að segja, eins og ég hef reyndar áður tekið fram, að ég tek ekki frekari ákvörðun um málið og get ekki gefið sem nm. hv. deild ráð um afgreiðslu þess, nema þá ef undir þessari umr. frekari upplýsingar kæmu um þetta meginatriði, hvernig á undir þessu að standa. Mér er t. d. ekki nóg að heyra það nefnt, að það megi e. t. v. hækka tekjuáætlun fjárl. um 80 millj. kr. og skera niður á fjárl. um 40 millj. kr. Ég vil fá að vita, hvaða liðir það eru á tekjuáætluninni, sem óhætt er að hækka svo sem orð hafa verið látin liggja að, og ég vildi helzt fá að vita, hvaða liðir það eru í niðurstöðu fjárl., sem fært þykir að lækka.

Það er nú svo með fjárl., að mestur hluti útgjaldanna er bundinn af ýmiss konar lögum. Það, sem laust er, er aðallega ýmiss konar framkvæmdir, sem ríkið lætur gera úti um land til hagsbóta fyrir almenning, — ég segi: áreiðanlega til hagsbóta fyrir almenning. Og ef það er þetta, sem sérstaklega á að skera niður, þá efast ég um hagsmunina af því. Það er enginn vafi á því, þó að það sé talað um, að of mikil fjárfesting hafi verið og þá sérstaklega úti um land, að ef engin höfn hefði verið byggð nema Reykjavíkurhöfn, þá hefði komið minni fiskur á land en kemur. Ef enginn vegur hefði verið lagður um landið og gömlu reiðgöturnar látnar nægja og engin brú verið byggð, þá mundi heldur minna vera framleitt í landinu en er. Það er ekki nóg að tala um það með óákveðnum orðum, að fjárfesting hafi verið of mikil, heldur verður að greina þar á milli, hvaða fjárfesting beinlínis eflir atvinnuvegi landsins og hver ekki. Ég efast um, að það sé búmennska að draga úr fjárfestingu, sem eflir framleiðsluna, til þess að lækka dýrtíðina.

Frsm. 2. minni hl. (Björn Jónsson): Herra forseti. Við 1. umr. um þetta frv. gerði ég nokkra grein fyrir áliti mínu á því í heild sinni og mun þess vegna ekki nú fara mörgum orðum um málið almennt, heldur víkja nokkuð að einstökum frv.-greinum.

Meginákvæði frv. er að sjálfsögðu í 1. gr. þess, en þar er svo ákveðið, að greiða skuli verðlagsuppbót á laun og allar aðrar greiðslur, sem fylgja kaupgreiðsluvísitölu, samkvæmt kaupgjaldsvísitölu 175 stig frá 1. febr. n. k., en gildandi kaupgjaldsvísitala er þann dag samkvæmt samningum verkalýðsfélaga og atvinnurekenda 202 stig. Þetta meginákvæði þýðir því 13.4% lögbundna launalækkun allra, sem laun taka. Þessi launalækkun er þó engan veginn hin eina, sem af frv. í heild leiðir, því að bæði ákvæði 3. gr. um vísitölu húsaleigu og 6. gr. um nýja gildistöku ákvæða úr gengisskráningarlögunum frá 1950 um áhrif vöruverðs landbúnaðarafurða á kaupgjaldsvísitölu munu sýnilega hafa allveruleg áhrif á laun til lækkunar, jafnvel um mörg vísitölustig, án þess að nokkrar bætur komi í móti, og því meiri áhrif sem lengra líður.

Á móti þessum launalækkunarákvæðum frv. hafa menn svo í höndum yfirlýsingar núverandi hæstv. ríkisstj. um það, að hún muni greiða niður vöruverð a. m. k. fyrst um sinn þannig, að raunveruleg kaupgjaldsvísitala verði 185 stig, miðað við gildandi vísitölugrundvöll. En engin ákvæði eru um þetta í frv. og þess vegna engin lagatrygging fyrir því, að svo verði gert til frambúðar, þótt hins vegar megi telja sæmilega tryggt, að svo verði til 1. apríl n. k.

Kjaraskerðingin, sem leiðir af 1. gr. frv., er umdeild, hve mikil sé. En varla orkar tvímælis, að hún er allt að 9% hjá meðalfjölskyldu, og óumdeilt hjá öllum, líka þeim, sem að frv. standa, að skerðingin nemi 6%, enda þótt lítið stórmannleg tilraun sé gerð til þess í grg. að halda því fram, að kaupmáttur rýrni ekki. Þessi fölsun er reynd með því að miða við 1. okt. s. l., en þá áttu launamenn inni mestar eða allar þær verðlagsbætur, sem komu til útborgunar 1. des., vegna þeirra samningsákvæða í kjarasamningum, að verðlagsbætur komi ekki inn í kaupgjaldið nema á þriggja mánaða fresti.

Þegar því um er að ræða samanburð á kaupmætti fyrir og eftir þær aðgerðir, sem hér er um að ræða og allar eru miðaðar við 1. des. og þá kaupgjaldsvísitölu, sem þá gilti, ber auðvitað að miða einnig við kaupmátt þann dag, *en vísitala kaupmáttar þann dag var* 109.9 stig, miðað við 100 í júnímánuði. Lækkun kaupmáttar samkvæmt útreikningsreglum höfunda frv. sjálfs er því 109.9 mínus 103.9, eða 6%.

En við frekari athugun á frv. kemur fleira í ljós. Í 2. gr. og 3. gr. eru t. d. ákvæði varðandi húsaleiguvísitölu. Þessi ákvæði leiða af sér að sögn hagstofustjóra 0.7 stiga lækkun framfærsluvísitölu, án þess að um nokkra raunverulega niðurfærslu á húsaleigu sé að ræða.

Það mun vera því nær með öllu óþekkt, að leigutakar og leigusalar hafi lækkunar- eða hækkunarákvæði í leigusamningum eftir húsaleiguvísitölu, og eru því ákvæði 2. mgr. hrein sýndarmennska.

Skattlækkun þeirra, sem búa í eigin húsnæði, leiðir ekki heldur af þessari frvgr., þar sem áætlaðar tekjur vegna eigin húsnæðis eru ákveðnar eftir allt öðrum reglum.

Þannig er um þetta ákvæði, eins og mörg önnur, sem til skrauts eiga að teljast í frv., að þar er um hreint sýndarákvæði að ræða, sem ekki felur í sér neina kjarabót, heldur beina skerðingu um ca. 1 vísitölustig. Má þar segja, að lítið dragi vesalan.

Þá er það 4. gr., sem ákveður nýjan vísitölugrundvöll og að því er hæstv. forsrh. hefur upplýst samkvæmt ósk minni hluta stjórnar A. S. Í. Það er út af fyrir sig ekki lítið athyglisvert, eins og ég gerði hér að umtalsefni í gær, að ríkisstj. taki fremur til greina ábendingar eða óskir minni hlutans í Alþýðusambandinu en meiri hlutans, ekki síst þegar um er að ræða breytingar á gildandi kjarasamningum, sem alls ekki er í valdi einu sinni meiri hlutans að breyta, hvað þá minni hlutans. Kannske það verði næsta ákvæðið í einhverju lagafrv. ríkisstj. að löggilda minni hlutann í stjórn Alþýðusambands Íslands sem samningsaðila fyrir verkalýðshreyfinguna. Það væri ekki nema eftir öðru.

En eins og ég sagði í gær og get endurtekið enn, hefði það verið viðkunnanlegra fyrir þennan minni hluta í miðstjórn A. S. Í. að ganga þannig frá þessu samningsatriði, úr því að hann tók upp um það samninga við ríkisstj., að ekki væri auðsýnilega gengið á rétt almennings.

Í síðustu mgr. þessarar gr. segir svo: „Við þennan útreikning skal sleppa broti úr vísi-

tölustigi, hálfu eða minna, en annars hækka í heilt stig.“ Hér er um mjög augljósa skerðingu að ræða frá gildandi kjarasamningum, en þar segir, að hálft stig skuli hækka í 1 stig í kaupútreikningi, en ekki lækka, eins og þarna er gert ráð fyrir. Nú ber þess að gæta, að 1 vísitölustig samkvæmt nýja vísitölugrundvellinum, sem ætlað er að setja, jafngildir rúmlega 2 stigum í þeirri, sem nú gildir. Mögguleiki er því til, að með þessari breytingu tapi launþegar allt að 1 vísitölustigi allt árið. Safnast, þegar saman kemur, hugsar ríkisstj. sjálfsagt. Þetta geta gilt 500—600 kr. á verkamannalaun yfir árið.

En þetta er þó ekki veigamesta atriðið varðandi breytingar á vísitölugrundvellinum. Hvort tveggja er, að um það eru mjög skiptar skoðanir og engan veginn fullrannsakað, hvort breytingin er yfirleitt til hagsbóta fyrir launamenn, og margir eru þar á alveg öndverðri skoðun. Um það skal ég ekki fullyrða, hvað rétt er í því. En hitt er augljóst, að hér er um samningsatriði að ræða og það eitt hið veigamesta, sem útkljá á með samningum milli atvinnurekenda og launamanna.

En sé þó að því horfið að breyta vísitölugrundvelli, tel ég fráleitt, að ekki sé tekið inn í nýjan grundvöll allt, sem menn þurfa nauðsynlega til lífsframfæris, að öll útgjöld meðalfjölskyldu séu tekin með í reikninginn, en á það skortir hér. Í nýja grundvellinum eru t. d. ekki teknir með aðrir skattar en nefskattar, en þessi útgjöld nema mörgum þús. kr. á meðalfjölskyldu. Vísitalan á auðvitað að gefa sem réttasta mynd af lífskjörunum og breytingum, sem á þeim verða. En það gerir hún ekki, nema öll gjöld, sem geta numið mörgum þúsundum og eru óhjákvæmileg, séu tekin þar með.

Miklu hæpnara sýnist mér að taka inn í grundvöllinn neyzlu tóbaks og áfengis í það stórum stíl, að það hafi mjög afgerandi áhrif á kaupgjald, en svo er í hinum nýja vísitölugrundvelli. Þar er gert ráð fyrir neyzlu áfengis og tóbaks, sem er nokkru meiri en neyzla alls fiskmetis; um þrisvar sinnum meiri en mjólvöruneyzla alls, nokkuð miklu meiri en brauðvörur og brauð, þrisvar sinnum meiri en garðávextir og grænmeti, fjórum sinnum meiri en nýir ávextir og þrisvar sinnum meiri en þurrkaðir og niðursoðnir ávextir og um það bil sama og allur nýlenduvöruflokkurinn, þar skakkar aðeins um 200—300 krónum. Ég tel það með öllu óeðlilegt, ef ríkið telur nauðsynlegt að afla aukinna tekna með hækkuðu verði á þessum vörum, að þá geti slík ráðstöfun spennt allt verðlag í landinu upp á við. Hitt er réttmætt og mundi verka sem nokkurt aðhald, sem sannarlega veitir ekki af, ef hækkuð útsvör og skattar fengjust upp borin að einhverju leyti með verðlagsbótum, og án þess getur vísitalan ekki heldur verið sá hagfræðilega rétti mælir á lífskjörunum, sem hún á að vera.

Í samræmi við þessar athugasemdir mínar um 4. gr. hef ég leyft mér ásamt hv. samflokksmönnum mínum hér í d. að flytja brtt. og vænti stuðnings hv. þingdeildar við hana.

Þriðja málsgr. 6. gr. frv. er afturganga úr gengisskráningarlögunum frá 1950 og kveður svo á um, að launamenn skuli ekki fá reiknað í kaupgjaldsgreiðsluvísitölu þá hækkun á verði landbúnaðarvara, sem á rót sína að rekja til breytts verðlags á landbúnaðarvörum vegna hækkunar eða lækkunar á launum bónda og verkafólks hans, þeirrar er leitt hefur af greiðslu verðlagsuppbóta á laun almennt frá 1. maí 1959. Hér er um það að ræða að kippa vísitölunni að mjög verulegu leyti úr sambandi við verð landbúnaðarvara, sem mun leiða til þess, að bilið milli landbúnaðarvöruverðs og kaupgjalds hlýtur sífellt að breikka launamönnum í óhag. Ekki er mögulegt að segja, hversu mikla vísitöluskerðingu og raunverulega launalækkun leiðir beint af þessu, en það er víst, að þetta ákvæði hleður á sig og getur, þegar fram í sækir, skipt fjölda vísitölustiga.

Þannig var komið haustið 1956, þegar verðfestingarlögin voru sett, að fram undan var 11.4% verðhækkun á landbúnaðarvörum, sem launþegar hefðu engar bætur eða því nær engar bætur fengið fyrir vegna þessa ákvæðis, sem þá var í gildi. Þessi verðhækkun kom ekki til framkvæmda, vegna þess að launamenn töldu sér hagstæðara, sérstaklega vegna þess lagaákvæðis, að afsala sér 6 vísitölustigum og losna jafnframt undan þessu ósanngjarna kaupskerðingarákvæði í framtíðinni.

Nú hefur hæstv. ríkisstj. vakið að nýju upp þennan draug frá stjórnarárum íhaldsins og hyggst með því hafa allmörg vísitölustig af launþegum. Þetta er gert gegn mótmælum allra, sem um málið hafa fjallað, jafnvel minni hlutans í miðstjórn Alþýðusambands Íslands. Jafnvel hann hefur krafizt þess, að þetta ákvæði verði fellt niður, en auðvitað ekki fengið við neitt ráðið, vegna þess að krafa hans í þessu efni hefði orðið til hagsbóta fyrir launamenn, og slíkt mátti auðvitað ekki ske.

Í samræmi við réttmætar kröfur, m. a. hins margumtalaða minni hluta í miðstjórninni í Alþýðusambandi Íslands, leggjum við til, Alþb.-menn, í brtt. okkar, að þetta kjaraskerðingarákvæði verði fellt niður, og tel ég víst, að ekki muni standa á hv. 4. þm. Reykv. (EggÞ) að styðja það, þar sem þetta er m. a. hans krafa.

Ákvæðum 9. gr. frv. er beint gegn sjómannastéttinni, bæði bátasjómönnum og togarasjómönnum, til þess sett að hrifsa aftur verulegan hluta af þeim kjarabótum, sem sjómannastéttin náði fram í vetur, fyrst með samningum togarasjómanna í nóv. s. l. og síðan bátasjómanna nú eftir áramótin. Kemur nú greinilega í ljós, hve þessi stétt stendur sérstaklega nærri hjarta þeirra manna, sem að þessu frv. standa, Alþfl. og Sjálfstfl., — þeirra manna, sem á undanförnum 2 árum hafa talið sig sjálfkjörna forsvarsmenn sjómannastéttarinnar og hamazt hafa við að flytja sýndar-

frumvörp um skattfríðindi, lífeyrissjóði o. fl. til handa þeim og haldið uppi látlausum árásum á fyrrverandi ríkisstj. fyrir það, að hún vildi ekki bæta hag hennar nægilega mikið.

En nú, þegar þessir flokkar hafa allt valdið, sem til þarf, þá er fyrsta verkið að ræna af sjómannastéttinni kaupi og réttindum, sem hún hefur aflað sér með samningum eftir réttum lögum og réttum reglum. Má nú sjá, svo að ekki verður um villzt, hve mikil alvara hefur til þessa verið á bak við allt lýðskrumið um sjómannastéttina. Og svo langt er gengið, að ekki er jafnvel skirrzt við að lögfesta fullkomið misræmi milli bátasjómanna og togarasjómanna. Tilneyddir að vísu hafa frumvarpshöfundar þannig ákveðið, að lágmarkskauptrygging bátasjómanna skuli ekki lækka nema niður í 185 vísitölustig, og látið nægja að ræna 10 stigum af hlutarverðinu, en jafnframt er ákveðið, að fastakaup togarasjómanna skuli lækkað niður í 175 vísitölustig. Nú er fastakaup togarasjómanna, sem eru heilar 1950 kr. í grunn á mánuði, nákvæmlega sama eðlis og kauptrygging bátasjómanna. Fastakaupið er þeirra lágmarkstrygging, sem þeir bera úr býtum, hvort sem aflaverðlaunin eru mikil eða lítil.

Auðvitað mælir því allt með því, að ákvæðin verði hin sömu um fastakaup togarasjómanna og kauptryggingu bátasjómanna, að hvort tveggja verði greitt með vísitölu 185, en ekki 175. Ránið á aflahlutnum og aflaverðlaununum er áreiðanlega nógu tilfinnanlegt, þótt þessi ósómi bætist ekki við.

Þessi aðför að sjómannastéttinni verður þó enn fáránlegri, þegar þess er gætt, að togaraútgerðin gerði sína kjarasamninga við sjómenn í nóv. s. l. án þess að fara fram á nokkrar bætur við þáverandi ríkisstj. Það var ekki einu sinni ýjað í þá átt af hálfu togaraeigenda, sem litu svo á, að rekstrargrundvöllur togaranna væri það góður, að hann þyldi þessa hækkun, sem samtals nam um 8.9 millj. kr., sem þá varð á kaupi og hlut sjómanna án nokkurra nýrra bóta úr útflutningskerfinu. Samningar t. d. Vestmannaeyjasjómanna sýna líka, að bátaútvegsmenn telja sig geta greitt hið umsamda fiskverð og gera það raunar þar og víðar fram hjá kjaraskerðingarákvæðum þessa frv. En launaskerðingin virðist vera fyrir öllu hjá hæstv. ríkisstj., sem er með þessum ákvæðum sínum að banna útvegsmönnum að greiða sjómönnum það, sem þeir hafa samið um við þá og geta greitt án nokkurra nýrra bóta.

Og þá er það að lokum 10. gr., sjálft skrautblómið í þessu frv., greinin, sem á að tryggja launamönnum bæturnar fyrir allar hinar kjaraskerðingarnar, greinin, sem á að tryggja, að verðbólgan stöðvist, allar vörur og þjónusta lækki í verði, sem á að tryggja, að iðnrekendur, kaupmenn, heildsalar, hafskipaeigendur, verkstæðiseigendur, verktakar og yfirleitt allir, sem aðstöðu hafa til að hirða gróða í þjóðfélaginu, leggi nú fram sinn skerf á móti hinum fátækustu, sem lagt hafa fram allt að 9% af sínum lágu þurftarlaunum. Og hvað skyldi það nú vera mikið, sem þessir aðilar, allir þeir með breiðu bökin, eiga að láta af hendi?

Þegar þetta frv. var til athugunar í fjhn. beggja deilda, spurði ég hagstofustjóra, hvaða áhrif 10. gr. mundi hafa að hans áliti, hvað mikil áhrif til lækkunar á vöruverði yrðu af henni, og svar hans var, að um það væri ekki gott að segja, en hann gæti látið sér detta í hug, að ákvæði greinarinnar mundu lækka vísitöluna um ½ stig. Þetta var áreiðanlega engin misheyrn hjá mér, að hagstofustjóri sagði þetta, því að ég hef fengið þetta staðfest frá öðrum, sem þarna voru viðstaddir. Nú kann þetta að sjálfsögðu að geta verið eitthvað meira, um það var ekki svo fullyrt. Hálft vísitölustig svarar til 3 millj. í niðurgreiðslum, — ég gæti fallizt á að tvöfalda þessa tölu til þess að vera viss, — en tæpast gætu þetta orðið meira en 6—7 millj., sem þessir aðilar ættu að greiða, en þó að þær væru 10, vega þær samt harla létt á móti þeim 80 millj., sem verkafólkið, er vinnur við útflutningsframleiðsluna, verður að greiða, og á móti þeim 150—160 millj., sem launþegar í landinu greiða samanlagt.

En þó er ekki öll sagan með þessu sögð. Þessi lækkun er nefnilega ekki tekin úr vasa þessara manna, langsamlega minnsti hluti þessarar upphæðar, hvort sem hún er 3 eða 6 eða 7 millj., vegna þess að þessi lækkun er að svo til öllu leyti afleiðing af því, að þessir aðilar fá vinnuaflið ódýrara en áður.

10. gr. hefst á þessum orðum: „Framleiðendur hvers konar vöru og þjónustu skulu þegar eftir gildistöku þessara laga lækka söluverð til samræmis við þá lækkun launakostnaðar, sem leiðir af ákvæðum þessara laga, svo og svarandi til þess, að hagnaður framleiðenda lækki í hlutfalli við niðurfærslu kaupgreiðsluvísitölunnar.“ Það er því aðeins hagnaðurinn sjálfur, sem á að lækka um 5.4%, og þar er auðvitað ekki átt við raunverulegan hagnað, heldur þann hagnað, sem reiknað er með við verðlagsákvarðanir, en sá hagnaður, sem þar er reiknað með, er aðeins mjög óverulegur og smávægilegur hluti í verðlaginu og álagningunni og segir raunverulega ekkert um þann raunverulega gróða, sem vera kann hjá viðkomandi fyrirtæki.

Ég er nærri viss um, að það mun þurfa nokkuð stórt fyrirtæki til þess, að það þurfi að greiða jafnmikið samkv. þessu ákvæði og einn verkamaður þarf að skerða kaup sitt um á ári.

Í sambandi við þessa grein vildi ég, af því að hæstv. forsrh. er hér viðstaddur, spyrja hann um eitt ákvæði, hvað það þýðir, vegna þess að ég hef ekki getað fengið neina skýringu á því, og hagstofustjóri, sem mun allra manna fróðastur um þessi mál, gat ekki heldur greint frá því, hvað það raunverulega þýddi. En síðast í 1. málsgr. 10. gr. segir: „Ákvæði þessarar málsgreinar taka ekki til vöruteg-unda, sem verðlagðar eru samkv. sérstökum

lögum, né heldur til vöru, sem seld er úr landi, eða launa fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum stéttarfélaga.“

Mér er það hulin ráðgáta með hliðsjón af 1. gr. frv., hvað þessi síðasti setningarhluti þýðir: „sem ákveðin hafa verið með samningum stéttarfélaga“ — því að í 1. gr. frv. virðist mér vera búið að telja upp flest, sem til greina geti komið.

Eina skýringin, sem ég hef heyrt á þessu, er sú, að þetta muni hafa staðið einhvern tíma í lögum áður, — ég held gengisskráningarlögunum, — og að Múrarafélagi Reykjavíkur hafi tekizt að vinna mál varðandi lækkun á uppmælingartaxta sínum vegna þessa ákvæðis. Nú þykir mér það mjög ólíklegt, að þessi setningarhluti eigi sérstaklega að bjarga Múrarafélagi Reykjavíkur, þó að ég verði að viðurkenna, að af því veitti nú ekki, að það væru einhver sérákvæði, sem tryggðu múrarastéttinni hér í Reykjavík einhver hlunnindi, a. m. k., ef það ætti að vera líklegt, að hv. 4. þm. Reykv. héldi sinni stöðu í verkalýðshreyfingunni. En hvað sem þessu líður, ég tel ástæðu til að spyrja að því, hvað þessi setningarhluti þýðir, og óska skýringa á því.

Með síðustu till. okkar þremenninganna á þskj. 215 viljum við þm. Alþb. freista þess að gera 10. gr. þannig úr garði, að hún hafi þó ofur litla raunhæfa þýðingu til lækkunar á verðlaginu, ofur lítið meiri en nú er. En þar leggjum við til, að álagning í heildsölu verði lækkuð niður í hið sama og hún var í des. 1956. Það er kunnugt, að á s. l. sumri var knúin í gegn í innflutningsnefndinni og í ríkisstj. stórfelld hækkun álagningar, bæði í smásölu og heildsölu. Þessar ákvarðanir voru teknar í fullri andstöðu við verðlagsstjóra og sömuleiðis í fullri andstöðu við ráðherra Alþb., eins og skýrt kemur fram í bréfi frá félmrn., sem er dags. 16. júlí 1958 og ég vil leyfa mér að lesa hér, með leyfi hæstv. forseta:

„Verðlagsstjóri hefur lagt fyrir ráðuneytið tillögu sína um verðlagningu á kaffi, kornvörum, ýmiss konar matvörum, nýjum ávöxtum og ýmsum fleiri vörum, og einnig höfum vér séð breytingartillögur þriggja forstjóra innflutningsskrifstofunnar um þessa verðlagningu. Ráðuneytið getur ekki fallizt á meiri hækkun álagningar á þessar vörur en felst í tillögum verðlagsstjóra, en í henni felst rúmlega 1,2% hækkun í krónutölu í heildsölu og tæplega 1% álagningarhækkun í krónutölu á smásölunni. Sýnist svo sem með þessari hækkun sé fyllilega mætt afleiðingum þeirra ráðstafana, sem nýskeð voru gerðar í efnahagsmálunum. Samkv. brtt. yðar er álagningin á þessar vörur hins vegar hækkuð verulega, ekki aðeins í krónutölu, heldur einnig í prósentum. Nemur sú hækkun allt að 6% fyrir vörur, sem mest munar.

Hagfræðingar þeir, sem störfuðu fyrir ríkisstj. að undirbúningi aðgerðanna í efnahagsmálunum, reiknuðu út frá tvennu í álagningarmálunum, óbreyttri álagningu að krónutölu og óbreyttri álagningu að prósentutölu. Þetta virðast þeir því hafa talið hugsanlegt lágmark og hámark, eða m. ö. o., að álagning mætti vera einhvers staðar innan þeirra marka. Tillögur yðar fara því langt yfir það hámark, sem hagfræðingarnir reiknuðu með, og það er sannfæring vor, að svo stórfelld hækkun sem í tillögum yðar felst mundi hafa allverulegar afleiðingar í verðlagsmálum, enda verða þær ekki réttlættar sem afleiðing af ráðstöfunum ríkisstj. einvörðungu. Hér væri því um verulega álagningarhækkun að ræða samkv. yðar tillögum.

Þér gerið ráð fyrir rúmlega 32% álagningarhækkun í krónutölu í heildsölunni og nærri því 33% hækkun í smásölunni. Verðlagsstjóri upplýsir, að meðaltalsálagning á þessar vörur hefur verið um 24.5% í smásölunni, en tillaga hans samsvarar, að hún verði um 25.56% meðalálagning í smásölu. Virðist verðlagsstjóri ganga svo langt í þá átt að rýmka álagningu smásölunnar, að hann fer yfir það hámark, sem hagfræðingarnir gerðu ráð fyrir.

Ráðuneytið vill því alvarlega vara við meiri hækkun álagningar á nefndum vörum en í aðalatriðum felst í tillögum verðlagsstjóra.“

Þetta var bréf þáverandi hæstv. félmrh., Hannibals Valdimarssonar, til forstjóra innflutningsskrifstofunnar. Og ég get bætt því við, að hinn ráðherra Alþb., Lúðvík Jósefsson, ritaði innflutningsnefndinni einnig bréf, þar sem hann varaði alvarlega við þeirri stórfelldu hækkun, sem þarna var verið að knýja í gegn. En sagan er nú ekki alveg öll sögð með þessu. Það kemur fleira til athugunar.

Í fyrsta lagi fengu heildsalar allt að 6% álagningarhækkun á vöruverðið, eins og það var fyrir verðlagshækkanirnar og fyrir efnahagsaðgerðirnar á s. l. vori, en þeir fengu líka að leggja á alla verðlagshækkunina, á öll nýju gjöldin, sem lögð voru á á s. l. vori, og það var vitanlega ekkert smáræðis hagræði, sem heildsölum og kaupmannastéttinni var gert með því. Það var í raun og veru miklu meira en þessi beina álagningarhækkun í prósentutölu. — En það er ekki allt búið með því. Þeir fengu líka aðra hækkun, dulbúna, sem ekki hefur eins mikið orð farið af að vísu, en er sennilega engu minni, ef hún er ekki meiri en þessi, sem ég nú hef talið, en það er að segja, að þeir fengu að hækka allt vöruverðið um ½% þar fyrir utan, og þetta var dulbúið þannig, að sá kostnaðarliður í útreikningunum, sem er nefndur kostnaður vegna vaxta, vaxtakostnaður, að þessi liður í útreikningum, kalkúlasjónum, fékkst hækkaður úr ½% á vöruverð upp í 1%.

Samkv. því, sem manni virðist nú vera bein afleiðing þessa frv., þ. e. a. s. 3.2% lækkun á sjálfri álagningunni, og líka það, sem ríkisstj. hefur góðfúslega fengið heildsala og Samband ísl. samvinnufélaga til að fallast á, það er talið, að það muni nema 5% af sjálfri álagningunni. Þetta er nú að vísu sett þannig upp í blöðunum, að almenningi er sýnilega ætlað að halda, að vörurnar lækki um 5%, þegar um lækkun á álagningunni er að ræða. En

sleppum því. Það sanna í málinu er, að sú lækkun, sem leiðir beint af þessu frv., og sú lækkun, sem ríkisstj. hefur fengið fram að öðru leyti, gerir ekki að jafna út þetta ½%, sem þeir fengu í sjálfum grundvellinum. Verzlunarstéttin fær að halda allri þeirri raunverulegu hækkun, sem hún hefur fengið í gegn hjá innflutningsnefndinni og meiri hluta hæstv. fyrrv. ríkisstj. Hér er því síður en svo um það að ræða, að raunveruleg álagning hafi verið lækkuð frá því, sem var, meðan Alþb. hafði þau áhrif, sem það hafði í upphafi við verðlagningu og verðlagsákvarðanir.

Ég verð að viðurkenna það og það fúslega, að brtt. okkar við 10. gr. um, að álagning í heildsölu lækki niður í það sama eða verði hvergi hærri en hún var í des. 1956, gengur vitanlega allt of skammt, og hið sama er einnig að segja um aðrar brtt. okkar. Þær eru fyrst og fremst fluttar með tilliti til þess, að ekki sé útilokað, að nægilega stór hluti þeirra hv. þdm., sem annars eru ráðnir í því að knýja þetta mál í heild sinni fram hér í deildinni, sé samt sem áður til viðtals um minni háttar breytingar, sem erfitt mun að mæla í gegn að séu til bóta, en varða þó ekki sjálft aðalágreiningsefnið, sem fyrir hendi er.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég mun ekki fylgja þessu frv., þar sem bændastétt landsins er sett skör lægra en allar aðrar stéttir, — þegar af þeirri ástæðu. Að vísu veit ég, að það muni frá hæstv. forsrh. stafa af gersamlegum ókunnugleika, en ekki af beinum illvilja. Hann sagði það í sinni áramótaræðu, að árið hefði verið einstaklega gott fyrir bændur, ágæt veðrátta og allt í fínu lagi. En sannleikurinn er sá, að af þeim fullum tveim þriðju hreppa landsins, sem ég er búinn að sjá, hvaða hey þeir eiga í haust og hvaða skepnur þeir setja á, eru sárafáir hreppar með eins mikil hey og í fyrrahaust og allt niður í einn fjórða minna en það var í fyrra. Svona er góðærið. Þetta hefur hann ekki þekkt, sem ekki var von, og þess vegna haldið, að hann gæti lagt á bændurna 6 millj. meira en áður að tiltölu við aðra og lækkað þeirra tekjur í bráð og reyndar líka að nokkru í lengd. Samhliða hafa bændurnir þurft að taka — ekki alveg svona mikið, en nærri því — opinber lán til að kaupa sér fóðurbæti, og þó hefur bústofni stórfækkað. Á þessu ári vill hann svo bæta á þá 6 milljónum, sem þeir eiga að bera fram yfir alla aðra þegna þjóðfélagsins. Ég endurtek það, að ég veit, að þetta er ekki af illvilja hjá honum, heldur af ókunnugleika. En ég veit ekki, hvernig hann ætlar sér að verja það, að á sama tíma sem hefur verið meiri afli en venjulega við sjávarsíðuna, þá vill hann láta bændurna standa skör lægra með þær byrðar, sem á menn eru lagðar með þessu frv., sem ég út af fyrir sig hef ekkert á móti. Það þarf að taka á sig byrðar og laga ástandið, eins og það er, það er rétt og satt, en það á að ganga réttlátlega yfir.

Á annað atriði vildi ég líka benda, sem er ekki beint í þessu frv., en samt búið að tilkynna um það áður. Það hefur verið ákveðið að borga niður nokkur vísitölustig, og það hefur verið gert á þann hátt að setja mjólkina í útsölu í Reykjavík svo langt niður fyrir það, sem bændurnir fá fyrir hana, að það borgar sig í Árnessýslu að flytja alla mjólkina í Flóabúið og keyra aftur heim það, sem bóndinn ætlar að nota í heimilið. Þá græða þeir á milli 50 og 60 aura á lítra. Þetta eru nú vinnubrögð í lagi. Þetta þarf að laga. Þetta er ekki hægt. Það er að vísu langt síðan einn viss hópur manna byrjaði á því að leggja inn kjötið sitt allt saman og taka það út aftur, en þeir hættu því nú aftur, sem betur fór. En þetta er mönnum boðið upp á. Þeir mega ekki hafa hugsunarhátt sjálfstæðismanna hér í Reykjavík, sem vilja pranga og græða, ef þeir nota sér það ekki að keyra mjólkina sína fyrst á stöðina og kippa svo aftur heim nokkrum lítrum, þegar búið er að vega hana inn. Þetta þarf að laga. Það er ekki í þessu frv., sem það þarf að gera. Þetta þarf að laga og á þetta vil ég benda.

Ég vil líka benda á annað. Ég hef einhvern tíma heyrt, að menn eigi ekki að vita, hvað önnur höndin gerir, — menn eigi að vita, hvað sú höndin geri, sem gerir góðverkin, en ekki hin, sem gerir það, sem miður fer.

Mér skilst, að þessi stjórn séu tvær hendur, önnur stjórnist af Sjálfstfl. og hin af jafnaðarmannaflokknum. Jafnaðarmennirnir eru að borga niður; sjálfstæðismennirnir eru að hækka. Á sama tíma og hún boðar lækkun, svolitla ögn á því, sem menn þurfa að kaupa, jafnaðarmennirnir, stjórnin sjálf, þá hækka hinir. Fasteignagjöld hérna í bænum hafa hækkað um 50%, bara núna um leið og stjórnin er að lækka. Það er þó nokkuð miklu meira, sem margir þurfa að borga á ári en þeir fá með niðurfærslum, sem jafnaðarmenn eru að gera. Á húsinu mínu er það nokkuð á annað þús. kr., sem fasteignagjöldin hækka fram yfir það, sem ég fæ í niðurgreiðslu. Rafmagnið urðu þeir neyddir til að lækka svolítið, en ekki nema pínulítið brot af því, sem þeir gátu lækkað það um og þeim stóð til boða, ef þeir hefðu viljað lækka gjöldin á þegnunum. Þeim var boðið upp á lækkun á því af aðilum, sem vildu taka tryggingarnar að sér, boðið upp á lækkun á brunabótatryggingum. Þeir tóku svolítið brot af henni, — komust ekki undan því, — en það var ekki verið að hugsa um að lækka eins og hægt væri þar. Nei, þar var önnur höndin að verki en sú, sem er að reyna að láta líta svo út, að hún sé að lækka.

Ég vildi benda á þetta. Ég vildi alveg sérstaklega benda á þetta tvennt. Það er hróplegt ranglæti, alveg hróplegt ranglæti að taka eina stétt út úr og láta hana hafa önnur kjör en alla aðra; láta hana bera í kringum 6 millj. kr., sem bændurnir eru látnir sitja við lakari kjör en allir aðrir. Það er upphæð, sem — eins og forseti deildarinnar sagði áðan — samsvarar því, sem á að taka í búnaðarmálasjóðsgjaldið á fjórum árum, og það á að taka það á því ári, sem er bændunum alveg sérstaklega óhag-

stætt, þannig óhagstætt, að þeir urðu að taka lán á ýmsum stöðum í vor til að koma skepnum sínum fram, því að góðærið var ekki meira en það, að það farið á skíðum 7. júní í einum hrepp á landinu. Það var ekki hægt að komast á milli bæja 7. júní öðruvísi. Það var góðærið. Og 1/4 minna af heyi er í þeim sama hreppi, sem ég hér hef í huga, heldur en var í fyrra, og þó hefur fækkað fénu um nærri 20% í hreppnum. Þetta er góðærið, — og á þá á svo að leggja. Hinir, sem hafa haft nógan afla, nóga atvinnu og hækkandi vísitölu, sem þeir taka sitt kaup eftir, eiga að bera minna en þessir menn.

Þetta er það ranglæti, sem ekki er hægt að þola.

Forsrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfáar athugasemdir út af þeim ræðum, sem hér hafa verið fluttar.

Hv. 1. þm. N-M. (PZ), sem hér var að enda sitt mál, vildi nú að vísu, þó að hann hefði ýmsar aðfinnslur að gera, ekki færa mér þær til mannvonzku, heldur fávizku, og er ég honum út af fyrir sig þakklátur fyrir það. Ég vil heldur vera fávís en illviljaður, því að fávizkuna er þá kannske hægt að laga undir góðri handleiðslu hjá honum eða öðrum.

Hann gerði mikið úr því, að niðurgreiðslurnar gætu haft þær afleiðingar, — niðurgreiðslurnar á landbúnaðarvörunum, — að bændurnir nytu ekki þeirra hlunninda, sem í niðurgreiðslunum felast, vegna þess að með niðurgreiðslunum væru vörurnar í útsölu komnar niður fyrir það verð, sem framleiðandinn fengi fyrir þær. Þetta má vera rétt. En þetta er út af fyrir sig ekkert nýtt. Þetta hefur komið fyrir áður. Ég vil t. d. nefna kartöflurnar. Þær hafa um langan tíma verið greiddar meira niður og lengra niður en ofan í það framleiðsluverð, sem bændur fá fyrir þær, og hefur ekki þótt aðfinnsluvert.

Ég nefni þetta aðeins til þess að sýna fram á, að hér er ekki um nýtt atriði að ræða. Og á annað vil ég benda, sem fyllilega má taka tillit til, þegar um þetta er rætt, og það er það, að með lækkuðu verði á þessum vörum eykst áreiðanlega salan. Salan eykst innanlands og sparar þessum framleiðendum að flytja út með lægra verði verulegan hluta af framleiðslunni. Og það er ekki búið að sýna mér fram á það, a. m. k. með rökum enn, að það, sem bændurnir kunna að tapa á því, að þeir á vissan hátt borga meira fyrir vöruna í heimahúsum en þeir, sem fá hana niðurgreidda, vinnist ekki upp með aukinni sölu innanlands og fyrir þannig sölu til annarra með lægra verði. Þetta er mjög stórt atriði, sem verður að hafa í huga, þegar þessi mál eru athuguð.

Þá sagði hv. þm. og var þar inni á sömu hugsun og hæstv. forseti þessarar deildar, sem flytur hér till. á sérstöku þskj. — á þskj. 216 — um breytingu á 7. gr., að bændurnir nytu ekki jafnréttis við aðra þegna þjóðfélagsins, ef ekki væri leiðrétt í þeirra verðlagsgrundvelli sú skekkja, sem hefði komizt inn s. l. haust, að þeir hefðu ekki þar fengið að fullu upp borna þá hækkun, sem varð á tímakaupi verkamanna hér í Reykjavík, sem talið er að muni nema 3.3%.

Nú vil ég í fyrsta lagi um þetta segja það, að það er fjöldi manna í þessu landi, sem ekki hefur fengið þessa hækkun á sín laun. Hv. 1. þm. N-M. sagði beinlínis, að bændurnir væru með þessu móti látnir bera 6 millj. kr. skatt umfram alla aðra þegna þjóðfélagsins og það væri fávizka mín, ef ég vissi ekki betur.

Fjöldinn allur af þeim samningum, sem gerðir voru s. l. sumar, miðar við minni hækkun. Ég nefni t. d. iðnaðarmannasamningana flesta eða alla, og sumir fengu þá ekki meiri hækkun en 1%—2%. Ef ætti að rífa þessa samninga upp alla til samræmis við þá hækkun, sem varð hjá Dagsbrún í haust, þá yrði lítið úr þessum aðgerðum.

Frv., sem hér liggur fyrir, er á því byggt, að þeir, sem hafa gert samninga um sitt verðlag og sín kjör, láti við svo búið standa, á meðan samningurinn stendur, þannig að hann verði ekki rifinn upp, því ef einn fer til þess, þá vitanlega gerir annar það líka. Og bændurnir eru svo sannarlega ekki einir um þetta. Þetta er það, sem mér hefur fundizt hættan við að fara út í það, sem þessi hv. þm. og þeir, sem fyrir þessu máli tala, kalla lagfæringu á kjörum bændanna í þessu efni, þegar svo hitt er athugað líka, að ég hef fullar heimildir fyrir því, og vænti ég, að hv. þm. leiðrétti mig, ef ég er svo fákænn að fara þar rangt með, að bæturnar á útflutning landbúnaðarvara hafi orðið meiri en framleiðsluráðið hafi búizt við að þær yrðu á s. l. hausti vegna hækkaðra bóta á framleiðsluvörum til sjávarútvegsins, sem af sjálfu sér hafa yfirfærzt á landbúnaðinn.

Þetta ætti á vissan hátt að geta jafnað þarna metin, ef um skaða væri að ræða, og þá bætt bændunum hann, — ég vil ekki segja fyllilega, mér er ekki kunnugt um það, — en að mjög verulegu leyti að minnsta kosti.

Enn má á það benda, að þegar framleiðsluráð landbúnaðarins kom og ræddi við ríkisstj. um þetta frv., þá lýstu þeir yfir, að þeir féllust á meginhugsun frv.; það var það fyrsta. Í öðru lagi er það rétt, að þeir fóru fram á þessa lagfæringu, sem hér er talin, en þeir fóru líka fram á sem varatill., að þeir fengju ársfjórðungslega leiðréttingu á verðlagsgrundvellinum, og mér skildist það, — og það voru það margir menn viðstaddir, sem geta borið það, ef ágreiningur verður um þetta, — að þar væri um að ræða varatill., sem að einhverju eða öllu leyti kæmi í staðinn fyrir hina, ef ekki þætti fært að fara þá leið.

Nú var farið að óskum Stéttarsambandsins með því að taka upp þessa ársfjórðungslegu regúleringu, en ekki þessi 3%, og ég taldi, að með því væri óskum þeirra manna, sem til ríkisstj. komu þá, fullnægt. Það kann að vera, að það sé ekki, en ég skildi það svo, þegar þeir komu til ríkisstj. í fyrsta skipti.

Út í þetta skal ég ekki fara lengra, en aðalatriðið er það, að mér finnst, að hér sé um

svipaðan samning að ræða hjá bændastéttinni og er hjá fjöldamörgum öðrum stéttum í landinu, sem hafa gert samninga um sín kjör yfir nokkurn tíma, og að skilyrðið fyrir því, að einhver árangur náist af þessari lagasetningu, er það í fyrsta lagi, að þeir, sem slíka samninga hafa gert, uni við þá, á meðan samningstíminn varir, og rifti þeim ekki.

Hv. 1. þm. N-M. taldi mig hafa flaskað á því, að árið, sem leið, hefði ekki verið gott ár fyrir bændastéttina. Ég hafði í minni einfeldni haldið, að árið hefði verið nokkuð gott, og ég veit það, að veðurblíðan s. l. sumar lék við mikinn hluta landsmanna. Það gerði hún. En að einn og einn hreppur hafi kannske orðið fyrir einhverjum búsifjum af veðráttufarinu, er ekkert óvenjulegt, því að það er nú svo á okkar landi, að það viðrar ekki alls staðar eins, og þó að einhver maður hafi farið á skíðum fram eftir vori í einhverjum hreppi, þá sannar það ekki hitt, að það hafi alls staðar eða á öllu landinu verið svo slæmt. Það er frekar undantekning en aðalregla.

Þá sagði þessi hv. þm., að ríkisstj. væri að reyna að lækka, en aðrir hækkuðu. Á það er nú ekki reynt til fulls enn, vil ég segja, en náttúrlega byggist árangur þessara ráðstafana á því, að ekki einasta ríkisstj. lækki, heldur verði fleiri og helzt allir til þess að fara sömu leiðina, því að ef einn hækkar eða sker sig út úr, þá er ósköp hætt við, að lítið verði úr þessum aðgerðum. Það skal ég viðurkenna. En þetta er tilraun af hálfu ríkisins og Alþingis, ef samþykkt verður, til þess að ganga á undan og sýna viðleitni í lækkunarátt, og tilraunin er gerð til þess að freista þess að fá aðra til þess að koma á eftir. Ef þeir ekki vilja gera það og ef landsmenn vilja ekki una við þessar ráðstafanir, þá vitanlega verða þeir að ráða því. Hér er ekki um nein þvingunarlög að ræða, alls ekki, heldur verður hver og einn að ráða því, hvernig þessum aðgerðum verður tekið, og niðurstaðan fer svo vitanlega eftir því, hvernig þeim verður tekið. Ef það tekst með ábyrgðarlausu tali, eins og hv. 8. landsk. þm. var að reyna að viðhafa hér áðan, að æsa menn upp til gagnráðstafana gegn ákvæðum frv., þá vitanlega renna þau út í sandinn; ég geri mér það alveg ljóst. En þá verða þeir herrar, sem að þeirra „agitasjón" standa, að taka á sig þunga ábyrgð. Og þá verða þeir að sjá um, að til einhverra annarra ráðstafana verði gripið, sem að þeirra dómi sjálfsagt eru léttbærari. Ég ætla þeim ekki, að þeir séu með þessu með vilja að leiða harðari aðgerðir yfir landsfólkið en verða mundi með þessu frv. En ég er alveg viss um það, að þeir fara villir vegar, því að það, sem kemur í staðinn fyrir þetta, ef þetta mislukkast, verður verra og kemur harðar niður en þó þessar aðgerðir.

Hv. 8. landsk. þm. var að gera lítið úr því, að það er sannað mál, að kaupmáttur launanna verður ekki á þennan hátt rýrður meira en svo, að hann verður þó ögn meiri en hann var í októbermánuði s. l.

Nú þótti honum það vera að fara í felur með sannleikann, skildist mér, eða reyna að gera á villandi hátt grein fyrir málinu að miða þessa kaupmáttarbreytingu við októbermánuð s. l., og taldi, að þá hefðu verið ókomnar inn hækkanirnar, og það er rétt. Um þetta má segja sitt hvað fram og til baka. Í okt. og nóv. eru ekki fram komnar þær hækkanir á kaupi, sem leiðir af hækkuðu vöruverði. En á alveg sama hátt má segja nú, að í des. og jan. séu ekki fram komnar þær hækkanir á verðlagi, sem leiðir af hinu hækkaða kaupi. Þessi víxlverkun heldur alltaf áfram. Og af hverju miðaði Alþýðusamband Íslands á sínu þingi sínar till. við það, að kaupmáttur launa lækkaði ekki frá því, sem hann var á þeim tíma, þegar þingið var haldið, sem var einmitt með októbervísitölu? **(BjörnJ:** Þingið stóð fram í des.) Já, það gerði það að vísu, en þegar þessi ályktun um efnahagsmál var gerð, þá segir þar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Nú þegar verði hafizt handa um að stöðva verðbólguna. 26. þing. A. S. Í. lýsir því yfir: Til þess að auðvelda frekari aðgerðir getur það fallizt á, að vísitalan verði greidd niður, þannig að hún hækki ekki frá því, sem nú er (þ. e. vísitalan 185 og framfærsluvísitala 202), með þeim hætti, að það valdi engri rýrnun á kaupmætti launa." Það er sem sagt Alþýðusambandsþingið, sem hefur orðið á sú sama skyssa og höfundum þessa frv., að miða kaupmáttinn við þennan mánuð, við októbervísitöluna eða nóvembervísitöluna, sem var sú sama, 185 stig. Hv. þm. vill halda því fram, að þetta gefi ranga mynd. Og það er rétt, það gefur ranga mynd að því leyti til, að kauphækkunin er ekki komin fram, sem leiddi af vöruverðshækkuninni. En á alveg sama hátt má segja, að verðlagshækkunin sé nú ekki komin fram af þeirri kauphækkun, sem varð 1. des. Þessi víxlverkun heldur alltaf áfram, og það má náttúrlega segja, að eitt sé kannske rangara en annað eða annað réttara en hitt, — um þetta má deila, — en þessi viðmiðun frv. er þó ekki verri en það, að það er nákvæmlega sama viðmiðunin og höfð var í ályktun Alþýðusambandsþingsins.

Þá sagði þessi hv. þm. og hafði eftir mér, að nýi vísitölugrundvöllurinn hefði verið settur inn í lögin samkvæmt ósk minni hluta Alþýðusambands Íslands, og vildi telja það til furðulegra aðgerða, að mér skildist, að það skyldi vera farið eftir óskum minni hlutans að einhverju leyti eða eitthvert tillit tekið til hans. Eg held, að ég hafi sagt þannig frá, þegar ég skýrði frá þessu, að þetta hafi verið gert samkvæmt ósk Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, því að það kemur beinlínis fram í þeirra bréfi og minni hluta stjórnar Alþýðusambands Íslands, þannig að það voru fleiri en minni hlutinn í stjórn Alþýðusambands Íslands, sem báru fram þessa ósk. Og þó að það hefði verið minni hluti stjórnar Alþýðusambands Íslands einn, sem hefði borið fram óskina, þá teldi ég það enga goðgá að fara eftir því, þegar engin mótmæli komu fram frá hinum hlutanum, því að einhvern rétt hlýtur minni hluti í stjórn að hafa og alveg sér-

staklega, þegar sá minni hluti nálgast það að vera helmingur, eins og í þessu tilfelli.

Þá ræddi hv. þm. allmikið um 10. gr. frv. Hann var í vandræðum með að skilja niðurlag fyrri mgr. gr., þar sem segir, að ákvæði þessarar mgr. taki ekki til vörutegunda, sem verðlagðar eru samkvæmt sérstökum lögum, né heldur vöru, sem seld er úr landi, eða launa fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum stéttarfélaga. Þetta er til þess sett inn að forðast, að ákvæðin verði tvítekin. Síðasti setningarhlutinn á við verðlagningu þeirra vara, sem stéttarfélagasamningarnir ná til og búið er að færa niður annars staðar.

Um greinina almennt og verðlags- eða álagningarreglur, sem í gildi hafa verið, og þær breyt., sem á þeim verða samkvæmt þessu frv., skal ég leyfa mér að fara nokkrum orðum.

Hv. þm. taldi, að með þessari gr. væri mjög lítið unnið og álagningin samkvæmt henni yrði ekki lækkuð nema að mjög óverulegu leyti, miðað við a. m. k. þá stóru og miklu hækkun, sem orðið hefði í tíð fyrrv. ríkisstj. Sá kattarþvottur á hæstv. fyrrv. félmrh. og verðlagsstjóra, sem hann taldi að hefðu verið á móti hækkuninni, sem varð á álagningu í tíð fyrrv. hæstv. ríkisstj., var næsta undarlegur, því að hvers vegna lét verðlagsstjóri og ráðh., sem þessi mál heyra undir, ef hann virkilega var á móti aðgerðinni, hafa sig til þess að sitja undir því, að þessum verðlagsákvæðum eða verðlagningarákvæðum væri breytt algerlega á móti þeirra vilja? Ef það hefði verið nokkur alvara í hans bréfi, sem hv. þm. las hér upp, þá átti hann vitaskuld ekki að una því, að álagningin væri hækkuð svona mikið umfram það, sem hann vildi vera láta, og sérstaklega ekki, þegar málið heyrði raunverulega algerlega undir hann. Ég held þess vegna, að það sannfærist enginn af því, sem hv. þm. sagði um það, að þessir aðilar, sem hann nefndi, hafi verið alsaklausir af þeirri miklu hækkun, sem hann nú segir að hafi farið fram í tíð fyrrv. ríkisstj. á álagningarprósentunum.

En þá er hitt atriðið, að það sé með þessari lækkun, sem hér er verið að gera, ekki náð nema tiltölulega litlum og auvirðilegum árangri. Út af því vil ég segja, að það hefur þó þegar fyrir einum eða tveimur dögum tekizt að ná samkomulagi við félag stórkaupmanna, við smásalasamtökin og við Samband ísl. samvinnufélaga einnig um það að færa niður álagninguna meira en gert er ráð fyrir í frv.

Launaliðurinn í álagningunni, sem gert er ráð fyrir að lækki samkvæmt ákvæðum frv. hjá verzlunarstéttinni, er talinn vera, eftir því sem mér er sagt, um 60% af öllum tilkostnaði. Ef launaliðurinn yrði færður niður eins og hjá öðrum launastéttum í landinu, þá þýddi það samkvæmt þessu, að álagningarupphæðin gæti lækkað um 3.2%. En í staðinn fyrir þessi 3.2% hefur náðst samkomulag um það við þessa aðila að færa álagninguna niður um 5% og þegar í stað. Ég veit, að það hafa farið fram svipuð viðtöl við iðnrekendur, og ég hef hugmynd um það eða a. m. k. ég vona það, þó að ekki liggi fyrir enn, að svipaður árangur náist einnig þar. Og ég er ekki í vafa um, að þó að hv. 8. landsk. þm. vildi gera lítið úr þeim árangri, sem á þennan hátt mætti ná í lækkunarátt, þá verður hann það mikill, ef þetta verður svona, eins og ég segi, með 5% lækkun, að það munar verulega um það og kemur mjög greinilega fram í vísitölu.

Það er ástæðulaust, að ég fari að ræða málið almennt. Hæstv. forseti þessarar d., 1. þm. Eyf., minntist á meðferð málsins og virtist telja það öðruvísi en vera ætti, að þessi hv. d. fengi ekki nema 3 daga til þess að fjalla um málið, þegar Nd. hefði fengið viku. Nú verð ég fyrst að segja, að þetta er ekki á valdi ríkisstj. Það er náttúrlega Nd., sem skammtar sér sinn tíma, ef málið er lagt fram þar, alveg eins og ég geri ráð fyrir því, að þessi hv. d. mundi skammta sér sinn tíma til þess að fara með málið, ef málið væri lagt fram hér. Hér er ekki á neinn hátt af hálfu ríkisstj. eða neins aðila verið að gera upp á milli deildanna. Mér er ljóst, að þær eru jafnréttháar og eiga sjálfsagt kröfu til jafnmikils tíma til þess að meðhöndla málin. En þó held ég, að það sé nú ekki auðvelt að mótmæla því, að í fyrri d. verður málið náttúrlega tímafrekara, — þá er málið nýrra, fleira kemur fram nýtt, og þess vegna ætti að vera auðveldara og fljótlegra að taka málið til afgreiðslu í seinni d. heldur en í þeirri fyrri. En þetta er mál, sem ekki snertir ríkisstj. að neinu leyti, vegna þess að það er hæstv. Alþingi sjálft og deildirnar, sem taka ákvörðun um þetta. Tíminn, sem ætlaður var til afgreiðslu málsins í heild, er náttúrlega það, sem sker úr í þessu efni, og til þess voru að vísu ekki nema 10 dagar, sem sjálfsagt er í stytzta lagi. En því er til að svara, að það var ekki hægt að setja þetta mál fram, fyrr en nokkurn veginn var endanlega vitað um árangur þeirra samninga, sem verið var að gera við útvegsmenn. Á þeim samningum var byrjað strax á annan jóladag. Þessi ríkisstj., sem nú situr, tók við 23. des. — 24. des. — eða á aðfangadag — skipaði hún nefnd til samninga við útvegsmennina. 26. des. — eða annan í jólum — hóf sú nefnd störf, og hún vann að málinu sleitulaust, þangað til því var lokið um miðjan mánuðinn. Og ég verð að segja það, að þessi nefnd vann virkilega mikið verk og ég vil segja gott verk. Hún lagði í það svo mikla vinnu, að hún var margar nætur heilar að samningagerð. En það var við marga aðila að semja, og heildarniðurstaðan náðist ekki, eins og ég segi, fyrr en um miðjan jan., og þá þegar var málið lagt fram eða upp úr því, — einn eða tveir dagar urðu að vera þar á milli til þess að ganga frá frv.

Þá lét þessi sami hv. þm. í ljós áhyggjur yfir því, að það mundi nú sennilega verða eitt helzta afrek þessarar ríkisstj. að eyða þessu litla, sem til væri, og skila svo af sér öllu í ólagi, þegar þeir næstu þyrftu að taka við, — það væri lítil búmennska, sem væri í því fólgin að eyða öllum fyrningum í góðæri og við þessu þyrfti að gjalda mikinn varhug.

Út af þessu vil ég segja það, að þó að ríkis-

stjórnir hafi verið undirbúnar með öðrum hætti en þessi ríkisstjórn, sem nú situr og eins og ég hef lýst áður er eingöngu til bráðabirgða og eingöngu út úr vandræðum, vegna þess að á annan hátt tókst ekki að koma saman neinni þingræðislegri stjórn, þá hefur það skeð áður, þó að öðruvísi væri til stofnað, að viðskilnaðurinn væri ekki sem beztur. Eitthvað hef ég heyrt um það, að þegar fyrrv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum 1956, þá hafi henni ekki þótt aðkoman góð. Og þó að nú séu nokkrir peningar í sjóði, afgangur hjá ríkissjóði og ekki tómir kassar, þá er ástandið í efnahagsmálunum yfirleitt þannig, að til stórra vandræða horfir, ef ekki verður gripið til aðgerða eins og þessara, sem hér er verið að fara fram á, þannig að um viðskilnað ríkisstj. bæði fyrr og síðar má alltaf sitt hvað segja.

Fjárlög hafa venjulega hækkað í meðförum þings, sagði hv. þm. Það er rétt. En hér er gert ráð fyrir því að brjóta nú blað og reyna í staðinn að lækka. Það er ekki um margar leiðir að ræða til þess að leysa þetta dæmi. Það er ekki leysanlegt nema á tvo vegu eftir mínu viti. Það er ekki leysanlegt nema annaðhvort með því að draga úr útgjöldum ríkisins eða með því að leggja á nýja skatta. Og núverandi ríkisstj. vildi reyna að fara þá leiðina að draga úr útgjöldunum, en leggja ekki á nýja skatta, fyrr en það væri algerlega óumflýjanlegt. Hún miðar þessa niðurfærslu á vísitölunni líka við þessa hugsun. Það var enginn vandi að borga út þessi 10 vísitölustig á venjulegan hátt, ef það væri farið út í það að leggja á nýja skatta fyrir þeim upphæðum, sem útflutningssjóður þyrfti þá að bera meira. En það hefur bara verið talið af þeim sérfræðingum, sem um málið hafa fjallað, og af ríkisstj., sem með málið fer nú, heppilegri leið að reyna niðurfærsluleiðina og útgjaldalækkunarleiðina hjá ríkissjóði heldur en leggja þessa nýju skatta á. Hins vegar fá þeir, sem heldur vilja skattana, þá ósk sína áreiðanlega uppfyllta, ef ekki tekst að komast áfram með niðurfærsluna hjá launþegunum, ef ekkert verður gert úr henni með nýjum uppsögnum eða nýjum hækkunum og ef ekki tekst að komast niður með gjaldahlið fjárlaga.

Ég tók það fram, held ég, í minni stuttu frumræðu hér í þessari hv. d., að ég viðurkenndi það hiklaust, að hér væri teflt á tæpt vað og það væri óvíst, hvort væri hægt að ná endunum saman alveg til fulls á þennan hátt og með þeirri niðurfærslu, sem frv., sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir. En ég sagði líka, að það væri teflt á tæpt vað til þess að sanna landslýðnum, að hér væri ekki farið lengra en skemmst þyrfti að fara eða stytzt til þess að ná árangri. Ef fullt öryggi ætti að vera í aðgerðunum og einhver varasjóður upp á að hlaupa, þá þyrfti annað hvort að gera til viðbótar, gera niðurfærsluna meiri eða þá að afla ríkissjóði aukinna tekna eða draga meira úr útgjöldum.

Ég held, að það sé svo ekki miklu meira, sem ég þarf um þetta að segja. Það voru a. m. k. ekki nein meginatriði, held ég, sem ég hef gleymt, en annars kemur það þá fram síðar.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það eru aðeins tvö atriði, sem mig langar til að reyna að láta hæstv. forsrh. skilja betur en mér virtist hann hafa skilið þau af minni ræðu.

Það er rétt, að þeir menn, sem þurftu að keyra hérna milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, höfðu ákaflega gott veður í sumar, alveg laukrétt. En það er dálítið annað, þó að manni finnist gott veður hér á götum bæjarins, heldur en það sé gott fyrir allt landsfólkið. Fyrst er nú það, að vorið var svo kalt, að fé varð yfirleitt að gefa inni fram í júnímánuð. Og t. d. í einum hrepp, þar sem hann þekkir vel til og hann getur spurt mig eins um nánar, varð að taka skuldir á fjórða hundrað þús. kr. til að koma fénaðinum fram.

Vegna þess arna og stöðugra þurrka var sprettan svo lítil, að svo að segja um allt land eru minni hey en venjulega nú í haust. Það eru undantekningar á einstaka stað, svo sem í Mývatnssveit, sem hefur aðeins meiri hey en venjulega, og nokkrum stöðum öðrum, — Saurbæjarhreppurinn t. d. aðeins meiri en venjulega. Það er undantekning um einstaka hreppa, en yfirleitt alls staðar minna og allt niður í 1/4 minna. Það var góðærið. Afleiðing kuldanna var svo, að það spratt svo seint, að það var yfirleitt ekki hægt að slá víðast hvar á landinu fyrr en komið var langt fram í júlí. En 28. júlí byrjuðu óþurrkar um hér um bil helminginn af landinu, sem héldust fram í sept., og ekkert strá náðist inn á þeim tíma. Þetta var árferðið. Og afleiðingin af þessu varð svo sú, að þessir sömu menn hafa verið að fá lán hjá bjargráðasjóðnum fram að þessu og eru líklega hér um bil búnir að fá eins mikið lán, — ég held nú ekki alveg samt, ég held það sé ekki nema á fjórðu milljóninni enn þá, sem þeir hafa fengið, bændurnir, — eins og nú á að leggja á þá sérstaklega fram yfir aðra menn. Þetta vildi ég að hann skildi. Og ég veit, að bændurnir í landinu skilja þetta og þakka ekki þessar aðgerðir. Ég veit það. Ég skal ábyrgjast, að það er hægt að koma þeim í skilning um það með hægu móti. — Þetta var annað, sem ég vildi að hann reyndi að skilja.

Og hitt, sem ég vildi fá hann til að skilja, er þetta:

Þegar bóndi hérna uppi í Mosfellssveit eða Mosfellssveitin öll á von á því að fá upp úr mjólkinni sinni fyrir árið í kringum 4 kr. á hvern lítra, en það kostar hann að senda hana hingað til Reykjavíkur, — ja, ég veit ekki, hvað þeir taka núna, einhvers staðar á milli 40 og 50 aura líklega á lítrann, þá senda þeir hann og kaupa hann aftur, kaupa hann aftur á kringum kr. 2.97, þeir hafa yfir 50 aura hagnað á hverjum lítra. Það er svo að segja um allt land, sem bændurnir hafa núna hagnað af því að leggja inn alla mjólkina og kaupa hana aftur, og þar sem hann er mestur, þar er hann yfir hálfa krónu á lítrann. Og

vitanlega fara þeir að gera þetta. Bílarnir koma með tóma brúsana aftur heim. Það er nákvæmlega sami kostnaður, þó að þeir komi með svolitla mjólkurslatta í þeim til heimilisins, alveg sami kostnaður. Þeir senda alla mjólkina að morgninum, kaupa í bænum aftur það, sem þeir ætla til dagsins. Þeir hagnast um frá 50 og upp í 70 aura á hverjum lítra eftir því, hvar er á landinu. Þetta er ekki hægt. Það á ekki að ýta undir svona þróun. Það getur vel verið, að það eigi að ýta undir, að þeir leggi inn hvern skrokk af kjöti að haustinu og kaupi það svo aftur frosið út að vetrinum, — þeir græða líka á því, en ekki nema lítið, — það getur vel verið, að það eigi að gera það og að það sé holl þróun að hætta að láta bændur borða saltkjöt, heldur taka það til sín með bílunum smám saman, eftir því sem þeir koma, — það getur vel verið, ég er ekkert á móti því. En það er alveg áreiðanlega vitlaust að vera að láta þá sjá mikla hagnaðarvon með því að leggja inn alla mjólkina og kaupa hana aftur frá búinu, — það er áreiðanlega vitlaust. Það getur vel verið, að læknar segi, að þeir eigi heldur að borða nýtt kjöt og frosið kjöt heldur en kjöt, sem saltað er að haustinu, og þess vegna sé rétt að ýta undir, að þeir leggi hvern skrokk inn og kaupi það svo aftur eftir hendinni og græði nokkra aura á hverju kg. Það getur vel verið, að það sé rétt. En það er ekki rétt með mjólkina, — áreiðanlega ekki.

Þetta vildi ég að hann skildi og þetta vildi ég að hann lagaði og hefði niðurgreiðsluna aldrei meiri en það, að menn hefðu ekki hagnað af að leggja inn og kaupa aftur. En núna eru þær orðnar það miklar, að það er beinn hagnaður af því. — Það var talað um, að salan ykist. Ja, hann ætti þá að afla sér upplýsinga um það. Það hefur yfirleitt ekki komið fyrir, að sala aukist, svo að um muni, þótt mjólk sé lækkuð í verði.

Við erum með hæstu mjólkursölu í Reykjavík, — miðað við mann, — sem er nokkurs staðar í heiminum. Það er hvergi í neinni borg í heiminum eins mikil mjólkursala á mann og í Reykjavík, ekki nokkur, og það hefur ekki tekizt að auka hana, þó að mjólkin hafi verið lækkuð. Núna t. d. síðan um áramót hefur hún ekki aukizt nokkurn skapaðan hlut. Það hefur minnkað sala, þegar hún hefur verið hækkuð, í hálfan mánuð til mánuð á eftir, en svo er hún komin aftur upp í það eðlilega, og er svo alltaf svipuð.

Þess vegna er það alveg óverulegt, sem það hefur áhrif á söluna hvað mjólkina snertir, hvort hún er dýrari eða ekki. Við erum vanir við hana. Reykjavík er byggð upp af sveitafólki að miklu leyti, sem hefur flutzt hingað úr sveitinni, og það er vant við að drekka sína mjólk. Það er ekki enn þá orðið þar bæjarvant, að það drekki tóma gosdrykki í staðinn.

Finnbogi R. Valdimarsson: Herra forseti. Það er eins ástatt um þetta mál og oft áður um stórmál, sem hafa komið fyrir þessa hv. d. til meðferðar, að það hefur þegar verið rætt ýtarlega í hv. Nd., og auk þess hafa farið fram um það útvarpsumræður í áheyrn alþjóðar, — að vísu kappræður milli flokka, eins og gengur og gerist um slíkar umr., — en þó má vænta þess, að allar þær umr., sem þegar hafa farið fram um málið, hafi skýrt það svo í meginatriðum, að ekki sé ástæða til þess að hafa um það langar umræður í þessari hv. deild.

Öll þau ár, sem ég hef átt sæti í þessari hv. d., hefur það verið venja þdm. hér nálega án undantekningar, að þegar svo hefur staðið á eins og um þetta mál nú, þá hafa menn ekki kosið að eyða um of tíma hv. d. í umr., sem ekki geta verið annað en að verulegu leyti endurtekningar á því, sem búið er að segja um málið annars staðar.

Auk þess má svo segja, að örlög þessa máls séu ráðin þegar áður en kom til þessarar hv. d., framgangur þess sé nú tryggður með þeirri afstöðu, sem hv. þm. Framsfl. í Nd. tóku til þess við lokaatkvgr. þar.

Að vísu stendur ekki nákvæmlega eins á um skipun þessarar hv. d. eins og Nd. Það er, eins og kunnugt er, svo, að hér í þessari hv. d. hafa hv. stjórnarflokkar, sem betur fer, ekki meiri hl. Þrátt fyrir það tel ég víst, að hv. framsóknarmenn hér muni eins og flokksbræður þeirra í Nd. ekki vilja, að þetta mál, eins og það liggur fyrir, falli. Þeir líta hýru auga til þeirrar kauplækkunar, sem í þessu frv. felst, og það mun ráða mestu um afstöðu þeirra. Þeir kunna að vera óánægðir með það í einstökum atriðum, eins og fram hefur komið, og þeir segja berum orðum, að þeir vilji enga ábyrgð bera á neinum ráðstöfunum hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum, eins og þau hafa nú verið lögð og skýrð fyrir Alþingi. En um leið segja þeir og færa rök að því, að með þessum ráðstöfunum hæstv. ríkisstj. sé stefnt út í stórfelldan hallarekstur á ríkissjóði og útflutningssjóði á þessu ári og þar með stefnt að stórfelldum nýjum álögum á þjóðina, þótt síðar verði, e. t. v. ekki fyrr en eftir kosningar, og þar með stóraukinni aukningu verðbólgunnar í landinu.

Ég verð að segja, að einhvern tíma hefði t. d. hv. 1. þm. S-M. (EystJ) ekki viljað láta bendla Framsfl. við svo ábyrgðarlausa afstöðu, að Alþingi skildi svo við aðalráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum, að það þætti víst, að stefnt væri út í hallarekstur, og ekki gerðar neinar ráðstafanir til þess að afla tekna, áður en Alþingi hyrfi frá þeim málum. Þeir vænta þess, hv. framsóknarmenn, að þeir geti sloppið við alla ábyrgð á því að hleypa í gegnum Alþingi öllum þeim ráðstöfunum hæstv. ríkisstj., sem nú liggja fyrir og ráðgerðar eru, um leið og þeir lýsa þeim sterkum orðum sem einhverju mesta ábyrgðarleysi, sem nokkur ríkisstj. hafi leyft sér á undanförnum árum.

Það getur verið, að hv. Framsfl. verði að þeim vonum sínum, að kjósendur í landinu geri hann ekki ábyrgan fyrir þessari afstöðu. En ég hika ekki við með tilliti til þess, að hér í hv. d. eru andstæðingar hæstv. ríkisstj. í meiri

hl., sem væri hægt að nota til þess að stöðva svo ábyrgðarlausa afgreiðslu mála, — ég hika ekki við að gera Framsfl. meðábyrgan flokkum hæstv. ríkisstj. um þetta.

En eins og nú er komið, þá er vafalaust ekki um annað að gera en reyna að gera hér á lokastigi þessa máls í þessari hv. d. tilraun til þess að fá fram einhverjar lagfæringar á því frv., sem hér liggur fyrir, gera það á einhvern hátt skaplegra fyrir launþegana í landinu heldur en það nú er. Við þm. Alþb. hér í hv. d. höfum þess vegna flutt nokkrar brtt. við frv. á þskj. 215, en þegar hefur verið gerð grein fyrir þeim af hv. 8. landsk. þm. (BjörnJ). Auk þess flytjum við nú á þskj. 217 brtt. við frv., sem mundi, ef samþykkt yrði, að mínu viti hafa verulega þýðingu til þess að sætta launþegana í landinu við þá miklu kaupskerðingu, sem ákveðin er í frv. Þessi brtt. er þess efnis í aðalatriðum að auka fjölskyldubætur fyrst og fremst til þeirra, sem lægstar tekjur hafa og allt upp í það, sem nú má kalla góðar meðaltekjur manna. Með þessari brtt. er ekki hróflað við þeim grundvelli, sem nú gildir í l. um almannatryggingar, þó að um hann kunni að mega deila. Fjölskyldubætur eru nú greiddar með þriðja barni, og eru þær 600 kr. í grunn á fyrsta verðlagssvæði og 450 kr. á öðru verðlagssvæði, en með fjórða barni og þaðan af fleirum 1200 kr. í grunn á fyrsta verðlagssvæði.

Fyrir allmörgum árum var að vísu tekið í lög hér á hv. Alþingi að greiða bætur með öðru barni í fjölskyldu, en það var afnumið aftur, eftir að það hafði staðið tiltölulega skamma hríð, fyrir forgöngu stjórnar Sjálfstfl. og Framsfl.

Í till. er gert ráð fyrir, að þessar fjölskyldubætur, sem samkv. frv. eiga nú að greiðast með vísitölunni 185, verði hækkaðar um 100% til hinna lægst launuðu. Þetta mundi þýða, að bæturnar, sem nú eru um 1100 kr. með fyrsta barni, sem greitt er fyrir nú, eftir vísitölunni 185, hækkuðu um helming, upp í 2200 kr. — 1100 kr. uppbót til fjölskyldu með þrjú börn er ekki stórvægileg og ekki til fulls á móti þeirri beinu kaupskerðingu, sem leiðir af þessu frv. En kjaraskerðingin, sem leiðir af þessu frv. og raunar með þeim niðurgreiðslum, sem eiga sér stað og ráðgerðar eru, er þungbærust fyrir stærri fjölskyldurnar, barnfleiri fjölskyldur, og þar yrðu fjölskyldubæturnar samkvæmt okkar brtt. verulegri, ef um lágtekjumenn er að ræða. En við gerum hins vegar ráð fyrir, að mjög verði dregið úr upphæð bótanna með stighækkandi tekjum. Við gerum ráð fyrir, að hækkunin um 100% nái aðeins til þeirra, sem hafa 40 þús. kr. skattskyldar tekjur eða lægri. 40 þús. kr. skattskyldar tekjur nú mundu fyrir fjölskyldu með þrjú börn svara til 70 þús. kr. nettótekna. Þetta mundi ná yfir allan lægsta launaflokkinn, verkamenn, jafnvel þó að þeir ynnu, eins og nú er orðið algengt og vafalaust verður ekki minna eftir samþykkt þeirra ráðstafana, sem nú eru hér til meðferðar, meira en venjulegan vinnutíma. Við gerum sem sagt ráð fyrir, að full aukning fjölskyldubóta nái ekki nema til þeirra, sem hafa tekjur eins og verkamenn nú yfirleitt hafa eða rétt ríflega það, síðan lækki bæturnar eða aukning bótanna verulega, svo að til þeirra, sem hafa yfir 60 þús. kr. skattskyldar tekjur, verði ekki aukning á fjölskyldubótum frá því, sem nú er. Það kann nú að mega finna að þessu, að þarna verði þrep, svo að benda mætti á, að einstaklingar, sem hefðu aðeins lítið eitt yfir 60 þús. kr. skattskyldar tekjur, fengju enga aukningu fjölskyldubóta. Þetta er vandi, sem alltaf kemur fyrir, ef menn vilja miða við stighækkandi tekjur og draga úr, eftir því sem tekjur hækka; þá verður alltaf eitthvert lítils háttar þrep. Ef einhverjir hv. þm. teldu þetta höfuðókost á till. eða annað í formi hennar, þá erum við flm. reiðubúnir til að ræða slíkar breyt, ef það væri þá meiri von um, að till. næði fram að ganga.

Þá er í till. gert ráð fyrir, að á þessa aukningu bótanna verði ekki lagður tekjuskattur né útsvar. Þetta er gert vegna þess, að þetta eru að okkar áliti þær naumustu uppbætur, sem hægt væri að hugsa sér, á móti þeirri beinu kaupskerðingu, sem gert er ráð fyrir í frv., sem fyrir liggur.

Inn í till. er auk þess sett, að sú fjárhæð, sem þessar bætur kynnu að nema, skuli greiðast af tekjuafgangi Áfengisverzlunar ríkisins. Það hefur verið til áður, að tekjuafgangi einkasala ríkisins, tóbaks og áfengis, hafi verið ráðstafað sérstaklega, og mörg dæmi þess, að sérstökum tekjum ríkissjóðs hafi með sérstökum lögum verið ráðstafað til ákveðinna hluta, og ekki gömul þau dæmi sum. En flm. þótti rétt að láta það fylgja með í till., hvaðan fjár til þessa skyldi aflað, og við mundum ekki telja það neina goðgá, þó að verð á áfengi yrði hækkað vegna samþykktar þessarar till. og þannig aflað tekna sérstaklega til þess að bæta launþegunum þá skerðingu kaups og kjara, sem felst í þessum ráðstöfunum.

Ef, eins og ég sagði áðan, einhverjir hv. þdm. teldu einhverja formgalla á þessari till. og vilja ræða þá, þá er það auðsótt mál við okkur flm.

Ég vil ekki trúa því að óreyndu, að ekki finnist í þessari hv. d. meiri hl. fyrir þessari till.

Ég man ekki betur en að á flokksþingi Alþfl., sem haldið var um mánaðamótin nóv. — des., hafi verið gerð samþykkt, sem birt hafi verið í Alþýðublaðinu, þar sem það var sett fram sem till. flokksins, að launþegum yrði einmitt bætt upp sérstaklega með auknum fjölskyldubótum eða með lækkun skatta, t. d. með lækkun sjúkrasamlagsgjalda, kjaraskerðing, sem þeir kynnu að verða fyrir með væntanlegum ráðstöfunum í efnahagsmálum, sem flokkurinn stæði að. Ég vil því ganga út frá því sem gefnu, að hv. þm. Alþfl., sem sæti eiga í þessari hv. d., muni geta fallizt á þessa till.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns, þá finnst mér ekki sérstök ástæða til þess að

halda langar ræður um þetta mál, eins og það liggur nú fyrir, eftir allar þær umr., sem um það hafa farið fram. En ég heyrði hér áðan hæstv. forsrh., þegar hann var að ræða um þá ríkisstj., sem hann veitir forstöðu, færa það fram henni til afbötunar, að hún væri aðeins minnihlutastjórn og bráðabirgðastjórn og til orðin aðeins vegna þess, að á annan hátt hefði ekki verið hægt að mynda þingræðisstjórn. Mér þykir leitt að verða að segja, að ég get ekki fallizt á, að hæstv. forsrh. fari hér með rétt mál, og ég hefði ekki búizt við því, að hæstv. forsrh. kæmi fram opinberlega með slíka fullyrðingu.

Ég trúi því ekki, að hæstv. forsrh. minnist þess ekki, að í umr. um myndun stjórnar kom það skýrt fram af hálfu bæði Framsfl. og Alþb., báðir þeir flokkar treystu núverandi hæstv. forsrh. til þess að mynda stjórn, sem þessir flokkar stæðu að ásamt hans flokki, Alþfl., og það hefði verið fullkomlega þingræðisstjórn, sem hefði haft fullan meiri hl. þings að baki sér. En hæstv. forsrh. færðist undan því að taka þetta að sér. Og síðar kom það fram, að Alþfl. neitaði með öllu að eiga nokkurn þátt í stjórn, sem mynduð yrði af sömu flokkum og stóðu að fyrrv. ríkisstj. Frá þessu hefur verið skýrt af hálfu Framsfl. Og ég veit, að hv. þm. Str. mun ekki vefengja þetta. Alþfl. tilkynnti Framsfl., að hann vildi ekki eiga nokkurn þátt í myndun stjórnar með Framsfl. og Alþb., vegna þess að þeir flokkar vildu ekki falla frá þeirri kröfu sinni, að slík stjórn væri mynduð á þeim grundvelli, að hún sæti út kjörtímabilið. Það var það, sem á strandaði. Það gat Alþfl. ekki hugsað sér. Hann gat ekki hugsað sér neitt nema bráðabirgðastjórn, sína eigin aumu bráðabirgðastjórn. En hæstv. forsrh. er nú að færa það fram til afbötunar sinni stjórn, að hún sé aðeins minnihlutastjórn og bráðabirgðastjórn. Það er eftir hans eigin vali, hæstv. forsrh., að stjórn hans er minnihlutastjórn og bráðabirgðastjórn.

En hvað líður þeim ágreiningi um efnahagsmál, sem var í fyrrv. ríkisstj., þá vil ég segja það, að allt, sem um það hefur verið sagt og kann að verða sagt, að ágreiningur milli Alþb. annars vegar og Framsfl. og Alþfl. hins vegar hafi verið svo mikill í þeim málum, að hann mætti ekki brúa, það er rangt. Það var gengið úr skugga um það, meðan stjórnarkreppan stóð yfir, að það væri hægt með góðum vilja að brúa það bil, sem vitanlega var milli skoðana þessara flokka um lausnir í efnahagsmálunum. En það er ekkert nýtt, að það sé allbreitt bil milli skoðana flokka í stórum málum, þó að þeir standi saman að einni og sömu sambræðslustjórn.

Alþb. var alltaf reiðubúið til þess að horfast í augu við vanda efnahagsmálanna og til þess að taka fullkomlega ábyrgan þátt í lausn þeirra í ríkisstj., sem það stæði að. En það var hins vegar aldrei fáanlegt til þess að standa að því að fara þá leið eina í efnahagsmálunum að lækka öll laun í landinu og gera svo ekkert annað. Að leysa eða láta sér detta í hug, að hægt sé að leysa efnahagsvanda þjóðarinnar eingöngu á kostnað launþeganna, það var og er Alþb. ófáanlegt til að gera. Það viðurkennir, að launahækkanir með eftirfarandi verðlagshækkunum og hækkunum skatta og áframhaldandi verðbólgu eru ekki hagsmunamál launþeganna. En ef og að því leyti sem kann að verða að fara þá leið að skerða á einhvern hátt kaup launþega, þá hefur Alþb. sagt: þá eru ráð til þess að bæta launþegum það með öðrum hætti, t. d. með hækkun tryggingarbóta, eins og við þm. Alþb. leggjum hér til og Alþfl. lagði til í flokkssamþykkt á sínu flokksþingi fyrir skömmu, eða lækkun nefskatta, eins og Alþfl. lagði einnig til. Það væri t. d. fullkomlega hægt og ekki langsótt, að ríkisstj., sem segist vilja lækka, ekki aðeins laun, heldur allt verðlag, að gera ráðstafanir til þess, að skattar yrðu einnig lækkaðir. Mér er ekki kunnugt um, að hæstv. ríkisstj. hafi enn gert neinar ráðstafanir til þess. Þvert á móti er það margupplýst, að skattar eru einmitt nú að stórhækka ýmsir.

Ég tel, að það væri hægt að gera ráðstafanir til þess að tryggja það a. m. k., að ekki hækkaði þungbærasti beini skatturinn, sem landsmenn greiða, en það eru útsvör til bæjarfélaga. Sumum kann að virðast það koma úr hörðustu átt frá mér, því að ég hef farið með stjórn og borið ábyrgð kannske meira en aðrir á stjórn míns bæjarfélags um meira en áratug. En ég fullyrði, að það er hægt að lækka útsvör flestra bæjarfélaga í landinu frá því, sem þau voru á s. l. ári. Ég get fullyrt, að Kópavogskaupstaður hefur komizt af með lægri útsvarsstiga og lægri útsvör á s. l. ári en nokkur hinna kaupstaðanna og getur þó lifað. Hann hefur þó miklu meiri þörf en nokkur hinna bæjanna fyrir fjárfestingu, framkvæmdir fyrir íbúana, vegna þess að hann tekur við á ári hverju og hefur gert í mörg ár hlutfallslega miklu fleiri nýjum þegnum en nokkurt annað bæjarfélag.

Ég vil fullyrða, að það væri hægt að lækka útsvörin í Reykjavíkurbæ frá því, sem þau voru 1958, stórlega, þó að ekki hefði komið til sú launalækkun, sem ákveðin er með þessu frv. Það er engin þörf fyrir Reykjavíkurbæ að hafa hærri útsvarsstiga en Kópavogur, en Kópavogskaupstaður lækkaði sinn útsvarsstiga stórlega með stórauknum fjölskyldufrádrætti á síðasta ári. En nú á ég eftir að sjá, og það eiga skattgreiðendur í Reykjavík líka eftir að sjá, hvað Reykjavíkurbær verður nú stórtækur í því að lækka sín útsvör á árinu 1959, eftir að þessi löggjöf hefur náð fram að ganga.

Þetta frv. er, eins og hefur verið bent á í umræðum um það, aðeins einn þáttur í þeim ráðstöfunum í efnahagsmálum og fjármálum sem núv. hæstv. ríkisstj. hyggst gera, en hinir þættirnir eru sumir fram komnir, en sumir ókunnir.

Fyrsti þátturinn var vitanlega hinar stórauknu niðurgreiðslur á vísitöluvörum, aðallega landbúnaðarvörum, sem voru ákveðnar rétt um áramótin. Til þeirra ráðstafana þurfti enga löggjöf, og vildi ég um það aðeins segja,

að það væri út af fyrir sig í mínum augum íhugunarefni, að um allar hinar stórfelldu niðurgreiðslur gildir það, að til þess að auka þær stórkostlega — um milljónatugi — þarf ekki löggjöf né heldur um það, hvernig þeim er hagað á nokkurn hátt í framkvæmd.

Annar þátturinn í aðgerðum ríkisstj. var svo hin stórfellda hækkun bóta til framleiðenda útflutningsafurða, sem einnig var ákveðin upp úr áramótunum. Þar var einnig um milljónatugi að ræða og ég verð að segja verulega miklu meira en brýn nauðsyn krafði, ef hæstv. ríkisstj. hefur þá, þegar hún ákvað að auka svo bæturnar til útflutningsframleiðenda, verið ráðin í því að fara þá leið í efnahagsmálunum, sem felst í þessu frv. Það er alveg víst, að sérfræðingar í þeim málum hafa ekki talið, að hagur útflutningsframleiðslunnar væri svo bágborinn nú fyrir áramótin, að ef kaupgjaldsliðurinn væri svo stórlega lækkaður eins og gert var ráð fyrir í þessu frv., þyrfti að auka stórlega bæturnar til útflutningsframleiðslunnar. Hæstv. forsrh. hefur svarað því einu til um þetta í umr., svo að ég hafi heyrt, að þeir, sem beri einhverjar brigður á það, að þessar stórauknu bætur til útflutningsframleiðslunnar hafi verið nauðsynlegar, séu að segja þar með, að hann hafi ekki verið maður til þess að standa í þeim samningum og meta það, hvað útgerðinni og fiskvinnslunni væri bráðnauðsynlegt.

Ég held, að þetta dugi ekki neitt sem rök hjá hæstv. ráðh. Ég treysti honum sem manni vel til margra góðra hluta, m. a. að standa í slíkum samningum, en ég veit það, og ég held, að hann viti það líka af sínu fyrra starfi, að afkoma frystihúsanna og togaranna á þessu ári var ekki svo bágborin, að þar þyrfti stórlega viðbótar við.

Það var allt öðru máli að gegna eftir síðustu áramót, 1957—58, þó að þá þyrfti nokkra viðbót, vegna aflabrestsins á árinu 1957. En það var nú ekki stórvægileg viðbót, sem útflutningsframleiðslan fékk með samningum um þau áramót, — það var ekki stórkostlegt, — en allir vita, að afkoma framleiðslunnar á árinu 1958 var stórum betri en 1957.

Þriðju þátturinn í aðgerðum og ráðstöfunum hæstv. ríkisstj. í þessum málum er svo þetta frv. um niðurfærslu verðlags og launa, eins og það er orðað í fyrirsögn þess. Í frv. er gert ráð fyrir, að ráðstafanir verði gerðar til þess að lækka verðlag. Ákvæðin sjálf í frv. eru að mínum dómi heldur losaraleg, en ég veit ekki, hvort það er rétt að liggja hæstv. ríkisstj. svo mjög á hálsi fyrir það sérstaklega. Ég veit, hvað það er erfitt að gera ráð fyrir því, að hægt sé að færa niður verðlag, svo að nokkru verulegu nemi. Það er miklu auðveldara að standa á móti verðlagshækkunum með traustu verðlagseftirliti, en hitt vita allir, að það er afar erfitt að fá fram verulega lækkun á vöruverði með opinberum ráðstöfunum.

Þetta er einn ókosturinn og jafnvel aðalókosturinn við þá leið, sem hæstv. ríkisstj. hefur valið, svonefnda niðurfærsluleið, og á þetta hefur verið bent af fjölda sérfræðinga, sem fyrirfarandi ríkisstjórnir hafa kallað til sér til ráðuneytis um efnahagsmál. Það er óhætt að fullyrða, að enginn sérfræðingur, enginn hagfræðingur, sem ríkisstj. hér á landi hafa kallað sér til ráðuneytis síðasta áratuginn, hefur mælt með þessari leið í efnahagsmálum, niðurfærsluleiðinni. Þess vegna m. a. hefur hún ekki verið farin nema að nokkru leyti á árunum 1947—49, og þá mistókst hún í öllum aðalatriðum. Ég er hræddur um, þó að reynslan ein geti skorið úr því, að svo fari enn. Ég efast ekki um góðan vilja hæstv. forsrh. í þessum efnum, en ég get ekki gert mér mikla von um það, að verðlagið í landinu lækki stórlega með kauplækkuninni, sem ákveðin verður með þessu frv.

Fjórði þátturinn í ráðstöfunum ríkisstj. í efnahagsmálum, ef þær eru hugsaðar fyrir allt fjárhagsárið 1959, hlýtur svo að vera afgreiðsla fjárlaga fyrir það ár. Það hefur verið venja öll undanfarin ár af ríkisstj. að reyna að afgreiða þessi mál öll á sama tíma, efnahagsmál og fjármál, en því miður hefur ekki verið tekin upp sú regla að gera áætlun, sem birt er fyrir þjóðinni um þjóðarbúskapinn og ríkisbúskapinn í heild sinni fyrir árið. Ég get ekki ráðizt á hæstv. ríkisstj. fyrir það, að hún hefur ekki komið þessu í verk nú, en það verður öllum ljóst, eins og þessi mál eru orðin flókin og margþætt, að þetta er brýn nauðsyn.

Hæstv. ríkisstj. hefur lýst því yfir hátíðlega hvað eftir annað, að hún vilji í efnahagsmálum gera þær ráðstafanir einar, sem ekki kalli á nýjar álögur á þjóðina, og ég kann að meta þetta. Ég kann að meta þessar yfirlýsingar hæstv. forsrh. Það er vitað mál, að allar nýjar álögur á þjóðina nú mundu fara út í verðlagið í landinu og gera að engu allar ráðstafanir, sem annars yrðu gerðar til lækkunar því. En ef svo færi, að nýjar álögur reyndust óhjákvæmilegar, — og það er auðheyrt á ræðum hæstv. forsrh., að hann gerir enn ráð fyrir þeirri leið, þá yrði afleiðingin af því, sem ríkisstj. hefur þegar gert, stórauknum útflutningsbótum og niðurgreiðslum, að öll stefna ríkisstj. væri í molum, þá kæmi ekki fram nein lækkun á verðlaginu í landinu, aðeins kauplækkunin, sem ákveðin er með þessu frv., og ný verðbólgualda skylli yfir þjóðina. Þetta veit ég að hæstv. forsrh. mun viðurkenna.

Þess vegna er það, að ég skil ekki í svo greindum og gegnum manni eins og hæstv. forsrh. er, að hann skuli ekki þegar, þegar hann myndaði sína ríkisstj., hafa samið um það við aðalstuðningsflokk ríkisstj., Sjálfstfl., hvernig yrði í meginatriðum gengið frá fjárl. ársins 1959. Hæstv. forsrh. segir, að til þess hafi ekki verið neinn tími. Ég trúi því ekki og tek það ekki gilt, að ekki hafi verið tími til þess að semja milli þessara flokka um afgreiðslu fjárl. í höfuðatriðum, í meginatriðum um það t. d., hve margir milljónatugir skyldu skornir niður á útgjöldum fjárl. Þó að ekki væri að fullu frá því gengið, hvar það kæmi niður í einstökum atriðum, þá trúi ég því ekki, að það hafi ekki verið tími til þess að semja um slíkt höfuðatriði.

Ég veit, að ef síðasta ríkisstj. hefði setið áfram, þá hefði auðvitað orðið að semja um þetta og væri búið að semja um þetta, því að þetta voru meginatriði, kjarni vandamálsins, eins og það lá fyrir. Og ég verð að segja, að það að láta óumsamið um þetta við stuðningsflokk sinn, Sjálfstfl., það verð ég að kalla ábyrgðarleysi hjá hæstv. forsrh. og hreint ráðleysi að koma svo fram fyrir Alþ. og geta ekki sagt annað en þetta: Um þetta eru engir samningar. Um þetta veit enginn neitt, hvort það tekst að skera útgjöld á fjárl. niður um nokkra milljónatugi og láta þannig endana ná saman. — En hæstv. forsrh. sagði hér áðan í síðustu ræðu, sem hann hélt hér í hv. d., að það væri enn algerlega óséð, hvort tækist fyrir hans ríkisstj. að láta endana ná saman í þessum efnum, og ef það tækist ekki að láta endana ná saman, þá væri tvennt til: enn þá meiri niðurfærsla launa eða nýjar álögur á þjóðina. Og enn veit hann ekkert, þegar hann stendur hér frammi fyrir þessari hv. d., enn veit hann ekkert um þetta, hvort sé fram undan, enn þá meiri niðurfærsla kaups en gert er ráð fyrir í þessu frv. eða nýjar álögur á þjóðina.

Ég vék hér áðan nokkuð að þeim umleitunum um stjórnarmyndun, sem fóru fram, meðan yfir stóð stjórnarkreppa fyrir jólin. Ég vil láta það koma fram, um leið og ég tala hér um þessi mál, að af hálfu Alþb. var því höfuðatriði slegið föstu í þeim umræðum, við hvern flokk sem rætt var, að hver sú ríkisstj. sem mynduð yrði, af hverjum sem hún væri mynduð, þá væri það okkar álit, að hún ætti að setja stöðvun verðbólgunnar á stefnuskrá sína sem fyrsta mál, og einmitt þess vegna væri nauðsynlegt, að hver sú ríkisstj., sem mynduð yrði, væri mynduð á þeim grundvelli, að hún sæti til ársins 1960, þegar reglulegar alþingiskosningar eiga að fara fram, af því að að okkar áliti væri hver sú ríkisstj., sem segði: Við ætlum að stöðva verðbólguna í landinu á þessu ári, — en segði því næst: Næsta atriðið á stefnuskrá okkar er að efna til einna eða jafnvel tvennra kosninga á næstu mánuðum, — hver sú ríkisstj., sem þetta gerði, væri að blekkja þjóðina, því að þetta tvennt gæti ekki farið saman. Það var með þessum rökum, sem Alþb. neitaði að eiga þátt í bráðabirgðaríkisstj. til nokkurra mánaða með hverjum sem væri. Ef það er rétt, að vandi efnahagsmálanna, eins og þau liggja nú fyrir, sé mikill, þá verður hver, sem það segir, að játa, að þá á fyrst að snúa sér að því að leysa þann vanda, en ekki jafnharðan að efna til kosningabaráttu, sem stendur vafalaust hálft árið og verður, eins og kosningabarátta gerist í þessu landi, barátta allra gegn öllum, um öll möguleg þjóðmál, um allt annað en vanda efnahagsmálanna.

Margir munu segja, að vandi efnahagsmálanna, eins og hann horfir nú við, sé svo mikill, að það sé mesta nauðsyn íslenzku þjóðarinnar að stöðva verðbólguna, og það verði að gerast nú, ef það á að gerast. Ég held, að hæstv. forsrh. sé einn af þeim, sem segja þetta: Það þarf að gerast á þessu ári, þetta verður úrslitaárið um það, hvort þetta tekst. Og það er þetta, segir hann, sem hans ríkisstj. er að gera, það sé úrslitatilraunin um það, hvort það tekst eða ekki. Og ef það tekst ekki, þá er þjóðinni stefnt út í ægilegri verðbólgu en nokkurn tíma. En hver sá, sem segir þetta, hann hlýtur að segja: Þess vegna, einmitt þess vegna má ekki eyða helmingi þessa úrslitaárs í kosningabaráttu allra gegn öllum.

Það er ekkert áhlaupaverk að stöðva verðbólguna á Íslandi, eins og hún er orðin. Það verður ekki gert á nokkrum mánuðum. Það verður ekki unnið með einni löggjafarráðstöfun á Alþingi í eitt skipti fyrir öll, ekki með neinum pennastrikum. Hver sá, sem segir það, hann fer með blekkingar og ósannindi. Það verk verður ekki unnið nema með staðfastri stefnu stjórnarvalda í landinu um langan tíma og samstilltu átaki margra afla í þjóðfélaginu.

Þessa staðreynd veit ég að hæstv. forsrh. og allir hugsandi stjórnmálaforingjar í þessu landi verða að viðurkenna. Og stöðvun verðbólgunnar verður ekki framkvæmd með neinum ráðstöfunum, sem launþegarnir í landinu geta ekki sætt sig við. Þetta er líka staðreynd, sem ég veit að allir vitrustu stjórnmálaforingjar í þessu landi hafa fyrir löngu viðurkennt. Ég veit það um hv. formann Sjálfstfl., ég veit það um hv. formann Framsfl., og ég trúi því líka, að hæstv. forsrh., formaður Alþfl., líti eins á.

Þess vegna er það í ljósi þessara staðreynda, að ég álít, að hæstv. forsrh. hafi unnið óþarft verk með því að taka að sér að mynda sína veiku bráðabirgðastjórn til þess að stofna til kosningaástands í landinu hálft það ár, sem hann veit að verður úrslitaár um það, hvort þessi mesta nauðsyn íslenzku þjóðarinnar, að verðbólgan verði stöðvuð, verði leyst eða ekki.

Ég andmæli ekki þeim mönnum, sem halda því fast fram, að það sé aðkallandi mál, nauðsynjamál, að leiðrétta kjördæmaskipun landsins. Ég er alveg sömu skoðunar og þeir um það. En ég álít, að það sé ekki eins bráðaðkallandi og að gera viðhlítandi traustar ráðstafanir til þess að stöðva verðbólguna í landinu. Og ég get vel beðið til 1960 eftir því að fá leiðrétt það ranglæti, sem ríkir í kjördæmaskipun landsins, og er það þó hvergi auglýsara en um það kjördæmi, sem ég hef verið í framboði í.

Ég sagði áðan, að ég tryði ekki á, að það væri til nein ein lausn á öllum vanda í efnahagsmálunum hjá okkar þjóð. Ég hef ekki heldur trúað á, að það væri til nein endanleg og varanleg lausn. Ég held, að það vandamál vinnist ekki nema glíma við það langan tíma. Ég hef sannfærzt um það af umr. um þetta mál við stjórnmálamenn og hagfræðinga, að í sjálfu sér sé ekki til á því nein sérfræðileg lausn. Ég hef aldrei í umr., hvorki hér á Alþingi né fyrir kosningar frammi fyrir kjós-

endum, lýst því yfir, að ég sé og verði alltaf t. d. á móti gengislækkun. En ég er orðinn sannfærður um eftir allar þær umr., sem orðið hafa hér um gengislækkanir, framkvæmdar og fyrirhugaðar, að allar gengislækkanir, beinar og óbeinar, verða unnar fyrir gýg, eru engin lausn á okkar vanda, hvað sem hagfræðingar kunna að segja um það.

Ástæðan er sú, — þó að ég viðurkenni margt, sem ágætir hagfræðingar hafa haft um þessi mál að segja, fyrr og síðar, — ástæðan til þessa er sú, að okkar þjóðfélagskerfi og efnahagskerfi er með allt öðrum hætti en í flestum öðrum löndum. Kerfi verðlagsmyndunar og kauplagsmyndunar er með allt öðrum hætti en í flestum öðrum löndum, og flestir þeir ágætu hagfræðingar, sem til hafa verið kallaðir, hafa ekki gert sér nógu ljósa grein fyrir því, hvernig okkar efnahagskerfi er að þessu leyti gerólíkt og ósambærilegt og í hinum stóru löndum, þar sem þeir hafa lært sín fræði.

En alveg eins og ég er sannfærður um það, að gengislækkanir, beinar og óbeinar, duga ekki sem nein patentlausn á okkar efnahagsmálum, hvað sem hagfræðingar segja, þá er ég jafnsannfærður um það, að þessi leið, sem þessi hæstv. ríkisstj. hefur valið, niðurfærsluleiðin, er ekki heldur einhlít og leiðir okkur ekki heldur út úr vandanum, jafnvel þó að það stæðu að framkvæmd hennar — sem er höfuðatriði — miklu sterkari öfl og traustari í þessum málum en standa að hæstv. núverandi ríkisstj.

Það er auðvelt að segja, þegar rætt er um vandann og nauðsynina miklu í þessum málum, eins og Sjálfstfl. leyfir sér að segja: Það er bara að sleppa út úr svikamyllu hafta og styrkja, þá er öllu borgið, og það skulum við gera einhvern tíma seinna, þegar við komum í okkar ríki. — En hvers vegna ekki að segja það núna fyrir kosningarnar og t. d. hér í hv. d.? Hv. Sjálfstfl. á góðum og gegnum og greindum þm. á að skipa hér í hv. d. Hví ekki að segja það hérna í stuttu máli og skýru, hvernig á að sleppa út úr svikamyllu styrkja og hafta í þessu landi, hvernig, bara í meginatriðum? Nei, um það kemur ekki neitt orð.

Ég vil nú vænta þess, að hæstv. forsrh. láti í umr. um þetta mál ekki við það sitja að segja, eins og hann hefur sagt: Við vitum ekkert um það, hvernig verður endanlega gengið frá efnahags- og fjármálum þjóðarinnar á þessu yfirstandandi Alþingi. — Ég vil vona, að hann fari að geta sagt eitthvað um aðalatriði málsins.

Ég hef þegar talað nokkru lengur en ég ætlaði í upphafi að gera. Ég hef lýst skoðunum mínum aðeins á meginatriðum þessara vandamála og nú síðast lýst eftir nánari skýringum á stefnu hæstv. ríkisstj. og hv. stjórnarflokka. Ég lýsi enn eftir stefnu hv. Sjálfstfl. í efnahagsmálunum.

En ég vil að síðustu ítreka það, sem ég sagði um þá till., sem ég flyt ásamt öðrum þm. Alþb., að að henni samþykktri mundi ég telja það frv., sem hér liggur fyrir og ég get ekki fylgt, stórum aðgengilegra fyrir launþega landsins. Og ég geri mér enn fyllstu von um það, að hæstv. ríkisstj. geti fallizt á þessa till. Hún kostar ekkert stórfé. Það er erfitt að reikna út nákvæmlega, hvað mikið fé hún kostaði, en það er óhætt að segja, að hún kostar ekkert stórfé. Þrátt fyrir samþykkt hennar væri hægt að ná endunum saman með góðum vilja, og ég mundi telja það vera viturlegt af hæstv. ríkisstj. að láta launþegana fá, um leið og þetta frv. er samþykkt, þá litlu uppbót á kaupskerðingunni, sem felst í okkar brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 217, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég hef nú í sem stytztu máli gert grein fyrir skoðun minni á þessum efnahagsráðstöfunum og mundi ekki hafa tekið til máls að nýju nema vegna þess, að sérstakt tilefni gafst til þess, og ég takmarka mál mitt við það, sem ég tel að ég þurfi að svara.

Hv. 4. landsk. (FRV) sagði með verulegum þunga, að Framsfl. teldi sig enga ábyrgð vilja bera á þessum efnahagsráðstöfunum hæstv. ríkisstj., en þó mundi flokkurinn ekki ætla að beita meirihlutavaldi sínu til þess að fella ráðstafanirnar hér í þessari hv. d., og sagðist ekki vera búinn að sjá það, að við slyppum undan ámæli hjá okkar umbjóðendum fyrir að gera slíkt.

Ég vil náttúrlega þakka hv. 4. landsk. fyrir þessa miklu umhyggju fyrir Framsfl. En það er nú svo, að það verður hver og einn að sjá fyrir því að bera ábyrgð á verkum sínum sjálfur. Það er að vísu alveg rétt og verður ekki of oft sagt, að við erum óánægðir með þær ráðstafanir, sem á að gera í efnahagsmálunum, og höfum gert grein fyrir því, en við höfum jafnframt sannprófað það við tilraun til stjórnarmyndana og vegna skoðana, sem eru hér á Alþingi, að Framsfl. hefur engin ráð til þess að koma fram efnahagsmálum eins og hann mundi kjósa. Þetta veit hv. 4. landsk., og það er þess vegna alveg augljóst mál, að það er ekki um annað að velja, eins og nú er komið, heldur en það tvennt að leyfa þessum málum að sigla sinn sjó, þó að ráðstafanirnar séu ófullkomnar, eða fella allar ráðstafanir hér á Alþingi. Það er um þetta að velja.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta. Það er nógur tími til þess að gera grein fyrir því á næstu vikum og næstu mánuðum, og ég hef engar áhyggjur út af því, og ég held, að hv. 4. landsk. geti sparað sér allar áhyggjur út af því líka. Það bæri vitanlega að líta á þessar till. um auknar fjölskyldubætur, þær eru sjálfsagt sanngjarnar, ef hæstv. ríkisstj. gerir grein fyrir því, að hún hefði einhverja peninga til þess að greiða þær. En hingað til hefur verið álitið, að þótt engu væri bætt við það, sem fyrir er og lofað hefur verið, þá mundu tekjur ekki hrökkva til þess að greiða það og því, sem þegar er búið að semja um að greiða af

hæstv. ríkisstjórn, muni verða að vísa að verulegu leyti yfir á framtíðina, a. m. k. eru allar líkur til þess, að líta megi svo á, þegar athuguð er sú grg., sem hæstv. forsrh. hefur gert fyrir tekjuöfluninni.

Hér var rætt um það af hv. 4. landsk., að unnt mundi hafa verið að mynda ríkisstj. með öðrum hætti en gert hefur verið, stjórn, sem hefði meiri hl. í báðum deildum og gæti komið fram skynsamlegri ráðstöfunum í efnahagsmálum en þeim, er lítur út fyrir að nú verði að lögum. Ég hef nú lítið gert að því að vitna um þau samtöl, sem átt hafa sér stað við stjórnarmyndanir, eða um ágreining, sem hefur verið í minni ríkisstj., nema samkvæmt þeim gögnum, sem opinberlega hafa legið fyrir, og ég skal ekki heldur gera það í sambandi við þetta mál að öðru leyti en því, sem þegar hefur verið sagt opinberlega, að við lögðum áherzlu á það við hæstv. forsrh., þegar hann var að reyna að mynda stjórn, og ég veit, að hann minnist þess, að ég áskildi mér rétt til þess, þegar ég lét þau orð falla og færði rök fyrir máli mínu, að mér væri leyfilegt að skýra frá því samtali opinberlega, — ég veit, að hann minnist þess, og ég álít og minn flokkur áleit, að eins og þessum málum var komið núna í haust, eftir að unnin höfðu verið í sumar — ég vil segja þau skemmdarverk, sem unnin höfðu verið á þeim ráðstöfunum, sem gerðar voru s. l. vor, að þá væri eðlilegast, að hann reyndi að mynda þjóðstjórn. Það hefur oft verið sagt opinberlega: Hvers vegna reyndi Hermann Jónasson þetta ekki sjálfur? — Það er hægt að svara því hér, að það liggur ekki eins á lausu fyrir stjórn og er ekki eins eðlilegt fyrir stjórn, sem er að fara, eða stjórnarformann, sem er að fara, eins og einhvern annan, og við lýstum því yfir, að við mundum hiklaust styðja hæstv. forsrh. í þessari tilraun. Við álítum þetta skynsamlegast, vegna þess að það er búið að sýna sig, það er sannað mál, að í þeim erfiðleikum, sem hafa verið í efnahagsmálunum, hefur þurft furðulítinn vindblæ frá andstöðunni, furðulítinn áróður, og ekki sízt ef hann hefur nú verið mikill, þá hefur hann dugað vel til þess að gereyðileggja þær ráðstafanir, sem gerðar eru á hverjum tíma. Þetta er reynslan, bláköld reynsla, og þess vegna álítum við, að það væri skynsamlegt, að þjóðin í bili sameinaði krafta sína, flokkarnir reyndu að láta deilur niður falla, sameinuðust um það, að enginn stæði utan við, heldur væri reynt að leysa efnahagsmálin á þennan hátt. Við töldum, að það sýndi jafnframt styrkleika út á við í deilu okkar við Breta, og við töldum, að með þessu móti væri hægt að taka til rólegrar yfirvegunar kjördæmamálið — kjördæmaskipunina, sem við viðurkennum að þarf að gera breytingar á, og við bentum á, að það væri engu að tapa fyrir þá flokka, sem vilja breyta kjördæmaskipuninni, því að þeir höfðu þetta vald 1960 í lok kjörtímabilsins, nákvæmlega eins og þeir hafa valdið núna í dag, ef þeir standa saman um málið.

Það er alveg rétt og hefur verið skýrt frá því áður, það er hægt að staðfesta það, að það var rætt um myndun vinstri stjórnar undir forsæti núverandi hæstv. forsrh., og Framsfl. var reiðubúinn til þess að styðja það, ef samkomulag næðist um efnahagsmálin. En um það skal ég ekkert fullyrða, hvort það samkomulag hefði náðst. Hér skýrði hv. 4. landsk. rétt frá, öðruvísi en hefur verið sagt frá þessu máli áður. Hann sagðist fullyrða, að það hefði verið hægt að brúa bilið til samkomulags í efnahagsmálunum, meðan stjórnarkreppan stóð yfir, þ. e. a. s. eftir að ríkisstj. sagði af sér. Ég skal ekkert fullyrða um það, hvort það hefði tekizt að brúa þetta bil, en það er vitað mál og hefur verið yfirlýst, að það strandaði á því, að núverandi hv. stjórnarflokkar voru báðir sammála um, að það bæri að taka breytingar á kjördæmaskipuninni fram yfir öll önnur mál, og það yrði þess vegna að mynda bráðabirgðastjórn til þess að leysa kjördæmamálið. Þegar af þessari ástæðu var ráðizt í þessa stjórnarmyndun, eins og kunnugt er og frá hefur verið skýrt. En ég er þeirrar skoðunar, og sú skoðun kom fram í þessum samtölum, og hún hefur komið fram opinberlega af hálfu okkar framsóknarmanna, að við álitum, að þegar það er nú sannað, margsannað og reynt hér á Alþingi, að það er mjög erfitt að fá afgreidd ábyrg fjárlög oft og einatt vegna yfirboða rétt fyrir kosningar, — það vitum við, sem erum búnir að vera hér lengi, þetta vita allir hv. þm., — þá höfðum við ekki trú á því og höfum ekki trú á því, að það sé hægt með bráðabirgðastjórn rétt fyrir kosningar, rétt fyrir tvennar kosningar, að leysa efnahagsmálin — meira að segja efnahagsmálin, sem er enn þá meiri vandi en afgreiða þó venjuleg fjárl. rétt fyrir tvennar kosningar, og þess vegna lögðum við þetta til. En því var hafnað, eins og kunnugt er, og þar af leiðandi liggur það fyrir, að það var ekki sú lausn til staðar á efnahagsmálunum, sem við hefðum kosið, og ekki heldur þeir kraftar á Alþingi, sem við hefðum kosið að helzt stæðu að þessum efnahagsmálaaðgerðum.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta atriði. En hér komu fram í ræðu hæstv. forsrh. nokkur ummæli, sem hv. 1. þm. N-M. (PZ) hefur að vísu í höfuðatriðum leiðrétt, en ég sé ástæðu til að árétta með örfáum orðum.

Það er vitanlega rétt, að sú aðferð að greiða niður vörur hefur verið notuð lengi af öllum ríkisstj., og getur þar ekki ein ríkisstj. láð annarri svo mjög, og benti hæstv. forsrh. á það, að svo hefði verið um kartöflur, þær hefðu verið greiddar langt niður fyrir það verð, sem bændur fá og eiga að fá fyrir þær, og það hafi borgað sig að flytja þær í kaupstað, eins og hefur verið gert, leggja þær inn í verzlanir í nálægum kaupstað og flytja þær síðan til baka. Þetta hefur vitanlega alltaf verið galli. Og það er dálítið vafasamt um þessa aðferð með kartöflurnar, að það sé hægt að nota það sem fordæmi fyrir því að taka upp aðra miklu stærri liði, eins og kjöt og mjólk, og gera það sama með það. En sleppum því. Ég get upplýst, að núna er því þannig háttað, að

kjöt í heildsölu kostar kr. 18.30 eftir þessar ráðstafanir, en í grundvellinum kr. 21.34. Það er þriggja króna munur á hverju kg, það er svona 45 kr. munur á hverjum venjulegum dilksskrokk, sem menn fá meira fyrir hann með því að flytja hann og leggja hann inn og taka hann síðan aftur, — kaupa hann aftur í heildsölu, eins og menn kaupa heila skrokka. Mismunurinn á mjólkurverðinu er eins og hv. 1. þm. N-M. skýrði frá. Það eru vitanlega engin rök, sem hæstv. ráðh. seildist til, að það seldist meira, sem hann færði sem rök fyrir því, að ekki er hægt að taka til greina þessi 3.5% m. a., og niðurgreiðslurnar lækkuðu einnig verðið til neytenda. Það er vitanlegt, að verðið á landbúnaðarvörum er raunverulega kaup bóndans, og eftir þessum rökum mætti endalaust færa það fram, að það væri rétt fyrir vinnustéttirnar og verkamennina að lækka kaupið, til þess að betur seldist þeirra vinnuafl, ef um það væri að ræða, að eftirspurn væri ekki næg, til þess að menn hefðu vinnu. Og það er ekki hægt að neita því, að niðurgreiðslurnar eru mjög hættulegar, vegna þess að hættan er sú, að ríkið gefist upp við þessar niðurgreiðslur, því lengra sem þær ganga, að það verði að hætta við þær á einhverju tímabili, og þá verður vitanlega afleiðingin sú, að landbúnaðarverð hækkar svo stórkostlega, að það er hætt við ákaflega tregri sölu, þegar mikil skyndihækkun verður.

Hér eru enn færð fram þau rök fyrir því, að ekki megi láta bændur sitja við sama borð í þessum lögum og aðrar stéttir, að ef það væri gert, ef það væri tekið til greina, sem við höfum borið hér fram í brtt., að bændur fengju leiðrétt um 3.5%, sem þeir eru núna lægri en verkamenn í Dagsbrún, að aðrar stéttir mundu koma í kjölfarið, því þó að Dagsbrúnarmenn hafi fengið þetta meiri hækkun en aðrir, þá sé ekki hægt að miða við það, að aðrir mundu koma í kjölfarið. Þetta er ekki rétt. Það er rétt, að Dagsbrúnarmenn hafa fengið nokkru meiri hækkun eða sem nemur 3.5% meiri en aðrir, og þykir engum nema eðlilegt, því að það er yfirleitt sú þróun, bæði hér og annars staðar, að lægst launuðu stéttirnar hækka hlutfallslega við þær, sem hafa hærra kaup. En ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj., hæstv. forsrh. viti það, að í þeim grundvelli, sem samþ. hefur verið og bændurnir eiga rétt á að farið sé eftir, er gert ráð fyrir því, að þeir hafi sams konar árstekjur og Dagsbrúnarmenn. Það getur þess vegna engin stétt komið og sagt: Við gerum kröfur um kauphækkanir, — þó að bændur fái það sama og Dagsbrúnarmenn. Ef um þær kröfur væri að ræða, væri það þá vegna þess, að Dagsbrúnarmenn hafa fengið nokkru meiri kauphækkun núna en sú hækkun, sem orðið hefur hjá öðrum.

Það má vel segja það og er sagt hér, að þetta sé ekki mikil upphæð. Þetta er, eftir því sem ég fæ upplýst, eitthvað um 6 millj., sem bændur tapa á hálfu ári við það, að þeir eru settir skör lægra en aðrir. Þessi upphæð er sama upphæðin og hefur verið rifizt um með stærstum orðum í hv. Nd., að bændur ætluðu sjálfir að leggja á sínar vörur til þess að byggja hús. Það á að taka það á fjórum árum, þessir sömu bændur ætla að taka af sínu vöruverði á fjórum árum þessa upphæð til þess að byggja sitt eigið hús, en með einu pennastriki á hér að taka sömu upphæðina af bændum, án þess að þeir fái nokkurt endurgjald þar fyrir, og það er ekki mikið samræmi í því að halda því fram, að bændur megi ekki leggja það á sig að taka af vöruverði sínu þessa upphæð á fjórum árum, 6 millj., en rétt á eftir er þessi upphæð tekin af bændum endurgjaldslaust.

Hér kom fram enn fremur hjá hæstv. forsrh., að vörur, sem seldar hefðu verið úr landi, hefðu bændur fengið meira fyrir en reiknað var með. Ég get upplýst þetta atriði. Þetta er einnig rökblekking. Það er rétt, að þeir fengu hærra útflutningsgjald. Þeir reiknuðu með 83% í útflutningsgjald, en fengu 95%. Þeir lögðu verðjöfnunargjald á vörur seldar innanlands, sem nam 85 aurum á hvert kg, en þurftu kr. 1.50, það vantaði 65 aura, til þess að það næði grundvellinum, og þó að þeir fái þessar prósentur, þessi 95%, í uppbætur á útfluttar vörur, þá ná þær ekki grundvellinum fyrir því, þeir ná ekki þessum 65 aurum, sem þeir reiknuðu með að þeir yrðu að taka sem tap á bændur, vegna þess að grundvöllurinn næðist ekki. Þarna er ekki um gróða að ræða, heldur um minnkað tap frá því, sem þeir höfðu gert ráð fyrir, því að þeir vildu ekki í haust leggja meira en 85 aura verð á það kjöt, sem þeir selja innanlands, og tóku áhættuna af því, að 65 aurar yrðu lagðir á bændur sjálfa. Það er því um minna tap að ræða, en ekki gróða.

Hér var jafnframt sagt frá því af hæstv. forsrh., og hann sagði, að ef það færi milli mála, þá væri sjálfsagt að leiðrétta það, að framleiðsluráð hefði farið fram á það að fá að leiðrétta þessi 3.5% eða til vara ársfjórðungslega hækkun.

Ég hef þau ummæli eftir fleiri en einum manni úr framleiðsluráði, að þegar þeir ræddu þessi mál við ríkisstj., þá vissu þeir ekki um það, að útgerðarmenn ættu að fá leiðréttingu, ef það yrði hækkun á grunnkaupi eða vísitölu, — vissu ekki um það, þeim var ekki sagt frá því, og þeir hefðu aldrei gert þá kröfu að fá leiðréttingar, þannig að þeir fengju ársfjórðungslegar hækkanir, ef aðrar stéttir hefðu ekki fengið þær, svo sem nú er hjá sjómönnum og útgerðarmönnum.

En ég endurtek það og lengi ekki mál mitt meira til þess að eltast við þessar aths., að það hefur engin skynsamleg ástæða verið færð fram fyrir því, að það ætti að setja bændur á annan bekk en aðra. Fyrst þetta er hreyft á annað borð, fyrst það er hreyfanlegt hjá útgerðarmönnum, hvers vegna ættu bændur að stunda sína útgerð, sinn landbúnað undir öðrum kringumstæðum en sjávarútvegurinn stundar sína atvinnu. Og þar sem þetta er þó ekki meira en 6 millj., sem er að vísu nokkur upphæð, þá sé ég satt að segja ekki, hvernig í ósköpunum stendur á því, að núv. ríkisstj.

heldur fast við þetta ranglæti, sem hún græðir þó ekki meira á í allri súpunni en 6 milljónir króna.

Ég vil nú vænta þess, að þær brtt., sem við framsóknarmenn berum fram hér í hv. þd., verði samþ. og leiðrétting fáist á þessu máli, því að eins og ég sagði áðan og endurtek: Það hafa engin skynsamleg rök komið fram fyrir því, að bændur eigi að vera öðruvísi settir en aðrar stéttir í þessu máli. Það er hreint ranglæti.

ATKVGR.

Brtt. 217,1 felld með 9:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: AG, BjörnJ, FRV.

nei: PZ, SB, SÓÓ, EggÞ, FS, FÞ, GTh, JJós, JK.

SE, BjörgJ, HermJ, KK, BSt greiddu ekki atkv.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Þessari till. hefur nýlega verið útbýtt, og mér hefur ekki gefizt tími til að gera á henni breyt. En vegna næstsíðustu málsgr. í gr., sem ákveður, að bætur skuli vera útsvars- og skattfrjálsar, get ég ekki verið með henni. Að öðru leyti er ég henni meðmæltur, en þess vegna neyðist ég til að segja nei.

Eggert Þorsteinsson: Eins og ég hef tekið fram í umr. um málið, það sem af er umr., þá er hér um samkomulagsmál að ræða, og samkomulag þýðir ekki, að maður sé í einu og öllu að fullu ánægður. Hvað mig persónulega áhrærir, þá hefði ég þrátt fyrir ýmsar leiðréttingar kosið frekari breyt. á frv. Um það hefur ekki náðst samkomulag, og er talið, að frekari breyt. raski höfuðtilgangi frv.

Ég tel megintilgang frv. svo mikilvægan, að ég vil þess vegna ekki eiga frekari hlut að breyt. og greiði því atkv. gegn þeim brtt., sem fyrir liggja, og segi nei.

1. gr. samþ. með 8:3 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 215,1 felld með 8:4 atkv.

4. gr. samþ. með 8:2 atkv.

5. gr. samþ. með 8:4 atkv.

Brtt. 215,2 felld með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: BjörnJ, FRV, PZ, AG.

nei: EggÞ, FS, FÞ, GTh, JJós, JK, SB, SÓÓ.

HermJ, KK, SE, BjörgJ, BSt greiddu ekki atkv.

6. gr. samþ. með 8:2 atkv.

Brtt. 216,1 felld með 8:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: PZ, SE, BjörgJ, BjörnJ, FRV, HermJ, KK, BSt.

nei: SB, SÓÓ, EggÞ, FS, FÞ, GTh, JJós, JK.

AG greiddi ekki atkv.

7. gr. samþ. með 8 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: EggÞ, FS, FÞ, GTh, JJós, JK, SB, SÓÓ.

AG, BjörgJ, BjörnJ, FRV, HermJ, KK, PZ, SE, BSt greiddu ekki atkv.

Brtt. 216,2 felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: BjörgJ, HermJ, KK, PZ, SE, BSt.

nei: EggÞ, FS, FÞ, GTh, JJós, JK, SB, SÓÓ.

AG, BjörnJ, FRV greiddu ekki atkv.

8. gr. samþ. með 8:1 atkv.

Brtt. 215,3 felld með 8:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: AG, BjörnJ, FRV.

nei: EggÞ, FS, FÞ, GTh, JJós, JK, SB, SÓÓ.

SE, BjörgJ, HermJ, KK, PZ, BSt greiddu ekki atkv.

9. gr. samþ. með 8:2 atkv.

Brtt. 215,4 felld með 8:3 atkv.

10. gr. samþ. með 8:1 atkv.

11.—12. gr. samþ. með 8 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: SB, EggÞ, FS, FÞ, GTh, JJós, JK, SÓÓ.

SE, AG, BjörgJ, BjörnJ, FRV, HermJ, KK, PZ, BSt greiddu ekki atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:3 atkv.

Á 61. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 203, 220).

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. 220. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls var felld brtt., sem við Alþb.-menn í þessari hv. d. fluttum um það, að fjölskyldubætur skyldu koma til hinna lægst launuðu þegna þjóðfélagsins í sambandi við þá launalækkun, sem felst í frv.

Þessi till. var sem sagt felld. Við vildum nú freista þess að fá hv. d. til þess að gera hér nokkra bragarbót, og því flytjum við brtt. á þskj. 220, þess efnis, að við 1. málsgr. 1. gr. bætist svofelldur liður:

„Enn fremur skal greiða verðlagsuppbót samkv. vísitölu 185 á allt grunnkaup kvenna samkvæmt samningum stéttarfélaga, þar til fullum jöfnuði er náð við kaup karla, er vinna hliðstæð störf."

Það má máske segja það um þessa till., að hún skipti ekki öllu máli í sambandi við þetta frv. En þar sem hér er um allsherjar mannréttindamál að ræða, mál, sem er jafnmikið áhugamál karla og kvenna, og þar sem gerð hefur verið samþykkt hér á hinu háa Alþingi um gildistöku alþjóðasamþykktar um launajafnrétti karla og kvenna, þá þótti okkur ekki úr vegi að bera þessa till. fram nú í sambandi við hina almennu launalækkun. Með því stefnum við að því, að konurnar, sem vinna sams konar störf og karlar, fái nokkra leiðréttingu í stað þess að þurfa að lækka í launum til jafns við aðra.

Þing Alþýðusambands Íslands hefur hvað eftir annað krafizt þessa jafnréttis, og nú vill það til, að hér í þessari hv. d. á sæti varaforseti Alþýðusambandsins, hv. 4. þm. Reykv. (EggÞ), og vil ég vænta þess, að hann styðji af einurð þessa till. okkar þremenninganna.

Hún er í fullu samræmi við margyfirlýstan vilja Alþýðusambandsins og verkalýðssamtakanna. Það ætti að vera auðveldara fyrir þennan hv. þm. og aðra að samþykkja þessa till. fyrir þá sök, að samþykkt hennar mun ekki hafa í för með sér neinn aukinn vanda fyrir hæstv. ríkisstj. Samþykkt hennar mundi ekki hagga í neinu útreikningi vísitölu né öðru í sambandi við frv.

Ég vil svo láta útrætt um þessa till., sem hér liggur nú fyrir. En af því að ég hef ekki látið í ljós mínar persónulegu skoðanir á frv. í heild, þá vildi ég að lokum mega fara um það örfáum almennum orðum.

Mér finnst það ekki leyna sér við lestur þessa frv. til laga um niðurfærslu verðlags og launa, að hér hefur ákveðið gamalkunnugt afl stýrt pennanum. Frv. ber með sér ótvírætt svipmót íhaldsins, og verður þar ekki um villzt. Laun skulu lækka um minnst 5.4%. Þetta atriði er ljóst, enda óumdeilt. Þetta er lágmarksfórn, sem launþegarnir í landinu eiga að færa, og það er víst, að um leið og þetta frv. hefur verið samþ., verður launalækkunin framkvæmd. Um það þarf enginn að efast.

Um hinn aðalliðinn í frv., niðurfærsluna á verðlaginu, *gegnir allt öðru máli. Þar er allt* óljósara. Það er gert ráð fyrir lækkun á vöruverði og þjónustu til samræmis við lækkun launakostnaðar. En hvað skyldi verða úr framkvæmd í því efni? Um hana efast ég og margir aðrir. *Jafnvel þótt hæstv. ríkisstj. væri öll af* vilja gerð, eru ekki minnstu líkur fyrir því, að henni takist í framkvæmdinni að lækka verðlagið að neinu ráði, eins og til er ætlazt. Niðurfærslan á verðlaginu verður því aldrei *annað en pappírsgagnið eitt. Launalækkunin* nemur a. m. k. 5.4%, en kjaraskerðingin verður langtum meiri, og verður hún þeim mun meiri sem mistökin á niðurfærslu verðlagsins verða stærri.

Það raunhæfa í þessu frv. og það eina raunhæfa er kauplækkun og kjaraskerðing launastéttanna í landinu. Allt annað í því mun reynast hjóm og markleysa, þegar til framkvæmdanna kemur. Það eru launþegarnir einir, sem eiga að bera byrðarnar, færa fórnirnar. Þetta sannar til fullnustu, að íhaldið hefur aftur komizt til valda í landinu.

Í frv. er ekki farið fram á, að aðrir en launamenn færi fórnir. Það örlar ekki á því, að bankarnir, milliliðirnir og framleiðendurnir eigi að taka á sig byrðar, er nemi minnst 5.4%. Þeim er gersamlega gleymt, þegar verið er að skírskota til fórnarlundarinnar. Ef þetta sver sig ekki í ætt gamla íhaldsins, þá er ég illa svikinn. Það er ein undantekning frá þessu, svo að mér sé kunnugt um. Hæstv. ríkisstj. hefur farið til þeirra aðila, sem hafa yfirstjórn á heildsölu og smásölu í landinu. Hún hefur ekki farið til þessara aðila með lagaboði eins og til launþeganna, heldur kemur hún til þessara aðila krjúpandi á hnjánum og mælist til þess, að þeir gefi nokkuð eftir, færi nokkrar fórnir, og fórnin, sem farið er fram á að þessir aðilar færi, er ekki stór. Mér reiknast til, að það svari til 1.8%. Þessir aðilar bregðast stórmannlega við og heita þessu. En hér er ekki beitt valdboði, hér er farin samningaleiðin í mótsetningu við aðfarirnar gegn launþegunum.

En söngurinn frá fyrri árum er hafinn á ný, þessi: Þjóðin verður að færa fórnir. — Hver man ekki eftir þeim söng frá tímum fyrri íhaldsstjórna?

Af grg. frv. er einna helzt svo að sjá sem tilgangurinn með því sé að stöðva verðbólguna, en ekkert mun þó reynast fjær sanni. Að vísu má það takast að fá ýmsa til að trúa þessu í bili, en augu þeirra munu opnast, áður en margir mánuðir eru liðnir. Reynslan mun sýna það fljótlega, að sá einn er tilgangurinn með þessu frv. að flytja fjármagnið til í þjóðfélaginu. Það á að færa fjármagnið frá launafólkinu til viðskipta- og atvinnurekstrar. Tilgangurinn er sá einn að skerða hlutdeild almennings í þjóðartekjunum.

Einn af kunnustu hagfræðingum hérlendis hefur komizt svo að orði, að það væri hættulegur misskilningur, ef menn kæmust á þá skoðun, að afnám vísitöluuppbóta á laun eða kaupbinding væri allra meina bót. Þær aðgerðir einar mundu fljótlega reynast koma að *litlu haldi. Þetta segir hagfræðingurinn,* sem íhaldið vitnar oft í, og er það vissulega rétt.

Nei, þetta frv., sem hér liggur fyrir, á ekkert skylt við skynsamlegar ráðstafanir til verðbólgustöðvunar. Þess hlutverk er að taka frá launastéttunum og gefa eignastéttunum.

Alþb. hefur, eins og kunnugt er, beitt sér og beitir sér enn gegn verðbólgunni, og það leggur áherzlu á stöðvun hennar. En jafnákveðið berst það á móti kjaraskerðingu láglaunafólks. Með frv. er ekki stefnt að lausn verðbólguvandans, heldur einblínt á kjaraskerðinguna, og því er ekki að undra, þótt við Alþb.-menn séum óánægðir með það.

Vinstri stjórnin lagði á sínum tíma áherzlu á það í starfi sínu, að framleiðslan í landinu væri aukin, vöruútflutningurinn aukinn og þar með fengnar auknar gjaldeyristekjur. Það er farsæl leið út úr ógöngunum, en tekur að sjálfsögðu sinn tíma. Fjárfestingarmálin þarf að taka til rækilegrar endurskoðunar hið allra fyrsta. Úr heildarfjárfestingu þarf að draga, og fjármagninu verður að beina betur en gert er nú að þeim framkvæmdum, sem mestum hagnaði skila í þjóðarbúið. En ef byrðar skulu lagðar á einhverja, þá skulu þeir bera, sem breiðust hafa bökin, en ekki lagðar eingöngu á láglaunafólkið, sem rétt hefur til hnífs og skeiðar.

Annars er ég ekki trúaður á þennan gamla söng um fórnir. Ráðherrar íhaldsins kyrjuðu hann oft í útvarpinu hér fyrr á árum. Það var þá hjáróma söngur, og svo mun enn vera. Fjárhagsafkoma þjóðarinnar var með ágætum á síðasta ári. Eyðslan er að vísu mikil, en úr henni má draga með skynsamlegri fjárfestingu án þess að rýra kjör hins vinnandi manns. Þegar efnahagsráðstafanir eru gerðar, þýðir ekki að leita til fræðimanna um leiðir, fræði segja ekkert til um þær. Það eru stjórnmálamennirnir, sem gera þær ráðstafanir og

ákveða, hverjir skuli byrðarnar bera. Ráði íhaldsmenn í þessu þjóðfélagi, verða þær lagðar á almenning einvörðungu, en ráði þeir ekki, verður þeim dreift á þjóðina, eftir því sem bökin eru til að bera þær.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér inn í þær umr., sem fram hafa farið í þessari hv. d., en kveð mér hljóðs til þess eins að skýra hv. dm. frá nokkrum upplýsingum, sem máli skipta í sambandi við staðhæfingar, sem hafa verið endurteknar hér í þessari hv. d., en voru margsagðar í hv. Nd. við umr. þar, um þá kjaraskerðingu, sem muni leiða af þessu frv. Eins og áður hefur komið fram í umr. af hálfu formælenda frv., eru allar þær upplýsingar, sem komið hafa fram í ræðum af hálfu fulltrúa Alþb. um svo og svo mikla kjaraskerðingu vegna þessa frv., byggðar á þeirri blekkingu, byggðar á þeirri röngu forsendu, að hægt hefði verið að halda verðlaginu eins og það var 1. des. s. l. óbreyttu þrátt fyrir þá 9.2% hækkun á kaupi, sem varð þann dag. Það, sem einmitt hefði siglt í kjölfar þeirrar kauphækkunar og annarra, sem á undan voru gengnar, ef ekki hefðu verið gerðar sérstakar ráðstafanir, sem sumpart hafa verið gerðar, er mjög veruleg verðhækkun, sem hefði étið upp þessa kauphækkun að mestu og þegar til lengdar lét að öllu leyti. Það, sem undirstrikað er, er kauphækkunin og allt talin kjaraskerðing frá henni, en gleymt eða þagað um þær verðhækkanir, sem óhjákvæmilega hefðu siglt og mundu sigla í kjölfar þessara kauphækkana, ef ekki væru aðrar ráðstafanir gerðar. Það, sem ég vildi nú skýra frá, eru nokkur dæmi um þær verðhækkanir, sem hefðu orðið, ef haldið yrði áfram að miða kaupgjald við vísitöluna 202, eins og hún hefur verið síðan 1. des., m. ö. o. nefna nokkur dæmi um verðlag, sem hefði siglt eða mundi sigla í kjölfar kaupsins eða kaupgreiðsluvísitölunnar 202, og skal ég nefna hér fyrst helztu innlendu landbúnaðarvörurnar.

Verð á kindakjöti hefði við næstu haustverðlagningu orðið kr. 32.57, en er nú kr. 23.40. Verð á kindakjöti mundi m. ö. o. verða kr. 9.17 hærra en það er nú. Verð á nýmjólk í flöskum mundi verða kr. 4.70, en er kr. 3.40 nú, mjólkurlítrinn mundi hækka um kr. 1.30, ef kaupgjaldið ætti að vera áfram samkv. vísitölu 202. Mjólkurbússmjör gegn miðum yrði kr. 63.85, en er nú kr. 46.60 eða mundi hækka um kr. 17.25. Kartöflur mundu fara upp í kr. 2.36, en eru nú kr. 1.45, mundu hækka um 91 eyri kg.

Þessi gífurlega hækkun á landbúnaðarvörunum frá því, sem nú er, hefði orðið afleiðing þess, ef kaupgjaldið væri látið standa óbreytt, og þá má geta nærri, hvort það er sanngjörn eða rétt reikningsaðferð að kalla allt það kjaraskerðingu, sem kaup lækkar um frá því, sem hefur verið síðan 1. des.

Ég skal nefna örfá önnur dæmi af öðrum sviðum. Franskbrauð hefði hækkað um 18 aura, rúgbrauð hefði hækkað um 15 aura, mansjettskyrta hefði hækkað um kr. 5.85, kuldaúlpa um kr. 18.44, og vinnufatnaður hefði hækkað svo sem hér segir: buxur um kr. 4.03, jakki um kr. 4.77, samfestingur um kr. 6.26.

Ég læt þessi dæmi nægja til þess að skýra eða undirstrika það, sem ég tel tvímælalaust vera rangt í þeim staðhæfingum, sem fram komu fyrst í hv. Nd. og hafa verið endurteknar hér í hv. Ed. um þá kjaraskerðingu, sem af frv. muni hljótast.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það er gott að vita mikið. Það er gott að vita, hvert meðalkaup verkamanna í Reykjavík hefur verið 1958. Ráðh. veit það, að það á að leggjast til grundvallar kaupi bænda nú og þeir að fá sama kaup og er hjá Dagsbrúnarmanni í Reykjavík.

Menn eru ekki búnir að telja fram enn þá fyrir árið 1958. Það er verið að skila framtölunum núna, og það er ekki byrjað að taka úrtakið, sem kaup bóndans á að miðast við.

En ráðh. veit, hvað það muni verða, og getur reiknað það. Það er gott að vera svona fróður. En er ekki varasamt að gera ágizkanir að fullyrðingum?

ATKVGR.

Brtt. 220 felld með 9:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: BjörnJ, FRV, AG.

nei: EggÞ, FS, FÞ, GTh, JJós, JK, PZ, SB, SÓÓ.

HermJ, KK, SE, BjörgJ, BSt greiddu ekki atkv.

2 þm. gerðu svo hljóðandi grein fyrir atkv. sínu:

Eggert Þorsteinsson: Ég tel, að till. sú, sem hér er greitt atkvæði um, sé ekki tekin upp á réttum vettvangi, auk þess sem ég skírskota til míns fyrri fyrirvara við brtt. við 2. umr., og segi nei.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég hef mikið dálæti á kvenfólki og vil margt fyrir það gera. Þess vegna vil ég líka fylgja þeim eina kvenfulltrúa, sem er á Alþingi, og segi nei.

Frv. samþ. með 8:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: JJós, JK, SB, EggÞ, FS, FÞ, GTh, SÓÓ.

nei: AG, BjörnJ, FRV.

KK, PZ, SE, BjörgJ, HermJ, BSt greiddu ekki atkv.

1. þm. gerði svo hljóðandi grein fyrir atkv. sínu:

Hermann Jónasson: Herra forseti. Þar sem ég tel heildarstefnu núverandi stjórnarflokka í efnahagsmálum þannig, að svo miklu leyti sem hún er kunn orðin, að ég vil enga ábyrgð á henni bera, og frv. þetta er ekki þannig úr garði gert, að það tryggi jafnrétti stétta, mun ég ekki greiða atkv. með því. En þar eð meginatriði frv. er þó að gera tilraun til að færa

til baka þær hækkanir, sem andstæðingar fyrrv. ríkisstj. knúðu fram á s. l. sumri, mun ég ekki bregða fæti fyrir frv. og greiði því ekki atkv. Þessi er afstaða okkar framsóknarmanna hér í hv. deild.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 221).

12. Samkomudagur reglulegs Alþingis 1959.

Á 69. fundi í Nd., 2. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um samkomulag reglulegs Alþingis 1959 [95. mál] (stjfrv., A. 222).

Á 70. fundi í Nd., 3. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það hefur verið venja undanfarin ár, að samkomudegi reglulegs Alþingis, sem samkv. lögum er 15. febr., væri frestað fram í byrjun októbermánaðar, m. a. vegna þess, að þingstörfum ársins á undan hefur venjulega ekki verið lokið um það leyti, sem Alþingi hefur að reglulegum og eðlilegum hætti átt að koma saman. Það er fyrirsjáanlegt, að einnig í þetta sinn verður störfum Alþingis 1958 ekki lokið fyrir 15. febrúar n. k., og hefur því þetta frv. verið flutt. Frv. er með alveg sama hætti og önnur tilsvarandi frv. á undanförnum árum, að öðru leyti en því, að samkomudagurinn fyrir Alþingi 1959 er settur í síðasta lagi 12. okt., sem er mánudagur, vegna þess, að 10. okt., sem verið hefur samkomudagur Alþingis undanfarin ár, fellur á laugardag. Að öðru leyti er hér um enga breyt. að ræða frá því, sem verið hefur á undanförnum árum.

Ég leyfi mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., 5. febr., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., 6. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 65. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 66. fundi í Ed., 9. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Undanfarin allmörg ár hefur Alþingi ekki hafið störf sín á þeim tíma, sem fyrir er mælt í lögum, þ. e. a. s. 15. febr., heldur hefur samkomudeginum verið frestað til haustsins og þá þangað til í kringum 10. okt. venjulega. Þingstörfum hefur þá venjulega ekki verið hægt að ljúka fyrir reglulegan samkomudag, og þá hefur í mörgum tilfellum eða flestum eða öllum, að ég ætla, verið frestað til næsta hausts að láta Alþingi koma saman. Þetta er augsýnilega einnig tilfellið nú. Það liggur ljóst fyrir nú, að Alþingi muni ekki hafa lokið sínum nauðsynlegustu störfum, svo sem afgreiðslu fjárlaga, fyrir 15. febr., og verður því að veita frest til þess að láta það koma saman síðar.

Þetta frv. gerir ráð fyrir, að reglulegt Alþingi 1959 skuli koma saman í síðasta lagi 12. okt. n. k., hafi forseti Íslands ekki tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu. 12. okt. er valinn í þetta skipti í staðinn fyrir 10. okt. oft áður, vegna þess að 10. okt. ber upp á laugardag og því talið heppilegra að miða við 12. í stað 10.

Um þetta er ekkert sérstakt annað að segja. Þetta er nákvæmlega sami hátturinn og áður hefur verið hafður á, og leyfi ég mér að leggja til, að þetta frv. verði samþykkt. Frv. hefur verið afgr. í Nd. og var þar afgr. nefndarlaust, svo að ég geri ekki tillögu um neina nefnd í þessari hv. deild heldur.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 10. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., 12. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 251).

13. Kosningar til Alþingis.

Á 85. fundi í Nd., 3. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis [123. mál] (stjfrv., A. 298).

Á 86. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Í núgildandi lögum um kosningar til Alþingis er svo ákveðið, að gildistími kjörskráa fyrir alþingiskosningar sé frá 15. júní til jafnlengdar næsta ár og réttur manna til að vera á kjörskránni m. a. miðaður við búsetu í febrúarmánuði það ár. Þessi tilhögun var talin eðlileg, á meðan manntöl voru tekin af prestunum eða síðar af mönnum, sem bæjarstjórnirnar settu til þess um hver áramót, og meðan ekki var um að ræða neina samræmingu manntalsskráningar á milli sveitarfélaga. En þetta hefur breytzt mjög, eftir að þjóðskráin kom til sögunnar.

Nú er samin íbúðaskrá, sem er miðuð við 1. des., og skattskrár, iðgjaldaskrár Tryggingastofnunar ríkisins, sóknargjaldaskrár og fjöldamargar aðrar eru miðaðar við þennan tíma. Það er þess vegna talið eðlilegt, að einnig kjörskrárnar til Alþingis verði við þessa dagsetningu miðaðar, og þá er líka hægt að færa fram gildistímann um hálfan annan mánuð, eins og gert er ráð fyrir í frv., frá 15. júní, sem nú gildir, til 1. maí, þannig að gildistími kjörskrárinnar verði, eins og lagt er til í þessu frv., frá 1. maí til 30. apríl næsta ár á eftir, í stað þess, eins og nú er, að vera frá 15. júní til jafnlengdar næsta ár á eftir.

Þá er einnig lagt til í þessum brtt., að fellt sé niður það ákvæði, sem nú er í 14. gr. kosningalaganna, að samin skuli sérstök kjörskrá fyrir hverja kjördeild, heldur aðeins ein fyrir kjördæmið í heild, sem svo sé notuð í heild, þótt aðeins sé um hluta kjördæmisins að ræða. Þetta er fyrst og fremst gert til þess að spara vinnu, bæði hagstofunni og öðrum, því að samning kjörskrárinnar á þennan hátt, miðað við 1. des., þegar íbúaskráin er samin, er talin vera miklu auðveldari en ef haldið yrði áfram að miða við febrúarmánuð og rekja þá allar þær breyt., sem orðið hafa frá þeirri íbúaskrá, sem gerð var 1. des., og til febrúarmánaðar. Í öðru lagi verður það að teljast ávinningur, að gildistími kjörskrárinnar sé færður fram, eins og frv. gerir ráð fyrir, um hálfan annan mánuð, ef kosningar falla á þann tíma, því að ef kosningar falla nú á tímabilið fyrir 15. júní, þá verður að notast við kjörskrá, sem byggð er á manntali, sem er nálega hálfs annars árs gamalt, og tilflutningar á því tímabili sjálfsagt miklir.

Frv. er í aðalatriðum samið af hagstofustjóra, og þetta eru aðalbreytingarnar eða nánast þær einu, sem í því felast. Það kom til greina líka við samningu frv., hvort ekki væri ástæða til að fella úr gildi það ákvæði, sem nú er í kosningalögunum um, að kjörskrár til Alþingis skuli samdar, hvort sem um kosningar á því ári er að ræða eða ekki, en að athuguðu máli var horfið frá að fella þetta ákvæði úr gildi, og er það því óbreytt frá því, sem verið hefur.

Ég tel svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um málið, það er ofur einfalt, og leyfi mér að leggja til, að að umr. lokinni verði málinu vísað til hv. allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 298, n. 305).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Gunnlaugur Þórðarson): Herra forseti. N. hefur rætt frv. og er öll sammála um að mæla með því óbreyttu. Þegar við 1. umr. var gerð grein fyrir frv., og tel ég því ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um það, en legg til, að því verði hraðað gegnum deildina og vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Á 89. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 80. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 81. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Efni þessa frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 frá 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis, sem komið er frá Nd., er í fáum orðum það, að kjörskrár til alþingiskosninga skuli samdar í febrúarmánuði ár hvert og gilda frá 1. maí til jafnlengdar næsta ár og þær skuli miðast við íbúaskrár 1. des., þannig að þar sé maður á kjörskrá talinn, er hann átti heima hinn 1. des. næst á undan. Í gildandi lögum eru kjörskrár miðaðar við heimilisfesti í febrúarmánuði. Þetta ákvæði þykir óheppilegt, sökum þess að íbúaskrár eru nú gerðar upp miðað við 1. des. ár hvert, en

nokkrir flutningar á heimilisfangi eiga sér stað að sjálfsögðu á tímabilinu frá 1. des. til febr., og þarf því að breyta kjörskrárstofnum, sem hagstofan lætur í té, til samræmis við þessa flutninga. Þetta veldur fyrirhöfn og óþægindum, og því er lagt til, að breyting verði á því gerð.

Þá er í frv. lagt til, að gildistími kjörskránna sé 1. maí til jafnlengdar næsta ár á eftir í stað 15. júní, sem miðað er við í gildandi lögum. Og að lokum felst í frv. sú breyting, að fellt er niður ákvæði um, að sérstök kjörskrá skuli samin fyrir hverja kjördeild. Lagt er til, að sú tilhögun verði niður felld af hagkvæmnisástæðum, og er gerð nánari grein fyrir því í grg., sem fylgir frv., og vísa ég til þess, sem þar segir um það efni.

Þessi þrjú atriði, sem ráðgert er að breyta með frv., eru hin sömu og breytt var á s. l. ári í lögum um sveitarstjórnarkosningar, að því undanskildu einungis, að ekki er að svo stöddu lagt til, að kjörskrár til alþingiskosninga skuli því aðeins samdar, að kosningar eigi að fara fram á því ári.

Hagstofustjóri hefur samið frv., og það er flutt eftir hans tilmælum, en á honum sem forstöðumanni þjóðskrárinnar hvílir mestur þungi um gerð kjörskránna.

Ég legg til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Eftir þeim sólarmerkjum, sem uppi eru og má gera ráð fyrir að verði, þá er gert ráð fyrir því, að það muni þurfa að kjósa tvisvar sinnum á þessu ári. Þessi breyting á kjörskránni, sem hér liggur fyrir, kemur þess vegna til með að gilda við væntanlegar fyrri kosningar, ef stjórnarskrárbreyting verður gerð. Fyrir kosningarnar þar á eftir verður aftur að breyta þessum lögum í ákaflega mörgum atriðum, því að eins og kosningalögin eru núna til Alþingis, er ómögulegt að kjósa eftir þeim, eftir að komin eru ný kjördæmi o. s. frv., það þarf þess vegna aftur að breyta þeim í sumar.

Ég er ekki á móti þessum breytingum út af fyrir sig nema einni þeirra, sem ég vil biðja n. að athuga og alveg sérstaklega að athuga með tilliti til þess, að þessi breyting, sem hér er gerð, kemur ekki til með að verka nema fyrir eitt einasta þing, því að það verður aftur að breyta þeim fyrir haustkosningarnar. Og það, sem ég þá vil biðja nefndina að athuga, er tímabilið, þegar kjörskráin á að öðlast gildi, 1. maí. Það gæti bent til þess, — ég segi: það gæti bent til þess, að ríkisstj., sem leggur þetta mál fyrir, hefði hugsað sér, að fyrri kosningarnar yrðu í maí. Það getur líka verið í frv. komið í sambandi við það, að hagstofustjóri hafi sett það og ríkisstj. ekki hugsað um það neitt, — hagstofustjórinn hafi sett það, af því að hann er þá búinn með kjörskrárnar og getur lagt þær fram þá, hvað hann ekki gat, meðan hann miðaði við heimilisfesti í febrúar. Ef það er ekki meiningin, að þetta ákvæði sé sett inn með tilliti til þess, að hægt sé að kjósa í maí í vor, þá hef ég ekkert við það að athuga. En í maí er yfirleitt ekki hægt að kjósa á Íslandi. Annars vegar eru sjómenn fyrri partinn í maí að koma heim, og um það bil, sem þeir eru komnir heim og komnir til sinna heimila, um það bil byrjar sauðburður og menn eiga ekki heimangengt aftur fyrr en í júní, svo að ef það er meiningin, ef þetta er sett inn af ríkisstj. og það er meining hennar að setja það inn, til þess að það sé hægt að kjósa í maí í vor, þá er ég á móti því og vil alls ekki samþykkja það þannig lagað. En ef það aftur er sett inn af hagstofustjóra, af því að hann hefur séð, að hann þá geti verið búinn að gera skrárnar og ganga frá þeim, þá er mér svo sem alveg sama, ef ég veit, að ríkisstj. ætlar ekki að beita því og nota sér það, að þá eru komnar nýjar kjörskrár og þess vegna hægt að kjósa í maí. En í maí er ekki hægt að kjósa, aldrei, hér á landi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 298, n. 313).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. N. hefur athugað þetta frv. og er sammála um að leggja til, að það sé samþykkt óbreytt. Ég tók það fram við 1. umr., að ég hefði dálítinn ugg með tilliti til þess, að hin nýja væntanlega kjörskrá verði látin gilda 1. maí. En ég hef talað við ráðh. og hef fullvissað mig um, að þessi lagabreyt., sem verður ekki í gildi nema stuttan tíma, þangað til hún er felld inn í kosningalögin í heild, því að öll þarf þau að endurskoða fyrir væntanlegar kosningar í haust, verði ekki notuð til þess, að það verði látið kjósa í maí í vor. N. mælir þess vegna samhljóða með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 318).

14. Ríkisreikningurinn 1956.

Á 73. fundi í Ed., 23. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1956 [115. mál] (stjfrv., A. 274).

Á 74. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Utanr.- og fjmrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta er samið samkvæmt ríkisreikningnum fyrir árið 1956. Sé ég ekki ástæðu til að ræða málið sérstaklega við þessa 1. umr., enda hefur það ekki verið venja, þegar ríkisreikningurinn hefur komið til 1. umr., og læt ég nægja að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 3. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 274, n. 291).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Fjhn. hefur athugað þetta frv. Sú athugun hefur einkum verið í því fólgin að bera töluliði þess saman við ríkisreikninginn árið 1956, og ber frumvarpinu saman við ríkisreikninginn hvað það snertir.

Það mun hafa verið venja frá upphafi til þessa dags, að athugun nefndar í þinginu um ríkisreikninginn er aðallega í þessum samanburði fólgin. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa gert ýmsar athugasemdir við ríkisreikninginn að venju. Eru það 40 athugasemdir, sem þeir hafa allir til samans gert, og einn yfirskoðunarmaðurinn, Jón Pálmason, hv. þm. A-Húnv., hefur þar að auki gert 25 sérathugasemdir eða viðbótarathugasemdir við ríkisreikninginn. Þessum athugasemdum yfirskoðunarmannanna hefur verið svarað af ráðuneytinu, og eftir þau svör hafa yfirskoðunarmenn gert að venju tillögur til úrskurðar. Flestar eru till. þeirra, að athugasemdin sé til athugunar framvegis, til eftirbreytni framvegis. Þó er tveimur athugasemdum vísað til Alþingis af þeim, sem yfirskoðunarmennirnir gera allir í sameiningu. En hinar sérstöku athugasemdir frá Jóni Pálmasyni eru svipaðar, það ber meira á till. eins og „verður við svo búið að standa“ eða „til eftirbreytni“, „upplýst með svarinu“ o. s. frv., og „til viðvörunar framvegis,“ en 14. athugasemd sinni vill hann vísa til aðgerða Alþingis.

Nú hefur það verið þannig, þó að slíkar till. yfirskoðunarmanna hafi verið gerðar, að þessu og þessu máli sé vísað til aðgerða Alþingis, þá hefur verið við það látið sitja undir meðferð þessa máls og aldrei gert neitt í slíku annað en það, að það hafa stundum farið fram umræður um hin einstöku atriði. Ég sé enga ástæðu til að hefja neinar umr. um athugasemdirnar, en ég læt þá skoðun í ljós, sem ég hef áður gert á undanförnum þingum og öll fjhn. þessarar hv. deildar gerði fyrir nokkrum árum og var sammála um þá, að ég tel það ekki fullnægjandi, að yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna vísi máli til aðgerða Alþingis án þess að gera nokkra till. um það, hvað Alþingi á í málinu að gera, og tel, að það ætti að taka það upp, að yfirskoðunarmenn gerðu ákveðnar till. um allar sínar athugasemdir að fengnum svörum, að við svo búið mætti standa, þetta væri til viðvörunar eða til eftirbreytni, og í staðinn fyrir að vísa óákveðið athugasemd til aðgerða Alþingis, þá gerðu þeir till. um það, hvað Alþingi ætti að gera út af því.

Það er einróma till. fjhn., að frv. verði samþ. óbreytt og þar með ríkisreikningurinn.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 5. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 86. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 90. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 109. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 110. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 274, n. 380).

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Eins og venja er til, var frv. um samþykkt á ríkisreikningnum vísað til fjhn. til athugunar. Og n. hefur borið frv. saman við ríkisreikninginn og komizt að raun um, að upphæðir þær, sem þar eru tilfærðar, eru í samræmi við það, sem á reikningnum stendur.

Nokkrar athugasemdir frá yfirskoðunarmönnum reikninganna fylgja honum eins og venjulega. Þessar athugasemdir eru í tvennu lagi að þessu sinni. Það eru fyrst athugasemdir frá öllum þremur yfirskoðunarmönnunum sameiginlega, en síðan nokkrar viðbótarathugasemdir frá einum yfirskoðunarmanninum, Jóni

Pálmasyni. Ráðh. hefur svarað athugasemdunum og síðan hafa yfirskoðunarmenn samkv. venju gert till. til Alþ. út af athugasemdunum.

Ég mun ekki fara að ræða um þessar athugasemdir yfirleitt eða svör við þeim, en vil aðeins geta um tvær athugasemdir, sem yfirskoðunarmenn vísa til aðgerða Alþ.

Fyrst eru þá 25. og 26. aths., sem allir yfirskoðunarmenn sameiginlega hafa gert. Sú aths. snertir Tryggingastofnun ríkisins. Bent er á það, að í árslok 1956 hafi stofnunin átt útistandandi rösklega 45 millj. kr., og yfirskoðunarmenn óska eftir sundurliðaðri skýrslu um þessar upphæðir, hvað hin einstöku sveitar- og bæjarfélög skulda og frá hvaða árum skuldirnar eru. Auk þess eru óinnheimtir vextir 2.4 millj. rúmlega, og spurt er um hvað líði innheimtu skuldanna.

26. aths. er þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Reikningum Tryggingastofnunar ríkisins fylgir engin endurskoðunarskýrsla, sem er þó nauðsynlegt, þar sem hér er um að ræða margbrotna starfsemi og stórfelld viðskipti" — og svo er spurt: Hvað líður endurskoðun reikninga hjá stofnuninni? — Út af þessari aths. er birt svar frá fjmrn., sem hafði sent félmrn. aths. til umsagnar og félmrn. aftur sent grg. frá forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins út af aths. Er þar birt nokkuð nákvæm sundurliðun um skuldirnar samkv. efnahagsreikningi. Þar er t. d. skýrsla um það, hvernig standa reikningar umboðs- og innheimtumanna í árslok 1956, enn fremur yfirlit um skuldir og inneignir sjúkrasamlaga. Þessar skýrslur eru á bls. 247—252 í ríkisreikningnum, sem alþm. hafa fengið. Út af þessu segja svo yfirskoðunarmenn í till. sínum, með leyfi forseta: „Upplýst er með svarinu, hvernig varið er með útistandandi skuldir stofnunarinnar og hjá hverjum þær eru. Margt bendir til, að ekki verði unnt til langframa að innheimta allt það fé, er stofnuninni er ætlað. Það virðist því óhjákvæmilegt, að þessi mál verði rækilega tekin til athugunar og ráðin bót á þeim, og málinu er vísað til Alþ."

Ég geri ekki ráð fyrir því, að neinn hv. þdm. ætlist til þess af fjhn., að hún geri tillögur um þetta mál, þó að því sé vísað til Alþ., því að það er yfirgripsmeira en svo, að það sé hægt að ætlast til þess, að n. geti gert um það ákveðnar tillögur. Vitanlega er það ískyggilegt, ef það er þannig, eins og yfirskoðunarmenn telja, að ekki verði unnt til langframa að innheimta allt það fé, er stofnuninni er ætlað, og gæti verið þörf á því, að ríkisstj. eða Alþ. léti fram fara einhverja athugun á því, hvernig hér yrði bót á ráðin.

Þá ætla ég að víkja að 14. aths., viðbótaraths. Jóns Pálmasonar, en henni er einnig vísað til aðgerða Alþ. Sú aths. er um kostnað við kennslumál. Segir þar, að kostnaður við kennslumál hafi á árinu 1956 orðið 101.9 millj. eða um það bil 18½ millj. umfram fjárlög, og síðan nefndir nokkrir liðir á þeirri grein fjárlaganna, sem hafa farið allmjög fram úr áætlun. Samkvæmt svari rn. hefur það sent menntmrn. aths. til umsagnar og menntmrn. svarað með því að senda bréf frá ýmsum aðilum, sem hafa með þessi mál að gera, og bréf þeirra eru birt hér á bls. 259—263. Eru þar skýrslur ýmsar um kostnaðinn við kennslumálin og ýmsa þætti þeirra. En um þetta segir síðan yfirskoðunarmaðurinn: „Svo sem um getur í aths., hækkaði kostnaðurinn við kennslumál á árinu 1956 um 29 millj. rúmlega frá því, sem var árið 1955. Í svörum við aths. eru margvíslegar afsakanir og grg. um orsakir og margt af því eðlilegt, eins og til var stofnað. En að slík hækkun eigi sér stað á einni fjárlagagrein á einu ári, er svo alvarlegt mál, að nauðsyn ber til að koma í veg fyrir, að slíkt endurtaki sig, og helzt að lækka þennan kostnað verulega. Er því vandamáli vísað til Alþ."

Um þetta vil ég svo segja eins og um hina aths. Vitanlega hefur fjhn. ekki tök á því að gera rökstuddar till. um þetta frekar en um hitt atriðið. En ég vildi aðeins benda hér á þessar tvær aths., sem vísað er til aðgerða Alþ., ef þingið vildi eða hæstv. ríkisstj. taka þetta til athugunar milli þinga, hvað gera mætti til þess að ráða bót á því, sem hér er talið athugavert og þyrfti að taka til sérstakrar athugunar.

Eins og ég sagði, ætla ég ekki að gera fleiri aths. að umtalsefni, enda hafa menn þetta prentað hér í ríkisreikningnum ásamt svörum og till. endurskoðunarmanna. Fjhn. hefur skilað áliti sínu á þskj. 380 og mælir með, að frv. verði samþykkt. Einn nm., hv. 3. þm. Reykv. (EOl), var fjarverandi, er málið var afgr. í n., en tveir nm., hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) og hv. 9. landsk. þm. (ÓB), hafa skrifað undir álitið með fyrirvara.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég hef litið þannig á, að samþykkt hv. Alþingis á ríkisreikningnum geti í rauninni ekki verið annað en formsatriði, og sá því ekki ástæðu til annars sem nm. í hv. fjhn. en leggja til, að reikningurinn yrði samþykktur. En með fyrirvara mínum vildi ég þó áskilja mér rétt til þess að ræða einstaka liði reikningsins og gera aths. við hann. Auk þess sem það er þannig, að fjhn. hefur mjög takmarkaða aðstöðu til þess að kryfja ríkisreikninginn til mergjar og gera sér fulla hugmynd um réttmæti þeirra aths., sem fram koma við reikninginn, þá er þess ekki að vænta, að hún geti annað en lagt til, að hann verði samþykktur, en a. m. k. hvað mig snertir felst ekki í því nein viðurkenning á því, að öll þau útgjöld ætti að inna af höndum, sem ríkisreikningurinn er yfirlit yfir.

Það er nú aðallega einn liður í ríkisreikningnum, sem ég ætlaði hér stuttlega að gera að umtalsefni, en það er skrá sú yfir nefndakostnað, sem birt er á bls. 118 og 119 í ríkisreikningnum. Þar er þó engan veginn um að ræða allar þær launuðu nefndir, sem starfað hafa á vegum ríkisins, heldur aðeins þær n., sem starfað hafa á vegum ríkisins og koma undir 19. gr. fjárl. eða óviss útgjöld.

Það hefur mikið verið talað um nefndafarganið, eins og það er orðað, og ekki er vafi á því, að meiri kostnaður er lagður í þessi

nefndastörf en verjandi er með tilliti til þess starfs, sem innt er af hendi. Hins vegar má ekki loka augunum fyrir því, að nefndarskipanir geta auðvitað verið mjög nauðsynlegar til þess að athuga einstök mál, og er þannig með ýmsar þær nefndir, sem eru hér á 19. gr. fjárlaganna. Sumar starfa og samkvæmt sérstökum lögum. Og ég tel ekki nokkurn vafa á því, að margar þær nefndir, sem hér eru taldar, hafi unnið nytsamt starf. Ég teldi þó æskilegt, og það er aðalástæðan til þess, að ég hef staðið hér upp, að hv. Alþ. yrði gefinn kostur á því í ríkari mæli en nú, eins og frá ríkisreikningnum er gengið, að fylgjast með starfi þessara n. og gera sér grein fyrir því, hvaða starf hefur raunverulega verið unnið á vegum þeirra.

Kostnaðurinn við þessar n. á 19. gr. fjárlaganna nemur um það bil 1.3 millj. kr. Það má e. t. v. segja, að hér sé ekki um gífurlega háa fjárhæð að ræða, miðað við niðurstöður ríkisreikningsins í heild. En bæði er þetta út af fyrir sig álitleg fjárhæð, sem ýmislegt mætti gera fyrir, auk þess sem hér er ekki um að ræða nema hluta af nefndakostnaði ríkisins í heild, þannig að full ástæða er til þess, að grein sé fyrir því gerð, hvers konar störf er þarna um að ræða. Það mundi líka eyða tortryggni í garð þessara n. og fjárveitinga til þeirra, ef meiri möguleikar væru á því að fylgjast með störfum nefndanna og átta sig á því, í hverju þau raunverulega hafa verið fólgin.

Sá háttur hefur verið tekinn upp, og tel ég það vel farið, að undanfarin ár hefur með fjárlagafrv. verið lögð fram sérstök starfsskrá, eins og það er kallað, en það er yfirlit yfir launagreiðslur til þeirra, sem gegna störfum í þágu hins opinbera. Ég teldi mjög æskilegt í framtíðinni, að á svipaðan hátt fylgdu með ríkisreikningnum einhverjar upplýsingar um störf þeirra n., sem launaðar hafa verið, t. d. það, hvort n. hafi skilað áliti, hve margir fundir hafa verið haldnir í nefndinni o. s. frv., þannig að hægt væri að gera sér hugmynd um það, hvaða störf þarna eru unnin.

Það má ekki taka þau orð, sem ég hef mælt hér, þannig, að ég sé að fullyrða það, að þau störf, sem þessar n., sem hér eru taldar, og aðrar n., sem starfað hafa á vegum ríkisins, hafa unnið, hafi yfirleitt verið ónytsamleg störf. Sjálfsagt hafa margar af þessum n. innt gott verk af hendi, auk þess sem sumar þeirra, eins og ég áður sagði, starfa samkvæmt sérstökum lögum. En það mundi verða til þess að eyða tortryggni í þessum efnum, ef nánari skýrsla væri birt um störf þeirra heldur en hér er gert.

Að einstökum n. og kostnaði við þær ætla ég ekki að víkja, en á því má þó vekja athygli, að ein n. er það hér, sem ber langsamlega hæst allra n. hvað kostnað við nefndarstörfin snertir, en það er efnahagsmálanefnd, eins og hún er kölluð. Kostnaður við þessa efnahagsmálanefnd hefur numið 200000.00 kr. á þeim fimm mánuðum, sem hæstv. fyrrv. ríkisstj. sat að völdum. Hér mun vera um að ræða kostnað við hina margumtöluðu allsherjarúttekt á þjóðarbúinu. Og hvað sem öðru líður, þá verður hæstv. fyrrv. ríkisstj. ekki ásökuð fyrir það að hafa ekki a. m. k. lagt verulegt fé fram til þessara hluta þá fáu mánuði af þessu ári, sem hún sat að völdum.

Nú skal ég síður en svo átelja það, þó að lagt sé í kostnað við að safna upplýsingum um efnahagsmál þjóðarinnar og undirbúa till. í því efni. Slíka starfsemi þyrfti að mínu áliti bæði að auka og skipuleggja betur en nú er gert. Það er nú einu sinni þannig, að vígorðin, sem einna mest ber á, þegar efnahagsmálin eru rædd í stjórnmálaumr., leysa út af fyrir sig ekki nokkurn vanda, og er það sama, hvaða vígorð það eru, sem þar eru nefnd. Það þýðir t. d. ekki að tala um það, að það þurfi að skipuleggja, eins og það er orðað, og taka upp áætlunarbúskap. Það þarf að vita, hvað á að skipuleggja og hvernig, hvað á að gera áætlanir um og á hvern hátt. Og svo að ég verði nú ekki sakaður um einhliða málflutning, þá skal ég ekki staðnæmast við það eitt að nefna vígorð, sem aðallega er beitt af sósíalistum og þeim, sem líkar skoðanir hafa, heldur víkja einnig að þeim, sem ég sjálfur nota kannske meira en æskilegt er og mínir samherjar. Það leysir út af fyrir sig heldur auðvitað ekki neinn vanda, þó að talað sé um það, að það þurfi að auka frelsi og efla framtak. Aðalatriðið er það, hvaða ákveðnar ráðstafanir þyrfti að gera til þess að auka frelsi og efla framtak. M. ö. o.: það eru ekki slagorðin, sem leysa efnahagsvandamálin, heldur till. um ákveðnar aðgerðir í ákveðnum málum. En til þess að slíkar till. verði gerðar, þurfa að vera fyrir hendi upplýsingar um ákveðnar staðreyndir í þjóðarbúskapnum og till. að byggjast á slíkum upplýsingum.

Það ber því síður en svo að lasta, að ráðstafanir skuli hafa verið gerðar af hæstv. fyrrv. ríkisstj. til þess að afla þessara upplýsinga, sem hugsaðar voru sem grundvöllur fyrir till., sem gerðar yrðu í þessum efnum. En það er önnur hlið á þessu máli. Sjálfsagt hafa þeir, sem í þessari efnahagsmálanefnd hafa starfað, unnið eitthvert verk og sennilega ekki tekið fyrir það hærri laun en gerist við slík nefndarstörf. Um það skal ég ekki fullyrða á einn veg eða annan. En gallinn er bara sá, að mér vitanlega hefur ekkert af þeim upplýsingum, sem þessi ágæta n. hefur safnað, komið fyrir almenningssjónir. Það er ekki fyrir hendi nein nánari skýrsla um það, hvaða tiltekin störf það eru, sem hér er um að ræða, sem borguð hafa verið fyrir 200 þús. kr. á þessum fáu mánuðum. E. t. v. er það kostnaður við störf hinna erlendu sérfræðinga, sem hingað voru fengnir. Það verður þá væntanlega upplýst, ef svo er. En annars var víst allmikill fjöldi manna, sem að þessari skýrslugerð vann, og mun greiðslan til hinna erlendu sérfræðinga vera lítill hluti af þeim kostnaði, sem hér er um að ræða, enda nær þessi reikningur ekki nema yfir fyrstu fimm mánuðina af valdatímabili vinstri stjórnarinnar svokölluðu. Það væri mjög æskilegt að mínu áliti, ef einhver

fyrrv. ráðh., sem þessum málum er kunnugur, vildi upplýsa nánar um þetta, hvers konar störf hér hefur verið um að ræða, hvort þær upplýsingar, sem þessi n. hefur safnað, eru til í því formi, að aðgangur sé að þeim, o. s. frv.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég þykist nú sjá, að það muni fara á svipaða leið um afgreiðslu þessa ríkisreiknings hér á hv. Alþingi eins og verið hefur á undanförnum árum, sem sé á þá leið, að það verði engar ráðstafanir gerðar í sambandi við afgreiðslu reikningsins til leiðréttingar eða úrbóta á þeim málum, sem reikningurinn fjallar um og yfirskoðunarmenn hafa gert athugasemdir við. Þetta má að vissu leyti telja talsverða vorkunn, þó að svo fari, og ég býst við því, að það verði svo enn. Og vorkunnin liggur í því, að á hverju Alþingi, þegar við höfum hér ríkisreikning til meðferðar, þá blasir við annað verra en reikningurinn fjallar um. Það hefur verið svo a. m. k. síðasta áratuginn eða frá 1950 og jafnvel miklu lengur, að við höfum hér á Alþingi alltaf séð frá ári til árs miklu hærri fjárlög en næstu fjárlög áður og miklu hærri ríkisreikning og meiri eyðslu en var á næsta ári á undan. Og svo er einnig varðandi þann ríkisreikning, sem hér er, að þó að hann sé svartasta plagg þessarar tegundar, sem Alþingi hefur haft til meðferðar, að ég hygg frá fyrstu tíð, þá er þó áreiðanlega von á öðru verra eftir þau áhrif eða eftir það atferli, sem hefur átt sér stað í fjármálastjórn landsins þau tvö ár, sem síðan eru liðin.

Ég skal nú ekki fara langt út í það að ræða þennan reikning og ekki mikið um einstök atriði. Ég geri ráð fyrir, að hv. alþm. hafi lesið athugasemdir okkar yfirskoðunarmannanna og svörin við þeim o. s. frv. En ég ætla að víkja þó að fáeinum atriðum í sambandi við reikninginn í heild, og er þá fyrst þess að geta, að á árinu 1956 hafa rekstrargjöld ríkisins orðið 141 millj. kr. hærri en þau urðu á árinu 1955, og þótti þó flestum vera nokkuð langt komið á því ári. En þar með er sagan ekki öll sögð. Það hefur að vísu orðið heldur minni hækkun eða ekki nema 135 millj. á útgjöldunum samkvæmt sjóðsyfirliti reikningsins á þessu ári, en sagan er þarna engan veginn öll sögð, því að snemma á árinu 1956 var tekið út úr ríkisgjöldunum það, sem áður hefur verið þar, það sem varðar dýrtíðarráðstafanir og annað slíkt, og stofnaður um það sérstakur sjóður, sem þá hét framleiðslusjóður, og samkvæmt þeirri áætlun, sem um hann var gerð, þá var hækkunin þar hvorki meira né minna en 137 millj., svo að það má segja, að á árinu 1956 hafi útgjaldahækkunin verið hvorki meira né minna en 262 millj. frá því, sem var á árinu 1955, og verð ég að segja, að það muni vera stærsta stökk upp á við, sem nokkurn tíma hefur verið tekið í útgjöldum okkar ríkis, enda þótt fjáraukalögin séu ekki nema 113 millj. samkvæmt því, sem segir í því frv., sem hér liggur fyrir og er eðlilega réttur útdráttur úr ríkisreikningnum.

Nú er það svo, að flestar eða nálega allar athugasemdir okkar yfirskoðunarmannanna, bæði þær, sem sameiginlegar eru, og þær, sem ég bætti við, sem stafaði nokkuð af því, að ég veiktist, áður en við gengum frá athugasemdunum, og ég áskildi mér rétt til að taka meira til athugunar, sem við vorum ekki búnir að ganga frá, þegar ég lagðist, þó að það væri ekki nema nokkra daga, sem ég var forfallaður, — en meginhlutinn af okkar athugasemdum er í tvennum skilningi. Í fyrsta lagi er bent á þær gífurlegu umframgreiðslur, sem orðið hafa frá ákvörðun fjárlaga þess árs, og í öðru lagi sýnt fram á tölulega það, sem er sívaxandi í starfsemi ríkisins og stofnunum þess, sem er óinnheimtar skuldir í árslok og er eitt gleggsta merki um óreiðu í fjármálastjórn, hvar sem það kemur fyrir. Og þó að það sé kannske stærsta málið á þessu sviði, sem hv. frsm. fjhn., Skúli Guðmundsson, vék að og snýr að Tryggingastofnun ríkisins, sem á útistandandi í lok þessa árs óinnheimtar tekjur og lausaskuldir, hvorki meira né minna en 45 millj. kr., þá er svo að segja hvar sem drepið er niður hendi hjá stofnunum ríkisins og starfsgreinum, að það er sívaxandi eða hefur verið fram að árslokum 1956, og sjálfsagt hefur það ekki batnað síðan, að útistandandi óinnheimtar tekjur eru hingað og þangað og í milljónatali.

Nú skal ég út af þessu varðandi Tryggingastofnunina segja það, að þetta er náttúrlega hrein vandræðaútkoma, að það eru mörg sveitarfélög, sjúkrasamlög og hinir og þessir, sem eiga ógreiddar háar upphæðir. Aðrir hafa staðið í skilum og verða að gera það, þeir sem eru færir til þess. En mér virðist, að að því er snertir þessa stofnun, þá gefi þetta hugmynd um það, að starfsemin á þessu sviði sé komin að því leyti úr böndunum, að það sé búið að ákveða það há útgjöld til þessarar stofnunar, að landsfólkið sé ekki fært um að greiða þær upphæðir, sem krafið er um.

Varðandi hitt atriðið, sem hv. frsm. fjhn. vék að og alveg réttilega varðandi það, að kostnaður við menntamál hækkaði á þessu eina ári um nærri 29 millj. kr. frá því, sem var árið áður, mikið af því stafar náttúrlega af breyttum launalögum, en með svona áframhaldi eins og er á því sviði, þá ætti það að vera nokkurn veginn augljóst fyrir hv. alþm., að þessi sívaxandi kostnaður, svo að skiptir milljónatugum, við þessa starfsemi getur ekki haldið áfram í það endalausa, ef okkur á ekki að reka alveg í strand, og svo er um margt fleira.

Nú er það svo, að vegna þess að við vitum, að þrátt fyrir öll þessi útgjöld, bæði nauðsynleg og ónauðsynleg, að því er ég tel, sem eru á þessum ríkisreikningi, þá vitum við það allir hér á Alþingi, að útgjöldin hafa hækkað stórlega, frá því að þessi reikningur er gerður upp, og það, sem eru gleggstu sannanirnar um það framferði, sem átt hefur sér stað á fjármálasviðinu, er það, sem ég hef nokkrum sinnum áður nefnt, að frá því í desemberbyrjun 1956 og fram að því, sem fyrrv. ríkisstj. hætti störfum, þá munu hafa verið hækkaðir tollar og skattar á þjóðinni frá því, sem áður var,

um nálega 1200 millj. kr. og samtímis tekin lán erlendis á 7. hundrað millj. kr. Það er þess vegna í sjálfu sér ekki kannske svo undarlegt, þó að hv. fjhn. eða aðrir alþm., — og raunar get ég sagt það fyrir sjálfan mig líka, — hiki við það að fara að gera stórar ráðstafanir í sambandi við tveggja ára gamlan reikning, þegar vitað er, hvernig stjórnarfarið hefur verið síðan. Og þannig hefur þetta raunar oftar gengið, þó að það hafi aldrei verið í jafnstórum stíl og á þessum síðustu þremur árum.

Eitt er það, sem ég vil sérstaklega víkja að í þessu sambandi, og það er athugasemd, sem við gerðum og mun vera 38. athugasemdin. Hún fjallar um það, að við yfirskoðunarmenn finnum að því, að það skuli ekki fylgja ríkisreikningnum reikningur útflutningssjóðs. Útflutningssjóður var stofnaður undir árslokin 1956 upp úr framleiðslusjóði, og það er komið svo, að þessi útflutningssjóður er til muna stærri stofnun eða honum eru ætlaðar meiri tekjur og meiri útgjöld en sjálfum ríkissjóðnum. Og það vita náttúrlega allir, að þetta er ríkisstofnun, þessi sjóður, því að það er ekkert annað en að það er tekinn hluti af þeirri starfsemi, sem ríkið hefur áður haft, og settur undir útflutningssjóð. Þess vegna tel ég það alveg skilyrðislaust, og um það vorum við sammála, yfirskoðunarmenn, að reikningar þessa sjóðs eiga auðvitað að fylgja ríkisreikningi á hverjum tíma, því að annars er mjög örðugt að sjá, hvernig hagurinn er í þessum stóru fjármálastofnunum. Svarið, sem við fengum frá fjmrn., var á þá leið, að það væri talið svo, að þetta væri ríkissjóði óviðkomandi, og það er mjög undarlegt svar og engan veginn á það fallizt af okkur yfirskoðunarmönnum, svo að við leggjum til, að þetta sé til athugunar framvegis, og vitanlega er það eitt af þeim mörgu framkvæmdaratriðum, sem kemur til athugunar hjá hverri ríkisstj., hvort sem það er ný stjórn eða sú, sem áður hefur verið.

Annars vil ég benda á það í þessu sambandi, eins og hv. þm. geta séð, ef þeir lesa athugasemdirnar og svörin, að það eru ákaflega fá af þessum svörum, sem beinlínis eru frá fjmrn., heldur er því hingað og þangað vísað til forstjóra ríkisstofnananna og starfsgreinanna, og svo koma frá þeim skýringar og afsakanir og bollaleggingar um það, hvers vegna hafi þurft að eyða þessu og hinu svona miklu, og sumir skrifa um þetta langar ritgerðir. Út af þessu er í sjálfu sér kannske ekki mikið hægt að segja. En það er eitt meginatriði þó, sem ég hef áður lagt áherzlu á í sambandi við ríkisreikninga og meðferð fjármála og hér kemur greinilega fram í öllum þessum svörum, að það er eins og enginn þessara manna láti sér detta í hug, að þeir þurfi neitt að taka tillit til þess, hvernig fjárlögin voru, sem þeir áttu að starfa eftir, þeim sé heimilt að gera þetta og hitt, sem þeir telja nauðsynlegt, ráða nýja starfsmenn og stofna til margvíslegrar eyðslu, enda þótt þetta sé ekki á fjárlögum. Ég hef alltaf litið svo á, og sú skoðun er algerlega óbreytt, að þessum mönnum sé skylt, bæði ríkisstjórninni og þeim, sem með ríkisstarfræksluna fara, að fara eftir fjárlögum, að svo miklu leyti sem það er mögulegt og ekki er búið að lögbinda í öðrum lögum að eyða meira en fjárlögin segja til um. Sums staðar má kannske með nokkrum rétti segja, að útkoman sýni það, að fjárlögin hafi verið illa undirbúin. En það er þá út af fyrir sig það afbrigði, sem fjmrh. og fjvn. á hverjum tíma á nokkuð mikla sök á, og eitt atriði stórt í sambandi við þennan reikning er þar nokkuð greinilegt, og það er varðandi launalögin nýju, sem voru samþykkt í desembermánuði 1955, en fjárlögin voru ekki afgreidd fyrr en í byrjun febr. 1956, og hefði þess vegna eðlilega átt að taka inn hækkanirnar. En það er tekin inn nokkur upphæð, 23.5 millj. kr., vegna hækkunar launalaganna, en það mun engan veginn hafa hrokkið til fyrir þeirri hækkun, sem þau höfðu í för með sér.

Að öðru leyti skal ég ekki, nema tilefni gefist til, fjölyrða um þetta. Ég geri ráð fyrir því og tel það eðlilegt, að reikningurinn verði samþykktur, eins og venjulegt er, því að það er svo langt um liðið, að það er ekki hægt annað, og þess vegna kannske þýðingarlítið að vera að þræta mikið um það, sem svo langt er um liðið, vegna þess, eins og ég sagði áðan, að annað verra blasir við í hugum manna. En ég vildi nú samt segja þessi fáu orð til skýringar á þeirri afstöðu, sem við yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna höfum alltaf fyrir augunum árlega í sambandi við þessi stóru mál.

Eysteinn Jónsson: Það eru aðeins örfá orð í tilefni af því, sem hv. þm. A-Húnv. sagði, einn af endurskoðendum landsreikninganna.

Það er ekki ofsögum sagt af því, að það er mikil orrusta háð sífellt til þess að reyna að koma í veg fyrir umframgreiðslur, og það veltur á ýmsu í því tilliti, og kemur þar margt til. bæði þetta, að undanfarna áratugi hefur verðbólgan vaxið nokkuð ár frá ári, og sú þróun hefur haft það í för með sér, að áætlanir fjárl. hafa ekki getað staðizt. Af þessu hafa stafað sífelldar umframgreiðslur og óánægja með þær, eins og eðlilegt er. Og það er rétt að taka það fram, að þessi þróun hefur gert nokkru torveldara að fylgjast með því, hverjar væru raunverulegar umframgreiðslur ríkisins, því ef dæma á, hvað raunverulega hafi verið greitt umfram beinar fjárveitingar, þá þarf helzt að reyna að finna út, hvað þessi þróun verðbólgunnar hefur hækkað útgjöldin, og draga það frá. Þetta hefur torveldað mjög, að hægt væri að fá rétta heildarsýn yfir þetta efni.

Nú hef ég haldið því fram við hv. þm. A-Húnv. áður, að hann væri mjög hlutdrægur í sínu starfi sem endurskoðari, og við kljáðumst nokkuð um það hér, — ég man nú ekki, hvenær það var síðast, hann talaði þá mjög um eyðslu og sukk í ríkisrekstrinum, — og eggjaði ég hann þá lögeggjan að sýna fram á það, í hverju þetta sukk og þessi óeðlilega eyðsla væri fólgin. Geri ég ráð fyrir því, að ástæðuna til þess, að hv. þm. skilar núna, að því er ég held í fyrsta skipti, sérstökum athuga-

semdum umfram það, sem hinir yfirskoðunarmennirnir gera, muni kannske vera að rekja til þessarar lögeggjunar, sem ég kom fram með á hendur hv. þm. að sýna fram á það í sundurliðuðu máli, hvað hann ætti við með þessum hörðu dómum, sem hann hafði komið fram með oftar en einu sinni.

Í annan stað hef ég bent á það áður og vil benda á það enn, að það er mjög áberandi hjá hv. þm., að hann hefur hagað athugasemdum sínum undanfarin ár mjög mikið eftir því, hverjir hafa verið við völdin, og skal ég færa fyrir því nokkrar sannanir.

Á árunum 1940—49 voru umframgreiðslur gífurlega miklar, þannig að umframgreiðslur eru nú, þótt þær séu verulegar, m. a. af þessari verðbólguþróun, sem ég var að lýsa, bara smámunir einir samanborið við það, sem var á þessum árum. En á þessum árum voru sjálfstæðismenn fjármálaráðherrar. Á þessum árum voru umframgreiðslur að meðaltali á rekstrarreikningi ríkisins 55%, — 55%, sem rekstrarreikningurinn var hærri en fjárlögin. Nú skyldi maður halda, að hv. þm. A-Húnv. hafi gengið berserksgang til þess að benda á þessa þróun og honum hefði ekki verið neitt lítið niðri fyrir, samanborið við það, sem verið hefur undanfarið, þegar þessi ósköp voru að ske. En ég hef skoðað þetta, og ég hef séð, að hann hefur ásamt félögum sínum gert nokkrar mjög dauflegar aths. um umframgreiðslur við reikningana 1941 og 1942, en úr því sé ég ekki, að það hafi yfir höfuð verið gerðar aths. við þessar gífurlegu umframgreiðslur, nema þá máske að finna mætti smávægilegar aths. við einstaka liði.

Þetta var nú þá. En 1956, — og það er reikningurinn, sem nú er verið að ræða um, — voru umframgreiðslur talsverðar. En þær voru lægri tiltölulega það ár, eða 9.6%, heldur en þær höfðu verið í 30 ár að undanskildum þremur árum. Þegar 3 ár eru undanskilin, þá voru þær hinar lægstu, sem þær hafa verið í 30 ár. Þær urðu lægri tiltölulega 1938, 1950 og 1952. En þá tekur hv. þm. A-Húnv. sig til og gerir aths. svo að segja við hverja einustu grein landsreikningsins og bendir á, að það séu svona og svona miklar umframgreiðslur á þessari grein, og vill fá skýringar á því. Ég er ekki að deila á hv. þm. fyrir að gera þetta, því að ég álít, að þetta hafi ekki verið neitt óeðlilegt, að yfirskoðendur vilji fá skýrslur um það, hvernig á umframgreiðslunum stendur. En ég er bara að sýna með þessu, hvað hv. þm. gerir sér mikinn mannamun í þessu sambandi og hvað hann viðhefur ólík vinnubrögð eftir því, hverjir fara með þessi mál.

Og ég vil líka benda á, að þessar séraths. hv. þm. A-Húnv. sýna það, að hann vinnur ekki þetta verk í raun og veru með það fyrir augum að fá neina niðurstöðu eða fá neina heildarmynd af hverri grein fyrir sig, heldur gerir hann það sýnilega aðeins til þess að flagga með því, að svona og svona miklar umframgreiðslur hafi verið á þessari og hinni greininni. Og ég skal færa glögg rök fyrir þessu.

Svo er nefnilega mál með vexti, að á fjárlögunum fyrir 1956 er sérstakur póstur á 19. gr., það eru áætlaðar hækkanir vegna nýrra launalaga, og nokkur póstur vegna áætlaðrar hækkunar vegna launauppbótar og vegna vísitöluuppbótar, og í landsreikningnum dreifast vitanlega þessar fjárhæðir inn í svo að segja alla liði fjárl., það er því alveg augljóst mál, að það hlýtur að koma fram umframgreiðsla á hverjum einasta lið, þar sem um laun er að ræða eða greiðslur, sem vísitala hefur áhrif á. Nú skyldi maður halda, og ef hv. þm. A-Húnv. hefði viljað vinna þarna verk, sem átti að koma að nokkru gagni, þá hefði hann kynnt sér við endurskoðunina, hvað mikið af umframgreiðslunni á hverri grein eða hverjum lið stafaði af þessu og gat því ekki talizt undir venjulegar umframgreiðslur, og séð þannig, hvað mikið var þá raunverulega umframeyðsla. Því aðeins gátu þessar aths. um umframgreiðslur haft nokkra þýðingu eða nokkurt gildi, að svona væri farið að, því að hv. þm. gat ekki séð, hvað var raunveruleg umframeyðsla í réttri merkingu þess orðs nema með því að viðhafa þessi vinnubrögð. Og hann gat auðvitað mjög auðveldlega fengið þessar upplýsingar, jafnóðum og endurskoðuninni vatt fram, bara með því að krefjast þeirra frá stofnuninni og gera síðan aths. á grundvelli þeirra. Með þessu einu móti gat hann líka sjálfur séð, hvað var ástæða til þess að gera aths. um og hvað ekki. En í stað þessa fer hann þannig að, að hann tekur heildarniðurstöðuna á hverjum lið og segir: Umframgreiðslur eru svona miklar, — og gerir aths. við það. Niðurstaðan verður svo sú, að nær allir forstöðumenn starfsgreina láta gera skýrslur um þennan mismun, sem þarna kemur fram, en þær skýrslur hefði endurskoðandinn vitaskuld átt að láta gera fyrir sig, meðan hann var að vinna, til þess að hann gæti svo gert efnislegar aths. við frammistöðuna í hverri grein. En það gerði hv. þm. ekki, því að hann hefur auðsýnilega langað svo mikið til þess að geta slengt því fram, að það væri svona og svona mikil umframgreiðsla á þessum eða hinum liðnum. Á þessu sjáum við, að það er engin alúð lögð við þessa vinnu og þarna er ekki verið að reyna að vinna neitt verk, sem komi að nokkru gagni, heldur aðeins verið að reyna að finna ástæðu fyrir því að koma fram með slettur í þessu sambandi.

Þessi vinnubrögð ganga svo fram af ýmsum ágætum forráðamönnum starfsgreina og ríkisstofnana, að þeir sjá ástæðu til þess að láta orð um það falla í þeim skýrslum, sem af þeim er krafizt. Ég vil t. d. segja frá einu slíku svari frá valinkunnum sæmdarmanni, sem stendur fyrir merkri stofnun. Það er frá skólameistaranum á Akureyri. Hann getur ekki orða bundizt um þetta, sem ekki er von. Hann fær eins og aðrir til umsagnar að gefa skýringar á því, að reikningsniðurstaða fyrir hans

skóla er hærri en fjárlögin. Og það er gerð aths. um það í einu lagi í stuttu máli. Með leyfi hæstv. forseta, segir skólameistari þannig í svari sínu:

„Sem svar við bréfi yðar, dags. 28. þ. m., þar sem óskað er svars við aths., sem yfirskoðunarmaður ríkisreikninga, Jón Pálmason alþingismaður, hefur gert við reikning menntaskólans á Akureyri fyrir árið 1956, leyfum vér oss að benda á, að í skýringum, sem fylgdu reikningi skólans á sínum tíma, er gerð grein fyrir greiðslum þeim, sem hér um ræðir.“ — Þarna kemur þá fram, að hv. þm. virðist alls ekki hafa kynnt sér þetta. — „Væntum vér, að hér nægi að endurtaka það eitt, að hækkun á útgjöldum skólans þetta ár stafar af breytingum á launalögum, sem koma til framkvæmda frá áramótum 1955—56. Í fjárveitingu til skólans á 14. gr. fjárl. var ekki tekið tillit til þessarar hækkunar, en á 19. gr. fjárlaga var veitt í einu lagi vegna nýrra launalaga, og átti menntaskólinn á Akureyri vitanlega sinn hluta af því.“ Svo kemur: „Virðist oss, að alþm. sjálfir hljóti að vita hér skil á, svo að óþarfi sé að orðlengja það fremur.“

Þetta er mjög hógvær aths., en hefur fulla meiningu. Og þannig er í öllum þessum svörum, að þá verður hver einasti forráðamaður starfsgreinar að gera grein fyrir því, að svona og svona mikill hluti af þessum mismun stafi af þessu, sem hv. þm. var auðvitað vel kunnugt um. Og ég vil líka t. d. lesa upphafið á svari frá póst- og símamálastjóra, þar sem hann segir:

„Umrædd hækkun, 4159686 kr., á gjöldum póstsins stafar ekki aðeins frá fjölgun póstferða samkv. þál., heldur jafnframt frá nýjum launalögum, nýrri reglugerð um launakjör á póstafgreiðslum, enn fremur af vísitöluhækkun, afnámi vísitöluskerðingar samkv. lögum“ — og síðan bætir hann við: „hærri aukavinnugreiðslu samkv. reglugerð og vegna breyttrar launaflokkunar, hækkuðu verðlagi innanlands og svo ekki síst frá auknu póstmagni.“

Ég held því fram, að ef það á að vera nokkurt minnsta gagn að vinnu endurskoðendanna sem gagnrýnandi endurskoðun og til að reyna að sýna fram á, að eitthvað hafi verið ófyrirsynju lagt í kostnað, þá sé ekki hægt að vinna svona, heldur verði þá endurskoðendurnir að heimta að fá svona lagaða sundurliðun í sínar hendur, á meðan þeir eru að vinna, og skoða svo mismuninn, það, sem þeir mættu þá telja raunverulegar umframgreiðslur. Úr þessu verður engin vinna, að þessu verður ekkert gagn annað en það að geta máske prentað einhvers staðar það, sem ég kalla slettur, það hafi verið svona og svona mikil umframgreiðsla á þessari eða hinni greininni, en allt slitið úr réttu samhengi, eins og þessar upplýsingar, sem ég hef gefið, sýna. Það gat ekki staðizt á fjárveiting og reikningur á nokkurri einustu grein, þegar Alþingi gekk þannig frá því að setja nærri 30 millj. kr. póst í 19. gr., þ. e. a. s. launin, sem áttu svo að skiptast inn í allar hinar greinarnar.

Það er svo víst rétt hjá hv. þm. A-Húnv., að það mun hafa reynzt of lágt áætlað, hvað launalögin kostuðu, en það var áætlað af embættismönnum, sem helzt áttu að hafa möguleika til að geta gert slíka áætlun rétta. Ég verð því að telja, að hv. þm. A-Húnv. hafi staðið sig mjög illa enn sem fyrr í þessu starfi, eða a. m. k. miðað við það markmið, sem hann hefur sett sér, og þær fullyrðingar, sem hann hefur haldið fram, því að í stað þess að vera með almennar vangaveltur og athugasemdir, sem raunar voru markleysa að verulegu leyti, þá hefði hann náttúrlega átt að koma fram með hnitmiðaðar athugasemdir við einstök atriði eftir að hafa lagt einhverja vinnu í að setja sig inn í þetta, en ekki bara skoða niðurstöðutöluna á hverri grein fjárl. og bera hana saman við niðurstöðutölu hverrar greinar landsreikningsins. Þetta er engin vinna, og satt að segja skil ég ekki, hvernig á því stendur, að hv. þm. skuli ekki hafa dregið af sér slenið og lagt vinnu í þetta.

Hv. þm. sagði, að það væri nokkur ljóður á svörum, að það væri kannske tæpast hægt að segja, að um væri að ræða svör fjmrh. við athugasemdunum. Það vita allir, sem til þekkja í þessum efnum, að þegar gera á grein fyrir útgjöldum í starfsgreinum, sem heyra undir önnur ráðuneyti, þá er aldrei viðhöfð önnur aðferð en sú, að hlutaðeigandi ráðuneyti verður að svara til, þ. e. a. s. það ráðuneyti, sem ber ábyrgð á rekstri þeirrar stofnunar. Það er ekki fjmrn., sem ber ábyrgð á framkvæmd hinna ráðuneytanna, t. d. menntmrn., dómsmrn. o. s. frv. Þau bera ábyrgð á því og þeim stofnunum, sem undir þau heyra, og þess vegna hefur aldrei verið hægt að halda öðruvísi á því, og það hefur aldrei komið til mála, að það væri gert öðruvísi en að þessi ráðuneyti verða að gefa fjmrn. skýringu á því, sem þau hafa gert, og þær upplýsingar eru svo notaðar að sjálfsögðu, þegar endurskoðendum landsreikninganna er svarað. En þeir eiga aftur aðgang að fjmrn. beint eftir eðli málsins. Það er ekki hægt að finna neitt að þessu, enda man ég satt að segja ekki eftir því, að að þessu hafi verið fundið áður, þó að þetta vinnulag hafi tíðkazt áratugum saman.

Ég vil svona til dæmis í þessu til að sýna, að það er ekki hægt að vinna þetta á aðra lund, taka aths. hv. þm. um barnafræðsluna fyrir árið 1956. Hv. þm. segir, að barnafræðslan hafi kostað 32 millj. og 200 þús. og það séu 8 millj. og 100 þús. umfram fjárlög, þ. e. a. s. hann tekur mismuninn eins og áður á fjárlagaliðnum og landsreikningsliðnum. — Menntmrn. lét trúnaðarmenn sína að sjálfsögðu gera grein fyrir þessu eftir kröfu frá fjmrn. Og vegna þess að það gefur nokkra hugmynd um, hvernig unnið er að þessum málum, þá langar mig — með leyfi hæstv. forseta — að greina frá svarinu eða skýrslunni, sem trúnaðarmaður menntmrn. gerði um þetta og ráðuneyti menntamála gerir að sínu svari til fjmrn. og fjmrn. sendir að sjálfsögðu endurskoðendunum. Um þetta segir í þessari skýrslu:

„Það skal tekið fram, að í sumum atriðum

eru svörin ekki nákvæm, til þess þyrfti að fara í frumgögn, svo sem hverja einstaka launaskrá. En hér skakkar þó ekki verulega. Hækkanir á þessum þremur liðum frá því, sem er í fjárlögum 1956 og fram kemur í ríkisreikningum, er að rekja til eftirfarandi:

1) Launalög, er tóku gildi 1. jan. 1956.
a) 10% grunnlaunahækkun.
b) Hækkun launa kennara við barnaskóla um einn launaflokk.
c) Aukaþóknun fyrir skólastjóra í tví- og þrískipuðum skólum.
d) Lækkun frádráttar í launum, ef skólinn starfar skemur en 9 mánuði.
e) Hækkun launa gagnfræðakennara um einn starfsmánuð.
f) Hækkun launa námsstjóra um einn launaflokk.
g) Tilsvarandi hækkun vísitölu á ofangreindar launahækkanir."

Þetta er það, sem gerðist með launalögunum. — Og síðan stendur: 2) Hækkanir vísitölu, þar sem vísitalan var 2.6 stigum hærri en gert var ráð fyrir. 3) Tveimur námsstjórum var bætt við á árinu 1956. Annar fékk greidd laun frá 1. marz, hinn frá 1. nóv. 4) Of lágt áætluð laun kennara, bæði í barnaskólum og gagnfræðaskólum, í fjárlögum 1956. 5) Reglugerð nr. 92/1956 — umsjónarkostnaður í heimavistarskólum. Síðan segir: „Hér fer á eftir sundurliðun þessara hækkana, eftir því sem næst verður komizt án þess að vinna þetta nákvæmar eftir frumgögnum, sem áður er vikið að."

Samkvæmt því, sem þarna er upplýst, stafar þessi mismunur af nýju launalögunum, vegna hækkunar á vísitölu, vegna þess að tveir nýir námsstjórar hafa verið settir, vegna þess að laun kennara í barnaskólum og gagnfræðaskólum hafa verið of lágt áætluð af menntmrn., — það er það rn., sem ber ábyrgð á þeirri launaáætlun, — og svo af nýrri reglugerð nr. 92/1956 varðandi umsjónarkostnað í heimavistarskólum. Þarna eru náttúrlega tvö atriði, sem mætti segja að hefðu ekki átt að eiga sér stað, að því er mér finnst, nema áður hefði verið búið að taka það inn í fjárlög, og það var fjölgun námsstjóranna og þessi nýja reglugerð nr. 92/1956. Það mætti segja, að ef ströng regla hefði verið í þessu, þá hefði ekki átt að gera þessar ráðstafanir, fyrr en búið væri að setja pósta um það á fjárlögin. En þar er ekki fjmrn. um að sakast, ef um sök er að ræða, því að það er ekki það, sem hefur sett þessa reglugerð eða fjölgað námsstjórum, heldur annað ráðuneyti. Og dæmið sýnir glöggt, að það er engin furða, þó að fleiri komi við sögu, þegar svarað er endurskoðendunum, heldur en fjmrn. eða fjmrh.

En ég veit náttúrlega mjög vel, af hverju hv. þm. A-Húnv. er að impra á þessu. Hann er að impra á þessu vegna þess, að hann langar svo mikið til þess, að það líti svo út, að allar umframgreiðslur síðustu 10 árin hljóti að vera Eysteini að kenna. Það virðist vera aðalatriðið hjá hv. þm. A-Húnv. En sannleikurinn er sá, að hér er um mjög flókið mál að ræða og æði margir, sem gera ráðstafanir, sem hafa áhrif á ríkisútgjöldin, og því er ekkert einkennilegt og ekki nema sjálfsagt, að þeir séu til kvaddir að standa reikningsskap fyrir sínu máli.

Sannleikurinn er sá, að þó að við höfum verið að kýta, ég og hv. þm. A-Húnv., vegna þess að hann hefur verið að reyna að kenna við mig margt af því, sem mér kemur ekkert við, þá höfum við að vissu leyti verið samherjar á undanförnum árum í því að finna að umframgreiðslum og ýmsum ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið af öðrum til þess að hækka ríkisútgjöld og landsreikning umfram það, sem fjárlög gerðu ráð fyrir. Og þetta, að við höfum af og til verið að kýta, það sýnist mér stafa aðallega af því, að hv. þm. A-Húnv. vill það endilega, og þá get ég ekki verið að skorast undan því. Ég hef heldur ekki geð í mér til þess að láta það fara þegjandi fram hjá mér, að hann er með sífelldar hnútur í minn garð algerlega að ófyrirsynju og um mál, sem ég ber ekki ábyrgð á. Hv. þm. hefur viljað hafa þetta svona, og ég er ekkert að kvarta yfir því í sjálfu sér.

Ég skal svo ekki vera að lengja þessa umræðu með því að fara lengra út í þetta mál, og ég lét þessar athugasemdir falla að gefnu tilefni. En ég vil aðeins að lokum benda á, að hv. þm. A-Húnv. sagðist álíta rétt, að reikningur fyrir útflutningssjóð fylgdi ríkisreikningnum, en að fjmrn. hafi ekki viljað fara inn á það eða ekki séð ástæðu til þess. Ég vil bara segja út af þessu, að ef hv. þm. telur það mikið atriði, að reikningur útflutningssjóðs fylgi ríkisreikningnum, þá vil ég benda honum á einfalda leið til þess að reyna að koma vilja sínum fram, og hún er sú að flytja brtt. við lögin um útflutningssjóð, það er núna einmitt frv. í þinginu til meðferðar um útflutningssjóð, þar sem berum orðum sé tekið fram, að reikningur útflutningssjóðs skuli birtur með ríkisreikningnum. Og af því að Sjálfstfl. hefur haft áhuga fyrir því undanfarið, að þessar útflutningsuppbætur og niðurgreiðslur og allt slíkt væri ekki aðeins birt í reikningi með ríkisreikningnum, heldur haft á fjárlögum, þá geri ég líka raunar ráð fyrir því, að annaðhvort við 2. eða 3. umr. fjárlaganna muni koma brtt. frá sjálfstæðismönnum, þar sem þeir geta nú ráðið mestu um afgreiðslu fjárlaganna, um það að bæta þessari súpu allri saman inn á fjárlögin, niðurgreiðslunum og útflutningsuppbótunum. Og mér sýnist það ekki ólíklegt, að þeir geti fengið þessu ráðið, eins og núna standa sakir, að bæta þessu inn á fjárlögin, svo að þessi heildarmynd komi fram, sem þeir fram að þessu hafa verið að tala um að vantaði. Og hitt, sem ég vil benda hv. þm. á, að berjast þá fyrir því, ef hann ekki fengi þetta fram, sem ólíklegt er að hann gæti ekki fengið, að hann flytti þá brtt. um það við útflutningssjóðslögin, að það væri skylt að birta reikninginn með ríkisreikningnum.

Hv. 9. landsk. þm. (ÓB) minntist nokkuð á nefndarstörf og nefndarkostnað, og ég vil taka undir það með honum, að ég teldi, að það

væri æskilegt, að einhvers staðar kæmu fram skýrslur um það, t. d. árlega, hvernig starf hverrar nefndar stendur. En ég geri mér ekki vel grein fyrir því alveg á stundinni, hvar eðlilegt væri, að slík skýrsla kæmi fram, eða hver ætti að krefjast hennar. Það er atriði, sem vert er að íhuga. En varðandi kostnaðinn við efnahagsmálarannsóknirnar get ég að sjálfsögðu ekki gefið sundurliðaðar upplýsingar hér á stundinni, enda verð ég að segja, að ef hv. þm. hefði haft verulegan áhuga fyrir því að vita, hvernig þessi kostnaður var, þá hefði honum verið í lófa lagið að fá upplýsingar um það, á meðan þetta mál var í hv. fjhn. Og fyrst hann ekki gerði það, þá virðist hann ekki hafa séð ástæðu til að leggja vinnu í að fá þessar upplýsingar, en þær getur hann að sjálfsögðu fengið hjá stjórnarráðinu. En ég dreg það ekkert í efa, að í þessu er allur kostnaður, eða mér þykir óhugsandi annað en að í þessu sé allur kostnaður, bæði kostnaður við störf innlendra manna og erlendra.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Hv. þm. A-Húnv., sem er einn af yfirskoðunarmönnum ríkisreikninga, sagði áðan, að útlit væri fyrir, að ekkert yrði gert til leiðréttingar eða úrbóta í tilefni af athugasemdunum, og skildist mér hann telja það miður farið. Ég er honum sammála um, að það væri æskilegt, ef hægt væri að gera hér einhverjar lagfæringar, sem til hagsbóta gætu orðið fyrir ríkissjóð, og mér kom í hug að vekja hér athygli á tveimur athugasemdum, sem hv. þm. A-Húnv. hefur gert sérstaklega við reikninginn, en þar sýnist mér einmitt vera um atriði að ræða, þar sem hann sjálfur hefði góða aðstöðu til að koma fram nokkrum lagfæringum.

Það er fyrst 4. athugasemd hans. Sú aths. snertir rekstur Tóbakseinkasölu ríkisins. Hann telur, að kostnaður þeirrar stofnunar hafi vaxið á árinu 1956. Og í lok aths. segir hv. þm.: „Afsláttur á tóbaksvörum til ýmissa valdamanna hefur orðið kr. 194280.80, og er það kr. 36030.16 hærra en árið áður. Hann getur þess nú ekkert, hverjir þessir ýmsu valdamenn séu, hvernig þetta skiptist á þá, en mikið hlýtur það tóbak að vera, þar sem afslátturinn á verðinu nemur svona mikilli upphæð.

Þá er hér önnur aths. hans um efni, sem er þessu skylt, og það er sú 24. Þar er talað um kostnað við gesti ríkisstjórnarinnar, en síðan segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Auk þess hefur nú sem fyrr vín og tóbak til þessara nota verið látið með innkaupsverði. Er auðsætt, að úttekt þeirra vara hefur aldrei verið eins mikil og árið 1956. Má til marks um það nefna, að stjórnarráð Íslands hefur á árinu tekið út vín með innkaupsverði fyrir kr. 78381.00. Á árinu 1955 tók þessi aðili út á sama hátt fyrir kr. 31660.00.“

Það er auðséð á þessari aths., að hv. þm. A-Húnv. er farið að blöskra, hvað ósparlega er farið með mjöðinn í stjórnarráðinu. Og ég er honum sammála um, að það sé óviðeigandi, þessi tóbaksnotkun og víndrykkja valdamanna ýmissa á kostnað ríkissjóðs. Ég er einn af þeim þm., sem hafa stundum á undanförnum árum reynt að koma fram hér á þingi nokkrum lagfæringum á þessu, en það mál hefur átt örðugt uppdráttar. Nú mun það vera svo, að meðal valdamanna, sem njóta þessara að ég vil telja óeðlilegu viðskiptakjara hjá ríkisverzlunum, eru forsetar Alþingis. Og ég tel það gott, að hv. þm. A-Húnv. hefur gert þessar aths. og bent á nauðsyn þess að taka hér upp nýja og betri siði. Það er nefnilega þannig, að hann er öðrum mönnum líklegri til áhrifa hér, ef hann beitir sér. Og ég vildi einmitt skora á hann að reyna nú þegar að hafa áhrif á hæstv. forseta sameinaðs Alþingis. Hann ætti að leiða honum fyrir sjónir, að það sé ekki sæmilegt af honum og öðrum valdamönnum að taka vörur úr verzlunum ríkisins og borga fyrir þær aðeins lítið brot af því verði, sem almenningur þarf að borga. Og hann veit það vel, að þetta styðst heldur ekki við nein lög. Og ég er nærri viss um, að ef hann beitir sér, þá getur hann fengið hæstv. forseta til að hætta þessu. Ef til vill er það svo, að þessi yfirskoðunarmaður ríkisreikninganna, hv. þm. A-Húnv., Jón Pálmason, sé eini maðurinn, sem örugglega getur haft áhrif á hæstv. forseta sameinaðs Alþingis, Jón Pálmason, og beint göngu hans hér inn á betri braut. Ef hann hættir nú þegar þessum óeðlilegu viðskiptum við þessar ríkisverzlanir, þá tel ég engan vafa á því, að aðrir forsetar á þingi muni fylgja fordæmi hans. Og trúað gæti ég, að þetta gæti haft góð áhrif á þá í stjórnarráðinu og fleiri valdamenn, ef einhverjir eru, sem njóta þessara óeðlilegu kjara hjá tóbaksverzlun og vínverzlun ríkisins. Ég lít svo á, að þannig eigi einmitt yfirskoðunarmenn ríkisreikninga að vinna. Það er ekki nóg að benda á það, sem laga þarf. Jafnframt þarf að beita sér eftir því, sem ástæður eru til og möguleikar til þess að koma fram leiðréttingum. Og ég vil skora á hv. þm. A-Húnv. að fresta því ekki að koma hér á síðabót.

Jón Pálmason: Herra forseti. Það skeði hér fyrir nokkrum dögum á Alþingi, að hv. síðasti ræðumaður hélt hér mikla ræðu um margvíslega hluti og sagði þar m. a.: Etum og drekkum og verum glaðir. — En mér skilst, að það eigi að fara nokkuð eftir því, hverjir það eru, sem njóta hlunnindanna í ríkisstarfseminni, sem þessi hv. þm. vill skora á að spara sér þau réttindi, sem almennt eru veitt í þessu efni. Hér á árunum, meðan ég var forseti sameinaðs þings, sem ég var um átta ára skeið, þá var það nálega á hverju þingi, að hv. þm. V-Húnv. flutti till. um það að afnema hin svokölluðu réttindi í víni og tóbaki og koma því nafni á með einhverjum sínum félögum að kalla þetta forsetabrennivín, og þó er vitað, að forsetar Alþingis eru þarna ekki nema smár aðili á móts við ríkisstj. og fleiri menn, sem hafa þessi réttindi. Eftir að ég hætti að vera forseti Alþingis, brá svo við, að hv. þm. V-Húnv. hætti alveg að flytja þessar tillögur

um afnám þessara réttinda og virtist una því vel, að hans flokksbræður og aðrir, sem hlut áttu að máli, fengju þar að njóta þess, sem verið hafði í reglum og gilt um langa tíð og lengi áður en ég kom nokkuð þar við mál. Ég tek það nú ósköp létt, þó að þessi hv. þm. taki nú upp þennan sið aftur og fari nú að koma með áskoranir og kannske tillögur um það, ef hann er hræddur um, að ég, hans nágranni, njóti einhvers góðs af þessum hlunnindum. En þær athugasemdir, sem ég gerði í sambandi við þetta, voru, eins og ég tók fram í úrskurðartill., aðeins gerðar til samanburðar, því að það hafði komið í ljós, að á árinu 1956 höfðu þessi réttindi verið notuð í miklu stærri stíl en nokkurn tíma áður hafði þekkzt.

Ég skal svo ekki fjölyrða meira um þessa skemmtilegu ræðu hv. þm. V-Húnv., en segja örfá orð út af því, er hæstv. fyrrv. fjmrh., Eysteinn Jónsson, sagði hér í sambandi við reikningana og athugasemdir og starf yfirskoðunarmanna. Hann virtist leggja á það mikla áherzlu að sýna fram á það, að ég væri í starfi mínu hlutdrægur í athugasemdum, einkanlega gagnvart honum og þeim, sem honum stæðu næstir. En þessi hv. þm. tók jafnframt fram, að þetta mundi vera í fyrsta sinn, sem rétt er, sem ég hefði skilað sérathugasemdum, og ég er nú búinn að vera yfirskoðunarmaður ríkisreikninga yfir 20 ár og með mér hafa alltaf starfað menn úr tveimur öðrum flokkum, ævinlega úr Framsfl., flokki hv. 1. þm. S-M., og ég held allan tímann einn sá maður í þeirra liði, sem er meðal þeirra gáfuðustu og óhlutdrægustu manna, sem er Jörundur Brynjólfsson, fyrrv. forseti Alþingis. Við höfum alltaf haft góða samvinnu í þessu efni, og það stenzt ekki að neinu leyti hjá hv. 1. þm. S-M., að það sé sýnileg hlutdrægni frá minni hálfu, sem er samkomulag þriggja manna, sem eru sinn úr hverjum stjórnmálaflokki, eins og verið hefur allan þennan tíma.

Þá var þessi hv. þm. með sína gömlu prósentureglu um það, að umframgreiðslurnar væru nú prósentvís eins háar og þær hefðu stundum áður verið. En ég hef nú sýnt fram á það raunar oft áður, að þetta fer ekki alveg eftir. Ég fer nú meira eftir tölunum sjálfum en hvað það er prósentvís hátt, því að á meðan ríkisgjöldin voru sérstaklega lág og ekki nema tiltölulega fáar milljónir hér áður, þá var kannske ekki óeðlilegt, þó að umframgreiðslurnar yrðu prósentvís hærri. Ef ég man rétt, þá voru öll ríkisútgjöldin, þegar 1. þm. S-M. tók fyrst við völdum sem fjmrh., áætluð milli 12 og 13 millj., en hann er á sínum langa ferli sem fjmrh. búinn að koma þeim nokkuð yfir tvo milljarða, þegar útflutningssjóðurinn er tekinn með, sem auðvitað eru líka útgjöld ríkisins. Þar af er ekki nema minni hlutinn að vísu á ríkisreikningnum sjálfum, því að eins og ég tók fram, þá er útflutningssjóðurinn orðinn stærri stofnun en sjálfur ríkissjóðurinn og það eru líka ríkisútgjöld. Þess vegna tel ég, að það beri að taka þau útgjöld eða þá reikninga einnig með.

Hv. þm. var að tala um það, sem stenzt alls ekki samkvæmt þessu, sem ég hef þegar sagt, að ég hafi hagað mér eftir því, hver hafi verið við völd. Hann getur þá alveg sagt hið sama um flokksbróður sinn, Jörund Brynjólfsson, að hann hafi hagað sér eftir því, hver hafi verið við völd, í sínum aths., og aðra þá, sem með mér hafa verið, t. d. Sigurjón heitinn Ólafsson og núverandi yfirskoðunarmann, Björn Jóhannesson, að þeir hafi hagað sér eftir því, hver hafi verið við völd. Þessi ásökun er því, eftir því sem ég bezt fæ séð, út í bláinn, nema ef vera skyldi um þær 25 aths., sem ég hef gert sérstaklega við þennan reikning. Við hann eru 40 aths. frá okkur yfirskoðunarmönnum sameiginlega, og mín hlutdrægni er þar a. m. k. ekki að neinu leyti öðruvísi en þeirra hinna, nema ef hv. 1. þm. S-M. gerir ráð fyrir því, að ég skrifi allar aths. og láti þá skrifa undir, en það held ég, að engum öðrum manni detti í hug um þá menn, sem þar eru með mér að starfi.

Það var náttúrlega eitt atriði í ræðu þessa hv. ræðumanns, sem hefur við mikið að styðjast og ég hafði nú eiginlega fyrir fram bent á og fallizt á, að það getur verið mikið álitamál, hvort við hefðum ekki átt, bæði ég í mínum sérathugasemdum og við allir saman, þegar við reiknuðum út umframgreiðslur á hverri grein, að draga það frá, sem var vegna hinna nýju launalaga. En við fórum nú ekkert í það verk, og það má segja, að það sé kannske hægt að ásaka okkur fyrir að hafa ekki dregið þetta frá. En það stendur nú nokkuð mikið eftir samt, því að það, sem áætlað var vegna nýrra launalaga, var 23½ millj., en umframgreiðslurnar samkvæmt reikningnum, þó að það sé búið að taka allt tillit til þessara 23 millj., eru 113 millj., og þó eru þessar 23½ millj. komnar inn í heildartölu reikningsins. Það er þess vegna býsna mikið, sem stendur eftir, og þarf ekki að eyða mörgum orðum um það. Ég skal ekki fara til sönnunar því, að hér er alls ekki um neina hlutdrægni að ræða, fara að nefna hér einstök atriði, því að ef ég ætti að fara út í að ræða allar okkar aths., sem eru 65 að tölu, og hvað hver og ein sýni, þá tæki það allt of langan tíma.

Þá var það eitt atriði, sem þessi hv. þm. vék að og hann hefur oft gert áður, og það var það, að fjmrn. bæri enga ábyrgð á útgjöldunum, sem væru ákveðin af öðrum ráðuneytum. Ja, starfsemin hefur kannske verið svo og er. En til þess er nú fjmrh. og fjmrn. að hafa eftirlit með því, að fjárl. sé fylgt, hvaða rn. önnur sem með það hafa að gera, og oft hef ég rekið mig á það, að það, sem hefur verið ákveðið og fengizt í gegn í hinum ýmsu öðrum ráðuneytum, hefur verið borið undir fjmrn. eða það hefur fylgt því sú krafa, að þetta yrði ekki samþ., nema því aðeins að það yrði samþ. af fjmrn., enda er það svo, að við vitum það allir, sem þekkjum, hvernig þessi starfsemi er, að fjmrn. og fjmrh. eru þeir einu aðilar, sem hafa aðstöðu til þess

að stöðva greiðslur og neita um að greiða útgjöld, sem ekki eru samkvæmt lögum eða standa í neinu sambandi við greiðslu fjárlaga.

Eins er það náttúrlega, að hver fjmrh. á eðlilega að hafa eitthvert eftirlit með því, hvernig farið er með fé í stofnunum ríkisins. En það sýnir sig, að það eftirlit hefur verið harla lítils virði, og það er eitt af þeim mörgu atriðum í okkar fjármálameðferð, sem þurfa að breytast og það í stórum stíl, ef við eigum að gera okkur vonir um, að eitthvað snúist til betri vegar í okkar fjármálastjórn frá þeim ósköpum, sem skeð hafa á undanförnum árum.

Eysteinn Jónsson: Ég geri ekki ráð fyrir því, að hv. þm. A-Húnv. (JPálm) þurfi að hafa eins og stendur neinar áhyggjur af fjármálastjórn ríkisins eða slíkum efnum, þannig að öllum áhyggjum geti verið af honum létt í því atriði. En það kemur sjálfsagt allt ljóst fram á sínum tíma.

En út af því, sem ég sagði um hlutdrægni hv. þm., þá vil ég taka það fram, að ég átti ekki við hlutdrægni í aths. á undanförnum árum, því að þær hafa, eins og hann hefur tekið fram, verið frá endurskoðendunum sameiginlega, heldur átti ég við þær ásakanir, sem hv. þm. hefur ævinlega í sambandi við meðferð landsreikningsins borið fram hér á hv. Alþingi og eru orðnar fastur liður nú síðustu áratugina í störfum Alþingis, þar sem hann hefur verið með ýmsar órökstuddar fullyrðingar um þessi efni, sem hann svo ekki hefur getað staðið við, þegar hann sem endurskoðandi hefur átt að gera það. Ég átti við þetta, en ekki við aths., sem eru sameiginlegar frá landsreikningsendurskoðendunum, eins og hann réttilega tók fram, að undanskildum aths. hans núna við landsreikninginn 1956, sem vitanlega hljóta að teljast til hlutdrægni frá þeim manni, sem hefur verið endurskoðandi landsreikninganna, þegar umframgreiðslur hafa verið miklu stórfelldari en þær voru 1956, án þess að hann gerði um það aths. sérstaklega, og eins þegar litið er á það, hvernig frá aths. er gengið, eins og ég ræddi áðan og skal ekki vera að endurtaka.

Hv. þm. gerir lítið úr prósentureikningi, og mér skilst, að hann telji hann villandi. En mér þykir nú furða, ef hv. þm. A-Húnv. vill í raun og veru halda því fram, að það sé hægt að bera saman krónutölur, eins og þær voru t. d. fyrir 10—15 árum, við krónutölur nú, þar sem gildi peninganna er allt annað og krónan ekkert sambærileg. T. d. að þúsund króna umframgreiðsla nú væri hliðstæð við þúsund króna umframgreiðslu fyrir 20 árum, það er auðvitað hrein fjarstæða, og það veit ég að hv. þm. sér, enda sé ég ekki betur en hv. þm. telji prósentureikning mjög vel nothæfan, t. d. þegar hann er að reikna út, hvað vínneyzla stjórnarráðsins hafi aukizt, því að þá notar hann einmitt prósentureikning við að sýna fram á það. Þá er hann vel nothæfur.

Þetta vildi ég aðeins benda á, að það er ekkert skakkt í því að bera saman tiltölulegar umframgreiðslur fyrr og síðar.

Hv. þm. A-Húnv. vill ekki almennilega sleppa því, að fjmrn. ráði öllu um útgjöld ríkissjóðs, en er þó nú farinn mjög að linast í þessu og orðinn hógvær. Ég vil benda hv. þm. á það og öðrum, að ráðherrar geta sett reglugerðir, sem hafa útgjöld í för með sér, alveg án samþykkis fjmrn., og þess eru dæmi, að slíkar reglugerðir hafa verið settar án samráðs við fjmrn., sem hafa haft í för með sér stórkostleg útgjöld.

Ég vil enn fremur benda á, að samkvæmt bæði venju og stjórnskipulega séð, þá geta aðrir ráðh. en fjmrh. skipað nefndir í einstök mál og krafizt þess, að þeim séu greidd laun fyrir, og þess eru mýmörg dæmi.

Ég vil einnig geta þess, að aðrir ráðh. og stofnanir geta ráðið starfsmenn alveg án samráðs við fjmrn. og hafa gert þráfaldlega og meira að segja gegn mótmælum þess, og fjmrn. getur ekki neitað að greiða þessum mönnum laun. Þeir eru löglega ráðnir, það þarf ekki samþykki fjmrn. til þess, að þeir séu löglega ráðnir og eigi lagakröfu á ríkið fyrir sínum launum.

Þetta höfum við þráfaldlega látið athuga í fjmrn., vegna þess að aðrir ráðh. hafa gert þetta gegn okkar vilja oftar en einu sinni, og við létum sérstaklega athuga þráfaldlega, hvort það væri hægt að stöðva þetta með neitun á launagreiðslum. Það var ekki hægt.

Þannig liggja þessi mál, að fjmrn. hefur ekki með höndum framkvæmd á allri útgjaldahlið fjárl., því fer svo alls fjarri.

Þar að auki er svo það að segja, að útgjaldaáætlun er að verulegu leyti líka á ábyrgð annarra. Ég vil t. d. taka það fram, að ár eftir ár hefur það komið fyrir, að áætlanir menntmrn. um kennaralaun hafa reynzt of lágar, sem þeir á vegum rn. hafa gert fyrir fram, þótt þeir hafi fullyrt, að launin mundu verða svona, og af því hafa stundum stafað milljóna umframgreiðslur, sem ég hef ekkert verið ánægðari yfir en hv. þm. A-Húnv. Eins og ég tók fram áðan, höfum við í fjmrn. haft í því mjög svipað sjónarmið og kom fram hjá hv. þm., að vilja hafa umframgreiðslur sem allra minnstar og halda mönnum til þess að vinna þannig að undirbúningi fjárl., að þær þyrftu ekki að verða.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að vera að þreyta þessar umr. Ég vildi aðeins sérstaklega gefa þessar skýringar á því, sem ég átti við, þegar ég deildi á hlutdrægnina.

Jón Pálmason: Herra forseti. Það skal vera örstutt. Það er svo sem ekki neitt nýtt um hv. 1. þm. S-M. (EystJ), þó að hann sé fljótur að snúa við snældu sinni og það með stuttu millibili, eins og hann gerir nú. Í fyrri ræðu sinni var hann búinn að tala um það hvað ofan í annað, að ég hefði verið hlutdrægur í mínu starfi eftir því, hver færi með völd, og hlutdrægur í aths., og það miðaðist við það, hverjir væru við völd. Nú tekur hann þetta í raun og veru allt aftur og segir, að hann

hafi átt við þær ræður, sem ég hafi haldið hér á Alþingi, og þær séraths., sem ég geri við þennan reikning. Ekki geta þær miðast við það, hver er við völd, því að það er bara hann einn, sem þar er um að ræða, og það hefði þá verið nær að segja, að þær væru ósanngjarnar í hans garð, ef hann vildi viðhafa þau orð.

Þessa aths. vildi ég aðeins gera, en annars hef ég mjög litla tilhneigingu til að halda áfram þrætum við hv. þm. út af þessum reikningi nú. Maðurinn er farinn frá starfi sem fjmrh., sem betur fer, og ég vona, að hann komi aldrei í það starf framar.

Eysteinn Jónsson: Það er eins og ég sagði áðan. Ég býst við því, að hv. þm. A-Húnv. (JPálm) geti verið áhyggjulaus um efnahagsmálin og fjármálin, og ann ég honum þess vel, eftir allar þær gífurlegu áhyggjur, sem hann hefur haft um þessi efni s. l. áratugi. Hann er sannarlega vel að því kominn að lifa áhyggjulausu lífi einhverja stund a. m. k. í þessu sambandi.

En ég vildi aðeins taka það fram enn þá einu sinni, að það, sem ég sagði um hlutdrægnina, var þetta: Að hv. þm. hefur í hvert skipti nú um langan tíma, sem landsreikningurinn hefur komið til meðferðar á Alþingi, sem endurskoðandi landsreikninganna flutt fram ásakanir í minn garð, sem hann hefur ekki getað staðið við. En aftur á móti, þegar aðrir menn fóru með störf fjmrh., þá þagði hv. þm. á Alþingi um þessi efni. Þetta kalla ég hlutdrægni og hlutdrægni í starfi, þegar hér á í hlut endurskoðandi landsreikninganna. Á hinn bóginn hefur hann ekki getað fengið félaga sína til þess að gera aths. við landsreikningana í ósamræmi við það, sem tíðkaðist áður. En hann hefur þá notað þessa aðferð í staðinn. Tekið sig til í sambandi við þennan reikning og gert sérstakar aths. við hann, sem eru hlutdrægar, þegar það er athugað, að þær koma frá honum, sem þagði við fimmfalt hærri umframgreiðslum tiltölulega, þegar hans eigin menn áttu í hlut.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 111. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 401).

---

15. Skattar og gjöld til sveitarsjóða.

Á 65. fundi í Ed., 6. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir sveitarstjórnir til þess að innheimta með álagi skatta og gjöld til sveitarsjóða, sem miðuð eru við fasteignamat [103. mál] (stjfrv., A. 240).

Á 66. fundi í Ed., 9. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Þetta litla frv. fjallar um heimild fyrir sveitarstjórnir til að innheimta með allt að 100% álagi skatta og önnur gjöld, sem miðuð eru við gildandi fasteignamat og renna eiga í sveitarsjóð, að vatnsskatti undanskildum.

Áður en hið nýja fasteignamat var staðfest hinn 1. maí 1957, voru í gildi heimildir fyrir sveitarstjórnir til að innheimta með allt að 400% álagi skatta og gjöld til sveitarsjóða, sem miðuðust við fasteignamat, og ýmsar sveitarstjórnir notuðu þessar heimildir að fullu. Fasteignamat hækkaði hins vegar mismunandi mikið. Víða hækkaði það aðeins um 100—200%, en hér í Rvík aftur á móti um 400%, eins og kunnugt er. Það var því nauðsynlegt að heimila sveitarfélögum að innheimta fasteignagjöldin eftir sömu reglum og giltu um gamla fasteignamatið, og var svo gert til 31. des. 1958, og ráðgert, að þá væri búið að breyta reglugerðar- og lagaákvæðum í það horf, að sveitarfélögin héldu sama rétti til álagningar þessara skatta og þau höfðu áður haft. Sú hefur hins vegar orðið raunin á, að lögum og reglugerðum hefur ekki verið breytt í það horf, að gjöld þau, sem frv. fjallar um, geti orðið eins há og áður, á meðan 400% álagningarheimildin var í gildi. Verða því ýmis sveitarfélög að horfast í augu við það að þurfa að hækka útsvörin sem mismuninum nemur, nema því aðeins að þau fái heimild til að innheimta þessi gjöld með álagi, eins og gert er ráð fyrir í frv., og margar sveitarstjórnir hafa um þetta kvartað og óskað eindregið eftir því, að heimildarlög yrðu sett á þann veg, sem hér er ráðgert. Þau kjósa heldur að innheimta jafnháa fasteignaskatta, lóðargjöld o. fl. og þau hafa gert hingað til heldur en að hækka útsvörin sem mismuninum nemur. Bæjarstjórn Húsavíkur t. d. segir, að hér sé um að ræða 120 þús. kr. mismun. Á Akureyri mun þetta vera um 600—700 þús. kr. mismunur og á Siglufirði sennilega um 250 þús. kr. Mér er tjáð, að innan þeirra sveitarstjórna, sem óskað hafa sérstaklega eftir að fá þessa lagaheimild til innheimtu á þessum sköttum með 100% álagi, sé enginn ágreiningur um að fara þess á leit.

Hér er því ekki um það að ræða, að gjöldin, sem frv. fjallar um, eigi að hækka, heldur hitt, að þau geti orðið jafnhá eða svipuð og þau hafa verið hingað til.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til heilbr.- og félmn.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Ég stend hér ekki til þess að andmæla frv., sem hér liggur fyrir, né neinu af því, sem hæstv. ráðh. sagði.

Það mun vera sannleikur, að nokkur sveitarfélög missa nú einhvern hluta þeirra tekna, sem þau hafa haft af fasteignaskatti, áður en núgildandi lög tóku gildi. Þau sveitarfélög munu hafa innheimt fasteignaskatt með 400% álagi, eins og eldri lög frekast leyfðu. Einnig kemur til greina, að í sumum sveitarfélögum varð hækkun fasteignamatsins næsta lítil, en hvort tveggja hefur leitt til þess, að tekjur þessara sveitarfélaga verða nú minni en áður. *En þetta hefur ekki orðið svona alls staðar.* Í Reykjavík varð á þessu ári stórfelld hækkun þessara gjalda. Mun hún nema um eða yfir 80%. Þetta er mikil hækkun og tilfinnanleg, sem hittir nú alla íbúðareigendur og aðra eigendur fasteigna í Reykjavík. Nú er í sjálfu sér ekkert við því að segja, að fasteignaskattur hækki og sé nokkuð hár, því að hann er sveitarfélögunum að mínum dómi mjög eðlilegur tekjustofn. Ég mundi líka sízt vilja hreyfa nokkrum athugasemdum við hækkun hans, ef ekki stæði sérstaklega á. Ef ofan á 80% hækkun hans í Reykjavík á þessu ári á að bætast 100% hækkun til viðbótar, þá er ég hræddur um, að hann komi illa við marga bæjarbúa. Húsaleiga hlyti að hækka til mikilla muna og margur íbúðareigandinn eiga fullerfitt fjárhagslega með að bæta á sig slíkri hækkun. Þar við bætist svo, að nú hafa laun stórlega lækkað, og dregur það sízt úr erfiðleikum leigjenda og fátækra íbúðareigenda.

Þessi vandi var ræddur í bæjarstjórn Reykjavíkur fyrir fáeinum dögum. Þar flutti fulltrúi Framsfl. till. um, að framkvæmd á hækkunum fasteignagjalda í Reykjavík yrði frestað með hliðsjón af samþykkt hinna nýju laga um niðurfærslu verðlags og launa. Benti hann og fleiri á, að nú væri ekki réttur tími til slíkra hækkana. Bæjarfulltrúi Framsfl. og fulltrúar Alþb. í bæjarstjórn börðust fyrir því á þessum fundi í þessu máli og öðrum, að bæjarfélagið virti hin nýju lög og væri ekki nú að stofna til verðhækkana. Jafneindregið börðust fulltrúar Sjálfstfl. og Alþfl. í bæjarstjórn Reykjavíkur gegn því, að verðlaginu yrði haldið í skefjum, og lögðust með því á móti framkvæmd þeirra laga, sem þeir höfðu knúið fram hér á hinu háa Alþingi.

Mér þykir rétt að vekja hér athygli á þeirri miklu fasteignaskattshækkun, sem í byrjun þessa árs var dembt á Reykvíkinga. Þeim finnst því vafalaust mörgum fulllangt gengið, ef leyfa á tvöföldun hans nú þegar. Hitt skil ég, að ólíkt muni vera um nokkur önnur sveitarfélög, sem því þurfi að fá hlut sinn réttan. Væntanlega mun sú hv. n., sem frv. fær, athuga málið frá báðum hliðum, og væri æskilegt, að hún gæti fundið á því réttláta lausn.

Dómsmrh. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af ummælum hv. 1. landsk. Samkv. frv. þarf samþykki ráðh. til þess, að heimild sú, sem þar er ráðgerð, verði notuð. Heimildin verður *vafalaust ekki notuð nema til* þess, að gjöldin geti orðið jafnhá eða svipuð og þau hafa verið áður. Með þessu frv. er ekki stefnt að því, að þau verði hækkuð umfram það, sem þau hafa verið hingað til. Þyki hv. n., sem með málið kemur til með að fjalla, ekki nægilega *tryggilega frá þessu gengið í frv., eins og* það nú er orðað, þá er ekkert á móti því, að því verði breytt á þá lund, að þarna kæmi einhver takmörkun, t. d. á þann veg að binda hækkunarheimildina við þá skattupphæð eða fjárhæð, sem innheimt hefur verið hingað til af fasteignum, þannig að ekki geti orðið hætta á því, að bæir eða sveitarfélög hækki fasteignaskatta umfram það, sem tíðkazt hefur hingað til. — Ég vildi einungis að gefnu tilefni skjóta þessu hér fram til athugunar fyrir hv. nefnd.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Mér þykir rétt út af ummælum hv. 1. landsk þm. að gera örfáar aths., því að ræða hans var mjög villandi um þetta mál. Hann gaf í skyn, að ef þetta frv. yrði að lögum, mundi það væntanlega þýða, að fasteignagjöld í Reykjavík yrðu stórhækkuð frá því, sem nú er, jafnvel allt að 100%.

Ég vil í fyrsta lagi taka það fram, eins og skýrt hefur komið fram hjá hæstv. dómsmrh., að tilgangur þessa frv. er sá að leiðrétta nokkur mistök, sem urðu hér á síðasta þingi, þegar samþykkt voru til bráðabirgða lög um fasteignagjöldin, því að eins og ég benti á í umr. þá, væri hætta á því, að með þeim lögum væri tekinn nokkur réttur af sveitarfélögum, sem þau hefðu haft. Þetta er nú komið í ljós þannig í einstaka sveitarfélögum, sem áður höfðu notað til fulls heimild til 400% álags á fasteignagjöldin, að eftir að hið nýja fasteignamat kom til framkvæmda og þessi lög frá í fyrra, þá voru viss bæjarfélög, eins og t. d. Akureyri, svipt nokkru af sínum tekjustofni, máttu ekki leggja á jafnhá fasteignagjöld og áður. Þetta frv. er fyrst og fremst til þess að leiðrétta þetta, eins og sjálfsagður hlutur er.

Ég vil taka það fram líka sérstaklega út af ummælum hv. 1. landsk., að það hefur aldrei komið til orða að hækka fasteignagjöld í Reykjavík frá því, sem nú er, á þessu ári *eða fara að nota sér nú þessa heimild þessa* frv., þótt að lögum yrði. Það er svo með fasteignagjöld í Reykjavík, að gjalddagi þeirra er 2. jan., upphæð þeirra var ákveðin af bæjarstjórninni í okt. og staðfest af ráðh. í nóv., og var þetta allt saman komið í gildi og að vissu leyti til framkvæmda, áður en lög um niðurfærslu verðlags, sem þm. nefndi, tóku gildi.

Ég skal að öðru leyti ekki fara mikið út í þetta mál. En sannast sagna verður maður dálítið undrandi, að þessi hv. þm. skuli fara að flytja hér aftur ræður sínar eða flokksbræðra sinna í bæjarstjórn Reykjavíkur frá því fyrir nokkrum dögum, sem hafa þó komið

að nokkru leyti á prenti. En fyrst hann óskar þess að leiða það mál inn hér, þá vil ég aðeins bera fram örfáar leiðréttingar út af ræðu hans.

Í fyrsta lagi er þess að geta, að fasteignaskattarnir hafa orðið í algeru ósamræmi við raunverulegt verðlag nærri því tvo síðustu áratugi eða frá byrjun heimsstyrjaldarinnar. Fyrir stríð var svo ákveðið, t. d. varðandi Reykjavík með reglugerð frá 1938, að húsagjöldin, sem eru langstærsti liðurinn í þessu, — lóðagjöld koma hér nokkuð til líka, en það eru húsagjöldin, sem eru langsamlega stærsti liðurinn, — þau skyldu vera 1% af fasteignamati. Þessi reglugerð var gefin út af þáverandi atvinnumrh., Skúla Guðmundssyni, og er sem sagt frá árinu 1938. Eftir því sem verðlag breyttist á stríðsárunum og eftir þau, þá var þess ekki gætt, að þessi tekjustofn sveitarfélaganna fengi að haldast í réttu hlutfalli við verðlagið. Vegna þess, hvað fasteignamatið var úrelt og fylgdist engan veginn með verðlaginu, þá misstu sveitar- og bæjarfélögin raunverulega mikið af sínum tekjustofni, þar sem fasteignagjöldin voru. Af þessum ástæðum var fyrir nokkrum árum eftir ósk bæjarstjórnar Akureyrar samþykkt hér á Alþingi heimild til þess, að sveitarfélögin mættu leggja á fasteignagjöldin allt að 400% álagi. Sum þeirra notuðu það þá þegar út í æsar, en önnur bæjarfélög, t. d. Reykjavík, notuðu það ekki fyrst, en síðar 200% álag, en fór aldrei upp í hámark.

Nú er það svo, að eftir að fasteignamatið nýja tók gildi, en fasteignamatið nýja er fjarri því að gefa rétta mynd af raunverulegu verðmæti fasteigna, a. m. k. hér í Reykjavík, — eftir að það tók gildi, var óhjákvæmilegt og sjálfsagt að endurskoða gildandi reglur um fasteignagjöldin. Það var svo gert á s. l. ári og afgreitt í bæjarstjórn Reykjavíkur svo að segja ágreiningslaust í októbermánuði og hlaut staðfestingu ráðh., og er mér ekki kunnugt um neinar athugasemdir frá hans hendi. Nú er það ráðherra, sem stendur pólitískt séð mjög nærri hv. 1. landsk., sem er fyrrv. félmrh. (HV). Hann staðfesti fyrri hluta nóvembermánaðar þessa reglugerð til þess að öðlast gildi þegar í stað. Engar athugasemdir komu frá rn. eða ráðh. um þetta.

Nú er það svo, að húsagjöldin, sem eins og ég gat um samkv. þessari reglugerð frá 1938 voru ákveðin 1% af fasteignamati, eru nú eftir þessar hækkanir í okt. og nóv. einnig 1% af fasteignamati. Þegar þess er gætt, að fasteignamat hér í Reykjavík er í flestum eða líklega í þorra tilfella fjórði til fimmti til sjötti partur af raunverulegu verðmæti, af gangverði eða söluverði eigna, þá sést, að fasteigna- eða húsaskatturinn hér í Reykjavík er nú ekki nema fjórði, fimmti eða sjötti hluti raunverulega eða hlutfallslega á móti því, sem var fyrir stríð. Að tala um einhverjar gífurlegar og ósanngjarnar álögur í þessu sambandi, það sýnir hvort tveggja, einstaka vanþekkingu á þessum málum og í rauninni að því er snertir hv. 1. landsk. þm., að hann óskar ekki að fara hér með rétt mál, því að hann veit betur. Hann er þessum málum ákaflega kunnugur sem fulltrúi í bæjarstjórn Reykjavíkur.

M. ö. o.: þessi húsagjöld eða fasteignaskattar, eins og þau eru nú í dag eftir þær hækkanir, sem ákveðnar voru í okt. og nóv., eru margfalt lægri en þetta var áður.

Ég skal ekki fara um þetta fleiri orðum, en aðeins bæta því við, sem einnig kom fram í ræðu hæstv. dómsmrh., að þegar sveitarfélögin eru að ákveða sína fasteignaskatta, sem eru þeirra eini tekjustofn, sem nokkru skiptir, auk útsvaranna, þá er hér fyrst og fremst verið að gera það upp við sig, hvort á að hafa útsvarsupphæðina þessum mun hærri eða lægri. Ef till. hv. 1. landsk. og hans samherja nú ætti að ná fram að ganga, að lækka fasteignagjöld í Reykjavík um við skulum segja 6 millj. kr., þá þýðir það, að þessi hv. þm. er að gera till. og krefjast þess, að útsvarsupphæðin hækki um 6 millj., því að þarna eru tveir tekjustofnar, og er bara matsatriði, hvort á að leggja þessa og þessa upphæð á þennan tekjustofninn eða hinn.

Á sömu lund er það hjá öðrum bæjarfélögum, eins og hefur komið fram í þeim erindum, sem borizt hafa til hæstv. ríkisstj. um setningu þessa frv., sem hér liggur fyrir.

Ég hafði ekki ætlað mér að taka til máls um þetta frv., tel það alveg sjálfsagða leiðréttingu til handa þeim bæjarfélögum, sem fá nú ekki að leggja á jafnhá fasteignagjöld og áður. En fyrst hv. 1. landsk. taldi ástæðu til þess að draga hér inn í annað mál og gefa þar mjög villandi upplýsingar, þá taldi ég sjálfsagt að gera þessar leiðréttingar.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni þess, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði hér áðan. Hann telur, að mín ummæli hafi verið mjög villandi. Ég get ekki fallizt á það. Ég vil undirstrika það enn, að ég er ekki í grundvallaratriðum andvígur því, að fasteignagjöld hækki. Ég hafði sjálfur fylgt því í bæjarstjórn á árinu sem leið, þegar samþykkt var gerð um það. En síðan, nú eftir áramót, varð veruleg breyting á með setningu nýrra laga um efnahagsmál. Í tilefni af því flutti fulltrúi Framsfl. till. um, að þessi hækkun kæmi ekki til framkvæmda, — eingöngu í tilefni af því. Og eingöngu í sama tilefni fylgdum við Alþb.-menn þeirri till. í bæjarstjórn. Og það eru meira að segja fjölmargir menn í Sjálfstfl., sem álitu þetta eðlilegt og sjálfsagt, sennilega allir þeir sjálfstæðismenn, sem nokkur alvara var með, að verðlag í landinu ætti að stöðvast og lækka. Ég skal aðeins lesa — með leyfi hæstv. forseta — nokkur orð úr einu stjórnarblaðinu 3. febr. 1959 um þetta mál, en þau eru í stjórnarblaðinu Vísi:

„Fyrir nokkru var boðuð hækkun á ýmiss konar gjöldum til Reykjavíkurbæjar. Kom það mjög flatt upp á marga, þar sem þetta var gert um það bil, sem ákveðið var að lækka vísitöluna verulega og þar með laun manna, auk þess sem vörur allar og þjónusta eiga að lækka um vissan hundraðshluta. Menn munu nú almennt hafa gert ráð fyrir, að bæjaryfir-

völdin mundu breyta afstöðu sinni í þessu máli, en ekki hefur verið tilkynnt um það enn. Getur það þó orðið fljótlega og verður raunar að gerast, því að þótt bærinn þarfnist vitanlega mikils fjár til mikilla og margvíslegra framkvæmda, verða að gilda sömu reglur um hann og aðra. Það er líka hættulegt vopn, sem meiri hl. bæjarstjórnar selur andstæðingum Sjálfstfl. í hendur, ef ekki verður breyting á þessu."

Þetta sagði stjórnarblaðið Vísir 3. febr. s. l., en síðan hefur það skeð, að bæjarstjórnarmeirihl. þráast við og heldur fast við sína hækkun þrátt fyrir allt skraf hér á hinu háa Alþingi í sjálfstæðismönnum um nauðsyn á lækkun verðlags og launa.

Ég hef því miður orðið var við það, að alvaran hjá Sjálfstfl.-mönnum og Alþfl.-mönnum að baki því að lækka vöruverðið til jafns við launin eða til móts við launalækkunina er ekki nógu mikil. Þess vegna er það og að fenginni reynslu á síðasta bæjarstjórnarfundi, að ég vantreysti því, að ekki verði notuð heimild af hálfu bæjarstjórnarmeirihl. til þess að hækka um 100% fasteignaskattinn frá því, sem hann nú er ákveðinn. Og þó að ég treysti hæstv. dómsmrh. til alls hins bezta í þessu máli, þá verð ég þó að segja, að ég treysti ekki allt of vel öllum hans flokksmönnum í máli sem þessu. En ef þetta yrði sem sagt að lögum óbreytt og bæjarstjórnarmeirihl. freistaðist til þess að vilja nota sér þá heimild, þá er traustið þar, að hæstv. ráðh standi á móti.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Ég hef fáa menn heyrt tala á undanförnum árum meira um nauðsyn stöðvunarstefnunnar en þá samherjana í Alþb., fyrrv. félmrh. (HV), 1. landsk. (AG) og fleiri slíka. Þess vegna kemur dálitið á óvart, þegar hv. 1. landsk. lýsir því yfir, að hann sé samþykkur því að hækka fasteignagjöldin, hafi samþykkt það sjálfur sem bæjarfulltrúi í bæjarstjórn Reykjavíkur á s. l. hausti, og félmrh. (HV) staðfesti þessa nýju reglugerð orðalaust, en núna, eftir að þeir eru komnir úr stjórn, er alveg bráðnauðsynlegt að snúa við blaðinu, afturkalla allt, sem bæjarfulltrúinn og ráðh. voru búnir að ákveða og samþykkja, og strika út þessa hækkun. Það er eins og þessi hv. þm. vilji nú gefa í skyn, að hann hafi aldrei heyrt minnzt á neina stöðvunarstefnu fyrr en núna, eftir að núv. ríkisstj. tók við. Nei, það er held ég ekki hægt og ekki frambærilegt fyrir hv. þm. að ætla að bera slíkt hringsól í sjálfu sér á borð fyrir Alþingi.

Varðandi það, að fasteignagjöldin í Reykjavík þurfi að lækka til samræmis við launalækkunina, þá veit hv. þm., að hér er hann líka að fara með mjög villandi hluti. Þessi hv. þm. veit, að árslaun launamanna, verkamanna og m. a. allra starfsmanna Reykjavíkurbæjar verða hærri á þessu ári en þau voru á s. l. ári. Þó að meðalvísitalan á s. l. ári hafi væntanlega verið um það bil 184, að ég held, en nú sé gert ráð fyrir vísitölu 175, a. m. k. 11 mánuði þessa árs, þá vitum við líka, að á þessum vetri kom til framkvæmda 6% og 9% grunnkaupshækkun hjá opinberum starfsmönnum, sem vegur meira en þessi lækkun kaupgjaldsvísitölunnar. M. ö. o.: árslaun opinberra starfsmanna, bæði hjá ríki og bæjarfélögum, verða á þessu ári, 1959, hærri en á árinu 1958. Af því leiðir líka, að útgjöld þessara aðila vegna launagreiðslna verða hærri.

Þegar hv. þm. er að tala um launalækkun, þá ber hann hér blekkingar á borð, því að hann talar þá eingöngu um launin, sem voru samkvæmt vísitölu 202 í janúarmánuði, og svo það, sem er nú, en lokar alveg augunum fyrir hinu atriðinu, hvaða tekjur þarf til að standa undir þessum greiðslum.

Eins og ég tók fram áðan, þá er hér í þessu tilfelli eingöngu um að ræða, bæði hjá Reykjavíkurbæ og öðrum bæjar- og sveitarfélögum, tilfærslu á að taka nauðsynlegar tekjur eða hluta af tekjunum með útsvörum eða með fasteignagjöldum.

Ef hv. þm. heldur eða ætlar að gefa mönnum í skyn, að hann sé hér að tala fyrst og fremst máli alþýðumanna eða hinna fátækari, þá er hér um algeran misskilning að ræða, því að meginhluti fasteignagjaldanna lendir auðvitað fyrst og fremst á stóreignamönnum eða þeim, sem eiga eignir hér í miðbænum, þar sem fasteignamatið eða verðmæti eignanna er miklu meira en annars staðar. Á venjulegri íbúð, 2—3 herbergja íbúð, eru fasteignagjöldin ekki há, og hækkunin nemur kannske 100—200—300 krónum yfir árið, svo að hv. þm. þarf ekki að halda, að hann sé að berjast sérstaklega fyrir hagsmunum hinna snauðu. Ef hans tillögur um lækkun fasteignagjaldanna ættu að ná fram að ganga, þá þýðir það m. a., að Reykjavíkurbær ætti að endurgreiða nú, við skulum segja 7—8 millj. kr., sem búið er að borga inn í bæjarsjóð af þessum gjöldum, og mikill hluti af því, ég vil segja meiri hlutinn, færi fyrst og fremst til þeirra manna, sem eiga töluvert miklar eignir, en ekki til hinna fátækari.

Það er ekki ástæða til þess á þessu stigi að reifa þetta frekar. En sannast sagna furðar mig nokkuð á framkomu þessa hv. þm., sem leyfir sér, eftir að hans tillögur hafa ekki náð samþykki í bæjarstjórn Reykjavíkur, sem er sú löglega stjórn bæjarfélagsins, að koma klagandi hingað inn í sali Alþingis og meira að segja gera tilraunir og flytja áskoranir um það, að löggjafarvaldinu verði farið að beita. Hann hefur ekki flutt beint till. um, að inn í þetta frv. verði tekið ákvæði um, að viss bæjarfélög skuli lækka þá taxta, sem fyrir eru, en eftir þeim anda, sem hann talar í, þá mætti mjög búast við slíku. Finnst mér sannast sagna vart sæmandi fyrir mann, sem hefur verið kjörinn sem trúnaðarmaður bæjarfélagsins, að fara þær leiðir.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég er sammála 6. þm. Reykv. um það, að fasteignagjöld yfirleitt eru réttur og góður gjaldstofn fyrir bæjarfélög. Þau hvíla yfirleitt á efna-

mönnum og koma þess vegna réttlátlega niður. En þegar ég heyrði þessa skoðun hans, þá datt mér í hug: Öðruvísi mér áður brá. Er fasteignamatið 1942 var gert, risu húseigendur í Rvík og Sjálfstfl. í Reykjavík upp og heimtuðu, að Reykjavík yrði lækkuð, miðað við aðra landshluta, og fjmrh. hét Jakob Möller, og hann hafði valdið í hendi sinni, hann lækkaði Reykjavíkurmatið, sem var í fullu samræmi við landsbyggðina, um 10%, af því að mattadórarnir þar vildu ekki borga fasteignaskatt eins og réttlátt var samanborið við aðra.

Þá var í lögum, að fasteignamat skyldi gert 10. hvert ár. Þegar fasteignir fóru að hækka, sáu sjálfstæðismenn, að gjöldin af húsunum mundu líka hækka, og þá var ráðherra, sem hét Pétur Magnússon, sem flutti frv. að lögum um, að það skyldi ekki fara fram fasteignamat 10. hvert ár, því skyldi fresta til 1965, til að fyrirbyggja, að húsagjöldin hækkuðu og bærinn gæti fengið eðlilegar tekjur af fasteignaskattinum, — hann hét Pétur Magnússon, sem fékk þessi lög samþykkt.

Svo líða nokkur ár, og allt hélt áfram að hækka, og menn sáu, að fasteignamatið var orðið hrein vitleysa. Sveitir, sem voru komnar í eyði, voru á matinu frá 1942. Önnur þéttbyggð svæði voru á landinu, þar sem allt hafði þotið upp, og m. a. jarðirnar þar og húsin þar höfðu margfaldazt í verði, á sama tíma og þau urðu einskis virði annars staðar, og menn sáu, að það þyrfti að laga þetta. Og þá var farið að tala um að laga það. Og til að gera það sem ódýrast, þá átti að gera það án þess, að jarðirnar væru skoðaðar og án þess að það gæti komizt almennilegt endanlegt vit í fasteignamatið, og þá var talað um að hækka allt hlutfallslega jafnt, og aðrir að hækka misjafnt eftir söluverði í hinum ýmsu sýslum. Þá reis sjálfstæðið á Alþingi Íslendinga upp og setti þá bremsu inn í lögin, að það mætti þó aldrei hækka meira í Reykjavík en það yrði fimmfalt, og þar með var fyrirbyggt, að hægt væri að koma samræmi í matið. — Enn þá voru það mennirnir, sem áttu húsin og áttu von að fá lóðarskattinn hækkaðan, sem stóðu í vegi fyrir því, að matið gæti orðið sæmilega réttlátt um landið og hækkað alls staðar hlutfallslega við söluverð.

Þess vegna gleðst ég ákaflega yfir því, þegar ég heyri borgarstjóra í Reykjavík, 6. þm. Reykv., vera búinn að breyta hér um skoðun, og vona, að slík breyting nái lengra en bara til hans.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 12 shlj. atkv.

Á 76. fundi í Ed., 27 febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 240, n. 282 og 285).

Frsm. meiri hl. (Sigurður Ó. Ólafsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, er ekki mikið fyrirferðar. Efni þess er í 1. gr. og er um það, að sveitarstjórnum, sem þess óska, verði heimilað að fengnu samþykki ráðherra að ákveða, að innheimta skuli með allt að 100% álagi alla skatta og önnur gjöld, sem miðuð eru við gildandi fasteignamat og renna eiga í sveitarsjóð, þó er vatnsskattur undanskilinn.

Í lögum um fasteignamat frá 1945 segir í 1. gr.:

„Allar jarðeignir, lóðir og hús á landinu skal meta til peningaverðs 25. hvert ár. Næsta aðalmat samkv. lögum þessum skal hefja svo tímanlega, að því sé að fullu lokið fyrir 1. jan. 1965. Nú breytist verðgildi peninga að verulegu leyti, á milli þess að aðalmat fer fram, og má þá með lögum ákveða breytingu á matsverði allra fasteigna í landinu til samræmis við það."

Samkvæmt lögum nr. 67 1945 er kaupstöðum og hreppsfélögum heimilt að leggja á og innheimta fasteignaskatt af húsum, húseignum og mannvirkjum, og er ákveðið, að skatturinn skuli nema 1% af fasteignamati húsa og 2% af lóðum og lendum, eins og segir í lögunum. Mörg sveitarfélög hafa notað sér þessa heimild og fasteignaskattur verið þó nokkur hluti af árlegum tekjum þeirra. Þar sem upphæð fasteignaskattsins er bundin sem hundraðshluti af fasteignamati, sem ekki er gert ráð fyrir að breytist nema á 25 ára fresti, eins og segir í lögunum frá 1945, gefur auga leið, að þessar skatttekjur sveitarfélaga fylgja ekki árlegum verðbreytingum. Fasteignir hafa undanfarin ár, svo sem allir vita, stöðugt hækkað í verði. Peningaverðgildi hefur breytzt. Tekjuþörf sveitarfélaga sem annarra hefur stöðugt aukizt. En þótt fasteignir innan sveitarfélaganna hafi hækkað í verði, hafa fasteignagjöld af þeim ekki hækkað, þar sem fasteignamatið er óbreytt.

Þessar öru verðhækkanir, eftir að fasteignamatið tók gildi 1945 eða alla leið frá 1942 má segja, ollu því, að mörg sveitarfélög óskuðu eftir, að fasteignaskattar yrðu hækkaðir. Með lögum frá 1952 var komið til móts við þessar óskir sveitarstjórnarmanna með því að heimila að innheimta fasteignagjöld með 400% álagi. Munu mörg sveitarfélög hafa notað sér þessa heimild að nokkru og sum að öllu leyti.

Með lögum nr. 33 1955 var ákveðið, að fara skyldi fram nýtt fasteignamat. Var matið framkvæmt af svokallaðri landsnefnd, sem skipuð var þremur þar til kvöddum mönnum. Þetta fasteignamat hefur nú tekið gildi, og hefur verið gefin út bók með matinu, og segir svo í formálsorðum, sem henni fylgja:

„Matið er af landsnefndinni hækkað, eins og lögin gera ráð fyrir," þ. e. a. s. lögin, sem matið er byggt á, „með ákveðinni hundraðstölu, sem miðuð er við breytilega aðstöðu og breytt verðgildi fasteignanna á því tímabili, sem liðið er frá 1942. Er einkum tekið tillit til þess, hvernig háttað er markaðsaðstöðu og samgöngum. Hækkunin er frá 30 til 400% að öðru leyti en því, að eyðibyggðir og allra afskekktustu byggðarlög eru ekkert hækkuð frá fyrra mati og sum lækkuð."

Af þessari umsögn, sem fylgir fasteignamat-

inu nýja, er ljóst, að matið hefur hækkað mismikið á hinum ýmsu stöðum á landinu, og er það ekki nema eðlileg afleiðing, eins og matsmennirnir segja, af ýmsum ástæðum, sem eru margvíslegar á hverjum stað. En nú eru fasteignagjöld sveitarfélaga í fyrsta sinn miðuð við hið nýja fasteignamat. Er gjaldið þá miðað við 1% af verði húsa og ½% af lóðum og lendum, án þess að nokkurt álag komi þar á, vegna þess að heimildin um 400% álagið fylgdi eingöngu gamla fasteignamatinu og féll úr gildi, um leið og það nýja var staðfest. Af þessu leiðir, að þau bæjarfélög, sem áður hafa notað 400% heimildina að fullu, en hafa nú ekki fengið fasteignamat sitt hækkað t. d. nema um 200%, verða nú að sætta sig við lægri fasteignagjöld en áður að óbreyttum lögum.

Við meðferð þessa máls hafði heilbr.- og félmn. með höndum bréf frá bæjarstjórum Akureyrarkaupstaðar, Húsavíkur, Ísafjarðar og Siglufjarðar. Bréf þessi höfðu verið send félmrn., og var í öllum borin fram eindregin ósk um, að lögfest yrði slík heimild sem í frv. þessu felst, enda segir í athugasemdum við frv. á þskj. 240, að frv. þetta sé flutt samkvæmt eindregnum óskum nokkurra sveitarstjórna. Ég vil leyfa mér til frekari skýringar, aðeins að vitna í bréf bæjarstjórans á Akureyri, sem félmrn. hafði borizt. Í þessu bréfi segir m. a.:

„Afleiðing þess, að lögin nr. 29 frá 1952, um 400% álagsheimild, falla úr gildi í árslok 1958 og að fasteignamatið er jafnframt ekki hækkað frá eldra mati nema um 220%," — þetta á við fasteignamatið á Akureyri, — „er að sjálfsögðu stórfelld skerðing þessa tekjustofns eða lækkun fasteignatekna, sem miðaðar eru við fasteignamat, um 36% í krónutölu. Telja verður, að ætlun löggjafans hafi ekki verið, að nýja fasteignamatið yrði þess valdandi, að fasteignatekjur sveitarfélaganna minnkuðu í krónutali, heldur héldust líkt og áður var. Þessi 36% lækkun," segir enn í bréfinu, „mundi þýða fyrir Akureyrarbæ tekjulækkun á árinu 1959, er næmi 600—700 þús. kr., og má bæjarsjóður alls ekki við þeirri tekjuskerðingu. Af þeim ástæðum, sem að framan eru greindar, samþykkti bæjarstjórn Akureyrar einróma á fundi sínum 2. des. s. l. eftirfarandi:

„Bæjarstjórn Akureyrar skorar á félmrn. og ríkisstj. að hlutast til um, að nú þegar verði borið fram á Alþingi frv. til laga um heimild fyrir sveitarstjórnir til að innheimta með allt að 100% álagi fasteignaskatta til sveitarsjóða, til þess að komið verði í veg fyrir lækkun fasteignatekna þeirra sveitarfélaga, er notuðu að fullu heimild laga nr. 29 1952, sem nú hafa verið úr gildi numin."

Þetta er það, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur að segja og leggja til þessa máls, og það sama kemur fram í bréfum hinna bæjarstjóranna, sem ég minntist hér á áðan og legið hafa fyrir.

Heilbr.- og félmn. hefur rætt þetta mál á tveimur fundum, sent það Sambandi ísl. sveitarfélaga og Húseigendafélagi Reykjavíkur til umsagnar. Svör hafa borizt frá þessum aðilum báðum. Leggur Samband ísl. sveitarfélaga til, að frv. sé samþykkt, eins og það liggur fyrir, en Húseigendafélag Reykjavíkur leggur til, að það verði fellt.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins, en meiri hl. leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Það verður að líta svo á, að tilgangurinn með setningu nýrra laga um hækkað fasteignamat hafi ekki verið sá, að gjöld þau til sveitarsjóða, sem við það eru miðuð, lækkuðu stórlega frá því, sem áður var. Það mun heldur hafa verið ofarlega í hugum manna sú hætta, að þau mundu hækka og ef til vill hækka mikið við hækkað fasteignamat. En til þess að koma í veg fyrir það var sett ákvæði í lög nr. 33 1955, lögin, sem fasteignamatið nýja byggist á, að fasteignaskattar skuli ekki hækka almennt fyrir hið nýja, hækkaða fasteignamat. Meiri hl. heilbr.- og félmn. lítur því svo á, að samþykkja beri frv. þetta. Þótt sveitarstjórnir noti þessa heimild, mun það vera svo í flestum tilfellum, að fasteignagjöldin hækka ekki frá því, sem áður var, — ég segi í flestum tilfellum, það geta verið undantekningar á þessu, — miðað við, að sömu sveitarfélög hafi notað 400% álagningarheimildina að fullu áður, miðað við gamla matið. Í annan stað má benda á, að óheimilt er sveitarstjórnum að nota þessa heimild, þótt samþykkt yrði, nema leyfi ráðherra komi til í hvert sinn.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 288) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Í nál. minni hl. heilbr.- og félmn. á þskj. 282 er lagt til, að þetta frv. verði fellt. Í þskj. er gerð nánari grein fyrir ástæðum til þessarar uppástungu, og þarf ég ekki að fara mörgum fleiri orðum um þær.

Eins og kunnugt er, var gamla fasteignamatið fyrir löngu orðið mjög á eftir tímanum og allt of lágt. Þess vegna var bráð nauðsyn að veita sveitarfélögum heimild til hækkunar á því við álagningu þeirra gjalda, sem við fasteignamatið eru miðuð. Þessi hækkunarheimild náði fimmföldun gamla fasteignamatsins, og var hún notuð af sveitarfélögum, en að mjög misjöfnu marki. Sum notuðu heimildina til fulls, önnur ekki. Leiddi þetta til verulegs misræmis við álagningu þessara gjalda í hinum ýmsu byggðarlögum landsins.

Ég hygg, að tilgangurinn með nýja fasteignamatinu hafi verið sá að hækka fasteignamatið í heild, þannig að heimild til aukaálags við ákvörðun gjaldanna yrði óþörf, og í öðru lagi að samræma matið um allt land og þar með gjöldin, sem við það miðast.

Nú er þetta nýja fasteignamat ekki fyrr orðið gildandi en nokkur sveitarfélög rísa upp

og krefjast þess að fá að innheimta gjöldin með hvorki meira né minna en 100% álagi eða meira.

Þessi sveitarfélög tilkynna að tekjurnar minnki við gildistöku nýja fasteignamatsins. Ég dreg þetta ekki í efa. En hvers vegna bera þessi sveitarfélög minna úr býtum en áður? Er það máske af því, að þessi gjöld voru áður óhæfilega há? Þetta atriði hefur mér vitanlega alls ekkert verið athugað, heldur er hlaupið til og orðið við óskum þessara fáu sveitarfélaga án nokkurrar gagnrýni og án þess að athuga, hvað henti þjóðarheildinni í þessu efni. Eru slík vinnubrögð að mínum dómi frekar ámælisverð. Ég er engan veginn sannfærður um, að neinu sveitarfélagi í landinu sé bráð nauðsyn á að fá þá hækkunarheimild, sem hér er til umræðu. Ákvörðun um það getur beðið og ætti að bíða, þangað til frekari reynsla er fengin. Jafnvel þau sveitarfélög, sem nú bera minna úr býtum en áður, eiga ekki sjálfsagðan rétt til hækkunar. Ber kannske ekki öllum að færa fórn á altari niðurfærslunnar, — eða til hvers væri annars allt skrafið um niðurfærslu verðlags? Niðurfærsla launanna er a. m. k. staðreynd.

En ef þessi fáu sveitarfélög, sem hér er um að ræða, vildu nú færa fórn á borð við launþegana og síðan skyldi vanta eitthvað upp á þeirra tekjur, þá geta þessi sveitarfélög náð því í útsvörum að þessu sinni. Skattar og gjöld af fasteignum lenda nú orðið hvort eð er að langmestu leyti ekki á eignamönnum, heldur öllum almenningi og jafnt á leigjendum íbúðarhúsnæðis sem eigendum. Þessi gjöld eru ekki nema að mjög litlu leyti hreinn eignarskattur, og það er íbúðarhúsnæðið, sem ber uppi mestan hluta þessa tekjustofns sveitarfélaganna. Það eru sömu aðilarnir sem greiða og þeir, sem greiða meginið af útsvörunum.

Ég hef ekki heyrt annað en að langflest sveitarfélög landsins láti sér lynda þær nýju reglur, sem nú gilda um álagningu þessara skatta. Líklega fá þau eitthvað svipað út úr þeim og áður. Hitt er kunnugt, að stærsta sveitarfélag landsins fær 80—90% hærri tekjur af fasteignagjöldum nú í ár en í fyrra. Til þess er ekkert tillit tekið, þegar þetta frv. er flutt. Verði það að lögum, getur enginn maður fortekið fyrir, að þessi gjöld hækki enn um 100% á næstunni í þessu sveitarfélagi, en það mundi áreiðanlega fleirum en mér finnast fullmikið af því góða.

Íbúðareigendur í verkamannabústöðunum í Reykjavík fengu glaðning fyrir fáeinum dögum. Var það tilkynning frá stjórn Byggingarfélags verkamanna um, að mánaðargreiðslur fyrir húsnæði í verkamannabústöðunum hækki um 36% frá 1. jan. vegna hækkunar opinberra gjalda fyrst og fremst, og þó að nokkru leyti einnig vegna hækkunar viðhaldskostnaðar. Verkamaður, sem býr í þriggja herbergja íbúð í verkamannabústöðunum, verður nú frá 1. jan. að greiða 100 kr. meira mánaðarlega en áður, aðallega vegna hækkunar á fasteignagjöldum í Reykjavík nú í ár. Það eru ekki stóreignamennirnir, sem þetta bitnar harðast á, heldur þeir smáu, sem nýlega hafa með lögum verið lækkaðir í launum.

Ég er, eins og ég hef áður lýst hér í hv. d., engan veginn andvígur því, að skattar og önnur gjöld af fasteignum séu ákveðin ríflega, þótt hófs beri að gæta í því sem öðru. Hins vegar er ég mótfallinn því fljótræði, sem mér virðist einkenna flutning þessa frv., að rokið er til, strax og fáeinar sveitarstjórnir kvarta, án þess að athuga hag og þarfir heildarinnar eða hvar rót meinsins eiginlega liggur hvað þessi fáu sveitarfélög snertir. Samt sem áður hefði ég tæpast andmælt frv., ef ekki hefði við allt þetta bætzt sú sérstaka ástæða nú, að laun almennings hafa verið verulega lækkuð og kjör hans skert með lagasetningu. Hæstv. ríkisstj. beitti sér fyrir þeirri kjaraskerðingu, og nú vegur hún í sama knérunn með flutningi þessa frv., en samþykkt þess mun, áður en varir, leiða til frekari kjaraskerðingar í formi aukins húsnæðiskostnaðar.

Ég tel því að öllu samanlögðu þessu frv. vera mjög ábótavant og það í mesta máta ótímabært og mun því greiða atkv. gegn því.

Björn Jónsson: Herra forseti. Það fer ekki á milli mála, að staðfesting á hinu nýja fasteignamati, sem gekk í gildi 1. maí 1957 og reikna ber fasteignagjöld eftir til sveitarsjóða á þessu ári, raskar nokkuð þeim tekjustofni sveitarfélaganna, þannig að sums staðar geta þessi gjöld hækkað allverulega, og á það við um þau sveitarfélög, sem ekki notuðu sér fyrri heimild frá 1952 um að innheimta þessi gjöld með allt að 400% álagi, til fullnustu, en hafa nú fengið möt fasteigna innan sinna lögsagnarumdæma hækkuð um allt að 400%. Þetta á t. d. við um Reykjavík, sem ekki innheimti gjöldin nema með 200% álagi, eða þreföldum, en fær nú möt á öllum fasteignum og þar með þær grunnupphæðir, sem gjöldin eru reiknuð út frá, hækkuð um 400%. Án þess að nokkur ný heimildarákvæði komi til, getur því Reykjavíkurbær hækkað fasteignagjöld sín um 66⅔% og hefur þegar notfært sér þá heimild til fullnustu nú í vetur. Verði hins vegar samþ. óbreytt það frv., sem hér liggur fyrir, er leið opnuð fyrir Reykjavíkurbæ til þess að hækka þessi gjöld um 233⅓%, eða rúmlega þrefalda þau. Reykjavík mun vera gleggsta dæmið um þá hækkun, sem í fyrsta lagi leiðir beint af hinu nýja mati, og þá gífurlegu hækkun fasteignagjaldanna, sem leiða kann þar til viðbótar af þeirri nýju hækkunarheimild, sem hér er fyrirhuguð, og skil ég það vel, að hv. 1. landsk. þm. vilji gjalda fullan varhug við svo rúmri heimild til handa bæjarstjórn Reykjavíkur, að hugsazt geti, að hún fái þessa gjaldheimtu meira en þrefaldaða frá því, sem verið hefur á undanförnum árum.

Nú hefur hæstv. félmrh. að vísu lýst því yfir við 1. umr. málsins, að ekki sé hugmyndin að leyfa almennt hækkanir frá því, sem verið hefur, þótt þetta frv. verði samþykkt. Efa ég ekki, að hann hafi góðan vilja á að sporna gegn slíku. En harla lítil trygging þykir mér í því, að hann hafi lengi aðstöðu til að standa

þar á verði. Ef því á annað borð er réttmætt að takmarka þessa gjaldheimtu bæjarfélaganna af fasteignum með lögum, hefði það að sjálfsögðu verið rökrétt að setja þær takmarkanir inn í þetta frv., sem látið er í veðri vaka að beita eigi með ráðherravaldi.

Á hinu leytinu eru svo þau sveitarfélög, sem notfærðu sér að mestu eða jafnvel öllu heimildina frá 1952 um fimmföldun fasteignagjalda, en hafa nú ekki fengið möt hækkuð nema þrefalt til fjórfalt eða jafnvel minna við það, sem áður var. Hjá þessum sveitarfélögum er að sjálfsögðu um nokkra gjaldalækkun að ræða, og er frv. rökstutt með hliðsjón af tekjumissi þessara sveitarfélaga. Er ekki fyrir það að synja, að þetta eru nokkur rök. En séð frá sjónarmiði þeirra, sem gjöldin þurfa að greiða, verður því heldur ekki neitað, að í þessum sveitarfélögum hafa húseigendur borið um nokkurt skeið þyngri gjöld en almennt hefur gerzt í landinu, og því ekki með öllu ósanngjarnt, að nokkuð sé á þeim létt nú um sinn, a. m. k. ef telja á fasteignamatið á nokkru viti byggt.

Frá sjónarmiði bæjarfélaganna er hins vegar engan veginn að ræða um svo gífurlegan og tilfinnanlegan tekjumissi, þar sem á annað borð er um hann að ræða, sem látið er í veðri vaka. Ég held, að þessi tekjulækkun, þar sem hún á annað borð er nokkur, geti varla orðið meiri en sem svarar 2—3 eða í hæsta lagi 4% af heildartekjum sveitarsjóðanna, og væri áreiðanlega víða hægt að spara tilsvarandi upphæðir, ef góður vilji væri fyrir hendi. Er það óneitanlega hlálegt, að á sama tíma og hæstv. ríkisstj. hefur æskt þess af öllum bæjarstjórnum landsins, að þær minnkuðu gjaldheimtu *eftir föngum, en litla sem enga áheyrn fengið* fyrir þeim frómu óskum, þá skuli þessi sama ríkisstj. bera fram frv., sem opnar þeim leiðir í mörgum tilfellum til aukinnar gjaldheimtu.

Í þessu frv. er miklu lengra gengið en að tryggja sveitarfélögunum jafnháar tekjur af fasteignum og áður var, svo sem ég hef bent á. Nú er það auðvitað matsatriði, hve mikil afskipti ríkisvaldið á að hafa af gjaldheimtu sveitarfélaganna. Er vafalaust unnt að færa að því nokkur rök, að réttmætt sé, að sveitarstjórnir hafi þar allrúmar hendur og standi síðan ábyrgar gagnvart kjósendum sínum um sínar gerðir í þeim efnum. En þegar svo stendur á *sem nú*, að ríkisvaldið hefur með lagaboði rýrt allar tekjur launamanna um 10%, þá er áreiðanlega ekki rétta augnablikið til að þyngja að mun nefskatta, sem lagðir eru á að miklu leyti án tillits til efnahags viðkomandi manna.

Það er mikið vafamál, að sú launalækkun, sem nú nýlega hefur verið lögfest hér á hæstv. Alþ., komi annars staðar öllu harðar niður en á því launafólki, sem staðið hefur í þeim stórræðum að koma þaki yfir höfuð sér og sinna. Margur maðurinn, sem nú hefur fengið laun sín lækkuð um 1/10 hluta, mun nú og á næstu tímum eiga í meiri erfiðleikum en nokkru sinni áður með að halda eign sinni og híbýlum, ef það reynist honum þá á annað borð mögulegt.

Ég tel það fullkomna óhæfu að lögbjóða hækkun á gjöldum þeirra manna, sem nú eiga margir hverjir í hvað mestum örðugleikum vegna kaupráns hæstv. ríkisstj., og ég tel einnig óhæfu að stuðla að hækkaðri húsaleigu almennings, á sama tíma og laun eru lækkuð með valdboði, og tek undir allar röksemdir hv. 1. landsk. þm. um það efni. Ég get því ekki fylgt þessu frv., eins og það liggur fyrir. Hins vegar hef ég leyft mér að flytja brtt. þess efnis, að íbúðarhúsnæði verði undanskilið hækkunarheimild frv., og mun greiða málinu í heild atkv., ef hún nær fram að ganga. Ég tel, að allt öðru máli gegni um aðra fasteignaeigendur en eigendur íbúðarhúsnæðis hvað þessi gjöld snertir, og að full sanngirni mæli með því, að þeir greiði hærri gjöld til sveitarfélaganna af fasteignum sínum. Í fyrsta lagi kemur sú gjaldheimta vægilegar niður á almenningi, og í öðru lagi er í mörgum tilfellum um að ræða fyrirtæki, sem greiða óeðlilega lág gjöld til sveitarsjóðanna, miðað við veitta þjónustu. Og í sumum tilfellum er um að ræða fyrirtæki, *svo sem samvinnufélögin o. fl.*, sem njóta sérstöðu og jafnvel algerrar undanþágu frá greiðslu útsvara til sveitarsjóða. Ég tel ástæðulaust og óréttmætt að takmarka frekar en þetta frv. gerir ráð fyrir gjaldheimtu af ~~fasteignum þessara aðila. Samkv. brtt. minni~~ er að nokkru gengið til móts við kröfur þeirra sveitarstjórna, sem talið er að bornar séu sérstaklega fyrir brjósti með flutningi þessa frv., en jafnframt gætt hagsmuna þeirra, sem gert er að greiða fasteignagjöld af minnstri getu og vafasamastri sanngirni.

Ég vænti stuðnings hv. þdm. við þessa brtt., en lýsi því jafnframt yfir, að ég geri samþykkt *hennar að skilyrði fyrir fylgi mínu við frv.*

Dómsmrh. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Hv. 1. landsk. þm., sem hefur andmælt þessu frv., sem hér er á dagskrá, veit vel, að í frv. er ekki um að ræða nýjar skattálögur, heldur um hitt, hvort heimila eigi sveitarstjórnum að ráða því sjálfar innan þeirra takmarka, sem í frv. greinir, að hve miklu leyti þær afla tekna sinna með fasteignaskatti í stað útsvara.

Hv. þm. telur það kynlega afsökun fyrir frv., að vegna nýja fasteignamatsins lækkar heimild sveitarstjórna til þess að afla tekna með fasteignaskatti. Ég veit ekki, hvort á að skilja þetta þannig, að hv. þm. telur, að sveitarstjórnir eigi helzt engu um það að ráða sjálfar, hvernig málum þeirra skuli skipað. Maður gæti freistazt til að álíta það. Og sami hv. þm. leggur til, að frv. verði fellt, fyrst og fremst, eins og hann segir í grg. fyrir áliti sínu, með hliðsjón af þeirri almennu launalækkun, sem nýlega var lögboðin.

Hér er, eins og hv. þm. vita, ekki um það að ræða, að þetta frv. verki á heildartekjuöflun sveitarfélaga, heldur einmitt á hitt, hvort eigi að heimila sveitarfélögum að innheimta hluta af tekjum, sem þau þurfa að afla, með fasteignaskatti eða með útsvari. Tekjuöflun sveitarfélaganna er hin sama, hvort sem frv.

verður fellt eða samþykkt, eða verður hin sama vafalaust. Rök hv. þm. eru því ekki haldbær. Hitt hefði verið hægt að skilja, ef hv. þm. hefði byggt andstöðu sína við frv. á því, að hann væri á móti fasteignasköttum yfirleitt. Þá afstöðu hefði a. m. k. verið hægt að skilja. En málflutningur hv. þm. byggist ekki á því, heldur á hlutum, sem snerta ekki höfuðatriði þessa máls. Efni málsins er einmitt innheimtuaðferð vegna sveitarsjóðanna, en ekki hitt, hvort tekjur sveitarsjóðanna samanlagt skuli hækka eða ekki. Höfuðatriðið er sem sagt þetta, hvort sveitarstjórnir eigi að fá að ráða því sjálfar, hverjar innheimtuaðferðir þær hafa til þess að afla óhjákvæmilegra tekna.

Hv. 8. landsk. er með skrifl. brtt. um íbúðarhúsnæði. Ég held, að það væri ekki skynsamlegt að samþykkja þá brtt., og ég vil benda á, að það er með ýmsum hætti heppilegra fyrir húseigendur, sem hann kveðst bera fyrir brjósti, að greiða gjöld til sveitarsjóðs sem fasteignaskatt heldur en sem útsvar. Og það má benda á, að fasteignaskatta getur gjaldandinn fengið dregna frá tekjum sínum við skattákvörðun, en um útsvör er því ekki til að dreifa, því að þau eru ekki frádráttarbær við skattálagninguna.

Þess vegna álít ég, að það sé heppilegra fyrir húseigendur að greiða ríflegri hluta af gjöldum sínum til sveitarsjóðanna sem fasteignaskatt heldur en útsvar, og fæ ekki séð, að brtt. hv. þm. mundi með neinum hætti geta rétt hlut þessara manna, sem hann ber fyrir brjósti. Þeir mundu þurfa að greiða þeim mun hærri útsvör, og þeir mundu ekki geta fengið þau útsvör dregin frá við skattálagningu, en það mundu þeir aftur geta fengið að því er fasteignaskattinn snertir.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Þegar samþ. voru lög á Alþingi um fasteignamat síðast, lög, sem fasteignamat hefur farið eftir síðan, þá varð það að samkomulagi hér á Alþingi milli þeirra manna, sem voru á móti því, að fasteignamatinu væri breytt með nýju mati, og hinna, sem vildu þó reyna að samræma það eitthvað, að aftan við 10. gr. l. var sett:

„Þá skulu við gildistöku hins endurskoðaða mats, sbr. 6. gr., falla úr gildi lög nr. 29 frá 4. febr. 1952 og ákvarðanir stjórnarvalda um opinber gjöld, sem heimt eru sem hundraðshluti af fasteignamati, og komi nýjar ákvarðanir til og miðist við það, að þessi gjöld hækki ekki almennt umfram það, er af flokkun fasteigna kann að leiða."

Þá stóð heill hópur hér í þinginu, heill flokkur, algerlega á móti því, að það yrði nokkuð hækkuð álagning á fasteignirnar, þó að matið breyttist, og gerðar ráðstafanir til þess, að þau gjöld, sem á þeim hvíldu, hækkuðu ekki þrátt fyrir hækkað mat. Það var allur Sjálfstfl., sem stóð þannig að því og setti það sem skilyrði fyrir því, að lögin væru samþykkt.

Ef þetta frv. verður samþykkt, eins og það liggur fyrir núna frá hæstv. ríkisstj., sem styðst við þennan flokk, þá er óhjákvæmilegt, að þessi gjöld hækka sums staðar. Ég vil þess vegna leyfa mér, þar sem ég vil nú reyna, eftir því sem ég get, að standa við þau loforð og skuldbindingar, sem ég hef tekið á mig, — þó að það séu menn, sem mér eru nú ekki að öllu leyti kærir, sem ég hef orðið að gera samninga við, — þá vil ég reyna að gera hér miðlun, svo að það, sem samið var um við Sjálfstfl. á sínum tíma, standi, og vildi því gera till. um það, að aftan við gr. bætist: „Þó mega gjöld til sveitarfélaga, sem miðuð eru við fasteignamat, ekki verða hærri en heimild var til að hafa þau hæst, áður en síðasta fasteignamat tók gildi." Þá er staðið við allt, sem var lofað, og í engu út frá því brugðið. Þeir mega hækka gjöldin upp í það sama um land allt og þau áður voru, en ekki meira.

Ég skal svo leyfa mér að leggja þessa brtt. fram. Hún er skrifleg og þarf þess vegna tvöföld afbrigði til þess að mega koma fyrir.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 289) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Björn Jónsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð út af ræðu hæstv. félmrh. Hann vildi halda fram þeirri skoðun, að hagsmuna húseigenda væri miklu betur gætt með því, að þeim væri gert að greiða hærri gjöld af fasteignum sínum, en þeim mun lægri útsvör. Ég held, að í þessu felist mikil misskilningur, sem ég er viss um að hæstv. ráðh. mundi sjá strax, ef hann athugaði þetta mál ofur lítið betur. Ég held, að þessi skoðun væri alveg hliðstæð því, ef því væri haldið fram, að það væri yfirleitt ástæðulaust að halda áfram þeirri aðferð að leggja á útsvör eða önnur gjöld eftir efnum og ástæðum, heldur skyldu þau leggjast á fyrst og fremst sem nefskattar. Það fer ekki á milli mála, að fasteignagjöld af íbúðarhúsum eru fyrst og fremst nefskattar, sem eru lagðir á algerlega án tillits til þess, hvort t. d. viðkomandi maður á húseign sína skuldlausa eða hvort hann skuldar hana alla saman. Ég held líka, að þetta sjáist greinilega, ef einstök atriði eru athuguð. Við skulum t. d. segja, að manni sé gert að hækka sitt fasteignagjald um 2000 kr. Enda þótt hann fengi þetta dregið frá við álagningu útsvars, þá mundi sá frádráttur aldrei geta numið meira en fjórða hluta af þessari hækkun, eða 500 kr., þannig að hækkun fasteignagjaldsins yrði þó alltaf þreföld. Hitt er svo líka á að líta, að með innheimtu fasteignagjalda er mörgum þeim gert að greiða gjöld til sveitarsjóðanna, sem ekki eiga að bera neitt útsvar og raunverulega hafa ekki efni á því að gjalda neitt til sveitarsjóðanna. Og ég veit, að hæstv. ráðherra er einmitt þessu kunnugur, því að í því sveitarfélagi, þar sem við þekkjum báðir vel til og þar sem hækkunarheimildin frá 1952 var fyrst notuð og hefur verið lengst notuð, þar hefur það verið svo, að bæjarstjórn þessa sveitarfélags hefur orðið á hverju ári að gefa eftir tugum manna hækkunina á fasteignagjöldunum, vegna þess að þessir gjaldendur voru alls ekki færir um að inna nein

slík gjöld af höndum og bera ekkert útsvar. Þetta getur í ýmsum tilfellum leitt til þess, að þeim, sem ekki eiga að greiða útsvör, sé gert að greiða veruleg gjöld, a. m. k. tilfinnanleg, miðað við tekjur þeirra, til sveitarsjóðanna.

Ég held, að það sé þess vegna alger misskilningur, að þarna sé um sanngjarnari gjaldheimtu að ræða heldur en með útsvörum, a. m. k. hvað tekur til efnaminna fólks. Hitt kann að vera, að þetta komi betur út fyrir þá, sem eru efnamestir og tekjuhæstir, — ég efa það ekki, — en einmitt við það er mín till. miðuð, að þeir haldi áfram að greiða sín gjöld ekki lægri en þau hafi verið áður, en hins vegar sé létt á þeim fátækari.

Ég held líka, að það sé nokkur misskilningur, þó að hann sé kannske ekki eins bagalegur og í þessu tilfelli, hjá hæstv. ráðh., þegar hann taldi, að það mundi engin áhrif hafa á heildargjaldheimtu sveitarfélaganna, hvort þau fengju fasteignagjöldin hækkuð eða ekki. Ég er sannfærður um það, að mjög víða mundi verða horfið fyrr að því ráði að spara í útgjöldum heldur en að hækka útsvörin frá því, sem nú er, og ég er ekki í nokkrum vafa um, eins og ég sagði, að víða mundi það vera hægt, án þess að kæmi að sök.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Það eru komnar fram tvær skriflegar brtt., mikilsverðar, og ég tel alveg nauðsynlegt, að málinu verði frestað, svo að n. gefist kostur á að athuga þessar brtt. nánar. Ég vil vænta þess, herra forseti, að málinu verði frestað.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Ó. Ólafsson): Herra forseti. Ég þarf nú ekki mikið að segja meira um málið en fram hefur komið. Mér finnst aðallega, eins og hæstv. ráðh. tók fram, að þarna séu dálítið skiptar skoðanir um það, á hvern hátt sveitarfélög eigi að innheimta gjöld af sínum íbúum. Ég er því fylgjandi, að sveitarsjóðir hafi rúmar hendur um innheimtu á fasteignasköttum, og vitanlega er það alveg rétt, að bæjarfélag, sem missir tekjur, sem það hefur áður haft, t. d. af fasteignasköttunum, eins og ég tók dæmi um áðan, missir stórkostlega tekjur, auðvitað verður það bæjarfélag að ná þeim tekjum upp einhvers staðar á einhvern hátt annan, og þá er ekki nema um útsvörin að ræða.

Þetta er þungamiðja málsins, en hitt eru umbúðir meira og minna og út í loftið, sem fram hefur komið á móti frv.

Það eru komnar fram tvær brtt., og það hefur komið ósk fram um það, að umr. væri frestað, til þess að n. fengi tækifæri til þess að athuga þessar till. og taka ákvörðun um þær. Ég vildi nú skjóta því til flm. þessara brtt., hvort þeir væru ekki til með að taka þær aftur til 3. umr., en málið gæti haldið áfram núna og yrði samþykkt við þessa umræðu. Ég vil aðeins skjóta því fram, til þess að málið tefjist ekki óþarflega. Þetta mundi flýta fyrir. En svo skal ég sem frsm. meiri hl. lofa því, að þessar till. verði athugaðar á milli 2. og 3. umr.

Björn Jónsson: Herra forseti. Það er aðeins viðkomandi þessum tilmælum frá hv. frsm. meiri hl. n. Ég hafði ef til vill hugsað mér að flytja, ef þessi till. mín yrði ekki samþykkt nú við 2. umr., aðra brtt., sem gengi í svipaða átt, við 3. umr. Ég óska þess vegna eftir því, að mín till. verði afgreidd við þessa umræðu, en ekki látin bíða.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég hef áður látið það í ljós, að ég teldi fasteignaskatt réttlátan gjaldstofn, og vil þess vegna frv. áfram. Ég skal líka bæta því við, að ég tel rétt, að sveitarstjórnirnar, hreppsnefndir eða bæjarstjórnir, hafi sem rúmastar hendur í þessu máli. Þess vegna vil ég, þar sem ég er líka með stöðvunarstefnu ríkisstj., lofa þeim að hafa þær innan þeirra marka, sem áður voru með þennan skatt, en ekki gefa þeim það rúmar hendur, að þær geti hækkað hann úr því, sem hann var fyrir 1. maí 1957. Þess vegna er mín till. fram komin. Og mér er alveg sama, hvort hún er borin upp núna eða komi ekki fyrr en við 3. umr., það skiptir mig engu máli og tillöguna.

Forseti (BSt): Sem stendur hafa ekki fleiri kvatt sér hljóðs. En bæði af þeim ástæðum, sem hv. þm. V-Sk. tók hér fram, og líka og ekki síður sökum þess, að deildin er fremur fámenn nú, þ. á m. vantar hér einn af hv. nefndarmönnum í þeirri nefnd, sem um þetta mál hefur fjallað, þá þykir mér rétt að verða við þeim tilmælum að fresta umræðu nú, en vænti þá, að hv. nefnd taki þessar till. sem fyrst til athugunar, því að vel getur verið, að málið verði aftur á dagskrá á mánudag. — Umr. er þá frestað og málið tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 78. fundi í Ed., 3. marz, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 240, n. 282 og 285, 288, 289).

Frsm. meiri hl. (Sigurður Ó. Ólafsson): Herra forseti. Þegar þetta frv. var tekið til 2. umr. í þessari hv. d., komu fram við það tvær skriflegar brtt., og varð það til þess, að umr. var frestað og því skotið til heilbr.- og félmn., hvort hún vildi ekki athuga þessar brtt., sem fram voru komnar, áður en 2. umr. lyki.

N. hefur nú athugað þessar till. og gat ekki fallizt á að mæla með því, að þær yrðu samþykktar. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þessar till. Þær skýra sig sjálfar.

Till. á þskj. 288, frá hv. 8. landsk. þm., er um það, að íbúðarhús séu undanskilin frá hækkunarheimildinni, sem frv. hefur að geyma. Ef þetta næði fram að ganga, þá mundi mikill hluti af þeim grundvelli eða gjaldstofni, sem fasteignaskattarnir byggjast á, ganga undan þessari hækkunarheimild, því að á hverjum

stað er auðvitað íbúðarhúsnæði meiri hluti húseignanna í bæjunum. Hækkunarheimildin mundi þess vegna ekki koma að gagni fyrir mikinn hluta af þessum sveitarfélögum, sem hugsa sér að nota þessa heimild. Þá má einnig benda á, að búast mætti við erfiðleikum við framkvæmd þessara laga, ef íbúðarhúsnæði væri undanskilið heimildinni. Það má benda á það t. d., að í fjöldamörgum húsum er bæði íbúð, verzlanir, smáiðnaður o. s. frv. Í hverju tilfelli yrði þá, þegar um skattálagningu væri að ræða og íbúðarhúsnæðið ætti að undanskilja, að fara fram athugun á því, hvað mikill hluti af húsinu ætti þá ekki að skattleggjast. Gæti þetta trúlega haft töluverða framkvæmdaörðugleika í för með sér, sem í ýmsum tilfellum gæti verið örðugt að komast fram hjá. Þetta mun hafa verið framkvæmt á einhverjum stöðum, og mér hefur verið tjáð, að framkvæmdin á því hafi orðið svo erfið, að sveitarstjórnir hafi hætt við að hafa þann hátt á að undanskilja íbúðarhúsnæði.

Ég vil þá aðeins minnast á till. hv. 1. þm. N-M. á þskj. 289. Í henni er lagt til, að aftan við 1. gr. bætist: „Þó mega gjöld til sveitarfélaga, sem miðuð eru við fasteignamat, ekki vera hærri en heimilt var að hafa þau hæst, áður en síðasta fasteignamat tók gildi."

Þessi till. mundi ekki snerta málin í heild neitt líkt því eins og hin till., því að það yrðu sárafá sveitarfélög, sem þessi till. mundi snerta, geri ég ráð fyrir. En það virðist vera óþarfi að binda hendur sveitarstjórna á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir. Ef frv. verður samþ. eins og það liggur fyrir, þá hafa sveitarstjórnir óbundnar hendur um það, hvort þær nota heimild þá, sem um ræðir, eða ekki. Hækki þær fasteignagjöldin, geta útsvörin lækkað sem því nemur. Hér er því um tilfærslu á tekjustofnum sveitarfélaganna að ræða, en ekki að ræða um nýja skatta, eins og fram hefur komið áður í þessum umr. Og það verður að líta svo á, að sveitarstjórnir eigi á hverjum stað og á hverjum tíma að hafa sem frjálsastar hendur um það, hvernig þær ráða málum sinna sveitarfélaga.

Ég vil enn taka það fram, að fasteignaskattar, sem bundnir eru við hundraðshluta af fasteignamati, sem stendur óbreytt árum saman, verða einnig óhreyfanlegir að krónutölu, hvað sem öllu öðru verðlagi í landinu líður. Þetta getur að mörgu leyti verið óheppilegt fyrir sveitarfélög, sem nota sér þennan gjaldstofn til tekna. En heimildin til hækkunar gjaldanna getur einmitt í þessu tilfelli, eins og í frv. felst, jafnað þetta og gert það hreyfanlegt, eftir því sem hin einstöku sveitarfélög ákveða sjálf, sum nota heimildina, sum ekki. En með aukaákvæðum eins og t. d. í brtt. á þskj. 289 felst er sveitarfélögum mismunað á þessu sviði, og virðist það ekki vera viðeigandi. Sem sagt, meiri hluti heilbr.- og félmn. leggur til, að þessar brtt á þskj. 288 og 289 séu felldar.

Frsm. minni hl. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Minni hluti hv. heilbr.- og félmn. hafði lagt til, að frv., sem fyrir liggur, verði felldur. Eftir að fram voru komnar 2 brtt. við þessa umr. og henni var frestað, kom hv. n. saman. Þar stakk minni hl. upp á því, að gerð yrði málamiðlun á milli meiri hl. og minni hl. á þann veg, að n. mælti með samþykkt brtt. á þskj. 288. Þessu hafnaði meiri hl. n., og hélt hann fast við sitt. Hið sama er að segja um minni hl. eftir þetta, að ég legg til sem áður, að frv. verði felldur og að málið nái ekki fram að ganga að þessu sinni. Hins vegar mun ég geta greitt atkv. með brtt. á þskj. 288, sem gengur út á það að undanþiggja íbúðarhúsnæði í landinu álagsheimildinni, sem er í frv.

Björn Jónsson: Herra forseti. Það er kannske minna undrunarefni fyrir mig, að hv. n. hefur ekki getað fallizt á mína till., sem ég flyt á þskj. 288, heldur en það, að n. skuli ekki geta fallizt á till. hv. 1. þm. N-M., sem er á þá lund, að gjöldin til sveitarfélaganna, sem miðuð eru við fasteignamat, skuli aldrei verða hærri en þau voru hæst, er síðasta fasteignamat tók gildi.

Þegar hæstv. félmrh. mælti hér fyrir þessu frv. fyrir nokkrum dögum, tók hann það sérstaklega fram og rökstuddi frv. með því, að það væri alls ekki meiningin að hækka gjöldin frá því, sem nú væri, og taldi þá ekki óeðlilegt, að n. gerði þessa breyt. á frv., ef ekki þættu nægilega tryggar hans yfirlýsingar um það, að rn. hans mundi ekki leyfa slíkar hækkanir.

Ég verð að segja það, að mér finnst miklu meiri ástæða til þess að vera á móti frv. eftir þessa afgreiðslu n. heldur en áður, því að mér þykir sýnilegt, að með því að lýsa yfir andstöðu sinni við þessa till. hv. 1. þm. N-M., þá sé um leið sama sem verið að lýsa því yfir, að meiningin sé að opna allar gáttir fyrir t. d. Reykjavíkurbæ til að þrefalda fasteignagjöldin frá því, sem nú er.

Hitt er aftur að sjálfsögðu matsatriði, sem menn geta haft mismunandi skoðanir á, hvort eigi að gera upp á milli íbúðarhúsnæðis og annars húsnæðis. Ég tel það vera fyllilega réttmætt, eins og ég rökstuddi hér fyrr í þessum umr., að þarna sé gerður nokkur munur á.

Það komu fram hér tvennar röksemdir gegn þessari till. frá hv. frsm. meiri hl. n.: Í fyrsta lagi, að hækkunin á fasteignagjöldunum kæmi ekki að gagni, ef íbúðarhúsnæði yrði undanskilið, og í öðru lagi, að það væru svo miklir erfiðleikar á framkvæmd slíkrar skiptingar, að það væri ekki fært að samþykkja till. af þeirri ástæðu. Það er að sjálfsögðu rétt, að hækkunin mundi ekki gefa bæjarfélögunum eins mikið, ef íbúðarhúsnæði yrði undanskilið. Það gefur náttúrlega auga leið. En ég hygg samt, að í flestum tilfellum mundi þetta þýða það, að hækka mætti gjöldin á þriðjungi alls húsnæðis. Og þar sem ekki er undir neinum kringumstæðum um mjög tilfinnanlega tekjulækkun að ræða hjá bæjarfélögunum, jafnvel þó að ekki væri heimild til að hækka fasteignagjöld á neinu húsnæði, þá teldi ég þetta vera hóflegri leið. Að þarna séu miklir erfiðleikar í framkvæmd, það get ég ekki fallizt á, nema

e. t. v. hér í Reykjavík. Það er ekki fyrir það að synja, að hér kynnu að vera einhverjir erfiðleikar á framkvæmdinni. En ef það er ekki meiningin að hækka gjöldin frá því, sem nú er, þá snertir till. alls ekki Reykjavík. Og mér er kunnugt um það, öfugt við það, sem hv. frsm. meiri hl. lýsti hér, að það hafa ekki komið fram neinir örðugleikar á að framkvæma þetta í því eina bæjarfélagi, þar sem það hefur verið reynt hingað til. Og ég get líka upplýst það, að athugun fór fram á þessu í því bæjarfélagi, þar sem ég er kunnugastur, og þar voru ekki taldir neinir örðugleikar á því að hafa á þennan hátt út frá því séð, að það væri svo erfitt að skipta húsnæði, þar sem bæði væri verzlun eða einhver annar atvinnurekstur og íbúðir. Í bæjum utan Reykjavíkur er ekki um það að ræða í svo stórum stíl, að það geti valdið nokkrum erfiðleikum. En eins og ég gat um áðan, ef allt er með felldu og fer í samræmi við það, sem m. a. hæstv. félmrh. hefur lýst yfir um framkvæmd á þessu frv., þá snertir þetta atriði ekki Reykjavíkurbæ.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég heyri það, að n. leggur á móti því, að mín brtt. sé samþ. Við því er nú ekkert að segja út af fyrir sig. En dálítið er ég samt hissa á því. Ég er hissa á því, að fjórir nm. skuli vera sammála um það að heimila bæjarstjórnum og hreppsfélögum að hækka þessi gjöld frá því, sem þau voru, áður en fasteignamatið gekk í gildi. Ég er hissa á því. Einn þessara manna telur sig ákveðinn flokksmann núv. ríkisstj., sem er að reyna að lækka. En hér vill hann hækka. Hann vill láta standa heimild um, að það megi hækka fasteignagjöldin þó nokkuð í nokkrum bæjarfélögum í landinu. En látum það nú vera. Tveir af þeim, sem skrifa undir nál., formaður og annar til, eru stuðningsmenn núv. ríkisstj. og telja sig vilja lækka tilkostnaðinn við hvað eina í landinu. Þeir eru þó með því að hækka hér. Þeir vilja láta standa heimild um, að hér megi hækka. Já, sjálfsagt að láta það standa, segja þeir.

Hvað gengur nú þessum mönnum til? Þessir tveir síðastnefndu eru þar að auki menn þess flokks, sem setti það að skilyrði, ófrávíkjanlegu skilyrði, til þess að fylgja fasteignamatinu, þegar það var samþykkt á Alþingi, að það yrðu sett inn ákvæði um það, að fasteignamatsgjöldin hækkuðu ekki. Voru þeir á móti því innan flokksins, þegar þetta var sett fram af flokknum? Eða hefur þeim snúizt hugur síðan og vilja nú láta hækka það, sem þeir þá vildu láta standa í stað? Ég spyr. Ég skil ekki þetta. Og hæstv. ráðh., þegar hann leggur málið fyrir, þá gengur hann út frá því, að eins og frv. sé, þá eigi ekki að felast í því nein hækkun og að stjórnarráðið muni bremsa, ef einhver hækkun eigi að verða. Það kann vel að vera, að þessi stjórn, sem vill nú allt lækka og hefur tekizt það töluvert, — það kann vel að vera, að hún geti sett stólinn fyrir dyrnar og bannað, að það sé hækkað. En hvað situr hún lengi? Erum við bara að semja þessi lög, á meðan hún er? Og treystum við því, að hún sitji það lengi, að það sé ekki hætta á, að það komi hækkun hér á? Ég skil ekki þetta. Ég skil ekki, hvernig stendur á, að tveir menn, sem settu þau skilyrði, þegar fasteignamatslögin voru sett, að það yrðu sett inn í þau ákvæði um það, að engin gjöld af fasteignum mættu hækka, og það var orðið við því, nú vilja þeir brjóta það skilyrði, sem þeir þá settu, og skapa möguleika fyrir því, að gjöldin geti hækkað. Það eru ekki annars flokks menn, sem vilja gera það. Nei, það eru þeir sjálfir. Þeir eru að brjóta þau eigin skilyrði, sem þeir þá settu, og láta fasteignagjöldin geta hækkað. Ég skil það ekki. Og ég skil heldur ekki, hvers vegna þeir menn, sem eru áfram um að reyna að lækka sem allra flesta útgjaldaliði í landinu, sem hvíla á einstökum mönnum, vilja láta fasteignagjöldin hækka. Ég skil heldur ekki, hvernig stendur á því, að þeir vilja láta skapa möguleika til þess, að það sé hægt að hækka þessi gjöld, þó að þeir treysti stjórninni til að halda þeim í skefjum núna eitthvað fyrst, á meðan hún situr. En hafa þeir nokkra ábyrgð fyrir því, að hún sitji svo lengi, að hún geti haldið þeim í skefjum að eilífu? Ég vil ekki láta þau hækka. Meðan sú stefna ríkir í fjármálum, sem nú er, þá vil ég ekki láta þau hækka frá því, sem þau voru, og standa við þá samninga, sem gerðir voru við Sjálfstfl., þegar fasteignamatslögin voru samþykkt.

ATKVGR.

Brtt. 288 felld með 8:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: AG, BjörgJ, BjörnJ, SE.

nei: EggÞ, FS, FÞ, GTh, JJós, JK, KK, SÓÓ.

PZ, BSt greiddu ekki atkv.

3 þm. (FRV, HermJ, SB) fjarstaddir.

Brtt. 289 felld með 6:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: PZ, SE, AG, BjörgJ, BjörnJ, BSt.

nei: FÞ, GTh, JJós, JK, KK, SÓÓ.

EggÞ, FS greiddu ekki atkv.

3 þm. (HermJ, SB, FRV) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 9:3 atkv.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10:1 atkv.

Á 81. fundi í Ed., 9. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 240, 300).

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Brtt., sem ég var með við þetta mál við 2. umr., var felld. Það er þess vegna ekki hægt að taka hana upp aftur óbreytta, og þess vegna hef ég orðað alla gr. um og jafnframt sett inn enn fleiri efnisbreytingar en þá einu, sem þá var felld. Það, sem aðallega vakir fyrir mér með þessum brtt., bæði þeirri fyrri og þessari seinni, er það að fyrirbyggja með öllu, að sveitarstjórnir eða bæjarstjórnir geti lagt þessi fasteignagjöld á núna hærri en þau voru, áður en síðasta fasteignamat öðlaðist gildi. Það er aðalatriðið. Mér

finnst ekki koma til neinna mála að lofa þeim að vera miklu hærri með þetta núna en það var þá. Ef þessu er slegið föstu, þá er þess vegna heldur ekki nein þörf á því að vera að láta ráðh. leyfa, hvað hátt þau megi fara upp. Þá er engin þörf á því. Og þess vegna hefur í brtt. hjá mér fallið burt annars vegar, hve mörg prósent álagið megi vera, það vil ég lofa hreppsnefndum og bæjarstjórnum að hafa frjálsar hendur með, einungis með þessari einni bremsu, að hafa þau ekki hærri en þau máttu vera, áður en fasteignalögin öðluðust gildi. En þegar sú bremsa er sett á, þá er heldur engin þörf á að hafa leyfi ráðh. til þess að mega hækka þau, því að ráðh. hafði áður ekki slíka heimild. Breytingin er því bara að færa fasteignagjöldin í sama horf og þau voru, áður en síðasta fasteignamat öðlaðist gildi, hreppsnefndirnar ráði því, hvað mikið þau fara upp, að vissu marki, en fari aldrei yfir það. Þetta er það, sem fyrir mér vakir með þessari brtt., hvort sem mönnum geðjast að henni eða ekki eða vilja lofa mönnum að fara hærra, sem mér finnst ekki vera nein meining í. Ég held, að þetta sé auðskilið mál og ég þurfi ekki að reyna að útskýra það frekar.

ATKVGR.
Brtt. 300 samþ. með 7:3 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:
já: KK, PZ, SE, AG, EggÞ, FS, BSt.
GTh, JJós, JK, SB, SÓÓ, BjörnJ, FRV greiddu ekki atkv.
3 þm. (FÞ, HermJ, BjörgJ) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Nd.

Á 91. fundi í Nd., 10. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 310).
Á 92. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Frv. þetta fjallar um heimild til handa sveitarstjórnum til þess að ákveða, að innheimta skuli með álagi alla skatta og önnur gjöld, sem miðuð eru við fasteignamat og renna eiga í sveitarsjóð, að vatnsskatti undanskildum.

Frv. er flutt samkvæmt beiðni ýmissa sveitarstjórna norðanlands og vestan, sem sjá nú fram á það, að fasteignaskattar muni lækka um helming eða meira vegna nýrra reglna, sem gert var ráð fyrir að teknar yrðu upp nú um síðustu áramót vegna nýja fasteignamatsins og valda því, að fasteignaskattar yfirleitt eða víðast hvar á landinu munu lækka að óbreyttum lögum.

Samkvæmt lögum nr. 67 frá 1945 er heimilt að leggja á fasteignaskatt, 1% af fasteignamatsverði húseigna. Með lögum frá 1952, nr. 29, var heimilað að innheimta með 400% álagi fasteignaskatta og önnur gjöld, sem miðuðust við fasteignamat og renna skyldu í sveitarsjóð, að vatnsskatti undanskildum. Þessar reglur um skattálagningu voru í gildi til s. l. áramóta, þannig að miðað var við gamla fasteignamatið og 400% álag.

Mörg sveitarfélög notuðu að fullu þessa 400% álagsheimild. Þannig var það t. d. með flesta kaupstaðina á Norður- og Vesturlandi, þ. e. Húsavík, Akureyri, Siglufjörð, Sauðárkrók, Ísafjörð og raunar miklu fleiri sveitarfélög. Um s. l. áramót breyttust þessar álagningarreglur, eins og ég hef þegar sagt. Niður féll þá sú regla, að miða skyldi við gamla fasteignamatið og 400% viðauka. Í stað þess er miðað við nýja fasteignamatið án viðauka.

Nú er nýja fasteignamatið að vísu hærra en hið gamla, en hækkun frá gamla matinu er mismunandi mikil á ýmsum stöðum á landinu. Mest er hækkunin í Reykjavík, þar er hún 400%, og á Suðvesturlandi frá 260 og upp í 360%, en annars staðar á landinu er hækkunin miklu minni, allt niður í 30% á nokkrum stöðum.

Á Ísafirði var fasteignamatið hækkað um 100%. Ef tekið er dæmi um hús á Ísafirði, sem samkv. eldra fasteignamatinu var metið á 30 þús. kr., þá var fasteignaskattur á slíku húsi 1%, eða 300 kr. að viðbættum 400%, þ. e. 1200 kr., eða samtals 1500 kr. Samkv. reglum þeim, sem tóku gildi um s. l. áramót, er hins vegar ekki heimilt að innheimta vegna þess sama húss nema 1% af nýja fasteignamatinu, sem er 60 þús. kr., þ. e. skatturinn er samkv. þeim reglum, sem nú eru í gildi, 600 kr. af þessu húsi, í staðinn fyrir að undanfarin ár hefur af samsvarandi húsi verið 1500 kr. skattur.

Þannig er þetta eða svipað þessu í öllum þeim kaupstöðum, sem ég nefndi áðan, og í ýmsum öðrum sveitarfélögum. Þessu una sveitarstjórnirnar ekki, að fasteignaskatturinn lækki um helming eða meira. Slíkt mundi að sjálfsögðu þýða það, að hækka yrði útsvörin að sama skapi. Frv. er flutt til þess að bæta úr þessu, þannig að sveitarstjórnir hafi þetta nokkuð í hendi sér innan þeirra marka, sem áður giltu um þetta efni.

Frv. tók dálitlum breyt. í Ed., en þær eru meira í samræmi við óskir þeirra sveitarstjórna, sem mál þetta snertir mest, heldur en frv. var í upphaflegri mynd sinni.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 93. fundi í Nd., 16. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 18 shlj. atkv.

Á 109. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 110. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 310, n. 376).

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. N. hefur rætt þetta mál og er sammála um að leggja til, að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 310. Einn nm., Jónas Árnason, var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Ég vil geta þess, að það kom fram bending um það frá ráðuneytisstjóranum í félmrn., að venjulega þyrftu sveitarstjórnir að bera gjaldahækkanir undir félmrn., og þarf samþykki þess til þeirra. Mæltist ráðuneytisstjórinn til þess, að athugað væri, hvort ekki væri rétt að bæta slíku ákvæði inn í frv. N. taldi að athuguðu máli ekki nauðsynlegt að bæta þessu ákvæði hér við, vegna þess að hér er ekki um að ræða hækkun umfram það, sem þegar hefur áður verið leyft í hverju einstöku tilfelli af ráðuneytinu. Hér er aðeins um það að ræða, að ekki þurfi að lækka gjöldin frá því, sem verið hefur, en slíkt kæmi sér mjög illa fyrir þau sveitarfélög, sem hlut eiga að máli og flest eiga við mjög erfiðan fjárhag að búa.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 111. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 114. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 432).

---

16. Almannatryggingar (stjfrv. um hækkun dánarbóta).

Á 86. fundi í Nd., 5. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar [125. mál] (stjfrv., A. 304).

Á 87. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Þó að félagsmálalöggjöf standi á allháu stigi hér á landi, miðað við mörg önnur lönd, þá fer því að sjálfsögðu víðs fjarri, að á því sviði sé ekki víða umbóta þörf.

Eitt þeirra atriða á sviði félagsmála, sem nokkuð hafa dregizt aftur úr, er slysatryggingar. Fyrsti vísir að lögboðinni slysatryggingu hér á landi kom fram í lögum nr. 40 frá 10. nóv. 1903, um lífsábyrgð fyrir sjómenn á þilskipum. Þar var ákveðið, að greiða skyldi nokkra upphæð í dánarbætur fyrir sjómenn, sem fórust af þilskipum. Árið 1925 var stofnað til almennari slysatrygginga, sem náðu ekki aðeins til sjómanna, heldur einnig til iðnaðarmanna og ýmissa hópa verkamanna. Slysatryggingalöggjöf var síðan felld inn í alþýðutryggingalögin frá 1936 og er nú í 3. kafla almannatryggingalaga.

Slysa- og dánarbætur hafa jafnan verið lágar og hafa ekki hækkað á undanförnum árum til jafns við ýmsa aðra hluti. Þær hafa ekki bætt nema lítinn hluta þess tjóns, sem orðið hefur af slysum, þó að þær að sjálfsögðu hafi verið góðra gjalda verðar, svo langt sem þær hafa náð.

Því var það, að snemma á yfirstandandi Alþingi flutti ég ásamt þeim hv. 5. og hv. 10. landsk. þm. till. til þál. um, að Alþingi fæli ríkisstj. að láta fara fram endurskoðun á ákvæðum almannatryggingalaganna um upphæð slysabóta, með það fyrir augum, að slíkar bætur yrðu hækkaðar. Eftir að mér hafði verið falin forstaða félmrn., fól ég n. kunnáttumanna að endurskoða þessi lagaákvæði. Hér er um talsvert vandaverk að ræða, sem óhjákvæmilega tekur nokkurn tíma.

Þá gerðist það eftir s. l. áramót, er Landssamband ísl. útvegsmanna og sjómannasamtökin innan Alþýðusambands Íslands gerðu með sér heildarsamning um fiskverð o. fl., að samningsaðilar ákváðu að beita sér fyrir því við ríkisstj. og Alþingi, að dánarbætur eftir lögskráða sjómenn skyldu hækkaðar um 100%, og þeirri hækkun yrði komið á með breyt. á lagaákvæðum um slysatryggingu nú á yfirstandandi Alþingi. Tilmæli um þetta hafa síðan komið til félmrn. bæði frá Alþýðusambandi Íslands og Landssambandi ísl. útvegsmanna. Ríkisstj. vill fyrir sitt leyti verða við óskum sjómannasamtakanna og landssambandsins um þetta efni, og frv. það, sem hér liggur fyrir um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, er flutt í því skyni að mæta óskum þessara aðila.

Í frv. felst það, að slysabætur vegna dauða lögskráðra sjómanna, sem greiddar eru í eitt skipti fyrir öll, hækki um 100% frá því, sem nú er. Þá er einnig lagt til, að hækkun þessi gildi frá s. l. áramótum, þannig að þessar hækkuðu bætur greiðist vegna dauðaslysa lögskráðra sjómanna, er átt hafa sér stað eftir s. l. áramót. Þetta þýðir að sjálfsögðu það, að reglum um áhættuiðgjöld verður að breyta frá sama tíma. Það mun að sjálfsögðu valda erfiðleikum og aukinni fyrirhöfn við iðgjaldainnheimtu, sem annars á sér stað fyrir fram. En eins og á stendur, þykir ekki verða hjá því komizt.

Frv. þetta gerir ráð fyrir, að enn breikki bilið milli dánarbóta lögskráðra sjómanna og annarra slysatryggðra manna. Það er að vísu vafasamt og má eflaust um það deila, hvort slíkt sé réttmætt út af fyrir sig. En að svo komnu máli vil ég gera ráð fyrir því, að þeir kunnáttumenn, sem nú fjalla um slysatryggingarnar almennt, muni á sínum tíma leggja til, að bil þetta minnki aftur, með því að hinar

almennu slysa- og dánarbætur verði hækkaðar.

Ég legg til, herra forseti, að þessu máli verði vísað til 2. umr. og heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 25 shlj. atkv.

Á 103. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 304, n. 355).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Frv. er þess efnis, að slysabætur vegna dauða lögskráðra sjómanna, sem greiddar eru í eitt skipti fyrir öll, skuli hækka um 100% frá því, sem nú er.

Um alllangt skeið hefur mönnum verið ljóst, að dánarbætur hér á landi væru í engu samræmi við verðlag í landinu og þyrftu óhjákvæmilega að hækka, enda hafa þær verið lengi óbreyttar. Hefur lengi verið venja, að sérstök lög giltu um dánarbætur sjómanna, og eru fyrir því augljósar og eðlilegar ástæður. Þess vegna kemur fyrst fyrir á þessu þingi frv. til laga um breyt. eða hækkun á dánarbótum til þessarar stéttar.

Í ársbyrjun var gert samkomulag milli Landssambands ísl. útvegsmanna og sjómannasamtakanna um að vinna að því að fá fram þessa hækkun, svo að ég vænti þess, að mál þetta sé með öllu óumdeilt. Vegna þeirra sorglegu viðburða, sem gerzt hafa á þessu ári, er sjálfsagt að láta þessar breyt. gilda frá s. l. áramótum.

Heilbr.- og félmn. hefur fjallað um þetta mál og er sammála um að mæla með samþykkt þess. Tveir nm. voru þó fjarverandi afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 104. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 98. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 100. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Snemma á yfirstandandi Alþingi flutti ég ásamt þeim hv. 5. og hv. 10. landsk. þm. till. til þál. í sameinuðu Alþingi um, að Alþingi fæli ríkisstj. að láta fara fram endurskoðun á ákvæðum almannatryggingalaga um upphæð slysabóta, með það fyrir augum, að slíkar bætur yrðu hækkaðar. Eftir að stjórnarskiptin urðu í vetur og mér hafði verið falin forstaða félmrn., fól ég kunnáttumönnum að endurskoða þessi lagaákvæði almennt. Þar er um að ræða talsvert vandaverk, sem óhjákvæmilega tekur nokkurn tíma.

En svo bar það við, að eftir s. l. áramót, þegar Landssamband ísl. útvegsmanna og sjómannasamtökin innan Alþýðusambands Íslands gerðu með sér heildarsamning um fiskverð og fleira, þá var það eitt atriði samningsins, að samningsaðilar ákváðu að beita sér fyrir því við ríkisstj. og Alþ., að dánarbætur eftir lögskráða sjómenn skyldu hækkaðar um 100% og að þeirri hækkun yrði komið á með lögum á yfirstandandi Alþingi.

Ríkisstj. hefur fyrir sitt leyti viljað verða við óskum sjómannasamtakanna og Landssambandsins um þetta efni, og frv. það, sem hér liggur fyrir og komið er frá hv. Nd., var flutt í því skyni að mæta þessum óskum.

Dánarbætur vegna slysa hafa jafnan verið mjög lágar, og er svo enn og þess vegna ekki furða, þó að sjómenn eða sjómannasamtökin hafi áhuga á því, að þar verði breyting á. En í frv., sem hér liggur fyrir, felst það, að sé um að ræða dauðaslys lögskráðra sjómanna, þá skuli dánarbætur þær, sem nú eru í lögum, hækkaðar um helming eða 100% og að slík hækkun dánarbóta skuli greidd fyrir dauðaslys lögskráðra sjómanna, sem átt hafa sér stað eftir s. l. áramót. Óhjákvæmilegt verður að sjálfsögðu, að slysatryggingaiðgjöld hækki af þessum sökum, en eins og kunnugt er, þá er það útgerðin, útgerðarmenn, sem greiða iðgjöld fyrir þá menn, sem vinna við útgerðina, m. a. fyrir sjómenn.

Með þessu, að hækka nú þessar dánarbætur lögskráðra sjómanna, þá breikkar óhjákvæmilega það bil, sem nú þegar er á milli dánarbóta eftir lögskráða sjómenn og aðra slysatryggða menn, sem vinna í landi. Það má vafalaust deila um það, hvort slíkt sé eðlilegt eða skynsamlegt. En ég vænti þess, að þegar n. sú, sem fjallar um þessi slysatryggingamál almennt, hefur lokið sínu starfi, þá muni fást nokkur leiðrétting á þessu, þannig að slysabætur almennt verði hækkaðar, áður en langt líður. En hér í þessu frv. er einungis um það að ræða að hækka dánarbætur fyrir dauðaslys lögskráðra sjómanna.

Ég tel ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, og ég legg til, herra forseti, að þessu máli verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 15 shlj. atkv.

Á 105. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 304, n. 394).

Frsm. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Hv. heilbr.- og félmn. hefur athugað þetta frv. og mælir einróma með, að það verði samþ. eins og það liggur fyrir. Frv. er flutt af hæstv. ríkisstj. og er afleiðing af gerðum samningi milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna og sjómannasamtakanna, sem gerður var 3. jan. s. l., en þá var svo ákveðið á milli þessara aðila, að þeir skyldu beita sér fyrir því við ríkisstj. og Alþingi, að breyting yrði gerð á yfirstandandi Alþingi á tryggingalöggjöfinni til hækkunar slysabóta sjómannatryggingarinnar um 100%.

Þetta er það, sem felst í frv., og annað ekki, og ég tel ekki ástæðu til að fara um það fleiri orðum.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir nú, er til 2. umr., en rétt á eftir eru á dagskránni brtt. við sömu lög og þetta frv. er brtt. við, og í Nd. er í dag rætt enn eitt frv. um breyt. á sömu lögum, öll á almannatryggingalögunum. Það frv., sem liggur fyrir seinna á dagskránni, er ekki komið enn þá til umr. hér, þótt það liggi fyrir að gera það. Hæstv. ráðh. mun gera grein fyrir því, þegar að því kemur, vona ég, þó að hann sé í Nd. núna.

Nú er spurningin, hvernig á með þetta að fara. Það er alveg sýnilegt, að frv. verða alltaf tvö samþ., annars vegar frv., sem verið er að gera að lögum í dag í Nd., og hins vegar sjálfsagt þetta frv., sem við setjum nú til 3. umr. eftir örfá augnablik. En þá kemur spurningin, áður en það frv., sem við nú ræðum, kemur til 3. umr.: Á þá ekki að reyna að sameina þessi tvö frv., sem við erum með bæði í dag á dagskránni? Ef það er meining hæstv. ríkisstj., að þau fari bæði í gegn, þá er náttúrlega sjálfsagt fyrir n., sem nú fær þetta frv. til meðferðar, sem við nú erum að ræða, að bíða með það, þangað til hún er búin að athuga frv., sem nú kemur frá ríkisstj. og er til 1. umr. hér í dag.

Annars er náttúrlega fyrir neðan allar hellur að láta fyrir sama þingið með dálitlu millibili þrjú frv. til breyt. á einum og sömu lögunum, svo að maður, sem eftir tvö eða þrjú ár vill sjá, hvað eru lög í almannatryggingunum, hann flettir upp þingtíðindum nú í ár og sér, að þarna hefur verið gerð við þau breyting, — en hvernig á honum að detta í hug, að sama þingið hafi verið að leika sér að því að eyða tíma í að gera þrjár brtt. við sama frv. og semja þrjú lög til að breyta þeim?

Ég vil biðja n. að athuga þetta. Ef það er meining hæstv. ríkisstj., að þetta frv., sem hún leggur fram í dag, eigi að fara í gegnum þingið, frumvarp, sem mun hafa í för með sér nokkra milljónatugi í útgjöld, þá þarf að reyna að sameina það þessu frv., sem við erum með núna, og það vil ég biðja n. að athuga vel, áður en hún kemur með þetta frv. aftur til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 106. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 433).

---

17. Fjárlög 1959.

Á 1. fundi í Sþ., 13. okt., var útbýtt:
Frv. til fjárlaga fyrir árið 1959 [1. mál] (stjfrv., A. 1).

Á 3. fundi í Sþ., 20. okt., var frv. tekið til 1. umr. (útvarpsumr.).

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Hv. alþm. hafa nú fengið aðalreikning ríkisins fyrir árið 1957. Vil ég greina frá helztu niðurstöðum, en tel ekki nauðsynlegt að vera langorður um það mál.

Í fjárlögum var rekstrarhagnaður ráðgerður 85 millj., en hefur orðið 63. Gert var ráð fyrir, að rekstrarafgangur mundi duga til þess að standa undir útgjöldum á eignahreyfingum, en vegna þess að rekstrarhagnaður reyndist minni en ráðgert var, hefur orðið nokkur greiðsluhalli á árinu eða um 22 millj. kr. Kemur hér ýmislegt til greina.

Þótt tekjur færu nokkuð fram úr áætlun, urðu þær minni en menn vonuðust eftir. Það er ljóst, að útgjöld fara alltaf eitthvað fram úr áætlun, ekki sízt þegar lögboðnu útgjöldin reynast of lágt áætluð, sem við hefur viljað brenna. Verða tekjurnar þá að fara nokkuð fram úr, til þess að ekki verði halli.

Hér kemur til varðandi tekjurnar 1957, sem raunar var ýtarlega rætt í vetur sem leið í sambandi við efnahagsmálin, að í fyrra varð verulegur aflabrestur og rýrnun á útflutningstekjum. Kom þetta m. a. þannig fram, að sérstaklega dróst saman innflutningur á þeim vörum, sem gefa hæstar tekjur í ríkissjóð.

En hér koma einnig til greina tvö óvenjuleg atvik. Eins og sjá má á útgjöldum til dýrtíðarráðstafana, hafa verið notaðar á árinu 1957 17 millj. kr. umfram það, sem veitt var, til þess að greiða niður vöruverð á því ári. Þessi umframgreiðsla er beinlínis vegna þess, að niðurgreiðslurnar voru auknar á árinu 1957 til þess að reyna að halda vísitölunni í skefjum, en ekki af því, að það hafi verið of lágt áætlaður kostnaður við þær niðurgreiðslur, sem í gildi voru, þegar fjárlögin voru sett, eins og stundum áður. Á þetta var einnig rækilega bent við umræðurnar um efnahagsmálin á s. l. vetri, að lagt hefði verið í

auknar niðurgreiðslur til þess að halda verðlagi niðri, enda þótt það hefði valdið greiðsluhalla hjá ríkissjóði.

Mjög mikið kapp var lagt á að ljúka sementsverksmiðjunni, enda stórfellt tjón, ef hún hefði ekki komizt upp og getað farið að starfa. Var mikils lánsfjár aflað í því sambandi, en með engu móti reyndist fært að afla til verksmiðjunnar alls þess fjár, sem þurfti. Var þá gripið til þess í fyrra, að ríkissjóður lagði til rúmlega 10 millj., svo að verkið stöðvaðist ekki. Verður leitað heimildar til þess að gera þetta fé að stofnláni til verksmiðjunnar.

Þá er þess að geta, að meðalvísitala ársins 1957 var tveim stigum hærri en gert var ráð fyrir í fjárlagafrv., og veldur það rúmlega 4 millj. kr. umframgreiðslum.

Af öðrum umframgreiðslum má nefna:

Á 14. gr., kennslumál, 3 millj. og 600 þús., og eru það launagreiðslur í barnaskólum og héraðsskólum aðallega og annar kostnaður skólanna, sem allt reyndist hærra en fræðslumálastjórnin hafði gert ráð fyrir.

Á 17. gr., til félagsmála, eru umframgreiðslur 3 millj. og 700 þús., og er það sérstaklega vegna mjög mikillar óvæntrar hækkunar á sjúkrasamlagsiðgjöldunum og framlögum ríkisins til sjúkrasamlaga þar af leiðandi.

Á 16. gr. A og B, til landbúnaðar- og sjávarútvegsmála, hafa umframgreiðslur orðið 3 millj. og 50 þús. Jarðræktarframkvæmdir reyndust meiri en áætlað hafði verið. Hlutatryggingasjóður þurfti á meiru að halda samkvæmt lögum en áætlað hafði verið, og mun meira fé var lagt til þess að gera tilraunir með nýjar síldveiðiaðferðir en fjárlög ráðgerðu.

Vegamál fóru 4½ millj. fram úr áætlun, vegaviðhald um 2 millj. rúmar og brúargerðir um 1 millj. og 100 þús., sem ákvarðað var að lokum í samráði við fjvn. að skyldi teljast til útgjalda 1957, en ekki klípast af fjárveitingu til brúa á árinu 1958.

Dómsmála- og lögreglumálakostnaður fór fram úr áætlun um 4 millj. og 900 þús. Er þar fyrst og fremst um að ræða skrifstofukostnað sýslumanna og bæjarfógeta, sem hefur verið hreinlega of lágt áætlaður af dómsmálastjórninni. Enn fremur kostnaður við landhelgisgæzlu um 1 millj. og 100 þús., og koma þar m. a. til greina áhrif frá nýjum kjarasamningum, eftir að gengið var frá fjárlögum.

Þá hefur rekstur flugmála orðið um 5 millj. óhagstæðari en gert var ráð fyrir, og er þar stærsta orsökin sú, að tekjur af Keflavíkurflugvelli hafa orðið stórum minni en vonazt var eftir vegna minni umferðar um völlinn.

Enn fremur hefur útgjaldaáætlun varðandi sumar greinar flugmála reynzt ófullkomin, miðað við óhjákvæmilegan rekstrarkostnað í reynd.

Útgjöld samkvæmt heimildarlögum, sérstökum lögum, þál. og væntanlegum fjáraukalögum urðu 4 millj. og 800 þús. kr. Er þar langstærst einstök fjárhæð 1 millj. og 800 þús. kr., sem greiddar hafa verið til þess að byggja upp hafskipabryggju í Keflavík, sem eyðilagðist og varð að bæta.

Tel ég ekki ástæðu til þess að rekja nánar hér umframgreiðslurnar, en yfirleitt stafa þær af því, að lögboðin útgjöld eða útgjöld, sem óhjákvæmileg eru til þess að halda þeirri þjónustu uppi, sem Alþingi hefur ákveðið, reynast hærri en áætlað hefur verið í fjárlögum.

Eins og ég hef drepið á hvað eftir annað undanfarið, hafa áætlanir frá einstökum starfsgreinum alls ekki reynzt svo ábyggilegar, að viðunandi sé, og þótt ástandið í þeim efnum hafi farið batnandi, er það ekki nógu gott. Er sífellt unnið að því að bæta áætlanirnar og gera þær ábyggilegri.

Ekki er hægt að segja með nokkurri vissu núna, hver afkoma ríkissjóðs verður á þessu ári, sem nú er að líða. En samkvæmt því, sem horfir, geri ég mér ákveðnar vonir um greiðsluhallalausan ríkisbúskap og raunar vonir um, að greiðsluafgangur verði einhver, svo að unnt reynist að greiða hallann frá fyrra ári.

Eins og eðlilegt er, verður mönnum tíðrætt um ríkisbúskapinn og áhrif hans á þjóðarbúskapinn í heild og um það, hvernig til tekst um þennan mikilsverða þátt. Í sambandi við undirbúning fjárlaga að þessu sinni gerði ég nokkra athugun á helztu niðurstöðum í ríkisbúskapnum á undanförnum árum. Miða ég þennan samanburð við árslok 1949 að öðru leyti og á hinn bóginn við árslok 1957, en lengra ná ekki, eins og gefur að skilja, fullgerðir reikningar. Þykir mér rétt að greina hér frá nokkrum höfuðatriðum í þessu sambandi.

Skuldir þær, sem ríkissjóði er sjálfum ætlað að standa straum af, að frádregnum sjóðum og innstæðum, hafa lækkað um rúmlega 20 millj. á þessu tímabili, og hefur þó ríkissjóður tekið að sér samkvæmt ákvörðunum Alþingis ýmsar skuldir annarra stofnana, og má í því sambandi nefna t. d. 33 millj. vegna íbúðarlánasjóðs.

Nettó-eign ríkisins hefur á þessum árum aukizt um 780 millj. kr.

Af greiðsluafgangi hefur verið úthlutað á þessu tímabili samkvæmt sérstökum lögum 133 millj. Hefur því fé verið þannig varið: Til ræktunarsjóðs, byggingarsjóðs og veðdeildar Búnaðarbankans 52 millj., til íbúðarlánasjóðs, smáíbúðalána, verkamannabústaðalána, fiskveiðasjóðs og atvinnuleysistryggingasjóðs 52 millj., til þjargráðasjóðs 10½ millj. og til ýmissa annarra framkvæmda 18 millj.

Þessi úthlutun á greiðsluafgangi hefur átt stórfelldan þátt í þeim miklu framförum í sveitum og í kauptúnum og kaupstöðum, bæði í atvinnumálum og byggingarmálum, sem orðið hafa á þessu tímabili. Útihúsabyggingar og ræktun í sveitum, íbúðabyggingar og bátakaup í kauptúnum og kaupstöðum hefðu orðið svipur einn hjá sjón undanfarin ár, ef ríkissjóður hefði ekki reynzt þess megnugur að leggja fram fé í þessu skyni.

Á þessum árum, árunum 1950—1957, hefur Alþingi ákveðið mörg stórfelld nýmæli og aukið í mörgum greinum þjónustu við almenning.

Allt hefur þetta kostað stórfé umfram það, sem áður tíðkaðist. Ég nefni t. d., án þess að þar sé um nokkra tæmandi upptalningu að ræða:

Rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa hefur verið tekinn upp og framlög til stofnkostnaðar sjúkrahúsa stóraukin.

Ákveðið að greiða þeim sjúkrastyrk, sem haldnir eru ellisjúkdómum og á sjúkrahúsum liggja.

Framlög til almennra sjúkratrygginga og ellitrygginga stóraukin.

Fjölskyldubætur auknar.

Atvinnuleysistryggingar teknar upp.

Flugþjónusta ríkisins mjög aukin.

Stóraukin framlög til vísindastarfa í þágu atvinnuveganna, landbúnaðar, sjávarútvegs og iðnaðar, og framlög til fiskimiðaleitar og annarrar þjónustu við sjávarútveginn stóraukin.

Skólakostnaður færður í vaxandi mæli yfir á ríkið.

Jarðræktarframlög aukin og stuðningur við nýbýlamenn.

Hlutatryggingasjóður hinn nýi stofnsettur.

Iðnfræðslan færð yfir á ríkið til jafns við gagnfræðanám.

Framlög til raforkumála margfölduð, enda sér þess merkin í stórfelldum framkvæmdum.

Atvinnuaukningarfé tekið á fjárlög, og hefur atvinnuaukningarféð átt mjög ríkan þátt í uppbyggingunni úti um land undanfarin ár.

Ríkisábyrgðir til stuðnings atvinnuvegunum stórauknar.

Verklegar framkvæmdir yfirleitt mjög auknar frá því, sem áður hafði verið.

Af þessum dæmum er augljóst, að Alþingi hefur á þessum árum aukið mjög mikið stuðning sinn við atvinnu- og framleiðslulífið í landinu, verklegar framkvæmdir og þjónustu fyrir landsmenn í fjölmörgum greinum. Sumir af hæstu liðum fjárlaganna, eins og framlög til atvinnuleysistrygginganna og atvinnuaukningarfé, hafa t. d. komið til sögunnar að nýju á þessum árum. Hefur þessi stórsókn í atvinnumálum, samgöngumálum, heilbrigðismálum og félagsmálum að sjálfsögðu kostað stórfé úr ríkissjóði, sem ekki er í skuld, heldur greitt. Á máli lýðskrumaranna heitir þetta á hinn bóginn bara gífurleg aukning ríkisútgjaldanna.

Þá kem ég að tekjuöflun og þróuninni í þeim málum, og miða ég þá við ástand þeirra mála, eins og það var 1949 annars vegar og er á þessu ári hins vegar. Geri ég þetta vegna þess, að annars mundi sagt verða, að ekki væri gefin mynd af ástandi þeirra mála eins og það er nú.

Beinir skattar hafa verið lækkaðir jafnt og þétt á þessu tímabili. Vil ég í því sambandi nefna: Árið 1950 voru sett lög um lækkun skatta á lágtekjum. Árið 1954 var sparifé gert skattfrjálst. Árið 1954 voru sett ný skattalög og tekjuskattur annarra en félaga lækkaður stórkostlega, eða um 29% að meðaltali. Fiskimenn fengu þá ný frádráttarhlunnindi og sömuleiðis giftar konur, sem leggja í kostnað vegna vinnu utan heimilis. 1956 var tekjuskattsviðauki félaga felldur niður. 1957 var enn lækkaður skattur á lágtekjum og aukinn skattfrádráttur til handa skipverjum á fiskiskipum.

Nú á þessu ári, 1958, var sett ný löggjöf um skattgreiðslur félaga, þar sem stighækkandi skattur á þeim var afnuminn, en lögfest jafnt skattgjald af skattskyldum tekjum félaganna. Í reyndinni verða þessi nýju skattalög stórfelldur stuðningur við atvinnureksturinn í landinu. Þá var enn á þessu ári lækkaður skattur á lágtekjum og aukinn sérstakur frádráttur fiskimanna; enn fremur leyfður meiri frádráttur á lífeyrissjóðsútgjöldum manna en áður var. Loks var á þessu ári sett merk löggjöf um skattamál hjóna, þar sem sérákvæði eru lögleidd, þegar svo stendur á, að bæði hjónin vinna fyrir skattskyldum tekjum. Er hér um réttlætismál að ræða, sem vandasamt var að finna heppilega lausn á. Er það von mín, að sú lausn, sem varð á þessu ári, reynist sanngjörn og réttmæt. Talið var af mörgum, að gamla löggjöfin væri farin að koma í veg fyrir stofnun hjúskapar, þegar svo stóð á, að bæði hjónaefnin höfðu hugsað sér að afla skattskyldra tekna. Hafi svo verið, þá vona ég, að nú fjölgi farsælum hjónaböndum.

Oft og að vonum er rætt um nauðsyn þess að búa vel að fiskimönnum í skattalegu tilliti. Mér þykir því rétt að gefa eftirfarandi yfirlit um þróun þeirra mála á þessu tímabili. Er þá miðað við skattgreiðslur fiskimanna árin 1940—50 annars vegar, en á hinn bóginn skattgreiðslur fiskimanna samkvæmt nýsettri löggjöf. Er þá miðað við fiskimann, sem er kvæntur og með tvö börn á framfæri og er á sjó 10 mánuði ársins, og er það raunar mikið úthald. Samanburðurinn er þessi:

Ef um 40 þús. kr. tekjur er að ræða, var tekjuskattur eftir gamla laginu 826 kr., en nú enginn.

Ef um 50 þús. kr. tekjur var að ræða, var tekjuskattur eftir gamla laginu 1523 kr., en núna 107 kr. Lækkun 1416 kr.

Ef um 60 þús. kr. tekjur er að ræða, var tekjuskatturinn 2702, en er nú 289 kr. Lækkun 2413 kr.

Ef um 70 þús. kr. tekjur er að ræða, var tekjuskatturinn 5411 kr., en er núna 1086. Lækkun 4325.

Ef um 80 þús. kr. tekjur er að ræða, var skatturinn 9483 kr., er núna 1757 kr. Lækkun 7726 kr.

Ef um 100 þús. kr. tekjur er að ræða, var skatturinn 18283, er núna 4393. Lækkun 13890 krónur.

Ef um 120 þús. kr. var að ræða, var skatturinn 28437, er núna 8999, eða lækkun 19438.

Eins og fram kemur af framansögðu, hafa beinir skattar til ríkissjóðs verið lækkaðir stórkostlega á þessum árum, enda orðnir lágir, eða alls engir á lægri tekjum. Tel ég samt sem áður, að keppa ætti að því að lækka tekjuskattinn enn meira og leita heldur annarra ráða í staðinn.

Framlög ríkissjóðs til framkvæmda og þjón-

ustu í ótal greinum hafa verið aukin stórkostlega á þessu tímabili. Hagur ríkissjóðs hefur samt batnað og miklu fé verið úthlutað af greiðsluafgangi til stuðnings almennri lánastarfsemi. Það er því óhugsandi annað en óbeinar álögur hafi aukizt til þess að vega á móti lækkun beinna skatta og stórfelldum nýjum lögboðnum útgjöldum. Þar hafa þessar breytingar orðið helztar:

Til lækkunar: Kaffi- og sykurtollur var afnuminn 1952. Veitingaskattur var afnuminn 1954. Tollar af iðnaðarhráefnum voru lækkaðir 1954. Söluskattur í smásölu var afnuminn 1956.

Til aukningar ríkistekjum í krónutali hafa þessar ráðstafanir orðið: Bifreiðaskattur, stimpilgjald, aukatekjur, vörumagnstollur og gjöld af innlendum tollvörutegundum, en þessi gjöld eru miðuð við magn, en ekki verðmæti, hafa verið hækkuð í krónutölu, en hvergi meira en sem svarar almennri verðhækkun í landinu og í ýmsum dæmum minna. Söluskattur álagður við innflutning var árið 1951 hækkaður úr 6.6% í 7.7%. Verðtollsviðauki var hækkaður úr 65% í 80% árið 1956. Dýrtíðargreiðslur voru færðar yfir á útflutningssjóð 1958. Yfirfærslugjald bættist inn í tollverð vara á þessu ári.

Niðurstöður af athugunum á ríkisbúskapnum 1949—57 verða þessar að mínu viti:

1) Alþingi hefur á þessum árum sett margvíslega nýja löggjöf um nýja þjónustu til handa almenningi og atvinnulífi landsins og stóraukið árlega framlög til verklegra framkvæmda. Eru þannig m. a. nýtilkomnir á þessu tímabili sumir af stærstu útgjaldaliðum fjárlaganna, eins og ég benti á áðan.

2) Beinir skattar hafa verið lækkaðir stórkostlega og með margvíslegu móti.

3) Óbeinir skattar hafa á hinn bóginn verið hækkaðir til þess að mæta lækkun beinna skatta og standa undir kostnaði við hina nýju þjónustu.

4) Hagur ríkissjóðs hefur batnað á þessu tímabili, skuldir að frádregnum innstæðum lækkað þrátt fyrir stórkostlega almenna verðhækkun á þessum árum og hrein eign ríkissjóðs meira en fjórfaldazt að óbreyttu mati fasteigna.

5) Af greiðsluafgangi hefur á þessum árum verið ráðstafað með sérstökum lögum á annað hundrað millj., og hefur það fé orðið undirstaða margháttaðra framfara.

Mundi hafa verið ólíkt um að litast nú í sveitum og sjávarplássum landsins, ef ríkissjóður hefði ekki verið þess megnugur að leggja fram til lánsstofnana stórfé aukalega af afgangi á þessum árum. Þetta fé hefur orðið undirstaða byggingar og ræktunar í sveitum, bátakaupa og íbúðarhúsabygginga í kauptúnum og kaupstöðum.

Ég vil þá fara nokkrum orðum um ýmsar meiri háttar fjárfestingarframkvæmdir, sem ríkið hefur afskipti af beint og óbeint og öflun fjár í því sambandi.

Eins og alþjóð er kunnugt, tókst að afla erlends lánsfjár fyrir miklum hluta af kostnaði við Sogsvirkjunina nýju, en hún er eitt hið mesta mannvirki, sem Íslendingar hafa ráðizt í. Þegar ég ræddi það mál síðast á Alþingi, var þó ekki búið að fá fjármagn til þess að standa undir öllum kostnaðinum. Hefur nú tekizt að afla til viðbótar enn nokkurs lánsfjár í Bandaríkjunum til þess að standa undir innlendum kostnaði við virkjunina. Þó er eftir að afla verulegra fjármuna enn til þess að standa undir innlendum kostnaði. Hefur ekki tekizt að ráða fram úr því til fulls enn þá. Er það til marks um, hve erfitt er að afla fjár hér innanlands til þess að standa undir stórum framkvæmdum, að þetta skuli ekki enn hafa tekizt. Er verið að reyna að finna leiðir í málinu. Mun ég ekki ræða það frekar að sinni.

Mestu máli skiptir þó, að Sogsvirkjunin er tryggð þrátt fyrir allt með hinum stórfelldu erlendu lántökum, sem um hefur verið samið.

Á þessu ári hefur verið tekið lán í Bandaríkjunum að fjárhæð sem svarar tæplega 82 millj. ísl. kr. og annað lán í Vestur-Þýzkalandi samsvarandi tæplega 33 millj. ísl. kr. Nema þessi lán samtals um 114 millj. Þessi fjárhæð hefur verið notuð til þess að standa undir stofnkostnaði sementsverksmiðjunnar og raforkuframkvæmdum dreifbýlisins, enn fremur til þess að lána ræktunarsjóði og fiskveiðasjóði. Fór allt þetta fé til þess að mæta fjárþörf þessara stofnana á árinu 1957. Hafa þessar lántökur haft mjög mikla þýðingu fyrir þjóðarbúskapinn.

Eins og ég greindi frá í fjárlagaræðu minni í fyrra, þurfti á miklu fjármagni að halda í þessu skyni og fyrirsjáanlegt, að ef ekki ætti að verða stöðvun á framkvæmdum í ræktun og byggingum í sveitum, á báta- og skipakaupum, raforkuframkvæmdum í dreifbýlinu og byggingu sementsverksmiðjunnar, mundi þurfa stórfé bæði vegna kostnaðar 1957 og einnig á þessu ári til þessara framkvæmda og stofnana. Var alveg óljóst þá, hvernig hægt mundi verða að ráða fram úr þessu.

Nú er þess á hinn bóginn að geta, að þegar nýju efnahagsráðstafanirnar voru gerðar s. l. vor, var ákveðið að greiða 55% yfirfærsluuppbót á mestallan gjaldeyri, sem inn kæmi og ekki ætti rétt til hærri uppbóta samkvæmt ákvæðum laganna.

Þegar þessi nýju lög komu í gildi, var ekki búið að færa heim þetta erlenda lánsfé, þótt búið væri að lána út á það fyrir fram hér innanlands til þess að styðja þær stofnanir og framkvæmdir, sem ég nefndi. Þetta þýðir, að á þetta lánsfé koma yfirfærsluuppbætur á þessu ári. Það drýgist í meðförunum hér innanlands um nálega 62 millj. kr.

Þótt fresta yrði nokkrum raforkuframkvæmdum, sem fyrirhugaðar voru, vegna fjárskorts, verður unnið að raforkuframkvæmdum í dreifbýlinu á þessu ári meira en nokkru sinni fyrr. Vantar mikið fé til þess að ná þar saman endunum, m. a. vegna þess, að halda varð áfram byggingu aflstöðvar fyrir austan og vestan með fullum hraða.

Haldið var áfram með sementsverksmiðjuna, enda ekki um annað að ræða, þar sem stórtjóni

hefði valdið, ef ekki hefði verið hægt að ljúka henni. Hefur það kostað verulega fjármuni umfram það, sem búið var að afla. Nú er þetta glæsilega fyrirtæki á hinn bóginn komið af stað. Framleiðslan gengur ágætlega og er drjúgt innlegg í þjóðarbúið.

Bygging útihúsa og ræktun hefur haldið áfram með jöfnum hraða, og haldið hefur verið áfram bátakaupum með eðlilegum hætti, en ræktunarsjóð og fiskveiðasjóð vantar fé til þess að geta staðið undir stofnlánum. Þarf því stórfé til þess að leysa þessi mál enn sem fyrr. Of snemmt er að fullyrða, hvernig verður ráðið fram úr þessum vanda í einstökum atriðum, þ. e. aflað fjár til þess að greiða til fulls stofnkostnað raforkumálanna, stofnkostnað sementsverksmiðjunnar og fullnægja á svipaðan hátt og áður nú um sinn útlánaþörf ræktunarsjóðs og fiskveiðasjóðs.

Augljóst er, að gripa verður til þessara rúmlega 62 millj. kr. í því sambandi, sem hin erlendu lán drýgjast um vegna nýju laganna. Ekkert verður um það fullyrt, hvort hægt verður með því að leysa þessi mál til fulls eða ekki, þar sem ekki er hægt að segja í dag með neinni nákvæmni, hvað til muni þurfa.

Ástæða er til að vekja athygli á því, að ráðstafanir þær í efnahagsmálum, sem gerðar voru á s. l. vori, hafa forðað frá stórfelldum samdrætti framkvæmda í öllum þessum greinum, eins og augljóst má verða af því, sem ég þegar hef sagt, því að eigi verður séð, hvernig hægt hefði verið að afla fjár til þeirra, ef þessar ráðstafanir hefðu ekki komið til.

Það er svo annað mál, hvernig unnt verður að afla fjár til þessara mála á næsta ári og næstu árum. Sementsverksmiðjunni er að vísu lokið, en þó er eftir að byggja þar pökkunarstöð. En þá eru það togarakaupin, raforkuáætlunin, ræktunarsjóður og fiskveiðasjóður og svo hafnargerðir, sem ríkisstj. hefur lýst yfir að gangi næst þessum framkvæmdum í sambandi við útvegun erlendra lána. Mun ég ekki ræða þau mál frekar hér að sinni.

Þá er þess að geta, að samningar hafa verið gerðir um viðauka við viðskipta- og greiðslusamninginn við Sovétríkin, að þau greiði út af vöruskiptareikningi Íslands um 50 millj. kr. og auki yfirdrátt á þeim reikningi sem því svarar. Er þetta andvirði hinna 12 stóru fiskiskipa, sem nú fara senn að koma fullsmíðuð frá Austur-Þýzkalandi. Fé þetta á að endurgreiðast á 12 árum með 2½% vöxtum.

Full ástæða er til þess að minna á, að á þessu ári hefur merkum áföngum verið náð í framkvæmdum ríkisins.

Sementsverksmiðja ríkisins er farin að framleiða. Frá upphafi Íslandsbyggðar hefur það verið einn veikasti hlekkurinn í þjóðarbúskapnum, að sækja hefur þurft meginhluta hins varanlega byggingarefnis til annarra landa. Má nærri geta, hvílíkur fjötur þetta hefur verið þjóðinni um fót alla tíð. Það verður því að teljast með merkari atburðum í atvinnusögu landsins, að sementsverksmiðju hefur verið komið á fót og að nú er hægt að framleiða innanlands úr innlendum hráefnum þetta höfuðefni til margháttaðra framkvæmda. Er rík ástæða til þess að fagna þessum mikla sigri.

Þá er rétt að minna á, að á þessu ári hefur einnig verið lokið við að byggja tvö mikil raforkuver, annað fyrir austan og hitt fyrir vestan, Grímsárvirkjun og Mjólkárvirkjun. Á Grímsárvirkjun að framleiða 2800 kw og Mjólkárvirkjun 2400 kw. Eiga þessar stöðvar ásamt varastöðvum í sambandi við þær að sjá fyrir nægilegri raforku í þessum landshlutum, og í báðum héruðunum eru miklir möguleikar til þess að auka framleiðslu raforku, eftir því sem reynslan sýnir þörf á.

Bygging þessara aflstöðva veldur tímamótum í þessum byggðarlögum. Verður unnið að því bæði þar og annars staðar að leggja línur út frá aflstöðvunum, eftir því sem fjármagn og aðstaða leyfir. Er að sjálfsögðu nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, að slíkt verður að gera í áföngum og óhjákvæmilega á löngum tíma, því að þess er enginn kostur, að við það verði ráðið með öðrum hætti.

Er ánægjulegt að minnast þess, hversu stór skref þegar hafa verið stigin á örstuttum tíma í raforkumálum dreifbýlisins. En óhjákvæmilegt er um leið að minna á, að þessi risaskref hafa reynt mjög á þjóðarskútuna og fjáröflun verið ákaflega erfið.

Ég efast um, að við gerum okkur hversdagslega grein fyrir því, hvílík risaskref stigin hafa verið nú síðustu missirin í raforkumálum dreifbýlisins. Nú í árslokin var búið að verja til áætlunarinnar 371 millj. Til samanburðar má geta þess, að sú fjárhæð svarar til samanlagðs stofnkostnaðar beggja virkjananna við Sogið, Írafossvirkjunarinnar og þeirrar nýju, sem nú er í smíðum, og vel það. En Sogsvirkjanirnar eru hvor um sig stærstu og dýrustu mannvirki, sem Íslendingar hafa ráðizt í, hvor um sig enn þá meira mannvirki en áburðar- og sementsverksmiðjan. Hér hefur því ekki verið um neitt smáátak að ræða í raforkumálum dreifbýlisins.

Á þessu ári einu verður varið 113 millj. kr. í áætlunina, og er það miklu hærri fjárhæð en nokkru sinni verður á einu ári varið til Sogsvirkjunarinnar, sem nú er í smíðum.

Þetta verða menn að vita sem gleggst til þess að geta metið það, sem er að gerast. Það er augljóst, að það er ekki mögulegt að fara jafnhratt á næstunni í þessum málum og gert hefur verið um sinn, ómögulegt að útvega svo mikið fjármagn. En áfram verður að sækja sem djarflegast, því að þörfin er mikil.

Þá er þess að minnast, þegar um framkvæmdir er rætt, og yfir því að gleðjast, að á næstu mánuðum bætast í fiskiskipaflotann 12 250 smálesta fiskiskip, hið fyrsta eftir nokkra daga og svo hvert af öðru. Verða þessi glæsilegu skip myndarleg viðbót við flotann og munu dreifast víðs vegar um landið. Verið er að vinna að kaupum stórra togara og fjáröflun í því skyni.

Þegar minnzt er á þau stórvirki, sem verið er að vinna, og rætt um fjáröflun til þeirra,

hlýtur mönnum að koma í hug það, sem kalla mætti kímnihlið þessara mála. Reynt hefur verið að útvega lánsfé til framkvæmda, eftir því sem hægt hefur verið. Þegar byrjað er á framkvæmdum eða þegar þeim er lokið, gera menn sér oft dagamun og halda þá ræður. Á þessum tyllidögum eru skuldirnar, sem stofnað er til vegna framkvæmdanna, kallaðar lán og útgjöldin, sem þær valda, kölluð fjárveitingar. Þykist þá hver mestur, eins og gengur, sem með einhverju móti getur talið sig hafa verið riðinn við að útvega lán eða fjárveitingar. Keppir þar hver við annan, og er af því öllu mikil saga. En á virkum dögum horfir þetta dálítið öðruvísi við. Þá heita lánin bara skuldir og fjárveitingarnar útgjöld, og þá þarf ekki að fara í grafgötur um, hver það er, sem stofnað hefur til skuldanna og útgjaldanna. Það er ólíklegt annað en að mörgum finnist sumt af því, sem um þetta er ritað, góður viðauki við kímnibókmenntir þjóðarinnar, enda raunar engin vanþörf á því í sjálfu sér að auka við þær, því að í þeim efnum höfum við oft búið við nokkra fátækt. Er því sérstök ástæða til þess að gleðjast yfir því, að ýmsir leggja sig svo fram þeim til eflingar, og ekki minnkar skemmtigildi þessa ritaða máls neitt við það, þótt því sé víst ekki öllu beinlínis ætlað að lenda í þeirri bókmenntagrein. Þvert á móti mætti segja, að það geri þetta mál allt saman enn kátlegra og auki á skemmtan þá, sem af því má hafa, ef það er skoðað í réttu ljósi.

Ég vil nota tækifærið til þess að rifja það upp, sem áður hefur komið fram, að nú hafa á tveimur árum verið tekin opinber lán erlendis, sem nema samtals um 351 millj. ísl. kr. Er þá ekki talið með lán, sem Flugfélag Íslands hefur tekið, 33 millj. til flugvélakaupa, og ekki andvirði austur-þýzku skipanna tólf, enda ekki byrjað að draga á viðskiptareikning okkar í Sovétlýðveldunum þeirra vegna, þótt samið hafi verið um það, eins og ég greindi frá áðan. Opinberu lántökurnar sundurliðast þá þannig:

Bandarískt lán 65.3 millj. kr. til ræktunarsjóðs, raforkusjóðs, fiskveiðasjóðs og sementsverksmiðjunnar.

Vestur-þýzkt lán 17.6 millj. kr. til flökunarvélakaupa.

Vestur-þýzkt lán 6.7 millj. kr. til Akraneshafnar.

Bandarískt lán 81.6 millj. kr. til Sogsvirkjunar og raforkusjóðs.

Bandarískt lán 36.4 millj. kr. vegna Sogsvirkjunarinnar.

Bandarískt lán 81.6 millj. kr. til raforkusjóðs, sementsverksmiðju, ræktunarsjóðs og fiskveiðasjóðs.

Vestur-þýzkt lán 32.9 millj. kr. til raforkusjóðs, sementsverksmiðju, ræktunarsjóðs og fiskveiðasjóðs.

Bandarískt lán 27.7 millj. kr. til Sogsvirkjunarinnar og rafmagnsveitna ríkisins.

Og loks svissneskt lán 1.9 millj. kr. til frystihúsa og fleiri framkvæmda.

Samtals er þetta 351 millj. kr.

Talsvert hefur verið rætt fram og aftur um þessa lántöku, eins og gengur, og sumt af því býsna kátlegt. Stundum hefur því verið haldið fram, að núverandi ríkisstj. ætti ekki aðgang að nógu miklu lánsfé og ekki eins miklu lánsfé og aðrir hefðu átt aðgang að. Síðan er í sömu andránni talað um hina stórhættulegu skuldasöfnun erlendis og eyðslulán í því sambandi.

Ég hef nú gert grein fyrir því, hverjar þessar lántökur eru og til hvers fénu hefur verið varið. Væri mjög æskilegt, að þeir, sem talað hafa og tala um hættulegar lántökur og eyðslulán, gerðu grein fyrir því, hverjar af þessum framkvæmdum, sem ég hef getið í sambandi við lántökurnar, þeir telja til eyðslu.

Ég hef bent á undanfarið, að þessar lántökur eru óvenjulega stórfelldar og að við getum ekki gert ráð fyrir því að taka á næstunni svo há erlend lán, jafnvel til svo nauðsynlegra framkvæmda.

Rifjast upp í þessu sambandi okkar aðaláhyggjuefni og höfuðhætta í efnahagsmálum, hin litla lánsfjármyndun innanlands. Kemur þar margt til greina. Fólk vill ekki leggja fyrir fjármuni sína vegna verðbólguhættunnar, en vill festa allt fé strax í því, sem kallað er raunveruleg verðmæti. Sé ég ekki annað en við verðum að fara í vaxandi mæli inn á þá braut að verðtryggja sparifé, ef ekki fæst samkomulag um að hverfa frá vísitölukerfinu í kaupgjalds- og afurðamálum. Yrði þá líka að setja vísitöluákvæði á lánsfé, a. m. k. á lánsfé til lengri tíma.

Hér kemur einnig til, hversu erfitt stofnunum og fyrirtækjum hefur verið gert að eignast fjármagn. Er þar gleggsta dæmið um Sogsvirkjunina, sem er í raun og veru með lögum bannað að eignast nokkurn eyri og getur þess vegna aldrei byggt sig upp eða aukið af eigin rammleik að óbreyttum lögum. Er þar þó um að ræða eitt hið mesta fyrirtæki landsins. Afleiðingin er, að alltaf þegar þarf að auka raforkuframleiðsluna, verður að byggja allt á lánum, og ef þau fást ekki í tæka tíð, þá er voðinn vís. Þessu þarf að breyta, að sínu leyti eins og skattalögunum var breytt á síðasta þingi, til þess að auðvelda eðlilega fjársöfnun fyrirtækja og félagssamtaka.

Vaxandi lífeyrissjóðir og tryggingasjóðir geta orðið öflug undirstaða fjársöfnunar, enda séu slíkir sjóðir byggðir á raunverulegri fjársöfnun. Atvinnuleysistryggingasjóður hefur þegar orðið mikil lyftistöng í þessu tilliti, auk þess sem hann er ómetanleg trygging fyrir verkafólk. Lífeyrissjóður togarasjómanna hefur verið stofnaður, og hann er byggður á fjársöfnun. Vil ég í þessu sambandi leyfa mér að minna á þáltill., sem framsóknarmenn fluttu á Alþingi 1956 um að athuga möguleika á því að byggja upp lífeyrissjóð þeirra stétta, sjómanna, bænda, verkamanna og annarra, sem ekki njóta lífeyristrygginga hjá sérstökum lífeyrissjóðum. Síðan hefur lífeyrissjóður togaramanna verið settur upp og hillir undir fleiri. Þannig þarf að halda áfram.

En verði vísitölukerfið notað áfram á sama hátt og verið hefur og verðbólguhjólið þar með

látið snúast áfram, þá verður að setja verðtryggingu á innstæður og útlánafé slíkra sjóða og annan hliðstæðan sparnað. Menn hljóta að sjá þann bráða voða, sem af því hlýtur að stafa, ef áfram á að velta verðbólguhjólinu og allir eiga að fá sinn hlut bættan jafnóðum nema þeir einir, sem leggja fé til hliðar í lánsstofnanir eða í tryggingasjóði til ellinnar.

Áður en ég kem að sjálfu fjárlagafrv., mun ég fara fáeinum orðum um ástandið almennt í atvinnu- og efnahagsmálum.

Það er kunnara en upp þurfi að rifja, að allt frá því á stríðsárunum og sérstaklega frá 1942 hefur verið varanlegt verðbólguástand, þó nálgaðist jafnvægi í þjóðarbúskapnum um tveggja ára skeið. Þegar núv. ríkisstj. tók við 1956, var þannig ástatt, að framleiðslan bjó við stórfellt uppbótakerfi, vísitöluskrúfan var í fullum gangi, gífurlegur halli fyrirsjáanlegur fram undan á öllum atvinnurekstri og ríkisbúskap.

Ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar hlutu að gera ráðstafanir þegar haustið 1956 til þess að halda framleiðslunni gangandi. Varð ofan á að lappa upp á gamla uppbótakerfið, en breyta þó nokkuð til. Náðist samkomulag við launastéttirnar og framleiðendur um að falla frá hækkun á kaupgjaldi og verðlagi, sem svaraði 6 stigum í vísitölu, og dró það mjög úr veltu verðbólguhjólsins um stund. Mun víst enginn hafa séð eftir því, að þetta var gert, eða talið tjón af því, nema þá stjórnarandstæðingar, sem reyndu að spilla því, að þetta samkomulag næðist.

Ekki var búizt við því, að ráðstafanirnar haustið 1956 gætu valdið stefnuhvörfum. Kom það einnig í ljós s. l. haust, þegar yfirlit náðist um afkomuhorfur framleiðslunnar og þjóðarbúskapinn, að tekjur til þess að standa undir uppbótum og ríkisbúskap höfðu verulega brugðizt vegna aflabrests og sakir þess, að of mikið var treyst á tekjur af innflutningi miður nauðsynlegra vara. Varð þá augljóst, einnig vegna aukins framleiðslukostnaðar, að enn varð að gera nýjar ráðstafanir, ef framleiðslan og þjóðarbúskapurinn ættu að geta gengið hindrunarlaust. Var gerð mikil úttekt á þessum málum öllum. Sýndi sig við þá álitsgerð, sem færir hagfræðingar gerðu, að til viðbótar þurfti enn að bæta stórkostlega hlut framleiðslunnar. Sýndi það sig, að afla hefði þurft 200—300 millj. kr. nýrra tekna til þess að geta haldið áfram með gamla laginu.

Jafnframt þessu varð æ ljósara, að stórfelldar hættur fylgdu uppbótakerfinu í þeirri mynd, sem það var þá. Uppbætur voru ákaflega misjafnar til einstakra atvinnugreina, og sumar urðu að búa við nær engar eða jafnvel engar uppbætur. Misræmið í verðlagi var af þessum sökum orðið óbærilegt og stórfelld hætta á því, að einstakar þýðingarmiklar greinar þjóðarbúskaparins drægjust saman eða vesluðust upp með öllu vegna þessa ósamræmis. Átti þetta bæði við einstakar greinar útflutningsframleiðslunnar og ekki síður einstaka þætti iðnaðarins og margvíslega þjónustu. Má þar nefna siglingar, skipasmíðar, járniðnað, og svo mætti lengi telja þær atvinnugreinar, sem þrengt var að með gamla uppbótakerfinu. Það var því enn ljósara en nokkru sinni fyrr, að óhugsandi var að halda þannig áfram.

Eftir miklar athuganir, eins og gerist og gengur, varð ofan á að fara nýjar leiðir, án þess þó að kasta fyrir borð öllum framleiðsluuppbótum. Höfuðatriði þessarar nýju leiðar var að lögfesta 55% yfirfærslugjald með nokkrum undantekningum, greiða uppbætur framvegis á allan útflutning og nær allar gjaldeyristekjur, nokkuð mismunandi þó, en miklu jafnari en áður hafði tíðkazt.

Segja má með fullum sanni, að með þessu hafi í raun réttri verið stigið skref út úr uppbótakerfinu. Með þessu var mörgum framleiðslu- og atvinnugreinum bjargað frá samdrætti og stöðvun og þjóðinni frá þeim voða, að tekjur hennar drægjust stórlega saman og lífskjörin versnuðu vegna hins gífurlega ósamræmis, sem farið var að kreppa ískyggilega að einstökum greinum.

Þessar ráðstafanir voru mjög til hagsbóta framleiðslunni yfirleitt, enda hefur hún víst sjaldan verið rekin af meira fjöri en síðan þessi nýju lög voru sett. Benti ég á það rækilega í fyrravetur og margir aðrir, að hvað sem öllu öðru liði, þá væri þessi breyting svo þýðingarmikil og bjargaði frá svo bráðum voða, að hennar vegna væri sú úrlausn, sem þá var gerð, merkilegt nýmæli og þess verð, að fyrir henni væri barizt. Mundi þessi þáttur málsins halda gildi sínu, jafnvel þótt verðbólguhjólið sjálft yrði látið velta áfram og öðruvísi kynni að fara um önnur atriði málsins en til var ætlazt, þegar ráðstafanirnar voru gerðar.

Á hinn bóginn var það augljóst, að öllum ráðstöfunum, sem til greina gátu komið, hlutu að fylgja verulegar verðhækkanir. Jafnvel þeirri leið að skipta um mynt og lækka allar tölur hlutu einnig að fylgja verðhækkanir í hlutfalli við gjaldeyrisverð, kaupgjald og innanlandsverðlag.

Almenn gagnrýni stjórnarandstæðinga út af verðhækkunum í sambandi við nýjar ráðstafanir í þessu efni hefur því aldrei verið annað en markleysa. Augljóst mál er, að þótt þeir hefðu átt málum að skipa, hefðu aldrei getað orðið minni verðhækkanir en efnahagslögin gerðu ráð fyrir, en væntanlega miklu meiri hækkanir, ef nokkuð er að marka tal þeirra um, að í stað þeirra ráðstafana, sem gerðar voru, hefði átt að stíga alla leið út úr uppbótakerfinu í einu skrefi. En því hefðu fylgt miklu meiri verðhækkanir en urðu í sumar. Raunar dettur víst engum með óbrjáluða dómgreind í hug, að þeir hafi búið yfir nokkrum heppilegri úrræðum eða haft nokkra minnstu möguleika til þess að hafa sterkari hemil á þessum málum en raun hefur á orðið, og því máske óþarft að minna á þetta.

Ráðstafanir í efnahags- og framleiðslumálum á s. l. vori voru miðaðar við, að uppbæturnar mundu duga framleiðslunni og fjáröflunin ríkisbúskapnum, ef grunnkaup almennt hækkaði um 5%, eins og lögfest var sem einn þáttur í málinu. Jafnframt var greinilega tekið fram,

að hækkaði grunnkaup almennt meira, mundi það kalla á nýjar ráðstafanir vegna framleiðslunnar. Á móti þessari 5% kauphækkun var 9 stiga hækkun á vísitölunni látin niður falla við mælingu á kaupgjaldi og afurðaverði.

Hagfræðingar þeir, sem skoðuðu efnahagsmálin s. l. haust á vegum stjórnarvaldanna, athuguðu um leiðir til jafnvægis í þjóðarbúskapnum og til þess að stöðva verðbólguhjólið. Þeir komust að þeirri niðurstöðu, sem raunar var í samræmi við það, sem áður hafði komið fram, að á meðan sá háttur væri á hafður að hækka kaupgjald og afurðaverð sífellt á víxl í fullu samræmi við hækkun framfærsluvísitölunnar, án tillits til ástandsins að öðru leyti, væri alveg vonlaust, að verðbólguhjólið yrði stöðvað. Það væri alveg sama, til hvaða úrræða gripið væri til þess að koma á samræmi, hvort byrjað væri með gengislækkun, niðurfærslu eða uppbótum, allt bæri að sama brunni. Verðbólguhjólið hlyti að velta áfram, á meðan vísitalan eða spólan, eins og hún hefur stundum verið kölluð, væri notuð á sama hátt og verið hefur sem mælikvarði. Af slíku hlyti að leiða sífelldar víxlhækkanir, sem engum kæmu til góða, en hefðu í för með sér áframhaldandi verðbólguþróun. Allt var þetta mjög til umræðu s. l. vetur og vor og hefur verið síðan.

Í sambandi við setningu efnahagslaganna í vor var því bent á, að brýna nauðsyn bæri til, að vísitölustefnan í kaupgjalds- og verðlagsmálum yrði endurskoðuð á þessu ári, áður en til þess kæmi, að fyrirsjáanlegar vísitöluhækkanir vegna hinna nýju ráðstafana væru farnar að hafa áhrif til hækkunar á kaupgjald og verðlag á víxl. Var gert ráð fyrir því og er enn, að þessi mál yrðu tekin til meðferðar sérstaklega á þingi Alþýðusambandsins í haust.

Með öðrum þjóðum hefur hinn vélræni víxlgangur í þessum efnum yfirleitt verið stöðvaður, en stefnan í kaupgjalds- og verðlagsmálum byggð á samningum og reynt að sæta lagi, þannig að almennar kauphækkanir séu gerðar í samræmi við framleiðsluaukningu í þjóðarbúinu og skili þannig raunverulegum kjarabótum. Eru þá vísitölur um framfærslukostnað einnig hafðar til hliðsjónar að sjálfsögðu.

Í mörgum löndum hefur verið komið upp öflugum hagdeildum stéttasamtaka, atvinnurekenda og ríkisvaldsins, sem hver um sig skoðar þróun framleiðslumálanna ofan í kjölinn og leiðbeinir stjórnum stéttasamtakanna og stjórnarvöldum um það, hvaða ákvarðanir muni gefa bezta raun.

Enda þótt ráðstafanir í efnahagsmálum væru á síðasta ári miðaðar við 5% almenna kauphækkun og gert ráð fyrir því, að stefnan í kaupgjaldsmálum og verðlagsmálum yrði endurskoðuð, hefur reyndin orðið sú, að kauphækkanir í landinu hafa orðið miklu meiri. Hefur risið almenn hækkunaralda og kaupgjald almennt hækkað verulega umfram þessi 5%. Hafa mörg stéttarfélög talið, að þau væru að leita samræmis með þessum breytingum, og vafalaust sum haft rétt fyrir sér í því. En hvað sem því líður, hefur niðurstaðan orðið almenn kauphækkun og þar með almenn verðhækkun langt umfram það, sem hægt er að gera ráð fyrir að útflutningsframleiðslan geti undir staðið með núverandi verðlagi og uppbótum.

Ég ætla ekki að rekja hér einstök atriði þessara mála, en aðeins geta þess, að vitaskuld hefur það haft mikil áhrif á allan gang þeirra, að úr þeim pólitísku herbúðum, sem fjöldi atvinnurekenda í landinu hefur verið talinn halda sig í, hefur það verið óspart látið út ganga, að ekki væri óeðlilegt, að leitað væri eftir kauphækkunum, og það enda þótt vitað væri, að framleiðslan gæti ekki staðið undir þeim. Engum dettur í hug, að þessu og þvílíku hafi ráðið umhyggja fyrir kjarabótum þeirra, sem hér eiga hlut að máli, þegar þess er gætt, að úr þessum sömu herbúðum hefur á undanförnum árum verið lögð megináherzla á að sýna fram á, að almennar kauphækkanir, sem framleiðslan gæti ekki staðið undir án nýrra hjálparráðstafana, væru verri en gagnslausar fyrir þá, sem laun taka, og væru þeim til tjóns eins og ófarnaðar.

En það gefur auga leið, hvernig til muni takast varðandi jafnvægið í efnahagsmálum, þar sem einn hinn veigamesti þáttur þeirra mála, stefnan í kaupgjaldsmálum, er látinn á vald félagssamtaka án íhlutunar ríkisvaldsins, þegar svona vinnubrögð eru viðhöfð.

Engum getur dulizt, vegna þess hve öll þessi mál og samhengi þeirra var upplýst í fyrravetur, að verulegar almennar hækkanir á kaupi og þar af leiðandi hækkanir á verðlagi umfram þau 5%, sem lögfest voru, hljóta að hafa í för með sér nýjar ráðstafanir vegna framleiðslunnar, hækkanir á yfirfærslugjaldi og útflutningsuppbótum eða þá aðrar nýjar ráðstafanir hliðstæðar. Verði svo engin breyting gerð á notkun vísitölunnar við mælingu kaupgjalds og afurðaverðs, verða hinar nýju ráðstafanir þeim mun stórfelldari.

Ég skal engu spá um, hver niðurstaða verður þeirra athugana, sem nú fara fram á næstunni innan stéttasamtakanna og annars staðar um þessi miklu vandamál. En augljóst mun öllum, að í þessu efni þarf endurskoðunar við. Það mun ósk allra góðviljaðra manna, að það takist að finna heppilegri leiðir en þær, sem farnar hafa verið undanfarið.

Það hefur margoft verið bent á og er ástæða til að rifja það upp enn, að hjá okkur er ekki til neitt sterkt miðstjórnarvald í efnahagsmálum fremur en í öðrum löndum, sem byggja á svipuðum stjórnarháttum og við. Alþingi og ríkisstj. fjalla um ríkisbúskapinn sjálfan. Bankarnir hafa með höndum útlánastarfið. En sumir hinir veigamestu þættir þessara mála eru alls ekki í höndum ríkisins eða ríkisstofnana, svo sem ákvarðanir um kaupgjald og afurðaverð, en eru í höndum atvinnurekenda og stéttasamtakanna.

Stéttasamtökunum er því ætlað mjög þýðingarmikið hlutverk í þjóðarbúskapnum. Þeim er beinlínis ætlað að eiga ríkan þátt í meðferð efnahagsmálanna með ákvörðun stefnunnar í launamálum.

Engum getur dulizt, að stéttasamtökin eiga

hér hjá okkur talsvert erfitt með að gegna þessu hlutverki. Kemur þetta af því, hversu þau eru sett saman af miklum fjölda félaga. Mörg þessara félaga hafa sýnilega mikla tilhneigingu til þess að fara alveg sínar eigin götur án tillits til heildarstefnu, og samkeppni milli stétta virðist afar mikil og afar hörð. Af þessu leiðir sífelldan skæruhernað í kaupgjaldsmálum, sem veldur launafólki ekki síður en öðrum miklum áhyggjum. Margvíslegt ósamræmi leiðir af þessu á ýmsar lundir. Vinnustöðvanir, þar sem í hlut eiga stundum tiltölulega fámennir hópar, valda stöðvun framleiðslunnar og miklu tjóni, fyrst og fremst þeim, sem ekki hafa fastar tekjur, en eiga afkomu sína undir því, að atvinnurekstur og framleiðslustarf gangi hrukkulaust með fyllsta hraða.

Ég er sannfærður um, að ekkert er nauðsynlegra nú í þjóðarbúskap okkar en að stéttafélögin nái að styrkja sig og efla, að þeim auðnist að verða samstæð og sterk og fær um að setja sér ákveðna stefnu í kaupgjaldsmálum og framfylgja henni. Þetta er bókstaflega lífsnauðsyn, ef forðast á stórfellt tjón og ef nokkur von á að vera um að koma á jafnvægi til frambúðar í þjóðarbúskapnum.

Eftir því sem stéttasamtökin verða sterkari og samstæðari og ná betri tökum á því þýðingarmikla hlutverki, sem þeim er ætlað að vinna í þjóðarbúskapnum, eftir því munu þau reynast félagsmönnum sínum farsælli tæki í kjarabaráttunni og eftir því munu þau reynast þjóðinni í heild þýðingarmeiri stofnanir. Þannig hefur þróunin orðið annars staðar, og þannig mun hún einnig verða hér.

Ósamstæð og sundruð samtök, þar sem hver vinnur í samkeppni við annan, mun alls ekki geta orðið félagsmönnum sínum sú stoð, sem vera þarf, og heldur ekki reynzt fær um að eiga jafnríkan þátt í heilbrigðri þróun þjóðarbúskaparins og slíkum samtökum verður að ætla í þjóðfélagi, sem byggir á félagafrelsi og samningafrelsi, en ekki á lagaboði né sterku ríkisstjórnarvaldi um ákvarðanir í kaupgjaldsmálum. Það sama á við um samtök hinna vinnandi framleiðenda í landinu, sem eru áhrifarík í verðlagsmálum. Hér þarf fyrst og fremst mikið starf í samtökunum sjálfum, og engir vita það sjálfsagt betur en þeir, sem þar fylgjast bezt með og mestan áhuga hafa fyrir starfi þeirra.

En því bendi ég á þessi atriði hér, að þarna er um einn veigamesta þátt efnahagsmálanna að ræða og að þau mál geta aldrei þróazt á æskilegasta hátt, nema ríkisvaldið og félagavaldið í landinu stefni að sama marki, þ. e. að jafnvægi í þjóðarbúskapnum.

Í samráði við samtök stéttanna þarf m. a. að endurskoða þá löggjöf landsins, sem lýtur að þessum efnum, og skoða vandlega, hvort eigi er mögulegt að endurbæta löggjöfina til stuðnings við farsæla lausn þessara mála.

Engar ýkjur eru það, að hjá okkur í þjóðfélagi hinna frjálsu félagasamtaka og hins dreifða valds eru efnahagsmálin í margra höndum og erfitt að samstilla kraftana, en á því er þó þjóðarnauðsyn. Og frelsið viljum við hafa.

Ég kem þá, að fjárlagafrv. því fyrir árið 1959, sem hér liggur fyrir til umr.

Breytt er nokkuð niðurröðun efnis. Nokkur mál eru færð á milli greina. Breytingin miðar að því, að þau mál, sem fé er veitt til á hverri grein um sig, heyri undir sama ráðuneyti og að það verði meginregla, að allar fjárveitingar, sem heyra undir hvert ráðuneyti um sig, standi á sömu grein. Frá þessu verða lítils háttar undantekningar af sérstökum ástæðum, en þær raska ekki þessari heildarmynd. Tilætlunin með þessu er sú, að það verði skýrara í fjárlögunum en áður hefur verið, undir hvaða ráðuneyti einstakir gjaldaliðir fjárlaganna falla. Með þessu móti kemur það skýrt fram, að hvert ráðuneyti um sig hefur sinn eigin fjárlagakafla, sem það annast framkvæmd á, enda á sá kafli fjárl. einnig að vera undirbúinn af hlutaðeigandi ráðuneyti og stofnunum þeim, sem undir það heyra, í samráði við fjmrn.

Í Danmörku og Svíþjóð er þessu þannig háttað, að útgjaldahlið fjárl. er skipt í greinar eftir ráðuneytum, þannig að hvert ráðuneyti sér um sína grein og ber þá auðvitað höfuðábyrgð á henni gagnvart fjmrn. og Alþ.

Með því að færa nú þannig til nokkur mál og málaflokka á frv., eins og ég hef frá greint, verður þetta í svipuðu formi hér framvegis. Er þetta beinlínis ætlað til þess að veita aukið aðhald í ríkisrekstrinum og stuðla að heilbrigðum metnaði hvers ráðuneytis um sig varðandi framkvæmd þess fjárlagakafla, sem undir það heyrir, bæði varðandi vandaðan undirbúning og framkvæmdina sjálfa.

Áætlanir fjárlagafrv. hafa verið miðaðar við kaupgreiðsluvísitöluna, sem í gildi var fram til 1. sept. Þetta hefur sætt nokkurri gagnrýni, og mun ég gera grein fyrir ástæðunum fyrir þessu.

Samkv. lögum um útflutningssjóð skyldi kaupgreiðsluvísitala haldast óbreytt, 183 stig, þangað til vísitala framfærslukostnaðar hefði hækkað upp í 200 stig. Þegar lögin voru samþykkt, var búizt við, að vísitala framfærslukostnaðar mundi ekki hækka upp í 200 stig fyrr en eftir 1. ágúst og mundi því kaupgreiðsluvísitalan ekki hækka fyrr en 1. des., en sú vísitala er reiknuð út á þriggja mánaða fresti.

Eins og fram var tekið í aths. um frv. um útflutningssjóð, var það fyrirsjáanlegt, að hækkun kaupgjalds umfram 5% mundi leiða til krafna um nýjar hækkanir útflutnings- og yfirfærslubóta. Segir um þetta í greinargerð efnahagsmálafrv. í fyrra: „Hækkun þeirra hefði í för með sér meiri hækkun á framfærsluvísitölunni, og hún ylli svo á hinn bóginn æ nýrri hækkun á kaupgjaldi og afurðaverði og þannig koll af kolli.“ Í aths. um frv. um útflutningssjóð tók ríkisstj. einnig fram, að til þess að leysa þau efnahagsvandamál, sem hér er við að etja, væri „nauðsynlegt að taka sjálft vísitölukerfið til athugunar, þ. e. þá skipan, að allt kaupgjald og afurðaverð breytist sjálfkrafa með breytingu á framfærslu-

vísitölu.“ Var enn fremur lýst yfir, að „ríkisstj. væri ljóst, að slíkt mál verður að leysa í nánu samstarfi við stéttasamtökin í landinu, og mun beita sér fyrir samstarfi við þau um þetta efni. Munu mál þessi verða tekin til nánari athugunar, þegar þessi samtök halda þing sín síðari hluta þessa árs.“

Þegar undirbúningur að samningu fjárlagafrv. hófst, var því ljóst, að það yrði ekki fyrr en í lok ársins, sem hægt væri um það að segja, hver skipan kaupgjaldsmála yrði á árinu 1959. Var því sá kostur tekinn að miða áætlun frv. við þá kaupgreiðsluvísitölu, sem þá var í gildi og búizt var við að yrði í gildi fram til 1. des. Síðan í júní hefur það skeð, að kaupgreiðsluvísitalan hefur hækkað nokkru fyrr en búizt var við, eða tveim stigum meira en ráðgert var. Þá hafa orðið verulegar hækkanir á grunnkaupi almennt umfram 5%, eins og ég hef þegar rakið. Þetta hefur gert það að verkum, að framfærsluvísitala hækkar enn meira en ella hefði orðið og að fram hljóta að koma rökstuddar kröfur um nýjar hækkanir útflutnings- og yfirfærslubóta. Þær hækkanir munu svo að nýju orka á framfærslu- og kaupgjaldsvísitölurnar að óbreyttri skipan þessara mála.

Vegna þeirrar óvissu, sem þannig var og er ríkjandi í kaupgjalds- og verðlagsmálum, kom ekki annað til mála en að miða áætlanir frv. að svo stöddu við það ástand, sem ríkjandi var, þegar það var samið.

Það skal tekið fram, að ríkisstj. hefur borizt bréf frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, þar sem bornar eru fram kröfur um, að hækkuð verði laun opinberra starfsmanna, og vísað til almennra kauphækkana, sem orðið hafa. Mun það mál koma til kasta ríkisstj. og Alþingis.

Eins og að líkum lætur, er þetta fjárlagafrv. mjög miklu hærra en gildandi fjárl., enda þótt miðað sé við visitölu 183. Var gerð ýtarleg grein fyrir því í fyrravetur, að svo hlyti að verða, að ríkisútgjöldin hækkuðu, eins og aðrar greinar yfirleitt, vegna nýju laganna um efnahagsráðstafanir. Er sú hækkun, sem fram kemur nú á fjárlagafrv., af þeim ástæðum mjög lík því, sem hagfræðilegir ráðunautar ríkisstj. áætluðu í fyrravetur að verða mundi.

Þá kemur hér einnig til, að ríkisútgjöldin hækka á hverju ári vegna aukinnar þjónustu með vaxandi mannfjölda og vaxandi atvinnurekstri yfir höfuð. Nægir í því sambandi að minna á kennslumál, heilbrigðismál og vegamál, þótt fjöldamarga aðra útgjaldaflokka mætti nefna. Hljóta því fjárl. að hækka af þessum sökum, eins og raunar þjóðhagsreikningurinn mundi gera, ef öll efnahagsstarfsemi manna í landinu væri færð í einn reikning. Þessa þróun er að sjálfsögðu ekki hægt að stöðva nema með því að draga stórlega úr framlögum til framkvæmda eða minnka þá þjónustu, sem ríkið lætur nú í té.

Um vöxt ríkisútgjaldanna er gjarnan mikið rætt, og hafa menn áhyggjur af honum. Í því sambandi skiptir auðvitað mestu, hversu langt Alþingi vill ganga í því að samþykkja nýja lagabálka, sem útgjöld hafa í för með sér, en hér kemur líka til greina, að fullkomin ráðdeild sé í ríkisrekstrinum og allt gert, sem unnt er, til þess að draga úr óeðlilegri þenslu og að þær ráðstafanir, sem Alþingi ákveður að gerðar séu, verði framkvæmdar með sem hagsýnustu móti.

Vitaskuld verður ætíð pottur brotinn í svo margbrotnum rekstri sem ríkisreksturinn er. Veltur hér mest á forstöðumönnum hinna einstöku starfsgreina að sjálfsögðu, enda þeim mikill trúnaður sýndur. En sífellt verður að gera ráðstafanir til þess að veita aðhald í þessum efnum, og vil ég nota þetta tækifæri til þess að nefna nokkur atriði til dæmis um, hvernig reynt er að veita slíkt aðhald.

Á síðasta þingi beitti ríkisstj. sér fyrir sérstakri löggjöf um ráðstafanir til þess að draga úr kostnaði við rekstur ríkisins. Í þessum lögum er svo fyrir mælt, að ekki megi fjölga starfsliði við ríkisstofnanir né annars staðar í ríkisrekstrinum eða ráða í stöður, sem losna, nema leitað hafi verið tillagna sérstakra trúnaðarmanna. Er einn þeirra tilnefndur af fjvn. Alþingis, annar af ríkisstj., en þriðji er ráðuneytisstjórinn í fjmrn. Einnig er skylt að leita tillagna þessara manna, ef stofnun vill auka húsnæði, kaupa bifreið eða gera aðrar ráðstafanir, sem auka verulega rekstrarkostnað. Þá er og í lögunum ákvæði um, að engar nýjar ríkisstofnanir megi setja á fót nema með lögum, og skal um starfsmannafjölda leita tillagna framangreindra trúnaðarmanna, ef lögin sjálf geyma eigi fyrirmæli um starfmannahaldið.

Af þessu sést, að framvegis verður starfsliði við ríkisstofnanir ekki fjölgað umfram það, sem lög ákveða, nema að undangenginni rannsókn trúnaðarmanna Alþ. og ríkisstj. Enn fremur verður eigi ráðið í stöður, sem losna, nema athugað hafi verið hverju sinni af þessum trúnaðarmönnum, hvort unnt sé að leggja stöðuna niður, og loks eiga stofnanir nú ekki að geta án undangenginnar rannsóknar gert ýmsar kostnaðarsamar ráðstafanir. Þessi löggjöf er ný tilraun til þess að veita aukið aðhald í ríkisrekstrinum og sporna gegn útþenslu. Hún er sett fyrir forgöngu fjmrn. og vegna þess, að talsvert hefur borið á því á undanförnum áratugum, að einstakar stofnanir og starfsgreinar hafa þanizt út vegna einhliða ákvarðana forstöðumanna og ráðherra, sem stofnanirnar hafa heyrt undir, án þess að nokkrir aðrir væru kvaddir til þess að meta nauðsyn útfærslunnar.

Enginn vafi er á því, að ef vel tekst um framkvæmd þessara lagaákvæða, munu þau skapa verulegt aðhald.

Þá vil ég geta þess, að í júní s. l. var skipuð nefnd til þess að athuga um útgjöld ríkisins, bæði hin almennu og eigi síður hin, sem ákveðin eru með sérstökum lögum, en langsamlega mestur hluti ríkisútgjaldanna er bundinn með sérstökum lögum.

Þá ber að nefna, að sífellt er verið að setja sérstaka trúnaðarmenn til þess að athuga einstakar greinar ríkisrekstrarins og skoða, hvort

ráðstafanir væri hægt að gera til að draga úr kostnaði. Trúnaðarmenn sitja t. d. að því að athuga um bifreiðahald ríkisins og ríkisstofnana og greiðslu bifreiðastyrkja. Trúnaðarmenn hafa rannsakað rekstur flugmálanna með sparnað í huga. Verið er að athuga alla rannsóknarstarfsemi ríkisins með það fyrir augum, hvort hægt væri að koma þar við heppilegri vinnubrögðum. Verið er að athuga um sambyggingu áfengis- og tóbaksverzlunar, ef ofan á verður að sameina þessar stofnanir í framtíðinni. Unnið er að sameiningu tollgæzlu og löggæzlu úti um land, þar sem henta telst. Lagt hefur verið niður hæli á Kvíabryggju. Verið er að athuga námsstjóraskipulagið, og þannig mætti fleira telja, og eru þessi atriði nefnd sem dæmi um það aðeins, hvernig sífellt er unnið að því að athuga einstakar greinar ríkisrekstrarins með aðhald í huga.

Samkvæmt minni reynslu tel ég það hafa mesta þýðingu í þessu efni til viðbótar þessum almennu ráðstöfunum til endurskoðunar á útgjöldum og til þess að sporna við nýjum, að hvert rn. um sig veiti þeim stofnunum, sem undir það heyra, sterkt aðhald varðandi rekstrinn og alla ráðdeild og að forráðamenn í rn. leggi metnað sinn í, að þær starfsgreinar, sem þar til heyra, séu reknar af sem mestum myndar- og skörungsskap.

Vík ég þá aftur að fjárlfrv.

Heildargreiðslur á frv. eru ráðgerðar 898 millj., en á gildandi fjárl. 806. Hækkunin er því 91 millj., en við þarf að bæta 40 millj., sem út eru teknar af dýrtíðargreiðslum, til þess að samræmi fáist. Raunveruleg hækkun er því rúmlega 130 millj.

Á vegum fjmrn. hefur verið skoðað vandlega, hverjar rætur þessara hækkana eru, og hefur verið farið í gegnum hina einstöku gjaldaliði nákvæmlega með þetta fyrir augum, og verður þá niðurstaðan sem hér segir:

Hækkun vegna yfirfærslugjalds, sem lögleitt var í vor, 30 millj.

Hækkun vegna lögboðinnar 5% kauphækkunar 26 millj.

Hækkun vegna aukinnar þjónustu yfirleitt, einkum vegna mannfjölgunar í landinu, og svo t. d. aukinnar landhelgisgæzlu, 30 millj.

Hækkun vegna þess, að of lágt hefur að dómi rn. verið áætlað áður, en nú reynt að færa áætlanir í réttara horf, 25 millj.

Auknar fjárveitingar til fjárfestingar nálægt 16 millj.

Vegna ýmissa ástæðna 11 millj. Eru þar langsamlega stærstu liðirnir vegna áætlaðra aukinna greiðslna af ábyrgðarlánum og kostnaði vegna langvarandi sjúkdóma.

Samtals verða þetta tæplega 140 millj., en tekjur ýmissa stofnana vaxa um tæpar 10 millj., og er þá gerð grein fyrir heildarhækkuninni, 130 millj.

Af einstökum liðum, sem hækka, þykir mér helzt ástæða til þess að nefna eftirfarandi:

Kostnaður við rekstur landhelgisgæzlunnar er ráðgert að hækki um 8 millj. og 200 þús. Er það vegna aukins rekstrarkostnaðar almennt og aukinnar gæzlu. M. a. er gert ráð fyrir rekstrarkostnaði nýrrar flugvélar á næsta ári. Enn fremur er settur á frv. nýr liður á 20. gr., 6 millj., til skipa- og flugvélakaupa, og kemur þar til viðbótar fé landhelgissjóðs. Landhelgisgæzlan hækkar því á þessu fjárlfrv. frá því, sem áður hefur verið, um 14 millj. og 200 þús.

Styrkur til sjúkra manna og örkumla hækkar um 11 millj. og 400 þús. frá því í fyrra. Talsvert er þetta vegna hækkunar dagpeninga á sjúkrahúsum, en einnig mjög stórar fjárhæðir vegna þess, að sjúkrarúmum í landinu fjölgar sífellt og fleiri sjúklingar koma þar af leiðandi undir lög um framfærslu sjúkra manna og örkumla. Á það ekki sízt við um gamla fólkið, sem þjáist af ýmsum ellisjúkdómum og nýtur laganna, jafnóðum og það fær rúm á sjúkrahúsi.

Vegaviðhald hækkar um 11 millj. Er það þaulathugað mál, að þýðingarlaust mundi vera að setja þennan lið lægri, eins og nú er komið, en 44 millj. Ef það væri gert, mundi það hreinlega leiða til umframgreiðslna, því að það er ekki hægt að láta þjóðvegina standa ófæra. Verður Alþ. að horfast í augu við, að sífellt aukast útgjöldin til viðhaldsins, eftir því sem vegirnir lengjast og umferð vex, en umferðin fer sívaxandi og þyngir á viðhaldinu.

Kostnaður við kennslumál hækkar um 21 millj. og 300 þús. Kemur þar margt til greina og fyrst hin almenna hækkun, en jöfnum höndum hin árlega óhjákvæmilega aukning þessa stóra útgjaldaliðs. Gert er ráð fyrir, að bætt verði við 49 barnakennurum og 39 gagnfræðaskólakennurum, eða samtals 88 nýjum kennurum í þessum greinum á þessu ári. Upplýsir fræðslumálastjórnin, að hér sé ekki um neina óvenjulega fjölgun að ræða, heldur það, sem gera verður ráð fyrir árlega vegna fjölgunar barna á skólaaldri og ungmenna í gagnfræðaskólum.

Samkvæmt þessu mundi ekki fjarri lagi, að embættismönnum vegna kennslumála einna fjölgi um nálega 100 á ári, þegar æðri skólar eru teknir með. Bendi ég ekki á þetta í eftirtöluskyni, því að ekkert er jafnþýðingarmikið til velmegunar og þekking og aftur þekking. Ég bendi á þetta til fróðleiks og skilningsauka á ríkisbúskapnum. Ég bendi á þetta til þess að sýna sanngirni og samvizkusemi þeirra, sem tala um alla hækkun ríkisútgjalda eins og ódæði og fjölgun ríkisstarfsmanna sem afbrot. Vilja þeir láta loka skólum og sjúkrahúsum, svo að dæmi séu nefnd, eða er þetta tal bara markleysa? Og það er auðvitað hið rétta.

Framlög til almannatrygginga hækka um 11 millj. og 200 þús. kr. Er þessi hækkun vegna áætlunar um fjölgun bótaþega, hækkunar á daggjöldum, sjúkratryggingum og hækkunar á framlagi til atvinnuleysistrygginga vegna kauphækkunar og mannfjölgunar. Þessir liðir, sem ég hef nú minnzt á og mest hafa hækkað, svo sem framlagið til sjúkra manna og örkumla, framlagið til kennslumálanna, vegaviðhalds og tryggingamála, eru ágæt dæmi um, hvernig ríkisútgjöldin hljóta að fara vaxandi árlega vegna aukins mannfjölda og aukinnar starfsemi

í landinu, nema stórfelldur niðurskurður komi til.

Ef ríkisútgjöldin stæðu í stað, væri það vottur um stórfelldan niðurskurð útgjalda. Vandamálið er fyrst og fremst, að ríkisútgjöldin vaxi ekki umfram það, sem eðlilegt er í hlutfalli við framleiðslu og þjóðartekjur. Nokkur árleg aukning ríkisútgjaldanna er óhjákvæmileg og eðlileg í menningarþjóðfélagi, þar sem fólki fjölgar ört. Og eftir því sem meira þarf að byggja á þekkingunni, rannsóknum og vísindalegum grunni, eykst þörfin fyrir framlög ríkisins í þjónustu atvinnuveganna. Þetta sæist vel hér, ef athuguð væri sú stórfellda aukning, sem orðið hefur á ríkisútgjöldum til rannsókna í þarfir atvinnuveganna, hvers konar tilrauna, athugunar á orkulindum og öðrum auðæfum landsins, fiskimiðaleitar o. s. frv. En reynslan er sú, að þetta fé kemur margfalt aftur, en það hækkar ríkisútgjöldin og flokkast með afbrotum á máli lýðskrumaranna. Vandinn í þessu öllu er að stilla í hóf og reisa sér ekki hurðarás um öxl, en halda þó ekki í fé til tjóns.

Á fjárlfrv. eru hækkaðar fjárveitingar til sandgræðslu og skógræktar og settur nýr liður til að kosta merkilegar tilraunir með áburðardreifingu úr flugvélum. Enn fremur eru hækkaðar fjárveitingar til þess að reyna nýjar aðferðir við síldveiðar og til þess að leita nýrra fiskimiða. Sandgræðslan stuðlar að því, að landið fjúki ekki undan fótum okkar framvegis, svo sem löngum hefur átt sér stað. Áður en varir verða skógarnir okkar orðnir að timbri, ef við höldum áfram sem horfir með skógræktina, en herðum þó heldur á. Nýjar aðferðir við síldveiðar eru í þann veginn að gerbreyta þeirri atvinnugrein og gera hana árvissari og þýðingarmeiri en nokkru sinni fyrr. Markmiðið er að ná síldinni dýpra og lengra úti og að ná henni, þótt bræli, eins og öðrum fiski. Fiskimiðaleitin hefur fært milljónatugi í þjóðarbúið ár eftir ár og kannske aldrei eins og á þessu ári. Sennilega spörum við of mikið til þessara mála og því líkra, en vandinn er að setja mörkin, og svo er það skattahliðin.

Þá er ástæða til þess að nefna, að liðurinn, sem ætlazt er til að standi undir vöxtum og afborgunum af vanskilalánum með ríkisábyrgð, er hækkaður um 10 millj. kr., eða upp í 30 millj. Vöxtur þessara útgjalda vegna ríkisábyrgða er mjög iskyggilegur, en ekki þykir með nokkru móti fært að áætla hann lægri en hér er gert. Samkvæmt ákvörðunum Alþ. hafa undanfarið í sívaxandi mæli verið teknar ábyrgðir á lánum til stuðnings atvinnurekstri og samgöngum víðs vegar um land, enda þótt fyrirsjáanlegt væri, að sumar þessar ábyrgðir hlytu að falla á ríkissjóð að meira eða minna leyti. Við afborganir og vexti af erlendum ríkisábyrgðalánum í vanskilum, sem aðallega eru vegna togarakaupa, bætist nú yfirfærslugjald samkv. l. um útflutningssjóð.

Þá þarf ríkissjóður á næsta ári að leysa til sín allmiklu hærri fjárhæð af hinum svonefndu þurrafúalánum en á yfirstandandi ári. Þessi þurrafúalán eru mjög sérstæð, og hefur frá öndverðu verið gert ráð fyrir, að ekki mundi vera hægt að ganga skilyrðislaust að skuldurum fyrir þessum lánum, þó að þau kynnu að falla á ríkissjóð. Hefur verið haft í huga, að þar væri verið að styðja menn, sem hefðu orðið fyrir stórtjóni vegna þurrafúans, og að þetta væri í rauninni nokkuð hliðstætt harðindalánum og því líkum ráðstöfunum.

Nánari athugun á þessum málum hefur leitt í ljós, að ekki verður hjá því komizt að athuga gaumgæfilega hag hvers einstaks, áður en hann verður krafinn. Hefur ríkisstj. að athuguðu máli þótt rétt, að hér væri farin hliðstæð leið og gert var, þegar heimilað var að afhenda bjargráðasjóði til eignar hin svonefndu óþurrka- og harðindalán, sem á sínum tíma voru veitt bændum víðs vegar á landinu, en lán þessi voru afhent bjargráðasjóði með því skilyrði, að stjórn sjóðsins veitti lántakendum, er þess óskuðu, ívilnun um greiðslu vaxta og afborgana af lánunum, svo sem með því að lækka eða fella niður vexti eða lengja lánstíma eða gefa lánin eftir að einhverju eða öllu leyti, ef stjórnin teldi þess þörf.

Ríkisstj. fer nú fram á í þessu fjárlagafrv. að mega afhenda fiskimálasjóði þær skuldakröfur, sem ríkissjóður hefur eignazt fyrir innlausn á þurrafúalánum, og er ætlunin að setja þá hliðstæð skilyrði og hér á undan var rakið um lánin, sem afhent voru bjargráðasjóði.

Eins og ég gat um áðan, hækka fjárfestingarútgjöld á þessu fjárlagafrv. um 16 millj. kr. Þar er langstærsti liðurinn framlag vegna landhelgisgæzlu, 6 millj. kr., en einnig er hækkun á fjárfestingu í flugmálum og vegna barna- og gagnfræðaskóla. Augljós er nauðsyn þess að efla landhelgisgæzluna, og til viðbótar þessum 6 millj. kr. kemur eign landhelgissjóðs, eins og ég gat um áðan.

Það er alveg óhjákvæmilegt að hækka nokkuð fjárveitingu til framkvæmda í flugmálum, bæði vegna öryggismála og eins til flugvallabygginga. Verkefni fram undan í þessum málaflokki eru svo stór, að óbreytt fjárveiting leiðir til algerrar sjálfheldu í flugmálum.

Till. um hækkun á framlögum til skólabygginga byggjast á því, að Alþingi hefur tekið svo marga skóla inn á fjárlögin, að það er ekki hægt að ljúka greiðslu til þeirra á fimm árum, svo sem lögskylt er, nema með því að hækka fjárhæðina eins og hér er ráðgert, og er þó ekkert til að byrja á nýjum.

Sumir menn vilja benda á, að samkvæmt þessu fjárlagafrv. lækki raunverulega fjárveitingar til ýmissa fjárfestingarframkvæmda, þar sem fjárfestingarliðir ýmsir standa í stað að krónutölu, en kostnaður hafi þegar hækkað. Þessu er því til að svara, að fjárfesting yfirleitt hefur verið meiri en þjóðarbúið fær undir risið á síðustu missirum, og fjárfestingargjöld ríkisins hafa farið vaxandi, á sama tíma sem fjárfestingarframkvæmdir annarra hafa einnig vaxið. Fjárfestingarútgjöld í heild hafa því orðið óviðráðanlega mikil og haft mjög mikil verðbólguáhrif í þjóðarbúskapnum. Um þetta er ekki deilt. Auka verður fjárveitingu til fjárfestingar á ýmsum liðum, samtals um 16 millj. kr. Var því óhjákvæmilegt að láta aðra standa

óbreytta. Í þessu sambandi er líka ástæða til að benda á, að á s. l. vori voru aukin framlög til vega og brúa með ákvæðum nýju efnahagslöggjafarinnar um 12 aura af benzínskatti. Er þar um 5—6 millj. kr aukin framlög að ræða til þeirra mála. Vil ég benda á í þessu sambandi, að framlög til fjárfestingarframkvæmda eru í þessu frv. 153% hærri en á árinu 1952, og hafa þau aukizt stórkostlega á síðari árum, þó að hækkun á byggingarkostnaði sé tekin til greina.

Ég hef nú greint í höfuðdráttum ástæðurnar fyrir hækkun fjárlaganna og greint frá nokkrum einstökum liðum, sem ríkastan þátt eiga í henni.

Varðandi tekjuáætlun frv. vil ég taka fram, að hún er, eins og gjöldin, miðuð við núverandi ástand, en ekki breytingar, sem óhjákvæmilegar hljóta að vísu að verða í efnahagsmálunum, en engin veit enn, hvernig verður háttað. Öðruvísi var ekki hægt að taka á þessu máli, eins og gefur að skilja. Verður að sjálfsögðu að endurskoða fjárlagafrv. á Alþingi, þegar það skýrist, hvers er að vænta í framleiðslu- og efnahagsmálum þjóðarinnar.

Ríkisbúskapurinn er aðeins einn þáttur í þjóðarbúskapnum, þótt veigamikill þáttur sé, og verður að laga ráðstafanir varðandi hann eftir því, hvernig horfir um heildarþróun þessara mála.

Eigi vil ég að þessu sinni ræða svo um efnahagsmál landsins, að ég ekki minnist á það mál, sem efst er í hugum allra Íslendinga um þessar mundir og mesta þýðingu hefur fyrir framtíð landsmanna, að frelsismáli þjóðarinnar einu undanskildu. Þar á ég auðvitað við landhelgismálið.

Þegar núv. ríkisstj. var mynduð, sömdu stjórnarflokkarnir um, að stjórnin skyldi vinna að útfærslu fiskveiðilandhelginnar. Stjórnin ákvað í samráði við stuðningsflokka sína að bíða eftir Genfarráðstefnunni, enda var það tvímælalaust mjög hyggilegt. Á hinn bóginn varð ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar ásátt um, að lífsnauðsyn væri að hefjast handa um útfærslu þegar eftir ráðstefnuna. Íslendingar hafa lengi barizt fyrir allsherjarreglu um fiskveiðilandhelgi, sem fullnægjandi væri fyrir þá, en árangurslaust. Ríkisstj. var sannfærð um, að hættulegt væri að bíða lengur, rétti tíminn væri kominn til þess að hefjast handa. Þess vegna var ákvörðun tekin og við hana staðið, þótt mótmæli kæmu og jafnvel hótanir frá öðrum þjóðum. Ríkisstj. áleit, að það mundi ekki reynast hægt að eyðileggja þetta mál með ofbeldi fyrir Íslendingum, þótt reynt yrði, það mundi ekki reynast unnt til lengdar að fiska í íslenzkri landhelgi undir herskipavernd. Ríkisstj. vann að því öllum árum að kynna þetta mál sem bezt erlendis, og þegar útfærslan var gerð, kom í ljós, að allar þjóðir virtu hina nýju landhelgi, þótt þær mótmæltu sumar, nema Bretar. Þeir hafa með hervaldi reynt að halda áfram veiðum í hinni nýju fiskveiðilandhelgi, en slíkt mun ekki takast til lengdar. Það hefur reynslan þegar sýnt.

Íslendingar meta mikils þær viðurkenningar, sem fengizt hafa á útfærslunni. Þeir munu aldrei beygja sig fyrir ofbeldi og fordæma það einum rómi. Ef til vill eiga eftir að verða á vegi okkar í þessu máli enn ýmiss konar erfiðleikar, og við getum ekki séð allt fyrir í því efni. En við erum sannfærðir um, að ef við stöndum saman um þetta mál, þá munum við sigra.

Við munum aldrei sætta okkur við, að okkur sé úrskurðaður í þessu máli lakari kostur en viðurkenndur er í reynd hjá öðrum þjóðum. Við munum halda áfram að vinna að allsherjarreglu í þessu efni, sem allar þjóðir hlíti, og þá í trausti þess, að sérstaða þeirra, sem byggja lífsafkomu sína svo mjög á fiskveiðum sem við hljótum að gera, verði viðurkennd. Bjargföst sannfæring okkar í ríkisstj. um það, að rétturinn væri okkar megin, að lífshagsmunir þjóðarinnar í framtíðinni lægju við og að þótt stundum liti út fyrir annað, þá mundi þjóðin á örlagastundinni öll sameinast, gerði það að verkum, að hin mikla ákvörðun var tekin og við hana staðið, töfum hafnað og fleygum hafnað, hvaðan sem þeir komu, og ekkert látið breyta settri stefnu. Við treystum m. a. á, að inn á við mundi almenningur í landinu, þegar mælirinn væri fullur talinn og í tæka tíð, kveða niður alla sundrung, enda fór svo.

Ýmsir segja, að það væri sannarlega þörf á því, að jafnöflug samtök mynduðust um úrlausnir í efnahagsmálum og orðið hafa í landhelgismálunum og þá ekki sízt jafnsterkt almenningsálit um sameiginlegt átak í þeim efnum. Þetta er hverju orði sannara. Raunar er ég sannfærður um, að mjög öflugt almenningsálit mundi styrkja skynsamlegar og nauðsynlegar ráðstafanir í efnahagsmálum, ef þau öfl, sem standa að núv. ríkisstj., bæru gæfu til að standa einhuga saman um úrlausnir og taka forustu.

Að lokum: Íslenzka þjóðin hefur aldrei átt jafnmikið af framleiðslutækjum og hún á nú. Þessi tæki hafa sennilega aldrei verið betur notuð en nú undanfarið, aldrei verið jafnvel búið að framleiðslunni og nú síðustu missirin, enda allt framleiðslustarf örvazt og staðið með miklum blóma. Framfarir hafa aldrei verið meiri né örari en nú, enda atvinnuleysi verið útrýmt, því ægilega átumeini.

Yfir öllu þessu er ástæða til að gleðjast. Á hinn bóginn er skylt að gera sér fulla grein fyrir því, að þrátt fyrir þetta er ástandið í efnahagsmálum landsins geigvænlegt. Niðurrifsöflunum hefur orðið sorglega mikið ágengt í því að rífa niður og viðhalda verðbólguþróun, sem veldur upplausn og lausung og fyrr en varir getur haft í för með sér stöðvun framleiðslu og framkvæmda, samdrátt á öllum sviðum og atvinnuleysi. Gegn þessu niðurrifi er skylt að rísa og tryggja áfram velmegun og framfarir. Það er hægt án þess að taka nærri sér, — nokkrar fórnir í bili, en kemur margfalt aftur, ef rétt er að farið.

Þau öfl, sem standa að núv. ríkisstj., eiga að mínum dómi að gera það, sem gera þarf. Þau eiga að hafa bolmagn til þess. Þau eiga

að hafa öll skilyrði til þess að gera það, sem nauðsynlegt og óhjákvæmilegt er, og á þann hátt, að það snerti í engu almenning í landinu umfram það, sem brýnasta nauðsyn krefur. Þau eiga að geta komið betri skipan á framleiðslu- og efnahagslíf landsins, sem allir hljóta að sjá að þarf að koma, svo að velmegun geti haldizt og framfarir. Þetta verður að gera og er hægt að gera með samstilltu átaki, og þetta eiga einmitt þeir að gera saman, sem standa að núv. ríkisstj.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur nú lagt fram þriðja fjárlfrv. vinstri stjórnarinnar, og mun þetta frv. sízt vekja minni undrun þjóðarinnar en þau fyrri. Núverandi hæstv. fjmrh. hefur farið með yfirstjórn fjármála ríkisins allt frá 1950. Fyrstu sex ár þessa tímabils naut hann samstarfs Sjálfstfl. Allan þann tíma var hagur ríkissjóðs mjög góður og milljónatuga greiðsluafgangur sum árin, enda þótt skattar væru lækkaðir, þar til árið 1956, að afla varð ríkissjóði nokkurra viðbótartekna vegna afleiðinga stórverkfallsins 1955. Var næsta eftirtektarvert, að hinn mikli greiðsluafgangur frá þessum tíma var það helzta jákvæða, sem hæstv. fjmrh. taldi fram í frumræðu sinni nú ásamt ýmiss konar öðrum merkum ráðstöfunum frá stjórnartíð tveggja fyrrverandi ríkisstj. Hlýtur það að hafa vakið athygli margra, að í yfirliti sínu tók fjmrh. ekki sérstaklega blómatíma núverandi ríkisstj., heldur allt tímabilið frá 1950, sem sýnilega er gert til þess að fá fallega útkomu.

Eftir þessa reynslu af samstarfi við Sjálfstfl. um fjármál ríkisins uppgötvaði fjmrh. það allt í einu snemma árs 1956, að ógerlegt væri að stjórna fjármálum ríkisins í samvinnu við Sjálfstfl. Efnt var því til núverandi stjórnarsamstarfs, og nýir tímar áttu að renna upp varðandi fjárstjórn ríkisins svo sem önnur helztu vandamál þjóðarinnar.

Hin nýja stefna í fjármálum ríkisins, sem hæstv. fjmrh. hafði þráð svo mjög, sagði fljótt til sín. Stórfelldur greiðsluhallabúskapur hélt innreið sína, afla þurfti ríkissjóði hundrað millj. kr. nýrra tekna í sambandi við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1957, og þrátt fyrir þessa miklu tekjuöflun hefur orðið um 70 millj. kr. greiðsluhalli hjá ríkissjóði árið 1957. Tekjurnar 1957 fóru aðeins 39.5 millj. kr. fram úr áætlun, en gjöldin 107.8 millj. Virðist það vera orðin föst venja hjá hæstv. fjmrh. að eyða a. m. k. 100 millj. kr. á ári umfram heimildir fjárlaga.

Hæstv. fjmrh. taldi í framsöguræðu sinni raunar greiðsluhallann ekki nema 22 millj., en mér er ekki ljóst, hvernig sú upphæð er fundin. Ég hef stuðzt við niðurstöður ríkisreikningsins, en fjmrh. sleppir sýnilega stórum upphæðum. Kemur hér fram, sem ég hef oft fundið að, hversu yfirlitsreikningurinn er settur upp, þannig að árlega er deilt um, hver raunveruleg niðurstaða sé.

En það er ekki aðeins varfærnin um áætlun tekna og gjalda ríkissjóðs, sem hæstv. fjmrh. virðist hafa fórnað í þágu hinnar nýju fjármálastefnu, heldur sýnist einnig hafa glatazt öll viðleitni eða geta til þess að marka nokkra stefnu um afgreiðslu fjárl. Hafa tvö síðustu fjárlfrv. verið svo hörmulega úr garði gerð, að furðulegt er, að slík plögg skuli koma úr höndum jafnþaulreynds manns og hæstv. fjmrh., sem hefur lengur gegnt embætti fjmrh. en nokkur annar Íslendingur. Hefur í grg. beggja þessara fjárlfrv. verið afdráttarlaust lýst yfir fullkomnu úrræðaleysi til að afgreiða fjárl. á sómasamlegan hátt. Má að vísu segja, að sú hreinskilni sé góðra gjalda verð, ef menn þá jafnframt draga þær réttu ályktanir af uppgjöfinni: að segja af sér, en það mun hvorki fjmrh. né ríkisstj. hafa hugkvæmzt að gera. Þetta algera úrræða- og stefnuleysi hefur leitt hæstv. fjmrh. út í sífellt verri ógöngur, sem náðu hámarki við afgreiðslu síðustu fjárl., þegar hann greip til þess einstæða óyndisúrræðis að taka margra milljónatuga útgjöld út af fjárl. til þess að geta á pappírnum afgreitt þau greiðsluhallalaus. Það er ekki vandamikið að sýna góða útkomu á búreikningum sínum með þeim hætti. Kannske þessi nýja reikningsfærsla eigi að vera lausnarorð ríkisstj. til þjóðfélagsborgaranna úr þeim miklu lífsbjargarerfiðleikum, sem dýrtíðarflóð verðbólguóngþveitisins magnar með hverjum mánuðinum.

Þegar fjmrh. lagði fram fyrsta fjárlfrv. vinstri stjórnarinnar haustið 1956, örlaði þar ekki á annarri nýbreytni en þeirri, að sýnilegt var, að fjárlögin yrðu með greiðsluhalla, ef ekki kæmi til ný tekjuöflun. Var það borið fyrir, að ríkisstj. hefði ekki unnizt tími til að marka hina nýju stefnu, og stuðningslið ríkisstj. í fjvn. kom með þá skáldlegu samlíkingu í nál. sínu, að þegar stokkið væri af vagni, yrði í fyrstu að hlaupa í sömu átt og vagninn til þess að missa ekki fótanna.

Þegar fjárlfrv. fyrir 1958 var lagt fram, kom í ljós, að þessi hlaupakenning stjórnarliðsins ætlaði ekki að reynast sérstaklega giftusamleg. Frv. sýndi eigi aðeins algera uppgjöf fjmrh. við að sporna fótum gegn sívaxandi útþenslu ríkisútgjalda, heldur var því beinlínis lýst yfir í grg. frv., að fjmrh. gæti ekki bent á nein úrræði til þess að afgr. greiðsluhallalaus fjárl., af því að ekki hefði fengizt tækifæri til þess að hafa samráð við þingmenn stjórnarflokkanna.

Þeim mönnum, sem haft höfðu álit á forustuhæfni hæstv. fjmrh., hnykkti við, og það mun hafa verið mat þeirra manna, sem mest umburðarlyndi áttu, að slíka gjaldþrotayfirlýsingu gæti enginn fjmrh. gefið oftar en einu sinni án þess að biðjast lausnar. En einhvern tíma verður allt fyrst.

Í fjárlfrv. sínu fyrir árið 1959 hefur hæstv. fjmrh. tekizt að setja nýtt met. Nú er ekki lengur talað um, að úrræðanna sé að vænta hjá þingliði ríkisstj., heldur þingum ýmissa stéttasamtaka í landinu. Hafa menn nokkurn tíma þekkt aðra eins fjármálaforustu?

Fjárlfrv. fyrir árið 1959 er jafnvel enn ómerkilegra plagg en fjárlfrv. fyrir árið 1958, og er þó langt jafnað. Í frv. örlar ekki á neinni fjármálastefnu. Safnað hefur verið saman hin-

um hefðbundnu upplýsingum frá stofnunum ríkisins, og efnisniðurröðun í frv. hefur verið breytt allverulega, þannig að útgjaldaliðirnir eru flokkaðir saman eftir þeim ráðuneytum, sem viðkomandi málaflokkar heyra undir. Er það sennilega gert til þess, að ljósar liggi fyrir, að önnur ráðuneyti en fjmrn. séu útgjaldaráðuneyti, svo sem fjmrh. lagði mikla áherzlu á í fjárlagaræðu sinni í fyrra.

Í fjárlfrv. er miðað við kaupgreiðsluvísitöluna 183 stig, sem er sú vísitala, er bjargráðaútreikningarnir voru miðaðir við. Er þó ljóst, að strax fyrir þessi áramót verður vísitalan orðin miklu hærri, hvað þá á næsta ári, nema róttækar skipulagsbreytingar verði gerðar á því kerfi. Um þetta segir aðeins í grg. frv., að það sé nauðsynlegt að taka sjálft vísitölukerfið til athugunar, þar eð kaupgjald og afurðaverð breytist sjálfkrafa með breytingu á framfærsluvísitölu. Engin vísbending er gefin um það, hvaða lausn sé líkleg á þessu mikla vandamáli, heldur er það eitt sagt, að slík mál verði að leysa í nánu samstarfi við stéttasamtökin í landinu.

Niðurstaða af sjóðsyfirliti fjárlfrv. er 900 millj. kr. Er þar um að ræða 93 millj. kr. hækkun frá fjárl. þessa árs. Raunverulega er þó hækkunin meiri, því að nú hafa öll útgjöld vegna niðurgreiðslna á vöruverði verið flutt yfir á útflutningssjóð, og fellur því niður af þeim sökum 40 millj. kr. útgjaldaliður hjá ríkissjóði.

Þessa miklu útgjaldaaukningu telur fjmrh. að miklu leyti stafa af afleiðingum efnahagsráðstafana ríkisstj. s. l. vor. Með bjargráðalögunum varð mikil hækkun á verðtolli og söluskatti. Var áætlað, að tekjur ríkissjóðs ykjust af þessum sökum um 140—150 millj. kr. Þessi nýja tekjuöflun er þannig étin algerlega upp.

Samkvæmt útreikningum, sem hæstv. menntmrh. hefur nýlega birt í ræðu, er áætlað, að bjargráðin valdi 28 stiga hækkun á vísitölu. Að vísu hélt ráðh. því fram, að hækkunin stafaði fyrst og fremst af kauphækkunum, en kauphækkanirnar eru vitanlega afleiðing dýrtíðarflóðsins, sem ráðstafanir ríkisstj. hafa valdið.

Nú þegar hefur vísitalan hækkað um 25 stig, og er afleiðingin 17 stiga hækkun kaupgjaldsvísitölu strax 1. des. Eru þá ekki komnar fram verðhækkanir þær, sem ríkisstj. lofaði vegna kauphækkunar Dagsbrúnar, og þessi mikla hækkun kaupgjaldsvísitölunnar hlýtur svo aftur að valda nýjum hækkunum, og allar leiða hækkanir þessar af sér stóraukin útgjöld, bæði fyrir ríkissjóð og útflutningssjóð, svo sem réttilega er bent á í grg. fjárlfrv. Áætlað er, að hvert vísitölustig kosti ríkissjóð 2 millj. kr. Að óbreyttu skipulagi verða því strax í byrjun fjárhagsársins fallin á ríkissjóð um 40 millj. kr. ársútgjöld, sem ekki er reiknað með í fjárlfrv. Að vísu segir í grg. frv., að ekki hafi verið hægt að reikna með annarri vísitölu en vitað var um, þegar frv. var samið. Þessi staðhæfing er út í bláinn, því að við undirbúning fjárl. er yfirleitt reynt að mynda sér skoðun um, hver sennileg vísitölubreyting verði á væntanlegu fjárhagsári. Hefði fjmrh. a. m. k. getað fengið lánaða þá áætlun, sem menntmrh. gerði, því að ekki er svo ónáið samband milli þessara tveggja hæstv. ráðh.

Sé hins vegar ætlunin að leysa vandann með því að festa vísitöluna og láta heldur ekki koma til framkvæmda þá 17 stiga hækkun, sem þegar er orðin, þá lítur málið auðvitað út á annan veg. En um það tjóa ekki neinar hálfkveðnar vísur eða bollaleggingar um það, að þeir aðilar eigi að bjóða að fyrra bragði fram þá lausn, sem helzt eiga að verða fyrir barðinu á henni, en ríkisstj. sjálf hafi ekki kjark til að forma ákveðnar tillögur um það efni.

Ég öfunda ekki hæstv. fjmrh. að standa nú andspænis afleiðingum fjármálaþróunar þeirrar nýju stefnu, sem hann taldi svo mikilvægt að koma í framkvæmd árið 1956, að hann gekk til stjórnarsamstarfs við flokk, sem hann til þess tíma hafði talið versta óhappaaflið í íslenzkum stjórnmálum, og hefur síðan beinlínis lagt kapp á að afneita í orði og verki þeim kenningum, sem hann áður taldi meginatriði.

Þegar hæstv. forsrh. lét gera hina margumtöluðu úttekt á þjóðarbúinu við valdatöku vinstri stjórnarinnar, úttekt, sem stranglega hefur verið haldið leyndri fyrir þjóðinni, væntanlega af hlíf við Sjálfstfl., þá lýsti forsrh. því yfir, að úttektin hefði staðfest, að efnahags- og fjármálakerfi þjóðarinnar væri helsjúkt. Hvaða lýsingarorð halda menn þá að helzt mætti nota til þess að lýsa heilsufari efnahagskerfisins í dag eftir rúmlega tveggja ára læknisaðgerðir ríkisstj. hans?

Í stað greiðsluafgangs er kominn verulegur hallarekstur hjá ríkissjóði, og ríkisstj. hefur nú beinlínis vísað frá sér þeim vanda að finna úrræði til þess að afgreiða greiðsluhallalaus fjárl. fyrir næsta ár.

Lagðar hafa verið á tveimur árum á þjóðina nýjar álögur, sem nema 900—1000 millj. kr., og þó er stöðvun framleiðslunnar á næsta leiti, ef ekki tekst fyrir áramót að finna ný úrræði henni til bjargar. Vegur lítið á móti svo stórkostlegri hækkun tolla smávægileg lækkun beinna skatta, enda eru þær lækkanir ekki meiri en svo, að beinir skattar eru áætlaðir 5 millj. kr. hærri í frv. en fjárl. þessa árs.

Framfærsluvísitalan hefur hækkað um 31 stig eða úr 186 stigum í 217 stig og mikil frekari hækkun væntanleg á næstu mánuðum. Nú á einum mánuði hefur vísitalan hækkað um 13 stig.

Þessu til viðbótar hafa niðurgreiðslur hækkað mjög mikið. Eru nú samtals greidd niður 22 vísitölustig, en þar af er 9.6 stiga niðurgreiðsla til komin í tíð vinstri stjórnarinnar, aðeins á tveimur árum. Er fróðlegt að íhuga til samanburðar, að frá árslokum 1952 til miðs árs 1955, þegar áhrifa verkfallsins mikla byrjaði að gæta, stóð framfærsluvísitalan alveg í stað, og voru þó niðurgreiðslur aðeins auknar sem nam 1.65 vísitölustigi á árunum 1953—55. Hefði hæstv. fjmrh. 1956 viljað sinna til-

lögum sjálfstæðismanna um stöðvun vísitöluhækkana með auknum niðurgreiðslum, þyrfti þjóðin ekki nú að standa andspænis því öngþveiti, sem blasir við. Nei, þá sem oftar varð öll skynsemi að víkja fyrir pólitískri ævintýramennsku Framsfl.

Nú í sumar og haust hefur flóðalda verðhækkana og dýrtíðar á öllum sviðum magnazt svo, að óþekkt er áður. Hafa komið vikur, sem tilkynntar hafa verið nýjar verðhækkanir daglega. Heilbrigt viðskiptalíf hefur stórlega lamazt, en óheilbrigð spákaupmennska aukizt. Sýnilegt er, að fjárlög ársins 1959 munu ná milljarðsmarkinu, og samkvæmt áætlun um tekjuþörf útflutningssjóðs var reiknað með 1200 millj. til greiðslu núgildandi bóta. Er þá heildarskattheimtan komin töluvert yfir 2000 millj. kr. og hlýtur þó að verða enn meiri, ef halda á áfram á sömu braut.

Um afkomu ríkissjóðs og útflutningssjóðs, það sem af er þessu ári, er mér ekki kunnugt, en nokkra vísbendingu gefur það og hana ekki góða, að 1. okt. var yfirdráttarskuld ríkissjóðs við seðlabankann 128 millj. kr., en var 97.5 millj. um sama leyti í fyrra. Eru þó skattar innheimtir fyrr í ár en í fyrra.

Ótalinn er þó sá þáttur efnahagsmálanna, sem er jafnvel geigvænlegastur, en það eru viðskiptin við útlönd og gjaldeyrisstaðan. Ríkisstj. hefur talið sér það mjög til gildis að hafa tvöfaldað skuldir þjóðarinnar við útlönd á tveimur árum og sé það eitthvað annað en í tíð fyrrv. stjórnar, sem að mestu leyti hafi orðið að standa undir margvíslegum framkvæmdum með árlegum gjaldeyristekjum.

Á hinum skamma valdaferli ríkisstj. hafa verið tekin erlend lán að upphæð 618.5 millj. kr. Og aðeins á þessu ári munu hafa verið til ráðstöfunar á fjórða hundrað millj. í erlendu lánsfé. Þessa staðreynd mun hæstv. fjmrh. telja til kímnibókmennta, eins og hann komst að orði í frumræðu sinni. Öllu meiri kímnisögu hygg ég þó flesta hafa talið, þegar hann sagði, að unnið væri að samningum um smíði togaranna, en síðasta árið a. m. k. mun nefnd hafa verið alveg á förum til útlanda til að semja um þessi skipakaup.

En þrátt fyrir þennan geysimikla lánsgjaldeyri, sem verið hefur til ráðstöfunar á þessu tímabili, hefur gjaldeyrisstaðan versnað svo, að fullkomið öngþveiti er að verða á því sviði. Skal um þetta efni leitt vitni, sem naumast verður talið óhagstætt fyrir ríkisstj., sjálfur aðalbankastjóri seðlabankans, Vilhjálmur Þór, en hann komst svo að orði í ræðu, er hann flutti 19. sept. s. l. á aðalfundi Verzlunarráðs Íslands:

„Í lok ágúst var heildargjaldeyrisskuldin að meðtöldum öllum skuldbindingum 238 millj. kr., og hafði hún vaxið um 41 millj. frá síðustu áramótum, en um 100 millj. frá ársbyrjun 1957 og 119 millj. frá ársbyrjun 1956. Hér þarf svo að hafa í huga, að auk þessa hafa verið tekin stór lán, bæði 1956, 1957 og 1958. Er því um að ræða ógnarlegan gjaldeyrishalla á þessum tíma."

Það er því sama, hvar gripið er niður, hvarvetna blasir við óhugnanlegt öngþveiti, sem leitt hefur af ráðleysisfálmi hæstv. ríkisstj. undir forustu hæstv. fjmrh. Þetta er hin nýja fjármálastefna, sem átti að leiða þjóðina út úr ógöngunum, eftir að sjálfstæðismenn hefðu verið gerðir áhrifalausir.

En þrátt fyrir það þótt hæstv. fjmrh. hangi nú í lausu lofti fram af gjábarmi fjármálaöngþveitisins og hangi í því hálmstrái einu, að stéttasamtökin bjargi honum úr ógöngunum, þá er hann samt enn í hópi þeirra örfáu Íslendinga, sem segja, að ríkisstj. hafi mörgu góðu til leiðar komið og aldrei hafi verið betur búið að höfuðatvinnuvegunum og efnahagslögin frá í vor hafi miðað mjög í rétta átt, eins og fjmrh. komst að orði í margumtalaðri ræðu, sem hann flutti í Rangárþingi nú seint í sumar.

Sannleikurinn er þó sá, að þjóðarinnar vegna má enginn maður síður vera blindur fyrir þróun efnahags- og fjármálanna en einmitt fjmrh. Það er því alvarleg staðreynd, þegar það er einmitt sá ráðh., sem allra manna harðast berst fyrir áframhaldi þess hörmungarstjórnarfars, sem engin úrræði finnur til lausnar stærstu vandamála þjóðfélagsins og meira að segja aðalhagspekingur ríkisstj. lýsir svo í blaði stærsta stjórnarflokksins fyrir fáum dögum, að þegar haustið 1957 hafi sú bjartsýni, sem fylgdi myndun vinstri stjórnarinnar, verið þorrin.

Hvernig er svo um það hálmstrá, sem fjmrh. heldur nú dauðahaldi í, væntanlegt samþykki verkalýðssamtakanna á afnámi vísitöluuppbótar? Um þetta kemst Þjóðviljinn svo að orði í feitletraðri klausu í forsíðugrein s. l. miðvikudag, þar sem hann ræðir um verðhækkanir af völdum bjargráðanna:

„Þessar staðreyndir sýna hins vegar, hversu fráleitar eru hugmyndir þeirra afturhaldsmanna, sem ímynda sér, að hægt sé að fá verkafólk til að fallast á, að vísitöluuppbætur verði felldar niður með öllu og menn beri bótalaust þær stórfelldu verðhækkanir, sem dunið hafi yfir síðustu vikur og mánuði."

Finnst ekki hæstv. fjmrh. þetta dæmalaust ánægjulegar undirtektir við hugmynd hans, einmitt frá mönnunum, sem hann undanfarnar vikur hefur skipað fylgismönnum sínum að styðja til að halda völdum í Alþýðusambandi Íslands?

Þegar stjórnarliðið þrýtur öll rök til varnar aðgerðum ríkisstj., þá er síðasta trompið þetta: Ríkisstj. hefur þó a. m. k. ekkert gert nema í samráði við vinnustéttirnar. — En hér er sannarlega ekki um neitt frægðarstrik að ræða hjá hæstv. ríkisstj., heldur er þetta einn raunalegasti þátturinn í ólánssögu hennar.

Verkalýðssamtökin og bændasamtökin eru félagssamtök stétta, sem gegna einu þýðingarmesta hlutverki í þjóðfélagi voru. En bæði eru heildarsamtök þessi byggð á stéttarlegum grundvelli, þar sem saman eiga að geta unnið að hinum stéttarlegu hagsmunamálum menn með annars gerólíkar skoðanir. Samkvæmt íslenzkri stjórnskipan er hið æðsta pólitíska vald í höndum Alþingis, sem er skipað

fulltrúum allrar þjóðarinnar, er verða síðan að leggja verk sín undir dóm þjóðarinnar í almennum kosningum. Alþingi og ríkisstj. er ætlað að hafa hina pólitísku forustu, og því aðeins geta þessar stofnanir notið nauðsynlegs trausts og virðingar, að þjóðin finni, að þessir kjörnu valdhafar ræki forustuhlutverk sitt á sómasamlegan hátt.

Ef ríkisvaldið er ekki hið æðsta vald í þjóðfélaginu, sem þjóðfélagsborgararnir, hvar í stétt og stöðu sem þeir eru, geta leitað halds og trausts hjá, þá er þjóðfélagið í mikilli hættu statt. Framselji ríkisstj. forustuhlutverk sitt í hendur stéttasamtaka, hversu nytsöm sem þau samtök eru, þá er farið inn á mjög hættulega braut. Þegar svo er komið, að horft er með meiri eftirvæntingu til Alþýðusambandsþings en sjálfs Alþingis og ríkisstj. sjálf lýsir því yfir, að fjármálastefna hennar velti á aðgerðum þess þings, hvar í ósköpunum erum við þá stödd með okkar stjórnskipun? Er þá ekki ríkisstj. búin að gera Alþingi að skrípasamkomu, sem eðlilegast sé að leysa upp og spara þannig þjóðinni þau útgjöld, sem leiðir af setu þess? Þannig horfir málið við frá sjónarmiði allra þeirra þjóðfélagsborgara, sem ekki þekkja samráð ríkisstj. við alþýðusamtökin.

Samráðin við stéttasamtökin eru nefnilega eintóm sýndarmennska og blekking, svo sem flest annað í starfi og stefnu hæstv. ríkisstj. Það er ósköp þægilegt fyrir ríkisstj. að geta varið vanhugsaðar aðgerðir sínar með því, að fjölmennustu stéttasamtökin í landinu hafi talið þær skynsamlegar. Hin ímynduðu samráð við stéttasamtökin eru svo óspart notuð gegn óánægjuröddum í þingliði ríkisstj. Niðurstaðan er því sú, að þjóðin er blekkt, þingið er óvirt og stéttasamtökin eru óvirt. Allt vald færist þannig í hendur ríkisstj. og fámennrar klíku náinna samstarfsmanna hennar. Þegar svo þessi hópur er sjálfum sér svo sundurþykkur, að hann getur ekki komið sér saman um neina skynsamlega stefnu, þá er ekki von, að vel fari.

Tilvera ríkisstj. byggist á hinu eindæma ólýðræðislega framferði Hræðslubandalagsins í síðustu kosningum. Samráðin við stéttasamtök eru í sama anda. Þing stéttasamtakanna hafa aldrei verið spurð ráða, heldur aðeins stjórnir þeirra, sem ekkert umboð hafa til þess að samþykkja kvaðir á meðlimi samtakanna.

Við samþykkt bjargráðanna s. l. vor fékkst meiri hluti stjórnar Stéttarsambands bænda aðeins til að segja það, að álögurnar kæmu ekki þyngra niður á bændum en öðrum, sem sannast sagna er þó mjög hæpið.

Samráðin við verkalýðssamtökin voru fólgin í viðræðum við stjórn Alþýðusambands Íslands og svokallaða 19 manna nefnd, sem beinlínis hafði verið falið það hlutverk á Alþýðusambandsþingi að gæta þess, að ríkisstj. legði ekki nýjar álögur á almenning. Niðurstaðan varð sú, að fulltrúar 18% verkalýðsins lýstu fylgi við bjargráðin, en fulltrúar 82% voru þeim andvígir.

Þetta túlkaði forseti Alþýðusambandsins sem stuðning verkalýðsins, og ráðherrar Framsfl. voru ekki seinir að taka undir það. Hér var einmitt sú tegund af lýðræði, sem er framsóknarmönnum sérstaklega geðþekk, enda mun ætlun ríkisstj. að setja svipaðan leik aftur á svið, ef tækifæri býðst.

En með framferði sínu hefur ríkisstj. því miður lánazt það að magna stórkostlega hin pólitísku átök innan stéttasamtakanna. Er það því kaldhæðnislegt, þegar hæstv. fjmrh. talar nú fjálglega um nauðsyn samheldni verkalýðsfélaganna. Vofir mikil hætta yfir verkalýðshreyfingunni, ef ekki tekst að útiloka hin pólitísku átök og sameina hana á stéttarlegum grundvelli.

Skoðun sjálfstæðismanna er sú, að verkalýðshreyfingin megi ekki láta beita sér fyrir vagn eins ákveðins stjórnmálaflokks eða ríkisstj., heldur eigi hún á þjóðhollum og lýðræðislegum grundvelli að vinna að hagsmunamálum félaga sinna án hliðsjónar af því, hvaða flokkar fara með hin pólitísku völd í landinu.

Það, sem einkum hefur komið hæstv. fjmrh. í koll og leitt hann út í hinar dæmalausu ógöngur með fjárl. síðustu árin, er hin furðulega trú hans, að fjármál ríkisins og þróun efnahagsmálanna séu sitt hvað. Eftir kröfu fjmrh. hafa ráðstafanir vegna dýrtíðar og aðstoð við framleiðsluna í því sambandi verið slitin úr tengslum við fjárl. En hvernig sem hæstv. fjmrh. fer að, þá tekst honum ekki að breyta þeim lögmálum, sem hér eru að verki. Þessi undarlega hugmynd fjmrh., að rekstur ríkissjóðs geti verið einfalt kassabókhald, sem ekki komi öðrum þáttum efnahagsmálanna við, er villukenning, sem þegar hefur leitt margt illt af sér, og vonlaust er um nokkra heilsteypta fjármálastefnu, meðan þessi skoðun ræður ríkjum í fjmrn.

Sú staðreynd verður ekki lengur dulin, að ríkisstj. hefur gersamlega mistekizt að uppfylla þau loforð, sem hún gaf þjóðinni í síðustu kosningum, að svo miklu leyti sem hún hefur haft nokkra tilburði í þá átt að efna þau. Hvarvetna blasir við augum uppgjöf og ráðleysi, og þjóðarskútan veltist stjórnlaus í brimróti efnahagslegs öngþveitis og sundrungar. Lokaþáttur hrakfallasögu ríkisstj. er að hefjast. Sterkasta vopn kommúnista og Alþfl. í nýafstöðnum kosningum til Alþýðusambandsþings var að afneita stjórnarstefnunni. Daglega fordæmir blað stærsta stjórnarflokksins stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum, þótt að vísu allir þm. Alþb. nema einn greiddu henni atkv. á Alþingi og flokkurinn eigi tvo ráðherra í ríkisstj. Enn þá berjast þó hæstv. fjmrh., félmrh. og menntmrh. örvæntingarfullri baráttu að halda stjórninni saman, þótt þeir eygi enga lausn á aðsteðjandi vandamálum, og í rökþrotum sínum frammi fyrir sívaxandi gagnrýni þjóðarinnar er svo gripið til þess hetjulega úrræðis að kenna stjórnarandstöðunni um allar ófarir stjórnarinnar. Er hægt að hugsa sér öllu aumlegri afsökun ríkisstj., sem taldi sig hafa allt í sinni hendi. Í málflutningi stjórnarliðsins rekst þó eitt á annars horn, sem vænta mátti. Með leyfi hæstv. forseta, langar mig til að nefna nokkur dæmi.

Í frásögn Tímans af Rangárþingsræðu hæstv. fjmrh. um næstsíðustu mánaðamót er t. d. þannig sagt frá ummælum ráðherrans:

„Efnahagslöggjöfin frá í vor hefði miðað mjög í rétta átt, hún hefði gert ráð fyrir 5% kauphækkun. Nú hefði stjórnarandstöðunni tekizt að valda meiri hækkun. Þjóðin getur nú þegar byrjað að þakka Sjálfstfl. það, að augljóst er, að enn þarf nýjar ráðstafanir í efnahagsmálunum í vetur."

Hvort man nú enginn þá röksemd þessa sama hæstv. ráðh., að Sjálfstfl. hafi verið óhæfur til stjórnarsamstarfs, m. a. vegna þess, að hann hafi ekki haft nein áhrif í verkalýðsfélögunum? Sjálfstfl. má vissulega vel við una, ef áhrif hans í launþegasamtökunum hafa vaxið svo gífurlega við starf vinstri stjórnarinnar, að hann mótar nú stefnu verkalýðshreyfingarinnar í kjaramálum.

Í grg. bjargráðafrv. var beinlínis gert ráð fyrir nauðsyn frekari aðgerða í haust. Öllum hv. þm. mun til viðbótar kunn sú till., sem deildarstjórinn í fjmrn. flutti í bæjarstjórn Reykjavíkur, að bæjarstjórnin semdi tafarlaust um 13% kauphækkun til Dagsbrúnar, þótt stjórn Dagsbrúnar teldi síðar sjálf mjög vel við unandi að fá 9.5% kauphækkun. Hvort telja menn líklegra, að það hafi verið Sjálfstfl. eða Eysteinn Jónsson, sem hafi sent deildarstjórann með þessa till. á bæjarstjórnarfund?

Í sambandi við þessa einstaklega heiðarlegu fræðslustarfsemi hæstv. fjmrh. er fróðlegt að íhuga ummæli Þjóðviljans 31. marz s. l. Þar segir svo:

„Það ætti að vera tímabært fyrir verkamenn í almennri vinnu að segja upp samningum til þess að fá einhverja lagfæringu á núverandi kaupgjaldi, án þess að efnahagskerfið biði tjón af því. Þvert á móti ætti leiðrétting á kaupgjaldi verkamanna að hafa örvandi áhrif á framleiðsluna, ef skynsamlega er á haldið."

Heldur hæstv. fjmrh. ef til vill, að sjálfstæðismenn hafi komið þessari grein í Þjóðviljann?

Til viðbótar þessari kynlegu fræðslustarfsemi bætir svo hæstv. fjmrh. þeirri furðulegu skáldsögu nú, að vinnuveitendur hafi beinlínis hvatt verkamenn til að heimta hærra kaup. Þegar fyrri bjargráð ríkisstj. voru lögfest fyrri hluta árs 1957, lýsti einn af stuðningsmönnum ríkisstj., hv. þm. Siglf., því yfir, að þær ráðstafanir mundu auka öngþveitið í efnahagsmálunum, og við afgreiðslu síðari bjargráðanna s. l. vor lýsti þessi sami hv. þm. því yfir, að með þeim ráðstöfunum væri öngþveitið fullkomnað, og undir þau ummæli tóku þá tveir aðrir þm. stjórnarliðsins. Það eru aðgerðir ríkisstj. sjálfrar og aðgerðaleysi, sem hafa leitt til þess öngþveitis, sem þjóðin á nú við að stríða, og er tilgangslaust af hæstv. fjmrh. að reyna að koma skömminni yfir á Sjálfstfl. Bezta vitnið gegn fjmrh. í því efni er málgagn nánasta stuðningsmanns hans, hæstv. menntmrh. Þar segir svo 19. marz s. l.:

„Núverandi ríkisstj. á að hafa betri aðstöðu til þess en fyrirrennarar hennar að leysa efnahagsmálin, af því að Sjálfstfl. er kominn á réttan stað í íslenzkum stjórnmálum."

Hér hefur aðeins verið drepið á nokkur helztu atriði, sem einkennandi eru fyrir fjármálastefnu hæstv. fjmrh. í því nýja samfélagi um stjórn ríkisins, sem hann í dag vinnur kappsamlegast allra manna að því að viðhalda. Þar sem enn er allt á huldu með næstu bráðabirgðaúrræði ríkisstj. til afgreiðslu fjárlaga og lausnar á vandkvæðum útgerðarinnar um næstu áramót, er á þessu stigi málanna enginn umræðugrundvöllur til að ræða í einstökum atriðum þær leiðir, sem þar koma helzt til greina.

Ég hygg það sammæli allra, að núverandi ástand í efnahags- og fjármálum þjóðarinnar sé óviðunandi. Enginn lætur sér lengur til hugar koma, að vandinn verði leystur með neinum töfrabrögðum, eins og núv. ríkisstj. lofaði að gera. Lækningin kostar áreiðanlega fórnir. En ég hygg, að þjóðin sé reiðubúin að taka á sig nokkrar kvaðir í því skyni, ef hún finnur, að með stefnufestu, skynsemi og réttsýni er á málum haldið og þeim gráa leik hætt að klæða allar ráðstafanir stjórnarvalda í blekkingahjúp. Hrun gjaldmiðilsins verður að stöðva, og framleiðslustarfsemi verður að komast á þann grundvöll, að hún laði til sín fjármagn og vinnuafl. Stöðvið verðbólguhjólið og gefið okkur trú á gjaldmiðilinn, er krafa þjóðarinnar til valdhafa sinna í dag.

Reynslan hefur sýnt, að dómgreind þjóðarinnar er meiri en núverandi valdhafar hafa vonað. Frumskilyrði til lausnar vandamálanna er að segja satt og rétt frá staðreyndum og reyna að fræða þjóðina á sem raunhæfastan hátt um eðli vandamálanna og þær ýmsu leiðir, sem til greina koma við lausn þeirra. Til þess að eðlilega verði að málum unnið, verður jafnframt að koma á lýðræðislegum stjórnarháttum, þar sem raunverulegur meiri hluti ræður og eðlilegt tillit er tekið til minni hlutans, í stað þess að lítill hluti þjóðarinnar fari með völdin í skjóli ranglátra kosningahátta og noti síðan hin rangfengnu völd til þess að beita meiri hlutann margvíslegum bolabrögðum. Fjármálastjórnin verður að komast í það horf, að reynt sé að finna einhvern grundvöll undir fjárlagaafgreiðsluna. Ástæða er til að halda, að enda þótt verðbólguáhrifa hætti að gæta, muni útgjöld ríkissjóðs að óbreyttu skipulagi samt hækka árlega meira en eðlilegri tekjuhækkun nemur. Þetta þarf að rannsaka, því að draga verður óhjákvæmilega úr útgjöldum, sem þeirri umframhækkun nemur. Áætlanir þyrfti að gera nokkur ár fram í tímann um nauðsynlegar framkvæmdir í hafnagerð, vegagerð, skólabyggingum og öðrum fjárfestingarframkvæmdum, sem ríkið þarf að meira eða minna leyti að standa straum af, svo að hægt sé að gera sér grein fyrir, hvað við raunverulega höfum efni á að framkvæma.

Útgjöld ríkissjóðs vegna ríkisábyrgða aukast mjög ár frá ári, og er sá útgjaldaliður einn nú hækkaður um 10 millj. kr. Þessi vanskil stafa í flestum tilfellum af bágbornum hag viðkomandi sveitarfélaga, og virðist þessi mikla

hækkun vanskila ekki benda til þess, að alls staðar sé atvinnulíf með svo miklum blóma sem hæstv. félmrh. vill halda fram í ferðalýsingum sínum í Þjóðviljanum, því miður. Það sýnist því fullkomlega tímabært að reyna að bæta fjárhagsafkomu sveitarfélaganna, og í annan stað er nauðsynlegt að koma einhverju föstu skipulagi á veitingu ríkisábyrgða og reyna að koma í veg fyrir hin alvarlegu vanskil, því að ríkisábyrgðirnar eru orðnar svo gífurlegar, að þessi útgjaldaliður getur orðið mjög alvarlegur. Er með þessum ábendingum vissulega ekki verið að gefa í skyn ódæði eða afbrot, en það skildist mér fjmrh. telja felast í öllum umr. um hækkanir á ríkisútgjöldum. Það er sannarlega erfitt að ræða þessi mál, þegar viðbrögð fjmrh. eru slík.

Að lokum nokkur orð um sparnað í ríkisútgjöldum, sem alltaf er mikið talað um, en minna verður úr framkvæmdum. Hver sparnaðarnefndin eftir aðra hefur verið skipuð og þær skilað ýtarlegum nefndarálitum. En sjaldnast hafa nokkrar till. þeirra verið framkvæmdar. Síðast í fyrra var sparnaðarnefnd starfandi. Hún skilaði ýtarlegu áliti, sem fjmrh. af einhverjum ástæðum neitaði fjvn. Alþingis um að fá í hendur á síðasta þingi. Svo að segja engar till. þeirrar nefndar hafa verið teknar til greina.

Hæstv. fjmrh. sagði eitt sinn í ræðu, er fundið var að lítilli viðleitni hans til sparnaðar, að hann hefði hvað eftir annað auglýst eftir sparnaðartill., en engar fengið. Þótt slík auglýsingastarfsemi beri ekki árangur, getur það alls ekki reynzt næg syndakvittun fyrir fjmrh., allra sízt hann, sem hefur gegnt því starfi öllum öðrum lengur, því að enginn hefur betri aðstöðu til að gera sér grein fyrir, hvar helzt má sporna fótum við útgjöldum.

Það er áreiðanlega hægt að spara á mörgum sviðum. En það þarf í senn réttsýni og kjark til að gera slíkar ráðstafanir á viðunandi hátt. Án einbeittrar forustu fjmrh. á hverjum tíma er þess ekki að vænta, að andi sparnaðar og hagsýni ráði í ríkisrekstrinum. Ég efa ekki góðan vilja hæstv. fjmrh. í þessu efni, en þá duga engin vettlingatök eða sýndarmennska, svo sem endurteknar skipanir sparnaðarnefnda, sem hafðar eru að engu, eða slíkar ráðstafanir til eftirlits með ríkisrekstrinum sem lögfestar voru á síðasta þingi, því að það er einhver haldlausasta löggjöf á þessu sviði, sem sett hefur verið, og tilgangurinn sýnilega aðeins sá að slá ryki í augu þjóðarinnar, sem er eftirlætisiðja hæstv. ríkisstj.

Herra forseti. Að lokum þetta: Það er lífsnauðsyn fyrir þjóðina, að vandamál hennar séu tekin nýjum tökum. Núv. ríkisstj. hefur reynzt gersamlega ófær um að leysa þann vanda, sem hún lofaði að leysa við valdatöku sína. Þjóðin á nú við erlent ofbeldi að etja. Í því máli er þjóðin einhuga. Varðandi efnahagsmálin er líka áreiðanlega mjög vaxandi skilningur á því, að þau vandamál verði að leysa með samstilltu átaki. Síaukið fylgi Sjálfstfl. sýnir, að þjóðin treystir ekki núv. ríkisstj. til að hafa forustu um þá lausn, því að óheilindi hennar og bolabrögð leiða til sundrungar, en ekki samheldni. Vandamálin verða ekki leyst með því að beita meginorku ríkisstj. að því að ýta helmingi þjóðarinnar til hliðar, svo sem hæstv. forsrh. stærði sig af í kjördæmi sínu í sumar að væri eitt aðalstefnumál ríkisstj. Slíkan hugsunarhátt fordæmir íslenzka þjóðin, og því krefst hún þess, að ríkisstj. misbjóði hvorki heiðri né efnahagslegum hagsmunum þjóðarinnar meira en orðið er. Mælirinn er nú þegar fullur.

Björn Jónsson: Herra forseti, heiðruðu tilheyrendur. Ekki fer milli mála, að ýmis mikilvæg mál, sem standa í beinu sambandi við afgreiðslu fjárlaga, eru enn óútkljáð, og því er fullvíst, að fjárlagafrv. það, sem hér liggur fyrir, mun taka miklum breytingum, bæði til samræmis við staðreyndir, sem þegar eru ljósar í efnahagsmálunum, og aðrar, sem væntanlega munu liggja fyrir, áður en frá frv. verður endanlega gengið. Brýn nauðsyn er einnig á að endurskoða rækilega alla útgjaldahlið frv. með tilliti til sparnaðar í ríkisrekstrinum, ef unnt á að reynast að standa undir þeirri útgjaldaaukningu, sem fyrirsjáanlega er orðin vegna breytts verðlags og kaupgjalds í landinu umfram þá, sem í frv. er reiknað með, ef spyrna á gegn nýrri gjaldheimtu af almenningi, sem aftur hlyti að hleypa af stað hækkuðu vöruverði og kaupgjaldi, nýrri verðbreytingu til hækkunar. Mun ég víkja nánar að þessu síðar.

Sjálft fjárlagafrv. speglar ekki nema hluta af þeim viðfangsefnum, sem Alþingi og ríkisstjórn hljóta að fást við í sambandi við efnahagsmálin. Með l. um útflutningssjóð o. fl. frá s. l. vori var skilið fullkomlega á milli hinnar hefðbundnu fjárlagaafgreiðslu, sem varðar rekstur ríkissjóðs, og þeirra ákvarðana, sem árlega verður að taka vegna atvinnuveganna og ekki eru síður mikilvægar fyrir afkomu þjóðarbúskaparins. Fjárlagafrv. greinir frá ráðstöfun á rösklega 900 millj. kr., en útflutningssjóður mun á líðandi ári ráðstafa um 1100 millj. kr. Samtals verða þetta um 2 milljarðar kr., en allar þjóðartekjurnar námu á s. l. ári 5—6 milljörðum kr. Það liggur því fyrir, að Alþingi og ríkisstjórn ráðstafi með fjárlögum og lögum um útflutningssjóð meira en þriðjungi allra þjóðarteknanna og e. t. v. allt að 2/5 hlutum. Hér er því að samanlögðu orðið um að ræða fjármálastjórn á öllu þjóðarbúinu, fjármálastjórn, sem ræður algerum úrslitum um allt efnahagslífið og afkomu hvers manns í landinu. Það fer því að vonum, að allur almenningur láti sig miklu varða, hvernig þessi stjórn fer úr hendi, hvað vel tekst til og hvað miður og hversu úr megi bæta því, sem aflaga fer.

Stefnuyfirlýsing núverandi ríkisstj. frá 24. júlí 1956 hefst á þessum orðum:

„Ríkisstjórnin mun taka upp samstarf við samtök verkalýðs og launþega, bænda, útgerðarmanna og annarra framleiðenda til þess að finna sem heppilegasta lausn á vandamálum atvinnuveganna. Markmið þessa samstarfs

skal vera að auka framleiðslu landsmanna, tryggja atvinnu og kaupmátt tekna og efla almennar framfarir í landinu.“

Og síðar segir:

„Ríkisstj. mun beita sér fyrir að skipuleggja almenna uppbyggingu í landinu, einkum í þeim þremur landsfjórðungum, sem nú eru verst á vegi staddir í atvinnulegum efnum.“

Eins og ástand og horfur voru í atvinnu- og efnahagsmálunum á miðju ári 1956, var slík yfirlýsing um gerbreytta stjórnarstefnu vissulega ekki gefin að ófyrirsynju. Hún var sem töluð úr hjarta hvers þess manns, sem kynnzt hafði af dýrkeyptri raun stjórnarstefnu afturhaldsins og sá, hvert stefndi. Í rúmlega ár, eða frá vordögum 1955, hafði afturhaldið haldið uppi ofsalegri hefndarpólitík á hendur launamönnum. Verkfallið mikla varið 1955, þegar aðþrengdir verkamenn freistuðu að endurheimta nokkuð af hagfræðilega sannaðri kjaraskerðingu undanfarinna ára, var notað sem gerviástæða til gegndarlausra verðhækkana, sem þrengdu kosti launamanna dag frá degi. Ekkert verðlagseftirlit verndaði þá gegn hóflausri álagningu og okri. Hverju sem tautaði skyldi öllu, sem áunnizt hafði, rænt aftur öðru sinni. Vitandi vits og af vel ráðnum hug var stefnt til styrjaldar við alþýðusamtökin, hvað sem hún kynni að kosta þjóðfélagið. Ekkert var aðhafzt í þá átt að undirbyggja sjálft atvinnulífið og gera það þannig færara um að standa undir lífskjörunum. Fiskiskipastóllinn stóð í stað, eða rýrnaði ár frá ári. Aukning varð ekki einu sinni til samsvörunar árlegri fólksfjölgun í landinu. Fiskvinnslustöðvarnar stóðu langtímum ónotaðar, langvarandi og tíðar rekstrarstöðvanir báta- og togaraflotans skertu þjóðartekjurnar um hundruð millj. kr. árlega. Fólksflótti úr sjávarbyggðum Vestur-, Norður- og Austurlands jókst ár frá ári vegna landlægs atvinnuleysis. Tekjur manna á þeim slóðum komust árið 1955 sums staðar niður í 1/3 hluta af launatekjum í Keflavík. Sjómennirnir flúðu unnvörpum af togurum og bátum til óarðbærrar hernaðarvinnu, vegna þess að ekkert var aðhafzt til að bæta kjör þeirra, en í staðinn voru fluttir inn 2000 Færeyingar og ærnum gjaldeyri varið til launa þeirra. Markaðsmálin voru í fullkomnum ólestri. Svo var komið, þegar íhaldið var rekið frá stjórn þeirra mála á miðju ári 1956, að þau frystihús, sem nokkra verulega starfrækslu höfðu, voru stöðvuð eða um það bil að stöðvast, vegna þess að þau lágu með allar geymslur fullar af fiski, sem íhaldsstjórnin gat ekki selt. Við lá, að síldarvertíð sumarið 1956 stöðvaðist mitt í einni mestu aflahrotu síðari ára, vegna þess að ekki hafði verið séð fyrir nægri fyrirframsölu á framleiðslunni. Síðast, en ekki síst, sjálfur rekstrargrundvöllur framleiðsluatvinnuveganna var að hruni kominn. Í hefndarþorsta sínum gegn alþýðusamtökunum og verðhækkunarflóði því, sem magnað var eftir ósigur afturhaldsins í verkfallinu 1955, var ekki skirrzt við að herða svo að sjávarútveginum, að í ársbyrjun 1956 var allur vélbátaflotinn stöðvaður í heilan mánuð og togaraflotinn að nokkru leyti. Þegar svo var komið, var að vísu hlaupið til og lagðar á álögur upp á 250 millj. kr., en ekki var þar vitlegar að farið en svo, að þessar álögur fleyttu ekki útgerðinni einu sinni fram yfir kosningahríðina í júnímánuði.

Þótt hér sé stiklað á stóru, gefur þetta nokkra hugmynd um viðskilnað afturhaldsins fyrir rúmlega tveimur árum og þá jafnframt um þau verkefni, sem lágu fyrir núverandi ríkisstj. við aðkomuna sumarið 1956.

En hvernig hefur þá til tekizt fyrir núverandi stjórnarflokkum í þeim efnum, sem hér hefur verið drepið á? Hvernig hafa þeir uppfyllt yfirlýsingar sínar, sem hér hefur verið minnzt á, og hvað hefur þeim mistekizt? Ef frá væru skildir örfáir staðir, sem sumir eiga við að búa sérstaklega erfið skilyrði frá náttúrunnar hendi, má nú segja, að hver maður í sjávarþorpum og bæjum landsins hafi næga og stöðuga atvinnu, jafnvel svo, að þar sem áður var landlægt atvinnuleysi mikinn hluta árs, leggja menn nú nótt við dag til þess að afla sér tekna og skapa þjóðfélaginu verðmæti. Allur fólksflótti úr sjávarbyggðum landsins er nú stöðvaður, og segir það sína sögu um þá gerbreytingu, sem hér hefur átt sér stað. Hvers konar stöðvanir í framleiðslu með tilheyrandi skaða fyrir þjóðfélagið heyra nú fortíðinni til. Sérhver möguleiki togara, báta og fiskvinnslustöðva til að afla og vinna aflann, sem að landi er dreginn, er nýttur til hins ýtrasta, og hann hrúgast þar ekki upp sem illseljanleg vara.

Það var eitt af fyrstu verkum núv. hæstv. viðskmrh., Lúðvíks Jósefssonar, að hindra stöðvun á rekstri togaraflotans og frystihúsanna með því að afla markaða fyrir þann fisk, sem þá fyllti allar geymslur hraðfrystihúsanna. Þetta var gert með stórfelldum þriggja ára samningi við Sovétríkin. Allt frá þeim tíma hefur svo verið haldið á markaðsmálunum, að viðstöðulausar afskipanir hafa farið fram á allri framleiðslu sjávarafurða, hverju flaki, sem framleiðslumáttur okkar hefur getað unnið. Þessi staðreynd er þeim mun athyglisverðari, sem vitað er, að á sama tíma eiga ýmsar fiskveiðiþjóðir við mikla markaðsörðugleika að stríða og verða jafnvel að draga saman útgerð sína af þeim sökum.

En það hefur ekki aðeins tekizt að afla markaða fyrir framleiðslu okkar, eins og hún var fyrir tveimur árum. Á þeim tíma hefur framleiðslan og jafnframt sala hennar aukizt meira en áður eru dæmi til á jafnskömmum tíma. Aflamagn báta og togara, það sem af er þessu ári, er nú 20% meira en á sama tíma á fyrra ári. Á öllu s. l. ári var framleiðsla mikilvægustu útflutningsvöru okkar, hraðfrysts fisks, 56 þús. tonn, en nú á 9½ mánuði þessa árs er sama framleiðsla orðin 66 þús. tonn, eða 20% meiri en allt s. l. ár. Má telja víst, að heildarframleiðsla á hraðfrystum fiski verði á þessu ári allt að 80 þús. tonn, sem er langsamlega mesta framleiðsla okkar á einu ári. Til enn frekari samanburðar má minna á, að 1952 nam öll framleiðsla af hraðfrystum fiski 29 þús. tonnum eða miklu minna en

við nú seljum til Sovétríkjanna einna. Þessi stórfellda framleiðsluaukning er ekki til komin fyrir neina hendingu eða tilviljun, heldur fyrir markvísar ráðstafanir ríkisstj. til þess að auka fiskiskipastólinn og fiskvinnslustöðvar í landinu og búa hvort tveggja fullkomnum vélum og tækjum.

Það hefur verið horfið frá þeirri hrunstefnu að láta flotann standa í stað og níðast niður. Á árunum 1957 og 1958 verður samanlögð aukning stærri báta samtals yfir 60 skip, að rúmlestatölu um eða yfir 4000 lestir. Þetta svarar til 20% aukningar á öllum fiskiskipaflotanum á tveimur árum. Nokkur hluti þessarar miklu aukningar er þó ekki enn kominn í gagnið, þ. e. a. s. 12 250 lesta fiskiskip, en hin fyrstu þeirra munu sigla á miðin í næsta mánuði og síðan hvert af öðru og verða hin mikilvægasta atvinnuleg lyftistöng í 12 sjávarþorpum landsins og jafnframt bæta sínum skerf til aukinnar framleiðslu þjóðarinnar allrar.

Afkastageta fiskvinnslustöðvanna hefur verið aukin meira en til samræmis við aukningu flotans. Fimm stór hraðfrystihús hafa tekið til starfa, og því nær hvert frystihús á landinu hefur verið endurbætt eða stækkað, og samanlagt hafa þau verið búin nýjum vélum og tækjum fyrir tugi millj. kr. Nú þegar vinnuaflsskortur er orðinn eitt helzta vandamál atvinnulífsins, þá skilar þessi nýja vélvæðing fiskvinnslustöðvanna ómetanlegri framleiðsluaukningu og tryggir rekstur flotans að sínu leyti.

Íslenzku fiskiskipin hafa aldrei verið betur útbúin til veiða en nú. Mikill hluti bátaflotans er búinn fiskileitartækjum af fremstu gerð. Til þessa hefur verið varið miklum fjárhæðum. Nýjar gerðir neta og síldarnóta hafa rutt sér til rúms. Árangur þessa er m. a. orðinn sá, að rökstuddar vonir standa nú til, að sumarsíldveiðin, sem jafnan hefur verið eins konar happdrætti með takmarkaðri vinningsvon, sé að verða árviss atvinnugrein, sem nokkuð örugglega megi reikna með í þjóðarbúskapnum.

Nýjar útflutningsgreinar hafa verið efldar. Ég nefni sem dæmi þess, að nú í ár og á fyrra ári hafa verið flutt út nokkur þús. tonn af frystri síld. Þá hefur fiskileit skipulögð af sjútvmrn. skilað tugum millj. í auknum afla.

Í tíð núv. ríkisstj. hafa kjör sjómanna tvívegis verið stórbætt með hækkuðu fiskverði og launum. Tvennar skattalækkanir til sjómanna hafa verið framkvæmdar, bátasjómönnum tryggð full greiðsla orlofs til jafns við aðrar stéttir og lífeyrissjóður stofnaður fyrir togarasjómenn. Þetta hefur leitt til þess, að sjómannastéttin, sem flúði skipin í tíð Ólafs Thors, og ungir og vaskir menn aðrir una nú betur á sjónum. Í stað 1000—2000 Færeyinga, sem áður mönnuðu flotann, eru nú komnir ungir menn og einnig á öll þau skip, sem til þessa hafa bætzt í hópinn. Þetta haggar þó ekki því, að nú verður á allra næstu vikum að gera allstórt átak til að bæta kjör sjómannastéttarinnar, hækka fiskverð til hennar og laun, a. m. k. til samræmis við hækkað verðlag og laun annarra stétta.

Þetta eru nokkur atriði, sem sýna ljóslega *stórfellda efnahagslega ávinninga, sem náðst* hafa síðustu tvö árin í fullu samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna frá 1956, atriði, sem varða miklu um sjálfan grundvöllinn, sem heilbrigt efnahagslíf og framfarir verða að byggjast á.

Framleiðslan hefur verið aukin meira en áður eru dæmi til á jafnstuttum tíma og fullnægjandi markaðir tryggðir fyrir allar framleiðsluvörur. Hvert atvinnutæki hefur verið knúið til ýtrustu afkasta og stórfelld atvinnuuppbygging verið framkvæmd víðs vegar um landið. Fólksflóttinn til Suðurnesja hefur verið stöðvaður. Nýjar framleiðslugreinar hafa verið efldar, útgerðinni verið tryggður fullnægjandi rekstrargrundvöllur. Kjör sjómanna hafa verið bætt, svo að unnt hefur verið að manna allan flotann Íslendingum. Í stuttu máli, tekjur þjóðarinnar af framleiðslu hafa aldrei verið meiri en nú. Við höfum aldrei staðið nær því marki, að hver hönd gæti haft nýtilegt verk að vinna. Gjaldeyrissala hefur aldrei verið meiri og sparifé aldrei meira. Á fyrstu sjö mánuðum ársins 1957 varð innstæðuaukning í bönkum og sparisjóðum samtals 141 millj. kr., en á sama tíma í ár var innstæðuaukningin 310 millj. kr. eða meira en helmingi meiri. Að slíkt skuli gerast þrátt fyrir dvínandi trú á sparnað, sannar aðeins eitt, að atvinnutekjur hafa almennt vaxið gífurlega.

Eru þetta nú merki þess, að allt sé að fara í kaldakol, að afkoma almennings og þjóðarinnar sé á fallandi fæti, eins og síðasti ræðumaður vildi vera láta? Skyldi þetta benda til þess, „að ríkisstj. hafi reynzt vinnandi stéttum versti böðull og þeim mun meiri, sem lengra hefur liðið," eins og lesa mátti nú í vikunni í ritstjórnargrein annars aðalmálgagns stjórnarandstöðunnar?

Ofar öllum öðrum efnahagslegum ávinningum, sem náðst hafa, rís landhelgismálið, sem nú er að nálgast fullnaðarsigur. Landhelgismálið er okkar stærsta efnahagsmál í nútíð og framtíð. Fullnaðarsigur í því leggur hinn eina hugsanlega trausta grundvöll að tilveru þjóðarinnar sem efnalega og menningarlega sjálfstæðrar heildar. Án sigurs í landhelgismálinu verður allt annað í efnahagsmálunum, hversu vel sem þar er að unnið, að ösku og hjómi.

Ég hef hér rætt sumt af því, sem bezt hefur farið úr hendi núverandi ríkisstjórnar og flokka hennar varðandi efnahagsmálin. En ekki væri rétt að draga fjöður yfir það, sem miður hefur farið í þeim efnum. Sú staðreynd er öllum ljós, að það hefur ekki tekizt að tryggja stöðugt verðlag í landinu, heldur hafa orðið stórfelldar verðbreytingar til hækkunar á öllu vöruverði, þjónustu og kaupgjaldi. Þegar ríkisstj. var mynduð eða örskömmu síðar gerði hún með fullu samþykki og í fullu samráði við verkalýðshreyfinguna djarfmannlegt átak til þess að stöðva dýrtíðarflóðið, sem hatursað-

gerðir íhaldsins eftir verkfallið 1955 höfðu hleypt af stað. Verðfestingarlögin, sem stöðvuðu allar verðhækkanir um 6 mánaða skeið, voru sett. Á Alþýðusambandsþingi í nóv. 1956 mótaði verkalýðshreyfingin stefnu sína í efnahagsmálunum og lagði þar höfuðáherzlu á stöðvun verðbólgunnar, uppbyggingu atvinnulífsins og óskertan kaupmátt launa. Við efnahagsaðgerðirnar, sem nauðsynlegt reyndist að gera í desember þá um haustið með setningu laga um útflutningssjóð, var í veigamestu atriðum tekið fullt tillit til alþýðusamtakanna og vilja þeirra. Þessar aðgerðir voru að vísu ekki með öllu sársaukalausar fyrir launafólk, en þær tryggðu framleiðsluatvinnuvegunum starfsgrundvöll, án þess að stofnað væri til nýrrar verðbólguþróunar eða stórfelldra verðhækkana á almennum neyzluvörum. Lækkun verzlunarálagningar var ákveðin, komið á ströngu verðlagseftirliti, lagður stóreignaskattur á þá, sem ríflegastan verðbólgugróða höfðu hrifsað til sín, og ýmsar aðrar ráðstafanir gerðar jafnhliða tekjuöflun til atvinnulífsins, sem voru til hagsbóta vinnustéttunum.

Þessar ráðstafanir dugðu ekki, andstætt því sem menn höfðu ætlað og vonað, til þess að halda atvinnulífinu í fullum gangi nema í rösklega eitt ár, en þá var augljóst, að til nýrra aðgerða þyrfti að grípa. Höfuðorsakirnar til þessa voru án alls vafa annars vegar ófyrirsjáanlegur aflabrestur, sem varð þess valdandi, að útflutningur minnkaði þrátt fyrir fulla nýtingu allra framleiðslutækja, og hins vegar óhagstæð skipting innflutnings milli fjárfestingarvara og neyzluvarnings, að viðbættum þeim árangri, sem stjórnarandstaðan, íhaldið, óneitanlega náði í því að rífa niður það, sem upp hafði verið byggt.

Þegar núgildandi lög um útflutningssjóð á s. l. vori voru sett, gegndi nokkru öðru máli um afstöðu verkalýðshreyfingarinnar en til hinna fyrri aðgerða núverandi ríkisstj. í efnahagsmálunum. Að vísu hefur því mjög verið haldið á lofti, að mikill ágreiningur hafi verið um afstöðu samtakanna, bæði innan 19 manna nefndarinnar og annars staðar, en það er ekki rétt nema að litlu leyti. Þær tillögur, sem þar komu fram í málinu, bera þess ljósan vott, að ágreiningur var ekki um grundvallaratriði. Allir voru sammála því, að með þessum ráðstöfunum væri í veigamiklum atriðum horfið frá þeirri verðstöðvunarstefnu, sem þing Alþýðusambands Íslands hafði mótað og fylgt hafði verið í meginatriðum af ríkisstj. í hartnær tvö ár með þeim mikilsverða árangri, að verðsveiflur urðu mjög litlar það tímabil og mun minni verðhækkanir en í flestum eða öllum grannlöndum okkar. Alþýðusamtökin óttuðust einnig, að þegar til reyndarinnar kæmi, stæðust útreikningar hagfræðinga ríkisstjórnarinnar ekki og verðhækkanir yrðu meiri og stórtækari en þeir sögðu til um. Á hinn bóginn varð ekki augum lokað fyrir því, að nýrra aðgerða var þörf, til þess að atvinnulífið gæti haldizt í fullu fjöri, og þegar mál stóðu þannig að lokum, að engir pólitískir möguleikar voru á að knýja fram aðgerðir í fullu samræmi við vilja alþýðusamtakanna, varð niðurstaðan sú, að Alþb. féllst á þá millileið, sem farin var. Rétt er og að muna það, að á sama tíma og efnahagsaðgerðirnar voru á döfinni voru stjórnarflokkarnir að ráða til hlunns því máli, sem meta varð öllu ofar, landhelgismálinu. Úrslitum þess á örlagastund hefði verið í voða stefnt, ef til friðslita hefði dregið út af efnahagsaðgerðunum.

Nú er ljóst, svo að ekki verður um villzt, að aðvörunarorð alþýðusamtakanna og Alþb. voru ekki að ófyrirsynju. Geysilegar verðhækkanir hafa orðið, sem aftur hafa leitt af sér nauðvörn kauphækkana. Framleiðslukostnaður útflutningsframleiðslunnar vex hröðum skrefum, sem fyrr eða síðar leiðir til þess, að nýjar millifærslur til hennar verða óhjákvæmilegar. Eignaskipting í þjóðfélaginu raskast á óheilbrigðan og skaðlegan hátt, tilhneiging skapast til óhóflegrar fjárfestingar, en sparnaðarviðleitni minnkar að sama skapi. Þjóðfélagslegar umbætur, m. a. þær, sem beztar hafa verið gerðar í tíð núv. ríkisstj., svo sem stofnun húsnæðismálasjóðs og lífeyrissjóðs og atvinnuleysistryggingarnar eru settar í stórfellda hættu, því að hvers virði verða slíkar sjóðmyndanir, ef raunverulegt verðgildi þeirra vex lítið eða ekkert, þrátt fyrir stöðuga greiðslu iðgjalda af almenningsfé? Með slíkri þróun breytist eðli þessara mikilvægu félagslegu umbóta úr því að verða trygging fyrir betri lífskjörum í skattheimtu á almenning, en braskarar og skuldakóngar hirða ávinninginn.

Það kann að vísu að vera, að unnt sé um takmarkaðan tíma að halda uppi óskertum lífskjörum almennings þrátt fyrir vaxandi verðbólgu, ef svo vel er haldið á atvinnumálunum sem gert hefur verið nú um skeið. En það gerist þá með þeim hætti, að verkalýðssamtökin knýja fram stöðugar launahækkanir í kjölfar verðhækkana, síðan kemur ríkisvaldið til skjalanna og ákveður nýja gjaldheimtu til atvinnuveganna og svo koll af kolli, en niðurstaðan verður sú, að hinar efnahagslegu umturnanir verða æ tíðari með hinum alvarlegustu afleiðingum fyrir þjóðfélagið. Þessa öfugþróun verður að stöðva, og það verður að vera sameiginlegt verkefni Alþingis, ríkisstjórnar og verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi að vinna það verk, og það verður að hefjast án tafar. Á þessari stundu liggur fyrir, að kaupgreiðsluvísitala er orðin 198 stig, eða 15 stigum hærri en reiknað er með í fjárlfrv., og ljóst er, að einhver hækkun því til viðbótar á eftir að koma fram. Að fjárlfrv. óbreyttu að öðru leyti er því auðsætt, að allháa upphæð skortir á tekjuhlið þess til þess að standast útgjöld af þessum sökum. Síðan koma aukin útgjöld útflutningssjóðs, sem að vísu má reikna með að náist að nokkru með aukinni framleiðslu og þar af leiðandi vaxandi innflutningi. Enn liggja engin fullnægjandi gögn fyrir um hina auknu fjárþörf útflutningssjóðs, en fullvíst má þó telja, að hún reynist óhjákvæmileg að öðru óbreyttu.

Hvernig á að mæta þessum vanda, án þess að efnt sé til enn meiri almennra verðhækk-

ana en orðnar eru eða orðnar verða um næstu áramót? Þessu til svars liggur hendi næst að athuga, hvort öll þau útgjöld, sem hér er um að ræða, samtals yfir 2000 millj. kr., séu með öllu óhjákvæmileg og hvort það megi ekki draga saman seglin, svo að um muni. Það ber hiklaust að svara þeirri spurningu játandi. Það er unnt að spara margra tuga milljóna útgjöld, miðað við það fjárlfrv., sem hér liggur fyrir, bæði á rekstrarútgjöldum ríkisbáknsins og einnig á fjárfestingarliðum. Það nálgast hreina fásinnu, að ríkið sjálft hlaupi í kapp við framleiðsluatvinnugreinarnar um vinnuafl, sem skortur er á í landinu, til þess að halda uppi framkvæmdum, sem enga sérstaka nauð líða og snerta ekkert sjálft athafnalífið. Það er alkunna, að fjárfesting á Íslandi spennir efnahagsþol þjóðarinnar til hins ýtrasta. Um 1/3 hluti allra þjóðarteknanna eða meira er festur í framkvæmdum. Meðan ekki hefur tekizt að auka enn meira en orðið er framleiðslu og þjóðartekjur, svo að þær geti hvort tveggja í senn staðið undir viðlíka fjárfestingu og nú á sér stað og jafnframt lagt grundvöll að batnandi lífskjörum, þá verður að takmarka hana, eins og frekast er unnt, við þær framkvæmdir, sem mestum arði skila í þjóðarbúið. En það er mikill misbrestur á, að svo sé.

Fjárfesting þjóðarinnar er að allt of miklu leyti handahófskennd, gerð án heildaryfirsýnar og mótuð af hreppapólitík, og stundum er hún beinlínis þjóðhagslega skaðleg. Mýmörg dæmi mætti nefna þessu til sönnunar, smá og stór. *Hér í höfuðborginni eru t. d. þrjár risaspítalabyggingar í smíðum samtímis og hafa verið um áraskeið.* Hver fyrir sig kostar tugmillj. kr., og allar standa þær hálfkaraðar vegna fjárskorts og koma því engum að gagni. Hliðstæður þessa má finna á mörgum sviðum í hafnamálum, vegamálum og víðar, þar sem hálfkaraðar framkvæmdir standa eins og háðsmerki á skynsamlegri og þjóðnýtri uppbyggingu, meðan þjóðþrifaframkvæmdir, sem gætu skilað tugum eða hundruðum millj. í þjóðarbúið, verða út undan.

Í leikmannsaugum verður það að teljast léleg hagfræði að nota ekki nú þegar fáanlegt erlent lánsfé til kaupa á togurum, t. d. þeim 15, sem ákveðið var í stjórnarsáttmálanum að kaupa, þar sem margsannað er, að engin atvinnutæki komast nálægt því að skapa þjóðfélaginu jafnmikil verðmæti, miðað við verð og vinnuaflsþörf. Það er staðreynd, að hverjir þrír togarasjómenn draga að landi aflamagn, sem unnið og útflutt gefur eina millj. kr. í gjaldeyri á ári, miðað við skráð gengi. Á sama tíma og úr hömlu dregst að ráðast í togarakaup, eru í uppsiglingu verksmiðjubyggingar fyrir allt að 100 millj. kr. eða meira, sem m. a. er ætlað að framleiða til útflutnings osta, sem gefa kr. 4.50 í gjaldeyri á hvert kg eða minna en jafnþyngd í hraðfrystum fiski, og þar á líka að framleiða smjör, sem gefur kr. 7.50 fyrir sömu þyngdareiningu, eða um 1/10 af innanlandsverði. Hvor framkvæmdin mundi nú samræmast betur þjóðarhagsmunum?

Það er fullvíst, að það er unnt að mæta a. m. k. að mjög verulegu leyti aukinni fjárþörf atvinnuveganna og ríkissjóðs með takmörkun á fjárfestingu og skynsamlegri heildarstjórn á þeim málum öllum. En á slíkri heildarstjórn, þar sem unnið er eftir fyrir fram gerðum áætlunum, er nú ríkari þörf en nokkru sinni fyrr. Það er líka unnt að spara tugi millj. á sjálfum ríkisrekstrinum. Ýmsar greiðslur úr útflutningssjóði sæta almennri gagnrýni, og lítilll vafi er á, að þar mætti einnig draga saman útgjöld á sumum sviðum, án þess að atvinnulífið í heild biði tjón af. Þungbærar vaxtagreiðslur mætti lækka stórlega jafnhliða gagngerðum ráðstöfunum til verðstöðvunar.

Vextir eru nú 1/3 hluti alls byggingarkostnaðar í landinu og einn allra stærsti útgjaldaliður framleiðsluatvinnuveganna. Háir vextir og okur eru fylgifiskar verðbólgu. Takist að stöðva hana, skapast jafnframt grundvöllur til vaxtalækkunar, sem létt gæti stórlega rekstur atvinnuveganna.

Allt of mikið af afkastagetu þjóðarinnar er bundið í verzlun og öðrum þjóðfélagslega óarðbærum störfum. Því ber að breyta, m. a. með því, að ríkið sjálft taki í sínar hendur mikilvægar greinar verzlunarinnar, svo sem olíusölu o. fl., og tryggi þannig atvinnuvegunum sannvirði rekstrarvara og hindri hóflausa fjárfestingu og sóun vinnuafls. Það eru slíkar leiðir, sem verður að fara jafnframt áframhaldandi atvinnuuppbyggingu, ef vinna á bug á þeim vanda, sem nú steðjar að þjóðinni efnalega, og unnt á að reynast að stöðva dýrtíðarskrúfuna.

Verkalýðshreyfingin hefur hér úrslitahlutverki að gegna. Það hefur frá öndverðu verið stefna hennar að sporna við aukinni dýrtíð og meta meira verðgildi launa en krónutölu. Í því sambandi er rétt að minna á, að a. m. k. síðan 1946, þegar raunveruleg lífskjör almennings voru einna hæst, sem þau hafa orðið, hefur verkalýðshreyfingin aldrei gert kaupkröfur nema sem beinar og rökréttar gagnráðstafanir gegn verðhækkunum. Þessi staðreynd er nú viðurkennd af öllum málsmetandi hagfræðingum, líka þeim, sem ekki verða sakaðir um að teljast málsvarar alþýðusamtakanna. Ósanninindaþvæla íhaldsmanna, sem lapin er í nær hvert sinn, sem þeir stíga í ræðustól og tala um efnahagsmál, um að alþýðusamtökin eigi sök á verðbólgunni, er dautt og ómerkt fleipur, mælt gegn betri vitund þess, sem finnur, að hann er sjálfur hinn seki.

Saga íhaldsins, þótt ekki sé lengra rakin en frá árinu 1947, er samfelld saga um baráttu þess fyrir vaxandi dýrtíð og árásum á lífskjör almennings. 1947 stóðu þeir fyrir því að lögbinda skerðingu á vísitölugreiðslum um 28 stig og binda hana jafnframt. Samtímis voru skattar og tollar stórhækkaðir og nýir fundnir upp. Á einni nóttu voru launakjör alþýðuheimilanna rýrð um 10%. Á árinu 1950 knúði íhaldið fram gengisfellinguna miklu, sem hækkaði allan erlendan gjaldeyri um 73% og magnaði nýtt dýrtíðarflóð og kjaraskerðingu. Og í ársbyrjun 1956 skellti það enn nýrri öldu yfir aðþrengda landsmenn með hundruð millj. álögum.

En svo ljót sem sú saga er öll, þótt hér verði ekki nánar rakin, væri þó synd að segja, að hlutur íhaldsins hefði batnað, eftir að það hrökklaðist úr sjálfri landsstjórninni. Þegar verðfestingarlögin voru sett í ágúst 1956, æpti íhaldið sín verstu ókvæðisorð að ríkisstj. Mennirnir, sem höfðu ákveðið að binda kaupgjaldið og fella gengið þegar að kosningum loknum, urðu æfir, þegar þeir fengu ekki lengur fullt frelsi til þess að spenna upp vöruverðið. Þegar ríkisstj. kom á ströngu verðlagseftirliti til að vernda kaupmátt launa, ætlaði íhaldið að ærast. Þegar heildsöluálagning var lækkuð, umturnaðist Morgunblaðið og allt þess lið. Þegar verðbólgugróðamönnum var gert með stóreignaskattinum að endurgreiða nokkuð af feng sínum, hlaut sú ráðstöfun fullkomna fordæmingu. Þar var komið við sjálft íhaldshjartað. Þannig hefur öll viðleitni íhaldsins, síðan það kom í stjórnarandstöðu, beinzt að því að auka dýrtíðina og eyðileggja allar aðgerðir til að stemma stigu við henni, en lélegustu tegundir loddarabragða hafa verið notaðar til að villa um fyrir almenningi. Þegar álagningin var lækkuð, heimtuðu íhaldsmenn hærri álagningu, en sögðust jafnframt vera málsvarar lægra vöruverðs. Við afgreiðslu fjárl. heimta þeir meiri framlög til flestra framkvæmda, en eru jafnframt á móti allri tekjuöflun til að standa straum af þeim sömu framkvæmdum. Þegar ráðstafanir eru gerðar til að tryggja rekstur atvinnuveganna, krefjast þeir ætíð margfalt meiri uppbóta en þörf er á, en eru jafnframt á móti því, að fjár sé aflað til að standa undir þeim. Þessi skrípaleikur á að dylja hina raunverulegu stefnu íhaldsins, stefnu kaupbindingar, vísitöluskerðingar, gengislækkunar og verðbólgu.

Íhaldið veit sem er, að það eru skjólstæðingar þess, auðmenn og braskarar, sem hagnast á dýrtíðarskrúfunni. Þess vegna hefur það beitt sér af oddi og egg gegn allri viðleitni til að stöðva hana. Íhaldið veit, að verkalýðshreyfingin er það eina afl, sem líklegt er til þess að geta knúið fram þær breytingar á þjóðarbúskapnum, sem tryggja stöðvun verðbólgu, efnahagslegar framfarir og bætt lífskjör. Þess vegna beinir það nú stormsveitum sínum að verkalýðshreyfingunni. Þess vegna hefur auðmannastéttin beitt peningavaldi sínu, mannafla og bifreiðum í kosningunum til Alþýðusambandsþingsins undanfarna daga í þeim tilgangi að brjóta niður styrk samtakanna innan frá.

Sú ráðagerð má ekki takast. Fram undan bíða verkalýðshreyfingarinnar örlagarík verkefni, sem hún getur ekki leyst, nema henni takist að skapa fullkomna einingu í eigin röðum. Á Alþýðusambandsþinginu, sem kemur saman að tæpum mánuði liðnum, verða allir fulltrúar vinnandi Íslendinga að muna, að þeir eru forustumenn stéttar, en ekki flokka. Þeir verða að móta þar skýra og ótvíræða afstöðu alþýðusamtakanna í efnahagsmálunum og sanna stjórnmálaflokkunum, ríkisstj. og Alþ. og allri þjóðinni, að frá þeirri stefnu verður ekki vikið. Alþýðusamtökin verða að slá skjaldborg um þá stórfelldu efnahagslegu ávinninga, atvinnuuppbygginguna, framleiðsluaukninguna, viturlega meðferð markaðsmálanna, útrýmingu atvinnuleysis og útfærslu fiskveiðilögsögunnar, sem unnizt hafa í samstarfi við ríkisstj. á s. l. tveimur árum. En þau verða jafnframt að krefjast þess svo kröftuglega, að ekki verði undan vikizt, að verðþenslan verði stöðvuð og stöðugt verðlag tryggt í landinu, ekki að þeirri leið, að laun verkafólks verði skert með kaupbindingu eða vísitöluskerðingu, heldur með því að taka upp stefnu sparnaðar í öllum opinberum rekstri, með því að miða fjárfestingu við efnahagsþol þjóðarinnar og framkvæma aðrar nauðsynlegar aðgerðir í efnahagslífinu, jafnvel þótt þær hafi einhvern sársauka í för með sér fyrir vissa aðila í þjóðfélaginu.

Sú ríkisstj., sem nú er við völd í landinu, fékk þau fyrir frumkvæði og fylgi alþýðunnar, sem batt við hana miklar vonir og veitti henni traust til mikilla afreka. Á fjölmörgum sviðum hefur þessi ríkisstj. reynzt traustsins verð og unnið ómetanlegt starf. Á öðrum sviðum hefur skort á, að nægilegt tillit væri tekið til verkalýðsstéttarinnar og hagsmuna hennar. Þetta verður að breytast, ef vel á að fara. Verkalýðshreyfingin getur verið sterkasta þjóðfélagsaflið í þessu landi. Nú eins og áður æskir hún einskis fremur en að beita því mikla afli í samstarfi við ríkisvaldið til þess að skapa vinnandi stéttum landsins bætt lífskjör, en hún kaupir heldur ekki friðinn því verði að fórna hagsmunum umbjóðenda sinna í einu eða neinu.

Emil Jónsson: Herra forseti. Þetta fjárlagafrv., sem hér hefur verið lagt fram, er að því leyti ekki ólíkt fjárlagafrv. undanfarinna ára, að það er hæsta fjárlagafrv., sem nokkurn tíma hefur séð dagsins ljós á Alþingi. Niðurstöðutölur á sjóðsyfirliti eru um 900 millj. kr. Svona hefur þetta verið mörg undanfarin ár. Fjárlög hvers árs hafa sífellt verið hærri heldur en ársins á undan. Tilsvarandi tölur undanfarinna ára hafa verið þannig, — ég nefni þær aðeins til þess, að menn átti sig á, hversu ört þetta breytist: 1953 var þessi sama tala eða niðurstaða á sjóðsyfirliti 392 millj. kr., 1954 430 millj. kr., 1955 497 millj. kr., 1956 579 millj. kr., 1957 714, 1958 851 og nú í kringum 900 millj. kr. Fjárlögin hafa því rúmlega tvöfaldazt á s. l. fjórum árum og nærri þrefaldazt á s. l. 6 árum og nálgast nú orðið 1000 millj., eða 1 milljarð, sem er eða svarar til 6000 kr. á hvert einasta mannsbarn í landinu að meðaltali. Útsvörin í stærstu bæjunum munu nú vera í kringum 3000 kr. á íbúa, eða samtals gjöld til ríkis og bæja um 9000 kr. á hvert mannsbarn að meðaltali, eða 45 þús. kr. á hverja 5 manna fjölskyldu.

Ef litið er til baka, þótt ekki sé lengra en til minna fyrstu ára á Alþ., þá verður munurinn geysimikill og tölurnar furðulegar, þegar þær eru bornar saman við núverandi upphæðir. Tilsvarandi tölur við þær, sem ég nefndi áðan í fjárlagafrv. nú, þ. e. a. s. niðurstöðutölur á

sjóðsyfirliti, voru í frv. fyrir árið 1935 rúmar 14 millj. og hækkuðu þá á 5 árum til ársins 1940 um aðeins 4 millj. kr., samtals upp í 18 millj. kr. 1940. En hækkunin á þessu 24 ára tímabili á heildarupphæð fjárl. hefur orðið í kringum sextíuföld. Þess má einnig geta, að hér eru þó ekki enn öll kurl komin til grafar, því að í þessu frv., sem hér liggur fyrir, er ekki reiknað með nærri fullri vísitölu, eins og vitað er nú þegar að hún muni verða, og sömuleiðis er vitað, að opinberir starfsmenn hafa ekki enn fengið hliðstæða launahækkun við aðrar starfsstéttir í þjóðfélaginu, sem augljóst er að þeir hljóta að fá, en með þeirri hækkun er heldur ekki reiknað í frv.

Þessi þróun er uggvænleg og stefnir greinilega í fullkomið óefni. En þess er skylt að geta í þessu sambandi, til þess að öllu réttlæti sé fullnægt, að þegar borin eru saman fjárl. eða fjárlagafrumvörp nú og fyrir 20—25 árum, þá er verið að bera saman tvo hluti, sem eru langt frá því að vera fullkomlega sambærilegir. Í fjárl. nú hafa verið teknir heilir dálkar, heilir kaflar, sem ekki voru til þá, fjöldamörg atriði tekin ný á þessu tímabili. Fjárlögin koma miklu víðar við og grípa miklu víðar inn en áður, svo að ekki er nema að litlu leyti sambærilegt við það, sem þá var. En það, sem er uggvænlegt í þróun þessara mála, það er ekki út af fyrir sig, að nýir liðir séu teknir inn á fjárl., ef féð er þá notað í gagnlegum tilgangi, heldur hitt, að sömu hlutirnir og sama vinnan skuli hækka frá ári til árs, eins og raun ber vitni, og ekki aðeins í fjárl., heldur á öllum sviðum.

Þegar núverandi hæstv. ríkisstj. var mynduð, var það eitt af hennar höfuðverkefnum að koma lagi á efnahagsmálin, þ. e. a. s. að stöðva hrun gjaldmiðilsins, krónunnar. Voru menn bjartsýnir á, að þetta mundi henni frekar geta tekizt en öðrum, þar sem hún var samansett af fulltrúum þeirra aðila, sem úrslitaáhrif hafa á verðmyndunina í landinu, launþega og bænda. En öllum landsmönnum er nú ljóst orðið, að sú þróun, sem átt hefur sér stað á undanförnum árum og fjárl. eru á vissan hátt spegilmynd af, er í mesta máta óheillavænleg og leiðir til hreinnar glötunar, ef ekki tekst á einhvern hátt að stöðva hana.

Almenn launahækkun, sem gengur nokkurn veginn jafnt yfir alla, kemur ekki neinum að gagni, ef verðlag á vörum fylgir upp á við í sömu hlutföllum. Það er ekki launahæðin, sem hefur þýðingu, heldur er það sjálfur kaupmáttur launanna. Þetta er nú flestum farið að skiljast, og ber því vitanlega að haga sér eftir því. En ríkisstj. hefur því miður ekki tekizt að ráða við þetta verkefni, eins og vonir stóðu til, til fulls.

Fyrstu tvö árin hækkaði að sönnu framfærsluvísitalan aðeins um 8 stig, og var það út af fyrir sig viðunandi, ef það hefði orðið með eðlilegum hætti. En þegar það er tekið með í reikninginn, að þessi niðurstaða hefur orðið til með mjög auknum niðurgreiðslum, eins og hæstv. fjmrh. lýsti hér áðan, og þegar tekið er tillit til, að sú tilraun, sem gerð var s. l. vetur til úrbóta og áreiðanlega stefndi í rétta átt, hefur nú að verulegu leyti runnið út í sandinn með mjög hækkuðu verðlagi á innlendum vörum og launahækkunum til viðbótar við óumflýjanlega hækkun hinnar erlendu vöru, þá verður ekki komizt hjá því að viðurkenna, að niðurstaðan hefur ekki orðið sú, sem stefnt var að.

Þegar þessi ríkisstj. tók við völdum, lýsti hún því yfir, að um lausn þessara mála skyldi haft samráð við launþega og bændur. Þessarar samvinnu hefur ríkisstj. leitað, og sannleikurinn er líka sá, að engin varanleg niðurstaða mun fást né bót á ráðin nema í fullkominni samvinnu við þessa aðila.

En kjarni þessa máls, og þann kjarna hafa menn oft og tíðum viljað dylja fyrir sjálfum sér, þó að þeir hafi skynjað hann, og sú raunalega staðreynd, sem ekki verður umflúin og kom mjög greinilega í ljós í áliti þeirra sérfræðinga, sem um efnahagsmálin fjölluðu í vetur á vegum ríkisstj., er sú, að þjóðin hefur allar götur síðan í stríðslok eytt meira en hún hefur aflað. Þessi mismunur hefur verið jafnaður fyrst með inneignum þeim, sem safnazt höfðu erlendis í styrjöldinni, síðan með svokölluðu Marshall-fé og loks nú síðast með gífurlegri skuldasöfnun erlendis. Hér eiga allir ~~flokkar hlut að máli, að vísu mismikinn, en~~ allir nokkurn. Þegar stjórnarandstaðan, Sjálfstfl., nú er að deila á ríkisstj. fyrir núverandi þróun mála, fer honum það heldur illa, því að hann hefur átt sannarlega sinn þátt í því sama og raunar stundum í miklu stærri stíl, enda hefur hann engar tillögur borið fram til úrbóta á neinu sviði og enga tilraun gert í þá átt, — sem sagt ekkert látið í sér heyra nema neikvæða gagnrýni. En þessi met verður að jafna, og kapphlaupið milli verðlags og launa verður að hætta. Þetta hefur að vísu oft verið sagt áður, en ég tel nú svo langt komið á þessari braut, að ekki megi lengra halda, og líf stjórnarinnar beinlínis undir því komið, að það takist, þó að raunar verði ekki séð, að í því felist út af fyrir sig nein lausn mála, þó að hæstv. ríkisstj., sem nú situr, yrði að fara frá völdum vegna þess, að henni hefur ekki tekizt að koma þessu aðalmáli sínu þannig í framkvæmd, sem hún helzt vildi, og þó að hv. 2. þm. Eyf., sem hér talaði áðan, hafi talið sjálfsagt, að svo yrði af þessum ástæðum, þá leysir það málið ekki neitt, því að frá sjálfstæðismönnum liggja ekki fyrir neinar tillögur til úrbóta í þessu efni.

En þó að hæstv. ríkisstj. hafi ekki tekizt að leysa þetta mál, eins og til var ætlazt, þá vildi ég minnast á annað mál, þar sem hæstv. ríkisstj. hefur virkilega vel tekizt, og það er að viðhalda fullri atvinnu í landinu og bæta mjög verulega atvinnuástandið víða um land a. m. k. Hefur atvinnuástandið sennilega sjaldan eða aldrei verið betra en nú hin síðustu ár. Þetta er ekki aðeins þýðingarmikið fyrir þá einstaklinga, sem vinnunnar njóta, heldur fyrir þjóðarbúið í heild, ef unnið er að framleiðslustörfum, því að að því verður að keppa að jafna hallann á þjóðarbúskapnum með aukinni

framleiðslu frekar en með því að draga saman seglin í fjárfestingu, þar sem hér er svo margt ófullgert, eða draga úr neyzlunni. En þennan halla verður að jafna, ef heilbrigt efnahagslíf á að geta þróazt í landinu. Það er beinlínis grundvallaratriði. Og ef til vill verður að fara að einhverju leyti allar þessar leiðir til þess að ná fullkomnum árangri, bæði þá leið að auka framleiðsluna, draga að einhverju litlu leyti úr fjárfestingunni og neyzlunni.

Eitt allra þýðingarmesta atriðið í öllu efnahagslífi þjóðarinnar er að endurvekja traustið á gjaldmiðlinum, krónunni, en það verður ekki gert, nema hækkunum, svo geysiörum sem nú hafa nýorðið og alltaf eru að gerast, linni.

Sjálft fjárlfrv., eins og það liggur nú fyrir, er ekki unnt að ræða hér neitt verulega í einstökum atriðum a. m. k., en eitt atriði langar mig þó til þess að minnast á. Innborganir og útborganir eru áætlaðar nálega jafnar á sjóðsyfirliti. Ef að venju lætur, þá eiga gjöldin eftir að hækka mjög verulega í meðferð þingsins, og eins og áður hefur verið að vikið, er bæði reiknað með of lágri vísitölu í frv. og ekki reiknað með hækkuðum grunnlaunum opinberra starfsmanna, sem vitað er að kemur. Er því fyrirsjáanlegur halli á frv., nema tekjurnar verði auknar eða dregið úr einhverjum gjöldum mjög verulega, því að að mínu áliti kemur vitaskuld ekki til mála að afgreiða fjárlfrv. með halla. Og á það vil ég benda alveg sérstaklega, að árferði getur tæpast verið betra né afkoma yfirleitt heldur en verið hefur nú um sinn með fullri atvinnu nálega allra, sem hafa viljað vinna, og öruggri sölu allra okkar afurða. Í árferði eins og þessu ætti vitanlega að reyna að safna einhverjum varasjóði fyrir til mögru áranna, því að vafalaust má gera ráð fyrir því, að þeirra verði enn vart einhvern tíma eða að einhverju leyti.

Þetta gildir kannske allra mest í viðskiptum okkar út á við, og ég efast um, að nokkur þjóð standi þar svo höllum fæti eða tefli á jafntæpt vað eins og við gerum nú. Eftir mörg tiltölulega góð ár með greiðri sölu á öllum okkar afurðum eigum við engan gjaldeyrisforða, heldur þvert á móti, við höfum hrúgað upp lausaskuldum. Fyrir utan hin miklu fastalán, sem við höfum tekið, höfum við hrúgað upp lausaskuldum, sem nema tugum milljóna króna beinlínis, og enn miklu meira í ábyrgðarskuldbindingum, sem falla smátt og smátt.

Þetta er — að ég tel — svo glæfralegt, að maður veigrar sér við að hugsa til þess, hvað mundi ske, ef eitthvað smávegis bæri þarna út af. Gjaldeyrisforði, þó að ekki sé ýkja stór, er það, sem við verðum að keppa að og það sem fyrst, meðan möguleikarnir eru fyrir hendi.

Í stað þess að fara nokkuð út í einstök atriði fjárlfrv., sem heldur ekki er til ætlazt við þessa 1. umr., þá vildi ég mega koma lítillega inn á hugmynd, sem að vísu hefur verið orðuð áður, en ekkert hefur þó orðið úr framkvæmdum á, því miður, því að ég hef lengi staðið í þeirri meiningu, að hún gæti orðið til mikils gagns, og því nefni ég hana hér, að hún stendur í nánu sambandi við fjárl. og afgreiðslu þeirra, þó að segja megi, að hér sé um sérstakt mál og það sérstakt stórmál að ræða.

Nú um alllangt árabil eða öllu heldur um áratugi hafa fjárl. verið miklu meira en áætlun um búskap ríkissjóðs. Þau hafa gripið inn á og haft úrslitaáhrif á fjöldamargar starfsgreinar, sem ekki heyra hinum eiginlega ríkisbúskap til, og sama má segja um ýmsa lagasetningu Alþ. og ráðstafanir, sem gerðar hafa verið af hálfu hæstv. ríkisstj. Það má því segja, að þróunin hafi jafnt og þétt færzt í þá átt, að þjóðarbúskapurinn allur hafi verið meira og meira mótaður af ákvörðunum hins opinbera, ríkisstj., Alþ. og raunar einnig mjög verulega af hliðstæðum aðgerðum ýmissa hinna stærri bæja. Að sumu leyti má segja, að þetta hafi orðið með ráðnum hug, en sumpart hefur það einnig orðið eða komið sem lausn á einstökum vandamálum líðandi stundar, sem erfitt hefur verið að ráða fram úr öðruvísi.

Þessi framvinda mála hefur ekki orðið á vegum neins einstaks flokks eða einstakra flokka eingöngu, heldur hafa allir flokkar átt hér einhvern hlut að, mismunandi mikinn að vísu og kannske með mismunandi ljúfum huga, en allir hafa komið hér við sögu að einhverju leyti. Nægir í þessu sambandi að benda á þá margháttuðu fyrirgreiðslu, sem íslenzkur landbúnaður hefur fengið, bæði með mjög fjölþættri lagasetningu og beinum fjárframlögum úr ríkissjóði, en þau nema nú á aðeins einni grein fjárlfrv. u. þ. b. 1/10 hluta af öllum rekstrarútgjöldum ríkissjóðs.

Þá má einnig minnast á sjávarútveginn, sem nú árlega hefur orðið að fá aðstoð hins opinbera, til þess að starfræksla hans stöðvaðist ekki eða drægist mikið saman.

Iðnaðarstarfsemin hefur komið hér minnzt við sögu. En þó vita allir, að ákvæði tollalaga, aðstoð við lánaútvegun eða neitun um slíka aðstoð, framkvæmd innflutningstakmarkana o. fl., o. fl. getur haft úrslitaáhrif á möguleika þessarar starfsemi til að eflast og þróast. Einnig má þar benda á, að sá vísir til stóriðju, sem nú er hér kominn á fót, hefur orðið til fyrir beinar aðgerðir ríkisvaldsins og Alþingis.

Og í nánum tengslum við ráðstafanir hins opinbera til stuðnings þessum höfuðatvinnuvegum er svo íhlutun ríkisvaldsins um fjárfestingarmál, bæði þær hömlur, sem á fjárfestinguna hafa verið settar, og sú viðleitni að beina fjárfestingunni inn á þær brautir, sem ætla má að hún komi að sem mestum notum fyrir þjóðina í heild, og að halda henni innan þeirra takmarka, sem ætla má viðráðanleg, miðað við þjóðartekjurnar í heild og þá lánsmöguleika, sem fyrir hendi eru, ef menn vilja fara lengra en árlegar tekjur leyfa.

Allar þessar ráðstafanir hafa við meiri og minni rök að styðjast, og má segja, að þær

hafi verið ýmist nauðsynlegar eða forsvaranlegar eftir því, hvernig litið er á í hverju einstöku tilfelli.

En það, sem hefur á skort, er, að þessar ráðstafanir hafa ekki verið gerðar í samhengi. Hefur því oft komið fyrir, að eitt hefur rekið sig á annars horn og ekki komið að þeim notum, sem til hefur verið ætlazt, a. m. k. ekki að fullu. Má um þetta nefna ýmis dæmi, sem óþarft er að rekja og allir þekkja, sem nokkuð hafa kynnt sér þessi mál. Það skal tekið fram, að þetta er ekki sett fram í ádeiluformi á neinn flokk sérstaklega, því að allir flokkar eiga hér nokkurn hlut að máli, þó að það sé mismikið.

En það, sem er aðalefni míns máls og ástæðan til þess, að ég hef rakið þetta nokkuð, er að vekja máls á því, hvort ekki sé tími til kominn, að samtímis fjárlfrv., sem er áætlun um ríkisbúskapinn, sé einnig gerð önnur áætlun um þjóðarbúskapinn allan í heild. Hjá fjölda þjóða eru nú slíkar áætlanir gerðar og þá jafnvel ekki síður hjá þeim þjóðum, sem aðhyllast „líberalistíska“ viðskiptahætti og efnahagsstarfsemi, heldur en hjá hinum, sem vilja byggja sinn þjóðarbúskap á „plan-ökonómískum“ áætlunum. Slík áætlun er í sjálfu sér hið mikilverðasta plagg, hvernig sem menn hyggjast nota það, og einmitt hér á Íslandi, þar sem svo náin tengsl eru á milli rekstrar þjóðarbúsins og ríkissjóðs og ríkisstj., eru mjög miklar líkur til, að þjóðarbúskaparáætlunin geti orðið að ómetanlegu gagni við samningu fjárl. og mótað á skynsamlegan hátt hina mikilsverðustu þætti þeirra.

Hér hefur verið og er starfandi fjöldi nefnda, sem hver um sig hefur tekið til meðferðar nokkra þætti úr áætlun sem þessari, og einn þáttur þessarar áætlunar er nú saminn árlega, þ. e. áætlun um viðskipti okkar út á við, bæði útflutning og innflutning, sem innflutningsskrifstofan gerir. En hvort tveggja er, að þessar nefndir taka ekki til meðferðar nema nokkurn hluta af þjóðarbúskapnum, og svo hitt, að þær hafa ekki það samband sín á milli, sem æskilegt og nauðsynlegt er til þess að fá þá heildarmynd, sem ég tel nauðsynlegt að fá. Úr þessu þarf að bæta, og beini ég því til hæstv. ríkisstj., hvort hún vildi ekki taka þetta mál upp til athugunar nú þegar og gera ráðstafanir, sem þyrfti, til þess að heildaráætlun um þjóðarbúskapinn geti legið fyrir, þegar næstu fjárlög verða samin. Mér er að vísu ljóst, að þetta er mikið verk. En ég gæti hugsað mér, að bæði seðlabanki og Framkvæmdabanki gætu að einhverju leyti lagt fram aðstoð í þessu skyni, því að báðir hafa skyld verkefni með höndum, og þeir ráða báðir yfir sérfræðingum á þessu sviði, sem unnið gætu verkið í samvinnu við sérfræðinga ríkisstj.

Þetta mál hefur að vísu áður borið á góma og meira að segja verið gerðar um það ályktanir, en við það hefur verið látið sitja og ekkert orðið úr framkvæmdum. Ef til vill hefur það verið vegna þess, að sérfræðinga hefur ekki tekizt að fá, þeir hafa ekki verið tiltækir til verksins, en þetta verk verður að vinna fræðilega. En ég ætla, að nú sé völ á nægilegum mannafla til þess að sinna því, svo að vel mætti við una.

Ég geri ráð fyrir, að þetta mál verði á næstunni tekið upp í einhverju formi, enda tel ég, að það hafi þegar dregizt allt of lengi.

Á það vil ég svo að lokum benda, að ýtarleg áætlun af þessu tagi á að geta orðið til hins mesta gagns, þegar hin stríðandi öfl þjóðfélagsins takast á um skiptingu þjóðartekjanna. Framleiðslumagn þjóðarinnar er sú eina örugga viðmiðun, sem hægt er að hafa, þegar þau mál eru gerð upp, og raunveruleg bót á lífskjörum þjóðarinnar í heild fæst aðeins með því að auka afköstin. Áætlun um þetta og ábendingar um, hvernig þessi aukning megi bezt og auðveldast takast með hliðsjón af öðrum þáttum þjóðarbúskaparins, er því sá grundvöllur, sem byggja verður á. Leggi hæstv. ríkisstj. þennan grunn á næstunni, þá tel ég vel farið.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vil taka undir það, sem síðasti hv. þm. sagði, að það þyrfti að fylgja fjárlagafrv. þjóðhagsáætlun. Ég vil einnig upplýsa, að í Framkvæmdabankanum hefur verið unnið allmikið starf undanfarið til þess að koma þessu í framkvæmd, og ég geri mér vonir um, að ef úr því verður, að stofnuð verði hagdeild í stjórnarráðinu, eins og til hefur staðið og ég vona að verði á næstunni, þá verði hægt að koma því í verk að láta fjárlagafrv. framvegis fylgja slíka þjóðhagsáætlun. Þegar hefur verið unnið talsvert undirbúningsstarf, eins og ég tók fram.

Hv. þm. Björn Jónsson ræddi hér nokkuð almennt um efnahagsmálin, og hann lagði sérstaka áherzlu á, að það yrði að reyna að finna leiðir til þess að lækka bæði verklegar framkvæmdir eða fjárfestingu, eins og það er kallað, og ríkisútgjöld. Ég vil mjög taka undir, að þessi mál séu athuguð gaumgæfilega. En ég vil benda á þá staðreynd, að stórkostlegur niðurskurður verklegra framkvæmda samrýmist ekki öflugri framfarapólitík í þágu dreifbýlisins til sveita og við sjóinn, að stórkostlegur niðurskurður verklegra framkvæmda af ríkisins hendi samræmist ekki öflugri uppbyggingarpólitík í sjávarplássunum eða í sveitunum, eins og þeirri, sem hefur verið framkvæmd á undanförnum árum og þessi stjórn hefur einmitt talið sér til gildis. Eigi að síður þarf að fara varlega og hóflega í þessum málum. Togarakaup eru ákaflega nauðsynleg, og verið er að vinna að þeim, eins og ég lýsti yfir. Ég vil vara við því, að menn álíti, að það sé hægt að lækna efnahagsvandamálin með því að stöðva eða tefja fyrir eðlilegri uppbyggingu landbúnaðariðnaðarins, t. d. mjólkuriðnaðarins, sem fyrst og fremst er byggður á því að framleiða góðar mjólkurafurðir fyrir þjóðina. Lausn efnahagsmálanna verður ekki byggð á því að stöðva slíka framþróun.

Varðandi útgjöldin í ríkisrekstrinum, þá er sjálfsagt að athuga gaumgæfilega allar upp-

ástungur um lækkanir á þeim, og enginn mundi verða glaðari en ég, ef hægt væri að finna þar liði, sem mætti lækka. En því miður bendir reynslan ekki til þess, að menn megi vera of bjartsýnir í þeim efnum, og þar á ég við þær tillögur, sem fram hafa komið bæði meðal stuðningsmanna stjórnarinnar og einnig frá stjórnarandstæðingum. Sannleikurinn er sá, að Alþingi hefur ekki á undanförnum árum haldið þannig á þessum málum, að það hafi stefnt að lækkuðum ríkisútgjöldum, og eiga þar allir flokkar sammerkt, heldur sífellt sett löggjöf, sem hefur orðið til þess að hækka ríkisútgjöldin.

En það er sjálfsagt að athuga gaumgæfilega allar uppástungur í þessu efni, og vitaskuld mundi enginn verða glaðari en ég, ef hægt væri að finna í þessu framkvæmanlegar leiðir. En ég vara við of mikilli bjartsýni í þeim efnum.

Hv. 2. þm. Eyf. hélt hér ræðu áðan, sem mjög er einkennandi fyrir málflutning sjálfstæðismanna nú um þessar mundir, og má telja þennan hv. þm. fulllærðan orðinn í því. En annars verður að segja það honum til hróss, að það tók hann nokkur missiri að venja sig á það orðbragð og þann málflutning, sem tíðkast á þeim bæ. Hv. þm. hefði getað sparað sér — við skulum segja áhyggjur, ég vil ekki segja rangfærslur, því að það hefur víst ekki verið vísvitandi, ef hann hefði kynnt sér ofur lítið betur það mál, sem hér er til umr., þ. e. a. s. ríkisbúskapinn. Það hefði t. d. verið mjög auðvelt að sýna honum fram á, að þessi 70 millj. kr. greiðsluhalli, sem hann var að tala um á s. l. ári, er algerlega út í bláinn, eins og ég raunar upplýsti í minni ræðu, því að hallinn er 22 milljónir. Enn fremur hefði, ef hann hefði leitað sér upplýsinga, verið hægt að gefa honum þær upplýsingar, að þó að yfirdráttarskuld ríkisins sé núna nokkru hærri en í fyrra, þá bendir það ekki til greiðsluhalla á þessu ári, heldur eru þar aðrar ástæður. Þar er fyrst og fremst því til að dreifa, að lagðir hafa verið út milljónatugir vegna skipakaupa og annarra framkvæmda, sem koma inn aftur á næstu vikum. Ég held, að hv. þm. þurfi engar áhyggjur að hafa af þessum greiðsluhalla frá í fyrra, því að eins og ég gat um áðan, þá geri ég mér eindregið vonir um, að hann verði borgaður upp fyrir áramót.

Þessi hv. þm. sagði, að núv. fjmrh. virtist hafa það fyrir fastan sið að eyða stórfé umfram fjárlög. Ég get ekki stillt mig um í þessu sambandi að minna þennan hv. þm. á, að í 10 ára fjmrh.-tíð sjálfstæðismanna voru umframgreiðslur fimm sinnum hærri tiltölulega en þær hafa verið síðustu 10 árin. Þær voru hvorki meira né minna en um 55% að meðaltali í 10 ár undir fjárstjórn sjálfstæðismanna, svo að það er ekki furða, þótt þessi hv. þm. hneykslist á umframgreiðslum. En þær hafa undanfarið verið aðeins 1/5 af því og fara síminnkandi. Þá er út af greiðsluhallanum og áhyggjum hans í því efni, rétt að minna hann á, að á 11 árum tókst þessum forustumönnum Sjálfstfl. í fjármálum að skila af sér þannig, að nettó-greiðsluhallinn umfram greiðsluafgang var á milli 90 og 100 millj. Útgjöldin fóru vitanlega alltaf sívaxandi, eins og raunar gera mátti ráð fyrir og hér hefur verið rætt. Á þessu tímabili áttu þessir ráðherrar sjálfstæðismanna gersamlega metið í öllum beinum skattaálagningum, þannig að síðan hafa beinir skattar verið stórkostlega lækkaðir frá því, sem var í þeirra tíð.

Þessi hv. þm. sagði, að ég hefði það fyrir sið upp á síðkastið að taka stórfé út úr ríkisbúskapnum til þess að sýna skakka mynd. En á meðan sjálfstæðismenn voru í stjórnaraðstöðu, voru þeir óþreytandi að lýsa því yfir, að uppbætur á verðlag afurða, framleiðslu afurða, og niðurgreiðslur á verðlagi á innlendum markaði væru allt annars eðlis en venjuleg ríkisútgjöld. Þeir voru óþreytandi að útlista þetta þá, en nú telja þeir það fölsun að telja ekki þessi framlög með venjulegum ríkisútgjöldum. Ég læt menn um að dæma slíkan málflutning.

Þá kom kafli í ræðu þessa hv. þm., sem er mjög einkennandi fyrir málflutning þeirra sjálfstæðismanna, sem ég hef drepið á. Hann sagði, að það væri fullkomið hneyksli, að nú væri fjmrh. og ríkisstj. farin að vísa til Alþýðusambandsþingsins um það, hvað mundi gerast í efnahagsmálunum, og hélt langa ræðu um það, hvílíkt hneyksli þetta væri, að láta stéttasamtökin ráða. Fyrst kemur mönnum í hug út af þessu: Er það meining þessa hv. þm. og Sjálfstfl., að Alþingi eigi að taka það að sér og ríkisstj. að ákveða hér kaupgjald? Ber að skoða þennan málflutning þessa hv. þm. svo, að kaupgjaldsþáttinn eigi að taka hér inn á Alþingi og hér eigi að lögbjóða kaupgjald? Ef nokkur brú væri í þessum málflutningi þessa hv. þm., þá á auðvitað að líta á hann þannig. Hann getur því svarað því næst eða Sjálfstfl., hvort það ber að skilja þetta svo.

En það var fleira í þessu. Hann sagði, að það væri fullkomið hneyksli, ef Alþingi færi ekki sínu fram og ríkisstj. og ætlaði að fara að taka tillit til þess, sem stéttasamtökin segðu, og spurði: Ja, hvar erum við þá stödd?

En ekki hafði þessi hv. þm. talað nema eina mínútu eða svo til viðbótar, þegar hann var kominn að því að lýsa því yfir, að það hefðu í raun og veru engin samráð verið höfð af hendi núv. ríkisstj. við verkalýðsfélögin, allt valdið væri fengið í hendur fámennrar klíku og það væri fullkomið hneyksli. Á þremur mínútum eða svo hélt hann fram a. m. k. tveimur gerólíkum viðhorfum til þessa höfuðatriðis í efnahagsmálum landsins.

Þessi hv. þm. sagði, að það hefði verið mjög ósanngjarnt af mér og rangt, þegar ég í ræðu, sem mjög hefur farið í taugar þeirra sjálfstæðismanna, í sumar hélt því fram, að hækkunarbarátta Sjálfstfl. hefði borið árangur. Sagði þm., að þetta væri vottur um ófyrirleitinn málflutning. Ég spyr: Er nokkur Íslendingur í vafa um, að úr herbúðum sjálfstæðismanna hefur það verið óspart út látið ganga

núna síðustu missirin, að það væri alveg eðlilegt, að menn krefðust kauphækkana? Og er nokkur vafi á því í huga nokkurs manns, að þessi boðskapur, látinn út ganga úr þeim herbúðum, þar sem atvinnurekendur hafa að minnsta kosti verið fram að þessu taldir vera margir, að þessi boðskapur hafi haft stórfelld áhrif á þróunina í þessum málum? Ég held, að enginn sé í efa um þetta og að það hafi verið fullkomlega réttmætt, sem ég sagði um afskipti sjálfstæðismanna af þessum málum, og það sé ekkert ofsagt í því, að þjóðin megi nú þakka sjálfstæðismönnum fyrir það, að þeir hafa að vissu leyti sigrað í þessari hækkunarbaráttu sinni. En svo koma þessir menn auðvitað hér á Alþingi og annars staðar og ráðast á aðra fyrir það, að þróunin hefur orðið eins og hún er.

Til dæmis um, að aðrir hefðu hér komið við sögu, þá sagði hv. 2. þm. Eyf., að deildarstjóri úr fjmrn. hefði flutt tillögu um það á bæjarstjórnarfundi, að það væri eðlilegt, að Dagsbrúnarmenn fengju kauphækkun. Já, þetta var ákaflega einkennilegt. Þegar allir aðrir voru búnir að fá kauphækkun, átti þá ekki að hækka kaupið neitt við Dagsbrúnarmenn? Var það ekki sjálfsagður hlutur, að þeir fengju kauphækkun, a. m. k. til samræmis við aðra? Sannleikurinn er sá, að kórónuna á þessa framkomu sína settu sjálfstæðismenn með því, þegar þeir ætluðu að neita Dagsbrúnarmönnum um kauphækkun, eftir að þeir voru búnir að eiga ríkulegan þátt í því, að flestallir aðrir hefðu fengið kaupgjald sitt hækkað.

Ég geri ekki ráð fyrir því, að þessu verði gleymt, og þess vegna sé þeim nokkuð minnisstæð sú till., sem deildarstjórinn flutti á bæjarstjórnarfundi í Reykjavík, og það var skemmtilegt, að þetta skyldi einmitt koma fram.

Ég vil svo að endingu í þessum umræðum aðeins segja þetta:

Það er tæplega hægt að hugsa sér einkennilegri skrípaleik en forusta Sjálfstfl. hefur leikið undanfarið né ábyrgðarminni framkomu. Það er alveg augljóst, að þeir, sem þar ráða húsum, hafa algerlega sleppt allri von um að geta unnið sér aukið traust þjóðarinnar með myndarskap, stefnufestu og þjóðhollri framkomu, skortir sýnilega bæði þrek og kjark til þess að koma beint fram með nokkra stefnu eða skoðun. Valdavonir virðast eingöngu bundnar við, að með niðurrifsverkum sé hægt að skapa vanda, sem valdi sundrung og upplausn, og í því róti muni þeir ná auknum áhrifum og völdum.

Það er raunar furðulegt, að forustu flokksins skuli detta í hug að bjóða mönnum upp á sumt af því, sem á borð er borið, og mikil hlýtur að vera trú þessara manna á heimskuna og ofstækið, að þeim skuli detta í hug að nota þessar vinnuaðferðir.

Ég mun ekki fara langt út í að rekja hér að þessu sinni allar þær mótsagnir, sem fram koma, né öll þau bolabrögð, sem við eru höfð, umfram það, sem ég þegar hef gert í sambandi við ræðu hv. 2. þm. Eyf., en ég vil benda á eftirfarandi:

Þeir gera allt, sem þeir geta, til þess að ýta undir sem trylltast kapphlaup kaupgjalds og verðlags. Þeir ætla að ærast, þegar talað er um að breyta vísitölufyrirkomulaginu og draga úr skrúfuganginum, sem engum er til gagns. Þeir heimta hærri ríkisútgjöld og meiri framlög á öllum sviðum, en bölsótast hins vegar út af skattabyrðum og hækkun ríkisútgjalda. Þeir ýta af öllum mætti undir sem villtastan skæruhernað í kaupgjaldsmálum og snúast nú í blöðum sínum með heift gegn öllum hugmyndum um að koma bættri skipan á þau mál. Allt er þetta þveröfugt við það, sem þessir menn hafa haldið fram á undanförnum árum, þegar þeim hefur verið trúað fyrir ábyrgð. Þeir stefna sýnilega að því að reyna að koma á algerri upplausn í efnahags- og framleiðslumálum, ef það mætti verða til þess að sundra samtökum þeim, sem orðið hafa um núverandi ríkisstjórn.

Tæpast mun nokkur svo fáráður maður finnast, að honum detti í hug, að Sjálfstfl. hefði haft möguleika til þess að stuðla að heppilegri þróun í efnahagsmálum og framleiðslumálum en orðið hefur, þótt hann hefði verið við völd, eða haft yfirleitt í nokkru tilliti betri aðstöðu til þess en þeir flokkar, sem nú standa saman að landsstjórninni, enda dettur sjálfstæðismönnum ekki einu sinni í hug að halda þessu fram, því að þeir fást ekki með nokkru móti til þess að segja hvað þeir vilja.

En hvað vita menn þá í raun og veru um afstöðu sjálfstæðismanna til einstakra mála, og hvað má gera ráð fyrir að þeir séu að fara í rauninni, og hvernig eiga menn að vita þetta, þegar þeir hafa enga stefnu og segja eitt í dag og annað á morgun, allt eftir því, handa hverjum lýðskrumið á að vera? Að sumu leyti er ef til vill erfitt að átta sig á þessu. En á hinn bóginn eru til þýðingarmikil mál, sem sjálfstæðismenn hafa skoðun um og hafa tekið afstöðu til, og þessir fáu þættir, sem þannig er ástatt um, gefa ef til vill ekki svo litla hugmynd um, hvað þeir raunverulega eru að fara.

Ég vil í þessu sambandi nefna aðeins fjögur atriði, en í því eru þeir alltaf samir við sig, þegar til kemur. Þeir hata samvinnufélögin og þá samkeppni, sem þau félög veita gróðamönnum Sjálfstfl., en sú samkeppni er í rauninni sú eina, sem á sér stað í þessu þjóðfélagi, og er almenningi í landinu meira virði en flest annað. Hún lýtur að því að skapa sannvirði vinnu og þjónustu og forða frá féflettingu. Þeir vilja hafa verkalýðsfélögin sjálfum sér sundurþykk og veik og mega ekki heyra neitt nefnt, sem styrkir þau og sameinar, eins og nú er komið. Þeir heimta, að viðskiptagróðinn fái að vera í friði. Allar hömlur á honum eru eitur í þeirra beinum, framleiðendur mega lepja úr krákuskel að þeirra dómi, það þarf ekki að vanda þeim kveðjurnar, og í valdaleiknum má valda þeim sífellt nýjum og nýjum búsifjum, en viðskiptagróði verður að hafa sinn gang. Og loks, þeir eru á móti sköttum á milljónamæringa. Þegar þeir berjast gegn

stóreignaskattinum, þá er það í alvöru, en að öðru leyti eru engir álögudjarfari en þeir, eins og reynslan sýnir. Ætli þetta gefi ekki nokkra hugmynd um, þótt ekki sé fleira talið, hverrar náttúru þeir eru, hinir föstu punktar í viðhorfum sjálfstæðismanna? Af þessu má sjá bezt, hvað verið er að fara. En þjóðin heimtar skýra mynd af því, hvað Sjálfstæðisfl. vill, og sættir sig ekki við feluleikinn. Þessi krafa verður háværari með hverjum deginum, sem líður. Hún vofir sem óveðursbakki yfir höfðum sjálfstæðismanna, og fram hjá henni verður ekki komizt. Hvað vilja sjálfstæðismenn í efnahagsmálunum, hver eru þeirra úrræði? Öll þjóðin spyr, og hún heimtar svar.

Umr. frestað.

Á 4. fundi í Sþ., 22. okt., var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjvn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 40. fundi í Sþ., 20. apríl, var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Forseti (JPálm): Svo sem þingsköp mæla fyrir, þá er ætlazt til þess, að almennar umræður, hinar svonefndu eldhúsumræður, verði við framhald 1. umr. fjárlaga. En eins og gengið hefur undanfarin ár, þá er orðið samkomulag um það milli þingflokkanna að fresta þessari umræðu annaðhvort til 3. umr. eða fram undir þinglok, og mun ég hafa samráð við formenn þingflokkanna um það, hvort frekar verður. En núna vil ég fara fram á afbrigði frá þingsköpum um þessa frestun á eldhúsumræðunni.

ATKVGR.

Afbrigði um frestun útvarpsumræðna leyfð og samþ. með 38 shlj. atkv.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Við þessa 1. umr. málsins óskar fjvn. ekki að gera athugasemdir við málið, og legg ég þess vegna til, að málinu verði að þessari umræðu lokinni vísað til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Sþ., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, n. 397, 400, 402 og 405, 391, 393, 399, 403, 404).

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Svo sem segir í upphafi nál. okkar, sem mynduðum 1. minni hl. fjvn., náðist ekki samstaða í n. um afgreiðslu fjárlagafrv. Samkomulag varð að vísu um allar hækkanir á útgjaldabálki frv., með þeim fyrirvara þó, að sumir nm. áskildu sér rétt til að styðja brtt., er fram kynnu að verða bornar varðandi tiltekin atriði. Samkomulag varð hins vegar ekki um úrræði til þess að jafna greiðsluhallann á frv., og leggjum við, fulltrúar Sjálfstfl. og Alþfl. í n., fram sérstakar tillögur um það efni, en fulltrúar Alþb. og Framsfl. munu hvorir fyrir sig skila sérstöku nál. Samkomulag varð um það í n., að frsm. 1. minni hl. gerði grein fyrir hinum sameiginlegu till. nefndarinnar.

Afgreiðsla fjárlagafrv. í fjvn. hefur í þetta sinn dregizt meira en undanfarin ár. Liggja til þess skiljanlegar ástæður. Þegar fyrrv. fjmrh. lagði fjárlagafrv. fyrir Alþingi í haust, var ljóst vegna yfirvofandi stórhækkana á kaupgjaldi og öðrum kostnaði, að miklar fjárhæðir skorti, til þess að auðið væri að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög, og ráðh. lýsti því yfir, að ekkert samkomulag hefði þá orðið um úrræði í þessu efni. Fjárlagafrv. var því meira og minna marklaust plagg og skorti alla undirstöðu til þess, að fjvn. gæti afgreitt frv. Leið svo fram til upphafs desembermán., að ríkisstj. Hermanns Jónassonar gafst upp við að leysa efnahagsvandamálin og baðst lausnar án þess að leggja nokkrar tillögur fyrir Alþingi. Stóð síðan í þófi, þar til núv. ríkisstj. var mynduð rétt fyrir jólin. Varð ríkisstj. þá þegar í stað að leita úrræða til þess að hindra stöðvun útflutningsframleiðslunnar. Tók að vonum nokkurn tíma að leysa þann vanda. Þá fyrst, er ljóst var orðið um fjárþörf vegna aðstoðar við útflutningsframleiðsluna og áhrif efnahagsráðstafananna að öðru leyti á hag ríkissjóðs, var hægt að finna grundvöll til þess að byggja fjárlagaafgreiðsluna á. Lögð hefur verið áherzla á að gera sér raunhæfa grein fyrir ástandi og horfum fjárhagsmálanna, og hafa sérfræðingar ríkisstj. unnið að ýtarlegum álitsgerðum og áætlunum í sambandi við hag ríkissjóðs og útflutningssjóðs á þessu ári í samráði við bankana og innflutningsskrifstofuna. Þá tók það einnig alllangan tíma að gera sér grein fyrir úrræðum til sparnaðar á útgjöldum ríkissjóðs. Öll þessi atvik hafa valdið hinni miklu töf á afgreiðslu fjárlaga, en fjvn. hefur að sínu leyti hraðað störfum, svo sem aðstæður hafa leyft.

Þegar hæstv. fyrrv. fjmrh. lagði fjárlfrv. fyrir Alþ., gerði hann ráð fyrir 93 millj. kr. hækkun útgjalda ríkissjóðs frá fjárl. ársins 1958. Raunveruleg útgjaldaaukning var þó enn meiri, því að niður voru felldar úr frv. 40 millj. kr. vegna niðurgreiðslna, sem fluttar voru yfir á útflutningssjóð. Þá var og frv. miðað við kaupgjaldsvísitölu 183 stig, þótt sýnt væri, að kaupgjaldsvísitalan mundi fyrir árslok 1958 vera orðin miklu hærri.

Vegna hins bágborna fjármálaástands var augljóst, að ekki var nema um tvo kosti að ræða: annaðhvort að ana enn lengra út í fen fjármálaöngþveitisins með nýjum stórfelldum sköttum og æ hraðari snúningi dýrtíðarhjólsins í beinu framhaldi af stefnu fráfarandi ríkisstj. eða þá að freista að stöðva skriðu dýrtíðar-

innar og reyna að leiða þróun efnahagsmálanna í jafnvægisátt.

Samkomulag varð um stöðvunarleiðina milli Sjálfstfl. og Alþfl., og efnahagsmálaráðstafanirnar nú eftir áramótin mörkuðust af þessari nýju stefnu. Að sjálfsögðu hlaut þá einnig viðhorf þessara flokka til fjárlagaafgreiðslunnar að verða í samræmi við þetta.

Ég hef hvað eftir annað lagt á það áherzlu, andstætt skoðun fyrrv. hæstv. fjmrh., að fjárl. ríkisins og þróun efnahagsmála þjóðarinnar væru greinar á sama stofni, sem ekki gætu lifað sjálfstæðu lífi hvor út af fyrir sig. Fer því nú sem fyrr, að efnahagsráðstafanir þær, sem gerðar hafa verið, hafa víðtæk áhrif á hag ríkissjóðs. Ráðstafanirnar valda auknum útgjöldum, svo sem síðar mun að vikið, en þau útgjöld eru þó aðeins svipur hjá sjón í samanburði við þá stórkostlegu gjaldahækkun, sem orðið hefði, ef óbreyttri stefnu hefði verið fylgt.

Það er hins vegar ljóst af þeim brtt. fulltrúa Framsfl. í fjvn., sem fram hafa verið lagðar, að þeir eru sammála þeirri kenningu foringja síns, að hagur útflutningsframleiðslunnar komi ríkissjóði ekki við.

Það er skoðun Sjálfstfl. og Alþfl., að ekki sé lengur auðið að fara þá braut áfram að fleyta atvinnuvegunum áfram með sífelldum nýjum skattaálögum á þjóðina, sem síðar magna dýrtíðina enn meir.

Efnahagsráðstafanirnar um áramótin 1955—56 leiddu af sér um 150 millj. kr. nýja skatta. Framsfl. rauf þá stjórnarsamstarfið við Sjálfstfl. á þeim grundvelli, að grípa yrði til nýrra úrræða. Útkoman varð sú, að um næstu áramót leiddu efnahagsráðstafanir ríkisstj. Hermanns Jónassonar af sér 250 millj. kr. nýja skattálagningu, og loks komu bjargráðin á s. l. ári með 790 millj. kr. nýjan bagga. Eftir þessar síðustu ráðstafanir lýsti svo Hermann Jónasson því yfir, er hann gafst upp í byrjun desembermánaðar, að nýtt verðbólguflóð væri að skella yfir, og efnahagsmálaráðunautur ríkisstj. lýsti því yfir um sama leyti, að þjóðin væri að ganga fram af brúninni á efnahagssviðinu.

Þótt hér sé ekki vettvangur fyrir almennar umr. um efnahagsmálin, þá verður ekki hjá því komizt að draga fram þessar staðreyndir til þess að skýra afstöðu okkar í 1. minni hl. n. til afgreiðslu þessa fjárlfrv., því að við leggjum til að afgreiða fjárl. nú með öðrum hætti í veigamiklum atriðum en gert hefur verið að undanförnu.

Það er óhjákvæmilegur þáttur í baráttunni gegn verðbólguflóðinu að leysa nú fjárþörf ríkissjóðs og útflutningssjóðs með öðru móti en hækka almenna skatta og tolla. Í því sambandi hlaut því fyrst og fremst að verða við afgreiðslu fjárl. að spyrna gegn öllum nýjum útgjöldum ríkissjóðs, sem ekki væru algerlega óumflýjanleg. Ég tel, að þær útgjaldatillögur, sem nefndin flytur sameiginlega á þskj. 391, markist af þessari brýnu nauðsyn og sé þar svo hófsamlega í sakir farið sem frekast er unnt. Afleiðingin er að sjálfsögðu sú, að ekki hefur verið auðið að sinna fjölda beiðna um fjárveitingar til ýmissa nauðsynjamála, sem allir nm. hefðu gjarnan viljað veita liðsinni. Vitanlega verður það ætíð álitamál í ýmsum tilfellum, hvað taka skuli og hverju hafna, en ég tel mig geta fullyrt það, að allir nm. hafi haft fullan hug á að meta hinar ýmsu fjárbeiðnir af fullri sanngirni innan þess þrönga stakks, sem skorinn var. Veit ég enda, að flestir landsmenn munu gera sér fulla grein fyrir því, að í þetta sinn er engra góðra kosta völ á sviði fjárveitinga, ef koma á í veg fyrir það fjármálaöngþveiti, sem fram undan er.

Í nál. á þskj. 397 er að finna svo rækilegar skýringar á hinum einstöku útgjaldatillögum á þskj. 391, sem n. stendur öll að, að ég tel ekki þörf á að tefja tímann með að útskýra í framsöguræðu hverja einstaka brtt., en mun að sjálfsögðu svara fyrirspurnum, ef menn óska nánari skýringa. Mun ég nú aðeins drepa á nokkur atriði, sem ég tel nauðsynlegt að vekja sérstaka athygli á.

N. barst um það tilkynning frá fjmrn., að skömmu áður en fyrrv. fjmrh. lét af störfum, hefði hann hækkað í launum allmarga starfsmenn í stjórnarráðinu og skattstofunni og skipað nokkra nýja starfsmenn, sem sumir höfðu áður verið lausráðnir. Hvaða nauður hefur rekið til þessara ráðstafana, skal hér ekki um dæmt, en ekki verður hjá því komizt að áætla fjárveitingar í viðkomandi stofnunum til þess að mæta þessum hækkunum. N. sjálf leggur ekki til neina aukningu á starfsmannahaldi ríkisins, en hefur auk áðurgreindrar launabreytingar talið óumflýjanlegt að fallast á þá till. atvmrn. að heimila nokkra launauppbót til fiskmatsmanna, þar eð þeir búa við mjög léleg launakjör, miðað við, hvað störf þeirra hafa aukizt.

Í sambandi við fjárveitingar til brúa, hafna og vega skal hér eftirfarandi tekið fram:

Fjárveiting til nýrra akvega er áætluð sú sama og í fjárl. ársins 1958. Hefði raunar verið nauðsynlegt að hækka þessa fjárveitingu vegna áhrifa bjargráðanna og kauphækkana á s. l. ári, en þess er því miður enginn kostur vegna þeirra neyðarráðstafana, sem óumflýjanlegar eru. Vegur enda nokkuð á móti lækkun kaupgjalds nú eftir áramótin og enn fremur hækkun sú á vegaskatti af benzíni, sem gerð var á s. l. ári. Rennur sem kunnugt er hluti benzíngjalds til svokallaðra millibyggðavega og annar hluti til brúasjóðs.

Sömu rök gilda varðandi brúargerðir, en til þeirra er varið 115 þús. kr. meira en á s. l. ári.

Samkomulag varð um það í n. að leggja til að skipta benzíngjaldi til millibyggðavega í fjárl. svo sem öðru vegafé. Er áætlað, að það fé nemi um 5.2 millj. kr. á þessu ári, og er á allan hátt óeðlilegt, að ráðherra sé fengið sjálfdæmi um að skipta þessum hluta vegafjárins, þótt hins vegar verði að reyna að varast það að búta þetta fé niður í lítlar fjárveitingar á hvern stað, því að gjald þetta var einmitt hugsað til, að auðið væri að hrinda áleiðis ýmsum mikilvægum framkvæmdum í

stofnæðum vegakerfisins, sem erfitt hefur reynzt að fá fé til.

Um brúasjóð er það að segja, að á s. l. ári var lokið byggingu og greiðslu kostnaðar við 4 stórbrýr, sem verið hafa í smíðum undanfarin ár. Til ráðstöfunar verða á þessu ári til framkvæmda á vegum brúasjóðs um 7.5 millj. kr. Ákvað samgmrh. á s. l. ári, að næstu 3 ár skyldi fé brúasjóðs varið til þess að byggja brýr yfir Hornafjarðarfljót, Mjósund í Eyrarsveit og Ytri-Rangá. Með bréfi, dags. 20. des. s. l., lagði svo sami ráðh. enn fremur fyrir, að þegar lokið væri byggingu þessara brúa, skyldi fyrir fé brúasjóðs byggð brú á Hofsá í Vopnafirði. Hér er vafalaust um mikla þörf að ræða, því að það er vægast sagt mjög hæpið, að ráðherra taki ákvarðanir um framkvæmdir svo langt fram í tímann. Kemur það enda mjög til athugunar, hvort ekki eigi í fjárl. að ákveða, hvaða brýr skuli byggðar fyrir fé brúasjóðs.

Á undanförnum árum hefur ekki verið unnt að halda í horfinu með framlög ríkissjóðs til hafnarframkvæmda, og hafa því skuldir ríkissjóðs við sveitarfélögin af þessum sökum farið vaxandi.

Í árslok 1957 var vangreitt ríkissjóðsframlag til hafnargerða 13.9 millj. kr., en 14.3 millj. í árslok 1958. Áætlaður ríkissjóðshluti af framkvæmdum 1959 er 32.5 millj. Að vísu eru litlar líkur til, að auðið verði af fjárhagsástæðum að ráðast í allar þær framkvæmdir, sem ráðgerðar eru í ár, fremur en verið hefur á undanförnum árum. En þrátt fyrir hina brýnu nauðsyn þess að draga úr útgjöldum ríkissjóðs, hefur n. ekki talið annað fært en hækka framlag til hafnarmannvirkja og lendingarbóta um 1 millj. 330 þús. kr. Sú breyting er um leið gerð á fyrri úthlutunarreglum þessa fjár, að ein höfn er nú tekin út úr með mun hærri fjárveitingu en allar aðrar hafnir. Er það Akraneshöfn, en sú höfn hefur nú algera sérstöðu, því að vangreitt ríkissjóðsframlag til hennar var um síðustu áramót 7.3 millj. kr., en skuld ríkissjóðs við þá höfn, er næst kom, var 2.3 millj.

Afkoma útgerðarinnar og sjávarplássanna umhverfis allt landið er háð hafnarskilyrðum flestum öðrum framkvæmdum fremur. Vegna erfiðleika á öflun lánsfjár hefur þessum framkvæmdum að undanförnu verið þröngur stakkur skorinn, ef undan eru skildar örfáar hafnir, er notið hafa erlends lánsfjár. Þetta vandamál getur ekki nema að takmörkuðu leyti orðið leyst með hinum árlegu framlögum úr ríkissjóði. Það er því hin mesta nauðsyn, að ríkið hafi forgöngu um lántöku til þess að greiða fyrir mikilvægum hafnarframkvæmdum. Munu nú loks líkur til, að slíkt lán fáist.

Svo sem fram kemur í nál. 1. minni hl. n., mun samvn. samgm. að venju gera till. um skiptingu fjár til rekstrar flóabáta. Samvn. óskaði hins vegar þess, að fjvn. tæki til afgreiðslu beiðni um 500 þús. kr. byggingarstyrk vegna nýs flóabáts fyrir Eyjafjarðar- og Skagafjarðarhafnir. Háskalegt er talið að nota áfram núverandi flóabát, og hefur því eigandi þess báts, Steindór Jónsson, hafizt handa um smíði nýs báts, sem gert er ráð fyrir að verði tilbúinn fyrir næsta vetur. Lagt er til í 22. gr. fjárl. að veita ríkisábyrgð fyrir alls 80% af andvirði hins nýja báts, en þar sem hér er um allmikið skip að ræða, telur fjvn. ekki annað fært en verða við beiðni um 500 þús. kr. ríkisstyrk til byggingar skipsins, en leggur til, að fjárveitingin skiptist á tvö ár. Útilokað er að leggja niður þá þjónustu, sem flóabátur þessi á að annast, og er því engum efa bundið, að þessi lausn málsins er miklum mun hagstæðari fyrir ríkissjóð en að þurfa sjálfur að gerast beinn aðili að kaupum og rekstri skipsins.

Skólabyggingar eru meðal hinna stærri vandamála, sem við er að glíma. Með lögunum um fjármál skóla var föstu skipulagi komið á þessi mál, en þá var kominn langur skuldahali vegna vangreiddra ríkissjóðsframlaga til skólabygginga. Ákveðið var þá, að áfallnar skuldir skyldu greiðast á 5 árum, og hefur síðan verið sérstök fjárveiting í fjárl. til þess að greiða þær skuldir, þótt sú fjárveiting hafi að vísu aldrei verið nægilega há til þess, að auðið væri að greiða skuldirnar á tilsettum tíma. Þá var enn fremur lögfest, að ríkissjóði væri skylt að greiða á 5 árum hluta sinn af stofnkostnaði við þá skóla, er byggðir yrðu eftir þann tíma. Er þó ekki skylt að greiða jafna árlega upphæð af framlagi til hvers skóla.

Í fjárl. ársins 1958 voru fjárveitingar til byggingar barnaskóla 9 millj. 760 þús. kr. Í fjárlfrv. nú er þessi fjárveiting hækkuð í 11.3 millj. Þrátt fyrir þessa hækkun er svo ástatt, að fjárveitingin nægir aðeins til þess að greiða hið lögboðna framlag ríkissjóðs til þeirra skóla, sem nú eru í smíðum, og því ekki gert ráð fyrir neinum nýjum skólum. Þörfin fyrir nýja skóla er hins vegar víða svo brýn, að ógerlegt er að fresta framkvæmdum. N. hefur því talið óhjákvæmlegt að leggja til, að tekin verði upp fjárveiting til 7 nýrra barnaskóla og 2 skólastjóraíbúða, og fer því þó fjarri, að þörfinni sé fullnægt. Nemur þá hækkun á fjárveitingu til barnaskólabygginga 2.7 millj. kr.

Um gagnfræðaskólana gegnir svipuðu máli. Fjárveiting til þeirra í fjárlfrv. nægir aðeins til að greiða hluta ríkissjóðs af stofnkostnaði skóla í smíðum, en þörf nýrra skóla mjög brýn. Er lagt til að veita nokkra fjárhæð til byggingar 2 nýrra gagnfræðaskóla og til endurbyggingar á einum skóla. Nemur þá hækkun fjárveitingar til byggingar gagnfræðaskóla 1.3 millj. kr.

Þá er og lagt til að taka upp fjárveitingu til 2 iðnskóla, á Selfossi og í Hafnarfirði, 50 þús. kr. til hvors.

Fjvn. hafa borizt allmörg erindi, þar sem beðið er um sérstaka fjárveitingu til eflingar skógræktar við ýmsa héraðsskóla, þar eð sú skógrækt nýtur ekki styrks frá skógrækt ríkisins, eins og skóggræðsla á vegum skógræktarfélaganna. Sjálfsagt er að örva þessa skóg-

ræktarstarfsemi við skólana, en n. telur nauðsynlegt, að sú starfsemi verði felld inn í ramma skógræktar ríkisins. Telur n. ekki fært að veita sérstakar fjárveitingar í þessu skyni, fyrr en niðurstaða er fengin um frambúðarskipan þessa þáttar skógræktarmálanna.

Þá er og rétt að geta þess, að n. hafa borizt óskir frá flestum starfandi tónlistarskólum um aukinn styrk. Augljóst er, að starfsemi hinna ýmsu tónlistarskóla er mjög mismunandi, bæði að magni og gæðum, en fjvn. hefur enga aðstöðu til þess að kynna sér í einstökum atriðum starfsemi þessara skóla. N. hefur því ekki talið sér fært að gera nú neinar breytingar á fjárveitingum til tónlistarskóla. Henni er vel ljóst, að hér er um merkilega menningarstarfsemi að ræða, sem með ári hverju verður umfangsmeiri, en telur ógerlegt að veita þessum skólum styrki — meira og minna af handahófi — svo sem gert hefur verið. Er nauðsynlegt, að menntmrn. safni ýtarlegum gögnum um alla þessa skóla og starfsemi þeirra og reynt verði að finna einhvern grundvöll til þess að byggja á í sambandi við styrkveitingar til skólanna.

Þá vil ég minnast á eitt atriði, þótt ekki varði það miklu fyrir afkomu ríkissjóðs. N. mælir með því að veita 15 þús. kr. styrk vegna útgáfu minningarrits um 30 ára starf Laugarvatnsskóla. Ýmsir slíkir styrkir hafa verið veittir á undanförnum árum, og virðist það fara í vöxt, að ýmsar ríkisstofnanir gefi út afmælis- og minningarrit og leiti síðan eftir á ríkisstyrks til útgáfunnar. Þótt mörg þessara rita hafi ýmiss konar fróðleik að geyma, þá getur það ekki gengið, að einstakar ríkisstofnanir á eigin spýtur hefjist handa um útgáfustarfsemi í trausti þess að fá síðar fé úr ríkissjóði til að standa undir halla af útgáfunni. Um þetta verður ríkisstj. að setja ákveðnar reglur, er farið verði framvegis eftir.

Um 10 ára skeið hefur Björn Pálsson starfrækt sjúkraflug, og mun óhætt að fullyrða, að þessi starfsemi hefur bjargað fjölda mannslífa. Fyrir strjálbýlið er þessi þjónusta ómetanleg og skapar mikið öryggi. Sjúkraflug þetta hefur Björn Pálsson rekið á eigin ábyrgð og eigi notið annars ríkisstyrks en 50 þús. kr. árlega af því fé, sem varið er til slysavarna á vegum Slysavarnafélags Íslands. Nú hefur Björn Pálsson tjáð n., að rekstrarkostnaður sjúkraflugsins sé orðinn svo mikill, að eigi sé auðið að starfrækja það án verulegs fjárstyrks. Jafnframt hefur hann gert tillögur til n. um frambúðarskipan þessarar þjónustu. Fjvn. telur brýna nauðsyn að tryggja framhaldandi sjúkraflug og telur það ekki betur komið í annarra höndum en Björns Pálssonar vegna reynslu hans og frábærrar atorku á þessu sviði. Leggur n. því til, að Birni Pálssyni verði veittar vegna sjúkraflugsins 100 þús. kr. til viðbótar þeim 50 þús. kr., er hann mun fá frá Slysavarnafélagi Íslands, en jafnframt telur n. nauðsynlegt, að ríkisstj. taki upp samninga við Björn um tilhögun sjúkraflugsins í framtíðinni.

Að undanteknum nokkrum stórum útgjaldaliðum, sem sérstaklega er ástatt með og ég mun nú víkja að, nema hækkunartillögurnar á þskj. 391 aðeins um 6.5 millj. kr., og eru af þeirri upphæð um 3 millj. kr. hækkun til hafnargerða og skólabygginga. Sýnir þetta glöggt, hversu hófsamlega hefur verið farið í hækkun útgjalda þrátt fyrir þann mikla fjölda fjárbeiðna, sem n. bárust.

Vík ég þá að nokkrum liðum, sem hafa sérstöðu.

Stofnsett hefur verið sérstök sjúkradeild í dvalarheimili aldraðra sjómanna. Leiðir af þessu óhjákvæmilega hækkun útgjalda vegna lögboðinna sjúkrastyrkja, og hækka af þessum sökum framlög til annarra sjúklinga en berklasjúklinga um tæpar 900 þús. kr. Þessi útgjaldaliður í 17. gr. fjárl. hækkar þó raunverulega ekki nema um tæpar 700 þús. kr., þar eð útgjöldin eru áætluð þar lítið eitt of há.

Þá hafa framlög til almannatrygginganna verið of lágt áætluð í frv., og hefur reynzt óhjákvæmilegt að hækka þá fjárveitingu um 4.5 millj. kr., og er þá sá útgjaldaliður 11 millj. kr. hærri en í fjárl. ársins 1958.

Samkvæmt endurskoðaðri rekstraráætlun er gert ráð fyrir því, að rekstrarkostnaður gufubors ríkisins og Reykjavíkurbæjar verði á þessu ári um 10 millj. kr., en í fjárlfrv. er aðeins lagt til að veita 3.7 millj. kr. til rekstrar gufuborsins. Samkv. samningi er ríkissjóði skylt að greiða helming rekstrarkostnaðar á móti Reykjavíkurbæ. Ekkert vit er í að láta þetta dýra tæki standa ónotað, enda allar horfur á, að mikill árangur verði af borunum þessum. Verður því að hækka fjárveitingu ríkissjóðs um 1.3 millj. kr. Þá hefur stjórn gufuborsins farið fram á 600 þús. kr. fjárveitingu frá ríkissjóði og Reykjavíkurbæ, hvorum um sig, til kaupa á borvindu til djúpborunar. Hér er tvímælalaust um brýnt nauðsynjamál að ræða, en eðlilegt virðist vera að leysa slíka fjárfestingu með lántöku, þar eð borkostnaðurinn verður talinn með stofnkostnaði, þegar hinar einstöku borholur verða beizlaðar, og er samkomulag við fjmrh., að reynt verði að leysa málið á þann veg.

Í fjárlfrv. er, sem áður segir, reiknað með 183 stiga kaupgjaldsvísitölu. Í janúarmánuði var starfsmönnum ríkisins greitt kaup eftir kaupgjaldsvísitölu 203 stig. Veldur þetta ríkissjóði 3.2 millj. kr. útgjöldum. 6 og 9% grunnkaupshækkun opinberra starfsmanna, sem samþ. var nokkru fyrir áramót, veldur 24 millj. kr. hækkun og grunnkaupshækkun verkamanna 12 millj. kr. hækkun útgjalda á þessu ári. Hér kemur svo aftur til frádráttar lækkun launa vegna lækkaðrar vísitölu úr 183 stigum í 175 stig. Nemur sú lækkun samtals 22 millj. kr. Nettó-útgjaldahækkun vegna launabreytinga verður því samtals 17.2 millj. kr. Ógerlegt er að deila þessari hækkun niður á hvern einstakan lið frv., og er því lagt til að taka fjárveitingu til að mæta þessum útgjöldum í 19. gr. frv.

Þar sem í nál. okkar í 1. minni hl. n. er ekki gerð nein sérstök grein fyrir brtt. n. við heim-

ildagrein frv., ætla ég að vikja nokkrum orðum að sumum þeirra till. til frekari skýringa.

Lagt er til að auka aðstoð við blinda á þann hátt að heimila að fella niður aðflutningsgjöld af sendiferðabifreið fyrir Blindravinafélag Íslands og veita enn fremur 20 blindum mönnum í stað 10 áður þau hlunnindi, að þeir fái síma án þess að þurfa að greiða stofngjöld eða afnotagjöld. — Þá er og í brtt. við 17. gr. lagt til að veita Blindrafélaginu nokkurn byggingarstyrk. Hér er um styrktarstarfsemi að ræða, sem allir munu áreiðanlega sammála um.

Stjórn sementsverksmiðju ríkisins hefur að undanförnu unnið að því að tryggja verksmiðjunni nauðsynlegt rekstrarfé. Eru horfur á, að það rekstrarfé fáist, en þó því aðeins, að ríkissjóður ábyrgist greiðslu rekstrarlánsins. Sementsverksmiðjan er eign ríkisins, og virðist ekki álitamál, að ríkissjóður veiti þessa ábyrgð til þess að tryggja rekstur verksmiðjunnar.

Það hefur komið í ljós, að lánsheimildir þær, sem í lögum eru varðandi skip þau, sem smíðuð hafa verið í Austur-Þýzkalandi á vegum ríkisstj., eru ekki nægilega háar, því að skipin hafa hækkað í verði, og enn fremur mun reynast óumflýjanlegt að hækka hundraðstölu láns út á hvert skip. Ríkisstj. hefur því óskað eftir að fá viðbótarlántökuheimild, er nemi allt að 14.5 millj. kr. Telur n. ekki um annað að ræða en veita þá heimild.

Á s. l. sumri urðu bændur í ýmsum sveitum á Norður- og Norðausturlandi fyrir allþungum búsifjum vegna langvarandi óþurrka. Var bændum þessum veitt aðstoð með lánum til kjarnfóðurskaupa fyrir milligöngu bjargráðasjóðs, en ríkissjóður lagði fram fé. Var ekki auðið að afla fyrir fram heimildar Alþ. til þessara ráðstafana, en lagt er til, að þessi ráðstöfun verði staðfest af Alþ. nú með heimild í 22. gr. fjárl.

Á Norður- og Norðausturlandi er víða heitt vatn í jörðu. Hitaveitur eru þegar komnar á Ólafsfirði og Sauðárkróki til mikilla þæginda fyrir íbúa þessara staða, og mikill áhugi er á að koma upp hitaveitu fyrir Akureyri og Húsavík. Hitaleit hefur einnig sums staðar á þessu svæði mikla þýðingu í sambandi við hugsanlega hagnýtingu jarðefna. Flutningur jarðbora er mjög kostnaðarsamur, enda næg verkefni annars staðar fyrir þá jarðbora, sem tiltækir eru. Það er því talið mjög æskilegt, að keyptur verði jarðbor, er staðsettur verði nyrðra. Er talið, að kaupverð slíks bors sé um 3 millj. kr. og árlegur rekstrarkostnaður nemi svipaðri upphæð. Jarðhitinn í landi voru jafngildir kola- og olíunámum annarra þjóða, og er því naumast áhorfsmál, að leggja beri alla áherzlu á að hagnýta sem bezt þessa dýrmætu orku. Er því lagt til, að ríkisstj. verði heimilað að kaupa umræddan jarðbor.

Síldarverksmiðjur ríkisins hafa undirbúið að reisa soðvinnslustöð við síldarverksmiðju sína á Raufarhöfn. Slíkri stöð var komið upp við verksmiðjurnar á Siglufirði fyrir síldarvertíð í fyrra. Reyndist sú stöð vel og skilaði góðum arði, enda þótt verksmiðjunum bærist lítil síld til vinnslu. Áætlað er, að hin fyrirhugaða stöð á Raufarhöfn geti unnið soð úr 5500 málum síldar á sólarhring, og mundi stofnkostnaður stöðvarinnar verða um 3 millj. kr. Stjórn síldarverksmiðjanna telur sig geta fengið lán til þessara framkvæmda, en þó því aðeins, að ríkisábyrgð fáist. Þar eð hér sýnist vera um þjóðhagslega skynsamlega framkvæmd að ræða og stofnkostnaður að mestu leyti innlendur og verksmiðjurnar auk þess eign ríkisins, telur n. sjálfsagt að veita umbeðna ábyrgð.

Í fjárlögum ársins 1958 var Krossanesverksmiðjunni, sem er eign Akureyrarkaupstaðar, veitt ríkisábyrgð á allt að 1 millj. kr. láni til þess að koma upp heilmjölsvinnslutækjum í verksmiðjunni. Var áætlað, að framkvæmdir þessar kostuðu um 2 millj. kr. Ábyrgðarheimild þessi hefur þegar verið notuð. Verksmiðjustjórnin hefur loforð fyrir lánum til að ljúka verkinu, en á sumum þessara lána a. m. k. mun vera krafizt ríkisábyrgðar. Það er að vísu óeðlilegt að veita ríkisábyrgð fyrir öllum stofnkostnaði, og er rétt, að ríkisstj. gangi ekki lengra í þessu tilfelli en brýn nauðsyn krefur, en hins vegar telur n. nauðsynlegt að tryggja það, að framkvæmd verksins stöðvist ekki.

Auk þessara heimilda, sem öll n. mælir með að veittar verði, er ein viðaukatillaga við 22. gr. frv., sem n. hefur ekki orðið sammála um, en við í 1. minni hl. n. teljum sjálfsagt að mæla með og flytjum því með öðrum sértillögum okkar. Er hér um að ræða heimild fyrir ríkisstj. til þess að gefa útvegsmönnum eftir þær skuldakröfur, sem ríkissjóður hefur eignazt á þá vegna innlausnar á lánum, sem hann er í ábyrgð fyrir vegna þurrafúa í fiskiskipum.

Fyrir nokkrum árum fór að verða vart nokkurra skemmda í ýmsum fiskiskipum af völdum svokallaðs þurrafúa. Hafa ýmsir útvegsmenn orðið fyrir þungum búsifjum af þessum sökum. Óumflýjanlegt var talið að hlaupa undir bagga með þessum mönnum, og hafa í fjárlögum síðustu ára verið veittar ríkisábyrgðarheimildir fyrir lánum til viðgerðar á skipum þessum. Frá upphafi hefur verið reiknað með því, að ríkissjóður taki að sér greiðslur þessara lána, enda afkoma útvegsins ekki slík, að útvegsmenn gætu tekið á sig slíkt tjón, því að verðuppbætur til útvegsins voru ekki miðaðar við, að auðið væri að mæta slíkum áföllum. Var þetta í raun inni staðfest af fjmrn., þegar ríkisábyrgðin var veitt, enda þótt lánin væru til svo skamms tíma, að þess væri engin von, að viðkomandi útvegsmaður gæti greitt þau á svo skömmum tíma. Síðan hefur verið sett löggjöf um sérstaka tryggingu á fiskiskipum til þess að mæta þessum áföllum hér eftir. Í samningum við útvegsmenn um síðustu áramót féllst ríkisstj. á, að útflutningssjóður greiddi iðgjöld af þurrafúatryggingum fiskiskipa, svo sem gert hefur verið með önnur tryggingagjöld.

Ef þeir útvegsmenn, sem fengið hafa með

ríkisábyrgð lán til þess að greiða með áföllinn kostnað vegna þurrafúaskemmda, yrðu krafðir um þau lán, þá væri hlutur þeirra gerður lakari en hinna, sem hér eftir verða fyrir hliðstæðum áföllum. Af þeim sökum féllst ríkisstj. á þá ósk Landssambands ísl. útvegsmanna, að ríkissjóður taki að sér greiðslu á þeim þurrafúalánum, sem útvegsmenn þegar hafa tekið vegna þurrafúaskemmda. Við í 1. minni hl. n. teljum sjálfsagt, að staðið verði við það fyrirheit.

Þá er komið að því að gera grein fyrir þeim till. okkar í 1. minni hl. n., sem eiga að geta tryggt það, að auðið reynist að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög án þess að leggja á almenna skatta eða tolla. Það væri engum vandkvæðum bundið að afgreiða fjárlögin greiðsluhallalaus, ef ekki þyrfti jafnframt að sjá fyrir þörfum útflutningssjóðs. En fjárhagsmál þessara sjóða verða ekki aðskilin. Ýmsir halda því að vísu fram, að útgjöld útflutningssjóðs séu allt annars eðlis. Er það rétt, að útflutningsuppbætur eru ekki neinir venjulegir ríkisstyrkir, en fjár til þessara sjóða er aflað með sams konar ráðum, sköttum á almenning í landinu. Og mjög er vafasamt, að niðurgreiðslur á vöruverði, sem nú í ár munu nema um 250 millj. kr., eigi fremur að teljast útgjöld útflutningssjóðs en ríkissjóðs, þótt fyrrv. fjmrh. hafi látið flytja þær yfir á útflutningssjóðinn til þess að sýna minni hækkun útgjalda ríkissjóðs.

Áætlað er, að útgjöld útflutningssjóðs á þessu ári aukist um 199 millj. kr. vegna aukinna útflutningsuppbóta og niðurgreiðslu á vöruverði. Hin aukna aðstoð við útflutningsatvinnuvegina um s. l. áramót leiðir af sér 82.3 millj. kr. ný útgjöld. Þær bætur voru miðaðar við kaupgjaldsvísitölu 175 stig. Þrátt fyrir 10 stiga lækkun kaupgjaldsvísitölunnar með lögum um lækkun kaupgjalds og verðlags og afleiddar verðlækkanir til þess að koma kaupgjaldsvísitölunni niður hefur reynzt óumflýjanlegt að auka niðurgreiðslur vöruverðsins mjög mikið til þess að koma kaupgjaldsvísitölunni niður í 175 stig. Til viðbótar þeim niðurgreiðslum, sem áður giltu og áætlað var að kostuðu útflutningssjóð 135 millj. kr. á þessu ári, hafa niðurgreiðslur síðan um áramót verið auknar um 109.1 millj. kr. Þar við bætast 7.6 millj. kr. útgjöld, sem stafa af aukinni neyzlu niðurgreiðsluvara. Á sú upphæð raunverulega að bætast við hinar fyrri niðurgreiðslur, því að þær voru ekki miðaðar við raunverulega neyzlu niðurgreiddra vara.

Til þess að mæta þessum nýju útgjöldum útflutningssjóðs án nýrra almennra skatta- og tollahækkana er ráðgert að rýmka um innflutning bifreiða og gjaldeyrisleyfa, ef umsækjendur hafa á eðlilegan hátt eignazt gjaldeyri, og hækka jafnframt leyfisgjald af bifreiðum þessum. Virðist þetta eðlileg ráðstöfun, því að ella yrði gjaldeyri þessum varið til annarra kaupa, sem vafasamt er að gæfu ríkissjóði nokkrar tolltekjur. Um tilhögun þessa gjalds í einstökum atriðum mun ég ekki ræða nánar, því að það varðar í raun-inni ekki beint afgreiðslu fjárlaga, heldur mun ríkisstj. gera fjárhagsnefndum þingsins grein fyrir þeirri fjáröflunarleið í sambandi við frv. um útflutningssjóð. Áætlað er, að gjald þetta veiti útflutningssjóði 25 millj. kr. auknar tekjur.

Þá er og gert ráð fyrir því, að 20 millj. kr. framlag það frá útflutningssjóði til ríkissjóðs, sem ákveðið er í lögum um útflutningssjóð, falli niður. Vantar þá 154 millj. kr., og er lagt til í till. okkar í 1. minni hl. n., að ríkissjóður leggi útflutningssjóði þá fjárhæð.

Bil það milli tekna og gjalda, sem brúa þarf hjá útflutningssjóði og ríkissjóði, miðað við tekjuáætlun fjárlagafrv., nemur því um 230 millj. kr. Þegar ætlunin er að brúa slíkt bil án þess að hækka almenna skatta og tolla, má sérhverjum manni ljóst vera, að það verður ekki gert nema með því móti að gera ýmsar róttækar ráðstafanir til þess að draga úr útgjöldum ríkissjóðs. Okkur í 1. minni hl. n. er það mætavel ljóst, að slíkar ráðstafanir eru aldrei vinsælar hjá þeim, sem fyrir barðinu á þeim verða, ekki sízt þegar lítið aðhald hefur verið áður um fjáreyðslu ríkissjóðs. En það er samt sannfæring okkar, að þjóðinni sé svo ljós sú hætta, sem yfir henni vofir, ef ekki er hægt að taka upp nýja stefnu í efnahags- og fjármálum þjóðarinnar, að ábyrgðarlausum lýðskrumurum takist ekki að villa henni sýn um nauðsyn þeirra neyðarráðstafana, sem nú verður að gera eftir uppgjöf vinstri stjórnarinnar, enda er sannleikur málsins sá, að ráðstafanir þessar eru alls ekki tilfinnanlegar sem bráðabirgðaráðstafanir.

Við í 1. minni hl. n. leggjum til að lækka ýmsa útgjaldaliði fjárlagafrv. um rúmar 49 millj. kr. Mun ég nú í stuttu máli gera grein fyrir þessum till.

Lagt er til að lækka um 5% ýmsa fjárfestingarliði frv. Nær þessi lækkun til liða, sem samtals nema tæpum 166 millj. kr., og sparar ríkissjóði 8.3 millj. kr. Undanþegnar þessari lækkun eru fjárveitingar til hafnargerða, brúargerða, nýbyggingar vega og endurbyggingar vega. Lækkunin nær til skólabyggingafjár, en þær fjárveitingar hafa hins vegar verið hækkaðar meira en þessari skerðingu nemur. Skerðingin nær ekki til fjárlagaliða, sem sérstakar lækkunartill. eru gerðar um.

Í nál. okkar eru þessir fjárlagaliðir taldir upp, og mun ég ekki eyða tíma í að ræða hvern einstakan þeirra, nema sérstakt tilefni gefist til. Varðandi jarðræktarframlögin, sem eru lögbundin, vil ég þó taka það fram, að lækkunin byggist á upplýsingum um það, að jarðræktarframkvæmdir á s. l. ári hafi eigi verið meiri en árið áður, en jarðræktarstyrkurinn er í fjárlagafrv. nú áætlaður 2 millj. kr. hærri en í fjárlögum ársins 1958.

Stærsti liðurinn, sem skerðingin nær til, er viðhald þjóðvega. Rétt er að vekja athygli á því, að þrátt fyrir þessa skerðingu er fjárveiting til viðhalds þjóðvega 9 millj. kr. hærri en í fjárlögum s. l. árs. Vitanlega væri full þörf fyrir óskerta fjárveitingu og miklu meira en það. En miðað við það aðhald, sem nú er

óumflýjanlegt, og einnig það, að þrátt fyrir skerðinguna er viðhaldið nú í fyrsta sinn um langt skeið áætlað sómasamlegt, þykir mega takmarka fjárveitinguna við 9 millj. kr. hækkun. Viðhald þjóðveganna s. l. ár kostaði ríkissjóð 41 millj. kr., og í vetur mun kostnaður við snjómokstur hafa verið allmiklu minni en undanfarna vetur.

Lagt er til að lækka alþingiskostnað um 500 þús. kr. Er sú till. við það miðuð, að þinghald verði í ár a. m. k. hálfum mánuði styttra en í fyrra. Er þá gert ráð fyrir því, að þingið verði nú um það bil þremur vikum styttra en í fyrra og þing hefjist síðar í haust en vant er. Ef svo reynist, ætti sú stytting að gefa umræddan sparnað, enda þótt stutt sumarþing verði. Mun enda alþingiskostnaður ríflega áætlaður í frv. 9 millj. kr., sem er 2 millj. kr. hærra en í fjárlögum s. l. árs.

Þá er lagt til að lækka fjárveitingu til stjórnarráðsins um sömu fjárhæð, 500 þús. kr. Hvort tveggja er, að fækkun ráðherra og þar af leiðandi minni ýmis kostnaður, svo sem bílakostnaður, ætti að valda töluverðum sparnaði, og enn fremur hitt, að í fjárlagafrv. er liðurinn „Annar kostnaður ráðuneytanna" hækkaður um 900 þús. kr. frá fjárlögum s. l. árs, og má ótvírætt ætla, að draga megi úr þeim kostnaði. Ég er í engum efa um, að með skynsamlegri vinnubrögðum er auðið að lækka kostnaðinn við stjórnarráðið um 500 þús. kr., þegar þess er gætt, að stjórnarráðið kostar nú samtals 17.3 millj. kr. Er það enda mat núverandi fjmrh., að þessi lækkun fjárveitinga til stjórnarráðsins fái staðizt, og þegar um það er að ræða að reyna að draga úr tilkostnaði við ríkisreksturinn, fer vel á því, að bæði Alþ. og stjórnarráð gefi gott fordæmi.

Þá er lagt til að lækka fjárveitingu til tollgæzlu utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar um ½ millj. Okkur er vel ljós nauðsyn þess að halda uppi traustri tollgæzlu. En á því sviði sem öðrum verður að reyna að halda kostnaðinum innan skynsamlegra takmarka, og á ýmsum greinum er hér um algerlega óþarfa fjáreyðslu að ræða. Í frv. er gert ráð fyrir 9 millj. kr. kostnaði við tollgæzluna, og má áreiðanlega að skaðlausu spara ½ millj.

Lagt er til að lækka fjárveitingu til Skipaútgerðar ríkisins um 6 millj. kr. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir 16 millj. kr. fjárveitingu til að greiða halla útgerðarinnar eins og s. l. ár. Rekstrarhallinn á s. l. ári varð hins vegar ekki nema 12 millj. kr. Miðað við það, að skipaútgerðin naut ekki taxtahækkunar nema hluta úr því ári, ætti ekki að þurfa að gera ráð fyrir lakari útkomu á þessu ári. Þá er þess enn fremur að gæta, að skip útgerðarinnar voru tekin úr tryggingu um s. l. áramót, en tryggingariðgjöld vegna skipanna urðu rúmar 3 millj. kr. s. l. ár. Reynslan er sú, að meðaltjón á skipunum er ekki nema 1 millj. kr. á ári. Þessi lækkun fjárveitingar ætti því að fá staðizt, þótt miðað sé við, að útgerðin veiti sömu þjónustu og verið hefur. Rétt er og í þessu sambandi að benda á ítrekaðar ábendingar sparnaðarnefnda ríkisins um að selja Esju, sem er orðin mjög dýr í rekstri. Nauðsynlegt er og að taka til rækilegrar athugunar, hvort ekki er í framtíðinni hægt að haga strandsiglingum á þann veg, að kostnaðarminna sé fyrir ríkið. Þyrfti að taka upp samninga við önnur skipafélög í því sambandi.

Lagt er til að lækka fjárveitingu til bygginga í Skálholti um 500 þús. kr. Það er af mörgum ástæðum nauðsynlegt að taka sem fyrst ákvörðun um það, hvaða hlutverki þessi sögufrægi staður eigi að gegna í framtíðinni. En meðan ekki er vitað, til hverra þarfa nota eigi byggingar í Skálholti, ætti ekki að koma að sök, þótt aðeins sé varið 500 þús. kr. til framkvæmda þar á þessu ári.

Um nokkurt árabil hefur ríkissjóður lagt árlega fram 2 millj. kr. til kaupa á stórum jarðræktarvélum samkvæmt ákvæðum laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Þessari lagaskyldu var fullnægt á s. l. ári, og eru enn ónotaðar 1.2 millj. kr. af þeirri fjárveitingu. Sú fjárhæð er því til ráðstöfunar á þessu ári. Ætti því að skaðlausu að mega fella niður þessa fjárveitingu.

Þeirri venju hefur verið fylgt að veita ekki fé til byggingar skóla, sem ekki hafa notað til fulls fengnar fjárveitingar. Á þeirri forsendu, að iðnskólinn í Reykjavík á enn óhafið 628 þús. kr. af fjárveitingu áranna 1957 og 1958, er lagt til að fella niður fjárveitingu til skólans á þessu ári. Eftir upplýsingum, sem mér hafa borizt, eftir að gengið var frá tillögum okkar, virðist þetta mál þarfnast nánari athugunar, og verður því þessi till. tekin aftur til 3. umr.

Lagt er til, að kostnaður vegna framkvæmdar orlofslaga lækki um 500 þús. kr. Er þá gert ráð fyrir því, að hætt verði notkun orlofsmerkja, enda orlofsfé í æ fleiri tilfellum nú greitt í peningum. Virðist ástæðulaust að setja mönnum ákveðnar reglur um það, hvernig þeir ráðstafi orlofsfé sínu. Þar sem nokkuð er nú liðið á árið, er ekki auðið að fella fjárveitinguna alveg niður.

Lagt er til, að 10 millj. kr. fjárveiting til nýrra raforkuframkvæmda falli niður á þessu ári. Með þessari ráðstöfun er ekki ætlunin að draga á neinn hátt úr framkvæmdum rafvæðingaráætlunar strjálbýlisins, sem gerð var í tíð ríkisstjórnar Ólafs Thors. Mjög tilfinnanlegur samdráttur varð á s. l. ári í lagningu þeirra dreifiveitna um sveitirnar, sem 10 ára áætlunin gerði ráð fyrir á því ári. Til ársins 1957 var þeirri áætlun fylgt og vel það, en á því ári var frestað lagningu nokkurra héraðsveitna til næsta árs, og í fyrra keyrði um þverbak, því að þá var frestað lagningu helmings þeirra dreifiveitna, sem leggja átti á því ári. Nauðsynlegt er því að koma í veg fyrir áframhaldandi samdrátt þessara mikilvægu framkvæmda, og var ekki ákveðið að taka þessa fjárveitingu út úr fjárlfrv., fyrr en sýnt þótti, að auðið væri að tryggja nægilegt lánsfé til framkvæmdanna.

Við 1. umr. fjárlfrv. í haust benti ég á hina geigvænlegu aukningu vanskila á ábyrgðarlánum ríkissjóðs. Er í frv. lagt til að hækka

fjárveitingu þessara vanskila um þriðjung frá fyrra ári, eða um 10 millj. kr. Í þessu efni er ekki hægt að láta reka svo á reiðanum sem gert hefur verið að undanförnu. Eftir till. minni samþykkti Alþ. fyrir nokkru þál. um undirbúning löggjafar um ríkisábyrgðir. Verður að leggja kapp á að koma þeim málum í betra horf. Það er auðvitað engum efa bundið, að í flestum tilfellum gera menn það ekki að gamni sínu að láta ábyrgðir falla á ríkissjóð, og hér er í mörgum tilfellum um svipaðan vanda að ræða og reynt hefur verið að mæta með fjárveitingu til atvinnuaukningar. Er því mjög athugandi, hvort ekki ætti að láta atvinnuaukningarsjóðinn, sem tvímælalaus nauðsyn er að setja sem fyrst löggjöf um, fá mun meira fé til ráðstöfunar og láta hann þá jafnframt fá í hendur eftirlit með ríkisábyrgðarlánum. Það er mat núverandi fjmrh., að lækka megi þessa fjárveitingu um 10 millj. kr., þannig að veittar væru 20 millj. kr. til að standa straum af vanskilalánum eins og á s. l. ári. Yfirvofandi voru alvarleg áföll vegna ríkisábyrgðanna, þegar fjárlfrv. var undirbúið, og hefur upphæðin vafalaust verið hækkuð m. a. með hliðsjón af því. En bjargað hefur nú verið frá þeim áföllum á þessu ári a. m. k. að verulegu leyti.

Lagt er til, að framlag til bygginga á ríkisjörðum lækki á þessu ári um 500 þús. kr. Hér er sennilega um alltilfinnanlega lækkun að ræða, en þykir ekki verða hjá henni komizt.

Í fjárlfrv. er lagt til að hækka fjárveitingu til flugvallagerða um 2 millj. kr. Vissulega er hér um brýna þörf að ræða. En ekki er þó talið verða hjá því komizt að láta sömu reglu gilda um flugvelli og vegi, að veitt sé sama fjárveiting til þessara framkvæmda og s. l. ár. Nú hefur í fyrsta sinn framkvæmdafénu verið skipt milli einstakra flugvalla. Var um þá skiptingu leitað tillagna flugráðs. Áfram er lagt til að gildi sú heimild að verja umframtekjum af flugvöllum til flugvallagerða.

Lagt er til að lækka ýmsar fjárveitingar til bygginga á vegum ríkisins, svo sem sjómannaskólans og menntaskólans á Akureyri, og lagt er til að fella alveg niður í ár fjárveitingar til byggingar nýs menntaskólahúss í Reykjavík og nýs stjórnarráðshúss, þar eð ekki er byrjað á þeim byggingum.

Lagt er til að lækka fjárveitingu til byggingar lögreglustöðvar á Keflavíkurflugvelli um 100 þús. kr. og fjárveitingu til dísilrafstöðva í kauptúnum um 200 þús. kr. Þeim stöðvum fækkar nú stöðugt, eftir því sem fleiri kauptún fá orku frá samveitum. Verði þörf óskertrar fjárveitingar á þessu ári, mun fyrir því séð af því lánsfé, sem til ráðstöfunar verður.

Lagt er til að lækka fjárveitingu vegna atvinnuaukningar um 3.5 millj. kr., og verður þá fjárveitingin í ár 10 millj. kr. Full þörf hefði að vísu verið á óskertri fjárveitingu, en auðið þótti þó að lækka fjárveitinguna með hliðsjón af auknum lánveitingum atvinnuleysistryggingasjóðs til þessara þarfa. Hlýtur það enda að vera fyrsta skylda hans að verja fé sínu til þess að reyna hvarvetna að koma í veg fyrir atvinnuleysi.

Ráðstöfun atvinnuaukningarfjár hefur oft þótt næsta handahófskennd. Sjálfstæðismenn hafa á undanförnum þingum flutt frv. um að koma föstu skipulagi á þessa starfsemi ríkisins. Því miður hefur ekki náðst samstaða um að samþykkja þá löggjöf, en við munum leggja áherzlu á, að það verði gert. Í því frv. er lagt til, að Alþingi kjósi fimm menn með hlutfallskosningu til þess að ráðstafa atvinnuaukningarfénu. Hefur orðið samkomulag um að leggja til, að sú skipan verði nú upp tekin varðandi ráðstöfun atvinnuaukningarfjárins á þessu ári.

Lagt er til að lækka fjárveitingu til afurðamatsins um 500 þús. kr. og fella niður fjárveitingu til Skipaskoðunar ríkisins, tæpar 500 þús. kr., til að mæta rekstrarhalla hennar, eins og hann er áætlaður að óbreyttu fyrirkomulagi. Telur ríkisstj. auðið að mæta þessum lækkunum með tilsvarandi gjaldahækkun, sem á engan hátt verði tilfinnanleg, enda er óeðlilegt, að skipaskoðunin geti t. d. ekki verið rekin hallalaus eins og bifreiðaeftirlitið. Mun ríkisstj. gera ráðstafanir til þess að gera nauðsynlegar skipulagsbreytingar, ef Alþingi fellst á till. þessar.

Sennilega munu ýmsir segja sem svo, að leggja hefði mátt meiri áherzlu á að lækka rekstrarútgjöld ríkissjóðs en draga úr fjárveitingum til ýmissa fjárfestingarframkvæmda svo mikið sem hér er lagt til. Við í 1. minni hl. n. hefðum gjarnan einnig viljað höggva meir í ýmsa rekstrarliði. En í því sambandi verður að hafa í huga, að mjög stór hluti af útgjöldum ríkissjóðs er lögboðinn og breytingar á ríkisstofnunum verða ekki gerðar fyrirvaralaust. Við teljum t. d. sjálfsagt að fækka sendiráðum Íslands erlendis. En það getur naumast komið til framkvæmda fyrr en um næstu áramót og mundi því ekki spara útgjöld á þessu ári, svo að neinu nemi. Bæði þetta og ýmis önnur atriði er nauðsynlegt að undirbúa í sambandi við samningu næstu fjárlaga. Varðandi fjárfestinguna er og þess að gæta, að ýmsir hinna veigamestu fjárfestingarliða eru óskertir eða jafnvel hækkaðir, og á hinn bóginn er nauðsynlegt að hafa í huga, að of mikil fjárfesting er talin ein af meinsemdum efnahagskerfisins og m. a. taki ríkissjóður of mikið fé frá almenningi til opinberrar fjárfestingar. Er hér sem á öðrum sviðum vandratað meðalhófið.

Í ræðu minni við 1. umr. fjárlaga í haust fann ég að því, að ekki skyldi hafa þótt ómaksins vert að gera sér grein fyrir því í sambandi við ríkisbúskapinn, hver mætti vera árleg hækkun fjárlaga, til þess að ekki þyrfti árlega að hækka skatta, ef gengið væri út frá því, að jafnvægi væri náð, þannig að kaup og verðlag væri óbreytt að mestu frá ári til árs. Hér er um mjög veigamikið atriði að ræða, sem láðst hefur að athuga vegna verðbólguþróunarinnar. Nú hefur þessi athugun verið gerð á útgjaldahlið fjárlaga síðustu fimm árin,

og fæst þá sú eftirtektarverða niðurstaða, að meðalhækkun ríkisútgjalda umfram hækkanir vegna dýrtíðar nemur tæpum 10% á ári. Því miður hef ég ekki enn fengið í hendur niðurstöður varðandi meðalhækkun tekna ríkissjóðs umfram áhrif verðbólgunnar, en mér er nær að halda, að tekjuhækkun, miðað við óbreytta tekjustofna, geti ekki verið svona mikil. Hér er um mjög mikilvægt grundvallaratriði að ræða, sem raunverulega er óumflýjanlegt að hafa hliðsjón af við undirbúning fjárlaga hverju sinni.

Eins og ég áðan gat um, nema sparnaðartill. okkar í 1. minni hl. n. rúmum 49.2 millj. kr. Kemur þá til athugunar, hver önnur úrræði séu til að brúa hið breiða bil tekna og gjalda.

Það var háttur hæstv. fyrrv. fjmrh. að áætla jafnan tekjur ríkissjóðs það varlega, að góðar horfur væru á ríflegum greiðsluafgangi. Út af fyrir sig eru þetta góðir búskaparhættir. En á því búskaparlagi eru þó ýmsir annmarkar. Augljóst er, að mjög rúm tekjuáætlun dregur úr aðhaldi fyrir fjmrh., og má sjá þess merki á mörgum sviðum á undanförnum árum. Hitt er þó e. t. v. verra, þegar þessari löngun til að hafa jafnan miklar umframtekjur verður að mæta með álögum á almenning, svo sem verið hefur 3 undanfarin ár, og þessar álögur verða svo aftur til að magna þann vanda, sem við er að glíma. Á s. l. ári var nær 50 millj. kr. greiðsluafgangur hjá ríkissjóði. Lagt er til, að 25 millj. kr. af þessum greiðsluafgangi verði varið til þess að mæta útgjaldaþörf ríkissjóðs á þessu ári. Fyrrv. fjmrh. lét svo ummælt á þingi fyrr í vetur, að slík ráðstöfun greiðsluafgangsins væri óhæfileg, því að þannig væri þessum sjóði hans kastað í dýrtíðarhítina. Þessi greiðsluafgangur er fenginn á þann hátt, að lagðar voru á þjóðina með bjargráðunum 50 millj. kr. hærri álögur en þörf var á. Með þeim ráðstöfunum var dýrtíðin mögnuð, þannig að ný verðbólgualda var að skella yfir, þegar þessi virðulegi fyrrv. ráðh. varð að gefast upp við stjórn fjármálanna. Er hægt að hugsa sér skynsamlegri ráðstöfun en að verja hluta þessara ofteknu skatta til þess að koma nú í veg fyrir nýjar álögur og reyna þannig að sporna gegn því, að dýrtíðarflóð það, sem Framsfl. magnaði, en gafst síðan upp fyrir, verði til þess að drekkja þjóðinni? Þeir, sem flóðinu hafa valdið, ættu a. m. k. að láta sem minnst á sér bera í því sambandi.

Enn hefur ekkert verið greitt af tollum eða öðrum opinberum gjöldum vegna byggingar hins nýja orkuvers við Sog. Stjórn Sogsvirkjunarinnar og hæstv. fyrrv. fjmrh. höfðu tekið upp samninga við seðlabankann um útboð sérstaks innanríkisláns Sogsvirkjunarinnar til þess að afla allt að 30 millj. kr. til að greiða upp í þessi gjöld, en þau munu verða töluvert hærri. Frv. um þetta efni lagði síðan fyrrv. fjmrh. fyrir Alþingi, og má gera ráð fyrir, að það verði samþykkt og seðlabankinn tryggi sölu bréfa, er nemi áðurnefndri upphæð. Með þessum tekjum er ekki reiknað í áætlun þeirri, sem gerð hefur verið um tekjur ríkissjóðs á þessu ári, og er því lagt til, að þessi tekjuauki verði áætlaður undir sérstökum lið í 2. gr. frv.

Tekjur ríkissjóðs árið 1958 urðu alls 895.5 millj. kr. samkv. bráðabirgðauppgjöri, sem nú liggur fyrir. Í fjárlagafrv. eru tekjurnar áætlaðar 897.9 millj. kr. Með efnahagsmálalöggjöfinni á s. l. ári bættust ríkissjóði miklar tekjur. Sú gjaldahækkun kom hins vegar ekki til framkvæmda, fyrr en 5 mánuðir voru liðnir af árinu. Gerð hefur nú verið mjög ýtarleg áætlun um væntanlegar tekjur ríkissjóðs á þessu ári, byggð á rækilegri athugun á öllum aðstæðum. Samkv. þeirri áætlun er reiknað með því, að tekjur ríkissjóðs á árinu verði 981.5 millj. kr. Hefur þá verið fellt niður 20 millj. kr. framlag útflutningsjóðs til ríkissjóðs, en á móti kemur tekjuauki vegna nýlegra verðhækkana áfengis og tóbaks, sem er áætlaður 25 millj. kr. Nú hefur það að vísu verið venjan undanfarin ár að áætla tekjur ríkissjóðs í fjárlögum það lágt, að fjmrh. gæti haft allrúmar hendur um umframgreiðslur. Þann hátt er ekki hægt að hafa nú, þegar verið er að forðast nýjar skattaálögur. Er því lagt til, að tekjurnar verði áætlaðar 966.5 millj. kr., og er það 68.6 millj. kr. hækkun frá frv.

Vafalaust mun því verða haldið fram af ýmsum, að það nái ekki nokkurri átt að áætla aðeins 15 millj. kr. til að mæta umframgreiðslum. Þetta er vissulega lítil fjárhæð, miðað við umframgreiðsluna undanfarin ár. En ætlunin er líka sú, að mikið hóf verði haft á þessum greiðslum og þær því aðeins inntar af hendi, að óumflýjanlegt sé.

Um innflutningsáætlun þá, sem tekjuáætlunin er byggð á, er það að segja, að hún er miðuð við 1 milljarð og 94 millj. kr. útflutning. Útflutningur 1958 varð 1 milljarður og 69 millj. kr., en að auki varð birgðaaukning, sem nam 70 millj. kr. Miðað við það, að síldveiði verði svipuð og í fyrra og vetrarvertíð bregðist ekki, telur efnahagsmálaráðunautur ríkisstj., að gera megi ráð fyrir, að útflutningur í ár geti numið allt að 1 milljarð og 140 millj. kr. Ljóst er nú, að vetrarvertíð ætlar jafnvel að verða betri í ár en í fyrra, og virðist þessi áætlun því ekki óvarleg. Innflutningsáætlunin er hins vegar höfð það varleg, að miðað er við gjaldeyristekjur litið eitt hærri en meðaltekjur tveggja síðustu ára, en árið 1957 var allmiklu lakara en árið 1958, sem var okkar bezta tekjuár. Er miðað við, að reynt verði að greiða á árinu þann 100 millj. kr. gjaldeyrisyfirdrátt við útlönd, sem var um síðustu áramót. Er því hér um mjög raunhæfa áætlun að ræða.

Samkv. öllum þessum till. okkar í 1. minni hl. n. skortir því nú aðeins tæpar 10 millj. kr., til þess að auðið sé að brúa hið breiða bil gjalda og tekna, án þess að hækka þurfi hina almennu skatta og tolla á þjóðinni. Munu við 3. umr. frv. gerðar tillögur um, hversu sá vandi verði leystur, þannig að auðið verði að afgreiða fjárlög greiðsluhallalaus.

Eins og ég áður gat um, er með þessari afgreiðslu fjárlaga og efnahagsráðstöfununum um

s. l. áramót reynt að byggja lífsnauðsynlegan varnargarð gegn því verðbólguflóði, sem fyrrv. hæstv. forsrh. sagði að væri að steypast yfir þjóðina, þegar hann gafst upp í baráttunni fyrir síðustu áramót. Takist þessar stöðvunarráðstafanir, þá er grundvöllur fenginn undir frekari aðgerðir, sem nauðsynlegar eru til þess að koma á jafnvægi í fjármálum og efnahagsmálum þjóðarinnar. Við verðum að gera okkur ljósa grein fyrir því, að enn erum við þó á gjárbarminum og verðum því að gæta okkar vel.

Ef undan er skilið, hversu vel var séð fyrir ríkissjóði með bjargráðunum svokölluðu í fyrra, hefur efnahagsmálaráðunautur ríkisstj. tjáð fjvn., að ljóst hafi verið þá þegar, að rekstur útflutningssjóðs gæti því aðeins staðizt, að gjaldeyristekjur væru mjög háar og notkun erlends lánsfjár mikil og þar af leiðandi hægt að halda uppi miklum innflutningi á hátollavörum. Árið 1958 er langhagstæðasta tekjuár okkar. Engu að síður var þá auk mjög mikils erlends lánsfjár eytt öllum gjaldeyristekjunum og erlendar lausaskuldir við s. l. áramót 100 millj. kr. Því er ekki að leyna, að enn er djarft spilað, þótt að vísu sé nú reiknað með að grynna á lausaskuldunum. Leggja verður áherzlu á að koma skipan efnahagsmálanna í það horf, að hægt sé í framtíðinni að eiga einhvern gjaldeyrisvarasjóð, því að fjarstætt er að treysta því, að alltaf verði góðæri. Áður en fyrrv. ríkisstj. fór frá völdum, hafði hún lagt drög fyrir því að fá nýtt gjaldeyrislán í Bandaríkjunum og eru allar áætlanir um afkomu ríkissjóðs og útflutningssjóðs á þessu ári við það miðaðar, að þetta lán fengist. Er því í öllum þeim áætlunum, sem nú eru lagðar til grundvallar fjárlagaafgreiðslunni, reiknað með, að svo verði, og byggt á upplýsingum ríkisstj. um það efni. Er ætlunin að verja lánsfé þessu til raforkuframkvæmda, hafnarframkvæmda og til að leysa fjárhagsörðugleika stofnlánasjóða landbúnaðar og sjávarútvegs. Því er hins vegar ekki að leyna, að erlend skuldasöfnun á undanförnum árum hefur verið svo mikil, að varlega verður að fara í frekari erlendar lántökur. Afborganir og vextir af erlendum lánum verða nær 130 millj. kr. á þessu ári og erlendar skuldir þjóðarinnar hlutfallslega hærri en í flestum öðrum löndum, og er nú hlutfallið að verða svipað og fyrir 1940, þótt aðstaða landsins til að standa undir skuldunum sé raunar miklu betri nú.

Það má ekki heldur loka augunum fyrir því, að dýrtíðarvandamálið er ekki leyst, þótt vísitölu sé haldið niðri með stórfelldum fjárframlögum, heldur er hér aðeins um óhjákvæmilega neyðarráðstöfun að ræða til þess að forða frá því, sem verra er.

Allar þær staðreyndir, sem ég hef hér dregið fram, er nauðsynlegt að þjóðin íhugi rækilega. Það er kominn tími til að segja þjóðinni umbúðalaust sannleikann, því að vandamál efnahagslífsins verða ekki leyst, nema þjóðin öll geri sér grein fyrir eðli vandamálanna og sætti sig við þær ráðstafanir, sem óumflýjanlegar eru. Það getur tekið langan tíma að koma á jafnvægi í fjárhagsmálunum, ef nauðsynlegar ráðstafanir eiga ekki að valda tilfinnanlegri kjaraskerðingu, en þetta jafnvægi verður að nást, til þess að fjármálaþróunin í landinu geti verið með eðlilegum hætti. Það er engin ástæða til svartsýni, því að framleiðslumöguleikar þjóðarinnar eru miklir og vaxandi. Ef kostað er kapps um að hagnýta sem bezt auðlindir landsins og hafsins umhverfis það, á þjóðin örugglega að geta búið við góða afkomu, ef hún lætur ekki villa sér sýn um eðli þeirra vandamála, sem hún á nú við að glíma, og nægileg samstaða fæst um skynsamlega lausn þessara vandamála. Einn þáttur þess vanda er afgreiðsla þess fjárlagafrv., sem hér liggur nú fyrir til 2. umr.

Ég hef nú, herra forseti, gert grein fyrir þeim röksemdum, sem tillögur okkar í 1. minni hl. n. byggjast á, og leyfi ég mér að vænta þess, að hv. alþingismenn geti á þær fallizt.

Frsm. 2. minni hl. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Fjvn. hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu fjárlfrv., og skiptist nefndin í þrjá minni hl. um afgreiðslu þess.

Alþb. lítur svo á, að það, sem skilur um það, að sá nefndarminnihluti, sem hér hefur lagt fram sína grg. og flutt sína framsögu, og fulltrúi Alþb. gætu staðið saman að tillögunum, sé fyrst og fremst það, að þær tillögur, sem af ríkisstj. hálfu og stuðningsflokka hennar hafa verið bornar fram, eru með þeim hætti, að ekki verður á þær fallizt nema í nokkrum atriðum og ekki í heild.

Í fyrsta lagi — og er það þó máske ekki veigamest — eru tillögurnar ófullnægjandi til þess að brúa það bil í fjárhagsvanda þjóðarinnar, sem fyrir hendi er. Þrátt fyrir samþykkt á öllum þeim till., sem nefndin sameiginlega hefur gert og 1. minni hl. hefur einnig gert, mundi enn verða óleystur verulegur vandi, einkum á því sviði efnahagsmála þjóðarinnar, sem fellur undir útflutningssjóð, en eins og hv. frsm. 1. minni hl. hefur tekið fram, verða þessir tveir sjóðir, ríkissjóður og útflutningssjóður, ekki aðskildir, a. m. k. ekki að fullu, og verður við afgreiðslu fjárlaga að taka tillit til þess, hvernig hag útflutningssjóðs sé háttað og hverjar líkur hann hefur til þess að standast þær skuldbindingar, sem honum hafa verið lagðar af stjórnarvaldanna hálfu. Ég mun samt ekki gera það sérstaklega að umræðuefni, að þar eru enn skildar eftir verulegar fjárhæðir, sem ekki hefur verið sýnt fram á, hvernig eigi að afla.

Í öðru lagi eru sumir liðirnir í þeirri endurskoðuðu tekjuáætlun, sem hér hefur verið lögð fyrir, ekki með þeim hætti, að hægt sé að fallast á þá, fyrr en fengnar hafa verið við þá nánari útskýringar. Ég vil þar sérstaklega nefna, að meðal brtt. um áætlaðar tekjur ríkissjóðs eru í einu lagi 30 millj. kr. greiðslur, sem eru tollar af vörum til raforkuframkvæmdanna í landinu, þar af er um það bil helmingurinn þegar gjaldfallinn og liggur sem skuld rafveitnanna við ríkissjóð, og að hálfu eða

nálægt því er þetta áætlaður tollur á vörur, sem væntanlega verða fluttar inn síðar á þessu ári. Nú er það vitað mál, að ef ekki verður með einhverjum hætti komið til móts við fjárþörf rafveitnanna, þá verða þær þess ómegnugar með öllu að greiða bæði skuld sína og einnig þá tolla, sem á falla. Ég vil lýsa yfir f. h. Alþb., að við, sem þann flokk skipum, teljum það ekki óeðlilegt, að fjárþörf rafveitnanna verði leyst með láni, sem síðan verði greitt upp, þegar tekjur veitnanna eru orðnar slíkar, að þær geti staðið undir kostnaðinum. En enn sem komið er hefur ekki verið sýnt fram á það, að lán sé fáanlegt með neinum skaplegum kjörum til þessara framkvæmda, og þar af leiðandi svífur það alveg í lausu lofti, hvort þessi tekjuáætlun er raunhæf eða ekki. Því er lýst yfir af stuðningsmönnum ríkisstj., Alþfl.- og Sjálfstfl.-mönnum, að það sé ekki meiningin að stöðva framkvæmdirnar, en á meðan ekki er sýnt fram á annað en að slík tollheimta af þeim mundi stöðva framkvæmdir þeirra, þá er ekki hægt að taka undir liði sem þennan.

Þá vil ég í þriðja lagi taka það fram, að sparnaðartillögur þær, sem lagðar eru fram af Alþfl. og Sjálfstfl., eru á margan hátt með því marki brenndar, að ekki er hægt á þær að fallast. Í fyrsta lagi eru þar lagðar fram tillögur um að spara útgjöld á ýmsum þeim liðum, sem lögbundið er í öðrum lögum en fjárlögum að ríkinu sé skylt að greiða. Sparnaðartillögur hv. stjórnarstuðningsflokka við skólabyggingarkostnað, um 5% niðurskurð á öllum fjárveitingum til skólabygginga, eru brot á lögunum um greiðslu skólakostnaðar. Það hefur verið áætlað samkv. þeim lögum, hver skylda ríkissjóðs væri til greiðslna í þessu efni, og að skera það niður um 5% er ekkert annað en að láta ríkissjóð svíkjast undan skyldu, sem hann hefur samkv. lögum þessum. Sama máli gegnir um sparnaðartillögu hv. ríkisstjórnarflokka um greiðslu orlofskostnaðar. Framkvæmd orlofsins fer eftir lögum, og þó að það sé vissulega rétt, sem hér hefur verið bent á, að verulegur hluti af framkvæmd orlofsgreiðslnanna fer ekki fram eftir þeim reglum, sem settar voru upphaflega um orlof, þá sé ég ekki, að ríkissjóður geti gengið fram fyrir skjöldu um að brjóta þau lög, sem Alþ. hefur sett um þessa framkvæmd, og get ekki fallizt á, meðan ekki er einu sinni sýnt lagafrumvarp til breytinga á þessum hlutum, að hægt sé að áætla þetta öðruvísi en vitað er að kostnaðurinn muni reynast, ef lögunum er framfylgt. Ég álít, að það sé lágmarksskylda þeirrar ríkisstj. og þeirra ríkisstjórnarstuðningsflokka, sem leggja fram tillögur um fjárlög eða breyt. á fjárlagaliðum, sem fara í bága við framkvæmd gildandi laga, að áður en til samþykkta kemur á slíkum liðum, þá hafi viðkomandi aðilar þó a. m. k. sýnt Alþ. framan í frv. um það, með hverjum hætti eigi að breyta þeim lögum, sem geri breytingu á fjárlögum mögulega. Það hefur ekki verið gert í þessu tilfelli og raunar allmörgum fleiri atriðum, sem ég mun nú ekki rekja í einstökum liðum frekar.

Þá vil ég enn nefna það í fjórða lagi við till. stjórnarflokkanna varðandi fjárlög, að því leyti sem ekki er hægt á þær fallast, að sumar þeirra eru með öllu óraunhæfar og út í bláinn. Ég vil þar t. d. nefna að fella með öllu niður greiðslur til skipaeftirlitsins. Sú till. var svo óhugsuð af ríkisstj. hálfu, að þegar hún kom til fjvn., hljóðaði hún upp á það að skera þennan útgjaldalið ríkisins niður um ½ millj. Í frv. var þó ekki gert ráð fyrir, að úr ríkissjóði yrðu veittar til þessa nema 400 þús. kr. rúmar, sem sagt hafði þarna verið unnið að eins flaustурslega og hugsazt gat. Nú hefur sá hv. nefndarminnihl., sem ríkisstj. styður, haft vit fyrir ríkisstj. sjálfri og miðað þessa upphæð ekki við hærri tölu en í fjárlögum stendur, og er það allra góðra gjalda vert. En raunhæft verður málið ekki frekar fyrir það, þar sem það liggur fyrir, að búið er að framkvæma áramótaskoðun á næstum öllum flota landsmanna, en hún hefur í för með sér mestan hluta af þeim kostnaði, sem málið snýst um. Hann er þess vegna þegar áfallinn og algerlega óraunhæft að ætla að fella niður fjárveitingu til hans.

Ég get einnig aðeins drepið á það, að í áætlun stjórnarflokkanna er sparnaðartillaga um ½ millj. á alþingiskostnaði. Ekki skal ég fyrir mitt leyti hafa á móti því, að sparaður sé alþingiskostnaður. En á sama tíma sem Alþ. er að ákveða að halda aukaþing á komandi sumri og fjölga þingmönnum verulega á komandi hausti og Alþ. hefur þegar staðið alla þá daga, sem liðnir eru af þessu ári, en það er rétt að verða um þriðjungur ársins, þá sé ég ekki, að þessi liður sé heldur raunhæfur.

Þegar sparnaðartillaga ríkisstj. um ½ millj. kr. niðurskurð á útgjöldum stjórnarráðsins barst, var aðalröksemdin fyrir henni sú, að ráðherrum hefði fækkað. Hér kom til sama handahófið í vinnubrögðum eins og víða annars staðar. Ríkisstj. virtist ekki vera kunnugt um, að lög væru til um það, að ráðherrar missa ekki sín laun daginn sem þeir láta af embætti, þeir hafa sín laun í hálft ár, ýmist að öllu eða að verulegum hluta. Nú eru þess vegna ekki 4 ráðherrar á launum, heldur eru á launum einnig aðrir 4 ráðherrar, hv. fyrrverandi ráðherrar, sem véku úr síðustu ríkisstjórn. Enn fremur er það á allra manna vitorði, að núverandi ráðherrar munu víkja úr ríkisstj., áður en árið er liðið, og væntanlega afsala þeir sér ekki sínum launum fyrir það, eða það væru nýjar upplýsingar í málinu, ef það lægi fyrir.

Ég vil þó alveg sérstaklega nefna alvarlegt ágreiningsatriði milli mín og þeirra hv. fjvn.-manna, sem skipa 1. minni hl., þ. e. a. s. stuðningsmanna ríkisstj. Það er varðandi flugvallagerðirnar. Í fjvn. náðist gott samkomulag um alla aðra liði samgöngumálanna. Það var einnig vitað, þótt ekki kæmi það beinlínis fram á fjárlagafrv., eins og það lá fyrir, að til nýbyggingar þjóðvega var lagt aukið fé á

þessu ári frá því, sem var á hinu síðasta. Sama máli gilti um brúargerðirnar. Stafaði þetta af því, að í lögunum um útflutningssjóð, sem samþ. voru á s. l. vori, var ákveðið sérstakt gjald til þessara framkvæmdaliða, veganna og brúargerðanna, af benzínfé, þ. e. a. s. með sérstökum skatti af benzíni, sem inn er flutt. Þessir aðilar, þ. e. a. s. vegagerðin og brúargerðin, höfðu þess vegna fengið verulega hækkun á sínum fjárframlögum, þótt ekki væru á fjárlögum sjálfum. Hafnargerðirnar varð einnig samkomulag um að hækka nokkuð. Ég vil taka það fram, að ég tel þá hækkun of litla. En með því að allir hv. fjvn.-menn sýndu skilning í því atriði og þokuðu til innan þess ramma, sem vitað var að þeir höfðu möguleika til, þá náðist einnig samkomulag um nokkuð aukið fé til hafnargerða. Það er hins vegar alrangt, sem í nál. hv. 1. minni hl. stendur, að einnig sé um aukningu að ræða til flugvallagerðanna. Segir svo — með leyfi hæstv. forseta — á bls. 3 í nál. 1. minni hl.:

„Lagt er til, að fjárveiting til flugvallagerða verði 120 þús. kr. hærri en í fjárlögum ársins 1958".

Þetta er rangt. Á fjárlögum ársins 1958 voru veittar til flugvallagerðar 6 millj. 135 þús., en samkv. þeirra till. nú er ráðgert að veita til flugvallagerðanna 6 millj. 120 þús., og er því um að ræða 15 þús. kr. lækkun, á sama tíma sem allir aðrir liðir samgöngumannvirkjagerðar fá hækkanir. Þetta er þeim mun átakanlegra sem flugið er okkar yngsti samgönguliður og hefur þar af leiðandi skemmstan tíma haft til að byggja upp sín mannvirki, enn fremur þegar á það er litið, að flugsamgöngurnar eru orðnar stærsti fólksflutningsaðilinn í landinu, og þar að auki, að flugferðirnar eru eini samgönguþátturinn innanlands, sem ríkið greiðir ekki neinn styrk. Það skýtur því mjög skökku við, að hér skuli vera lagt til, að lækkuð séu framlög frá s. l. ári, sem voru þó mjög numin við nögl þá, og gerð sé tillaga um að lækka þennan lið frá því, sem hann er í fjárlfrv., um nærri 2 millj. kr.

Þau atriði, sem ég nú hef nefnt, hafa orðið þess valdandi, að ég hef ekki getað haft samstöðu við þá nm., sem standa að 1. minni hl. Engu að síður hefur orðið í fjvn. góð samvinna um afgreiðslu fjöldamargra till., sem þar lágu fyrir, og þar hefur einnig komið fram almennur vilji til þess að láta fjárlög ekki hækka svo, að nýja skatta verði að leggja á þjóðina. Og um það er ég hv. 1. minni hl. mjög sammála, að að því beri að vinna.

Þótt alger samstaða hafi ekki náðst í nefndinni nema um nokkra hluti og til klofnings hafi komið um aðra, þá vil ég taka það fram, að um slíkt ber auðvitað ekki fyrst og fremst að sakast við þá fjvn.-menn, sem að 1. minni hl. standa, heldur við þau stjórnarvöld, sem þeir hljóta að miða gerðir sínar við og þeir verða að taka tillit til, hvers ríkisstj. og hennar ráðunautar hafa skuldbundið ríkisvaldið til af sinni hálfu. Þess var því ekki að vænta, að þeir aðilar, sem svara fyrir ríkisstj., sem skuldbundið hefur opinbera sjóði í greiðsluaukningu, sem nemur hundruðum milljóna, gætu haft samstöðu við þá, sem ekki telja sig skuldbundna af ríkisstjórnarinnar loforðum, sem hafa ekki verið lögfest. Samkv. áætlun ráðuneytanna er sú útgjaldaaukning, sem núv. ríkisstj. hefur skuldbundið opinbera sjóði til að inna af hendi á þessu ári, í fyrsta lagi bótagreiðsluaukning útflutningssjóðs vegna nýrra samninga, sem gerðir voru um s. l. áramót við útgerðina í landinu og skuldbinda útflutningssjóð til greiðsluaukningar, sem nemur 82.3 millj. kr. Í öðru lagi hafa stjórnarvöldin um s. l. áramót ákveðið niðurgreiðslur á ýmsum vörutegundum, og nema útgjöld hins opinbera af þeim ástæðum 83.3 millj. Í þriðja lagi hefur ríkisstj. enn ákveðið niðurgreiðsluaukningu, sem tók gildi hinn 1. marz s. l. og nema mun í útgjöldum 25.8 millj. kr. Enn fremur hefur síðan verið áætlað, að þær vörur, sem þessar upphaflegu áætlanir voru miðaðar við, muni seljast örar en áður, þannig að af þeim sökum bætist við þessar áætlanir 7.6 millj. kr. og nemi því þessi útgjaldaaukning alls 199 millj. kr. Þótt greiðslur þessar séu úr útflutningssjóði, þá hlýtur meginþungi þeirra samt að falla á ríkissjóð, þar sem ekki er ráðgerð nein stórfelld tekjuaukning til handa útflutningssjóði önnur en ríkisframlög.

Þrátt fyrir það, að þetta eru skuldbindingar, sem á þjóðina hafa verið lagðar af núv. stjórnarvöldum, sem starfa í algerri andstöðu við minn flokk, þá vil ég engu að síður miða fjárlagaafgreiðslu við það, að tekið verði fyllsta tillit til þess, sem þjóðin hefur verið skuldbundin til á lögformlegan hátt, og miðast því þær tillögur, sem ég legg hér fram, við það, að fjárlög verði afgreidd greiðsluhallalaus, og mun ég síðar víkja nánar að því.

Það hefðu orðið íslenzku þjóðinni harla þungar búsifjar, ef öll sú háa fjárhæð, sem hér hefur verið talin, ætti að leggjast á þjóðarbúið af fullum þunga, annaðhvort sem nýir skattar eða skerðing á opinberri þjónustu við þjóðfélagsþegnana. En svo slæmt er þó ekki í efni. Sú ríkisstj., sem lét af störfum í desembermánuði s. l. og hv. stjórnarstuðningsmenn núv. finna vart næg atyrði um, vann þó með þeim hætti að framleiðslumálum þjóðarinnar, að á daginn hefur komið, að þjóðarframleiðslan hefur stórlega aukizt og tekið beinlínis stökk fram á við á s. l. ári og allur hagur hins íslenzka þjóðarbús er betri og blómlegri af þeim ástæðum. Þannig kemur það í ljós, að ríkissjóður átti verulegan afgang af tekjum sínum um s. l. áramót. Í bráðabirgðauppgjöri fyrir ríkissjóð kemur fram, að tekjuafgangurinn nemi nokkuð á 49. milljón. Raunverulega er þó tekjuafgangurinn miklu meiri, eða á milli 70 og 80 millj., því að áður hafði verið ráðstafað ýmsum lánum frá ríkissjóði, þ. á m. er um það lán að ræða að verulegu leyti, sem ríkisstjórnarflokkarnir nú leggja til að tekið verði inn í fjárlög sem tekjur, en þar á ég við tollana af efnivörum rafvirkjananna.

Enn fremur kemur í ljós, þegar skoðað er

uppgjör ríkissjóðs frá s. l. áramótum, að ýmsir tekjuliðir hafa reynzt svo drjúgir, að óhætt er frá fjárlagafrv. að hækka þá verulega í áætlunum um tekjur á yfirstandandi ári. Ég lýsi samþykki mínu og míns flokks við það, að tekjuafgangur ríkissjóðs sé til þess notaður að koma í veg fyrir nýja skatta á þjóðina. Ég lýsi einnig samþykki við þær breytingar, sem gerðar eru á tekjuáætluninni í till. hv. 1. nefndarminnihl., að því undanskildu, að til þess að hægt sé að samþykkja tekjuliðinn um 30 millj. tollagreiðslur af rafvirkjunum, þá verður áður að vera búið að sýna fram á, að þeim sé mögulegt að greiða þetta með láni, þannig að ekki stöðvist framkvæmdir þeirra.

Hér er því um það að ræða, að það er ekki svo stórt bil, sem upp hefur verið sett í útgjaldaaukningunni, sem brúa þarf, heldur má þar draga frá samtals um 108—110 millj. kr., og verður þá vandinn allur minni, sem raunverulega þarf við að glíma við samningu fjárlfrv. eða afgreiðslu þess.

Um einstakar tillögur, sem samkomulag hefur verið um í nefndinni, hefur hv. frsm. 1. minni hl., svo sem samkomulag varð í nefndinni um, fjallað um, og mun ég ekki gera þær sérstaklega að umræðuefni.

Ég hef gert allmargar brtt. við fjárlfrv. á þeim liðum, þar sem ekki var um samkomulag að ræða. Vil ég þó taka fram, að nokkrar af þeim till. reynast vera samhljóða eða um það bil alveg samhljóða brtt. meiri hl. n. Stendur þannig á því, að tvær tillögur skuli gerðar vera um sama hlut, að í nefndinni var tekin afstaða til lækkunartillagnanna í heild, en ekki rætt til þrautar um hverja einstaka. Það mun því verða af hálfu 1. og 2. minni hl. samstaða um nokkrar þær till., sem fluttar eru á þskj. 393 sem brtt. 1. minni hl.

Ég hef áður getið um það, að með tilteknum fyrirvara get ég lýst stuðningi við 13 fyrstu brtt., sem fjalla um breyt. á áætlun um tekjur ríkissjóðs. Enn fremur vil ég taka fram, að nokkrar till. um lækkun útgjalda var mér kunnugt um að gerðar yrðu og hef þess vegna ekki gert um þau atriði sérstakar tillögur, en vil á sama hátt lýsa við þær stuðningi, og er þar um að ræða lækkun á ferðakostnaði á 13. gr. fjárlaga hjá flugmálastjórninni, sem nemur 120 þús. kr. Enn fremur þykir mér sem sýnt hafi verið fram á það með rökum, að hægt sé að fella niður 2 millj. kr. framlag til kaupa á jarðræktarvélum, þar sem lagaskyldu er fullnægt og allverulegt fé liggur þó fyrir til þeirra greiðslna. Enn fremur þótti mér sem sýnt væri fram á, að hægt væri að fella niður ½ millj. kr. framlag til iðnskólans í Reykjavík, þar eð hann á óhafið fé. Hv. frsm. 1. minni hl. gat þess, að sú till. mundi af hálfu 1. minni hl. verða tekin aftur til 3. umr. og athuguð nánar, þar sem nýjar upplýsingar mundu liggja fyrir í því máli. Ég vil að sjálfsögðu taka það fram, bæði um mínar tillögur í heild og þær till. aðrar, sem ég tel mig geta stutt, að um þær gildir að sjálfsögðu allur sá fyrirvari, að komi nýjar upplýsingar fram í málinu, þá er áskilinn réttur til þess að taka þær til endurathugunar.

Varðandi sparnaðartillögu hv. 1. minni hl. um niðurfellingu á 10 millj. kr. framlagi til nýrra raforkuframkvæmda, þá gegnir um hana svipuðu máli og það mál raforkuframkvæmdanna sem ég hef áður rætt, að ég tel á engan hátt óeðlilegt, að það mál sé leyst með lántöku. En til þessa hefur þó ekki verið sýnt fram á það með neinum viðhlítandi skýringum, að slíkt lán með skaplegum kjörum sé fáanlegt, og geymi ég mér því að taka afstöðu til þess liðs, enda þótt ég viðurkenni, að mér sé það mjög skapi nærri að leysa þetta mál með lántöku.

Þá hefur hv. 1. nefndarminnihl. lagt til, að ríkisábyrgðir verði lækkaðar úr 30 millj., sem gert er ráð fyrir á frv., niður í 20 millj. kr., þ. e. a. s. hér verði um 10 millj. kr. lækkun að ræða. Ég lýsi samþykki við þessa till. En á hinn bóginn hef ég ekki komið auga á það, hvernig flm. þessarar till. geta gert hvort tveggja í senn, að leggja hér fram till. um það, að ríkissjóður taki á sig að greiða þurrafúalánin öll og án þátttöku viðkomandi skuldareigenda, en þau lán munu nema 16—20 millj. kr., og gera jafnframt og í sama plagginu till. um að lækka framlög ríkisins í þessu tilefni. Mér sýnist, að hér sé um að ræða feluleik, hér eigi ekki að framkvæma það, sem samþykkt er. Það er ekki hægt að gera hvort tveggja í senn, að lækka framlög til eins hlutar og ákveða að borga meira. En það breytir ekki því, að ég lýsi stuðningi við þessa lækkun. Ég get hins vegar ekki fallizt á það, að ríkissjóður taki að sér þessa greiðslu alveg skilyrðislaust. Hér er um það að ræða, að ríkið taki að sér greiðslur fyrir menn, sem sumir hverjir eru stóreignaskattsgreiðendur og margfaldir milljónaeigendur. Mér sýnist líka, að á einum og sama deginum sé það heldur harðleikið hlutverk, sem þeir menn fá, sem kosnir eru hingað á þing af vinnandi fólki í landinu, að fella það á öðrum tímanum, að hinn almenni verkamaður, sem leggur nótt með degi við framleiðslustörfin og vinnur stundum tvo venjulega vinnudaga á einum og sama sólarhringnum til þess að koma verðmætum þjóðarinnar frá því að skemmast, koma fiskaflanum í salt eða frost, skuli ekki fá neina skattaívilnun fyrir það, þótt hann beinlínis af þegnskyldu við þjóðfélagið vinni miklu meira en hann sjálfur óskar eftir, að hann skuli ekki fá sína vinnu skattlagða sem dagvinna væri og ekki meira. Þetta geta sömu mennirnir fellt á 2. tíma dags, þó að þeir geri um það till. á 4. eða 5. tímanum, eftir að þetta er fallið, að þá skuli milljónerum landsins mörgum hverjum gefnar eftir þær skuldir, sem ríkissjóður hefur gengið í ábyrgð fyrir, stundum svo milljónum skiptir. Þetta er rangsleitni, sem ekki er frambærileg, og vil ég fyrir mitt leyti mótmæla henni.

Það hafa verið gerðar till. um það, að með lán þessi yrði farið með sérstökum hætti. Mér er það ósköp vel kunnugt, að lánin eru þess eðlis, að eðlilegt er að krefja þau inn með öðr-

um hætti en venjulegar víxilskuldir. Þau hafa skapazt fyrir tjón, sem menn hafa orðið fyrir, þau eru til skamms tíma og þess ekki að vænta, að allur þorri manna geti greitt þau upp, þegar víxlarnir falla í gjalddaga. Það er þess vegna nauðsynlegt að gera ráðstafanir til þess, að hið opinbera lengi lánstímann og komi til móts við þá aðila, sem þess þurfa, með svipuðum hætti og gert hefur verið t. d. í sambandi við óþurrka- og harðindalán bænda og gerð hafði verið af hv. fyrrv. ríkisstj. till. um og ég sé að hv. 3. nefndarminnihl. hefur tekið upp í sínar till. Það tel ég vera eðlilega lausn á þessu máli. En að ríkissjóður taki að sér að gefa hlutaðeigandi mönnum alla upphæðina án tillits til þeirra efnahags, því sé ég ekki að nein rök séu fyrir.

Sumir menn hafa haldið því fram, að með því að ríkið hefur tekið að sér í samningum við útveginn nú um s. l. áramót að greiða iðgjald af þeirri þurrafúatryggingu, sem nú er komin á, þá sé einnig réttmætt að gefa eftir þessar skuldir. Það sé ég ekki að sé réttmætt. Ég veit ekki til þess, þegar tryggingu hefur verið komið á í öðrum greinum, þar sem hún hefur ekki gilt áður, að þá hafi viðkomandi tryggingar eða yfirleitt neinn aðili talið sér skylt að bæta að fullu öll tjón, sem í þeirri grein hafa orðið, áður en tryggingarnar komust á laggirnar. Ég sé heldur ekki, að neinar kröfur sé hægt að gera á ríkissjóð um, að svo sé að farið.

Þá er það einn meginmunurinn á sparnaðartill. hv. stjórnarstuðningsmanna og þeim almennu sparnaðartill., sem ég f. h. Alþb. hef lagt fram í mínum till. hér, að hv. stjórnarstuðningsmenn leggja til, að inn á 19. gr. fjárl. verði tekinn einn liður, sem ákveður, að framlag til nokkurra tiltekinna framkvæmda verði lækkað um 5%, og eru þar allar verklegar framkvæmdir teknar að jöfnu og engin tilraun gerð til þess að meta, hvort þær eru bráðnauðsynlegar eða ekki. Að vísu hefur hv. nefndarminnihl. einnig gert till. um sérstakan niðurskurð á nokkrum þeirra, það skal tekið fram, og er það, svo langt sem það nær, góðra gjalda vert. En hinn almenni niðurskurður miðast engu að síður við framkvæmdaliðina, fjárfestingarliðina, alveg án tillits til þess, hversu þarflegir þeir eru.

Ég vil vekja athygli á því, að þótt ég sé þeirrar skoðunar, að skera beri niður nokkra framkvæmdaliði, sem beðið geta, og gera eigi ráðstafanir til þess með lögum að lækka þá í framtíðinni, þá sé ég ekki, að hér sé staðið að með þeim hætti, að frambærilegt geti talizt. Ég vil aðeins taka tvö dæmi: Til viðhalds þjóðvega er varið ákveðinni upphæð. Allir kannast við það, að okkar vegaviðhald hefur frekar á undanförnum árum verið van en um of, þannig að fyrir þær fjárhæðir, sem vegagerðin hefur haft yfir að ráða, hefur hún aðeins naumlega getað haldið vegakerfinu þannig, að það geti kallazt akfært, en holótt hefur það allavega verið og með alls konar torfærum, meira að segja stundum svo, að valdið hefur ríkissjóði sérstöku tjóni, skaðabótaskyldu tjóni, þar sem ríkissjóður eða vegagerðin hefur orðið að leggja út stórfé til að bæta skemmdir á flutningatækjum og fólki, sem um vegina hefur farið. Ég álít það ekki frambærilegt að leggja vegaviðhaldið íslenzka að jöfnu við suma aðra liði, sem þarna eru teknir á sama hátt.

Ég get t. d. nefnt það, að einhvern tíma fyrir 2—3 árum fékk einn sjóður hjá biskupsembættinu, kirkjubyggingasjóður, lán hjá öðrum sjóði, einnig hjá biskupsembættinu, svokölluðum prestakallasjóði. Á s. l. ári var ríkissjóði flækt inn í það að borga helminginn af þessu láni, og á fjárlagafrv. í ár er gert ráð fyrir því, að hinn parturinn af láninu verði greiddur. Ég hef gert till. um það, að svo verði ekki gert. En hv. 1. minni hl. n. leggur hins vegar til, að þessi greiðsla sé tekin á alveg sama hátt, að vísu skorin niður um 5% eins og vegaviðhaldið, og nú geta menn aðeins sett upp dæmið fyrir sér, hvort er nauðsynlegra, að ríkissjóður jafni um á milli tveggja sjóða í *sama embættinu og taki tekjur sínar á því* að skera það niður um 5%, eða að ákveða, að íslenzkir þjóðvegir skuli vera holóttari en þeir voru í fyrra, og skera niður vegaviðhaldið. Þannig er ruglað saman alveg ósambærilegum hlutum og eitt látið ganga yfir þá alla, án þess að tilraun sé gerð til þess að meta, hverja þýðingu þeir hafa fyrir íslenzku þjóðina. Þeim vinnubrögðum vil ég fyrir mitt leyti mótmæla. Ég vil enn fremur mótmæla því, að eftir að gengið hefur verið á þá framkvæmdaliði, sem ríkið veitir fé til, og gerðar hafa verið till. um lækkanir á þeim eftir því, hvort þeir þykja bráðnauðsynlegir eða ekki, þá verði gengið á aðra liði, sem sumir hverjir eru lögbundnir og hreinlega er brot á lögum, eins og t. d. lögunum um greiðslu skólakostnaðar, að lækka, því að skólabyggingarnar eru meðal þess, sem lækka á samkvæmt nítjándu-greinartillögu hv. 1. nefndarminnihluta.

Ég tel, eins og raunar hv. frsm. 1. minni hl. benti á, að eðlilegt sé, að stjórnarvöldin gangi á slíkum tímum nokkuð fram fyrir skjöldu og sýni sparnað í verki, og þess vegna hef ég gert till. um það, að í stað þess að skera niður skólabyggingar og minnka vegaviðhald o. s. frv., *hluti, sem eru þjóðinni bráðnauðsynlegir*, verði stjórnarvöldum þeim, sem stjórna í stjórnarráðinu, í utanríkisþjónustunni, í tolla- og skattainnheimtunni, í dómgæzlunni og í löggæzlustjórninni, gert að skyldu að spara sína rekstrarliði alla saman um 5%, og ég sé ekki annað en það væri hægt. Hvort viðkomandi yfirvöld kysu að gera þetta með því að fækka starfsfólki, minnka aukavinnu eða endurskipuleggja vinnubrögðin á einhvern hagkvæmari hátt, það væri þá þeirra mál. En á sama hátt og viðkomandi aðilar leggja til, að verklegar framkvæmdir séu skornar niður um 5% án tillits til þess, hvort þær eru þarfar eða óþarfar, þá sé ég ekki annað en það sé mjög frambærilegt af hv. Alþingi að taka í taumana og láta ekki gera slíkt, en fá út svipaðan sparnað með því að uppáleggja þessum hv. sömu stjórnarvöldum, sem bundið hafa þjóðinni þá

bagga, sem ég hér hef lýst, að sýna einhvern sparnað með því að framkvæma 5% niðurfærslu á útgjöldum þessara aðila.

Þá vil ég taka fram, að ég er fyrir mitt leyti samþykkur því, að fellt verði niður 1.2 millj. kr. framlag til menntaskólabyggingar í Reykjavík. Þessi bygging er óhafin enn þá, og liggur allverulegt fé í sjóði til hennar, þannig að það stendur ekki á fjárgreiðslum, að hægt sé að hefjast handa um bygginguna. — Enn fremur tel ég gegna sama máli um byggingu stjórnarrráðshúss í Reykjavík, en til þess er á fjárlögum ætluð 1 milljón króna, sem ég tel að megi með góðu móti spara á þessa árs fjárlögum.

Þá vil ég taka fram um stærsta útgjaldaliðinn, sem gerð er till. um, að til útflutningssjóðs verði greiddar 154 millj. kr., eins og gert er ráð fyrir í till. hv. 1. nefndarminnihl., að ég hefði að vísu óskað eftir því, að þær greiðslur yrðu ákveðnar nokkru nánar, það yrðu settir upp gjalddagar fyrir þær, hvenær þær ættu að fara fram, en að svo stöddu hef ég ekki gert till. um það, en lýsi mig samþykkan því, að sú greiðsla fari fram.

Ég hef þá farið nokkrum orðum um till. hv. stjórnarstuðningsmanna og hver ágreiningur er í meginatriðum milli mín og þeirra um afgreiðslu fjárlaganna.

Ég vík þá næst að þeim till., sem ég hef gert til breytinga á fjárlagafrv. og fram eru bornar á þskj. 399. Þar er fyrst um að ræða till. um að áætla tekjur póstsjóðs 800 þús. kr. hærri en gert er í frv., þannig að póstsjóður komi út sléttur og hallalaus. Það var enginn halli á rekstri póstsjóðs á s. l. ári, og ég sé ekki annað en það sé hægt að halda áfram rekstrarhallalausri póstþjónustu í landinu og legg því til, að ríkissjóður greiði póstþjónustunni ekki neitt úr sínum sjóði, heldur verði pósturinn rekinn sem hvert annað fyrirtæki, sem verður að bera sig.

Í öðru lagi legg ég til, að gerð sé breyting á áætluðu útsvari bæði Áfengisverzlunar ríkisins og Tóbakseinkasölunnar. Ég lagði snemma á þessu þingi fram frv. til laga um breytingu á þessu, þar sem gert er ráð fyrir, að í stað þess að greiða 5% af hagnaði sínum í útsvar nú verði viðkomandi fyrirtækjum gert að greiða ½% í útsvar. Ég sýndi þá fram á, að það er algerlega óviðeigandi og byggist á engum raunverulegum rökum, að þessi fyrirtæki, sem nú eru í rauninni orðin skattheimtufyrirtæki í langtum ríkara mæli en þau upphaflega voru, greiði næstum eingöngu einu bæjarfélagi á landinu svo fjallháar útsvarsupphæðir, að nemur sem svarar öllum útsvörunum í miðlungsstóru bæjarfélagi á Íslandi. En svo er nú komið málum, og hygg ég þó, að þetta sígi enn á þá hliðina með hækkun á vöruverði hjá einkasölum ríkisins, að brátt muni útsvar það, sem þessir aðilar greiða og greiða að langmestu leyti einu einasta bæjarfélagi á landinu, Reykjavíkurbæ, verða hærra en útsvarsupphæð í nokkrum öðrum bæ utan Reykjavíkur. Ef reikna má með, að allar áætlanir hv. stjórnarvalda standist um tekjur af þessum einkasölum á yfirstandandi ári, þá eru útsvör þeirra komin töluvert yfir 10 millj. kr., og tel ég fásinnu að greiða það með sama hætti og verið hefur. Og í samræmi við það frv., sem ég hef lagt hér fram, legg ég til, að þessar upphæðir verði miðaðar við ½% greiðslu til þeirra sveitarfélaga, þar sem viðkomandi verzlanir reka starfsemi sína. Að vísu verða þetta allmiklu lægri upphæðir í mínum brtt. en þær raunverulega yrðu, þar sem ég hef að sjálfsögðu miðað mínar brtt. við þær tölur, sem nú eru inni í fjárlagafrv., en ekki einhverjar hugsaðar tölur, sem síðar kynnu að koma inn, og gildir raunar sama máli um þá till., sem ég hef gert við 19. gr. fjárlaga, þ. e. a. s. sparnaðinn á rekstrarútgjöldum hjá stjórnarráðinu, utanríkisþjónustunni o. s. frv., að í mínum brtt. eru till. að sjálfsögðu miðaðar við þær tölur, sem nú eru í frv., en kynnu að breytast eftir því, sem breytingar kynnu að verða samþykktar á frv.

Ég vil þó geta þess, að í frv. mínu um breytingu á útsvörum ríkisstofnana gerði ég ráð fyrir því, að þetta fé rynni til annarra þarfa, rynni til húsnæðismála eftir sérstökum reglum. Ég vil hins vegar, að úr því fáist skorið á fjárlögum, hvort alþm. eru þessari breytingu andvígir eða ekki, og vil taka fram, að að breytingunni samþykktri mundi koma til þess, að fluttar yrðu hér aðrar brtt., sem varða húsnæðismálaliðinn, því að að sjálfsögðu væri eðlilegt, að útgjöld ríkissjóðs til húsnæðismála yrðu endurskoðuð að þessum till. og þessu frv., sem um hefur verið getið, samþykktu. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Þegar gert var hlé á fundinum nú fyrir stuttu, var ég rétt byrjaður á að gera grein fyrir þeim brtt., sem ég hef flutt við fjárlagafrv. Ég hafði bent á, að hægt mundi vera að spara þær 800 þús. kr., sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. að lagðar verði póstsjóði til úr ríkissjóði. Eg hafði einnig bent á, að óeðlilega hátt útsvar sé greitt af ríkisstofnunum, og með tilliti til frv., sem fyrir liggur um breytingu á því, gert till. um, að útsvar Áfengisverzlunar ríkisins yrði áætlað 5 millj. og 40 þús. kr. lægra en frv. gerir ráð fyrir og útsvar Tóbakseinkasölunnar verði áætlað 3.6 millj. kr. lægra en gert er ráð fyrir í frv., sem sagt byggt á því, að tekin yrði upp útsvarsgreiðsla þessara stofnana í samræmi við það frv., sem fyrir liggur.

Ég hef áður bent á það, að ekki geti ég fylgt þeim till. hv. stjórnarflokka, sem gera ráð fyrir breytingum, sem fara í bága við lög, þegar ekki hafa verið lagðir fram á Alþingi neinir pappírar, nein frv., hvað þá samþykktir gerðar um, að breytingar skyldu þar á verða. Á hinn bóginn vil ég taka fullt tillit til þess, ef viðkomandi aðilar leggja fram um þetta frv. og sýna fram á, með hverjum hætti þeir hugsa þetta, enda þótt samþykkt þeirra sé ekki lokið; á sama hátt hlýt ég og að fjalla um þær till., sem af minni eða minna skjólstæðinga hálfu eru gerðar.

Þá hef ég gert ráð fyrir því, að niður verði felld ½ millj. kr. kostnaður af „öðrum kostn-

aði ráðuneytanna.“ Fer sú till. saman við till. þá, sem hv. 1. minni hl. hefur gert, en þar eð ég hafði ekki annað fyrir mér en bréf hæstv. ríkisstj. eða hæstv. fjmrh. um mál þetta, þá lá það ekki fyrir, að þetta yrði tekið allt á þessum lið, og því gerði ég hér till. En ég sé, að hv. samnefndarmenn mínir, þeir sem skipa 1. minni hl., hafa einmitt orðað till. nákvæmlega á sama hátt og ég, svo að þar skiptir ekki máli, hvor till. kemur til atkvæða.

Þá hef ég lagt til í mínum till., að kostnaður af alþjóðaráðstefnum verði færður úr 481 þús. kr., sem gert er ráð fyrir í frv., niður í 331 þús., eða lækkaður um 150 þús.

Þá hef ég gert till., sem miðast við það, að 4 sendiráð yrðu lögð niður: Sendiráðið í Stokkhólmi og sendiráðið í Ósló og starfsemi sú, sem þessi sendiráð nú annast, verði falin sendiráðinu í Kaupmannahöfn og að því miðað að hafa eitt sendiráð á Norðurlöndum. Enn fremur verði lagt niður sendiráðið í London og er það í samræmi við till., sem hér liggur fyrir frá mér og fleiri flokksmönnum mínum, og yrði þetta gert í mótmælaskyni við það, að Bretar umgangast okkur nú ekki sem sjálfstæða þjóð, og þar af leiðandi ástæðulaust fyrir okkur að halda uppi sendiráði hjá þeim. Að sjálfsögðu er til þess ætlazt, að sendiráð verði tekið upp aftur í Lundúnum, svo fljótt sem eðlilegt samband kæmist á milli ríkjanna, en svo sem allir vita, er það ekki nú og þar af leiðandi óeðlilegt, að við höldum uppi sendiráði í Lundúnaborg. Enn fremur verði lagt niður það sendiráðið, sem í fjárlögum er kallað skrifstofa fastafulltrúa Íslands hjá NATO og OEEC, en það sendiráð er í París, og virðist það vera fullkomin ofrausn fyrir ekki stærri né auðugri þjóð en við erum að halda uppi tveimur fullkomnum sendiráðum í einni og sömu höfuðborginni, en svo er nú gert í París. Sé ég ekki annað en hægt væri að fela hinu venjulega sendiráði Íslands í París, sem dýrast er allra sendiráða íslenzkra, að annast þau störf, sem þessari skrifstofu annars eru falin. Engu að síður liggur í augum uppi, að ekki er hægt að strika út allan þann kostnað, sem þessi sendiráð hafa í för með sér, af fjárlagafrv. þessa árs, þar sem nú eru þegar liðnir nær 4 mánuðir af árinu og kostnaður hefur fallið á af þeim sökum, og er þess vegna gert ráð fyrir í mínum till., að framlag til þessara sendiráða verði yfirleitt lækkað um helming. Mundi það spara ríkissjóði útgjöld, sem nema 1851 þús. kr. rúmlega.

Þá er gert ráð fyrir, að lækkaðir verði liðirnir „samningar við erlend ríki“ og „þátttaka í alþjóðaráðstefnum á vegum utanríkisráðuneytisins“, samtals um 5 millj. kr. Þessi kostnaður hefur farið mjög vaxandi á undanförnum árum, ekki einungis af því, að þátttaka Íslands í þessum ráðstefnum fari mjög vaxandi, heldur kemur það líka að sjálfsögðu til af yfirfærslugjaldi, sem ákveðið var á sínum tíma og verður að ætla fyrir því, en að hinu leytinu verður að líta svo á, að þátttaka í þessum ráðstefnum af Íslands hálfu hafi á undanförnum árum verið í algeru hámarki og geti að skaðlausu dregizt nokkuð saman.

Þá er lagt til af minni hálfu, að saman verði dregin fjárveiting til lögreglunnar á Keflavíkurflugvelli. Þar er starfandi lögregla, svo sem sjá má á fjárlögum og svo sem ríkissjóður hefur með ærnum hætti fundið fyrir á undanförnum árum, því að til þeirrar lögreglu eru ætlaðar yfir hálf fjórða millj. kr. á fjárlagafrv., og verður ekki annað sagt en mikils þurfi við að vernda þessa þjóð fyrir verndurum sínum, með því að ríkissjóður leggur fram slíkar fjárfúlgur í þessu skyni. Nú vil ég ekki gera lítið úr því, að þessi þjóð sé í mikilli hættu fyrir því varnarliði, sem hún hefur ráðið sér eða forustumenn hennar hafa upp á hana þröngvað, en slíkur fjáraustur sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. virðist vera með öllu hóflaus, og legg ég til, að hann verði lækkaður um 1½ millj. kr.

Er þá komið að tillögum þeim, sem fyrir liggja um Skipaútgerð ríkisins.

Skipaútgerð ríkisins hefur lengi verið mjög umdeild hér á Alþingi. Það hygg ég þó, að ekki greini menn svo mjög á um það, að fyrirtæki þetta hafi nauðsynlegu og óhjákvæmilegu hlutverki að gegna í okkar þjóðlífi, og mundi mörgum þrengjast fyrir dyrum, ef starfsemi hennar yrði lögð niður, svo sem þó hafa heyrzt raddir um á þingi. Það er rétt, sem hv. frsm. 1. minni hl. gat hér um í sinni framsöguræðu, að Skipaútgerð ríkisins notaði ekki á s. l. ári og þurfti ekki að nota allt það fé, sem henni var ætlað á fjárlögum. Hún komst af með um það bil 12 millj., en hafði á fjárlögum fjárveitingu upp á nálega 16 millj. kr. Það er því augsýnilegt, að hægt er að lækka nokkuð framlagið til Skipaútgerðar ríkisins án þess að draga úr rekstri hennar á nokkurn hátt. Nú er ekki því að neita, að meðan ekki eru gerðar ráðstafanir til þess að umskipuleggja fyrirtækið á neinn hátt, þá mun rekstrarkostnaður þess ekki fara minnkandi á yfirstandandi ári frá því, sem var. Skipaútgerðin var nokkurn veginn eins heppin og hún getur orðið á s. l. ári, þannig að ekkert af skipum hennar þurfti að fara í neina stórviðgerð, og rekstrinn gekk tiltölulega truflanalítið, ef frá er skilið verkfall, sem á hana skall svo sem aðra útgerðaraðila á s. l. sumri og truflaði nokkuð rekstur hennar. Á hinn bóginn er vitað, að Skipaútgerð ríkisins mun bætast nýtt skip á yfirstandandi ári, og er með öllu óvitað um það, hvernig það kemur til með að standa undir sér. En óvarlegt þykir mér að áætla, að Skipaútgerð ríkisins muni ekki þurfa á þessu ári á að halda sömu upphæð og í fyrra og þó trúlega fremur einni millj. kr. meira fé, og þess vegna hef ég lagt til, að framlag hennar verði lækkað úr 16 millj. í 13 millj., eða um 3 millj.

Ég vil ekki fallast á það, að hyggileg sé sú ráðstöfun, sem hæstv. ríkisstj. hefur nú gert, að taka skipin úr tryggingu á þeirri forsendu, að iðgjaldagreiðslur skipaútgerðarinnar hafi löngum að undanförnu verið hærri en tjón-

bætur þær, sem hún hefur fengið frá tryggingafélögum. Til þess að vit væri í þeim ráðstöfunum, sem hér um ræðir, þyrfti skipaútgerðin sjálf að leggja í eigin tryggingasjóð nokkurt fé, því að það geta allir sett upp fyrir sér, að ef um eitthvert tjón verður að ræða á skipum hennar, allsendis ótryggt og ekki ætlað fyrir neinum greiðslum fyrirtækisins sjálfs í eigin tryggingasjóð, þá lendir fyrirtækið í hreinum vandræðum, hvenær sem einhver teljandi óhöpp koma upp á hjá einhverju skipa þess. Hugsum okkur það, að eitthvert skip hennar strandaði eða laskaðist verulega og þyrfti viðgerð upp á nokkrar milljónir. Þá væri til einskis aðila að hlaupa nema ríkissjóðs sjálfs að greiða það, og mætti þá segja mér, að nokkur dráttur yrði á því að bæta það tjón eða lagfæra þær skemmdir, sem orðið hefðu, ef ekki væri neinn sjóður til að grípa til í þeim efnum, og yrði útgerðin að hefja sérstaka samninga við ríkissjóð í hverju einu slíku tilfelli.

Ég get því ekki fallizt á það, að unnt sé að lækka framlög til Skipaútgerðar ríkisins á þessum grundvelli. Hitt þætti mér ekki óhyggilegt, með þá reynslu, sem skipaútgerðin hefur að baki í sambandi við sín tryggingamál, að tekinn yrði upp sá háttur, að fyrirtæki þetta greiddi iðgjöld sín í eigin tryggingasjóð og skapaði sér þannig nokkurn tryggingasjóð, sem mætt gæti þeim áföllum, sem hún kynni að verða fyrir. Ég hef þess vegna í mínum till. ekki gert áætlun, sem miðast við það, að tryggingagreiðslur af skipunum verði felldar niður.

Ég hef fyrr í ræðu minni gert að umtalsefni till. hv. stjórnarflokka um niðurfellingu á framlagi til Skipaskoðunar ríkisins. Ég tel það óraunhæft. En með tilliti til þess, að hér liggur fyrir Alþingi frv., sem gefur rn., ef samþ. verður, möguleika til þess að gefa út nýja reglugerð um gjaldskrá skipaskoðunarinnar, er líklegt, að hægt sé að spara eitthvað, en hreint ekki fram yfir helming og raunar ekki helming af útgjöldum ríkissjóðs til handa skipaskoðuninni á þessu ári, og því hef ég gert till. um það, að skipaskoðunin fái fjárveitingu úr ríkissjóði á þessu ári í samræmi við þetta.

Þá kem ég að þeim lið, sem ég hef einnig fyrr í minni tölu gert að nokkru umræðuefni, en það er lokagreiðsla ríkissjóðs til prestakallasjóðs af láni, sem kirkjubyggingasjóður fékk í hinum fyrrnefnda sjóðnum. Framlag þetta er með öllu óskuldbundið af ríkissjóði og honum að einu og öllu leyti óviðkomandi. Þetta er þess vegna ekki annað en hækkun á framlagi til kirkjubyggingasjóðs í raun og veru, og sé ég ekki, að hækkun á framlagi til kirkjubygginga eigi mikinn rétt á sér, á sama tíma sem lagt er til, að hætt sé að fara að lögum um greiðslu á skólabyggingum og öðrum viðlíka nauðsynlegum hlutum. Ég held þvert á móti, að þegar gera á ráðstafanir til þess að spara þjóðinni útgjöld vegna of hraðra byggingarframkvæmda, þá sé ekki síður hér en sums staðar annars staðar, þar sem lækkun er lögð til, ástæða til þess að fara gætilega í fjárveitingar úr ríkissjóði.

Varðandi byggingar í Skálholti hef ég lagt til, að framlög úr ríkissjóði í því skyni verði felld niður. Það er, svo sem allir vita, um margra ára skeið búið að veita ríflegt fé úr ríkissjóði til bygginga í Skálholti, bygginga, sem enginn veit, til hvers eiga að vera, og stjórnarvöld landsins eru fyrir þessi margendurteknu framlög úr ríkissjóði orðin beinlínis til athlægis hjá allri þjóðinni. Hví skyldu íslenzk stjórnarvöld ausa peningum út í fyrirtæki, sem enginn veit, hvort nokkurn tíma verða notuð til nokkurs hlutar, á meðan verið er að skera niður framlög til almannaþarfa jafngreinilega og sumra þeirra, sem ég hér hef nefnt að undanförnu. Ég tel þess vegna sæmst, að liðurinn falli niður.

Við 16. gr. fjárlfrv., atvinnumálagreinina, hef ég gert nokkrar brtt. Er þar fyrst um að ræða, að um nokkurra ára skeið hafa verið ræktaðir hér einhvers konar sýningarreitir, sem mér skilst nú að heldur fáir landsmenn hafi haft nokkurt veður af, nema helzt þeir, sem lesa fjárlög. Það hefur árlega að undanförnu verið veitt til þessa ½ millj. kr., en eins og ég hef áður tekið fram, þá leyfi ég mér að efast mjög um gagnið af þessum framkvæmdum, enda hef ég heyrt ýmsa bændur halda því fram, að hér væri engin önnur starfsemi á ferðum en það, sem hver bóndi gæti gert hjá sjálfum sér, ef hann teldi þess þörf. Ég tel þess vegna, að atvinnuvegum landsins sé enginn háski búinn, þó að þetta framlag sé fellt niður, og hef gert till. um, að með niðurfellingu framlags til þessa verði ríkinu spöruð ½ millj. kr. í útgjöldum.

Kostnaður við útrýmingu refa og minka hefur aukizt mjög á undanförnum árum. Á fjárl. s. l. árs var ætlað til þessa 1½ millj. kr., og er það vissulega töluverður herkostnaður fyrir ekki stærri þjóð, en nú bætist í fjárlfrv. 1 millj. við þetta, þannig að í fjárlfrv. er gert ráð fyrir, að þessi herkostnaður fari upp í 2½ millj. Með tilliti til þess, að uppi er nokkur grunur um, að fjárgreiðslur ríkissjóðs á þessum lið renni ekki óskiptar til baráttu gegn meindýrunum, heldur að einhverju leyti til að rækta upp refskap í mannskepnunni, þá þykir engin ástæða til að hækka þetta framlag, og legg ég til, að það haldist óbreytt frá s. l. ári og verði 1½ millj., eins og þar er gert ráð fyrir, en ekki 2½ millj., eins og gert er ráð fyrir í fjárlfrv.

Varðandi 17. gr. fjárl. hef ég gert till. um það, að framlag ríkisins til jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga verði fært úr 3 millj., sem það þar er áætlað, niður í 700 þús. kr. Hef ég ekki getað séð af lögum um jöfnunarsjóðinn, að ríkissjóður hafi beina skyldu til þess að greiða til hans meira en 700 þús. kr. árlega, og legg til, að það verði gert, en að þær 2 millj. og 300 þús., sem ætlaðar höfðu verið í þessu skyni umfram þetta, verði sparaðar ríkissjóði.

Ég hef áður fjallað um till. mína varðandi 19. gr. fjárl., þar sem lagt er til, að kostnaður,

eins og hann er áætlaður í fjárlfrv., við ráðuneytin, við utanríkisþjónustuna, við dómgæzluna, lögreglustjórnina og innheimtukerfi tolla og skatta, verði færður niður um 5%, og mundu við það sparast rúmlega 6 millj. kr. Það er hin almenna brtt. til sparnaðar, sem ég f. h. Alþb. legg hér fram og hv. alþm. hljóta að verða að gera upp við sig við afgreiðslu fjárl., hvort ekki sé fullt eins tiltækileg og ráðleg og sú almenna brtt., sem hv. 1. minni hl. gerir, þ. e. að skornir verði niður allir framkvæmdaliðir fjárlfrv., að höfnum, vegum og brúm undanskildum, því að þess er skylt að geta, að ekki er ætlazt til þess í till. hv. 1. minni hl., að niðurskurður verklegra framkvæmda nái til þeirra atriða.

Við 20. gr. fjárl., þ. e. a. s. eignabreytingar ríkisins, hef ég gert brtt., sem fer í þá átt, að ríkissjóður leggi ekki landssímanum til neitt fé sérstaklega til þess að auka eignir landssímans. Landssíminn hefur sjálfur nokkuð yfir 9 millj. kr. í áætlaðan rekstrarafgang, en hann ráðgerir hins vegar að byggja upp sitt kerfi fyrir allmiklu meira fé en hann hefur af tekjum sínum. Landssíminn er þegar orðinn mjög auðugt fyrirtæki, og rekstur hans allur virðist standa með miklum blóma. Þegar hart er í ári hjá ríkinu og spara verður fjölmarga hluti, þá sýnist mér sem ekki væri óeðlilegt að láta landssímann standa undir sínum framkvæmdum sjálfan líkt og mörg önnur fyrirtæki, þannig að hann yrði að miða sína framkvæmdaáætlun við það að nota sínar tekjur og sinn tekjuafgang til uppbyggingar. Og ef nauðsynlegt er að hafa uppbyggingu hans og eignaaukningu hraðari en svo, að hagnaðurinn hrökkvi fyrir því, þá sýnist mér, að fyrir fyrirtæki, sem stendur með svo miklum blóma sem landssíminn, ætti að vera tiltölulega auðvelt að framkvæma nokkuð af þeim framkvæmdum, sem hann telur nauðsynlegar, með lántöku. Ég hef því reiknað með því, að landssíminn haldi sinni áætlun óskertri, og ég efast ekki um það, að svo framarlega sem ríkisstj. væri því hlynnt og legði inn orð með þessari ríkisstofnun hjá lánastofnunum þjóðarinnar, þá væri ekki óhægara að ná út láni fyrir landssímann heldur en fyrir t. d. raforkuframkvæmdirnar, því að mjög mikill munur er vissulega á greiðslumöguleikum þessara tveggja stofnana hin næstu ár, þannig að landssíminn er miklum mun álitlegri lántakandi að því leyti, sem sýna má með auðveldum hætti fram á það, að hann geti vel staðið undir smávægilegum lánum. Ég legg því til, að niður verði fellt hið raunverulega framlag ríkissjóðs til landssímans, en það er á fjárl. áætlað 2 millj. 780 þús. kr.

Er þá komið að flugvöllunum. Ég hef áður vikið að þeim. Ég tel það vera einn leiðinlegasta blettinn á hugmyndum hv. stuðningsmanna ríkisstj. í þeirra tillögum að leggja til lækkun á flugvallagerðinni. Það er öllum kunnugt, sem fylgjast með í samgöngumálum þjóðarinnar, að á nokkrum stöðum eru flugsamgöngurnar mjög óhjákvæmilegar, og ég vil nefna t. d. það dæmi, sem flestir þm. munu vita, að til þessa hefur flugsamgöngum við Vestfirði verið haldið uppi á sjóflugvélum. Það er aðeins til ein nothæf sjóflugvél í eigu þess félags, sem annast hér allar innanlandssamgöngur, og hún er mjög úr sér gengin og fyrirsjáanlegt, að brátt hlýtur að koma að því, að félagið leggi niður allt sjóflug. Þá er ekki annað fyrir hendi en að annaðhvort verður þarna skarð í samgöngukerfinu eða hitt, að það verður að vinda bráðan bug að því að gera nothæfan flugvöll á Vestfjörðum, og er nú enda byrjað á allmikilli framkvæmd á Ísafirði í þessu skyni. Ég vil einnig benda á það, að allir þeir staðir, sem eru utan hins eiginlega þjóðvegakerfis, þurfa öðrum fremur á flugi nu að halda. Ég hef áður í tillögum, bæði einn og í félagi við aðra þm., lagt til, að fjárveitingum til flugvallagerðar verði hagað með þeim hætti, að mest áherzla verði lögð á flugvallagerðina á þeim stöðum, sem ekki eru tengdir þjóðvegakerfinu eða mjög lauslega tengdir því, þannig að samband þeirra við það sé óstöðugt, þannig að þeir hafi máske ekki möguleika á að komast inn á vegasambandið nema um hásumartímann. Með tilliti til þessa hef ég gert tillögu um það, að sú upphæð, sem til flugvallanna er ætluð í fjárlfrv., 8 millj. kr., verði til þess notuð og hún ekki skorin niður að neinu. Með því að ekki hefur verið venja og er enn ekki gert í fjárlfrv. að sundurliða fjárframlög til einstakra framkvæmda af þessu tagi, þá hef ég gert tillögur um það, að sundurliðunin verði einmitt eftir þeirri meginreglu, að aðalframlögin verði til Vestfjarðaflugvallarins, þ. e. a. s. Ísafjarðarflugvallar, og Vestmannaeyjaflugvallar, en þar stendur svo á, að langmestur hlutinn af farþegaflutningunum, enda stór hluti af vöruflutningunum fer einnig um flugbrautina, sem þar var tekin í notkun 1947, fyrir 12 árum. Þeirri framkvæmd hefur hins vegar ekki verið haldið fram með meiri hraða en svo, að enn er þar aðeins um eina flugbraut að ræða með nálægt 1000 metra nothæfri lengd til lendingar og flugtaks. Nú á síðustu árum hefur þessi braut verið nokkuð lengd, en sú lenging er ófullkomin, mjórri en aðalbrautin, og verður óhjákvæmilega að breikka hana nokkuð. Enn fremur er á þessum 12 ára gamla flugvelli ekki enn þá búið að koma upp neinum rafljósum, þannig að völlurinn, svo ófullkominn sem hann er, vegna þess að hann er aðeins ein braut, notast ekki, eftir að rökkva tekur, þannig að oftsinnis verður flug að falla niður á þessari þýðingarmiklu flugleið, vegna þess að engin lendingarljós eru við flugbrautina, og virðist óhjákvæmilegt, að þeim verði komið þar á hið fyrsta.

Þá má einnig benda á, að það er algerlega óeðlilegt að láta svo lengi dragast sem hér hefur skeð, að gerð sé flugbraut þvert á þá, sem er, eða til einhverra gagnstæðra átta, þannig að ekki sé óflugfært til slíks staðar, þó að golan sé af einhverri annarri átt en þeirri, sem flugbrautin stefnir í. En það er algengt, að dögum saman verður flug að falla niður í bezta veðri á þessari áætlunar-

leið, vegna þess að flugbrautin er aðeins ein.

Ég hef með tilliti til þessa lagt til, að hæstu fjárveitingarnar og jafnháar verði til Ísafjarðarflugvallar og Vestmannaeyjaflugvallar, 1½ millj. til hvors.

Þá hef ég eftir upplýsingum flugráðs í mínum skiptingartillögum um þetta tekið tillit til þess, að í Reykjavík er þegar hafin mikil og óhjákvæmileg framkvæmd, sem er bygging á flugturni, sem í er í rauninni hluti af flugöryggisþjónustunni, þannig að flugumferðarstjórnin í Reykjavík býr, eins og nú er, við óhóflega þröngan og lélegan húsakost, og munu allir viðurkenna, að nauðsyn sé þar á að bæta um. Hef ég lagt til, að 120 þús. kr. verði lagðar til þess mannvirkis.

Á Akureyri eru sömuleiðis í smíðum mörg flugmannvirki. Þar er verið að setja upp öryggistæki við flugvöllinn, og er því lagt til, að sá flugvöllur fái 800 þús. kr., sem er nokkru hærra en sú till., sem flugráð hefur gert um þann flugvöll.

Enn fremur er lagt til, að Norðfjarðarflugvöllur, sem er í byggingu, en Norðfjörður er einn þeirra staða, sem eru í mjög ófullkomnu sambandi við vegakerfi landsins, — að til þeirrar flugvallargerðar verði lögð nokkru hærri fjárupphæð en meiri hl. flugráðs hefur gert till. um, eða 800 þús. kr.

Aðrir flugvellir, sem tilgreindir eru hér í mínum sundurliðunartill. á flugvallafé, eru með svipaðar fjárveitingar og flugráð eða meiri hl. flugráðs hefur lagt til.

Þá hef ég gert tillögur um það, að nokkrir fjárfestingarliðir á 20. gr. verði lækkaðir, yfirleitt um helming og þó nokkru meira þeir, sem hafa hæstu fjárhæðirnar. Það er mín skoðun, að afnema ætti lög um embættismannabústaði. Ég sé ekki annað en ríkið geri álíka vel við sína starfsmenn og aðrir atvinnurekendur og beri þeim því að standa undir sínum húsnæðiskostnaði sjálfir eins og aðrir þegnar þjóðfélagsins. Ég viðurkenni að vísu, að þar sem íbúðir eru sérstaklega bundnar við starfsemina sjálfa, eins og t. d. er í sambandi við heimavistarskóla og annað þess háttar, sé óhjákvæmilegt, að skólastjóraíbúð eða starfsmannaíbúð fylgi viðkomandi stofnunum. En ég sé ekki, að nauðsynlegt sé, að ríkið byggi yfir alla presta landsins, alla sýslumenn landsins, alla dýralækna landsins o. s. frv. Allir þessir aðilar fá fullborgaða sína þjónustu og hafa ekki undan neinu að kvarta í þeim efnum fram yfir annað fólk í þessu landi. Þessi lög eru hins vegar í gildi, og nokkrar framkvæmdir af þessu tagi, embættismannabústaðir, eru í byggingu, og er því óhjákvæmilegt að veita til þeirra nokkurt fé á þessu ári, og hef ég yfirleitt miðað mínar till. við það, að fjárhæðir til þessa verði lækkaðar um helming.

Tvær lögreglustöðvar eru með ríkisframlag á fjárlagafrv. Það er lögreglustöðin í Reykjavík, sem búið er að veita til allmikið fé á undanförnum árum, bygging ekki hafin, og lögreglustöð á Keflavíkurflugvelli. Ég legg til, að báðar þessar fjárhæðir verði teknar út úr frv. og ríkisútgjöldin lækkuð sem þeim nemur, þar eð þjóðfélag okkar á greinilega við margháttaðan vanda að glíma, sem meira kallar að heldur en þessar framkvæmdir.

Ég vil þá að lokum gera grein fyrir því, hver verður niðurstaðan úr þeim till., sem ég hef hér f. h. Alþb. ýmist lagt fram sjálfur eða lýst stuðningi við.

Þær brtt., sem ég hef hér lagt fram á þskj. 399, gera ráð fyrir niðurfellingu gjalda, sem nema 33 millj. 889 þús. kr. Af till., sem fluttar eru af hv. 1. minni hl., hef ég lýst stuðningi við till., sem nema samtals 15 millj. 360 þús., en þetta gerir samtals 49 millj. 249 þús. Enn fremur hef ég reiknað með, að ef ríkisstj. gerir viðhlítandi grein fyrir því, að eðlileg lán fáist til þess að vega upp á móti 10 millj. kr. niðurfellingu, sem lögð er til af hv. 1. minni hl. til raforkuframkvæmdanna, þá mundum við einnig styðja niðurfellingu á þeim lið, og nema þá þær till., sem við gerum eða föllumst á, um 59 millj. 250 þús.

Að öllum þessum till. samþ., en ekki öðrum, þá telst mér svo til, að greiðslujöfnuður náist á frv. eða aðeins rúmlega það, en hirði hins vegar ekki um að gera það mál alveg nákvæmlega upp, með tilliti til þess, að allmörg erindi bíða enn þá 3. umr., ýmist hækkunarerindi eða erindi til sparnaðar, og eru till. þessar miðaðar við það, að Alþb. standi að afgreiðslu fjárl., sem verði greiðsluhallalaus.

Ég hef sýnt fram á það, að till. bæði 1. minni hl. og einnig þær till., sem 2. minni hl., þ. e. a. s. Alþb., hefur hér gert, miði að því að afgr. fjárl. hallalaus. En þótt svo verði gert, þá vil ég vekja athygli á því, að fjármálavandi þjóðarinnar er ekki þar með leystur. Eins og áður er til vitnað, hljóta inn í afgreiðslu fjárl. jafnan að blandast a. m. k. hugleiðingar um vandamál útflutningssjóðs. Í fjárlagatill. stjórnarflokkanna er ráðgert, að í stað þess, að frv. gerir ráð fyrir 20 millj. kr. greiðslu til ríkissjóðs úr útflutningssjóði, verði ríkissjóður, eins og nú er komið, að greiða útflutningssjóði 154 millj. kr. Þetta virðist óhjákvæmilegt. En eins og áður er á bent, vantar útflutningssjóð þrátt fyrir þetta enn mikið fé, sem ég hef ekki séð gerða viðhlítandi grein fyrir, hvernig á að útvega. En með því að fyrir Alþingi liggur lagafrv. um útflutningssjóð sérstaklega, þá skal því hér sleppt að ræða hans mál sérstaklega, að öðru leyti en því, sem hér hefur gert verið.

Til viðbótar fjárhagsvanda útflutningssjóðs bætist svo það, að tekjur ríkissjóðs geta tæplega orðið öllu meiri en fjárlög áætla, að þeim brtt. samþ., sem hér liggja fyrir frá hv. 1. minni hl. Til þess að komast að mestu eða öllu hjá umframgreiðslum úr ríkissjóði, þarf ráðdeildarsama og varfærna ríkisstj. En þeir, sem fylgzt hafa með frumvarpaflutningi núverandi stjórnar að undanförnu um ný embætti á embætti ofan og ýmislegt óspilunarsamt framferði annað, t. d. loforðum um að taka í heilu lagi á ríkissjóð allar greiðslur þurrafúalána, að maður nú ekki tali um það, sem þm. ráku sig á, þegar þeir settust hér í salinn í dag, nýtt stjórnarfrv. um 33.8 millj.

kr. aukin útgjöld, þeir hljóta að hafa heldur litla trú á því, að af núv. ríkisstj. verði fjárgreiðslum ríkissjóðs haldið innan ramma þeirra fjárlaga, sem hér verða væntanlega samþykkt. Af þessum ástæðum fer því fjarri, að fjárhagsvandi íslenzka þjóðarbúsins sé leystur, þótt fjárlög verði afgreidd hallalaus.

Hv. frsm. 1. minni hl., Magnús Jónsson, hv. 2. þm. Eyf., minntist hér lítillega í framsöguræðu sinni á það, að heldur horfði það til óheilla, þegar ábyrgðarlausir lýðskrumarar settu svip sinn á afgreiðslu fjárlaga. Ég man nú að vísu ekki hans orðalag nákvæmlega. Þetta vil ég alveg sérstaklega taka undir með honum. Það horfir vissulega þjóðinni til lítilla heilla, þegar ábyrgðarlausir lýðskrumarar setja svip sinn á afgreiðslu fjárlaga. Hvað er að ske hér? Ég hef bent á það, að á meðan fjárlagaafgreiðsla stendur yfir, þar sem verulegur sparnaður er lagður til og allar líkur benda til að samþykktur verði, þá hamast núverandi ríkisstj. við að leggja hér inn frumvörp, sem hvert á fætur öðru hlaða á ríkissjóð útgjöldum, svo að mér hefur ekki unnizt tími til að telja það saman, hvað mörgum milljónum það kann að nema. Ég vitnaði hér áðan í eitt, sem þingmenn sáu í dag. Enn fremur verður maður þess var, ef maður flettir yfir uppgjöri ríkissjóðs frá s. l. ári, að það er ekki sízt á þeim liðum, sem hæstv. núv. ráðherrar hafa stjórnað að undanförnu, sem umframgreiðslur verða. Þeir mega því mikið hafa breytzt, ef þeir eiga nú að geta talizt líklegir til þess að framkvæma fjármál þjóðarinnar í samræmi við þau fjárlög, sem hér eru í uppsiglingu, því miður.

Þrátt fyrir það, að fyrrv. ríkisstj. skilur við ríkissjóð þannig, að út af flýtur, og við fjárlög þannig, að tekjur eru á frv. vanreiknaðar, þannig að nemur a. m. k. 100 millj. samtals, þá sýnist mér, að sú fjárlagaafgreiðsla, sem hér fer fram, sé fyrst og fremst feluleikur, þar sem viðkomandi stjórnarflokkar hafa hugsað sér að reyna að sýna á pappírnum, að þeir hafi leyst fjárhagsvanda þjóðarinnar án þess að leggja á teljandi nýja skatta. Það má vel vera, að fyrsti þáttur í þessari leiksýningu ríkisstj. endist svo, að grandvar áhorfandi haldi, að hér hafi vel tekizt. Því miður býður mér það í grun, að hinir síðari þættir í þessu leikriti eigi eftir að verða öllu sorglegri en sá fyrsti, því að það er mín skoðun, að hér setji svip á afgreiðslu fjárlaga ábyrgðarlausir lýðskrumarar, sem betur væri að gætu átt frí frá þeirri starfsemi að villa um fyrir þjóðinni.

Frsm. 3. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Hér hafa fallið alvarleg orð, minna af gamansemi, enda efnið alvarlegt.

Fjvn. er víst sú eina nefnd Alþingis, sem aldrei kemst hjá því að klofna um aðalverkefni sitt, afgreiðslu fjárlaganna eða endanlegar tillögur um hana. Hvort þessu valda draugar lýðræðisins eða englar, hvort það er frá hinu illa eða hinu góða, skal ég ekki dæma um, en lýðræðislegt er það í fyllsta máta. Annað mál er svo það, að þeir, sem í fjvn. starfa, geta verið hinir sáttustu menn, átt í nefndinni ágætar samverustundir á fundum hennar og afgreitt margt mála, eins og einn maður væri, meira að segja geta þeir verið vinir. Þetta um vináttuna og ágreininginn er í fullu samræmi við það, sem hið vitra Klettafjallaskáld, Stephan G. Stephansson, segir, að hata skuli að eilífu rangan málstað, en ekki manninn, sem fylgir málstaðnum. Og þrátt fyrir vináttuna fer svo að lokum, þegar kemur að heildarafgreiðslunni, að málstaðurinn segir til sín, vinskapurinn breytist að vísu ekki, en dregur sig kannske eitthvað í hlé, verður orðfærri um stund, og þeir, sem ekki eru í meiri hluta eða með stjórninni, taka saman skjöl sín, ganga út úr fundarherbergi nefndarinnar með skjölin og ágreininginn, sem þeir svo bera fram í nál. og ræðum í þinginu.

Ég þakka samstarfsmönnum mínum fyrir oft og einatt skemmtilega og góða dvöl og samverustundir á fundum nefndarinnar, þó að ég hefði kosið sumar till. þeirra mjög á annan veg og hljóti að setja út á þær og telja þær þjóna röngum málstað og óheillavænlegum.

Í vetur var lengst af mjög rólegt í fjvn., eins og getið er um í nál. okkar, sem erum í 3. minni hl., það nál. er á þskj. 405. Fyrsta kastið var, eins og kunnugt er, stjórnarkreppa. Eftir nýárið var komin ný hæstv. ríkisstj. Þá áttum við von á, að róðrar hæfust í nefndinni. En svo varð ekki. Hæstv. ríkisstj. kom ekki með línuna til róðranna, en óskaði hins vegar, að við legðum ekki okkar net nema þá rétt fyrir smákóð, okkur til dundurs og skemmtunar. En það þótti nú slíkum mönnum sem við erum, nímenningarnir í nefndinni, léleg dægradvöl og okkur tæplega samboðin og hreyfðum varla bátinn, þó að við ættum auðvitað nóg af netum. Um það var fyllsta samkomulag í nefndinni að haga sér þannig. Allir erum við svo stjórnhollir, þótt misjafnt sé.

Svo liðu tímar. Stjórnin fékk hvað eftir annað framlengdar greiðsluheimildir fjárlaga fyrra árs. Við áttum von á línunni hvern dag, og var full ástæða til þess. Blað hæstv. stjórnar, Alþbl., sagði nefnilega tímanlega í janúar, að till. stjórnarinnar væru að verða tilbúnar og hún sæti um hverja helgi við að þenkja um þær og ganga frá þeim, svo að þær yrðu óbrigðular. Sérstaklega áttum við von á línunni á mánudögum. Nú hlýtur stjórnin að ljúka þessu í dag, sögðum við hver við annan á sunnudögunum. Máske hún ljúki því fyrir messu? Nei, kannske ekki fyrr en hún hefur farið í kirkju og hlustað á prestinn biðja fyrir sér? Svona liðu mánuðir, og hvílíkir sunnudagar hljóta þetta að hafa verið fyrir hæstv. ríkisstj. allan þennan tíma. En sleppum því. Þetta er ekki gamanmál, eins og ég sagði áðan.

Fyrir mjög stuttu kom línan, og nefndin klofnaði þá í þrennt eftir skamma stund. 1. minni hl. telur línuna nothæfa, jafnvel góða, eins og heyra mátti á ræðu hv. frsm. 1. minni hl. Hinir minni hlutarnir eru á annarri skoð-

un. Við í 3. minni hl. teljum hana í heildinni þannig, að alls ekki sé farandi á sjó með hana. Fyrir þeirri skoðun okkar er gerð mjög ýtarleg grein í nál. okkar á þskj. 405. Ég skírskota til þeirrar grg., en vil þó segja nokkur orð auk þess af hálfu 3. minni hl.

Fyrst er þá þess að geta, sem auðvitað er búið að taka fram, að nefndin stendur öll að till. þeim, sem eru á þskj. 391. Þar eru kóðin okkar úr smáróðrunum, sem ég gat um að við hefðum haft samþykki ríkisstj. til þess að fara í vetur, og svo er þar annað stærri drátta, sem við gátum orðið samhentir um að innbyrða og stjórnin hafði ekki við að athuga. Hv. flm. eða frsm. 1. minni hl. gerði grein fyrir till., sem eru á þessu þskj., og ég sé ekki ástæðu til þess að bæta neinu þar við. Till. á þessu þskj. leggjum við til að Alþingi samþykki.

En þegar ég lít á aðrar till. stjórnarstuðningsflokkanna, þá undrast ég satt að segja, að þetta skuli hafa orðið niðurstaðan hjá þeim og árangur heilabrota hæstv. ríkisstj. á helgidögum síðan um áramót. Hæstv. forsrh. hafði líka um áramótin flutt virðulega ræðu og haft þar fyrir mottó að boðskap sínum: „Þetta land á ærinn auð, ef menn kunna að nota hann.“ — Þessar hendingar hafa mikinn sannleik að geyma. Ekki skal á móti því mælt. En þær eru framhald af fyrri parti, sem hljóðar svo: „Hér er nóg um björg og brauð, berirðu töfrasprotann.“ — Þessi töfrasproti er það, sem hafa þarf í hendi, vitanlega ekki bókstaflega, en óbeint, og auðvitað hélt ríkisstj., að hún hefði þann töfrasprota. En till. sýna, að það hefur hún ekki haft og hefur ekki enn. Alþýðublaðið í gær lauk samt hugleiðingum sínum um till. með þessum orðum og stórletraði meiri hluta þeirra:

„Þegar allt þetta kemur saman, næst sá árangur, sem ríkisstj. lofaði þjóðinni, full framleiðsla og stöðvun dýrtíðarinnar, en engar nýjar almennar álögur á þjóðina.“

Fyrirsögnin, sem var auðvitað stærst letruð og ætluð öllum, hvort sem þeir gefa sér tíma til að lesa blöð ýtarlega eða ekki, hún var: *„Engar nýjar álögur.“*

Þessi orð stjórnarblaðsins er rétt að hafa í huga, þegar till. eru athugaðar, og skal ég nú víkja ofur lítið að meiri hluta þeirra. Þó vil ég áður minnast á nokkur undirstöðuatriði.

Síðan hin nýja hæstv. ríkisstj. tók við í skammdeginu fyrir jólin, hefur kaupgjald í landinu verið lækkað með lögum og niðurgreiðsluráðstöfunum, sem nema samtals í hundraðshlutum 13.4. Tekjur bænda hafa að vísu verið lækkaðar meira, og sýnir það út af fyrir sig hug þeirra, sem ráða stefnu ríkisstj., í þá áttina. Nú er það svo, að lækkun dýrtíðar er út af fyrir sig æskileg, og mig minnir, að það væri sagt einmitt í Alþýðublaðinu í vetur, — og um þessar mundir les maður vitanlega stjórnarblaðið og hefur stundum gaman af því, — að niðurfærsla væri fögur hugsjón. En út af fyrir sig er hún því bezt, að hún komi réttlátlega niður og að hún kosti ekki meira en hún gefur. Það er vitað mál og alkunnugt, að þegar fært er niður verðlag með lagaboði eða opinberum ráðstöfunum, þá eru það vissir liðir, sem fyrst og fremst næst til, og niðurfærslan kemur fram á þeim. Það er hægt að færa niður kaupgjald, og það er hægt að færa niður verðlag á innlendri vöru, a. m. k. aðalvöru. En svo kemur hitt til, að það verðlag, sem er í viðskiptalífinu, úti í æðum þess, t. d. 17% hækkunin, sem hljóp út með vísitöluhækkuninni 1. des., næst ekki til baka nema á sumum liðum. Hún situr áfram í blóði viðskiptalífsins, og þetta er af því, að blóðið vill ekki skila. Almenningur, sem getur komið því við að halda uppi verðlaginu, gerir það. Það er á móti vilja fólksins, að niður sé fært það, sem því viðkemur að selja. Og þess vegna er það, að þessar niðurfærslur ná ekki algerlega tilgangi sínum og eru ekki eins raunhæfar og látið er í veðri vaka, hvað þá að rétt sé að kalla þær „fagrar hugsjónir“.

Stjórnarflokkarnir eða ríkisstjórnin gerði samninga við framleiðendur án samráðs við Alþingi eða fjvn., og er áætlað, að þeir samningar auki útgjöld útflutningssjóðs um 82.3 millj. kr. Þetta er mikil upphæð. Okkur í fjvn. finnst oft og tíðum erfitt að ráða við svona upphæðir, þegar þarf að bæta þeim við. Og það er mikið vald, sem ríkisstj. tekur sér, þegar hún gerir slíka samninga utan við Alþ. og án samráðs við alla flokka Alþ. Mér er einnig sagt, að ríkisstj. hafi, þegar hún gerði þessa samninga, samið um viss fríðindi handa útvegsmönnum, t. d. eftirgjöf á þurrafúalánum, sem frsm. 2. minni hl. minntist hér allrækilega á áðan. En ég mun minnast á það atriði síðar. Ég tel það atriði líka þess eðlis, að langt sé gengið af stjórn í lýðræðislandi með slíkum samningagerðum.

Niðurgreiðslur á vöruverði hafa hækkað að sögn um 116.7 millj. kr. Þetta er mikið fé, sem mikið þarf til að standa straum af. Þetta er upphæð, sem verður að borga úr ríkissjóði eða útflutningssjóði og jafngildir því, sem lagt er til nýrra þjóðvega, brúa, hafnargerða, atvinnuaukningar, rafmagnsframkvæmda af ríkisfé, flugmálaframkvæmda, sjúkrahúsabygginga og skólabygginga. Allir þessir liðir, sem ég hér nefni, þykja stórir liðir á fjárlögum, en þeir eru þó ekki stærri en þetta í samanburði við niðurgreiðsluupphæðina.

Gjöld útflutningssjóðs hafa samkvæmt áætlun þetta ár verið aukin um a. m. k. 199 millj. kr. Þetta er samkvæmt upplýsingum, sem fjvn. fékk undir lokin. Ólíklegt er það eftir reynslu, nýrri og gamalli, að þessi upphæð reynist of há eða aðrar þær upphæðir, sem ég hef nefnt.

Þegar litið er á þær tölur, sem hér að lúta, — ég nefni þær nú ekki allar, — þá er óbrúað bil, sem nemur 249 millj. kr. og þó sennilega mun meira í reynd, vegna þess, eins og áður segir, að tekjur útflutningssjóðs eru í þessu dæmi miðaðar við hærri innflutning hátollavara en mögulegt mun reynast að framkvæma, hvað þá skynsamlegt, þrátt fyrir meiri notkun lánsfjár, sem gert er ráð fyrir að verði til þess að auðvelda innflutning. Það hefur

samt verið gripið til þess óyndisúrræðis að hugsa sér að standa straum af hinum miklu niðurgreiðslum og nýjum þörfum með því að ætla þjóðinni að kaupa meira af hátollavörum, þ. e. a. s. þeim vörum, sem sú þjóð, sem vantar peninga, lætur undir höfuð leggjast að kaupa eða neitar sér um að kaupa. Þannig eru þessi mál hjá okkur komin á vissan hátt í þá sjálfheldu, að það þarf að grípa til þess að beina kaupgetu þjóðarinnar að því að kaupa það, sem hún síður þarf, en takmarka nauðsynjar aftur á móti.

Stjórnarstuðningsmennirnir telja, að mæta þurfi 229 millj. kr. útgjaldaaukningu hjá ríkissjóði og útflutningssjóði samanlagt, og þá tölu fá þeir — eða 20 þús. lægri en ég nefndi áðan — með því að sleppa 20 millj. kr., sem talinn er vera halli útflutningssjóðs, og þörfinni ætla þeir að mæta með nýjum álögum þrátt fyrir það, sem Alþýðublaðið segir.

Fyrst og fremst vil ég telja það nýjar álögur, sem er hækkun á áfengi og tóbaki, en sú hækkun er áætluð 25 millj. Vitanlega er þarna um nýjar álögur að ræða, og í raun og veru má segja, að þetta séu álögur á almenning. Þó að hófsmenn neyti sér um þetta hvort tveggja, þá er það almenningur þjóðarinnar, sem notar tóbak og áfengi að einhverju leyti, og á því byggist líka það, að ríkið telur sér ávinning að verzla með þessar vörur.

Í öðru lagi á hækkun á leyfisgjaldi á bíla að verða ný tekjulind, úr 160% upp í 300% og áætlun um, hvað þetta geri, álagshækkunin á bílana, er 25 millj. Það eru því 50 millj., sem ég tel augljóst að eigi að fá með nýjum álögum. Ég held þess vegna, að hæstv. stjórn ætti að athuga það að láta blað sitt leiðrétta frásögnina í gær, ef hún vill, að rétt sé frá störfum hennar skýrt.

Þá er annar flokkur þeirra upphæða, sem hugsað er að láta mæta þörf aukinna tekna. Það er þá fyrst niðurskurður verklegra framkvæmda, sem við metum 26.3 millj. kr., lækkaðar útgjaldaáætlanir, sem engin áhrif hafa á raunveruleg útgjöld, 21.4 millj., hækkuð skipaskoðunargjöld og greiðslur fyrir vörumat, þ. e. a. s. framleiðslugjöld, 1 millj. Við í 3. minni hl. höfum flokkað lækkanirnar, sem koma fram í tillögum stjórnarflokkanna, í þessa liði: Niðurskurð verklegra framkvæmda, og teljum við þar undir 2 millj., að því er snertir flugvelli, sem á að lækka um þetta, og atvinnuaukningarfé, sem er lækkað um 3.5 millj. Ég held, að enginn geti deilt um, að þetta sé niðurskurður verklegra framkvæmda. Og svo eru hér fleiri liðir slíkir, ég ætla ekki að tefja tímann með því að lesa þá upp, en aðeins nefna þetta til sönnunar því, að við höfum flokkað þetta rétt eftir tegundum. Þá eru það lækkaðar útgjaldaáætlanir, sem engin áhrif hafa á raunveruleg útgjöld, þar undir teljum við t. d. alþingiskostnaðinn, sem hv. frsm. 2. minni hl. sýndi mjög greinilega fram á að er bara sýndarlækkun. Og svo teljum við t. d. ábyrgðarlækkunina þarna undir. Þriðji flokkurinn, hækkuð skipaskoðunargjöld, — það leggur sig nú sjálft, — þar er skipaskoðun og afurðamat, sem kemur til greina. Það eru framleiðslugjöld, sem eiga að vera sama sem nýjar álögur. Og svo kemur í fjórða lagi það, sem er náttúrlega allra mest um vert og væri æskilegt að hefði getað verið meira, en það er nefnilega raunverulegur sparnaður, og hann er bara hálf milljón, og það er afnám orlofsmerkja. Vitanlega er þarna um hreinan sparnað að ræða. En þetta er stök tala, og fer lítið fyrir henni í samanburði við hinar tölurnar. Ég man þá tíð, að Alþfl. þótti vænt um orlofsmerkin. Mér var alltaf illa við þau, meðan ég var oddviti, því að ég þurfti að votta í sambandi við þau það, sem ég gat í raun og veru alls ekki vottað, en lögin voru þannig, — votta það, að sá maður, sem fór með bókina sína til að taka út merkin hjá póstafgreiðslunni, ætlaði að fara í orlof. Þess vegna hef ég ekkert illt um þetta að segja. En sýnilegt er, að Alþfl. hefur beygt sig þarna fyrir samstarfsflokknum. Í fljótu bragði sýnist nú ekki lágt lotið, þegar reiknað er eftir upphæðinni, en beygjan frá fyrri skoðunum er niður að gólfi.

Þá hefur stjórnarliðið hugsað sér að mæta þörfinni, sem ég er að tala um, með hækkaðri tekjuáætlun, án þess að nokkuð nýtt komi til, en það nemur 63.6 millj. kr. Ég mun í öðru sambandi minnast á tekjuáætlunina, en hins vegar er það víst, að þessi tala er óskhyggjutala.

Þá er fjórði liðurinn, sem á að mæta þörfinni með. Það eru tolltekjur af Sogsvirkjuninni, þ. e. a. s. ef lán fæst til greiðslu á þeim. Þarna koma til fyrningarnar frá fyrri ríkisstj., maturinn, sem var í búrinu, það eru 30 millj.

Og svo er fimmti liðurinn, sem er líka fyrningar frá fyrra ári og peningar í lófa stjórnarinnar, það er greiðsluafgangurinn, 25 millj.

En með þessari uppsetningu, sem hæstv. stjórnarflokkar hafa til þess að ná endum saman, er ekki minnsti vafi á því, að stefnt er að miklum greiðsluhalla.

Svo koma tillögurnar um einstaka liði í gjaldalækkun frá frv., og fyrst er þá niðurskurðurinn samkvæmt sundurliðuðum till., og ég vil nefna nokkuð af þessum till.

Það er lækkun alþingiskostnaðar, og tillögumennirnir segja, að hægt sé að lækka þessa áætlun, vegna þess að þinghaldið verði styttra í ár en að undanförnu. Hv. frsm. 1. minni hl. lagði á þetta áherzlu nokkra. En nú vita allir, að þetta er reginfjarstæða. Það er að því stefnt að rjúfa þetta þing og stofna til annars þings í sumar. Og það er lengra stefnt af stjórnarflokkunum, og ef þeir ættu að vera í samræmi við sjálfa sig, þá verður að taka tillit til þess. Það er stefnt að því, að það þing breyti kjördæmaskipuninni, og af því leiðir svo, þó að ég viðurkenni ekki sjálfsagt, að þetta nái fram að ganga, þá leiðir af því eftir hugsanagangi þeim, sem stjórnarflokkarnir hljóta að hafa, að nýtt þing þarf að koma saman í haust, reglulegt þing, sem verður fjölmennara en Alþingi hefur nokkru sinni verið áður. Þessi lækkunartill. er því alveg

sérstaklega barnaleg og eins og auglýsing um það, að stefnan í lækkuninni sé aðeins sú að setja upp einhverjar málamyndatillögur til lækkunar til þess á pappírnum að ná endum saman.

Þá er önnur till., þ. e. víst 15. till. á þskj. 1. minni hl., þ. e. lækkun hjá ráðuneytum og lækkun annars kostnaðar. Hún er rökstudd með því, að ráðherrar séu nú færri en áður hafi verið og annar kostnaður hátt áætlaður. Frsm. 2. minni hl. sagði frá því, sem tillögumenn hafa kannske ekki munað, að þó að aðeins sitji 4 ráðherrar í stólum nú á Alþingi, þá eru 4 aðrir ráðherrar á biðlaunum. Og það eru ákaflega litlar líkur til þess, að ráðherrum verði fækkað seinni hluta ársins, og meira að segja miklar líkur til þess, — ég tek undir það með hv. frsm. 2. minni hl.: miklar líkur til þess, að þeir, sem hafa stólana, verði á biðlaunum seinni hluta ársins. En samt sem áður er nú þetta þannig, að við sjáum ekki ástæðu til þess að vera á móti þessari till., við höfum dálitið gaman af henni, og okkur sýnist mjög sanngjarnt, að hæstv. ríkisstj. fái að gera tilraun með sparnað í sínu eigin húsi, á sínu eigin heimili, og það væri satt að segja — mér finnst það — anzi hart aðgöngu fyrir hana, ef Alþ. leyfði henni ekki að sýna manndóm sinn í þessu.

Þá vil ég nefna 16. till. á sama þskj. Það er um lækkun tollgæzlukostnaðar um 500 þús. kr. Mér heyrðist á hv. frsm. 1. minni hl., að hann teldi þetta nokkuð rakið mál. Hins vegar standa þannig sakir, að víst er, að engar ráðstafanir er farið að gera til þess, þó að liðið sé það af ári, sem nú er, að spara á þessum lið. Ef á að fækka tollgæzlumönnum, eins og mig minnir að hæstv. fjmrh. segði að hugsað væri, þegar hann var einu sinni mættur á fundi fjvn., þá er það vitað, að til þess að tollgæzlumenn fari úr starfi, þarf að segja þeim upp með 6 mánaða fyrirvara. Svo er annað mál, sem kemur þarna til og gerir þennan sparnað, þó að hann væri framkvæmanlegur, mjög vafasaman, og það er það, að með aukinni tollgæzlu og bættri hefur tekizt á seinni árum að auka mikið tekjur ríkissjóðs, koma í stórum stíl í veg fyrir tollsvik og smygl. Þessi till. er því, hvernig sem hún er skoðuð, ekki réttmæt.

17. till. er lækkun til Skipaútgerðar ríkisins um 6 millj. kr. Frv. gerir ráð fyrir 16 millj. Till. gerir ráð fyrir, að látið verði sitja við að áætla til skipaútgerðarinnar 10 millj. Nú er það svo, að Skipaútgerð ríkisins þurfti ekki á s. l. ári meiri styrk vegna rekstrar en á 12. millj. Það er staðreynd. En á því ári varð hún fyrir sérstökum höppum í rekstri, og enn fremur komst hún hjá að greiða gjöld, sem á hana falla nú. Þar að auki verður hún nú fyrir þeirri 5% lækkun, sem lögboðin var, og enn fremur er svo á það að líta, að hæstv. ríkisstj. hefur ráðizt í það án þess að ráðfæra sig við Alþ. frekar en um fúalánin að láta taka skip skipaútgerðarinnar úr ábyrgðum nema fyrir algeru tjóni. Hvaða einstaklingar skyldu telja þetta praktíska ráðstöfun fyrir sig, og hvers vegna gerir ríkisstj. þetta án þess að bera það undir Alþ.? Það má vera, ef guð og lukkan hjálpar til, að upp úr þessu hafist hagnaður. En það er ekki hagnaður, sem rétt er að setja á áætlun, því að vitanlegt er það, að með þessu móti er stofnað til þess, að svo geti farið, að skipaútgerðin þurfi miklu meira fé en nokkru sinni áður til þess að standa straum af þörfum sínum á árinu. Við erum þess vegna algerlega á móti þessari till., teljum hana óráðdeildarlega, teljum líka ráðstöfunina um að taka skipin úr ábyrgð óráðdeildarlega og tökum það trúanlegt, sem framkvæmdastjóri skipaútgerðarinnar segir, að ekki sé hægt að hugsa sér að komast af með 10 millj., nema þá með því móti að minnka að sama skapi þjónustuna við almenning, sem skipaútgerðin veitir, en það segir hv. 1. minni hl., stjórnarflokkarnir, að auðvitað megi ekki verða, nei, alls ekki, segja þeir. Þess vegna er þessi till. ein af óskhyggjutillögunum.

Þá er 20. till., framkvæmdir í Skálholti lækki um 500 þús. kr. Nú eru áfallnar skuldbindingar á þessu ári til þessara framkvæmda sem næst 760 þús. kr. og því alger stöðvun á framkvæmdum og meira en það, ef fjárveitingin verður lækkuð. Þó að það sé rétt, sem frsm. minni hl. nr. 2 sagði, að nokkuð geyst hafi verið farið í Skálholtsmálum og ekki sé að fullu vitað, hvert er stefnt með Skálholt, þá er það óumdeilanlegt, að þjóðinni ber að heiðra þennan stað og henni ber að ljúka þeim verkum, sem þar hafa verið hafin. Þess vegna er það, að við getum ekki fallizt á að samþykkja slíka till. sem þessa. Við viljum ekki misbjóða heiðri staðarins.

Þá er 21. till., þ. e. kaup á jarðræktarvélum, sem lagt er til að lækki um 2 millj. kr. Og þetta er réttlætt með því, að nú sé útrunninn sá tími samkv. lögum, sem skylt sé að leggja fé til kaupanna á jarðræktarvélunum. Hins vegar mun það alls ekki hafa verið ætlun Alþ. að láta staðar numið með þeim 2 millj., sem veittar voru í fyrra, og þetta er eitt af því, sem er nauðsynlegast fyrir landbúnaðinn á Íslandi til þess að geta bætt landið á þann hátt, sem þarf, til þess að búskapurinn beri sig. Beiðnir um gjaldeyri og innflutningsleyfi liggja fyrir frá 13 ræktunarsamböndum um kaup á jarðýtum. Samanlagt er þessi kostnaður — eða kaupverð — áætlaður 7 millj. 450 þús. kr. Herfi og plóga þarf handa þessum tækjum, og mun kostnaður við kaup á þeim vera um 500 þús. kr. Vélanefnd hefur áætlað framlög til ofangreindra kaupa um 3 millj. 200 þús. kr. á þessu ári. Þetta les ég hér upp af blaði, og nefnd.
það er skrifað þar eftir upplýsingum frá véla-

Hv. frsm. 1. minni hl. gerði þannig grein fyrir till., eins og ég sagði áðan, að tíminn væri útrunninn, sem skuldbundið væri að leggja fram fé, og í öðru lagi, að frá fyrra ári biði 1½ millj. óeydd. Það er náttúrlega gott að heyra það, ef hæstv. ríkisstj. hefur sett í umslag hjá sér þessa 1½ millj., svo að hún gæti verið tiltæk. En samkv. þeim tölum, sem ég hef hér lesið upp, þá hrekkur hún alls ekki

til að fullnægja þeirri þörf, sem talin er vera knýjandi. Það er náttúrlega hægt að kreppa að í þessum efnum með því að neita um innflutningsleyfi, en það er ekki æskilegt, að það sé gert, því að hér liggur mikið við. Við teljum fjarstæðu að fella þessa fjárveitingu niður og teljum það bera vott um óvinsemd — hreina og beina óvinsemd — í garð bændastéttarinnar.

Þá er 22. till. Hún er um mat á sjávarafurðum, þ. e. lækkun um 500 þús. kr. Sagt er, að hér sé átt við síldarmat. Nú hefur svo verið, að síldarsaltendur hafa að ýmsu leyti barizt í bökkum, og það hefur verið dregið af því að veita fullkomnar uppbætur á síld samanborið við aðrar útflutningsvörur. Ég hygg, að saltendurnir hafi greitt af tunnu sjálfir 70 aura fyrir matið, en ef þessi till. nær fram að ganga, þá er sagt af kunnugum mönnum, að það muni valda því, að greiðsla síldarsaltenda fari upp í 3 kr. á tunnu. Við erum á móti þessu. Við teljum þetta nýjar álögur og stjórninni ekki samboðið, miðað við boðskap hennar í vetur.

Um niðurfellingu á framkvæmd orlofslaganna var ég búinn að tala áðan.

En þá er till. um ríkisábyrgðir, lækkun úr 30 niður í 20 millj. Greiðslur vegna ríkisábyrgða munu hafa á síðasta ári orðið á 24. millj. Á fjárlfrv. er gert ráð fyrir, eins og ég sagði, 30 millj. Eigi að lækka þessa upphæð niður í 20 millj., þá er blátt áfram stefnt að því, að ríkissjóður annaðhvort geti ekki staðið við ábyrgðarskyldur sínar ellegar þá að allt fari í flakalaka með fjárlögin hjá ríkinu að því er þennan lið snertir. Í þessu sambandi vil ég eins og hv. frsm. 2. minni hl. minnast á þurrafúalánin, sem einmitt vofa yfir að því er þennan lið snertir og er boðið upp á að taka á ríkið í skyndingu, ef till. hv. 1. minni hl. verður samþykkt um að gefa þurrafúalánin eftir og gera þau mál upp. Hér er því bæði um það að ræða, að á ferðinni er till., sem ekki stenzt, og önnur till., sem blátt áfram drepur hana í framkvæmd.

Byggingar á jörðum ríkisins eiga að lækka skv. 29. till. á sama þskj. um 500 þús. kr. Svo stendur þar á, að hér er um að ræða lagalegar skyldur, sem ríkið hefur sem landsdrottinn við leiguliða sína, að því er húsabætur snertir o. fl. Og það er upplýst af þeim, sem með þessi mál fara, að áfallnar skuldbindingar nemi allt að 2.1 millj. Þess vegna stenzt þessi till. með engu móti, nema því aðeins að stefnt sé að halla á þessum lið í útgjöldum ríkisins, og við erum á móti slíku.

Þá er 30. till. um flugvallagerðir, lækkun um 2 millj., sem er 25% af hinni áætluðu upphæð á fjárlfrv. Þetta teljum við mjög háskalega og óviturlega till., vegna þess að þannig stendur á, að flugvallaframkvæmd okkar hefur verið ör. Máske má segja, að hún hafi að einhverju leyti verið um efni fram. Henni hefur verið hraðað af miklum dugnaði, og flugvöllunum er að ýmsu ábótavant, þannig að lífshætta getur virzt fyrir fólk. Þar að auki kemur það til, að þessi samgöngugrein, ef maður mætti svo að orði komast, er þannig, að dreifbýlið treystir mjög mikið á hana og þarf orðið að gera það, og það er þess vegna tilræði við það að lækka þessa framkvæmd á fjárlögum. Við höfum lagt fram sérstaka tillögu um framlög til flugvalla, og geri ég grein fyrir henni sérstaklega, en mæli eindregið á móti þessari sem einna lökustu tillögunni, sem hv. 1. minni hl. flytur, þótt margar séu þar afleitar. Með þessari till. tel ég hann hafa einna verstan málstað, þótt vondur sé með fleiri. Þá grípur inn í þetta það, að samningur hefur verið gerður um radartæki, skriflegur samningur, sem ég sé ekki betur en stofnað sé til að verði rofinn, við erlenda aðila, ef till. hv. 1. minni hl. ná fram að ganga í því formi, sem þær eru.

Þá er hér talað um í 31., 35. og 37. till. á nefndu þskj. að skera af fjárveitingu til vissra byggingarframkvæmda, þ. e. til menntaskólans á Akureyri, til sjómannaskólans í Reykjavík, til menntaskólans í Reykjavík, til lögreglustöðvar á Keflavíkurflugvelli og til stjórnarráðshúss. Nú er vitað mál, að þetta eru allt framkvæmdir, sem þarf að gera, og ekki er þess vegna um annað að ræða en frest, ef ýmist á að fella af fjárveitingu til þeirra eða fella þær alveg niður, eins og hér er lagt til. Og spurningin er þetta: Erum við þannig settir í ár, að eðlilegt sé eða rétt að fresta því að leggja fram til þessara hluta? Og verðum við þá svo betur settir að ári, — kannske, ef kjördæmabreytingin kemst á, að þá verði fé betra og meira til þessara hluta?

Ég vil hér nefna sérstaklega stjórnarráðshúsið. Það er enginn vafi á því, að stjórnarráðshúsið er bygging, sem er of seint á ferðinni. Alþ. hefur skaðað þjóðina á því að veita ekki fyrr meira fé en gert hefur verið til þeirra framkvæmda. Og svo vel vill nú til og skrýtilega, að einmitt í gær, þegar tillögurnar koma fram um að fella niður eina milljón til þessa húss, þá stendur í Alþbl., sem oft er gaman að lesa, með feitu letri: „Ríkið hefur verið svo svifaseint í byggingum yfir eigin starfsemi, að það þarf enn að greiða 6 millj. kr. í leigu árlega, aðallega fyrir skrifstofuhúsnæði.“ Þetta er svo sem ekki stjórnarandstöðublað að stríða ríkisstjórn. Þetta er bara rödd samvizkunnar, sem talar þarna án þess að gera sér grein fyrir því, hvað þetta kemur í bága við stefnu þá og þær tillögur, sem settar eru á oddinn hjá flokknum.

En þó að þetta sé nú svo með þessar till., að þær séu ákaflega óbjörgulegar, þá vill þó ekki 3. minni hl. bregða fæti fyrir þær, ef ríkisstjórnarflokkarnir vilja leggja sig í það að skapa þessa lægð í framkvæmdasemi ríkisins.

Þá er 36. till., það er atvinnuaukningarfé, lækkun um 3.5 millj. kr., það er víst 26% af upphæðinni. Atvinnuaukningarfé hefur á undanförnum árum verið geysilega þýðingarmikið til uppbyggingar atvinnulífs í landinu. Og það má vafalaust að furðumiklu leyti þakka þeim fjárveitingum, sem teknar voru upp og hækkaðar mikið í tíð vinstri stjórnarinnar, hvað atvinnulífið blómgaðist einmitt jafnhliða.

Nú stendur svo á víða, að þau fyrirtæki, sem risu, og þau útgerðartæki, sem menn eignuðust fyrir þá hjálp, sem þetta atvinnuaukningarfé varð þeim, eru enn í smíðum eða þurfa í sambandi við sig meiri stuðning, svo sem bátarnir til að koma upp aðstöðu í landi vegna aflans, og þess vegna væri það mjög skaðlegt, ef Alþ. kippti nú hendi að sér og léti ríkið ekki halda áfram að leggja lið, eins og að undanförnu hefur verið gert. Við getum þess vegna alls ekki fallizt á þessa till. Við teljum það í raun og veru eins og að taka atvinnulífinu blóð að fella niður þessa fjárveitingu eða draga úr henni.

Ég hef þá farið yfir þessar höfuðniðurskurðartillögur á skoprugangi, eins og sagt var í útvarpinu hér um daginn að væri eitt gott ganglag hesta, og er þar með kominn að þeim kafla í ráðstöfunum þeim, sem hv. stjórnarflokkar vilja gera til lækkunar á útgjöldum á fjárlagafrv., sem er 5% lækkun, er gengur yfir fjölda liða, sem eru margir hverjir þess eðlis, að kalla má þá verklegar framkvæmdir.

Mér þykir það skrýtið, satt að segja mjög skrýtið, að hafa tekið þátt í því í fjvn. með allmikilli fyrirhöfn að skipta til skólabygginga tiltekinni upphæð, sem hæstv. menntmrh. gaf heimild til að skipta milli þeirra, sem eru að byggja skóla eða ætla að fara að byggja skóla, en síðan er tekin til baka af þessari skiptingu, sem var búið að samþykkja í fjvn. og hæstv. menntmrh. fyrir sitt leyti að fallast á, 20. hver króna. Mér finnst þetta satt að segja mjög skrýtið, og mér finnst það mjög hæpin aðferð að beita þannig niðurskurði „prósentvís" á þessar tölur, því að sums staðar mun það reka sig á, eins og hv. frsm. 2. minni hl. benti á, að þarna sé um það að ræða, að skyldur ríkisins samkvæmt lögum um aðstoð við byggingar verði brotnar. Ég á við það, þegar verið er að ljúka greiðslum og komið er á síðasta ár. Ég held þess vegna, að einmitt þessi aðferð, sem hæstv. stjórnarflokkar vilja hafa við að ná því, sem er ekki meira samtals en rúmlega 8 millj. kr., sé ákaflega hæpin. Þeir, sem verða fyrir niðurskurðarhnífnum þarna, standa svo misjafnlega að vígi til þess að þola hann, og þar er líka gengið lengra, ef skoðað er ofan í kjölinn sums staðar, heldur en lög fullkomlega leyfa.

Sumar þessar 5% lækkanir eru vitanlega alveg óraunhæfar, t. d. niðurskurður á áætlun um framlög til jarðræktarframkvæmda. Framlög til jarðræktarinnar eru lögbundin, og þau fara ekkert eftir áætlun fjárlaga, heldur eftir framkvæmdunum sjálfum.

Eitt af því, sem lagzt er á með þessum niðurskurði, er framlag til viðbótarbyggingar landsspítalans. Það er verið að byggja við landsspítalann mjög myndarlega aukningu húsakosts og aðstöðu, og þar kallar þörfin mjög brýnt að. Við þekkjum það sjálfsagt allir, hvað bið margra, sem við erum kunnugir, hefur verið óþolandi stundum eftir því að geta komizt að á landsspítalanum til þess að fá þar umönnun og hjálp sem sjúklingar. Úr slíkri aðstöðu í landinu á að reyna að bæta með þessari viðbyggingu, og forustumennirnir í læknastétt, læknarnir, sem vinna við landsspítalann, hafa lagt sig mjög fram um að hrinda þessu máli áfram. Þeir hafa stundum fengið fjvn. til að heimsækja sig og líta á athafnirnar, t. d. í vetur gerðu þeir það, og mér hefur fundizt, að þá væri meðal fjvn.-manna ákaflega opinn skilningur fyrir þeirri nauðsyn, sem þarna væri með framkvæmdir, og þeirri brýnu nauðsyn yrði að leggja lið, eftir því sem mögulegt væri. En þarna er lagzt svo lágt að skera af eftir tillögunni á þriðja hundrað þúsund bara til þess að henda í niðurgreiðslusvelginn, í gin verðbólgunnar, sem verður alveg eins hungruð eftir sem áður og fjarlægist ekki. Það hefði nú verið munur, ef við hefðum verið að ganga frá henni til fulls, þeirri ókind. En við erum bara að seðja hana, til þess að hún láti okkur í friði dagana, sem eru að líða. En þetta er of dýrt spaug í því sambandi.

Náttúrlega er sama að segja um annað það, sem höggvið er af fjárveitingum til sjúkrahúsabygginga í landinu. Allar rísa þær fyrir mikla þörf. Allar eru þær framkvæmdar af áhugamönnum, sem verja til þess tíma og eigin fé að vinna að því, að þær komist upp. Nú er talið svo bágt á Alþ. undir stjórn hv. stjórnarflokka, að það þurfi að fella af áætlunarframlögum til þessara framkvæmda 20. hverja krónu.

Þá er þarna viðhaldsfé vega, og það er búið að minnast á það hér. Viðhaldsféð hefur alltaf þurft hærra og hærra, og aldrei — um langt skeið a. m. k. — hrokkið fé, sem áætlað hefur verið til viðhalds vega, og aldrei heldur verið ánægja með viðhaldið í landinu, því að fé hefur ekki hrokkið til þess að halda vegunum þannig við, að menn teldu, að þeir væru í því lagi, sem þeir þyrftu að vera. Það var bent á það áðan í sambandi við þennan fyrirhugaða sparnað, að einmitt vanræksla í viðhaldi hefur valdið því, að ríkið hefur verið dæmt til þess að greiða bætur þeim, sem hafa átt ökutæki, sem hafa skemmzt á vegum. M. a. er hægt að hugsa sér, að slíkt sé kallað yfir, ef dregið er úr framlögum til þessara framkvæmda. En svo kemur annað til, sem er örugg reynsla, og það er það, að þó að frestað sé viðhaldi eitt ár og dregið úr því, þá verður það til þess, að enn þá meira þarf að leggja í þau verk næsta ár, og ekki aðeins það, heldur hlutfallslega meira, því að vanræksla á viðhaldinu kallar á meiri skemmdir. Skemmd leiðir af skemmd. Ég held þess vegna, að það sé mikil vanmáttaryfirlýsing hjá hv. stjórnarflokkum að leggja til, að þessi fjárhæð sé lækkuð um 20. hverja krónu.

Þá má og segja, að sama gildi um endurbyggingu gamalla brúa, því að það er vitað, að hinar gömlu brýr eru að verða margar í landinu, og þær eru þannig á sig komnar sumar, að þær eru blátt áfram að verða lífshættulegar, og mig undrar það satt að segja, að þingmenn úr hv. stjórnarflokkum skuli, þ. e. a. s. ef þeir gera það, að þeir skuli þá styðja svona tillögur, þm. úr Skagafirði, þm. af Rangár-

völlum og kannske þm. úr Vestur-Skaftafellssýslu. Mér skilst, að í öllum þessum héruðum séu brýr, sem þeir telji, sem þar eiga hlut að máli, mjög háskalegar orðnar.

Þá sleppti þessi niðurskurður ekki íþróttasjóði. Til íþróttasjóðs var talsvert hækkað framlag 1957, eða upp í 1.6 millj. kr. Nú er sagt, að vangoldið af íþróttasjóði, þ. e. af ríkinu í raun og veru, til þeirra hluta, sem hann á að taka þátt í, sé 13.1 millj. Og ég minnist þess, að einmitt menn úr hv. núverandi stjórnarflokkum, t. d. úr Sjálfstfl., höfðu nokkuð stór orð um það 1957, þegar framlagið var hækkað, að hækkunin væri alveg ófullnægjandi. Síðan hefur við bætzt. En samt virðast þessir flokkar hugsa sér nú — þeir álíta ástandið hjá stjórninni svo slæmt — að skera niður þessa upphæð, 1.6 millj., um 20. hverja krónu.

Þá heyra þarna undir 5% lækkunina sandgræðslan og skógræktin. — Undarlegt með þessa 5% lækkun, það er eins og hæstv. stjórn hafi mikið uppáhald á tölunni 5, sem hefur þó því miður orðið að 1% stundum, t. d. þegar um lækkun á álagningu á vöru hefur verið að ræða. En sleppum því, þetta er nú óþarfa innskot kannske. En sandgræðslan og skógræktin, sem hafa stórkostlega mikið hlutverk að vinna hjá þjóðinni, — og sandgræðslan hefur tekið sér alveg nýtt hlutverk, sem getur gerbreytt landinu, ef lánast, — þær eiga nú að verða fyrir því að missa 20. hverja krónu af því, sem hafði verið áætlað handa þeim. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég hygg, að ég hafi verið kominn áðan að einum dálítið sérstökum lið í þeim flokki niðurskurðarins, sem heyrir undir 5% hnífinn, og það er tillaga um, að fellt sé af fjárveitingu til þess að byggja nýjar mæðiveikigirðingar. Nú hafa þau óvæntu, illu tíðindi gerzt og höfðu borizt, þegar till. var samin, að komin er upp mæðiveiki, sem þarf að hefta. Þrátt fyrir það er lagt til, að þarna fari fram lækkun. Þó hafði hv. þm. N-Ísf. (SB) minnt mjög á þörfina í þessum efnum, því að hann flutti sérstaka þáltill., sem enn hefur ekki að vísu fengið afgreiðslu. Hún er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að fela sauðfjársjúkdómanefnd að gera nú þegar ráðstafanir til þess, að hindruð verði útbreiðsla mæðiveiki á Vestfjörðum, en sá landshluti hefur átt ríkan þátt í að tryggja íslenzkum landbúnaði heilbrigðan fjárstofn.“ Og það, sem hann leggur til alveg sérstaklega í sinni grg., er, eins og þar stendur: „Í fyrsta lagi að treysta, sem mest má verða, varnargirðinguna úr Kollafirði í Ísafjörð og verja þannig allan vesturhluta Vestfjarða; í öðru lagi að girða Reykjanesið af og freista þannig að takmarka útbreiðslu veikinnar við það byggðarlag. Efling varnargirðingarinnar úr Berufirði í Steingrímsfjörð kæmi einnig til greina“ — og svo bætir hann við til áherzlu: „Till. þessi er flutt með það fyrir augum að leggja hina mestu áherzlu á, að ofangreindum og öðrum skynsamlegum ráðstöfunum verði hraðað, eins og frekast er kostur á.“ — Eru það nú hinar „skynsamlegu ráðstafanir“, sem Sjálfstæðisflokksmaðurinn af Vestfjörðum biður um, að fella niður af því framlagi til sauðfjársýkivarna, sem ákveðið var, áður en þessi nýju, háskalegu tilfelli komu til sögunnar? Þetta er ekki nöldur úr stjórnarandstæðingi. Ég trúi því varla, að þessi hv. þm. styðji stjórnarstefnuna að því er þetta snertir. En þetta dæmi sýnir, hversu fráleitt það er í raun og veru að beita niðurskurði á útgjöldum „holt og bolt“, hvernig sem málefni eru, eins og hefur verið gert af hv. 1. minni hl.

Ég hafði áðan í sambandi við hinn stærri niðurskurð ekki minnzt á einn lið, sem er þó stórkostlegur og einn sá allra skæðasti og óhappalegasti að mínu áliti, en það er till. um, að nýjar raforkuframkvæmdir: 10 millj. kr. — falli niður. Þetta jafngildir því í raun og veru að þurrka út fjárveitingar af ríkisfé til rafvæðingar úti um land, þar sem rekstrarhalli á rafveitum ríkisins og aðrar áhvílandi kröfur gleypa ríkistillagið að öðru leyti. Ég hef í höndum hér frá raforkumálaskrifstofunni samkvæmt blöðum, sem hún eftirlét fjvn., yfirlit um framkvæmdir á s. l. ári og áætlanir fyrir 1959, og ég ætla — með leyfi hæstv. forseta — að lesa upp þessar upplýsingar.

Á s. l. ári var varið til nýrra raforkuframkvæmda eitthvað yfir 90 millj. kr. Fjár til framkvæmda var aflað á eftirgreindan hátt: Framlag frá ríkissjóði 29 millj. kr. Innlendir bankar, samkvæmt eldri samningum, ca. 13 millj. Heimtaugar, greiðslur fyrir þær, 4 millj. Erlend lán fyrir milligöngu ríkissjóðs 32 millj. Bráðabirgðalán og eigið fé 13 millj. Samtals upphæðin, sem áður er nefnd, 91 millj. kr.

Á frv. til fjárlaga, sem við erum nú að ræða, fyrir 1959, var gert ráð fyrir að verja til nýrra raforkuframkvæmda 25 millj. kr. Fjárþörf til nýrra raforkuframkvæmda og vegna rekstrarhalla rafveitna ríkisins er í stórum dráttum þessi 1959:

Rekstrarhalli, að nokkru áætlaður, 15 millj. kr. Afborgun erlendra bráðabirgðalána eftir samningum 6 millj. kr. Framkvæmdir í framkvæmd samkvæmt 10 ára áætlun og ályktun raforkuráðs 78 millj. kr. Samtals 99 millj. kr.

Tekjur á móti þessu hafa verið áætlaðar aðallega þessar: Frá ríkissjóði á fjárlögum samkvæmt till. 14 millj. 250 þús. kr. Heimtaugargjaldatekjur 4 millj. Innlendir bankar eða lán frá þeim samkvæmt eldri samningum 14 millj. Og útvegað lánsfé 66 millj. 750 þús.

Lánsþörfin er eftir þessari áætlun 66 millj. 750 þús.

Það hefur verið upplýst af hæstv. fjmrh. og fleirum, að meiningin sé að taka 10 millj. kr. lán til þess að bæta upp þá niðurfellingu, sem lögð hefur verið til. En eru nú nokkrar minnstu líkur til þess, að ríkisstj. takist að útvega meira fé en þetta, sem hér hefur verið nefnt, 66 millj., þó að hún hafi ekki hitt til viðbótar til að útvega? Ég tel,

að þarna sé allt of djarft farið, og ég hygg, að þeir, sem bíða eftir rafmagni samkvæmt þeirri 10 ára áætlun, sem gerð var, bæði í kauptúnum og sveitum, telji það hreint og beint svik af hálfu hins opinbera við sig, ef þessi till. verður samþykkt, og mér finnst þeir hafa mikla ástæðu til þess.

Yfirleitt er það svo, að þessi niðurskurður verklegra framkvæmda verkar á tekjur manna eins og nýjar álögur og alls ekki betur en þær.

Ríkisstj. lofaði miklu, eins og Alþbl. réttilega viðurkenndi í greininni, sem ég vitnaði í áðan, og satt að segja þykir mér það furðulegt, að blað stjórnarinnar skuli, eins og nú er komið, þegar þessar till. hafa verið lagðar fram, halda því enn á loft. Blaðið er sannarlega ekki feimið. Ýmsir héldu, að stjórnin kynni að hafa fundið góðan sprota, þó að það væri kannske ekki beint töfrasproti, sem hún hefði fundið. Ég skal þó taka fram, að ég hafði litla trú á því. En svona bágborið hélt ég það yrði aldrei, sem hún hefði fram að leggja sem úrræði.

Í sambandi við niðurskurðinn á verklegum framkvæmdum dettur mér í hug saga af bónda, sem bjó á rekajörð og notaði rekavið nærri eingöngu til eldiviðar. En það var mikið verk að draga heim rekaviðinn og saga hann og rífa í eldinn. Það þekkja þeir og geta gizkað á, sem við slíkt hafa fengizt. Stundum tók hann vetrarmann, sem hafði þetta aðallega á hendi. Einu sinni sem oftar réð hann til sín mann í þessu skyni. Sá lét allmikið yfir sér, enda líka mannborlegur maður. Svo leið á veturinn. Þá fór bóndi eitt sinn að athuga efnivið, er hann var á undanförnum árum búinn að safna saman og vinna og hefla niður í nýtt íbúðarhús, sem hann ætlaði að byggja á bæ sínum. Sá hann þá, að af sumum viðunum var búið að saga, svo að þeir voru orðnir styttri en nothæft var, aðrir voru horfnir, algerlega horfnir. Við eftirgrennslan kom í ljós, að hinn yfirlætismikli veturvistarmaður hafði sparað sér erfiðið við að sækja rekavið á fjöruna og þess í stað gripið til efniviðarins heima. — Nú má segja, að hæstv. ríkisstj. sé í raun og veru eins og veturvistarmaður hjá ríkinu, og með till. sínum um niðurskurðinn hyggst hún og flokkar hennar fara gagnvart þjóðinni að svipað og veturvistarmaðurinn gagnvart húsbónda sínum. Hún sagar niður og brennir í eldi niðurgreiðslunornarinnar til þess að verma sig það efni, sem þjóðin þarf til framkvæmda sinna, efnið í landsspítalann, efnið í stjórnarráðshúsið, efnið í orlofsheimilin, efnið í rafveiturnar o. s. frv.

Við flytjum nokkrar brtt. á þskj. 404. Ég vil minnast á þær örfáum orðum.

Fyrstu brtt. eru um hækkun á tekjuliðum fjárlaganna. Okkur sýnist við athugun, eins og raunar venjulegt hefur verið, þegar gengið hefur verið frá fjárlögum, að eitthvað megi teygja þá áætlun, sem fjmrh. lagði fram í haust og byggð var upp á s. l. sumri. Það hefur jafnan verið svo, að fjmrh. hefur haft tekjuáætlunina það varlega, að Alþingi hefur getað mætt að einhverju leyti þeim þörfum, sem fram hafa komið á þinginu og í fjvn., með því að hækka áætlun tekjuliða. Það er lagt til af okkur, að tekju- og eignarskattsáætlunin verði hækkuð í 135 millj. úr 130 millj., eða um 5 millj., að áætlun um verðtollstekjurnar verði hækkuð úr 270 upp í 280, að stimpilgjaldatekjur verði hækkaðar úr 23 millj. í 25 millj., að söluskattur verði hækkaður úr 145 millj. í 150 millj. og óvissar tekjur úr 7 millj. upp í 9 millj. Þessi hækkun nemur alls 24 millj. kr. Við sjáum ekki, að nokkurt vit geti verið í því að þenja þennan streng áætlunarinnar meira. Það er enginn bættari fyrir það, þó að þarna séu færðar upp tölur, sem engar líkur eru til að standist, og alltaf verður að gera ráð fyrir því, að í framkvæmd bætist við útgjöldin meira en áætlað er fyrir þeim í fjárlagafrv. beinlínis. Áætlun hæstv. ríkisstj. eða flokka hennar er aftur um hækkanir, sem nema 63.8 millj., eins og það þskj., sem þær koma fram á, ber með sér. Þá gera þeir ráð fyrir því, að greiðsluafgangur ríkissjóðs komi inn tekjumegin á frv., eða 25 millj. Hins vegar í samræmi við till., sem framsóknarmenn hafa flutt, gerum við ráð fyrir því, að honum verði varið á alveg sérstakan hátt. Þá föllumst við á áætlun um hækkun á tekjum af áfengisverzlun og tóbakseinkasölu, sem nemur því, sem hæstv. ríkisstj. vill áætla og byggir á hækkun á þessum vörum.

Þá flytjum við hér sérstaka till. um úthlutun fjár þess, sem ætlað er til flugmála, og sé ég ekki ástæðu til þess að fara út í einstaka liði hennar, en hún er í heildinni miðuð við það, að upphæð sú, sem er ætluð á fjárlagafrv. til þessara hluta, lækki ekki, en það er frá okkar sjónarmiði grundvallaratriði.

Þá er 9. till., sem ég vil minnast aftur á. Hún er um nýjan lið, þ. e. að tekjuafgangur ríkissjóðs verði látinn ganga til eftirtalinna stofnana: a) byggingarsjóðs ríkisins 15 millj., b) byggingarsjóðs Búnaðarbankans 5 millj., c) veðdeildar Búnaðarbankans 5 millj. Þessi till. er alveg í samræmi við þá till., sem við, nokkrir framsóknarmenn, fluttum í vetur og var vísað til fjvn., en hún hefur enn ekki afgreitt. Við teljum óskynsamlegt og óráðdeildarlegt að varpa tekjuafganginum í hít verðbólguginsins á þessu ári, teljum, að hann eigi að ganga til uppbyggingar í gegnum þessar þrjár stofnanir, sem ríkið hefur á vegum sínum og allar eru févana til að vinna sín hlutverk.

Þá er 10. till. Hún er um að afhenda fiskimálasjóði til eignar þær skuldakröfur, sem ríkissjóður eignast fyrir innlausn á lánum, sem hann er í ábyrgð fyrir vegna þurrafúa fiskiskipa. Sú till. er í aðalatriðum sama till. og flutt er af 1. minni hl., en að því er framkvæmd þessa snertir, þá teljum við fráleitt að gefa þessar skuldakröfur eftir öllum, sem ábyrgzt hefur verið fyrir, hversu vel efnaðir

sem þeir kunna að vera. Í hópi þessara manna er talið fullvíst að séu milljónerar, og það væri furðulegt af ríkissjóði, sem er í höndum ríkisstjórnar, sem barmar sér eins mikið yfir ástæðum hans og núverandi hæstv. ríkisstj., að fleygja í milljónerana þessu fé. Hitt er alveg eins sjálfsagt, að þeir útgerðarmenn, sem hafa orðið fyrir tjóni af þurrafúa og tekið lán á ábyrgð ríkissjóðs og eru vanmáttugir til að greiða, verði eftir ástæðum studdir með eftirgjöfum og ívilnunum á annan hátt, alveg hliðstætt því, sem gert hefur verið við bændur, sem hafa fengið hallærislán. Í þessu tvennu er eftir till. okkar algerlega fullkomið samræmi.

Þá höfum við gert yfirlit yfir útkomu á áætlun um fjárlög ríkisins, ef till. okkar eru teknar til greina og þær till. einnig, sem við höfum ákveðið að styðja frá öðrum aðilum eða láta hlutlausar, og yfirlitið er svo hljóðandi:

Tekjur og aðrar innborganir samkvæmt fjárlagafrv. 900 millj. 360 þús. Frá því dragast svo tekjur frá útflutningssjóði, 20 millj., svo að eftir verða 880 millj. 360 þús. Hækkun tekna, þ. e. skattar og tollar, 24 millj., eins og við flytjum till. um. Hækkun tekna ríkisstofnana og verðhækkun á áfengi og tóbaki 25 millj. og greiðsluafgangur ríkissjóðs ~~1958~~ 25 millj., eða 954 millj. 360 þús. samtals.

Gjöld og aðrar útborganir: Gjöld samkvæmt fjárlagafrv. 898643071 kr. mínus lækkanir, sem við teljum að komi hér til greina, 4 millj. og 800 þús. Niðurstaða 893843071 kr. Hækkanir samkvæmt till. fjvn., þeim hinum sameiginlegu, 30094785 kr., og ráðstöfun á greiðsluafgangi 1958 samkvæmt till. okkar, 25 millj. Gjöldin þá alls 948937856 kr. Niðurstöðutölur verða þá inn: 954 millj. 360 þús. — og út: 948937856 kr., eða greiðsluafgangur 5422144 kr.

Þannig leggjum við til að frá frv. nú við 2. umr. verði gengið.

En ef litið er yfir till. ríkisstjórnarflokkanna í heild, þá virðist mér að megi flokka þær í þrennt til glöggvunar og þá um leið úrræði þau, er í þeim felast.

Fyrst er það, að etið er upp það, sem var í búrinu, þegar stjórnin tók við, t. d. tekjuafgangur, sjóður og óinnkomnir tollar. Þetta virðist sannarlega ekki búmannlegt. Og hvernig mundi sú stjórn fara að, til þess að hún yrði langlíf, ef hún hagaði sér þannig við hver áramót að fleygja, eins og ég hef orðað það, í gin verðbólgunnar öllum afgangi, sem kynni að verða í ríkisrekstrinum á árinu, og það einmitt þegar vel hefur árað?

Annað er það, að tekjuáætlun er hækkuð úr hófi fram, til þess að tölur fáist á pappír. Hér er farið að eins og ef bóndi hækkaði tölur heybirgða sinna á pappírnum til þess að hafa lögboðinn ásetning á forðagæzluskýrslu, sem á að sýna það, að menn geti mætt vetri, þótt bóndinn ætti alls ekki heybirgðirnar til, eins og hann teldi þær, og vissi vel, að hann skorti hey handa bústofni sínum í venjulegum vetri, hvað þá þyngri vetri, sem alltaf þarf að gera ráð fyrir að komið geti. Þetta heitir á gamalli og góðri íslenzku að „svíkja ásetning“ og hefur jafnan þótt ómannlegt.

Í þriðja lagi er svo það, að framkvæmdafé er tekið og hent í gin verðbólgunnar, sem verður jafnhungruð eftir sem áður. Það er gallinn á niðurgreiðslum, að þær breyta ekki þróuninni. Niðurgreiðslurnar breyta aldrei þróuninni. Verðbólgan er sama óargadýrið og hún áður var þrátt fyrir þær. Hún víkur ekki frá, en heimtar mat sinn áfram, dag frá degi og ár frá ári, ef ekki er annað að gert. Og þegar farið er að lækka tillög til verklegra framkvæmda til þess að fæða verðbólguna, eins og ríkisstj. ætlar nú að gera, þá er farið að eins og ef maður reyndi að friða tígrisdýr með því að skera af sér aflvöðva og kasta þeim í dýrið. Hvað lengi mundi hann endast? Segja má, að maðurinn hafi kannske von um, að dýrið hverfi frá eftir átið, en verðbólgan víkur ekki eftir sáðningu sem þessa. Hún nálgast meir og meir, verður gráðugri og gráðugri.

Það liggur ljóst fyrir, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki fundið töfrasprotann, enda mun hann nú kannske torfundinn, eins og sakir standa, jafnvel sá óbeini töfrasproti, sem skáldið hefur átt við, sem ég minntist á í upphafi.

Ég hef heldur ekki, þrátt fyrir það að ég vitnaði í ræðu hæstv. forsrh., gert þá kröfu til þessarar hæstv. ríkisstj., að hún finni töfrasprotann í bókstaflegri merkingu. En til hins var eðlilegt að ætlast, að hæstv. ríkisstj., sem talaði svo yfirlætislega um nýárið sem þessi hæstv. ríkisstj. gerði, fyndi a. m. k. einhver haldreipi að því er efnahagsmálin snertir. En nú er í ljós komið, að þau hefur hún ekki fundið. Tillögur hennar og stuðningsflokka hennar um fjárlögin eru síður en svo haldreipi, eins og sýnt hefur verið fram á í nál. 3. minni hl. og ég hef undirstrikað í ræðu minni í kvöld. Þau eru fúaspottar og hálmstrá og ekkert annað.

Ég held, að ég láti nú lokið máli mínu að þessu sinni. Ég skírskota að öðru leyti til nál. frá 3. minni hl. á þskj. 405 og svo til tillagna hans á þskj. 401.

Eysteinn Jónsson: Ég tel ekki óviðeigandi, að ég láti falla hér nokkur orð við þessa 2. umr. fjárl., með sérstöku tilliti til þess, að æði oft taldi talsmaður stjórnarliðsins, hv. frsm. 1. minni hl., sig hafa ástæðu til þess að tala um fyrrv. fjmrh. og fjárlagafrv., eins og það var lagt fyrir, og fyrrv. ríkisstj. í sambandi við sína framsögu um þetta mál. Að vísu hafði ég gert ráð fyrir því, að ég mundi ekki tala fyrr en hæstv. fjmrh. hefði talað. En þar sem hann hafði ekki kvatt sér hljóðs, þá er það að sjálfsögðu svo, að hæstv. forseti hefur gefið mér orðið. Annars hefði ég að ýmsu leyti fremur viljað tala, eftir að hæstv. ráðh. hefði sagt það, sem hann hefði að segja. En ég geri þá ráð fyrir því, að þetta þýði, eins og raunar kom fram hjá hv. 2. þm. Eyf., frsm., að hann hafi talað fyrir stjórnarflokk-

ana báða um þessi mál, enda standa þeir alveg saman að fjárlagaafgreiðslunni, eins og yfir hefur verið lýst.

Ég geri ráð fyrir því, að Sjálfstfl. hafi gert sér það ljóst, að þegar hann tók að sér útgerð ríkisstj. fram á næsta haust, þá mundi verða talsverðum erfiðleikum bundið að sjá þeirri fleytu farborða, þótt ekki væri til lengri tíma, og þá ekki sízt með tilliti til þess, sem Sjálfstfl. hafði uppi látið undanfarið um stjórnmálaviðhorfið yfir höfuð og efnahagsmálin alveg sér í lagi. Það átti að byrja með því að afsaka sig á þá lund, að það yrði að grípa til ýmissa miður heppilegra ráða vegna þess, hvernig hefði orðið viðskilnaður fyrrv. ríkisstj., og var leikinn um það efni eins konar skopþáttur hér á hæstv. Alþ. í vetur, og var það einn höfuðtalsmaður sjálfstæðismanna, sem lék þar eitt aðalhlutverkið. En bráðlega kom í ljós, að hér var við ramman reip að draga af þeirri einföldu ástæðu, að fram kom, þegar farið var að ræða málið, að það lítil lífsvon sem var fyrir þessa útgerð, sem upp hafði verið sett, þá lá hún helzt í því að éta út það, sem fyrrv. ríkisstj. hafði skilið eftir á ríkisbúinu, — þann forða, sem hún hafði skilið eftir á ríkisbúinu, þegar hún lét af völdum. Þess vegna fór þessi fyrsti þáttur svo, að hann varð mjög kímilegur, og brostu margir að þessum tilburðum.

Nú ætla ég ekki að fara að rifja þetta hér upp í löngu máli, þó að ég aðeins minni á þetta, vegna þess að það kemur enn betur fram núna en nokkru sinni þá, þótt það væri allvel fram dregið þá, hvernig þessu er háttað, því að fyrir utan greiðsluafganginn, sem þeir fundu í stjórnarráðinu, þá hafa þeir nú uppgötvað einn pinkilinn enn, og það eru ógreiddir eða óinnheimtir tollar af Sogsvirkjuninni, sem þeir ætla að útvega lán til, segja þeir, á árinu, og éta upp líka að sjálfsögðu til viðbótar öðrum eignum, sem finnanlegar eru á vegum ríkissjóðs, til þess að halda á floti.

Þegar svo kom að því, hvaða ráðstafanir ætti að gera á vegum stjórnarflokkanna til þess að halda þessu á floti til málamynda fram yfir tvennar kosningar, þá var fyrst í það ráðizt að flytja frv. um niðurfærslu á kaupgjaldi og verðlagi, og í því frv. gerðist það, að Sjálfstfl. — og svo náttúrlega Alþfl. með honum — gekk fram fyrir skjöldu til þess að innheimta af mönnum aftur þær kauphækkanir, sem Sjálfstfl. hafði ráðlagt mönnum að taka á s. l. sumri og lagt hið mesta ofurkapp á að fá fram. Sjálfstfl. sem sé sendi mönnum reikninginn. Það var fyrsta ráðstöfunin, sem gerð var í þessu efni. Það var að taka aftur til baka þá kauphækkun, sem flokkurinn hafði beitt sér fyrir.

Eins og þá strax varð ljóst, þá mundi þetta skammt hrökkva, eins og horfði, og þurfti þá að gera fleiri ráðstafanir, og þá var það, sem ríkisstj. eða stjórnarflokkarnir gripu til þess að auka í sífellu niðurgreiðslur á verðlagi vara innanlands og hættu ekki fyrr en þeir voru búnir að auka niðurgreiðslurnar sem svaraði 114 millj. kr. á ári eða nær tvöfalda niðurgreiðslurnar, og er það fjárhæð, sem svarar til þess, sem veitt er á fjárlögum til nýrra þjóðvega, hafnargerða, brúargerða, sjúkrahúsabygginga, fjárfestingar í flugmálum, atvinnuaukningarfjárins og alls, sem veitt er til raforkuframkvæmda. Þeir bættu við í niðurgreiðslur þannig, að það, sem þeir hafa bætt við, kostar jafnmikið og veitt er til allra þessara mála á ári, og það án þess að ræða um þetta við Alþingi eða bera það undir Alþingi. Síðan var gerður samningur — eða raunar um svipað leyti var gerður samningur við framleiðsluatvinnuvegina, sem jók útgjöld útflutningssjóðsins um 82 millj. kr. Þetta nemur um 199 millj. kr. fyrir utan grunnlaunahækkanir, sem áður höfðu verið ákvarðaðar og ekki var búið að setja á fjárlögin. Hér var um að ræða fjárhæðir, sem nema á 3. hundrað millj. kr. Það var verið að smátoga það út úr stjórnarliðinu, hversu mikið þetta mundi kosta, því að fyrst var byrjað á því að gera fremur lítið úr þessu, þetta mundi ekki verða nándar nærri svona mikið, en nú er það viðurkennt, að minna en 220 millj. kr. er ekki um að ræða í þessa þrjá liði.

Jafnframt þessu gaf svo ríkisstj. út þá yfirlýsingu, sjálfsagt í samráði við stjórnarflokkana, að hún mundi fyrir þessu sjá, að menn gætu verið rólegir, hún mundi fyrir þessu öllu sjá, þegar þar að kæmi við afgreiðslu fjárl., það mundu engar nýjar álögur verða á þjóðina lagðar, það væri algerlega ljóst. Það þyrfti kannske og sennilega að skera eitthvað niður, en það yrði þá víst aðallega það, sem mætti fara og engin eftirsjón væri sérstaklega í, sparnaðurinn svokallaður. Menn þyrftu ekki að bera kvíðboga fyrir því, að þar væri neinn voði á ferðum, þessu yrði öllu bjargað á mjög einfaldan máta og án þess að nokkur þyrfti að verða fyrir stórfelldum búsifjum. Ég býst nú sannast að segja við því, að síðan stjórnarflokkarnir gáfu út þessar yfirlýsingar, hafi þeim liðið svona álíka og konunni í sögunni um Gilitrutt, — býst við, að líðanin hafi verið ámóta. En sá er bara munurinn á þessari sögu og sögunni um Gilitrutt, að hún endaði vel, sú saga, en þessi saga getur því miður ekki endað vel. Og það sjáum við gleggst á því, sem nú þegar liggur fyrir frá hv. stjórnarflokkum varðandi úrræðin í efnahagsmálunum, og sést þó ekki nema lítið enn, sem af því öllu leiðir. Það kemur fyrst glögglega fram síðar.

Ég gat um það áðan, að Sjálfstfl. hefði orðið að senda mönnum reikninginn yfir hið ofreiknaða kaupgjald, sem flokkurinn stóð fyrir að menn höfðu knúið fram. Þetta vafðist náttúrlega nokkuð fyrir Sjálfstfl., og var það ekki einkennilegt, en þeir höfðu sig þó í þetta.

Næsta vandamálið, sem mætti Sjálfstfl., var svo viðhorfið til lántöku erlendis. Hér var

ekki um neitt smávægilegt vandamál að ræða fyrir Sjálfstfl. Þegar fyrrv. ríkisstj. tók við, gerði Sjálfstfl. víst fremur ráð fyrir því, að það mundi verða erfiðleikum bundið að útvega hæfilega mikið erlent lánsfé, og þá voru gefnar út skrautútgáfur af ýmsum sögum um stórfelld lán, sem ráðherrar Sjálfstfl. hefðu átt kost á, ef þjóðin hefði verið svo gæfusöm að fela þeim áfram að vera í ríkisstj. Það voru tilboð frá Adenauer, kanzlara Þýzkalands, t. d., ég held 400 eða 500 millj. kr., og það var bara eftir því, hvernig lá á mönnum, hvaða tala var nefnd, en það var víst aldrei fyrir neðan 400 millj. Svo voru ótal tilboð um lán í Sogsvirkjunina, og ef menn hefðu bara haft vit á því að hafa Sjálfstfl. áfram í þessu, þá hefðu menn vaðið í peningum. Það var tónninn í þessum málflutningi.

En svo fór að hilla undir, að fyrrv. ríkisstj. væri að leitast fyrir um lánsfé erlendis til nauðsynlegustu framkvæmda og sennilega með einhverjum árangri. Þá kom nú heldur annað hljóð í strokkinn. Þá voru gefnar út tilkynningar um, að það væri verið að leita eftir sníkjulánum erlendis, og þegar svo lán fengust, svona nokkurn veginn eins og eðlilegt var, þá voru erlendir lánveitendur beinlínis varaðir við, þeir skyldu ekki trúa stjórn Íslands fyrir þessum peningum, því að þeir mundu verða notaðir til þess að koma því svoleiðis fyrir, að kommúnistar gætu hangið áfram í valdastólunum, svo að menn skyldu fara varlega í slíkar lánveitingar. Þetta var nú hollustan við landið, sem kom fram í þessu sambandi. Og svo þegar lánin fengust, þá var því haldið fram, að þau væru fengin með óviðurkvæmilegum hætti, lántökurnar hefðu verið tengdar við dvöl varnarliðsins í landinu og þau hefðu verið fengin úr sjóðum í Bandaríkjunum, sem væru sérstaklega notaðir til þess að lána vegna varna eða öryggis Bandaríkjanna. Þessu var haldið fram úr herbúðum Sjálfstfl. um þessar lántökur, þó að þeim væri vel kunnugt, sem að þessum málflutningi stóðu, að þessi lán voru tekin hjá sömu stofnunum í Bandaríkjunum og önnur lán, sem fyrrv. stjórnir höfðu tekið lán úr, og að um þessar lántökur væri ekkert sérkennilegt að þessu leyti. Hitt var svo annað mál, að kommúnistar höfðu sagt nákvæmlega sams konar grýlusögur um lán, sem samsteypustjórnir Framsfl. og Sjálfstfl. höfðu tekið, eins og Sjálfstfl.-menn létu sér sæma að segja um þessar lántökur.

En ekki nóg með þetta, heldur var nú það fundið upp, að hér væri verið að taka eyðslulán. Lánin til Sogsvirkjunarinnar, til rafvæðingaráætlunarinnar, raforkusjóðsins, fiskimálasjóðsins, sementsverksmiðjunnar voru allt í einu orðin að eyðslulánum. Og það hefur ekki linnt söngnum úr herbúðum Sjálfstfl. um það, að skuldir út á við hafi verið hækkaðar alveg gífurlega á vegum fyrrv. stjórnar og það hafi verið tekin eyðslulán. Nú lá það fyrir, þegar stjórnarskiptin urðu, að fyrrv. stjórn hafði með góðu samkomulagi lagt drög að nýrri lántöku í Bandaríkjunum, 6 millj. dollara, og átti það fé að fara í framkvæmdir, til fiskveiðasjóðs, raforkusjóðs, hafnargerða og raforkuáætlunarinnar, búið að leggja drög að þessu. Og eitt af því fyrsta, sem stjórnarliðið þurfti því að gera upp við sig, var það, hvort það átti að halda þessum umleitunum áfram, hvort það átti að halda áfram með þessa lántöku. Við héldum því fram í Framsfl., að það væri eðlilegt að halda þessu áfram. Við sýndum fram á, að það þurfti mjög á þessu fé að halda til þess að geta haldið áfram þessum framkvæmdum með sæmilegum og viðunandi hraða. En hér var komið að vandasömu máli fyrir Sjálfstfl. Átti hann nú að gleypa eða éta ofan í sig öllu heldur allt það, sem hann hafði sagt um sníkjulán, um eyðslulán, og yfir höfuð allt það, sem hann hafði sagt um lántökur á síðari árum? Átti hann að gera þetta, eða átti stjórnarliðið og Ísland að vera án lánsfjárins? Nú er enginn vafi á því, að sjálfstæðismönnum blöskraði sá vandi, sem þeir voru komnir í. Og þeim blöskraði hann svo, að á tímabili voru þeir að hugsa um að setja fótinn fyrir lántökuumleitanir stjórnarinnar og láta hætta við þær. Það kom m. a. greinilega fram, þótt það væri ekki sagt berum orðum, í því, að hæstv. forsrh. var farinn að svara fyrirspurnum hér á Alþingi um lántökurnar með því að segja, að Ísland væri nú orðið mjög skuldugt erlendis, og það yrði að fara varlega í þessum málum og það væri ekkert ákveðið um það, hvort þetta lán yrði tekið eða ekki. Mun þetta hafa verið um þær mundir, sem sjálfstæðismönnum leið verst í sambandi við þetta, þegar þeir áttu að gera það upp við sig, hvernig nú skyldi ráðið fram úr þessari klípu, sem þeir voru komnir í.

Nú sé ég það á allri afgreiðslu þeirra mála, sem hér liggja fyrir, að Sjálfstfl. ætlar að ganga undir það jarðarmen að taka allt aftur, sem hann hefur sagt um lántökur Íslands, og nú er það ákveðið, að þetta lán verði tekið. Þetta er þá annað stóra jarðarmenið, sem Sjálfstfl. gengur undir á örstuttri stund. Það fyrsta var að senda þjóðinni reikninginn til að endurheimta kauphækkunina, sem flokkurinn barðist fyrir s. l. sumar. Næsta jarðarmenið er að taka allt aftur og gera allt ómerkt, sem flokkurinn hefur sagt á undanförnum missirum um erlendar lántökur Íslands og ríkisstj. Og það er alveg áreiðanlegt, að þau verða fleiri, jarðarmenin, sem Sjálfstfl. verður að ganga undir, um það er lýkur. Og kem ég þá ofur lítið nánar að þeirri fjárlagaafgreiðslu, sem hér er fyrirhuguð.

Nú er ríkisstj. búin að hafa og hennar flokkar þessi mál til meðferðar í 3½ mánuð, og það hefur verið sagt í blöðum Sjálfstfl., að fjárlagafrv. hafi ekki verið merkilegt plagg, það hafi þurft að skoða það allt í krók og kring, ofan í kjölinn og eiginlega, að því er manni skildist, endursemja það allt, það væri allt saman verra en ónýtt verk, sem í það hefði verið lagt. Og nú er allt þetta lið búið

að standa í þessu í 3½ mánuð. Og sérstaklega átti náttúrlega eftir yfirlýsingunum að leita að sparnaðinum, eyðslunni og sukkinu, sem svo auðvelt var að skera niður og menn þurftu sízt að bera nokkurn kvíðboga fyrir, þó að yrði leiðrétt, *og Eysteinn hafði staðið* á móti fram að þessu að yrði lagfært.

Og hver er svo niðurstaðan af þessu 3½ mánaðar starfi? Niðurstaðan er sú, að það eru 500 þús. kr., — segi og skrifa 500 þús. kr., — sem hægt er að kalla raunverulegan sparnað í þessum tillögum frá stjórnarflokkunum, það er niðurfellingin á orlofsfénu og verður þó víst ekki einu sinni 500 þús. kr., vegna þess að talsverður hluti af árinu er liðinn, þannig að það getur víst ekki einu sinni náð þessum 500 þús. kr. Þetta er sá eini raunverulegi sparnaður, sem er að finna í tillögum stjórnarflokkanna.

Það hefur stundum verið notaður þessi talsháttur, að „fjöllin tóku jóðsótt og fæddist lítil mús". Nú ætla ég ekki að lækka fjöllin með því að kenna stjórnarliðið við þau, og ég ætla heldur ekki að minnka músina með því að kenna þessa eymd við hana, þessa niðurstöðu stjórnarliðsins í þessari sparnaðarleit, en þetta er satt að segja aumara en nokkurn mann gat órað fyrir.

Ef við íhugum þarna nokkra liði, en þessu hafa raunar verið gerð mjög öflug skil, svo að það er svo sem engu við að bæta, en ég get ekki stillt mig um að minna á örfáa liði, þar sem stjórnarliðið vill láta líta svo út að sé sparnaður. Það er nú fyrst þetta, sem á að spara í stjórnarráðinu. Það stendur í nál., að það hljóti að vera hægt, því að þessi liður, stjórnarráðskostnaðurinn, sé hækkaður um 900 þús. kr. á fjárl. Þetta er út af fyrir sig ekki ósatt. En það er á hinn bóginn ekkert sagt frá því, að þessi liður er settur á fjárlagafrv. nærri því nákvæmlega jafnhár og hann reyndist 1958. Þess vegna kemst stjórnarliðið ekki undan því, ef þessi tillaga á að verða annað en pappírinn einn, að þá verður að koma þarna raunverulegur sparnaður á móti, 500 þús. kr. á stjórnarráðskostnaði. Nú hafa stjórnarflokkarnir gert sig broslega með því að vera að tala um ráðherralaun í þessu sambandi, og því hefur nógsamlega verið svarað. Nú eru liðnir af árinu bráðum fjórir mánuðir, einn þriðji af árinu, og ég spyr: Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar í stjórnarráðinu, til þess að þessi sparnaður verði að veruleika? Hann þarf að nema 500 þús. kr. á þessum 9 mánuðum, og þessar ráðstafanir hljóta þá þegar að hafa verið gerðar. Hvaða fólki hefur verið sagt upp? Fólkið hefur allt uppsagnarfrest. Hvaða fólki hefur verið sagt upp og hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til sparnaðar? Það væri æskilegt, að hæstv. fjmrh., sem hefur sennilega verið í samráði við n. um þetta, gæfi upplýsingar um það.

Það er ástæða til að vísa til þess, sem aðrir hafa sagt um niðurfærslu á alþingiskostnaðinum, hvað þetta er broslegt, þegar þess er gætt, að stjórnarliðið efnir til lengra þinghalds samtals á þessu ári sennilega en nokkru sinni hefur áður þekkzt á Íslandi. Þá þykjast þeir ætla að spara með því að lækka áætlunarliðinn á fjárl. til þinghaldsins.

Á tollgæzlunni segjast þeir ætla að spara 500 þús. kr. Það hefur líka verið bent greinilega á veiluna í þessu, en ég vil bara spyrja hæstv. fjmrh.: Ef hann ætlar að spara 500 þús. kr. á tollgæzlunni, það sem eftir er af árinu, á þeim mánuðum, sem eftir eru, hvaða ráðstafanir hefur hann þá gert nú þegar, til þess að þetta geti orðið raunverulegur sparnaður? Ef þetta ætti að verða raunverulegur sparnaður, þá hlyti hann að vera búinn að segja upp fjölda af tollþjónum nú þegar, þeir hafa sinn uppsagnarfrest með launum, og óðfluga líður árið.

Nei, það er sannarlega flaumósa lið, sem býr út tillögur af þessu tagi til þess að halda því fram, að um sparnaðarráðstafanir sé að ræða. Það er flaumósa lið, og þeir hafa áreiðanlega verið farnir að búast við Gilitrutt, þegar þeir gengu frá þessum liðum.

Þá er því skotið fram sem viðbáru, að það sé ekki von, að mikill árangur sé af þessu *starfi, — þeir finna náttúrlega*, að það eru missmíði á þessu, — það sé ekki von, að það sé mikill árangur í raunverulegum sparnaði á rekstrarkostnaði ríkissjóðs, vegna þess að það þurfi til svo mikinn tíma að finna slíka möguleika. Manni hefur nú heyrzt á tali þessara manna á undanförnum missirum, að það mundi ekki þurfa langan tíma til þess að koma auga á það, sem hægt væri að skera niður í þessu tilliti. Og ekki er ókunnugleikanum fyrir að fara hjá þessu fólki, þegar þess er gætt, að í því liði, sem að þessu stendur, eru bæði núverandi og fyrrverandi ráðherrar, fjöldamargir. Þá er í þessu liði hinn frægi endurskoðandi landsreikninganna um áratugi, sem er öllum þessum hnútum þaulkunnugur og mundi vafalaust hafa verið til viðtals um að benda á eyðsluna og hvar hana væri að finna og gefa allar góðar leiðbeiningar, að ógleymdum frsm. 1. minni hl. fjvn., hv. 2. þm. Eyf. (MJ), *sem hefur verið eins konar* fastur meðlimur allra sparnaðarnefnda nú um mörg ár og grafið sig niður í þessi mál. Það er því ekki hægt að afsaka sig með þekkingarleysinu og ekki heldur með tímaskortinum. Þá fer nú að verða heldur lítið um frambærilegar afsakanir fyrir þessari frammistöðu hv. stjórnarflokksmanna.

Á hinn bóginn skorti ekki tíma og ekki heldur kunnugleika til þess að byrja á því, sem nú á að verða vafalaust einn höfuðþáttur í starfsemi þessara flokka á næstu árum, ef þeir fá að ráða sjálfir, en það er að skera niður verklegar framkvæmdir og ýmislegt af því, sem sízt má missa á fjárl., og hefur hv. frsm., þm. S-Þ. (KK), gert þessu svo rækileg skil, að ég þarf ekki að fara neitt að ráði út í þau efni. *Ég get þó ekki stillt mig* um að minna á, að það er svo rækilega vegið að raforkumálunum, að það, sem eftir er skilið á fjárl. til raforkumála, mun ekki hrökkva nema rétt upp í hallann á raforku-

veitum ríkisins og áhvílandi skuldbindingum frá í fyrra, þannig, eins og hv. frsm. sagði, að þá er þurrkað út hreinlega það, sem ríkissjóður á að leggja til nýrra raforkuframkvæmda, — það er hvorki meira né minna. En svo leyfir hv. þm., frsm. minni hl., 2. þm. Eyf., sér að segja, að það eigi að sjá um, að það verði ekki dregið úr framkvæmdum, enda þótt það liggi fyrir, að til þess að halda 10 ára áætluninni hefði þurft að útvega yfir 60 millj. kr. lánsfé. Hvað halda menn að verði þá úr stjórnarliðinu að útvega, eins og hv. þm. S-Þ. sagði, nærri 12 millj. þar til viðbótar, móti því, sem þeir skera niður? Auðvitað kemur slíkt ekki til mála, að þeir geri það, og þeir hafa aldrei ætlað sér að gera það. Þá gefur það líka auga leið, hvernig muni fara með raforkuáætlun dreifbýlisins á næstu árum, ef það á að verða þannig, að það á ekkert til hennar að leggja raunverulega á fjárlögum ríkisins. Það á sem sé að láta heita svo sem það eigi að taka það allt að láni. Þetta jafngildir vitaskuld stöðvun á þeim framkvæmdum á næstu árum, ef þessari stefnu yrði fylgt, — jafngildir hreinlega stöðvun.

Hv. þm. S-Þ. minntist líka ræki*lega* á atvinnuaukningarféð. Sannleikurinn er sá, að atvinnuaukningarféð, þó að það hafi aldrei verið meira en 15 millj. og núna upp á síðkastið 13½ millj., hefur alveg valdið straumhvörfum í mörgum sjávarbyggðum og kaupstöðum þessa lands. Og vegna hvers? Vegna þess, að þó að hér sé ekki um stórfelldari fjárhæð að ræða, þá hefur þetta dreifzt svo víða, og þetta hefur útvegað mönnum svo víða einmitt það fé, sem vantaði í herzlumuninn, til þess að þessi eða hin framkvæmdin gæti átt sér stað. Þess vegna hefur þetta fé orðið svona drjúgt og mikilvægt og hrint af stað stórfelldari framfaraöldu víðs vegar í sjávarbyggðunum en menn hafa almennt gert sér grein fyrir, og þessi uppbygging er öll í miðjum klíðum. Nú á að byrja að kippa að sér hendinni í þessum efnum samkvæmt tillögum stjórnarliðsins, en við vitum, að það er aðeins byrjunin, ef þessir flokkar fá að ráða.

Hér hefur líka verið mjög kröftuglega mótmælt niðurskurðinum á flugmálaframkvæmdunum, og það er sízt ófyrirsynju. Ég vil bara taka dæmi af þeim flugvelli, sem ég er kunnugastur. Það er flugvöllurinn við Neskaupstað. Þar var upphaflega áætlað, og ég býst við því, að þegar tóm gefst til að skoða þetta ofan í kjölinn, þá sé svipað upp á teningnum annars staðar, að upphaflega mun þessi flugvöllur hafa verið áætlaður um 3 millj. kr., og það voru ætlaðar til hans 800 þús. kr. í tvö ár, og var það með það fyrir augum að reyna að ljúka þessu verki á 4 árum, sem er hóflegur tími fyrir slíka framkvæmd. Nú er búið að verja í þessu skyni eitthvað um 1 millj. og 600 þús. kr., sem sagt 2 ára framlagi, en kostnaðurinn hefur hækkað og mun alls verða um 4 millj., þannig að það eru eftir um 2 millj. og 400 þús. kr. Og stjórnarliðið lætur sér sæma að leggja til, að í þessa framkvæmd fari 300 þús. kr., m. ö. o., að það yrði 8 ára verk að ljúka þessari framkvæmd, í staðinn fyrir, að það var fyrirhugað að ljúka henni á næstu 2 árum. Þannig verka þessar tillögur stjórnarflokkanna, þegar þær eru skoðaðar ofan í kjölinn, og mætti vafalaust finna mýmörg dæmi þessu lík, eins og raunar þegar hefur verið bent á hér í þessum umræðum.

Þá er þannig ástatt um öryggismál flugsins, ýmislegt varðandi þau, sem gerir það að verkum, að það er blátt áfram ósæmandi að mínu viti að skera framkvæmdir niður á þann hátt, sem fyrirhugað er nú af stjórnarflokkunum. Og þessu fé, sem stjórnarflokkarnir ætla sér að taka af verklegum framkvæmdum, því er meiningin að kasta í verðbólguhítina, eins og hér hefur þegar verið rækilega rakið.

Þá get ég ekki *stillt mig* um að minnast hérna á eina till., því að hún sýnir eiginlega alveg nýja hlið á þessum málum, og það er það kotungssjónarmið, sem kemur til greina líka í sambandi við þessar uppástungur. Þegar íslenzk heimastjórn varð 50 ára, ákvað þáverandi ríkisstj. að beita sér fyrir því að byrja að *veita fé til stjórnarráðshúss. Menn* voru sammála um, að það væri í raun og veru vansæmandi að gera ekki neinar ráðstafanir til að leggja fram fé til stjórnarráðsbyggingar, og þá var sett inn á fjárlögin nokkur fjárhæð í þessu skyni, beinlínis yfir lýst, að það væri gert af því tilefni, að heimastjórn í landinu væri 50 ára. Er hægt að hugsa sér meiri kotungsháttu en þann að leggja nú til, að þessi fjárhæð verði tekin í burtu af fjárl.? Ég efast um það.

Hér við bætist svo, að t. d. Alþfl.-menn hafa verið hér á hv. Alþ. á undanförnum árum hvað eftir annað að halda hrókaræður um það, hvað ríkið gerði sér stórkostlegt tjón með því að leigja í einkahúsnæði hingað og þangað úti um bæinn í staðinn fyrir að sýna þann myndarskap að byggja, þótt ekki væri nema yfir stjórnarráðið og opinberar skrifstofur. En hvert er úrræðið núna? Það er að strika út þessa fjárhæð af fjárl., sem sett var inn í tilefni af 50 ára heimastjórn á Íslandi, — strika hana út, það verði að fórna dýrtíðarófreskjunni þessari fjárhæð ásamt hinu.

Þá kem ég að því, að auðvitað hlaut svo að fara, að sá niðurskurður, sem stjórnarflokkarnir þyrðu að taka á sig fyrir kosningarnar, hrykki skammt til þess að brúa það gífurlega bil, sem orðið var í efnahagsmálunum og ég hef gert að umræðuefni. En þá var gripið til þess, sem við þóttumst alveg vissir um fyrir fram að mundi verða gert, og það var að hagræða fjárl. þannig, að það væri hægt að láta heita svo, að þau væru afgr. greiðsluhallalítið, enda þótt þau væru afgr. með stórfelldum greiðsluhalla, og aðferðirnar, sem notaðar eru í þessu sambandi, þær eru vitanlega tvenns konar: annars vegar að lækka ýmsa áætlaða útgjaldaliði, án þess að nokkrar ráðstafanir séu gerðar um leið til þess, að

þær lækkanir geti orðið að veruleika, og svo að hækka tekjuáætlunina.

Í sambandi við lækkun útgjaldaáætlunarinnar ber mest á lækkuninni á ríkisábyrgðaliðnum, og er látið í veðri vaka, að einhver sérstök úrræði hafi fundizt til þess að draga úr hættunni af ríkisábyrgðum. Eftir því sem ég bezt veit, þá er það helzt það, sem átt er við, að það hafi tekizt að semja við Landsbankann um að gera að láni 5 millj. kr., sem komnar voru í vanskil af hendi Flugfélags Íslands í sambandi við ríkisábyrgð fyrir það félag. En þessi ráðstöfun, að tekizt hefur að útvega lán hjá Landsbankanum til þess að hjálpa Flugfélaginu í þessu efni, hefur engin áhrif á væntanleg tjón af ríkisábyrgðum á þessu ári. Og ég fullyrði, — ég er það vel kunnugur þeim málum, að ég fullyrði, að það er því miður engin rökstudd ástæða til að lækka þennan lið. Það hefði verið ánægjulegt, ef það hefði verið rökstudd ástæða til þess að lækka þennan lið, en það er því miður engin rökstudd ástæða til þess að lækka liðinn. Í fyrra varð tjón af ríkisábyrgðum 23 millj. kr., og það er vel kunnugt, að síðan hafa bætzt við ábyrgðir, sem sterkar líkur eru fyrir að falli að einhverju leyti á ríkissjóð á því ári, sem nú er að líða, auk þess sem ábyrgðargreiðslur hljóta að hækka á þessu ári vegna yfirfærslugjaldsins, sem ekki gilti nema hluta af fyrra ári.

Það hefur líka verið bent á það, hvernig ástatt er um áætlað framlag til skipaútgerðarinnar. Þar er alveg sömu söguna að segja.

Alveg sama er að segja um viðhaldsfé þjóðvega og t. d. jarðræktarstyrkinn, sem í einhverju fáti, að því er virðist, hefur verið tekinn undir prósentuniðurskurð, án þess þó að manni skiljist, að það sé meiningin að breyta jarðræktarlögunum.

Allt saman eru þetta hreinar hagræðingar, sem miðaðar eru við það að reyna að fela hluta af þeim greiðsluhalla, sem fjárl. eru raunverulega afgreidd með.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um tekjuáætlunina, og ég vil fyrst minna á í því sambandi, að gert er ráð fyrir að áætla sem tekjur tolla af efni og vélum til Sogsvirkjunarinnar. Nú er það alveg vitað mál, að það er ekki hægt að gera ráð fyrir því, að þessir tollar verði greiddir, nema því aðeins að lán fáist til þess að greiða þá, og fram að þessu hefur ekkert legið fyrir um það, að slíkt lán mundi fást, en hv. frsm. sagði eitthvað á þá lund, hv. 2. þm. Eyf., að gert væri ráð fyrir, að seðlabankinn tryggði 30 millj. kr. skuldabréfasölu vegna Sogsvirkjunarinnar. Nú vil ég spyrja hæstv. fjmrh. hreinlega: Hefur náðst samningur við seðlabankann um að tryggja sölu þessara bréfa? En ef slíkur samningur hefur náðst, þá jafngildir hann auðvitað í raun og veru því, að það hafi náðst samningur um að auka yfirdrátt ríkisins sem þessu svarar, nema takist að selja almenningi bréfin. En ég spyr: Hefur slíkur samningur verið gerður? Það mætti ráða af orðum hv. 2. þm. Eyf., að hann hefði verið gerður.

Og enn fremur vil ég þá nota tækifærið um leið til þess að spyrja annarrar spurningar. Það kom fram hjá hv. 2 þm. Eyf.: Við höfum í hyggju að leggja niður eitthvað af sendiráðum, en það verður ekki hægt að gera það fyrr en um næstu áramót. — Nú vil ég spyrja: Hverjir eru þessir „við“, sem hafa í hyggju að leggja niður sendiráð? Má ég spyrja hæstv. fjmrh. að því: Hvaða sendiráð hefur verið ákveðið að leggja niður og frá hvaða tíma?

Í fyrravetur voru fluttar till. um það í ríkisstj. að leggja niður sendiráð fleiri en eitt, en þá aftók hæstv. utanrrh., núverandi fjmrh., það með öllu að leggja niður nokkurt. En nú vil ég spyrja: Hvaða sendiráð eru það, sem þessir „við“ hafa ákveðið að leggja niður?

Ég var að tala hér um tekjuáætlunina, en stjórnarliðið notar hana þannig til hagræðingar á fjárl., að það hækkar áætlunina um 63 millj. kr. umfram þann tekjuauka, sem hækkun á tóbaki og áfengi gefur. Og það segist byggja þessa áætlun sumpart á því, að það sé í raun og veru óþarfi að gera ráð fyrir nokkrum umframgreiðslum, því að í þessu sambandi er þá gert ráð fyrir ca. 1¼% umframgreiðslum og það eftir að búið er að fara með áætlunarliði fjárlaganna eins og ég var að lýsa hér áðan, en sumpart á nýrri innflutningsáætlun, sem gerð hafi verið og sýni, að þetta ætti að vera óhætt, og ræddi hv. 2. þm. Eyf. dálítið um þessa innflutningsáætlun, en þó mjög lauslega. Í því sambandi sagði hv. 2. þm. Eyf., að hún væri varlega gerð, því að hún væri miðuð við það, að gjaldeyrisskuldir út á við yrðu greiddar niður um 100 millj. kr. Hér hlýtur að vera um misskilning að ræða, því að ég hef fengið þessa gjaldeyrisáætlun frá hagfræðingi ríkisstj. eða viðskmrn., og þar er ekki gert ráð fyrir neinum slíkum 100 millj. kr. afgangi til þess að lækka gjaldeyrisskuldir, svo að hér hlýtur að vera um einhvern misskilning að ræða. Það er aðeins gert ráð fyrir 15 millj. til þess að lækka skuldina hjá EPU, og bar ég þetta núna í hléinu undir skrifstofustjórann í viðskmrn. eða hagfræðing ríkisstj., sem staðfesti það, að þetta væri rétt, sem ég er að segja, og að hér hlyti að vera um einhvern misskilning að ræða. En þessi áætlun er gerð þannig úr garði, að í henni er gert ráð fyrir hækkun á innflutningi hátollavara úr 179 millj., sem var gjaldeyrisúthlutunin 1958 í hátollavörum, og í 209 millj., eða hún gerir ráð fyrir hækkun á innflutningi hátollavara um 16—17% frá því, sem gjaldeyrisúthlutun var í fyrra. Og þar að auki hef ég fengið þær upplýsingar, að þessi áætlun er aukin mest í allra hæstu flokkunum. Þetta er áætlun, sem hefur verið búin út á vegum ríkisstj.

Hvernig á svo að koma því fyrir, að hægt sé að auka innflutning á þessum vörum um 16—17%? Samkv. þessari áætlun, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir því, að brýnustu neyzluvörur séu fluttar inn fyrir 89 millj. kr., en gjaldeyrisúthlutunin var í fyrra 93 millj. kr., m. ö. o.: það á að lækka flokkinn „brýnustu neyzluvörur“ nokkuð. En ég

fullyrði, að slíkt er ekki hugsanlegt, því að innflutningurinn hlýtur að aukast ár frá ári á brýnustu neyzluvörum af þeirri einföldu ástæðu, að þjóðinni fjölgar ár frá ári. Þá er enn fremur gert ráð fyrir því, að rekstrarvörur séu jafnháar eins og s. l. ár. Slíkt getur heldur ekki staðizt af þeirri einföldu ástæðu, að atvinnurekstur landsmanna fer líka vaxandi ár frá ári og þarf alltaf nokkru meiri innflutning ár frá ári. Þá er það liðurinn fjárfestingarvörur, og hann er lækkaður úr 245 millj. kr., sem gjaldeyrisúthlutunin var í fyrra, og niður í hvorki meira né minna en 195 millj. M. ö. o.: í þessari áætlun eru vörur til fjárfestingar skornar niður um 20%. Auðvitað nær þetta ekki nokkurri lifandi átt. Dettur nokkrum manni í hug, að það verði slíkur gífurlegur samdráttur á framkvæmdum í landinu, að fjárfestingarvöruinnflutningur lækki um 20%, að það sé yfir höfuð framkvæmanlegt? Og ef það væri gert, þá mundi leiða af því alveg gerbreytingu og stórfellt atvinnuleysi. Þetta er því algerlega út í bláinn. En loks er þess að geta, að í þessari áætlun er óráðstafað fyrir árið í ár 23 millj., sem gætu þá skipzt niður á t. d. þessa þrjá liði: brýnustu neyzluvörur, rekstrarvörur og fjárfestingarvörur. En þó að allar þessar 23 millj. væru settar ofan á fjárfestingarliðinn, þá mundi samt innflutningur fjárfestingarvara eiga að minnka um 10% frá því, sem hann var í fyrra, og víkja þannig fyrir hátollavörunum eða lúxusvörunum, og mundi það þó alls ekki standast, vegna þess að rekstrarvörur og brýnustu neyzluvörur hljóta að þurfa að verða hærri á þessu ári en þær voru í fyrra. M. ö. o.: þessi innflutningsáætlun er óframkvæmanleg, og þar að auki væri það fullkomin óhæfa að framkvæma hana. Það væri fullkomin óhæfa að láta vanta stórkostlega brýnustu neyzluvörur, eins og hlyti að verða samkv. þessari áætlun, rekstrarvörur til framleiðslunnar og þýðingarmestu fjárfestingarvörur, til þess eins, að hægt væri að auka lúxusvöruinnflutninginn og halda óreiðunni í gangi í nokkra mánuði. Og þó að stjórnarliðið hafi þetta í hyggju, þá brestur þetta í höndum þess. Það er ekki hægt að framkvæma þetta. Þjóðin þolir ekki, að þetta verði framkvæmt. Þjóðin þolir ekki, að það verði stórkostlega skornar niður brýnustu nauðsynjar og rekstrarvörur og fjárfestingarvörur, til þess að hægt sé að auka lúxusvöruinnflutninginn og halda óreiðunni gangandi. Og þá verður niðurstaðan sú, að stjórnin gefst vitanlega upp á þessu og innflutningsáætlunin raskast gersamlega, og þar með kemur í ljós, að tekjuáætlunin, sem þeir byggja á till. sínar núna um fjárlagaafgreiðsluna, er byggð á fölskum forsendum. Hún er byggð á óframkvæmanlegum forsendum. Hún er byggð á því einu að reyna að leyna því, sem er að gerast, að leyna því í nokkra mánuði.

Ef við svo skoðum, hvaða áhrif breytingar á innflutningnum hafa á tekjur ríkissjóðs og útflutningssjóðs, þá er fróðlegt að geta þess, að 20 millj. kr. lækkun í gjaldháu flokkunum, sem skipt væri á gjaldháu vörurnar upp til hópa, 20 millj. kr. lækkun á gjaldháu flokkunum, — ég vil biðja menn að taka eftir því, — hún mundi leiða til þess, að tekjur ríkissjóðs og útflutningssjóðs lækkuðu um 51 millj., og ef svo þessi innflutningur færðist á gjaldlægri vörur í staðinn, þá yrði hrein lækkun tekna samt 33.5 millj. Nettólækkun yrði 33.5 millj. kr. Þetta segir sína sögu um það, hvernig stjórnarherrarnir leika sér með þessar tölur, leika sér með blekkingarnar. Óneitanlega er það mikil freisting fyrir þá, sem hafa tekið að sér að halda þessu gangandi stutta stund á þennan þokkalega máta, — óneitanlega er það mikil freisting fyrir þá að láta nauðsynjavörurnar vanta og flytja lúxusinn inn, og ég skal náttúrlega engu spá um það, hversu harðir þeir reynast í þessu. En ég segi, að það er jafnmikil óhæfa, hvor kosturinn sem tekinn verður, hvort sem þeir taka þann kostinn að loka nauðsynjarnar úti og stórhækka hátollavöruinnflutninginn eða hinn kostinn að brjóta innflutningsáætlunina og láta hátollavörurnar þá lækka og skila þeim mun meiri halla. Þetta er alveg ábyrgðarlaust, hvar sem á það er litið og hvernig sem framkvæmdinni er hagað.

Þá vil ég aðeins benda á það, að á undanförnum missirum hafa sjálfstæðismenn gert ákaflega mikið úr því, hvað þjóðin fái skakka mynd af efnahagsmálunum með því að skilja í sundur útflutningsuppbætur eða útflutningssjóðinn annars vegar og ríkisbúskapinn hins vegar, og kröfðust þess í fyrra með hörðum orðum, að þessu yrði hætt og að uppbótagreiðslur og tekjur í þær yrðu settar inn á fjárlögin, þannig að þetta kæmi alveg greinilega í ljós í heild. En hvar eru tillögur sjálfstæðismanna um það núna, að þetta skuli gert, að það skuli teknar inn á fjárlögin uppbæturnar og niðurgreiðslurnar og svo aftur tekjurnar á móti, sem eiga að standa undir þessu? Þessar tillögur eru hvergi finnanlegar. Þetta var nefnilega nákvæmlega sama markleysan og flest annað af því, sem Sjálfstfl. hefur haldið fram undanfarið um hina þýðingarmestu þætti þessara mála. Þarna verður eitt jarðarmenið enn, sem þarf að skríða undir, og þau verða fleiri, um það er lýkur.

Með þessari afgreiðslu, sem hér er stofnað til, er stefnt að stórfelldum halla í efnahagskerfinu. Á pappírnum eða til málamynda er honum mætt með hækkunum á tekjuáætlun fjárl., sem grundvallast á ástæðum, sem ég nú þegar hef rakið, lækkunum á útgjaldaliðum, sem ekki eru neinar sparnaðarráðstafanir á bak við, og svo á því að éta upp greiðsluafgang frá fyrra ári og óinnheimta tolla af Sogsvirkjuninni, ef lán þá fást til þess að ná þeim peningum inn, og loks með því að skera niður verklegar framkvæmdir. En raunverulegur sparnaður upp í alla þessa súpu er 500 þús. kr. Þetta er myndin af þeirri afgreiðslu fjárhagsmálanna, sem nú er stefnt að. Svo kemur hv. frsm. 1. minni hl. og segir:

Það þarf að segja þjóðinni eins og er, sagði hv. þm. Það þarf að segja þjóðinni eins og er um þessi mál. — En við sjáum nú, hvaða mynd hv. frsm. vill gefa þjóðinni af þessu og hversu sönn hún er.

En það er ekki allt búið enn í þessu sambandi, sem ástæða er til þess að benda á, því að því er svo bætt ofan á allt saman, að sagt er í nál., að það sé vitað mál, að þessi niðurskurður, sem hér er stefnt að á verklegum framkvæmdum, geti ekki orðið til frambúðar. Þetta sé allt saman til bráðabirgða. Hann geti ekki orðið til frambúðar. Manni skilst helzt, að það eigi að skila mönnum þessu aftur eftir kosningarnar. Og í þessu sambandi væri fróðlegt, að hv. talsmenn stjórnarflokkanna gerðu mönnum ofur litla grein fyrir því, hvað þeir ætla að gera í þessum málum eftir kosningarnar, hvað þeir ætla að gera í þessum málum í haust og næsta vetur, eins og þessu er núna stefnt. Hvernig ætla þeir þá að mæta þeim gífurlega halla, sem þeir eru nú að efna til? Og í því sambandi vil ég aðeins minna á, ef þeir skyldu hafa gleymt því, að það verður ekki þá neinn greiðsluafgangur til þess að éta upp og fleyta sér á. Það verða þá ekki heldur neinir óinnheimtir Sogstollar til þess að fleyta sér á. Það verður þá ekki lengur hægt að láta eins og menn sjái ekki hallann á útflutningssjóði, sem hlýtur að verða verulegur, miðað við þá tekjuáætlun og undirstöðu hennar, sem ég var að lýsa, sem er 20 millj. kr. meira að segja miðað við þá tekjuáætlun um þennan hátollainnflutning. Það verður þá ekki hægt að láta eins og menn sjái ekki þennan halla, þó að það sé hægt að gera það núna í nokkra mánuði, og það verður ekki heldur í haust eða næsta vetur notuð sú aðferð að falsa útgjaldaáætlanir fjárl. og ekki heldur tekjuáætlanirnar. Það getur gengið einu sinni í nokkra mánuði, en svo ekki meir.

Þykir mönnum nú ekki líklegt, að þeir menn, sem standa að svona lagaðri afgreiðslu á fjármálum, séu að skera niður þessar verklegu framkvæmdir til bráðabirgða og það verði leiðrétt, þegar þeir eiga að fara að standa frammi fyrir afleiðingum þess, sem þeir hafa nú gert og eru að gera, og mæta þeim gífurlega halla, sem nú er stofnað til, ásamt þeirri súpu, sem þá hefur safnazt fyrir? Það á að segja þjóðinni satt, sagði hv. frsm., um fjármálin. En vill hann þá ekki segja þjóðinni, hvað þeir ætla að gera, þegar þeir standa frammi fyrir þessu?

Til viðbótar er svo farið að leggja fram frumvörp, útgjaldafrumvörp, sem eiga að öðlast gildi 1. jan. 1960. Og þar bætist ofan á þetta, sem þá þarf að sjá fyrir. Hér hefur verið lagt fram í dag frv. til laga um almannatryggingar, þar sem gert er ráð fyrir 34 millj. kr. nýjum útgjöldum, og ríkissjóður verður að taka a. m. k. þriðjunginn af því. Og hvernig ætlar hv. frsm. og hans menn að sjá fyrir því ofan á allt hitt, þegar kemur að þessum málum á næsta hausti og næsta vetri? Ja, niðurskurður til bráðabirgða. Maður hefur heyrt það. En þetta er myndin, sem blasir við, að svo miklu leyti sem hún getur orðið séð í gegnum þá þoku, sem þessir hv. þingmenn eru að reyna að sveipa um sannleikann í þessum efnum.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð miklu fleiri. Ég áleit það nauðsynlegt að fara um þessi efni nokkrum orðum að marggefnu tilefni hv. frsm. En að lokum vil ég þó aðeins segja þetta: Framsfl. lagði fram á s. l. hausti sínar till. um efnahagsmálin. Hann var fyrsti stjórnmálaflokkurinn, sem á þessum vetri sagði, hvað hann vildi gera í þeim efnum, og eins og hv. frsm., þm. S-Þ., tók fram, þá voru þær tillögur byggðar á því að festa verðlagið miðað við vísitölu 185 og fella niður 15 vísitölustig til þess að ná því marki, og það dæmi lá þannig fyrir, að það hefði verið hægt að ná þessu marki og halda ámóta kaupmætti kaupgjalds og launa og var í okt. s. l. eða febrúarmánuði s. l. vetur. Við höldum því alveg hiklaust fram, að það hefði verið miklu farsælla að fara þær leiðir, sem við stungum þá upp á, heldur en ana út í þá ófæru, sem stjórnarliðið hefur kastað sér út í og við vitum að það kastar sér út í eingöngu vegna þess, að það er allt annað, sem fyrir því er aðalatriðið. Það er að breyta kjördæmaskipuninni. Það eru þau samtök, sem hafa orðið um að koma fram breytingum á kjördæmaskipuninni. Og þeir ætla einskis að svífast í því sambandi og láta það ekkert á sig fá, þó að þeir afgreiði svona gersamlega ábyrgðarlaust efnahagsmálin, á meðan verið er að koma slíku fram.

Utanr.- og fjmrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Við afgreiðslu fjárlfrv. í fjvn. hefur ekki myndazt neinn meiri hl. um till. um afgreiðslu málsins. Ríkisstj. sendi n. fyrir nokkru sínar tillögur, og hafa fulltrúar Alþfl. og Sjálfstfl. í n. tekið þær tillögur upp og borið þær hér fram sem 1. minni hl. Þó er það svo, að um ýmsar till. n. eru nm. allir sammála. Sumar af þessum till. eru næsta mikils virði, og vil ég sérstaklega láta í ljós ánægju yfir því, að nm. skuli hafa tekizt að skila sameiginlegum till. um jafnþýðingarmikla hluti eins og skiptingu vegafjár, hafnafjár og framlaga til brúa. En að öðru leyti vilja hinir þrír nefndarhlutar fara nokkuð hver sína leið. Minnst virðist þó bera í milli hjá 1. minni hl. n. og 2. minni hl., þ. e. fulltrúa Alþb. Á milli framsóknarmanna í fjvn. og annarra nm. ber hins vegar miklu meira.

Þegar fjárlfrv. var lagt fram á s. l. hausti, var gert ráð fyrir því, að greiðslur úr ríkissjóði næmu um 900 millj. kr. á árinu 1959, og var þá reiknað með hagstæðum greiðslujöfnuði um tæpar 2 millj. Það var hins vegar ljóst, þegar frv. var lagt fram, og átti þó eftir að koma fram betur síðar, að þær tölur, sem þarna var farið með, voru ekki raunhæfar. Á s. l. ári urðu ýmsar breytingar, sem leiddu til þess, að þær áætlanir, sem gerðar voru við undirbúning fjárlfrv., gátu

ekki undir neinum kringumstæðum staðizt, og skiptu þar að sjálfsögðu langmestu máli þær grunnkaupshækkanir, sem urðu í landinu yfirleitt á s. l. sumri og s. l. hausti. Þessar grunnkaupshækkanir leiddu til þess, að inn á fjárlfrv. sjálft vantaði um 36 millj. kr. til þess að mæta þessum hækkunum. Laun opinberra starfsmanna voru hækkuð á árinu 1958 um sem svaraði 24 millj. kr. fyrir árið, og laun verkamanna, sem hjá ríkinu unnu, voru hækkuð um sem svaraði 12 millj. Þá gerðist það og, að seinast á árinu hækkaði kauplagsvísitala mjög, eða upp í 202 stig, og nam sú hækkun í janúarmánuði einum um 3.2 millj. Ef sú vísitöluhækkun hefði staðið allt árið 1959 óbreytt, mundi það hafa kostað ríkissjóð 38.4 millj. Hins vegar var það vitað, að úr því að vísitalan var farin að hreyfast svo gífurlega og ef ekki yrðu einhverjar sérstakar ráðstafanir gerðar, þá mundi hún halda áfram að vaxa með auknum hraða. Reiknuðu hagfræðingar út, að þegar tæki að líða á árið 1959, mundi kauplagsvísitalan vera komin upp í 270 eða 280 stig, og þeir treystu sér ekki til að reikna út, hver vöxturinn mundi verða þar eftir, ef svo héldi áfram sem þegar var byrjað á.

Auk þess vantaði inn á fjárlfrv. um 5½ millj. kr. vegna hækkana, sem orðið höfðu hjá Tryggingastofnun ríkisins, og vegna nýrra sjúkradeilda, sem teknar voru í notkun á s. l. ári.

Sú grunnkaupshækkun, sem var þegar orðin, um það leyti sem fjárlfrv. var lagt fram, að viðbættri þeirri vísitöluhækkun, sem varð um áramót, og hækkun vegna Tryggingastofnunar ríkisins, nam um 80 millj. kr. Þessa fjárhæð vantaði því raunverulega inn á frv. þegar í upphafi, og meira mundi hafa á skort, ef vísitalan hefði haldið áfram að vaxa, eins og allt útlit var fyrir um áramótin. Við þetta bættist svo það, að grundvellinum var að mjög verulegu leyti kippt undan afkomu framleiðsluatvinnuveganna með hækkun vísitölunnar og grunnkaupshækkunum, sem urðu á s. l. hausti. Útflutningssjóður hafði lagt ríkissjóði til 20 millj. kr., og til þess var ætlazt, að hann gerði það einnig á árinu 1959 samkvæmt fjárlfrv. Vegna þeirrar röskunar, sem varð á öllu fjárhagskerfinu á árinu 1958, varð ljóst, að útflutningssjóður mundi ekki geta lagt ríkissjóði neitt til, heldur mundi hann þvert á móti þurfa að fá stórkostleg fjárframlög frá ríkissjóði, til þess að framleiðsluatvinnuvegirnir gætu haldið áfram að starfa nokkurn veginn með eðlilegum hætti.

Við myndun núverandi ríkisstj. stóð stjórnin því frammi fyrir því ástandi, að annaðhvort varð að afla nýrra tekna til þess að geta mætt þeim gífurlegu útgjöldum, sem vitað var að bæði ríkissjóður og útflutningssjóður þyrftu að fá, til þess að hægt væri að ná endunum saman, eða finna leiðir til þess að stöðva og færa niður dýrtíðina, þannig að útflutningssjóður þyrfti ekki á eins miklu að halda og við var búizt um áramótin og ríkissjóður ekki heldur. Valið var ekki erfitt fyrir ríkisstj. Það var bersýnilegt um áramótin og reyndar fyrir þau, að ef dýrtíðarflóðið héldi áfram að færast yfir þjóðina, mundi það leiða til slíkra vandræða og erfiðleika, að hér yrði algert hrun og fjárhagsöngþveiti, áður en langt um liði. Einasta leiðin, sem um gat verið að ræða, var því sú að reyna að stöðva dýrtíðina og færa niður, svo sem frekast voru tök á, og þá leið valdi ríkisstj.

Með lagasetningu var vísitalan færð niður í 175 stig og nýr vísitölugrundvöllur tekinn upp. Þessari niðurfærslu var að langsamlega mestu leyti mætt með niðurgreiðslu úr ríkissjóði, en þó urðu launþegar að taka á sig nokkur vísitölustig. Jafnframt var samið við framleiðsluatvinnuvegina um starfsgrundvöll fyrir þá. Því hefur verið haldið fram hér í umræðunum, að ríkisstj. hafi átt að bera þá samninga undir Alþ., áður en þeir voru undirritaðir og áður en þeir voru látnir koma til framkvæmda. Það mun hafa verið hv. þm. S-Þ. (KK), sem hélt þessu fram. — Ég minnist þess ekki, að um áramót, þegar ríkisstj. hafi orðið að gera sérstakar ráðstafanir vegna framleiðsluatvinnuveganna, — og það hefur oft komið fyrir, — að þær ráðstafanir og þeir samningar hafi verið bornir undir Alþ., áður en þeir voru gerðir. Það hefur alltaf verið venja að leita til Alþ. á eftir, og svo var gert núna. Auk þess vil ég benda þessum hv. þm. alveg sérstaklega á, hvernig hefði farið, ef ríkisstj. hefði þurft að bera þessa samninga undir Alþ. og bíða, þangað til hv. Alþ. var búið að afgreiða þá. Þeir voru lagðir fyrir Alþ. rétt eftir að þeir voru gerðir og um það leyti, sem þeir voru að koma til framkvæmda, en það er ekki búið að afgreiða þá enn. Frv. liggur enn í n., og það er enn óafgreitt. Ef ríkisstj. hefði átt að bíða og útvegsmenn hefðu átt að bíða eftir afgreiðslu þessa máls á þingi, þá er hætt við því, að það hefði orðið nokkur dráttur á því, að útvegurinn hefði komizt af stað, og ef drátturinn hefði orðið jafnlangur og raun ber vitni um, þá hefði flotinn legið í höfn yfir alla vertíðina.

Tillögur þær, sem ríkisstj. nú hefur gert í sambandi við afgreiðslu fjárl., eru afleiðingar af þeim ráðstöfunum, sem gerðar voru í efnahagsmálunum, og þær eru tillögur til þess að ráða fram úr því, sem þeir samningar og þær ráðstafanir hafa gert nauðsynlegt.

Að því er varðar fjárl. sjálf, þá hafa þær ráðstafanir, sem gerðar voru um áramót, þ. e. a. s. niðurfærsla kauplagsvísitölunnar, leitt til þess, að í stað þess að þurft hefði að afla tekna, sem svarar um 80 millj. kr., vegna launahækkana, þá þarf nú ekki að mæta meira en 22.6 millj. Kemur þetta fram í því, að vísitöluhækkun sú, sem komin var um áramótin, fellur niður nema fyrir janúarmánuð, og sparast þar 35.2 millj., auk þess sem vísitölulækkunin úr 183 stigum, eins og hún er í frv., í 175 sparar ríkið að því er varðar opinbera starfsmenn 16 millj. og verkamenn 6 millj. Hækkanir að því er tryggingarnar varðar eru óbreyttar.

Til viðbótar því, sem mæta þarf af þessum hækkunum, sem raunverulega voru orðnar á s. l. ári og eftir standa eftir niðurfærsluna, þ. e. a. s. þessum 22.6 millj., hefur útgjaldahlið fjárl. í meðförum fjvn. hækkað um nálega 7 millj. kr. Hækkanir þessar eru langsamlega mestmegnis leiðréttingar á áætlun til samræmis við ráðstafanir, sem áður var búið að gera, auk þess sem framlag til hafna, skóla, rekstrar gufubors og annars er nokkuð hækkað. En samanlagt nema hækkunarliðirnir, eins og þegar hefur komið fram, um 30 millj. kr. á rekstri sjálfs ríkisins.

Þessu til viðbótar er svo nauðsynlegt að veita fé til útflutningssjóðs, sem svarar um 155 millj. kr.

Þeir, sem talað hafa hér í þessum umr., sérstaklega af hálfu Framsfl., hafa mjög deilt á þessar ráðstafanir ríkisstj. og þá sérstaklega það að ætla að verja 155 millj. kr. til útflutningssjóðs til styrktar framleiðsluatvinnuvegunum. Tala þeir um, að þessum peningum sé hent í verðbólguhítina, og fara um það mörgum ófögrum orðum. Þá hafa þeir gert sér það til dundurs að leggja saman nokkra útgjaldaliði fjárl. og verið að finna það út, hvað margir útgjaldaliðir í fjárl. svari til þessara 154 millj. kr., sem útflutningssjóðurinn á að fá. Ég hef ekki kannað, hvort þessar tölur eru réttar eða rangar. Ég læt mig það engu skipta. En ég vildi gjarnan biðja þá um að reikna annað dæmi. Það væri vel þess vert, ef þeir vildu taka sér fyrir hendur að leggja saman, hvað mörgum af útgjaldaliðum fjárl. væri hægt að koma fyrir innan þess ramma, sem það hefði kostað þjóðarbúið, ef verðbólguskrúfan hefði verið látin halda áfram og ríkisstj. hefði ekki lagt til, að þessum 154 millj. kr. væri varið til þess að stöðva hana og færa hana niður. Ég er anzi hræddur um, að ef þessar ráðstafanir hefðu ekki verið gerðar og ekki verið lagt til, að þessum 154 millj. væri varið í þessu skyni, þá mundi þurfa talsvert fleiri útgjaldapósta á fjárl. til þess að ná þeirri upphæð, sem slík ógæfa hefði kostað þjóðina, — talsvert fleiri pósta en þá, sem framsóknarmenn nú geta komið fyrir innan þessa 154 millj. kr. ramma. Þetta dæmi spreyta þeir sig ekki við að reikna. Og ég skal ekki lá þeim það, því að ég ætlast ekki til þess af þeim, að þeir geti það. Hagfræðingar fyrrv. ríkisstj. voru beðnir, nokkru áður en hún fór frá, að reyna að reikna út, með hve miklum þunga verðbólgan kæmi niður á þjóðinni, ef ekki yrðu gerðar ráðstafanir til þess að draga úr henni eða stöðva hana um áramótin. Þeir lýstu því þá yfir, að dæmið væri óútreiknanlegt. En bara þetta sýnir, út í hversu fráleitan málflutning er hægt að láta leiða sig og hversu fráleita hluti er hægt að taka sér fyrir hendur, þegar menn hvorki vilja sjá, heyra né skilja.

Ríkisstj. hefur borið fram sínar till. um það, hvernig skuli mæta þeim 183 eða 184 millj., sem vantar upp á, að endar náist saman á fjárlögum. Er þar fyrst lagt til, að tekjuáætlunin verði hækkuð um 68.6 millj. kr., eftir að frá hafa verið taldar 20 milljónirnar, sem samkv. frv. ættu að koma frá útflutningssjóði. Þá er lagt til, að greiðsluafgangurinn frá 1958, að frádregnum greiðsluhalla ársins 1957, eða 25 millj. kr., verði færður inn tekjumegin á fjárlögin, að aðflutningsgjöld af vélum og tækjum til Sogsvirkjunarinnar, 30 millj. kr., verði reiknuð til tekna og að skorin verði niður úr fjárlögunum útgjöld um tæpar 50 millj. kr. Vantar þá á 9½ millj., að útgjöldum sé mætt í heild. Mun verða athugað um það fyrir 3. umr., hvernig því skuli mætt.

Ég ætla nú að víkja nokkuð að einstökum atriðum í sambandi við þessar till. og ræði þá fyrst um tekjuáætlunina og þær hækkunartill., sem fram eru komnar í sambandi við hana.

Þar er fyrst lagt til, að áætlunin um tekju- og eignarskatt verði hækkuð úr 130 millj. í 145 millj. kr. Áætlun þessa liðar er byggð á áætlun, sem hagfræðideild Framkvæmdabanka Íslands hefur gert um hækkun tekna einstaklinga á árinu 1958, samanborið við árið 1957. Áætlaði hagfræðideildin þessa hækkun um 14%, og hefur verið gert ráð fyrir því, að tekjuskattur greiddur af einstaklingum hækki í sama hlutfalli. En að réttu lagi ætti hækkunin þó að verða talsvert meiri, vegna þess að skatturinn er stighækkandi. Ekki hefur verið gert ráð fyrir neinni hækkun á skattgreiðslum félaga frá því, sem var á árinu 1958. Er þetta varlega áætlað, þar sem tvímælalaust hefur verið um nokkra tekjuaukningu félaga að ræða á árinu. Áætluninni um hækkun á tekju- og eignarskatti virðist því vera mjög í hóf stillt og full ástæða til þess að ætla, að hún sé að verulegu leyti lægri en hægt er að gera sér vonir um.

Þá kemur áætlunin um vörumagnstoll, verðtoll, innflutningsgjald af benzíni og söluskatt af innflutningi. Hér er lagt til, að tekjur af þessum liðum verði áætlaðar 27 millj. kr. meira en frv. gerir ráð fyrir. Áætlun allra þessara liða er byggð á þeirri gjaldeyrisáætlun, sem gerð hefur verið fyrir árið 1959. Hv. 1. þm. S-M. gerði þessa áætlun nokkuð að umræðuefni í ræðu sinni áðan. Hann hafði þau orð um áætlunina, að hún væri ábyrgðarlaus og að engum manni, sem vissi, hvað hann væri að gera, dytti í hug, að áætlunin fengi staðizt. Ég veit nú ekki, hvaða mat þessi hv. þm. leggur á hæfni og þekkingu ýmissa þeirra manna, sem nokkra leikni hafa í að fást við þessi mál. En gjaldeyrisáætlunin, sem þessi hv. þm. fer svo hraksmánarlegum orðum um, er samin af fulltrúa viðskmrn., þ. e. ráðunaut ríkisstj. í efnahagsmálum, hún er samin af innflutningsskrifstofunni, seðlabankanum og gjaldeyrisbönkunum. Og bæði ríkisstj. og seðlabankinn hafa athugað þessa áætlun, og eftir gaumgæfilega athugun hafa þau staðfest hana. Ég hygg, að þeir aðilar, sem hafa um þessa hluti fjallað, séu þeir menn í okkar þjóðfélagi, sem mesta reynslu og mesta þekkingu hafa til að bera til þess að

fjalla um þessa hluti, og hrakyrði þau, sem hv. 1. þm. S-M. hafði um þeirra verk, ég hygg, að þau séu meira mælt af vilja til þess að rífa niður heldur en af sannfæringu fyrir því, að svo illa sé hér um hlutina búið sem hann vill vera láta. Áætlunin gerir ráð fyrir heildarúthlutun gjaldeyris til almenns innflutnings, — innflutningur skipa og báta og innflutningur vegna Sogsvirkjunar er ekki meðtalinn, — en þarna er gert ráð fyrir heildarinnflutningi að upphæð 1094 millj. kr. Árið 1958 nam þessi innflutningur 1103 millj. kr. Þessi upphæð mundi skiptast þannig, að 125 millj. kr. yrðu gjaldlágar vörur, þ. e. a. s. vörur, sem greiða 30% yfirfærslugjald, 760 millj. almennur innflutningur, þ. e. a. s. vörur, sem greiða 55% yfirfærslugjald, en engin innflutningsgjöld, en 209 millj. kr. hátollavörur.

Í þessu sambandi skiptir auðvitað mestu máli, hversu miklum gjaldeyri er úthlutað í hágjaldaflokkana. Áætlunin gerir ráð fyrir 209 millj. kr. úthlutun í þessa flokka, en raunveruleg úthlutun í þeim var 179 millj. kr. árið 1958 og gjaldeyrissalan lítið eitt hærri, eða 192 millj. kr.

Þar sem heildarúthlutun fyrir innflutningi er áætluð svipuð á árinu 1959 eins og hún var á árinu 1958, getur þessi hækkun ekki átt sér stað, nema tilsvarandi lækkun verði í öðrum flokkum, og er ráð fyrir því gert, að hún verði fyrst og fremst á fjárfestingarvörum. Bankarnir byrjuðu að vinna eftir þessari nýju áætlun 1. marz s. l. Hafa þeir fyrirmæli um að úthluta að meðaltali 15 millj. kr. á mánuði í hátollavörur fyrstu sex mánuði ársins, en 20 millj. kr. á mánuði síðari 6 mánuðina. Raunveruleg úthlutun á gjaldeyri fyrir hátollavörur hefur orðið sem hér segir fyrstu þrjá mánuði ársins: Í jan. var hún 8 millj. kr., í febr. 14 millj. kr., í marz 18 millj. kr., eða samtals 40 millj. kr. í þrjá mánuði.

Úthlutun á gjaldeyri fyrir hátollavörur hefur því verið fyrir neðan hið áætlaða meðaltal í jan. og febr., þ. e. a. s. áður en hin nýja úthlutunaráætlun gekk í gildi, en fyrir ofan meðaltal í marz, eins og líka þarf að vera til þess að vinna upp það, sem á vantaði fyrstu tvo mánuðina. Þess má enn fremur geta, að bankarnir hafa fyrirmæli um að flytja til upphæðir á milli einstakra vörutegunda innan hátollaflokkanna, eftir því sem eftirspurnin segir til um. Með þessu móti er þess vænzt, að hægt verði að ná hinni áætluðu úthlutun hátollavörunnar.

Í sambandi við setningu laga um útflutningssjóð o. fl. á s. l. ári var gerð innflutningsáætlun, er allar áætlanir útflutningssjóðs og ríkissjóðs voru miðaðar við. Þessi áætlun gerði ráð fyrir 226 millj. kr. innflutningi hátollavöru á árinu 1958, þ. e. a. s. þá var reiknað með nokkru hærri innflutningi slíkrar vöru en nú hefur verið gert, en jafnframt með nokkuð annarri skiptingu hans á milli hátollaflokkanna innbyrðis. En frá þessari áætlun var þó aldrei gengið eins fast og formlega og nú hefur verið gert. Áætluninni var aldrei skipt nákvæmlega eftir þeim flokkum, sem úthlutunin fer fram eftir, og engin staðfesting á áætluninni var gerð af ríkisstj. eða seðlabankanum. Fyrir forgöngu viðskmrn. settu bankarnir sér þó það mark að úthluta 20 millj. kr. í hátollavörur að meðaltali á mánuði síðari helming ársins. Þetta kom þó ekki til framkvæmda fyrr en í júlímánuði, og vegna lágrar úthlutunar á hátollavörum á fyrra árshelmingi reyndist heildarúthlutunin ekki meiri en 179 millj. kr. allt árið, eða að meðaltali um 15 millj. kr. á mánuði. Af þessu leiddi, að tekjur ríkissjóðs af verðtolli, sem áætlaðar höfðu verið 268 millj. kr., reyndust ekki meiri en 246 millj. kr., og svipuð hljóta áhrifin að hafa orðið á tekjur útflutningssjóðs, þó að tölur liggi ekki fyrir um það.

Þess má vænta nú, að með þeirri föstu framkvæmd innflutnings- og gjaldeyrismála, sem nú hefur verið upp tekin, geti raunverulegur innflutningur orðið í miklu meira samræmi við áætlanirnar en hann var á árinu 1958, enda hefur áætlunin nú verið undirbúin í samráði við alla þá aðila, sem um þessi mál eiga að fjalla, og endanlega staðfest af ríkisstj. og á hana fallizt af seðlabankanum.

Að því er sjálfa greiðslujafnaðaráætlunina snertir, sem liggur til grundvallar innflutningsáætluninni, er það að segja, að hún verður að teljast varlega áætluð. Útflutningurinn er áætlaður 1050 millj. kr., en það er nærri meðaltali útflutningsframleiðslu áranna 1957 og 1958. Reiknað er með notkun þeirra erlendu lána, sem þegar hefur verið samið um, og enn fremur nýs láns frá Bandaríkjastjórn, sem ríkisstj. gerir ráð fyrir að samið verði um á næstunni. Er því ekki ástæða til að halda annað en gjaldeyrir verði fyrir hendi til að standa við innflutningsáætlunina.

Um aðra tekjuliði er það að segja, að þeir hafa yfirleitt verið byggðir á reynslu ársins 1958. Við áætlun bílaskattsins hefur þó verið tekið tillit til aukins bílafjölda. Söluskattur af iðnaði og þjónustu hefur verið áætlaður nokkru lægri en hann reyndist á árinu 1958 vegna vaxandi erfiðleika á innheimtu. Tekjur af sölu áfengis og tóbaks hafa verið áætlaðar óbreyttar frá því, sem var 1958, að öðru leyti en því, að tillit hefur verið tekið til áhrifa þeirrar verðhækkunar, sem nýlega kom til framkvæmda og áætlað er að gefi í aðra hönd 25 millj. kr. árið 1959 og það þótt tillit sé tekið til þess, að þessi hækkun kom ekki til framkvæmda strax í ársbyrjun.

Það hefur tíðkazt, að væntanlegar tekjur ríkisins væru í fjárlögum áætlaðar nokkru lægri en ástæða væri til að ætla að þær mundu verða. Hefur þetta verið gert til þess að eiga nokkurn varasjóð, er gæti mætt óhjákvæmilegum umframgreiðslum. Í sambandi við þá endurskoðun á tekjuáætlun fjárlaga, er framkvæmd var við setningu útflutningssjóðslaganna í maímánuði 1958, var gert ráð fyrir því, að þessar umframgreiðslur yrðu 35 millj. kr. á árinu 1958.

Þegar tekjur fyrir árið 1959 hafa nú verið áætlaðar, hefur þessi sami háttur verið hafð-

ur á, að áætla tekjurnar nokkru lægri, til þess að hægt sé að mæta umframgreiðslum. Á hinn bóginn er nú ekki gert ráð fyrir meira en 15 millj. kr. til að mæta þeim greiðslum. Ber tvennt til þess, að ríkisstj. telur fært að hafa þá áætlun svo lága: Í fyrsta lagi hafa umframgreiðslur á undanförnum árum að miklu leyti staðið í sambandi við hækkanir á kaupgreiðsluvísitölu og auknar niðurgreiðslur, en vonir standa til, að umframgreiðslur af þessum ástæðum verði litlar á árinu 1959. Í öðru lagi mun ríkisstj. gera sér sérstakt far um að komast hjá öllum hækkunum greiðslna umfram það, sem fjárlög gera ráð fyrir, og mun ganga ríkt eftir því við ráðuneyti og ríkisstofnanir, að þær hagi rekstri sínum og framkvæmdum á árinu þannig, að ekki þurfi til umframgreiðslna að koma.

Ég hef þá í stórum dráttum gert grein fyrir því, hvernig sú tekjuáætlunarhækkun er fengin, sem ríkisstj. hefur gert að till. sinni, og virðist mér, að ekki geti leikið á því vafi, að ef ekki ber eitthvað alveg sérstakt út af, þá megi reikna með því, að þessar tekjuáætlanir standist.

Þá er næsti liðurinn í tekjuhækkuninni, að tekinn verði inn í fjárlagafrv. á 2. gr. sá greiðsluafgangur, sem varð á árinu 1958 og eftir er, þegar búið er að greiða hallann frá 1957, eða 25 millj. kr. Um það ætti í raun inni ekki að þurfa að deila, að þessar tekjur eiga auðvitað að renna beint í ríkissjóð til að mæta útgjöldum komandi árs. Þessara tekna hefur verið aflað með því að leggja hærri skatta og hærri álögur á þjóðina en reynzt hafa nauðsynlegar á s. l. ári til þess að mæta útgjöldum, og það væri fráleitt að ætla að fara að leggja nýja skatta á, en eiga þetta fé frá fyrra ári.

Næsti liður, sem tekinn er inn í tekjubálkinn, er svo 30 millj. kr. í aðflutningsgjöld í sambandi við vélar og áhöld til Sogsvirkjunarinnar. Ég þóttist verða þess var í einni ræðu hér í dag, að ræðumaður teldi, að eitthvað af þessum 30 millj., sem tengdar eru við Sogið, væru vegna aðflutningsgjalda af vélum og áhöldum til rafveitna ríkisins vegna rafveitna dreifbýlisins. Svo er ekki. Það er ekki gert ráð fyrir því, að neitt af þessum 30 millj. kr. sé vegna aðflutningsgjalda fyrir rafveitur ríkisins. Hér er eingöngu um að ræða aðflutningsgjöld af vélum og tækjum til Sogsvirkjunarinnar. Helmingur af þessari upphæð er fyrir vélar og tæki, sem þegar eru komin til landsins, en hinn helmingurinn er fyrir vélar og tæki, sem eru að koma og koma á þessu ári. Fyrrv. ríkisstj. hafði gert ráðstafanir til þess að greiða fyrir því, að Sogsvirkjunin gæti fengið lán, svo að hægt væri að greiða þessar 30 millj. kr. í aðflutningsgjöld fyrir Sogið. Hafði ríkisstj. í samstarfi við stjórn Sogsvirkjunarinnar rætt um það við seðlabankann, að hann lánaði eða leitaðist við að útvega lán til þess að greiða ríkissjóði þessi aðflutningsgjöld. Árangurinn af því varð sá, að í samráði við seðlabankann bar fyrrv. ríkisstj. fram frv. um það, að boðið yrði út innanlands 30 millj. kr. lán til Sogsins, sem seðlabankinn tæki að sér að selja. Lán þessi áttu að vera bundin við vísitölu rafmagns, við raforkuvísitölu. Hafði seðlabankinn hálft í hvoru lofað því að reyna að selja þessi bréf og talið þau líkleg til sölu og a. m. k. gefið einhvern ádrátt um að tryggja sölu á einhverjum hluta bréfanna. Í meðförum þingsins var frv. hins vegar breytt í það horf, að rafmagnsvísitalan var tekin út úr frv., en sú almenna vísitala í sambandi við bréfin tekin inn í staðinn. Þetta leiddi til þess, að seðlabankinn vildi kippa að sér hendinni um sölu bréfanna. Málið hefur nú verið tekið aftur upp við seðlabankann á þeim grundvelli, að frv. yrði fært í sitt upphaflega horf og seðlabankinn tæki síðan að sér sölu bréfanna og jafnvel tryggði það, að allar 30 millj. kr. seldust. Seðlabankinn hefur fallizt á að taka bréfin til sölu og reyna að selja þau með þessum skilyrðum, og ef frv. verður fært aftur í sitt upprunalega horf, þá reikna ég með því og treysti því, að seðlabankinn ábyrgist sölu á heildarupphæðinni og taki sjálfur að sér það, sem ekki selst á hinum frjálsa markaði. Ég treysti því, að þetta verði svo í framkvæmd, og ég hef fullkomna ástæðu til þess að tala þannig.

Þá hef ég þegar lokið við að ræða um þá liði í *tillögum stjórnarinnar og 1. minni hl.* fjvn., sem lúta að því, að tekjur ríkisins skuli áætlaðar hærri en þær eru í fjárlagafrv., og vil ég þá koma að því að ræða um tillögur okkar um niðurskurðinn.

Lagt er til, að felld verði niður útgjöld úr fjárlagafrv., sem nema tæpum 50 millj. kr.

Einn fyrsti liðurinn í þessum tillögum er sá, að af fjárfestingarupphæðum fjárlaganna, samtals 165 millj. 950 þús. kr., verði tekin 5%. Nemur þessi lækkun samtals um 8.3 millj. kr. Þarna eru þó ekki teknir með allir þeir liðir, sem fjárfestingarliðir geta talizt. Undan hafa verið skildar fjárveitingar til vega, brúa og hafna, svo og þeir liðir aðrir, sem sérstaklega er lagt til að lækkaðir séu meira en þessum 5% nemur. Þessar tillögur um að lækka fjárfestingarliðina um 5% hafa mjög verið ræddar undir umræðunum hér í dag og mikið um það talað, að hér sé verið að lækka verklegar framkvæmdir. Allar eru þessar hugleiðingar á miklum misskilningi byggðar. Langsamlega flestir þeir liðir, sem lagt er til að lækkaðir verði um þessi 5%, eru hinar og þessar byggingarframkvæmdir og annað, sem til slíks *má jafna. En í því sambandi verða menn* að hafa í huga, að þegar fjárlagafrv. var samið og þær till. gerðar, sem í því felast, þá var reiknað með kauplagsvísitölu 183 stig. Samkv. þeim ráðstöfunum, sem nú hafa verið gerðar, er kauplagsvísitalan ekki nema sem svarar 175 stigum. Sú lækkun, sem þarna er lögð til, þessi 5%, er því að nokkru og verulegu leyti til þess að mæta þeirri lækkun, sem raunverulega verður við kostnað þeirra framkvæmda, sem þessar 165 millj. kr. eru ætlaðar til. 8.3 millj. kr. lækkunin er því ekki

nema að mjög takmörkuðu leyti raunveruleg lækkun, heldur tilfærsla til samræmis við þá lækkun, sem gerð hefur verið á vísitölunni. Ég vil í þessu sambandi bara minna á það eitt, að við það, að vísitalan var lækkuð úr 183 stigum niður í 175, þá lækkuðu þeir útgjaldaliðir fjárlaga, sem hafa að geyma laun til opinberra starfsmanna og verkamanna, um 22 millj. kr. Svona mikið verkaði þessi lækkun að þessu leyti. Og þó að það hafi ekki verið reiknað nákvæmlega út, enda er mjög erfitt að gera það, þá svarar þessi lækkun, sem hér er á ferðinni á fjárfestingarliðunum, að langsamlega mestu leyti til lækkunarinnar á vísitölunni.

Ég ætla ekki að rekja hér sérstaklega einstaka liði í þeim lækkunartillögum, sem 1. minni hl. fjvn. hefur borið fram í samráði við ríkisstj. Hins vegar ætla ég að víkja að þeim þeirra, sem sérstaklega hafa verið gerðir að umræðuefni í dag, og svara þeim athugasemdum, sem fram hafa komið við þá hvern og einn.

Hv. formaður fjvn. tók fyrstur til máls í dag. Hann ræddi ýtarlega fram og aftur um þessa liði og tók vel undir suma þeirra, þó að hann hefði sínar aths. við aðra að gera. Hann lét þess að vísu getið, að lítið mark væri hægt að taka á viðleitni til niðurfærslna, þegar samtímis væru lögð fram frumvörp um stórfellda útgjaldaaukningu og fjölgun embætta. Í sambandi við þessa aths. formanns fjvn. vil ég aðeins taka það fram, að ég minnist þess ekki, að frá stjórninni liggi nú fyrir þinginu nein þau frv., sem hafa muni í för með sér útgjöld í sambandi við afgreiðslu fjárl. Ég minnist þess ekki, að slík frumvörp séu á ferðinni í þinginu nú.

Um nokkrar af þeim till., sem lagðar hafa verið fram til útgjaldalækkunar á fjárl., gat formaður fjvn. þess, að þær væru ekki raunhæfar og væru ekki í samræmi við lög, og nefndi hann einstakar tillögur í þessu sambandi. Hann ræddi sérstaklega um þá till., að til þess er ætlazt, að framlag til skóla lækki um 5%, eins og flestar aðrar fjárfestingartillögur. Frsm. 3. minni hl. ræddi um þetta líka og var mjög hneykslaður á því, hversu hart væri gengið að um framkvæmdir í skólabyggingum. Það var líka tekið fram í umr., að framlög til skóla væru lögbundin, þannig að tillögur, sem ætluðu að hlíðra sér hjá að fullnægja þeirri lagaskyldu, væru ekki raunhæfar. Það er rétt, framlag til skóla er lögbundið, en samkv. ákvæðum laga á skólakostnaður samkv. áætlun að greiðast á fimm árum, og eru engin ákvæði í l. um það, hvernig milli ára skuli skipt, þannig að þetta þarf ekki að rekast á og rekst ekki á ákvæði laga um þetta. Ég vil líka minna á, að að svo miklu leyti sem um er að ræða framlög til skólabygginga, sem ekki er þegar búið að vinna fyrir, en unnið verður fyrir á þessu ári, þá á það við, sem ég sagði áðan í sambandi við lækkun vísitölunnar. En þar fyrir utan vil ég benda á, að ef maður ber þá fjárveitingu, sem nú er ætluð til skólabygginga, eftir að þessi 5% lækkun hefur komið til framkvæmda, saman við það, sem veitt var í fyrra, og það, sem fyrrv. fjmrh. lagði til, þá verður engan veginn sagt, að ósanngjarnlega sé á málum skólanna tekið eða þeir séu beittir neinu harðræði með niðurskurði. Samkv. fjárlögum fyrir árið 1958 var framlag til barnaskóla og skólastjórahúsa 9 millj. 760 þús. kr. Fyrrv. fjmrh. lagði til, að þessi upphæð væri hækkuð á árinu 1959 í 11.3 millj. kr. 1. minni hl. eða réttara sagt öll fjvn. hefur orðið sammála um að hækka þessa 11.3 millj. kr. till. fyrrv. fjmrh. upp í 12.5 millj. kr., og þegar 5% hafa verið dregin frá, þá er fjárveitingin, þegar upp er gert, hálfri millj. kr. hærri en lagt er til í fjárlagafrv. Það er öll harðneskjan, sem þarna er beitt. Um gagnfræðaskólabyggingarnar er það að segja, að á fjárlögum fyrir árið 1958 voru þær 3.6 millj., í fjárlagafrv. er lagt til, að þær verði um 4.4 millj., en samkv. tillögum fjvn. að frádregnum 5% verða þær 4.7 millj. kr., þ. e. a. s. hærri en lagt var til í fjárlagafrv. Fjárveitingar til skólabygginga eru því þarna raunverulega hækkaðar, ekki aðeins frá því, sem var í fyrra, heldur einnig frá þeim tillögum, sem fyrir liggja í fjárlagafrv. sjálfu.

Þá minntist formaður fjvn. í ræðu sinni nokkuð á till. um að fella niður kostnað við framkvæmd orlofslaganna. Það er rétt, sem hann sagði, að eins og orlofslögin eru nú, þá er óhjákvæmilegt, að af framkvæmd þeirra verður nokkur kostnaður. Það gera orlofsmerkin, prentun þeirra og kostnaður við úthlutun þeirra. Ríkisstj. hefur hins vegar til samið frv., sem verið er að leggja fyrir þingið, um að afnema þessi orlofsmerki, þannig að kostnaðurinn fellur þar með niður. Við framkvæmd orlofslaganna hefur það komið í ljós, að orlofsmerkin hafa ekki náð sínum tilgangi, það hefur verið mjög fram hjá þeim gengið, og þau hafa ekki verið sú leið, sem menn héldu í upphafi, til þess að sjá um, með hverjum hætti menn tækju sitt orlof.

Þá hefur verið minnzt á það, að till. um að fella niður kostnað við skipaeftirlitið sé ekki raunhæf, vegna þess að ríkissjóður geti ekki haft af skipaskoðuninni meiri tekjur en skipaskoðunarlögin heimili og þurfi lagabreytingu, til þess að tekjurnar verði auknar. Þetta er rétt. Skoðunargjöldin eru ákveðin í lögum, og þegar þau lög voru upphaflega sett, þá var út frá því gengið, að tekjur skipaskoðunarinnar mættu til fulls útgjöldunum. Vegna vaxandi dýrtíðar hefur þetta ekki tekizt og nokkur halli orðið á skipaeftirlitinu. En á s. l. hausti var borið hér fram stjórnarfrv. um að breyta skipaskoðunarlögum þannig, að skoðunargjöldin skuli ákveðin með reglugerð, og það haft í huga, að þau nægi til að mæta útgjöldunum. Þetta frv. er komið til 2. umr. í síðari deild, og er þess að vænta, að því verði hraðað gegnum þingið, enda hefur það ekki mætt neinni andstöðu. Ætti þá að mega ákveða með reglugerð slíkar tekjur fyrir skipaeftirlitið, að ekki þyrfti þar að vera um halla að ræða. Á það var að vísu bent

af formanni fjvn., að aðalskoðun skipa í ársbyrjun hefði þegar farið fram og væri ekki hægt að auka tekjurnar að því er hana varðar. Það er að vísu rétt, aðalskoðunin hefur farið fram. En að því er ég bezt þekki til, og hef ég þar nokkra reynslu, þá eru þessi gjöld ekki innheimt fyrr en löngu eftir að skoðunin fer fram, og ætti að vera vandalítið að láta reglugerðina gilda fyrir allt árið, enda eru þau gjöld, sem fyrir skipaskoðun eru greidd, svo lág, að það munar alveg hverfandi lítið um hækkun á þeim fyrir þá, sem eiga að greiða.

Þá hefur og verið að því vikið, að till. um að lækka alþingiskostnaðinn um ½ millj. kr. sé óraunhæf. Till. er byggð á því, að hægt sé að stytta þingið nokkuð frá því, sem verið hefur. Þetta er vissulega raunhæf till. og vandalaust að framkvæma hana. Till. fjárlagafrv. er miðuð við svipaðan þingtíma og var í fyrra. Þá lauk þinginu ekki fyrr en í byrjun júní, og það kom saman í byrjun októbermánaðar. Nú er ljóst, að þessu þingi á að geta lokið ekki fjarri næstu mánaðamótum. Að vísu þarf að koma saman þing í sumar, sem þó ætti ekki að þurfa að standa nema stuttan tíma, vegna þess að það hefur svo takmarkað hlutskipti. En sú venja, sem gilt hefur til þessa, að láta þingið koma saman í byrjun október haust hvert, virðist vera mjög óheppileg og brýn nauðsyn á að breyta henni. Þingið hefur verið hér frá því í októberbyrjun fram að jólum án þess að leysa nema tiltölulega lítið starf af hendi, og virðist með öllu ástæðulaust, að þingið komi saman fyrr en í byrjun nóvembermánaðar eða í nóvembermánuði, og ætti þarna að mega spara einn mánuð á þessu þingi, annan mánuð á þinginu, sem kemur saman í haust, þó að stutt þing í sumar ætti að koma þar til frádráttar. Þessi till. er því síður en svo óraunhæf.

Þá hefur verið rætt talsvert um till. um að skera niður fjárveitingu til flugvallagerða frá því, sem er í fjárlagafrv. Niðurskurður sá, sem hér er um að ræða, er þó ekki meiri en svo, að upphæð sú, sem ætluð er til flugvallagerða, er næstum því sú sama og var í fjárl. fyrir 1958. Upphæðin, sem eftir stendur í fjárlagafrv., er næstum því sú sama og var á fjárlögum ársins 1958, og þótti það þó rífleg fjárveiting þá. Vil ég enn á ný minna á í þessu sambandi, að niðurfærsla vísitölunnar kemur að sjálfsögðu flugvallabyggingunum til góða í mjög ríkum mæli. En það er annað í sambandi við þetta, sem þó er alveg sérstök ástæða til að víkja að. Það hefur verið talað mikið um það hér í umr., að verið sé að skera niður fjárveitingar til hinna og þessara flugvalla úti á landi. Það er talað um, að verið sé að þrengja að á hinum og þessum stöðum með því að neita um fjárveitingar til flugvallagerða. Allar þessar fullyrðingar eru mjög villandi og beinlínis rangar. Fjvn. sendi erindi til flugráðs og óskaði eftir því við flugráð, að það gerði tillögur um skiptingu á flugvallafénu. Flugráð gerði þetta. Till. þær, sem 1. minni hl. fjvn. ber hér fram, eru að því er varðar flugvallagerðir úti um land nákvæmlega þær sömu og flugráð lagði fyrir fjvn. Þar er ekki gerð till. um neinn niðurskurð. Allir þeir flugvellir úti á landi, sem taldir eru upp í tillögum 1. minni hl. fjvn., eru þar tilfærðir með þeim fjárveitingum, sem flugráð lagði til að í þessa velli yrðu settar. Allur sá harmagrátur, sem hafður hefur verið hér um það, að 1. minni hl. fjvn. sé að leggja til, að eitthvað sé tekið þarna af flugvöllum úti á landi, er því helber fjarstæða. Tillögur minni hl. eru þær till. að því er þetta varðar, sem flugráð afhenti nefndinni.

En hvað er það þá, sem verið er að skera niður, að því er varðar flugvallatillögurnar? Hvernig er þeirri upphæð náð, sem minni hl. og ríkisstj. vill fá fellda niður þarna? Aðaluppæðin, sem þarna er um að ræða, eða rösk ein millj. kr., er vegna vissra tækja, sem keypt hafa verið til landsins og verið er að setja niður, en ekki er búið að ganga frá enn þá. Uppi eru a. m. k. raddir um það, að á þessum tækjum séu nokkrir gallar, og uppi hafa verið raddir um það, að krefjast beri afsláttar á kaupverði tækjanna. Von er á mönnum frá seljendunum erlendis frá til að setja þessi tæki upp, gera við þau, þannig að þau séu fullkomlega nothæf, og þá verður við þá rætt um þennan afslátt og jafnframt reynt að semja um það, með hverjum hætti tækin skuli greidd. Það virðist a. m. k. fráleitt, að á meðan ekki er búið að ganga frá þessum tækjum og meðan fyrir dyrum eru samningar út af kaupverði þeirra og greiðslu þess, sé verið að taka upp fjárveitingu til þeirra til þess að mæta öllu hinu upphaflega áætlaða og umtalaða kaupverði.

Þá er lagt til, að fjárveiting til Reykjavíkurflugvallar, byggingar hér á Reykjavíkurflugvelli, verði lækkuð úr 1½ millj. í 1¼ millj., eins og flugráð hafði lagt til. Það þarf víða að spara og margt að skera niður, og með hliðsjón af þeim fjárveitingum, sem að undanförnu hafa verið látnar til Reykjavíkurflugvallar, er það afar vel í lagt, að hann fái á árinu 1959 1¼ millj. kr. Það hefur verið óskað eftir því oft áður og lengi gengið eftir því að fá einhverja fjárveitingu til Reykjavíkurflugvallar til þess að byggja flugstöðvarbyggingu hér. Það hefur löngum verið daufheyrzt við því. Nú er í fyrsta skipti orðið við þessum tilmælum, og það verður að teljast rausnarlega við þeim brugðizt að láta 1¼ millj. í þetta, a. m. k. er þarna um miklu meiri rausn að ræða en þá, sem þeir, sem áður hafa haft með þessi mál að gera, bæði fjármál og flugmál, hafa séð sér fært að láta í té.

Þá hefur einnig verið rætt um þá till. að lækka áætlun um ábyrgðargreiðslu úr 30 millj. í 20 millj. Hefur verið talað um, að þetta væri óraunhæf áætlun, því að ábyrgðargreiðslurnar yrðu miklu meiri. Ábyrgðargreiðslur ríkissjóðs eru orðnar býsna alvarlegt mál. Ábyrgðir þær, sem ríkið er í, eru sjálfsagt yfir 1000 millj. kr. Sú upphæð er ekki nákvæmlega þekkt, vegna þess að ekki er vitað

um, hvernig allar ábyrgðarskuldir standa. En á því virðist lítill vafi vera, að hér sé um upphæð að ræða, sem ekki er minni en einn milljarður. Vegna þessara ábyrgða hefur ríkið greitt út umfram það, sem hægt hefur verið að innheimta aftur, yfir 100 millj. kr., og er það að langsamlega mestu leyti á síðari tímum. Hér er á ferðinni svo alvarlegt mál, að óhjákvæmilegt er að gera einhverjar ráðstafanir til þess, að greiðslugetu ríkissjóðs verði ekki gersamlega ofboðið. Það hefur verið samþykkt þál. um, að látin yrði fara fram athugun á því, hvort ekki væri heppilegt að setja reglur eða lög um þessa hluti, og hefur ríkisstj. það mál í undirbúningi. Eins og málið horfir við frá mínu sjónarmiði, er alveg óhjákvæmilegt fyrir hvern þann, sem á þessum málum á að halda, að reyna að sýna sem allra mesta festu í því að inna af höndum greiðslur úr ríkissjóði vegna þessara ábyrgða, því að það er vitað mál, að ef ekki er haldið fast á hlutunum í sambandi við þessar greiðslur, þá verður leitað mjög þunglega þarna á. Að sjálfsögðu eru vissir hlutir, sem óhjákvæmilegt er að greiða og ekki verður með neinu móti komizt hjá. Það er líka óhjákvæmilegt í sambandi við ábyrgðargreiðslurnar að innheimta það, sem með góðu móti verður innheimt af því, sem áður er búið að greiða. Það, sem af er þessu ári, hefur ekki verið komizt hjá því að greiða vegna ábyrgða um 7½ millj. kr. Hins vegar hafa verið innheimtar af því, sem áður var búið að greiða, fullar 600 þús. kr., þannig að hallinn hjá ríkissjóði til þessa frá áramótum af ábyrgðunum er 6.8 millj. kr. Það er sannfæring mín eftir að hafa athugað þær kröfur, sem líklegt er að upp komi í sambandi við ábyrgðargreiðslur, að þá eigi að mega án þess að stofna til vandræða komast af með þær 20 millj. kr., sem lagt er til í tillögum ríkisstj. að veittar verði á fjárlögum í þessu skyni. Ég veit ekki, hvað fyrrv. fjmrh. hefur haft í huga, þegar hann samdi sínar till. að því er þetta varðar eða hversu nákvæmlega hann hefur farið út í að athuga, hvaða þarfir væru þarna á ferðinni. En ekki þykir mér ósennilegt, að hann hafi við samningu sinna tillagna haft það í huga, að á s. l. hausti var ekki hægt annað að sjá en verulegur hluti af 19 millj. kr. ábyrgð vegna Flugfélags Íslands mundi lenda á ríkissjóði, og þykist ég vita, að þessi hætta muni hafa haft veruleg áhrif á hann, þegar hann samdi sínar tillögur. Nú hefur þessari hættu verið bægt hjá. Það er sumpart rétt, sem hv. 1. þm. S-M. sagði, að hættunni hefur verið bægt frá með því, að Flugfélagið hefur getað fært til sín lán, en hitt hefur þessi hv. þm. sennilega ekki vitað um, að að mjög verulegu leyti var þessari hættu bægt frá með því, að Flugfélagið greiddi sjálft skuld, sem menn höfðu ekki gert sér vonir um að það mundi geta greitt.

Þá hefur einnig verið rætt nokkuð um viðhald þjóðvega. Eins og fram kemur í tillögunum, er lagt til, að 5% niðurfærsla verði látin taka til þess fjár, sem veitt er til viðhalds á þjóðvegum. Hv. þm. S-Þ. fór um það mörgum orðum í ræðu sinni í dag, að nú ætlaði ríkisstj. að hætta að halda vegunum við, a. m. k. að einhverju leyti, láta þá grotna niður og verða lítt umferðarfæra. Ef þetta hefði verið rétt hjá honum, þá má náttúrlega til sanns vegar færa, að hann hefði þurft að hafa slíkar áhyggjur sem hann virtist hafa hér í dag og fara um þetta jafnhörðum orðum og hann gerði. En allar voru hans hugleiðingar misskilningur frá upphafi til enda. Á árinu 1958 voru 33 millj. kr. áætlaðar til viðhalds á þjóðvegum. Í fjárlagafrv. nú er þessi upphæð hækkuð um 11 millj. kr., eða upp í 44 millj. Það hefur verið athugað, hvað vegaviðhaldið hefur kostað á s. l. ári. Sú athugun leiddi það í ljós, að kostnaður við vegaviðhaldið í heild hefur verið um 41 millj. kr. En við það er tvennt að athuga. Af þessari 41 millj. kr. er nokkur fjárhæð, sem tekin hefur verið frá og er geymd til þess að gera við þá vegi, sem spilltust í rigningunum á s. l. hausti og ekki var hægt að koma af að gera við, auk þess sem árið í fyrra, árið 1958, var óvenjulega erfitt að því er vegaviðhaldið varðar. Veðráttan veturinn 1957—58 var sérlega óhagstæð að því er vegina varðar, og þurfti því að verja til þeirra óvenjulega miklum fjárhæðum. Veturinn í vetur hefur verið miklu betri að þessu leyti. Engu að síður er lagt til, að í vegaviðhaldið 1959 verði varið ríflega þeirri upphæð, sem varið var í fyrra, og er þá ekkert tillit tekið til þess, að kauplagsvísitalan hefur lækkað úr 183 niður 175. Þær ásakanir, sem sérstaklega hv. þm. S-Þ. bar á ríkisstj. fyrir, að hún ætlaði sér að fara að vanrækja vegina með því að hætta að halda þeim við, hafa því ekki meiri stoð í raunveruleikanum en þann, að fjárhæðin, sem nú er ætluð til vegaviðhalds, er ekki minni en hún var á árinu 1958, og verður þó vegaviðhaldið á árinu 1959 áreiðanlega ekki dýrara en það var 1958 vegna vísitölulækkunarinnar og vegna betra árferðis nú. [Frh.]

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 403, 405, 408, 409, sem voru of seint fram komnar, og skrifl. brtt. (sjá þskj. 424 og 425) leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv. — [Fundarhlé.]

Utanr.- og fjmrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson) [frh.]: Herra forseti. Er fundarhléið var gefið, var ég að ljúka við að gera grein fyrir tillögum um fjárveitingar til viðhalds þjóðvega. Ég kem þá næst að ræða nokkuð um skipaútgerðina. Lagt er til, að fjárveiting til hennar sé lækkuð um 6 millj. kr. Eins og áður hefur verið fram tekið, byggist þessi lækkun á því, að skipaútgerðin þurfti ekki á 4 millj. kr. að halda á s. l. ári af þeirri fjárveitingu, sem henni var ætluð. Fékk skipaútgerðin þó ekki þá tekjuhækkun, sem henni var veitt, fyrr en í septembermánuði s. l., þannig að hún naut ekki þess tekjuauka nema mjög óverulegan hluta af árinu. Auk þess er þessi till. byggð á því, að að undanförnu hef-

ur skipaútgerðin greitt yfir 3 millj. kr. í tryggingariðgjöld af skipum sínum. Um áramótin voru skipin tekin úr tryggingu, vegna þess að reynslan hafði sýnt, að kostnaður vátryggingarfélaga við viðgerðir á skipunum var ekki nema tiltölulega lítill hluti af iðgjaldinu, og þótti því borga sig betur að taka skipin úr tryggingu. Að sjálfsögðu fylgir þessu nokkur áhætta, en þetta er þó sá háttur, sem víða er á hafður hjá þeim, sem mörg skip eiga, að þeim þykir heppilegra að hafa þau í eigin tryggingu. Með tilliti til þessa held ég, að áætlunin um skipaútgerðina verði að teljast eðlileg.

Hv. þm. S-Þ. sagðist telja það mjög óráðdeildarlegt af ríkisstj. að hafa tekið skipin úr tryggingunum, og hann gat þess um leið, að hann tæki forstjóra skipaútgerðarinnar mjög trúanlegan og vildi fara eftir hans tillögum. Hann gat þess að vísu í sambandi við annað, en þetta sýndi þó þá trú, sem hann hefur á forstjóranum. Nú get ég upplýst þennan hv. þm. um það, að skipin voru úr tryggingu tekin samkv. till. forstjórans, og vænti ég, að þessi þm. breyti því snarlega um skoðun um þetta atriði, ef hann ætlar að halda sinni trú á forstjóranum.

Hv. þm. S-Þ. ræddi mikið um niðurskurðar- og sparnaðarliði ríkisstj., og það var alveg sama, hvert hann leit og hvar hann gætti að, hann sá aldrei og hvergi nokkurn skapaðan hlut, sem hægt var að spara. Hvergi var hægt að færa neitt niður, öllu var svo vel í hóf stillt, að lengra varð ekki komizt niður á við.

Það kann að vera, að þetta sé raunverulega skoðun þessa hv. þm. En illa trúi ég því, að sveitungar hans í Suður-Þingeyjarsýslu séu honum sammála um það, að svo vel og sparlega sé haldið á fjármálum ríkisins, að þar megi hvergi neitt spara. Ég hygg, að hans sveitungar gætu e. t. v. bent honum á einhvern lið í ríkisbúkkninu, sem mætti niður færa, og einhverja hluti, sem eitthvað mætti spara á, og verð ég sannast að segja að halda, eftir að ég hlustaði á ræðu hv. þm. S-Þ. hér áðan, að honum veitti ekki af slíkum ábendingum, því að hvergi sá hann neitt sjálfur. Hann minntist auk þeirra liða, sem ég hef talað um hér áður, sérstaklega á nokkra, sem ég vil víkja að.

Hann talaði um það, að lagt er til, að felldar séu niður úr fjárlagafrv. 2 millj., sem veittar eru til kaupa á jarðræktarvélum. Það hefur komið fram í umr., að fyrir nokkrum árum voru sett lög um þessi vélakaup. Var þar ákveðið, að verja skyldi 6 millj. kr. til vélakaupanna og þær veittar úr ríkissjóði á þremur árum með 2 millj. kr. árlega. Á s. l. ári var lokið við þessar fjárveitingar. Þær voru þá að fullu veittar og fullu greiddar, en ekki var notaður af þeim á síðasta ári nema tæpur helmingur, og er 1.2 millj. kr. geymd hjá ríkissjóði. Þm. minntist á, að það hefði ekki verið hugmyndin, að þessar fjárveitingar skyldu niður falla, þegar þessi þriggja ára tími, sem lögin ákváðu, væri liðinn. Ég hygg, að þetta sé einhver misskilningur hjá þessum hv. þm., því að ég veit ekki betur en það væri einmitt gert ráð fyrir því, þegar lögin voru sett, að þau væru sérstaklega miðuð við þennan tíma, og engu slegið föstu um það, hvað skyldi gerast að honum loknum.

Þá minntist hann á tollgæzluna utan Reykjavíkur og taldi, að þar væri ekkert hægt að spara. Fjárveiting á s. l. ári í þessu skyni var 1.7 millj. kr. eða rösklega það, en frv. gerir ráð fyrir nú, að í þetta sé veitt 2 millj. 55 þús. kr. Á allra seinustu tímum hefur tollþjónum verið fjölgað talsvert úti á landi, og þeir, sem skyn bera á tollgæzlu og þarfir í þeim efnum, geta ekki almennilega áttað sig á, hvað sumir af þessum tollþjónum geta verið að gera, með hliðsjón af því, hvar þeir eru staðsettir. Við tollgæzlu virðist þeirra ekki þörf, og virðist eðlilegt og sjálfsagt að spara á þessum lið. Það er að vísu rétt, að sumum af þessum mönnum þarf að segja upp með fyrirvara, en alls ekki öllum, og hefur fjmrn. þegar í undirbúningi aðgerðir í þeim efnum.

Þá hefur verið minnzt hér á atvinnuaukningarféð og það átalið, að lagt er til að færa það niður um 3½ millj. kr. Ég vil ekki draga í efa þörf á fjárveitingu í þessu skyni og veit, að hún hefur komið að miklu gagni, þangað sem hún hefur verið veitt, hvað sem um þá veitingu er nú yfirleitt að segja. En við þetta er þó að athuga, að nú er farið að veita lán úr atvinnuleysistryggingasjóði í mjög stórum stíl. Þar er um það verulegar fjárhæðir að ræða, að þær geta komið a. m. k. að einhverju leyti til þess að bæta upp, þó að dregið verði úr atvinnuaukningarfénu.

Þá hefur hér verið minnzt á það, að 5% niðurskurðurinn á að taka til jarðræktarstyrkjanna, og þetta talið fráleitt, vegna þess að þeir eru bundnir með lögum. Það er rétt. Greiðsla jarðræktarstyrkja er ákveðin í lögum og fer eftir ákveðnum reglum. Fé það, sem greitt verður í þessu skyni á árinu 1959, er veitt fyrir jarðarbætur unnar á árinu 1958. Á árinu 1958 var greidd rösklega 21 millj. kr. fyrir jarðarbætur unnar 1957, og mér er svo frá skýrt, að jarðarbæturnar 1958 hafi sízt verið meiri en 1957, þannig að á árinu 1959 á ekki að vera þörf hærri fjárveitingar í þetta en það, sem notað var á s. l. ári. Þarna mætti því jafnvel koma til meiri niðurfærsla en þessum 5% nemur, þannig að hægt verði að standa að fullu við allar þær skuldbindingar, sem á ríkissjóði hvíla lögum samkvæmt.

Þá hefur loks nokkuð verið rætt um það, að lagt er til að fella fjárveitingu út úr fjárlagafrv. til stjórnarráðshúss, 1 millj. kr. Það hefur verið minnzt á það hér, að leiga sú, sem ríkið borgar fyrir sínar skrifstofur í bænum, sé það mikil, að það megi ekki dragast að koma stjórnarráðshúsinu upp og þess vegna megi þessi fjárveiting ekki niður falla. Ég skal sízt af öllu gera lítið úr þeirri þörf, sem er hér orðin á byggingu stjórnarráðshúss. Hún er brýn, og hún er mikil. En við þetta er það að athuga, að nú eru til í sjóði til þessara framkvæmda 8 millj. kr. eða ríflega það.

Þessir peningar liggja ónotaðir, og ég hygg, að það lægi langtum beinna við að hefja nú hið allra fyrsta byggingu á stjórnarráðshúsi, til þess að það kæmist upp, eins fljótt og hægt væri, og það er áreiðanlegt, að þó að þessi fjárveiting falli niður nú og hægt væri á þessu ári að byrja á byggingunni, þá mun það ekki tefja framkvæmdirnar hið allra minnsta.

Dálítið fannst mér það koma úr óeðlilegri átt, þegar hv. 1. þm. S-M. var að hneykslast mjög á því, að þessi fjárveiting skyldi látin niður falla og byggingu stjórnarráðshúss ekki hrundið í framkvæmd hið fyrsta. Hann hefur nú sjálfur haft um allmörg ár möguleika á því að hrinda þessari byggingu í framkvæmd, hann hefur haft góðar fjárfúlgur til að byrja þá starfsemi og komast vel á veg með hana, hann hefur haft síðasta árið 8 millj., talið er, að byggingin kosti öll röskar 12 millj. kr., þannig að vel hefði hann getað byrjað á þessari byggingu og hafið þannig þann sparnað, sem ríkissjóði er þörf á í sambandi við húsaleiguna. Og það má minna á, að ekki hefur alltaf verið passað eins vel upp á og skyldi, að ríkissjóður og ríkisstofnanir kæmu yfir sig húsnæði til þess að þurfa ekki að leigja hjá öðrum og hafa þannig af því stór útgjöld. Það er t. d. svipað, að Áfengisverzlun ríkisins á stórar fjárhæðir í byggingarsjóði. Hún hefur mikla þörf á því að byggja yfir sig sjálf og borgar stórar leigur og hefur af því mikil útgjöld. En ég veit ekki betur en að þessum sjóði hafi að verulegu leyti verið varið til þess að lána privatmönnum hann, svo að þeir gætu byggt og síðan leigt Áfengisverzlun ríkisins og étið sjóðinn upp. Það er líka vitað um útvarpið. Það á stóra sjóði, það hefur mikla þörf fyrir húsnæði og er í stórkostlegum húsnæðisvandræðum. Byggingarsjóður útvarpsins hefur verið lánaður öðrum, og útvarpið verður að leigja og éta sína sjóði upp. Mér finnst, að þeir, sem hafa farið þannig með byggingarsjóði opinberra stofnana, ættu ekki að vera að deila á okkur, þó að við á þessu ári viljum spara þessa milljón í húsbyggingarsjóð stjórnarráðsins, þar sem vitað er, að nægt fé er fyrir hendi til þess að ráðast í bygginguna þegar í stað og halda látlaust áfram þetta ár og fram á það næsta, án þess að á þeirri millj. kr. þurfi að halda, sem hér er verið að fella niður.

Ég hef þá gert nokkra grein fyrir þeim tillögum til lækkunar, sem hér hafa verið bornar fram og athugasemdir hafa verið gerðar við. Virðast mér allar þær athugasemdir, sem fram hafa komið, vera hinar ósanngjörnustu og óeðlilegustu og till. þær til niðurfærslna, sem bornar hafa verið fram, í alla staði eðlilegar og raunhæfar.

Ég ætla þá aðeins að víkja nokkrum orðum að þeirri till., sem hv. 2. minni hl. fjvn. hefur borið hér fram um niðurfærslu á útgjaldahlið fjárlaganna.

Ég get tekið undir það með tillögumanni, að í rekstri sjálfs ríkisins og stofnana þess má spara mikið og stórar fjárhæðir, og á þetta vissulega við margar af þeim greinum, sem nefndar eru í hans till. hér. Hitt er annað mál, að það tekur talsvert mikinn undirbúning og talsverða vinnu að koma á þeim breyt., sem nauðsynlegar eru, til þess að slíkar niðurfærslur geti komizt í framkvæmd. Sá tími, sem núv. ríkisstj. hefur haft til umráða og hefur til umráða, er það takmarkaður, að það er með öllu vonlaust fyrir hana að gera þær breyt. þannig, að raunhæfar verði. En af þeirri reynslu og þeim kynnum, sem ég hef haft af þessum hlutum, þá er það sannfæring mín, að mikið megi niður færa og mikið megi spara í ríkisbákninu. Það hefur verið minnzt á utanríkismálin í þessu sambandi og minnzt á fækkun sendiráða. Á það atriði var líka minnzt í fyrrv. ríkisstjórn. Ég benti á það, að sú samfærsla og sá sparnaður, sem mér finnst að þar liggi beinast við og nauðsynlegt er að koma á, sé samfærsla hinna tveggja sendiráða, sem við höfum í París. Sú samfærsla er nauðsynleg, hún er sjálfsögð. En til þess að hún geti orðið raunveruleg og einhver sparnaður að henni, þarf að gera vissar ráðstafanir, sem þegar eru í undirbúningi og athugun hjá ríkisstj. En á meðan það mál er ekki lengra á veg komið en nú er, mundi vera óraunhæft að færa niður útgjöld fjárlaga í sambandi við það.

Um aðra einstaka liði í þessum till. held ég að ekki sé ástæða til að ræða umfram það, sem fram hefur komið í ræðu minni hér á undan.

Hv. 1. þm. S-M. ræddi nokkuð um fjárlögin í heild og afkomu útflutningssjóðs og fannst allar þær aðgerðir, sem hér hafa verið uppi hafðar, mjög óraunverulegar, bæði að því er varðar fjárlögin og útflutningssjóð. Hann spurði um það, hvað stjórnarflokkarnir ætluðu sér að gera í haust að því er varðar útflutningssjóðinn. Þá mundi hann áreiðanlega vanta miklar tekjur, ef unnt ætti að vera að halda framleiðsluatvinnuvegunum gangandi. Þessi hv. þm. sagði líka: Það verður ekki hægt að láta í haust eins og menn sjái ekki halla útflutningssjóðs. — Það er alveg rétt, að ef halli er á útflutningssjóði, þá er ekki hægt að láta eins og maður sjái hann ekki, frekar en ef halli er á fjárlögunum. Og þessi hv. þm. sagði líka: Það er ekki hægt að falsa fjárlög nema einu sinni. — Allt þetta sagði hann, og allt eru þetta mjög réttar og skynsamlegar hugleiðingar. En hvað gerði hann, hvað gerði þessi hv. þm.? Það er fróðlegt að athuga það. Hann stendur hér að nál. og tillögum, sem fram hafa verið bornar af flokksbræðrum hans, hv. 3. minni hl. fjvn. Þessar till. eiga að vera lausn á fjárlögum og efnahagsmálunum í heild. Og hvernig ætlar hann að leysa þau? Það er sáralítið, sem hann telur að eigi að hækka tekjuáætlunina. Það má taka tillit til hækkana á áfengi og tóbaki. Engu öðru vilja þeir bæta við að því er tekjurnar varðar. Þeir vilja ekkert skera niður, þeir vilja ekki láta taka greiðsluafganginn frá árinu 1958, og samt ætla þeir að láta endana ná saman, samt á enginn halli að vera á neinu. En hvernig gera þeir það? Þeir fella bara alveg niður allar fjár-

veitingar í sambandi við framleiðsluatvinnuvegina. Þeir strika bara með einu litlu pennastriki út þær 154 millj., sem eru það minnsta, sem framleiðsluatvinnuvegirnir verða að fá, til þess að hægt sé að halda þeim gangandi. Allt þetta vilja þeir bara strika út, öllu þessu vilja þeir sleppa. Og svo koma þessir heiðursmenn hér og segja: Það verður ekki hægt að láta í haust eins og menn sjái ekki halla á útflutningssjóði. — Það getur verið, að hann verði orðinn það stór, hallinn, einhvern tíma áður en langt um líður, að hv. 3. minni hl. fjvn. sjái hann. En ég vil spyrja: Hvað þarf þessi halli að verða stór til þess að sjá hann, úr því að þeir sjá ekki 154 millj.? En umfram allt finnst mér, að þeir, sem að slíkum tillögum standa, ættu ekki að vera að tala um ábyrgðarleysi af öðrum og ekki vera að tala um, að aðrir séu að falsa fjárlög eða tekjuáætlanir í sambandi við útflutningssjóð.

Ég hef þá gert grein fyrir þeim atriðum í þessu máli, sem ég sé ástæðu til að víkja að. Ég vil að lokum taka fram, að þegar núv. ríkisstj. var mynduð, tók hún sér fyrir hendur að vinna það verk að stöðva verðbólguna, ráða fram úr erfiðleikum framleiðsluatvinnuveganna og það án þess að leggja nýja skatta á almenning. Við þetta hefur ríkisstj. staðið. Hún hefur stöðvað vöxt verðbólgunnar og fært hana niður. Hún hefur gert þetta án þess að leggja nýja skatta á almenning. Hún hefur gert það með því að skera niður útgjöld ríkisins og hækka verðlag á áfengi og tóbaki auk annarra hliðstæðra ráðstafana.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Það er fyrst og fremst til þess að gera grein fyrir smávægilegri brtt., sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 409, að ég hef kvatt mér hljóðs. Það er brtt. við 14. gr. fjárlaga, um það, að tekinn verði upp nýr liður: til byggingar barnaskóla í Bolungavík, 150 þús. kr. Til þess er ætlazt, að þessi fjárveiting verði notuð til stækkunar barnaskólans í Bolungavík, en það er óhjákvæmileg framkvæmd. Gamli skólinn á staðnum er orðinn gersamlega ófullnægjandi. Ég leyfði mér á síðasta hv. Alþ. að flytja brtt. um það, að nokkur ný fjárveiting yrði upp tekin til stækkunar þessa skóla, en hún náði þá ekki fram að ganga. Ég hafði þá gert mér von um, að það tækist að fá hana tekna upp nú. Því miður hefur fjvn. ekki séð sér fært að verða við þeirri beiðni, og þess vegna hef ég fundið mig til knúinn til þess að flytja þessa till. Ég skal ekki rökstyðja hana frekar, aðeins láta í ljós þá von, að milli umræðna gefist tækifæri til þess að ræða þetta mál nánar við hv. n. og leiða þau rök að nauðsyn þessarar fjárveitingar, að hún fáist tekin upp.

Ég vil svo aðeins fara örfáum orðum um nokkrar verklegar framkvæmdir. Fyrst vildi ég láta í ljós ánægju mína með það, að fjvn. hefur nú lagt til, að hækkað verði allverulega framlag til svokallaðs Vestfjarðavegar, þ. e. þess vegar, sem gert er ráð fyrir að liggi af Barðaströnd yfir í Arnarfjörð og tengi þann hluta Vestfjarða, sem enn er án sambands við akvegakerfi landsins, við akvegakerfið. Á síðustu fjárlögum, fyrir árið 1958, voru veittar 400 þús. kr. á 13. gr., fé til nýbyggingar þjóðvega, til þessa vegar. Enn fremur var varið, að ég hygg, 300 þús. kr. af svokölluðu benzínfé til þessarar vegagerðar, þannig að samtals var til þessarar þjóðvegagerðar varið 700 þús. kr. Nú er lagt til, að varið verði 700 þús. kr. af benzínfé til þessarar vegagerðar, þannig að samtals mun verða varið til hennar 1.1 millj. kr.

Ég hef áður hér á hv. Alþ. rætt um nauðsyn þess að hraða akvegasambandi við Vestfirði, þar sem enn þá búa 5—6 þús. manns, sem eru án akvegasambands. Við hv. þm. Ísaf. fluttum fyrr á þessu þingi till. um þetta og leiddum þá gild rök að því, að ósæmilegt væri að mismuna landsmönnum þannig, að heilir landshlutar væru í áratugi látnir vera akvegasambandslausir, eftir að meginhluti byggðra bóla í landinu nyti slíkra samgangna. Mér virðist nú rofa nokkuð fyrir umbótum í þessum efnum og að aukinn skilningur sé fyrir hendi á nauðsyn þess, að lokið verði við vegagerð, sem tengi þetta fólk á Vestfjörðum við meginakvegakerfi landsins, og er vissulega ástæða til þess að fagna því. Hitt verð ég að segja, að ég hefði einnig talið réttlátt, að fjvn. hefði lagt til, nú þegar hún hefur tekið að sér úthlutun hins svokallaða benzínskatts, að verulegt fé væri lagt í annan meginveginn, sem á að tengja Vestfirði við akvegakerfi landsins, eða þann hluta þeirra, sem enn þá er akvegasambandslaus, þ. e. a. s. veginn meðfram Ísafjarðardjúpi sunnanverðu. En það hefur hv. n. ekki séð sér fært. Ég hefði talið, eins og ég sagði, réttlátt og eðlilegt, að einnig sá vegur hefði fengið verulega upphæð af benzínfé.

Ég geri varla ráð fyrir því, að það þýði að flytja brtt. um aukna fjárveitingu af benzínfé til þessa vegar. En ég verð eindregið að láta þá skoðun í ljós, að þegar á næsta ári beri að snúa sér að því að setja aukinn kraft á þessa vegagerð. Vegurinn meðfram sunnanverðu Ísafjarðardjúpi liggur til Ísafjarðarkaupstaðar og þéttbýlisins utar með djúpinu, þriggja þorpa þar, og hann á fyllilega rétt á því, að honum verði á næstunni sýnd aukin rækt. Auk þess má á það benda, að þó að akvegasamband skapist af Barðaströnd yfir í Arnarfjörð, þá nægir sá vegur engan veginn til þess að skapa varanlegt akvegasamband við byggðina á norðanverðum Vestfjörðum, þar sem á leiðinni frá Ísafjarðardjúpi vestur yfir heiðar eru svo háar heiðar, að þær lokast þegar í fyrstu snjóum, vanalega í lok september eða í byrjun októbermánaðar. Hins vegar mundi vegurinn inn með sunnanverðu Ísafjarðardjúpi verða fær miklu lengur, er oft fær fram undir jól, og enn fremur mundi vegurinn yfir Þorskafjarðarheiði verða miklu lengur fær en Breiðadalsheiðarvegurinn, sem — eins og ég sagði — lokast oftast nær í fyrstu snjóum í lok september eða í byrjun október.

Einnig þetta er atriði, sem ber að taka til greina, þegar rætt er um það, hvernig tryggt verði frambúðarakvegasamband milli Vestfjarða og annarra landshluta. En í stuttu máli sagt, ég fagna því, að barátta okkar hér fyrr á þessu þingi, þm. Vestfjarða, og þá fyrst og fremst okkar þm. Ísaf., hefur borið þann árangur, að nú kemst verulegur skriður á vegarlagninguna af Barðaströnd yfir í Arnarfjörð og þaðan áfram yfir að norðanverðu Ísafjarðardjúpi og um Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Þá vildi ég aðeins benda á það, að enda þótt tillögur hv. fjvn., þ. e. a. s. hv. 1. minni hl. fjvn. og hæstv. ríkisstj., feli í sér nokkra hækkun á framlögum til hafna, þ. e. a. s. hækkun um 1.3 millj. kr. rúmlega, þá er sú hækkun gersamlega ófullnægjandi til þess, að hægt verði að vinna að hafnarframkvæmdum í samræmi við þá miklu þörf, sem þar er fyrir hendi, og ég nefni þá miklu þörf, sem sérstaklega er fyrir hendi í hafnarmálunum, vegna þess, að fjöldi hafna stendur hálfgerður og kemur engan veginn að þeim notum, sem að er stefnt, fyrir þau byggðarlög, meðan ástand hafnanna er eins og það er. Þess vegna er óhjákvæmilegt, að nú á þessu ári verði gerð alvara úr því, sem rætt hefur verið um mjög undanfarið, bæði af hálfu hæstv. núv. ríkisstj. og af hálfu margra þeirra manna, sem í fjvn. starfa, og fjölda einstakra þm., að tekið verði erlent lán, sem notað verði til þess að fullgera ýmsar þær hafnir, sem verst eru á vegi staddar og fráleitast er að láta vera hálfgerðar öllu lengur. Ég vil þess vegna leggja áherzlu á það, að hluti þess erlenda láns, sem væntanlega verður tekið á næstunni, verði notaður til þess að fullgera eða hrinda mjög verulega áleiðis ýmsum þeim hafnargerðum, sem dýrast er að láta standa hálfgerðar. Þetta mál kemur að sjálfsögðu síðar til umr. hér á hv. Alþingi, þar sem hæstv. ríkisstj. hefur lýst því yfir, að hún muni leita heimildar hjá Alþingi til þess að taka umrætt lán.

Loks vildi ég minnast lítillega á þær till., sem fyrir liggja um atvinnuaukningarfé. Gert er ráð fyrir því samkvæmt till. 1. minni hl. hv. fjvn. og hæstv. ríkisstj., að atvinnuaukningarféð svokallað verði á þessu ári 10 millj. kr. Í fjárlfrv. mun hafa verið gert ráð fyrir, að það yrði sama upphæð og var í fyrra, þ. e. a. s. 13.5 millj. kr.

Það er oft hnotabitazt út í þetta svokallaða atvinnuaukningarfé. Margir telja það gersamlega óþarfa fjárveitingu. Það er jafnvel talað um margs konar pólitíska spillingu í sambandi við þessa fjárveitingu. Ég vil segja það sem mína skoðun, að þessar fjárveitingar hafa á undanförnum árum, þó að þær hafi verið misjafnlega háar, verið mjög nauðsynlegar og gagnlegar og hafa orðið að stórkostlegu gagni í mörgum þeim byggðarlögum, þar sem haldið er uppi þróttmikilli framleiðslustarfsemi í þágu útflutningsframleiðslunnar. Hitt er svo annað mál, að úthlutun þessa fjár mætti vel hafa verið í fastara formi, þannig að tryggilegar væri frá því gengið, að fullkomið réttlæti ríkti við úthlutun þess. Við sjálfstæðismenn höfum ár eftir ár flutt frumvörp og tillögur um það að koma úthlutun atvinnuaukningarfjárins eða atvinnujöfnunarfjárins, eins og við höfum viljað kalla það, í fastara form, setja um það löggjöf og fastar reglur, hvernig því skuli úthlutað, þannig að sem bezt og varanlegast gagn megi að því verða. Ég álít, að það sé mjög til bóta, sem hv. 1. minni hl. fjvn. leggur nú til, að kosin verði sérstök fimm manna nefnd af Alþingi til þess að annast úthlutun þessa fjár, og það er von mín, að með því sé tryggð nokkurn veginn skapleg og réttlát úthlutun þess. Ég skal að öðru leyti ekki leggja dóm á það, hversu réttlát úthlutunin hefur verið undanfarin ár. Mér er kunnugt um fjöldamarga staði, þar sem þetta fé hefur orðið að miklu gagni og hefur átt ríkan þátt í því að stuðla að aukinni útgerð og framleiðslu og bættri aðstöðu fólksins á mörgum þeim stöðum, sem þessa fjár hafa notið.

Ég játa það, að mér þykir það miður farið, að framlögin í þessu skyni hafa aðeins verið lækkuð. Það má deila um það, hver sé ástæða þess, að framlögin í þessu skyni hafa verið lækkuð og ýmis önnur til ýmissa gagnlegra framkvæmda. Hitt hygg ég þó að allir hv. þm. ættu að geta verið sammála um, að það, sem gerir Alþingi sífellt erfiðara fyrir með afgreiðslu fjárl., er fyrst og fremst það, að verðbólga og dýrtíð hefur sífellt farið vaxandi á undanförnum árum. Alþingi stendur nú, eins og stundum áður, síðustu árin fyrst og fremst, frammi fyrir því, að það er illmögulegt að koma fjárl. saman vegna þeirrar staðreyndar, að verðbólga og dýrtíð þjarma að öllum rekstri hins opinbera, gera krónuna sífellt verðminni og þjóðinni stöðugt erfiðara um vik að halda uppi nauðsynlegum framkvæmdum.

Það þarf engan að undra, þó að nauðsynlegum sparnaði verði ekki við komið í einu vetfangi, það verði ekki lagðar fram ýtarlegar till. um það á örfáum mánuðum, hvernig bætt skuli úr í þessum efnum. Það þarf áreiðanlega mjög róttæka endurskoðun á öllum rekstri ríkisbáknsins til þess, að unnt sé að leggja fram nægilega víðtækar till. um það, hvernig hægt sé að haga fjárreiðum ríkisins og gera upp á milli verðugra og óverðugra.

Ég skal ekki fara út í það að svara neinu, sem hér hefur fram komið. En ég vildi aðeins af því tilefni, að hv. tveir ræðumenn Framsfl. töluðu mikið um það, að verðbólguófreskjan heimtaði nú mat sinn og þess vegna væri dregið úr ýmsum nauðsynlegum framkvæmdum í landinu, — ég vildi nú aðeins mega varpa fram þeirri fsp., hvort þessi ófreskja hefði verið gersamlega matarlaus s. l. 2—3 ár, meðan hv. framsóknarmenn hafa haft forustu um fjármálastjórn ríkisins. Ekki man ég betur en eitt af fyrstu verkum þeirrar síðustu ríkisstj., sem Framsfl. hafði fjármálaforustu í, hefði einmitt verið að leggja á 300 millj. kr. nýja skatta, eftir að hún hafði setið eitt missiri að völdum. Annað verk þessarar sömu hæstv. ríkisstj. var að leggja á 790 millj. kr. nýja skatta. Og hvaða ófreskja skyldi hafa borðað alla þessa skatta, allan þennan mat, sem borinn var á

borð af síðasta hæstv. fjmrh.? Ætli það hafi ekki verið dýrtíðarófreskjan, sem sífellt var að bólgna út, einmitt á stjórnartímabili þessarar hæstv. fyrrv. ríkisstj.?

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en ég vil beina því til hv. frsm. 1. minni hl. fjvn., að hann og n. tækju til athugunar þá brtt., sem ég hef leyft mér að flytja hér um 150 þús. kr. framlag til barnaskólabyggingar í Bolungavík og ég hóf mál mitt á að gera grein fyrir.

Frsm. 1. minni hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það er nú orðið svo áliðið, að það er ekki rétt að lengja fundartímann um of með langri ræðu. Það er margt, sem fram hefur komið í ýmsum ræðum, sem hér hafa verið fluttar, sem ástæða væri til þess að ræða um, en ég mun aðeins takmarka mig við nokkur atriði í því efni.

Umræðurnar, sem orðið hafa nú við 2. umr. fjárlfrv., hafa á margan hátt verið mjög lærdómsríkar, og má af þeim draga ýmsar eftirtektarverðar staðreyndir. Það hefði nú sannast sagna einhvern tíma þótt frásagnavert, að það skuli nú vera svo komið, að Alþb. sýni meiri ábyrgðartilfinningu um afgreiðslu fjárl. heldur en Framsfl., en sú er staðreyndin nú. Af hálfu Alþb. hafa verið fluttar hér till. í þá átt að reyna að benda á úrræði til að leysa þann vanda, sem við er að glíma. Það má vafalaust um það deila, hvort tillögur þeirra Alþýðubandalagsmanna eigi fremur rétt á sér en till. okkar í 1. minni hl. fjvn., en því verður ekki neitað, að þeir hafa þó viðurkennt þær staðreyndir, sem við er að glíma, og reyna ekki að skjóta sér undan þeim vanda að benda á einhver úrræði til þess að leysa þetta vandamál. En hins vegar blasir það við augum, sem þjóðin mun áreiðanlega taka eftir, að sá flokkurinn, sem hefur átt þann mann, sem lengst hefur setið í embætti fjmrh. og margoft hefur réttilega um það talað, hvílík skylda það væri, eigi aðeins fyrir stjórnarflokka, heldur einnig stjórnarandstöðu, að leggja fram raunhæfar till. til úrlausnar fjárhagsvandamálum ríkissjóðs á hverjum tíma, og hefur farið hörðum orðum um þá, sem hann hefur talið af ábyrgðarleysi hafa komið þar fram, — það mun ekki fara fram hjá þjóðinni, að þessi sami flokkur víkur sér nú algerlega undan því að benda á nokkra leið til að leysa þann vanda, sem nú er við að glíma.

Það vita allir, eins og ég tók fram í frumræðu minni í dag, að það var einfalt mál að leysa fjárhag ríkissjóðs út af fyrir sig, ef það átti að fylgja þeirri reglu að láta sem vandamál efnahagslífsins og atvinnuveganna að öðru leyti kæmi ríkinu ekki nokkurn skapaðan hlut við. Það hefði ekki tekið langan tíma. En ég held, að það geti ekki dulizt neinum, að það er gersamlega útilokað að hugsa sér, að auðið sé að afgr. fjárl. án þess að hirða nokkuð um það, að það vanti um hálft annað hundrað millj. kr. til þess að leysa vandamál útflutningssjóðsins, sem er gersamlega hliðstætt vanda ríkissjóðs. Ef á að humma það fram af sér að sjá fyrir því fé, hlýtur það að leiða til stöðvunar útflutningsframleiðslunnar innan tíðar og þá um leið að sjálfsögðu samstundis skella með fullum þunga á ríkissjóði á þann hátt, að hann komist þá einnig í fjárþrot.

Ég satt að segja varð að lesa nál. þeirra fulltrúa Framsfl. í fjvn. oftar en einu sinni til þess að geta trúað því, að þeir létu sér til hugar koma að leggja fram slíkt plagg, og mér fannst þó keyra um þverbak, þegar hæstv. fyrrv. fjmrh. taldi þetta allt góðra gjalda vert og að hér væri unnið að málum á þann eina hátt, sem hæfandi væri, og allir aðrir færu með ábyrgðarleysi í sínum till.

Ég man það, að ég las fyrir nokkru bók, sem Framsfl. gaf út, þar sem sérstaklega var rætt um það, sem væri brýnasta viðfangsefni flokksins nú á næstunni, og það var lögð áherzla á, að það, sem flokkurinn fyrst og fremst þyrfti nú að beita sér fyrir, væri að berjast gegn lýðskrumi og reyna að innræta þeim, sem við stjórnmál fást í þjóðfélaginu, raunsæi og rétt mat á þeim vanda, sem við væri að glíma. Þetta hafa málsvarar Framsfl. gert hér í kvöld á þann eina hátt að vísa til þess, að þeir hafi í fyrrv. ríkisstj. lagt fram einhverjar till. um það að leysa vanda efnahagsmálanna, og úr því að þeir hafi gert þetta, þá sé það alls ekki þeirra hlutverk nú að gera annað en finna að því, sem reynt er að gera til þess að leysa þann vanda, sem við er nú að glíma, þeir hafi algerlega fríað sig af allri ábyrgð með því að leggja fram þessar huldu till., sem þeir aldrei lögðu í að sýna hér á Alþingi.

Ég verð að láta í ljós mikla undrun á því, að hv. 1. þm. S-M. (EystJ) skuli telja þessi vinnubrögð góðra gjalda verð. Það má að vísu segja, að þau séu í mjög beinu framhaldi af þeim vinnubrögðum, sem hann hafði við afgreiðslu fjárl. á síðasta þingi, sem sagt að taka út úr fjárl. stóra útgjaldapósta til þess að fá tekjur og gjöld til að standast á. Þá voru teknar út dýrtíðargreiðslurnar, nokkrir milljónatugir, til þess að láta fjárl. líta vel út á pappírnum. Nú er sá háttur hafður á að neita að viðurkenna stórkostlegar fjárhæðir og láta sem þær séu alls ekki til og miða allan málflutning sinn við það, að það sé svo sem ekki vandi að afgr. greiðsluhallalaus fjárl. án þess að skera neitt niður og með því í rauninni að gera allt fyrir alla.

Svona vinnubrögð held ég að ekki geti gengið, og ég hygg, að sú dómgreind sé ráðandi hjá þjóðinni, að hún muni ekki taka það sem góða og gilda vöru, að stjórnmálaflokkur, sem vill telja sig ábyrgan, leyfi sér slík vinnubrögð.

Hv. þm. S-Þ. flutti hér langa ræðu í dag til að gera grein fyrir viðhorfum fulltrúa Framsfl. í fjvn. og flutti — sem hans er von og vísa — mörg hnyttiyrði og skemmtileg innskot og samlíkingar í sinni ræðu, og margt kom þar fram, sem vissulega væri ástæða til þess að ræða um, en ég tímans vegna skal ekki fara ýtarlega út í, enda var þar um mörg

átriði að ræða, sem ég vék að í minni frumræðu. Bæði hann og hv. 1. þm. S-M. töluðu ákaflega oft um verðbólguófreskjuna og dýrtíðarhítina, sem þeir töldu ekki vera nokkurt vit í að næra á neinn hátt. Slíkan voða bæri að forðast. Vissulega er það rétt, að það ber að forðast að efla slíka ófreskju. En spurningin er bara sú, hvernig það verður bezt gert. Í því efni verða menn að sjálfsögðu að gera sér grein fyrir því, hvaða áhrif þær ráðstafanir hafa, sem þeir sjálfir eru að mæla með.

Hv. þm. S-Þ. sagði, að það væri miklu skynsamlegra að taka greiðsluafganginn og verja honum í ýmsar framkvæmdir heldur en að kasta honum í verðbólguhítina. Það er vissulega skynsamlegt að byggja sér hús, og til þess að ég taki samlíkingu hans um bónda, sem hann oft minntist á í ræðu sinni í dag, þá vil ég nú varpa fram þeirri fsp. til hans, hvort hann mundi nú telja það skynsamlega ráðstöfun, ef bóndi er að taka ákvörðun um það að byggja hús á sinni jörð, en hins vegar liggur ljóst fyrir, að það er öruggt, að vatnsfall muni flæða yfir það landssvæði, sem hann ætlar að byggja á, og ryðja húsinu burt með sér, ef ekki er að gert, — hvort mundi hann nú telja skynsamlegra að byrja á því að verja fé til þess að byggja stíflugarð til þess að bægja þessari hættu frá eða byggja húsið, láta sem ekkert sé, og fá síðan yfir sig flóðbylgjuna, sem allar þessar framkvæmdir tæki með sér, þannig að hann væri verr settur eftir en áður? Þetta er nákvæmlega munurinn á því, sem lagt er til í tillögum 1. minni hl. fjvn., og því, sem hv. framsóknarmenn eru að halda fram. Þeir leggja áherzlu á það, að öllum framkvæmdum sé haldið áfram með fullum krafti, hvergi á nokkurn hátt dregið úr, en þeir vilja alls ekki gera neinar ráðstafanir til þess að hindra þá hættu, sem yfir vofir, að allar þessar framkvæmdir verði gerðar að engu. Slík forsjá og fyrirhyggja er ekki skynsamleg, og hún hefnir sín.

Við vitum það öll, að stærsta vandamál íslenzku þjóðarinnar nú er að reyna að kveða niður dýrtíðarófreskjuna, og það verður ekki gert með því móti að láta hana afskiptalausa og láta hana þróast eftir því, sem atvikin leiða til, og gera engar tilraunir til þess að kveða hana niður. Það, sem er verið að reyna að gera með þeirri afgreiðslu fjárl., sem lagt er til að viðhafa hér af hálfu 1. minni hl. fjvn., er að reyna að byggja stíflugarð til þess að koma í veg fyrir það, að verðbólguflóðið streymi yfir okkar land og eyðileggi þá uppbyggingu, sem nauðsynleg er og vissulega þarf að hraða svo sem föng eru á, og á þeim grundvelli byggist það, að við teljum, að það sé þjóðinni allri happasælt að horfast í augu við þennan vanda og draga heldur í bili úr ýmsum framkvæmdum sínum en eiga þá hættu yfir höfði, að allt þetta verði eyðilagt í höndum hennar.

Það var oft minnzt á það í ræðu hv. þm. S-Þ., að það væri verið að vega að dreifbýlinu, þetta væri tilræði við dreifbýlið, og þar fram eftir götunum. En rökin í þessu efni voru harla fátækleg, sem von var. Mig langar aðeins til þess að minna á örfá dæmi. Hann eyddi mörgum orðum að því, hversu óhæfilegt væri að leggja til, að 5% skerðingin næði til viðhaldsfjár þjóðvega, og að hér væri um sannkallað tilræði að ræða við strjálbýlið, ef sú till. yrði samþ. Ég vil nú spyrja þennan hv. þm., hvort hér sé um eitthvert nýtt vandamál að ræða, að það þurfi að halda við þjóðvegakerfi landsins. Ég minnist þess ekki, að hann hafi haft orð á því við afgreiðslu fjárl. í fyrra, að þá væri verið að fremja nokkurt tilræði við strjálbýlið í landinu í sambandi við viðhaldsfé þjóðvega. En hvað var þá verið að gera? Það var samþ. óbreytt fjárveiting til viðhalds þjóðvega frá fjárl. ársins 1957, og þá sögðu hv. framsóknarmenn ekki eitt orð, þá var þetta allt góðra gjalda vert, af því að þeir sjálfir höfðu lagt þetta til. Þá var svo sem strjálbýlið ekki í hættu. Þetta er svo sem í samræmi við aðra framkomu þessa hv. flokks, yfirleitt er það allt gott og gilt, sem þeir rétta að strjálbýlinu, ef það er aðeins gert af þeim sjálfum, en allt á það að vera á verri veg, ef um er að ræða að fylgja þar ráðum annarra, og hygg ég þó, að í mörgum tilfellum hefði verið farsælla fyrir sveitir landsins, að ráðum annarra hefði verið hlýtt, heldur en ráðum þeirra framsóknarmanna. Þá kannske væri hagur þess betri.

Með hliðsjón af þessari samþykkt í fyrra um viðhaldsfé þjóðvega er það næsta broslegt, þegar þessir sömu menn segja nú, að það sé tilræði við strjálbýlið að hækka þessa fjárveitingu á einu ári um 9 millj. kr. og áætla hana nú í fyrsta sinn eitthvað líkt því, sem ætla má að viðhaldið verði. Að sjálfsögðu er það rétt, að það er hægt að bæta viðhaldið og eyða í það stórkostlegum fjárhæðum í viðbót, en miðað við svipaðar framkvæmdir eins og í því efni hafa verið, þá er hér sannarlega ekki um neitt tilræði við strjálbýlið að ræða.

Þá var það annað atriði, og það voru flugvellirnir, sem áttu að vera annað tilræðið við strjálbýlið. Það er vissulega rétt, að það væri mikil þörf að leggja fram meira fé til flugvallagerðar en gert er, en hér er ekki um það að ræða, að það sé verið að leggja til að skerða flugvallafé frá því, sem var í fjárl. síðasta árs, og ég geri ekki ráð fyrir því, að ef ekki hefði verið tekin upp í fjárlfrv. nær 2 millj. kr. hækkun á þessari fjárveitingu, andstætt því, sem er gert með aðrar verklegar framkvæmdir, þá hefði neinn talið neitt óeðlilegt við það. Það talar hér enginn um, að það sé neitt tilræði að hækka ekki nýbyggingarfé þjóðvega, og það er nákvæmlega það sama, sem þar er gert eins og með flugvellina, að það er tekin sama fjárveiting og var s. l. ár. Og 5% skerðing er alls ekki látin ná til þeirrar fjárveitingar fremur en nýbyggingarfjár og endurbyggingarfjár vega og brúafjár.

Þá talaði hv. þm. S-Þ. mikið um jarðræktarvélarnar og þar væri um að ræða hina mestu óhæfu. Ég skal játa, að ég skil satt að segja

ekki, hvaða röksemdir þarna geta legið á bak við, vegna þess að það er næsta kynlegt, ef það er allt í einu núna, sem er svona geysileg eftirspurn eftir þessum vélum. Er það virkilega svo, að á s. l. ári, meðan þessir ágætu menn réðu, hafi verið komið í veg fyrir það, að innflutningsleyfi væru veitt til kaupa á þessum vélum? Hvernig stóð á því, að fjárveitingin var ekki notuð einu sinni að hálfu leyti á s. l. ári, en nú á allt í einu að flytja inn fyrir 6 eða 7 millj.? Ég fæ ekki skilið þær röksemdir, og ég held því, að það sé ekki með neinu móti hægt að halda því fram, að þetta beri vott um einhverja óvinsemd til bændastéttarinnar, þó að þessi breyting sé gerð og menn hagi sér eftir því, sem lög gera ráð fyrir í þessu efni, meðan ekki er einu sinni eytt því fé, sem veitt hefur verið til þessara þarfa.

Þá vildi hv. þm. S-Þ. ekki misbjóða Skálholti með því að leggja niður fjárveitingu til þess í ár. Það kann vel að vera, að það megi túlka það svo, að það sé verið að misbjóða Skálholti. En ég vil nú spyrja: Var þá ekki verið að misbjóða Skálholti í fyrra? Þá var þessi fjárveiting líka stórlega lækkuð, og það talaði ekki nokkur maður um, að það væri verið að misbjóða Skálholti. Það er ekki fyrr en núna, sem hv. S-Þ. fær allt í einu svona mikla tilfinningu fyrir virðingu Skálholts. Það er kannske betra seint en aldrei.

Það eru aðeins örfá atriði, sem ég vildi minnast á í ræðu hv. 1. þm. S-M. Hann byrjaði mál sitt hér með að ræða það, að Sjálfstfl. væri hér að leggja til að taka aftur það, sem hann hefði veitt á s. l. ári, og væri að koma með kröfu um, að greiddur væri víxillinn, sem þá hefði verið gefinn út. Þetta átti að byggjast á þeirri staðhæfingu, sem æ ofan í æ hefur verið klifað á, að Sjálfstfl. hafi ráðið öllum kauphækkunum, sem urðu hér á s. l. ári. Það hefur nú oft verið á það bent af okkur sjálfstæðismönnum, að það væri okkur vissulega ánægjuefni, ef svo væri komið, að við réðum stefnu verkalýðshreyfingarinnar í landinu svo gersamlega, að það væri hægt að snúa þessari sterku hreyfingu gegn ríkisstjórn, sem stofnuð væri til þess að gæta hagsmuna hennar, eins og vinstri stjórnin þó þóttist vera að gera. Og jafnvel forráðamenn Alþýðusambandsins höfðu látið Alþýðusambandið gerast aðila að stofnun kosningaflokks, sem gerðist svo aftur aðili að vinstri stjórninni. Ég held nú satt að segja, að það væri rétt fyrir hv. 1. þm. S-M., ef hann hefur nokkra tilhneigingu til þess að halda uppi virðingu þessarar stjórnar, sem hann þó manna mest gekk fram fyrir skjöldu að halda lífinu í, að þá ætti hann að hætta við þessa kenningu, vegna þess að það er engin kenning, sem er eiginlega jafnauvirðandi, ef svo má segja, eða auðmýkjandi fyrir þessa stjórn og að fullyrða það, að Sjálfstfl., sem hafði verið talinn óhæfur til stjórnarsamvinnu, af því að hann hefði ekkert traust hjá verkalýðnum, hafi allt í einu, eftir að stjórn verkalýðsins var mynduð, fengið þau óhemjulegu áhrif, að hann hafi getað eyðilagt allar ráðstafanir þessarar sterku stjórnar vinnustéttanna í landinu, sem hún var kölluð. Ég skil ekki í öðru en menn geri sér ljósa grein fyrir því, hversu hlálegt er að halda fram kenningu sem þessari, enda er þetta auðvitað gersamlega gert út í loftið. Ástæðan fyrir kauphækkunum á s. l. sumri var einfaldlega sú, eins og sérfræðingar hafa bent á, að það vantaði allan botn í bjargráðin, og það er eins og aðalsérfræðingur fyrrv. ríkisstj. hefur bent á í álitsgerð um þetta mál, að ástæðan til þess, að þau runnu út í sandinn, var fyrst og fremst sú, að það láðist algerlega að gera þær ráðstafanir, sem gera þurfti, til þess að þessi löggjöf kæmi að gagni. Ég hygg, að hv. 1. þm. S-M. eigi þessa álitsgerð og geti lesið hana sér til fróðleiks, og er það vissulega illt, ef hann hefur ekki kynnt sér hana, því að þar stendur það skýrum stöfum. Ég hef álitsgerðina því miður ekki við höndina núna, þannig að ég geti lesið upp úr henni, ég hef ekki lært úr henni kafla, þannig að ég geti farið með þá alveg orðrétt án þess að hafa hana fyrir framan mig, en ég get fullyrt, að þetta er efnislega rétt.

Þá er þessi skemmtilegi útreikningur, sem hefur komið í Tímanum í einum 10 útgáfum, hvað niðurgreiðslurnar samsvöruðu mörgum öðrum póstum í fjárlögum. Ég skil nú ekki, hvaða tilgangi svona útreikningur á að þjóna. Auðvitað geta menn alltaf búið til svona dæmi sér til gamans um öll útgjöld ríkissjóðs. En ég vil nú spyrja hv. 1. þm. S-M.: Er það hans skoðun, að það hefði alls ekki átt að auka niðurgreiðslur og það hefði átt að láta vísitöluna halda áfram að hækka hömlulaust? Hann upplýsti það hér í ræðu sinni áðan, að framsóknarmenn hefðu lagt það fram sem grundvallartillögu, að kaupgjaldsvísitalan yrði bundin við 185 stig. Ég held, að það viti hver einasti maður, að slík ráðstöfun hefði ekki leyst þennan vanda og við hefðum staðið andspænis því að verða að leysa erfiðleika útflutningsframleiðslunnar með sízt minni framlögum en nú hefur verið gert og auk þess orðið að gera sérstakar ráðstafanir til þess að halda niðri vísitölu, þannig að þessi festing vísitölunnar í 185 stigum hefði ekki gert nokkurt gagn. Hún er nú 175 stig, og þó verður að gera allar þessar ráðstafanir. Þess vegna er sannleikurinn sá, að það að vera að bera saman verklegar framkvæmdir og niðurgreiðslur til þess að sýna fram á, hvað sé vitlaust að greiða niður vöruverð, er auðvitað gersamlega út í bláinn, því að ef vöruverðið væri ekki greitt niður, þá mundu fjárveitingar til þessara verklegu framkvæmda minnka að sama skapi.

Þá kom þessi hv. þm. með gamla sönginn um það, hversu Sjálfstfl. hefði með öllu móti reynt að spilla fyrir erlendum lántökum, og taldi hann nú kominn í klípu, þar sem nú þyrfti hann að gangast undir það að samþykkja að taka lán í Bandaríkjunum, sem undirbúið

hefði verið af fyrrv. ríkisstj. Að vísu hélt hv. þm. því fram, að flokkurinn hefði verið mjög hikandi í þessu og um tíma hefði verið ákveðið að taka ekki lánið af ótta við það, að flokkurinn væri í svo mikilli klípu út af þessu, að hann gæti ekki út úr því komizt. Ég get nú huggað hv. þm. með því, að það hefur alls ekki haldið andvöku fyrir neinum, hvort ætti að taka þetta lán eða ekki, og það hefur aldrei komið til tals að setja neitt bann á það, að ríkisstj. tæki þetta lán, ef það væri fáanlegt. Og ég gerði grein fyrir því í ræðu minni í dag, að áætlanir þær, sem gerðar væru um afkomu ríkissjóðs á þessu ári, byggðust á því, að þetta lán væri tekið. Og þar sem komið var að áramótum, þegar hæstv. fyrrv. ríkisstj. hrökklaðist frá, var þess auðvitað enginn kostur að ætla að fara að umskapa allt efnahagskerfið á þann hátt, að það væri hægt að hverfa gersamlega frá þeirri stefnu, sem fylgt hafði verið undanfarin ár. Hitt er allt annað mál, að frá þeirri stefnu verður að hverfa. Það hefur verið bent á það af okkur, að það verður að hafa fulla gát á því, hve mikil erlend lán séu tekin. En því hefur aldrei verið haldið fram af Sjálfstfl., að það mætti alls ekki taka erlend lán. Það hefur hvergi sézt. Ég skal ekki fara út að rekja einstök atriði, sem hann minntist á varðandi aðfinnslur okkar um framgangsmáta hæstv. fyrrv. ríkisstj. um lántökur. En það er fyllilega hægt að rökstyðja og gera grein fyrir þeim skoðunum, sem fram voru settar af okkur sjálfstæðismönnum í sambandi við erlendar lántökur hæstv. fyrrv. ríkisstjórnar.

Þá vék hv. þm. að því, að það væri furðulegt, að ekki skyldu vera gerðar víðtækari sparnaðartillögur í rekstri ríkisins en fælust í till. okkar í 1. minni hl. fjvn., þar sem raunverulega væri aðeins ein sparnaðartillaga. Í þessu efni, um lækkun kostnaðar við framkvæmd orlofslaga. Það hefur verið bent á það af hæstv. fjmrh., sem hefði átt að vera mjög ljóst fyrir hv. 1. þm. S-M., að slíkar ráðstafanir verða ekki gerðar fyrirvaralaust. Slíkt er útilokað. Í ýmsum tilfellum kann að þurfa þar skipulagsbreytingar, jafnvel lagabreytingar, og það er því auðskilið a. m. k. manni, sem jafnlengi hefur fengizt við stjórn fjármálanna, að það verður ekki gert í einu vetfangi. Hitt er annað mál, eins og ég tók fram í ræðu minni í dag, að það er skoðun okkar, sem skipum 1. minni hl. fjvn., að það verði að taka til rækilegrar athugunar rekstrarútgjöld ríkissjóðs og reyna að finna úrræði til þess að draga úr þeim kostnaði. Ég skal fúslega játa, að ég hef fullkomlega opin augu fyrir ýmsum erfiðleikum, sem þar eru í vegi. Hv. 1. þm. S-M. taldi, að ég hefði góða aðstöðu haft til þess að fylgjast með því, þar sem ég hefði átt sæti í ýmsum sparnaðarnefndum, sem starfað hafa. Það er alveg rétt, og ég er ekki að gera mér neinar tyllivonir um, að það sé hægt að gera þar stórfelld átök nema þá með víðtækum skipulagsbreytingum í ríkisrekstrinum. Og það kann vel að vera, að við stöndum andspænis því að verða að gera okkur grein fyrir, hvers við erum megnugir, og getum ekki haldið áfram, svo sem verið hefur undanfarin ár, að láta allt hækka stöðugt, um jafnvel hundruð milljóna á hverju ári, því að ef ekki á allt að kollsteypast, þá verðum við í þessu efni sem öðru að sníða okkur stakk eftir vexti, og kann þá að fara svo, að það verði að gera ýmislegt annað en það, sem gott þykir.

Þá fann hv. 1. þm. S-M. að því orðalagi í grg. fyrir till. 1. minni hl. fjvn., að þar væri talað um, að okkur væri ljóst, að þessar niðurskurðartill. á ýmsum framkvæmdaliðum væru ekki til frambúðar. Ég hef nú satt að segja ekki haldið, að nokkur maður léti sér detta í hug, að við með þessum till. værum að gera till. um það, hvernig haga ætti þessum fjárgreiðslum á næstu árum. Eins og gerð hefur verið grein fyrir, þá er hér um að ræða neyðarráðstafanir, ef svo má segja, til þess að tryggja það, að hægt verði að brúa hið mikla bil gjalda og tekna, sem nú er við að fást, með öðru móti en því að feta þar í fótspor þau, sem gengin hafa verið, að brúa bilið með stórfelldum nýjum skattaálögum, sem hlytu að magna enn þann vanda, sem við er að glíma. Hvernig svo ástatt verður í þeim efnum við samningu næstu fjárlaga, getum við að sjálfsögðu ekkert um sagt, og ég held, að þess hafi aldrei verið krafizt af fjvn., að hún gerði einhver plön langt fram í tímann um það, hvernig ætti að afgreiða fjárlög á næstu árum.

Inn í þetta blandaðist svo hjá hv. þm. í lokin kjördæmamálið, sem þeir framsóknarmenn eru ákaflega hræddir við og vilja fyrir hvern mun koma fyrir kattarnef, eins og ætíð vill verða eða a. m. k. má segja að sé mannlegt, þótt ekki sé það stórmannlegt, að menn vilji halda í rangfengin völd og óréttlæti, ef það er þeim til hagsbóta. Þetta skilja menn og virða bæði þessum hv. þm. og öðrum flokksbræðrum hans til vorkunnar, en slíkt hefur að sjálfsögðu ekki nokkur áhrif varðandi afgreiðslu þessara fjárlaga. Fjárlög verður að afgreiða, hvort sem stendur til að framkvæma kjördæmabreytingu eða ekki, og það verður að standa andspænis þeim vandamálum, sem við er að glíma, burt séð frá slíkum átökum í þjóðfélaginu.

Ég sé ekki ástæðu til þess að eyða lengri tíma til þess að ræða þau atriði, sem fram komu í ræðum þessara hv. tveggja málsvara Framsfl. Það er vitanlegt, sem enda kom fram í þeirra máli, að þeir að sjálfsögðu munu gera það, sem í þeirra valdi stendur, til þess að afflytja þessar till. og gera þær tortryggilegar, eftir því sem geta þeirra leyfir. En ég held nú sannast sagna, að ef þeir hefðu hugsað sér að ná einhverjum árangri með slíkum málflutningi, þá hefðu þeir átt að gera till. sínar öðruvísi úr garði, þannig að það skini ekki svo í gegn ábyrgðarleysið eins og hér blasir við. Og ég held það hljóti að vera dálítið raunaleg staðreynd fyrir hv. framsóknarmenn og ekki sízt fyrir fyrrv. hæstv. fjmrh., að hann og flokkur hans skuli nú vera þeir,

sem af mestu ábyrgðarleysi taka afstöðu til fjármála ríkisins.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við 14. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 1959, XXXVII, sem yrði, ef samþykkt yrði, tölul. 15. Það er um, að til tónskóla Siglufjarðar verði veittar 40 þús. kr.

Þá hef ég flutt brtt. við brtt. á þskj. 391 við frv. til fjárlaga fyrir árið 1959, frá fjvn., 13. gr., til hafnarmannvirkja og lendingarbóta, tölul. 47, Siglufjarðarhöfn, að í stað 200 þús. kr. komi 400 þús. kr. Till. þessar eru á þskj. 409. Ég mun nú í stuttu máli ræða þessa liði nánar.

Fyrir tveim árum var að tilhlutan Lúðrasveitar Siglufjarðar, verkamannafélagsins Þróttar og verkakvennafélagsins Brynju stofnaður tónskóli Siglufjarðar. Ráðinn var til skólans skólastjóri, Sigursveinn Kristinsson, hinn ágætasti tónlistarmaður. Sigursveinn hafði þá nýlokið tónlistarnámi í Austur-Þýzkalandi með mjög góðum vitnisburði, en áður hafði hann stundað nám við tónlistarskólann hér í Reykjavík. Það mun ekki ofsagt, þó að ég segi það hér, að Sigursveinn er talinn með efnilegustu tónlistarmönnum okkar, og mun vera hægt að fá umsagnir þekktra tónlistarmanna hér í höfuðstaðnum til staðfestingar þessum ummælum mínum.

Það sýndi sig fljótlega, að mikill og almennur áhugi alls almennings á Siglufirði var fyrir þessari skólastofnun. Fjöldi barna og unglinga stundaði nám í skólanum fyrri veturinn, og var aðallega kennt þar þá að leika á blokkflautur og nótnalestur. Voru á annað hundrað börn, sem voru fastir nemendur í skólanum. Skólagjaldinu var mjög stillt í hóf, eða 50 kr. á mánuði. Jafnhliða þessu var svo hafin kennsla á stærri og erfiðari blásturshljóðfæri. Nemendur í þeim flokki voru menn á ýmsum aldri, frá 16 til 40 ára. Jafnhliða þessari starfsemi var svo stofnaður blandaður kór, sem í eru yfir 40 manns. Sigursveinn hefur verið frá upphafi aðalþjálfari kórsins og leyst af hendi ótrúlega mikið og gott verk að dómi þeirra, sem bezt til þekkja. Hinn nýi söngkór hefur nokkrum sinnum sungið opinberlega og hlotið mjög góða dóma. Þessi ungi blandaði kór er nú sem stendur eini starfandi söngkórinn á Siglufirði fyrir utan kirkjukórinn, þar sem okkar gamli og velþekkti karlakór, Vísir, hefur ekki starfað undanfarin ár.

Í vetur, eða á öðru starfsári tónskólans, hefur starfsemi hans mikið aukizt. Nemendatala skólans hefur vaxið allverulega, og tekin hefur verið upp kennsla í fiðluleik og kennsla á ýmis blásturshljóðfæri stóraukin. Skólinn lagði í mikil hljóðfærakaup á árinu. Við skólann starfa tveir fastir kennarar og sá þriðji, sem er tímakennari. Tónskólinn hefur ekki tekið upp kennslu í pianóleik, þar sem tónlistarskóli Siglufjarðar hefur haldið uppi kennslu í þeirri grein.

Það hljóta flestir að skilja, að jafnfjölþætt starfsemi og sú, sem tónskóli Siglufjarðar rekur, kostar allmikið fé. Tekjur skólans hafa ekki aðrar verið en skólagjöldin, 15 þús. kr. styrkur frá bæjarstjórn Siglufjarðar og 10 þús. kr. frá Alþýðusambandi Íslands svo og styrkir og gjafir einstaklinga.

Tónskóli Siglufjarðar hefur frá upphafi notið eindregins stuðnings verkalýðshreyfingarinnar, og skólinn hefur notið ókeypis húsnæðis, ásamt ljósi og hita, sem verkalýðsfélögin greiða. Almenningur á Siglufirði kann vel að meta hina jákvæðu og merkilegu starfsemi tónskólans fyrir æskulýðinn í bænum. Mér er sagt t. d., og ég veit, að það er rétt, að á sama tíma sem biósýningar standa yfir, eru nemendur skólans á æfingu í tugatali. Ég hef talað við fjölda foreldra úr öllum flokkum og öllum stéttum, sem telja, að stofnun tónskólans og starfsemi hans hafi nú þegar haft mjög góð og göfgandi áhrif á börnin í bænum og haldi þeim frá því að sækja óholla og miður æskilega skemmtanastaði, en láti tónlistarnámið sitja í fyrirrúmi.

Ég held, að það verði ekki hjá því komizt að athuga örlítið, hvernig hið opinbera lítur á svona starfsemi. Maður skyldi ætla, að slík starfsemi mundi hljóta eindreginn stuðning allra þeirra, sem eru á því máli, að eitthvað beri að gera meira en gert er fyrir æskulýð landsins, og kannske á þetta alveg sérstaklega við stað eins og Siglufjörð, sem býr við mjög mikla einangrun fram yfir flesta aðra staði á landinu.

Stjórn tónskóla Siglufjarðar hefur sótt um, að skólinn verði settur á fjárlög 1959 og skólanum verði veittur 40 þús. kr. styrkur til starfsemi sinnar. Hæstv. menntmrh. hafði tekið mjög vel í þetta mál og beinlínis lofað því að veita málinu þann stuðning, sem hann mætti veita. Þegar beiðni tónskólans var rædd á fundi í fjvn., mun hafa komið í ljós, að a. m. k. sumir meðlimir fjvn., en ég vil þó undanskilja formann n., höfðu lítinn áhuga á málinu og einstaka meðlimir jafnvel sýndu því fulla andúð. A. m. k. er það staðreynd, að n. hefur ekki séð sér fært að taka upp neina fjárveitingu til skólans. Ég hef rætt nokkrum sinnum við hæstv. menntmrh. um þetta mál, en hann hefur færzt undan að gefa nokkur ákveðin svör um stuðning við málið þrátt fyrir áður gefna yfirlýsingu um hans mikla áhuga og velvild til skólans. Ég mun ekki ræða það nú, hvers vegna og af hvaða ástæðum hv. fjvn. hefur tekið þessa afstöðu til tónskóla Siglufjarðar. Mér er kunnugt um, að menn úr flestum flokkum á Siglufirði hafa mjög ákveðið óskað eftir því við fjvn., að tónskóli Siglufjarðar yrði tekinn inn á fjárlög, en að því er virðist án nokkurs árangurs. Það gæti verið mjög upplýsandi fyrir velunnara skólans að fá nánari upplýsingar frá fjvn. um þetta mál.

Ég get nú á þessu stigi málsins látið útrætt um þessa till., en ég vil mega vænta velvilja og stuðnings hv. alþm. til þessa máls.

Þá er það brtt. mín við brtt. fjvn. á þskj. 391, 13. gr., tölul. 47, Siglufjarðarhöfn, að í stað 200 þús. kr., eins og fjvn. leggur til að

veitt verði til Siglufjarðarhafnar, komi 400 þús. kr.

Siglufjarðarhöfn er ein af stærstu útflutningshöfnum landsins. Það er því hin mesta nauðsyn, að hafnarmannvirki séu mikil og góð. Þaðan er flutt út árlega fyrir marga tugi millj. kr. Miklar skipakomur eru til hafnarinnar, sérstaklega sumar- og haustmánuðina, en það er sá tími, sem síldarútflutningurinn er hvað mestur. Á síðasta ári voru t. d. saltaðar á Siglufirði 127 þús. tunnur, sem mun gera í erlendum gjaldeyri hátt í 40 millj. kr. Þar við bætist svo útflutningur verðmæta síldarverksmiðja ríkisins og síldarverksmiðjunnar Rauðku, sem er vitanlega mismunandi mikill eftir því, hvað verksmiðjurnar fá mikil hráefni. En á það hefur viljað bresta, að verksmiðjurnar fengju hráefni nema af mjög skornum skammti, a. m. k. var það s. l. sumar, þó að sumarið þá á undan væri verksmiðjunum hagstæðara en nú. Útflutningur frá síldarverksmiðjunum hefur skipt oft og tíðum tugum millj. kr. Við útflutning síldarafurðanna bætist útflutningsverðmæti tveggja togara, sem gerðir eru út frá kaupstaðnum, og nokkurra fiskibáta.

Á þessari upptalningu sést, að Siglufjarðarhöfn er ein með stærstu útflutningshöfnum landsins. Nú eru hafnarmannvirki Siglufjarðar mjög úr sér gengin, t. d. er aðalhafnarbryggjan talin mjög léleg og lítt forsvaranlegt að afgreiða stærri lestarskip við bryggjuna, ef eitthvað er að veðri. Vitamálastjóra var það ljóst fyrir nokkru, að mesta nauðsyn væri til þess að endurbyggja hafnarbryggjuna sem allra fyrst. Það varð því að ráði milli hafnarstjórnar og vitamálastjóra að byggja hafskipabryggju sunnan á tanganum í beinu framhaldi af gömlu hafskipabryggjunni. Það verk er nú það langt komið, að vonir standa til, að sú bryggja verði tekin í notkun í sumar. Þá var og ákveðið að endurbyggja gömlu hafskipabryggjuna þannig að ramma stálþil utan um bryggjuna og jafnframt að hækka hana allverulega frá því, sem hún er nú, þar sem bryggjan hefur sigið allverulega, frá því að hún var byggð. Þessar miklu framkvæmdir í hafnarmálum Siglufjarðarkaupstaðar kosta að sjálfsögðu mikið fé, skiptir millj. kr. Hjá þessum framkvæmdum verður ekki komizt. Á Siglufirði rekur ríkið umfangsmikinn atvinnurekstur, þar sem síldarverksmiðjur ríkisins eru, og hefur því beinna hagsmuna að gæta í þessu máli, auk þess sem Siglufjörður er langstærsti síldarsöltunarstaður norðanlands, og veltur því á miklu, að næg og góð hafnarmannvirki séu á staðnum, svo að hægt sé að fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru í sambandi við hinn mikla útflutning, sem fer fram á tiltölulega stuttum tíma.

Nú eru það tillögur hv. fjvn. að veita til Siglufjarðarhafnar aðeins 200 þús. kr. á yfirstandandi fjárlögum. Minna gat það tæplega verið. Mér er tjáð, að Siglufjarðarhöfn eigi ekki rétt á að fá meira fé í ár í samanburði við aðrar hafnir. Það má vel vera, að svo sé. En sé tekið tillit til allra aðstæðna, er þessi fjárupphæð, 200 þús. kr., fjarri öllu lagi. Ég ætla mér ekki hér að gera neinn samanburð á höfnum og fjárveitingu til þeirra víðs vegar um land, sjálfsagt eru til rök fyrir því að veita sömu upphæð eða jafnvel hærri til hafna víðs vegar um land, þar sem svo má segja, að ekkert er flutt út. En fjárhagslega séð kemur manni þetta mjög kynlega fyrir sjónir.

Ég tel nú ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þessar brtt. mínar, en mun óska eftir því við hæstv. forseta, að atkvæðagreiðslu um þær verði frestað til 3. umr., svo að hv. fjvn. gefist tækifæri enn á ný til að athuga þær milli umræðna. Óska ég þess hér með við formann nefndarinnar, að þessar till. mínar verði teknar fyrir í nefndinni. Ég er að sjálfsögðu fús til að gefa allar upplýsingar, sem ég hef, í sambandi við bæði þessi mál og mun afla þeirra, sem ég kynni ekki að hafa, ef þess yrði óskað.

Um fjárlögin sjálf og þær brtt., sem fyrir liggja, væri að sjálfsögðu margt hægt að segja, t. d. um þá hlið málsins, sem snýr að landsbyggðinni utan Reykjavíkur. T. d. hefur verið lækkað tillag til Siglufjarðarhafnar úr 350 þús. kr. frá fjárlögum 1958 niður í 200 þús. kr., samkvæmt tillögum fjvn. og þá sjálfsagt vitamálastjórnar líka. Þá er enn fremur lagt til, að flestar verklegar framkvæmdir séu lækkaðar um 5%, atvinnubótafé er skorið niður um 3.5 millj. kr., rafveituframkvæmdir um 10 millj. Fleira mætti telja. Ég skal engan dóm á það leggja, hvort fyrir þessum mikla niðurskurði, sem hér er lagt til að verði gerður, séu fullnægjandi rök. Ég skal fyllilega fallast á þá röksemdafærslu, sem hér hefur komið fram, að eins og þessum málum öllum er komið, þá er full ástæða til þess að gæta sparnaðar í ríkisrekstrinum yfirleitt, en hvort það á fyrst og fremst að ráðast í að spara á því, sem heyrir til verklegra framkvæmda, um það má sjálfsagt mjög mikið deila.

Hæstv. ríkisstj. hefur marglýst því yfir og nú síðast hæstv. fjmrh., að engir skattar og engir tollar skyldu hækkaðir, engar nýjar álögur lagðar á þjóðina. Fyrir liggur nú hækkun á áfengi og tóbaki, sem áætlað er að muni nema 25 millj. kr. Leyfisgjald af bílum skal hækka úr 160% í hvorki meira né minna en 300%, eða um 140%. Hér er ekki um neinn smáræðis skatt að ræða, sem fyrr eða síðar hlýtur að lenda á öllum almenningi í hækkuðum fargjöldum. Því miður verður líka að viðurkenna þá staðreynd, að tóbaksnotkun almennings er mjög almenn, hækkun á þeirri vöru er því aukinn skattur á alla þá, sem þessar vörur nota, o. s. frv. Ég ætla ekki að tala um brennivínið, ég get alveg fallizt á það, að það megi hækka.

Ég hef aðeins bent hér á örfá dæmi, sem sýna mjög ljóslega, hvert stefnir. Það, sem þó er alvarlegast við þessi mál, er það, að með nokkra eða jafnvel flesta tekjuliði frv. er að mínum dómi teflt alveg á tæpasta vað, en aftur á móti er hætt við, að útgjaldaliðir frv. fari fram úr áætlun, a. m. k. hefur það

verið reyndin undanfarin ár. Ég hef ekki mikla trú á því, að þar á verði mikil breyting frá því, sem áður hefur verið, heldur jafnvel þveröfugt.

Gert er ráð fyrir stórauknum innflutningi á hátollavöru og þá vitanlega á kostnað nauðsynjavarnings. Ég verð að telja slíka stefnu stórvarhugaverða, auk þess sem engin trygging er fyrir því, að hægt verði að selja miklu meira magn af hátollavörum en nú hefur verið gert undanfarið. Benda má á, að kaupgjald í landinu var af hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokkum hennar lækkað um hvorki meira né minna en 13.4% með lögum og niðurgreiðslum. Ekki benda slíkar ráðstafanir til þess, að kaupgeta almennings hafi aukizt, heldur þvert á móti. Kaupgeta almennings hefur stórlega rýrnað, um það þarf ekki að deila. Ég tel það því mikla bjartsýni hjá hæstv. ríkisstj. að ætla að auka mikið frá því, sem er, innflutning hátollavara.

Um fram komin nál. 1., 2. og 3. minni hl. skal ekki rætt hér. Ég vil þó taka það fram, að ég er samþykkur í flestum atriðum brtt. 2. minni hl., tel þær mjög raunhæfar og til stórbóta, ef samþykktar yrðu, frá því, sem nú er.

Að lokum vil ég leyfa mér að benda hv. alþm. á till. á þskj. 409, XIII, sem við hv. 8. landsk. (BjörnJ) flytjum, fjárveiting til Sjálfsbjargarfélaga, þ. e. félaga fatlaðra, til þess að koma á fót félagsheimilum og vinnustöðvum fyrir öryrkja, 250 þús. kr., til vara 100 þús. kr. Ég bendi hér aðeins á þessa till., sem fyrri flm. mun frekar skýra frá. Ég sé nú ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð mín fleiri, enda liðið á nóttu og margir á mælendaskrá.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Á þskj. 409, í IX. lið, hef ég leyft mér að flytja brtt. við frv. til fjárlaga um, að við 14. gr. bætist nýr liður: til uppeldisheimilis fyrir ungar stúlkur, 300 þús. kr.

Þessi till. er um nauðsynjamál, sem oft hefur verið lagt fyrir hæstv. Alþ. Gísli Jónsson bar fram tillögur um þetta mál ár eftir ár. Í fyrra og hittiðfyrra voru fluttar um þetta till. Og fyrir hátt á þriðja tug ára bar frú Guðrún heitin Lárusdóttir fram till. um stofnun hælis fyrir vangæf börn og unglinga, og var þar átt við unglinga, sem framið höfðu afbrot eða að öðru leyti reynzt svo erfið, að þeirra eigin foreldrum eða uppalendum, barnaverndarnefndum og lögreglu reyndist ókleift að koma þeim á réttan kjöl.

Slíkt hæli eða heimili er ekki enn þá til í landinu fyrir telpur, og hefur þó þörfin fyrir það mjög vaxið, enda þjóðin langtum fjölmennari nú en þá. Fólksfjölgun hefur orðið mikil í þéttbýli og bæjum, og skapast vitaskuld hér á landi eins og annars staðar ýmis sérstök vandamál í þéttbýlinu varðandi unglinga og þeirra félagsskap og því meiri yfirleitt sem á byggðinni er meira stórbæjarsnið.

Barn, sem er ístöðulítið, ósjálfstætt eða viðkvæmt, getur á unga aldri leiðzt út í hnupl, önnur afbrot eða lausung, aðeins vegna þess félagsskapar, sem það lendir í, sjálfrátt eða ósjálfrátt, án þess að í því búi nokkur afbrotahneigð. Svona barn getur orðið að forhertum glæpamanni síðar meir, ef það fær ekki á unga aldri hina réttu aðstoð, hvort sem það er fólgið í leiðbeiningu, aðhaldi og umhyggju, kennslu eða eftir atvikum refsingu, þegar það á við. Má þá oft lítið út af bera, til þess að þær ráðstafanir komi að haldi, þegar um mjög erfið börn er að ræða. Eins getur barn, alveg án þess að í því sé nokkur eðlislæg brotahneigð, hneigzt til afbrota vegna beiskju út í umhverfi sitt, heimili eða forráðamenn, og er þá aðalatriðið að styrkja öryggi þess, traust og tengslin við heimili þess og uppalendur.

En svo illa getur tekizt til, að góður vilji og skynsamlegar ráðstafanir foreldra og umráðamanna þessara barna nái ekki tilgangi sínum, dugi ekki börnunum til bjargar. Þá er það skylda þjóðfélagsins að hlaupa undir bagga, alveg eins og við teljum það skyldu þjóðfélagsins að styðja þá, sem ekki geta bjargað sér sjálfir vegna örorku, elli, sjúkdóma o. s. frv. Alveg eins teljum við það skyldu þjóðfélagsins, sem er og hefur verið höfuðatriðið í allri okkar fræðslulöggjöf, að koma öllum til nokkurs þroska. Það þarf bara meira til að koma þessum börnum til nokkurs þroska en öðrum börnum.

Það var nú ekki ætlunin með mínum örfáu orðum að reyna að boða hér einhverja sálfræði- eða uppeldiskenningu og því síður að fara að flytja vandlætingarprédikun. Ég skírskota aðeins til lífsreynslu hv. þm. sjálfra, velvilja þeirra og skilnings á vandamálum unglinga og viðhorfum þeirra til lífsins. Flest okkar eru foreldrar, og öll höfum við einhvern tíma verið börn. Aldrei finnst okkur horfandi í fé til að bjarga manni frá drukknun. Þeir unglingar, sem hvað eftir annað brjóta gegn lögum eða almennum siða- eða velsæmisreglum þjóðfélagsins í svo ríkum mæli, að þeim sjálfum, samborgurum þeirra eða verðmætum stafar háski af, eru á vissan hátt að drukkna, án þess að neytt sé tiltækra björgunaraðgerða, ef þau fá ekki þá aðstoð, sem þau eiga lagalegan og siðferðilegan rétt til. Ég vil — með leyfi hæstv. forseta — lesa bréf, sem barnaverndarnefnd Reykjavíkur sendi hv. fjvn. í janúar s. l. og hljóðar svo, — það er dagsett 19. jan. 1959:

„Í 37. gr. laga nr. 29 frá 1947, um vernd barna og ungmenna, segir svo:

Ríkisstj. er skylt, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, að setja á stofn og reisa hæli, þar sem vistuð skulu börn og ungmenni, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á glapstigum. Skulu hæli þessi að minnsta kosti vera tvö, annað handa stúlkum, en hitt handa piltum.

Eins og hv. nm. er kunnugt, hefur nú um nokkurra ára skeið verið rekið slíkt heimili fyrir drengi að Breiðuvík í Rauðasandshreppi, og er árangurinn af þeirri starfsemi með mikl-

um ágætum. Sambærilegt heimili fyrir stúlkur er nú orðið knýjandi nauðsyn, og hefur raunar verið svo um alllangt skeið. Samkvæmt upplýsingum kvenlögreglunnar hér í Reykjavík hefur hún á s. l. ári haft afskipti af eða verið beðin að aðstoða 57 stúlkur á aldrinum 12—18 ára. Nokkrum þessara stúlkna, sennilega 20—25, hefði tvímælalaust verið fengin hælisvist, ef slík stofnun hefði verið til reiðu. En eins og nú standa sakir, er næstum ókleift að gera málum þessara stúlkna þau skil, að til verulegs gagns megi verða. Nú, þegar líður að afgreiðslu fjárlaga, leyfir barnaverndarnefndin sér að vekja athygli yðar á þeirri brýnu þörf, sem hér er fyrir hendi, og skorar á yður að gera um það till., að nú verði tekið upp í fjárlög nokkurt framlag til stofnunar og rekstrar slíks stúlknahælis sem gert er ráð fyrir í lögum um vernd barna og ungmenna.

Allra virðingarfyllst,
Guðmundur Vignir Jósefsson, formaður."

Jafnframt hef ég í höndum bréf frá þeim tveimur lögreglukonum, sem starfa hér í bæ, og felur það í sér áskorun til Alþ. um sama efni.

Hv. fjvn. sá sér ekki fært að taka upp þennan nýja lið, fremur en sæg af öðrum erindum, sem vafalaust hafa mörg góð mál að geyma. En skiljanlegt er á þeim tímum, sem nú eru, að ógerningur er að sinna öllum málum, sem menn vildu annars gjarnan styðja, þegar fjárhagurinn væri betri.

Mér er ljóst, að upphæðin í þessari till. hrekkur ekki fullkomlega til, langt í frá. Hitt vakti fyrir mér, að strax væri veitt þetta byrjunarframlag, og svo mætti hugsa sér, að veitt yrði meira fé síðar meir, þar til framkvæmdum væri lokið.

Fjárveiting þessi, þótt lítil sé, hlyti að flýta fyrir því, að þetta heimili kæmist upp, og má þá búast við, að sá hæstv. ráðherra, sem þessi mál hefur með höndum, kveði upp úr um staðarval í þessu skyni, en álit nefnda, sem starfað hafa að rannsóknum í þessum málum, fela í sér ýmiss konar lausnir. Aðalatriðið er ekki, hvar þetta vistheimili verður stofnað, heldur að það verði stofnað. Skiptir þá miklu, að til forstöðu fáist gott fólk, helzt með sérmenntun til þeirra starfa. Er mér kunnugt um, að til mun vera sjóður, sem ber nafn Guðrúnar heitinnar Lárusdóttur. Upphæð hans er nálægt 100 þús. kr. Tilgangurinn er að styrkja með framlögum úr honum stúlkur til að búa sig undir starf við eða forstöðu slíks uppeldisheimilis. Það væri vafalaust gott og gagnlegt að hafa samband við stjórn þessa sjóðs, ef stofnun uppeldisheimilis verður ráðin.

Nú í vetur hefur hæstv. menntmrh. (GÞG) valið sem bráðabirgðalausn þá leið, að stúlkum, sem eru hælisvistarþurfi, verði séð fyrir dvöl á uppeldisheimilum erlendis, en ríkissjóður standi straum af kostnaði.

Sú tilhögun mun ekki ætluð til frambúðar samt og leysir vitanlega ekki af hólmi þörfina á vistheimili hér á landi fyrir stúlkur. Þess vegna er þessi till. flutt. Það hefur oft munað litlu hér á hæstv. Alþ., að mál þetta næði fram að ganga, og ég vona, að hv. fjvn. athugi till. þessa gaumgæfilega fyrir 3. umr., og í trausti þess, að af því verði jákvæður árangur, leyfi ég mér að taka hana aftur til þeirrar umr.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Er fyrrv. hæstv. ríkisstj. lagði fram á Alþ. frv. að efnahagslögum s. l. ár, var í grg. fyrir því frv. gerð ýtarleg grein fyrir því, að frv. væri miðað við þær tekjur, sem almenningur í þessu landi gæti vænzt að hafa. Það var bent á það, að atvinnuvegir landsmanna þyldu ekki hærri launagreiðslur og bæri að stefna að því að halda sig við þann ramma, sem þar var lagður, og mundi þá atvinnuvegunum vegna vel og útflutningur aukast, og gæti þá komið til nýrrar tekjuöflunar hjá almenningi í landinu.

Ekki hafði þessi löggjöf staðið lengi, þegar þáverandi stjórnarandstæðingar með Sjálfstfl. í broddi fylkingar tóku höndum saman um kauphækkanir og aðrar ráðstafanir til þess að eyðileggja áhrif þessarar löggjafar. S. l. sumar voru þessi mál sótt af kappi, svo sem kunnugt er, og skorti þá ekki, að menn voru hvattir til kauphækkunar, og minnist ég þess, að Alþýðublaðið, blað núverandi hæstv. ríkisstj., spurði um það, hvernig stæði á því, að Dagsbrún hækkaði ekki kaupið eins og hinir. Ég held, að hæstv. fjmrh. hefði átt að athuga þá, að sjáandi menn hefðu þurft að sjá og heyrandi að heyra. Þessar aðferðir gengu fram til hausts. Framsfl. fylgdi þessari efnahagslöggjöf eftir betur en aðrir stuðningsflokkar fyrrv. ríkisstj. Á s. l. hausti lagði hann til, að áfram yrði haldið á þeirri braut, sem mörkuð var, þegar efnahagslöggjöfin var sett, og lagði fram till. í fyrrv. ríkisstj. til þess að fylgja eftir því, sem um var raunverulega samið, þegar löggjöfin var sett. Eins og kunnugt er, náðist þá ekki samstaða innan þeirrar ríkisstj. um endanlega lausn þessa máls, og fór því svo sem fór, að ríkisstj. baðst lausnar. Það verður að segja það eins og er, að þeir Alþýðuflokksmenn stóðu ekki á verðinum þá, þó að þeir brigzli öðrum um það núna, að þeir standi ekki á verði og horfi ekki á staðreyndirnar.

Ef efnahagslöggjöfinni frá því í fyrravor og till. Framsfl. í haust hefði verið fylgt eftir, þá stæðum við ekki frammi fyrir þeim vanda, sem við stöndum nú. Ég vil því skírskota til þess í upphafi máls míns nú, þegar hér hafa verið látin falla orð um það, að Framsfl. hafi magnað verðbólgudrauginn.

Þegar við hófum hér störf eftir nýárið í vetur, þá var því lýst yfir úr forsetastóli, að nú skyldu mál leyst innan þings, en ekki utan. Okkar virðulegi, ágæti forseti taldi sig mundu endurheimta virðingu Alþingis, sem mjög hefði skort á að hefði verið þá um skeið. Ég verð að segja það, þó að ég meti þennan hæstv. forseta mjög vel, að þá kunni

ég líka vel við þann ágæta forseta, sem var að kveðja forsetastólinn um áramótin, og taldi ástæðulaust að segja þetta í hans garð. Hann hafði séð vel fyrir virðingu Alþingis, meðan hann var í forsetastóli, og satt að segja kunni ég miklu betur við hann þar en í því sæti, þar sem hann situr nú. Ef til vill finna einhverjir ástæðu fyrir því, en ég hygg líka, að hæstv. forsrh. muni finna sjálfur ástæðu fyrir því seinna, að þetta er ekki mælt út í bláinn. En hvað hefur svo gerzt? Hvernig hefur málum verið til lykta leitt? Ég veit ekki annað en það hafi verið ráðstafað í niðurgreiðslur á annað hundrað millj. án þess að tala um það við þm. Ég veit ekki annað en það hafi verið samið við útveginn án þess að tala um það við alþm. Hæstv. fjmrh. gat um það hér áðan, að það hefði ekki verið vani að gera það. En ég vil segja þessum hæstv. ráðh.: það hefur ekki fyrr setið hér stjórn á Alþ., sem hefur stuðzt við álíka marga þm. og nú er. Ríkisstj. styðst ekki við þingmeirihluta og hefur ekki möguleika til þess að koma löggjöf fram í Alþ. Það var því fullkomin ástæða til þess, að hún bæri sig saman við Alþ., þegar hún tók jafnútgjaldamiklar ákvarðanir og þarna var gert. Og ég vil taka það fram, að ég tel mig ekki bundinn af þessum ákvörðunum hæstv. ríkisstj., enda ekki það skynsamlegar, að það sé ástæða til þess að fylgja þeim eftir. Við þetta er afstaða okkar framsóknarmanna miðuð í grg., sem við höfum lagt fram í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna.

Það er nokkur ástæða til að veita sérstaka athygli afgreiðslu þeirra fjárlaga, sem nú er verið að afgreiða. Allt frá því 1950 hefur Framsfl. farið með fjármál í þessu landi. Eysteinn Jónsson, hv. 1. þm. S-M., hefur verið fjmrh. í öll þessi ár. Á þessu tímabili hafa skuldir ríkissjóðs lækkað um 20 millj., nettóeignaauki ríkissjóðs hefur aukizt um 780 millj. Ríkissjóður hefur haft greiðsluafgang, sem hefur verið ráðstafað, og nú á að ráðstafa um 160 millj., og hefur þessu fé verið varið í framkvæmdir í landinu, til ræktunarsjóðs, byggingarsjóðs sveitanna, veðdeildar Búnaðarbankans, íbúðalána, verkamannabústaða, fiskveiðasjóðs og í aðrar nauðsynlegar framkvæmdir. Á þessu tímabili hafa verið tekin inn á fjárlög stórir fjárlagaliðir, svo sem atvinnuaukningarfé, fé til raforkuframkvæmda. Allt þetta hefur miðað í þá átt að byggja landið og byggja það allt. Það hafa verið stóraukin framlög til sjúkrahúsmála, til atvinnuleysistrygginga er nýr liður, til vísinda í þágu atvinnuveganna, þátttaka í skólakostnaði hefur verið aukin og annað eftir því.

Þó að þetta hafi verið gert á þessu tímabili, hefur þó jafnframt verið unnið að því að lækka beina skatta, svo sem gert var 1950 og 1954, þegar sparifé var gefið frjálst og beinir skattar á einstaklinga voru lækkaðir um 29%. Á s. l. ári voru samþ. skattfríðindi sjómanna og giftra kvenna, sem vinna utan heimilis.

Á allt þetta er vert að minna einmitt nú í sambandi við þá fjárlagaafgreiðslu, sem hér á að fara fram. Það má líka benda á, að það, sem gert hefur verið á þessu tímabili, er allt greitt og meira en það, eins og ég hef þegar tekið fram, en ekki miðað við það, að fé verði greitt af framtíðinni.

Því er ekki að neita, að þrátt fyrir það, þó að svona vel hafi verið á fjármálum ríkisins haldið, eins og ég hef hér greint, þá hafa verið til menn í þessu landi, sem hafa haldið því fram, að betur mætti með þau fara, það væri sukk, sem þyrfti að fjarlægja, mikið mætti spara á fjárlögum. Og meira að segja hæstv. forsrh. hélt því fram í áramótaræðu sinni, að það væri auðvelt að lækka útgjaldaliði fjárlaganna um nokkra tugi milljóna.

Það var því beðið með nokkurri eftirvæntingu eftir þeirri fjárlagaafgreiðslu, sem nú er að fara fram. Menn biðu eftir því að sjá nú, hvar sukkið hafði verið, sjá nú sparnaðinn, sem var svo auðvelt að leysa af hendi, og sjá nú, hvernig þessi nýja forusta í fjármálunum mundi afgreiða fjárlögin. Og hvernig er svo afgreiðslan hjá hæstv. núverandi ríkisstj. og stuðningsliði hennar? Ef ég lít á afgreiðsluna frá sjónarmiði þeirra stjórnarsinna, þá er hún þessi: Þeir ætla að nota til þess að afgreiða fjárlögin í ár 25 millj. kr. greiðsluafgang frá s. l. ári. Það á að nota 30 millj. af Sogstollum, sem ekki koma heldur aftur. Það á að geyma 20 millj. kr. halla í útflutningssjóði. Og það á að lækka verklegar framkvæmdir og önnur áætluð útgjöld um 49 millj. Því er svo jafnframt lýst yfir í nál. 1. minni hl., að þetta sé ekki hægt að gera nema í eitt sinn, það verði að taka þetta inn á fjárlögin aftur. Og þær viðbætur, sem hafa verið núna samþykktar af skólum, mundu þýða það, að við mundum þurfa að verja til þeirra 5 millj. kr. hærri upphæð á næsta ári. Og hvað segir þá þetta? Þegar þetta er samanlagt, þá kemur út 130 millj. kr. Það eru tekjur, sem ekki er hægt að reikna með, eða lækkanir, sem ekki er hægt að nota aftur, þegar fjárlög verða samin á nýjan leik. Væri það sanngjarnt að fara að kenna þeim, sem við fjármálunum taka, um, að þeir séu að leggja á nýja skatta, þegar þeir afla fjár til að mæta þessari fjárþörf? Það væri skrýtið, ef svo væri gert. Og svo er verið að tala um það hér, að það sé verið að afgreiða fjárlög með ábyrgð og framsýni og að við framsóknarmennirnir sýnum hið mesta ábyrgðarleysi í sambandi við þessa fjárlagaafgreiðslu, þegar við bentum á þetta.

Hér eru nú samt ekki öll kurl komin til grafar, því að þegar litið er á tekjuáætlun fjárlaganna, þá kemur þar annar hlutur upp. Hæstv. fjmrh. sagði hér áðan, að menn vildu hafa það svo, að hér væri ekki um ábyrga afstöðu að ræða og hér væri ekki fyrir öllu séð, og taldi, að þeir væru með þessu að drótta einhverju að ráðuneytisstjóranum í viðskmrn., sem hefur unnið að þessum málum. En hvað sagði sá ráðuneytisstjóri á fundi fjvn.? Hann sagði um tekjuáætlunina, að hún væri svo teygð, að það mætti ekkert út af bera. Hann lýsti því yfir á fundi fjvn., að það væri

ekki hægt að reikna með því, þó að meiri gjaldeyrir væri til umráða á þessu ári, að það væri hægt að nota hann til að flytja inn hátollavörur. Ástæðan væri sú, að þær væru orðnar það háar í verði, það væri erfitt að selja þær og það væri erfitt að fá þá, sem verzla, til þess að verzla með þær. Það væri svo mikið fjármagn bundið í þessum vörum, að þeir, sem við viðskiptin eða verzlunina væru, veigruðu sér við að kaupa mikið af þeim. Þessi maður, þessi ráðunautur ríkisstj., hann lýsti þessu yfir, að þannig væri þetta, hér væri því allt á tæpustu nöf og væri ekki hægt að reikna með betri árangri, þó að gjaldeyrisaðstaðan yrði betri en búizt væri við. Enn fremur sagði hann, að minnsta tilfærsla á milli flokka í hátollavörunum gæti haft hin mestu áhrif á þessa áætlun, eins og hv. 1. þm. S-M. benti hér á. Ofan á þetta bætist svo, að þegar búið er að teygja tekjuáætlunina á fremstu nöf eftir þessari innflutningsáætlun, sem ég er þegar búinn að sýna fram á að er í rauninni óhugsandi að geti staðizt, þá er aðeins gert ráð fyrir 15 millj. kr. til þess að mæta umframgreiðslum. Sjá allir, hvað hér er langt gengið, þegar fjárlögin eru upp á milljarð, að reikna þá með einum 15 millj. fyrir umframgreiðslum. Þess vegna mun hér bætast nokkuð við þetta, sem ég nefndi hér áðan. Og minn ágæti kunningi, hv. 2. þm. Eyf. (MJ), var að tala um það í sambandi við till. okkar framsóknarmanna um ráðstöfun á greiðsluafgangi s. l. ár, að það væri eins og að ætla sér að byggja húsið, en hugsa ekki um að stífla lækinn, sem flæddi inn á túnið. En hvernig verður með lækinn, þegar á að fara að semja næstu fjárlög? Þá vantar upp í gátt́na, og ég held, að hann flæði yfir, þó að það sé beðið eftir því núna, að hann flæði ekki inn á túnið, fyrr en kosningar eru um garð gengnar. Það er þessi stefna, sem hæstv. ríkisstj. og stuðningslið hennar fylgir, að lifa fram yfir þær.

Þá er komið að sparnaðartill.

Það var fullkomin ástæða til að ætla, að þegar hæstv. núverandi stjórnarlið tæki við fjármálunum, þá mundi vera leitað eftir því að sýna sparnaðartill. Það var nauðsynlegt fyrir þá að sýna sukkið, og ég held, að þeir hefðu gjarnan viljað láta það sjást núna fyrir þessar kosningar. Og hverjar eru svo sparnaðartill.? Það er auðvelt að lækka fjárlögin um nokkra tugi milljóna. Jú, vafalaust hefur það verið auðvelt, en merkilegt er, fyrst það er svona auðvelt, að menn skyldu þá ekki finna betri leið en hér er fundin.

Um alþingiskostnaðinn ætla ég ekki að fara að ræða mikið. En ég verð að segja það, þótt ég að vísu þekki hæstv. fjmrh. sáralítið, en ég bjóst ekki við, að hann væri jafnfyndinn og hann er. Það er ekki nema mjög fáum mönnum gefið að gera skemmtilegt gys að sjálfum sér. En það er hæstv. ríkisstj. að gera með tillögunni um alþingiskostnaðinn. Ég vil benda á það, að á s. l. ári voru þm. heima janúarmánuð, nú komu þeir strax eftir áramót. Það vita allir, að þetta hefur í för með sér aukinn kostnað. Þing stendur nú fram í maí, og það er reiknað með aukaþingi í sumar. Í sambandi við það er ferðakostnaður, sem ekki kom til á hinu árinu. Og svo ætlar nú stjórnarliðið sér að fjölga hér alþingismönnum. Einhvern veginn þarf að koma þeim fyrir hér á þessu hæstv. Alþingi, og það verður einhver kostnaður við það að koma inn nýliðunum. Og ég er sannfærður um það, að hæstv. fjmrh. er annaðhvort að gera að gamni sínu eða hann vonar, — og það vildi ég nú frekar að væri hans skoðun og ósk, — að þeir nái ekki fram með sína þingmannafjölgun. Það væri vonandi, að svo færi. En annað getur ekki legið á bak við þetta spjall þeirra.

Þá var hæstv. ráðh. að tala hér um Skipaútgerð ríkisins. Það er hægt að benda á það í sambandi við rekstur skipaútgerðarinnar á þessu ári, að hafnargjöld og vörugjöld hafa aukizt. Á s. l. ári fékk skipaútgerðin greiddar skaðabætur, sem ekki koma til greiðslu á þessu ári. Þessar upphæðir samtals eru nærri millj. kr. Það er ekki litið á það, þegar er verið að gera áætlun núna. Og í sambandi við tryggingarnar man ég ekki betur en tryggingagjöldin væru tæpar 3 millj. kr. Ég man heldur ekki betur en forstjóri skipaútgerðarinnar upplýsti, að það væri upp undir 2 millj. kr., er tjónbætur á skipunum frá tryggingunum hafa numið. Það er líka um þessar tryggingar að segja, að skipin eru tryggð fyrir algeru tjóni, og það kostar líka sitt. Þess vegna er sparnaðurinn á þessari tillögu sáralítill. En það var annað: það átti að hækka þessi tryggingagjöld um 700 þús., og það var komið í veg fyrir það, en það var ekki farið að reikna með þeim sparnaði í þeim áætlunum, þegar fjárlögin voru samin.

Ég man það í fyrra, að þegar við þá lækkuðum tillag til iðnskólans í Reykjavík, vegna þess að hann hafði ekki eytt sinni fjárveitingu, þá var litið á það eins og venjulegt tillit framsóknarmanna til Reykjavíkur. Þá var það bara árás á Reykjavík, en ekki neinn sparnaður, sem þar var verið að innleiða. *Nú þykir þetta góð og gild vara.*

Stærsti liðurinn í sparnaðartillögum hæstv. ríkisstj. er á raforkumálunum. Þegar vinstri stjórnin kom að völdum, hækkaði hún framlag til raforkumálanna um 10 millj. kr. á fjárlögum. Þetta tekur nú stjórnarliðið til baka — *og ekki nóg með það, heldur taka þeir* 5% af því, sem þá er eftir. Mig minnir, að ég læsi það í blaði stjórnarliðsins, að sparnaður væri fögur hugsjón. Já, mikið held ég að fólkinu, sem þráir rafmagn og situr rafmagnslaust, mikið held ég að því finnist um þessa *fögru hugsjón. Ég held, að það lýsi nú samt* ekki af henni hjá því, sem ekkert rafmagn fær. En þar þarf ekki að jafna, á milli fólksins, sem í dreifbýlinu býr og ekkert rafmagn fær, þá þarf ekki að hugsa um jöfnuð með tilliti til hinna, sem að rafmagninu sitja. Nei, þá kemur stjórnarliðið og segir: Þetta getur beðið, hér má spara, það er svo fögur hugsjón að spara á þessum lið. — Og nú vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstj. Hún segist ætla að

leysa þetta mál með því að taka lán. Til þess að hægt verði að sjá fyrir rafmagnsmálunum í ár, eins og til er ætlazt í framkvæmdaáætlun raforkuráðs, og til þess að greiða greiðsluhallann af rafveitum og afborgun af erlendum lánum, bráðabirgðalánum, sem þarf að greiða á þessu ári, — til þess að framkvæma 10 ára áætlunina og þá raforkuáætlun, sem raforkuráð hefur samþykkt, þá þurfa þeir að útvega lánsfé, auk þess sem gert er ráð fyrir, að bankarnir láni hér samkv. eldri samningum, um 67 millj. kr. tæpar. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ríkisstj.: Ætlar hún sér að leysa málið á þennan veg? Ætlar hún sér að útvega auk þess, sem bankarnir lána, sem reiknað er með að séu tæpar 14 millj. kr., — að útvega 67 millj. kr.?

Já, það var þá um orlofsmerkin. Ég get tekið undir það með hv. þm. S-Þ., að mér leiddust orlofsmerkin, þegar ég sem sveitarstjóri fór að fást við þau. Ég fór eitthvað að tala um það, hvort það væri ekki hægt að losna við þau og greiða orlofið út með launum. En þá kom til mín fullorðinn maður, Alþýðuflokksmaður, og hann sagði: Nei, þetta er ekki heppilegt. Það er nefnilega mikils virði fyrir okkur að fá þetta greitt í orlofsmerkjum. Ef þú borgar okkur þetta út vikulega eins og hin launin, þá týnist þetta hjá okkur, en þegar þú borgar okkur þetta í orlofsmerkjum og við límum það inn í orlofsbókina okkar, þá eigum við dálitla fjárhæð eftir árið, nokkra upphæð, sem kemur okkur að gagni, og við vitum, að við höfum fengið orlofsmerki. — Ég skal segja ykkur það: Það var nokkur hugsjón í þessu máli hjá Sigurjóni Ólafssyni, sem ég held að hafi borið það fyrst fram hér á þingi, og ég er sannfærður um það, að honum fyndust örlögin grimm, ef hann væri hér núna og sæi sína gömlu félaga, fyrstu ríkisstjórn Alþfl., sópa þessari hugsjón sinni í burtu.

Um ábyrgðirnar hefur verið rætt hér, og ætla ég ekki sérstaklega að fara út í það.

Byggingar á jörðum ríkisins eru einnig á þessum lista. Það er þó vitað mál, að það er búið að lofa hærri upphæð í greiðslum en eftir stendur á fjárl. eða um það bil, og þá er ekkert eftir fyrir því, sem kann að koma hér eftir. Það er kannske hægt að gera svona hluti, þegar menn hugsa um að komast aðeins fram yfir nokkra mánuði, en það er ekki hægt, ef menn ætla sér að lifa eitthvað lengur.

Hæstv. fjmrh. tók það fram hér áðan í sambandi við niðurskurðinn á verklegu framkvæmdunum, að þetta væri í raun og veru enginn niðurskurður, vegna þess að kaupgjaldið í landinu hefði lækkað frá því í fyrra og það ynnist meira fyrir þessar upphæðir núna en í fyrra. En sannleikurinn í málinu er sá, að kaupgjaldið núna er hærra en það var í fyrra. Þess vegna vinnst minna fyrir upphæðirnar núna en vannst þá. Þetta getur hæstv. fjmrh. kynnt sér, ef hann hefur ekki vitað um það áður, — og kannske hættir hann við niðurskurðinn, þegar hann fær þessi sannindi í hendurnar. Það er nefnilega ekki þetta, að kaupgjaldið sé lægra núna, heldur er það hærra.

Ein af þessum sparnaðartillögum þeirra, sem sprottnar eru af fögru hugsjónunum, er að taka út framlag til menntaskólans í Reykjavík, lækka til menntaskólans á Akureyri og sjómannaskólans hér. Ég verð að segja það eins og er, að mér finnast þetta heldur kaldar kveðjur. Það er búið á nokkru árabili að vera með þessa liði á fjárlögum, og það er búið að veita til menntaskólans í Reykjavík tæpar 10 millj. kr., á Akureyri yfir 4 millj., stjórnarráðshússins 7 millj. kr., — og svo förum við nú að sópa þessu öllu í burtu, og við segjum, að það sé gert vegna þess, að það séu erfiðleikar í landinu. Það er þó sannanlegt, að s. l. ár var reglulegt góðæri, og máli mínu til sönnunar vil ég nefna, að það er ætlazt til þess, að tekju- og eignarskatturinn gefi okkur 17 millj. kr. meiri tekjur nú en árið áður. Það er ekki af því, að neitt hallæri sé í þessu landi, því að fólkinu vegnar vel. Samt þykir nú ástæða til að hafa þetta í sparnaðarliðunum.

Ýmislegt er það fleira, sem maður er nokkuð undrandi yfir. Það var verið að ræða hér um vegaviðhaldið áðan, og hv. 2. þm. Eyf. var að tala um það, að við hefðum ekki verið svona sinnaðir í fyrra. Mig minnir nú, að hv. 2. þm. Eyf. væri ekki ánægður við okkur, af því að hann vildi gjarnan fá þessa fjárhæð hækkaða. En hækkunin, sem hefur átt sér stað á viðhaldsfénu, er bara fyrst og fremst miðuð við þær hækkanir, sem hafa orðið síðan, og sérstaklega urðu miklar hækkanir hjá bifreiðastjórum á s. l. ári, auk þess sem þjóðvegirnir eru alltaf að lengjast og notkun þeirra að aukast. Það er þess vegna ekki undarlegt, þó að vegaviðhaldið fari hækkandi, og það er mjög fráleitt að ætla sér að lækka viðhald til þjóðvega, á sama tíma sem hæstv. ríkisstj. ætlar sér að ná verulegu fjármagni af innflutningi á bílum.

Það hefur hér verið rætt nokkuð um barnaskólana í sambandi við þennan niðurskurð. Það verður að segjast alveg eins og er, að það var auðvitað miklu eðlilegri máti að taka ekki fjárframlag til jafnmargra nýrra skóla inn á þessu ári eins og gert var en að fara svona aftan að siðunum. Því er þannig varið, að þegar búið er að taka skóla inn á fjárlög, þá verður að ljúka greiðslunni á fimm árum. Og við það var miðað í frv., það gerði ráð fyrir fullum fjárveitingum handa þeim skólum, sem byrjað var á. Og það var auðvitað miklu eðlilegra, fyrst hæstv. ríkisstj. ætlaði sér að fara að höggva í þennan lið, að byrja á færri nýjum skólum.

Ég minnist þess nú, að þegar fjárlög voru afgreidd hér 1957, þá var hækkað framlag til íþróttasjóðs úr 1200 þús. í 1600 þús. Þá var fjárþörf þessa sjóðs 8.4 millj. kr. Nú er hún 13.1. Samt þykir ástæða til að lækka nú liðinn um 5%. Ég man ekki betur en þá væri flutt hér á Alþingi till. um, að til Laugardals gengi 1 eða jafnvel 2 millj. Nú sé ég að vísu, að það er komin hér till. um 500 þús., og væri

það eðlileg hækkun til íþróttasjóðs. En skrýtið finnst mér, að það skuli nú hafa verið lagt í þennan lið og höggvið á hann einnig.

Þá er það um framlag samkv. jarðræktarlögum. Hér er auðvitað um áætlunartölur að ræða, og ég held, að hæstv. ríkisstj. hefði haft fullkomna þörf fyrir það, að einhvers staðar hefði verið þannig áætlað, að hún hefði kannske getað haft þar afgang. Þegar fer að líða á árið, munu þeir, sem þá kunna að stjórna, ábyggilega finna fyrir því, að þörf hefði verið á slíku. En núv. hæstv. ríkisstj. telur sig ekki hafa þörf fyrir það. Við bíðum og sjáum, hvað setur. En ekki hef ég trú á því, að hún reynist í þessu öðrum stjórnum fremri um að halda fjárlagagreiðslum innan þess ramma, sem hugsað er.

Á undanförnum árum höfum við mjög keppt að því að klæða landið, bæði í sandgræðslu og skógrækt. Á s. l. ári var byrjað á því að dreifa áburði úr flugvél í tilraunaskyni í sambandi við sandgræðsluna. Þessi tilraun er hin merkilegasta, og það var tekin inn á þetta fjárlagafrv. nokkur fjárhæð í þessu skyni. Nú er samt lagt til að fara í þennan lið allan og sömuleiðis skógræktina og taka 5% af því. Víða er nú við komið og ekki allt af hyggindum gert.

Þó er hér fyrir mér liður, sem vekur sérstaka athygli á sér. Eins og kunnugt er, hafa mörg óhöpp skeð í sambandi við sauðfjárveikivarnirnar, síðan fjárlagafrv. var samið. Upp kom í Dalasýslu sauðfjárveiki sunnan girðingar meiri en reiknað hafði verið með, og það, sem mest er þó og hættulegast, er það tilfelli, sem kom upp á Reykjanesi nú fyrir stuttu. Samt lætur hæstv. ríkisstj. sér detta í hug að lækka liðinn til sauðfjárveikivarna, miðað við girðingar, um 5%. Ég hef ekki trú á því, að t. d. hv. þm. N-Ísf., sem flytur hér á Alþ. þáltill. um, að það skuli gera allt til þess að koma í veg fyrir, að sýkin komist til Vestfjarða, eins og mikla nauðsyn ber til, geti látið sér detta í hug að fylgja þessari till. Hér er ekki verið að hugsa um það, hvað er hægt, aðeins hugsað um það eitt, hvernig hægt er að krækja saman þeim endum, sem ríkisstj. þarf að krækja saman til þess að sýnast fram yfir kosningar.

Og þá er hér smáliður, sem er til vatnsveitna. Þessi liður hefur staðið óhreyfður um nokkurt skeið. Umsóknir munu vera yfir hálfa aðra millj., en liðurinn er aðeins 600 þús. kr. Samt er tekið af honum, til þess að enn þá færri njóti en áður var og nauðsyn bar til.

Og svo kem ég hér að síðustu að lið, sem ekki er síztur, og það er til ríkisspítalanna. Allir vita, að það er verið að byggja stórbyggingu við landsspítalann. Starfsskilyrði prófessoranna, okkar færustu manna, eru þar slík, að þeir hafa varla herbergi til að hafa fataskipti í og verða að skera sjúklinga upp á göngum spítalans. Þeir hafa sýnt mikinn dugnað í sambandi við þessa framkvæmd. Það hefur verið reynt að pota þessari fjárhæð upp og leysa mál þeirra eftir föngum. Nú á að klípa af þessum lið á 3. hundrað þús. Ég verð að segja það, að það er lítill myndarskapur yfir sparnaði, sem svona er framkvæmdur. Og ég skal játa það, að ég hef þá ekki skilið sparnað rétt, ef þetta er sparnaður. Það getur verið undir vissum kringumstæðum eðlilegt að draga framkvæmdir, þegar þannig er ástatt, en það er ekki sparnaður, þó að framkvæmdir séu dregnar, og það hefur ekki reynzt okkur til þessa neinn sparnaður fólginn í því. Ég held, að það muni reynast eins í þessu tilfelli.

Hæstv. fjmrh. var að tala um, að bændur í Þingeyjarsýslu mundu vafalaust benda þm. sínum á það, að hann þyrfti að gá betur að, hvort ekki væri einhvers staðar hægt að spara í ríkisrekstrinum. Ég held, að hæstv. ráðh. þyrfti að leita betur sjálfur að sparnaðartillögum, áður en hann fer að krukka í fjárl., eins og hér hefur verið gert.

Ég er á því, að leitin hafi ekki reynzt eins létt hjá hæstv. forsrh. að sparnaðartillögunum og hann hélt um áramótin, fyrst hann fór að skera í hafnarbótasjóðinn.

Nei, það, sem vekur sérstaka athygli, er þetta: Það eru engar sparnaðartillögur í þessu. Hér er aðeins um frestun á framkvæmdum að ræða og svo hitt, að áætla tölur án tillits til þess, hvað þær raunverulega verða.

Hæstv. fjmrh. var að tala um, að það væri nauðsynlegt fyrir okkur Framsfl.-menn að reikna það út, hvað dýrtíðin hefði kostað. Honum og eins hv. 2. þm. Eyf. virtist koma það illa, þegar við framsóknarmenn vorum að benda á það með tölum, hvernig fé hefði verið ráðstafað í sambandi við niðurgreiðslurnar. Ég vil endurtaka, að það hefði verið þeim hv. Alþfl.-mönnum hyggilegra að athuga fyrr, að vinnubrögð þeirra í fyrrv. ríkisstj. voru ekki heppileg og koma þeim nú í koll.

Hv. 2. þm. Eyf. var mjög hneykslaður yfir því ábyrgðarleysi og því lýðskrumi, sem kæmi fram hjá okkur framsóknarmönnum í fjvn., yfir því, að við skyldum engar till. gera í sambandi við útflutningssjóðinn og afkomuna í heild. Ég hef drepið á það hér að framan. En skyldi nokkurn undra, þó að þessi hv. þm. væri nú hneykslaður? Þeir voru ekki seinir á sér, hv. sjálfstæðismenn, að bera fram sínar tillögur, þegar fyrrv. ríkisstj. sat að völdum. Þá komu þær bara vaðandi hér inn í d. fyrirhafnarlaust, — eða var ekki svo? Nei, mig minnir, að þá væri ekki hægt að bera þær fram, af því að þeir sætu ekki í ríkisstj., þá skorti allt, sem þyrfti, til þess að bera fram slíkar tillögur. Það er ekki að undra, þó að slíkir menn tali svo um lýðskrum og ábyrgðarleysi. — Og hvað er svo afgreiðsla fjárl. núna? Ber hún vott um mikla ábyrgð? Ég hef þegar bent á það. Það á að reyna að krækja saman með tekjuliðum, sem ekki er hægt að nota nema í þetta eina sinn, og svo á að teygja tekjuáætlunina langt fram yfir það, sem hugsanlegt er að hún standist, og svo á að kalla þá, sem benda á þetta, sérstaka lýðskrumara og ábyrgðarlausa.

Já, það er nokkuð skrýtið. Ég verð að segja það, að mér finnst afgreiðsla þessara fjárl.

að mörgu leyti merkileg. Það er ekki amalegt fyrir okkur framsóknarmennina að fara út um landið með þetta plagg, sýna sparnaðartill. hæstv. ríkisstj., sýna sukkið hjá hæstv. fyrrv. fjmrh., sem er fólgið í þessum liðum, sem hér eru. Fólkið verður ekki undrandi, þó að hafi þurft að taka í lurginn á slíkum fjmrh. — Nei, það er alveg furðulegt, að hæstv. ríkisstj. skyldi ekki finna eina einustu till., sem gat heitið sparnaður og hún gat flaggað með. Ég verð að segja það, að ég stend mjög ráðþrota frammi fyrir því, að þeir skyldu vera svo litlir karlar. Hitt verð ég að segja, að það er öruggt, að hæstv. ráðh. þurfa ekki að kvíða því, að þeir verði skammaðir fyrir tekjuafgangana, sem þeir skilja eftir handa eftirmönnum sínum. En það getur verið, að þá finnist eitthvað af óreiðunni, skuldum, sem hv. þm. voru hér að tala mikið um í vetur, en óreiðan var bara sjóðir, sem þeir, sem við tóku, nota nú sér til framdráttar.

Áður en ég lýk máli mínu, vil ég endurtaka það, — ég vil spyrja hæstv. ríkisstj. um þetta: Er hún undir það búin að útvega það fjármagn í raforkuplanið, sem þarf til þess að koma fram þeirri framkvæmdaáætlun, sem gerð hefur verið? Og er hún undir það búin, ef henni tekst að koma hér í gegnum Alþ. að nota greiðsluafganginn í sína ríkisframfærslu, — er hún þá undir það búin að útvega byggingarsjóði ríkisins og byggingarsjóði Búnaðarbankans og veðdeildinni nýtt fé?

Á undanförnum árum hefur verið hægt að nota greiðsluafgang ríkissjóðs til framfara í landinu. En nú er skipt um, enda komin ný ríkisstj.

Það væri svo sem ástæða til þess fyrir okkur framsóknarmenn út af fyrir sig að vera ánægðir. En það er ekki ánægja yfir því að sjá, að það eigi að afgreiða fjárlög ríkisins með jafnmiklu gáleysi og ábyrgðarleysi og hér á að gera.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 409 þrjár brtt., sem ég vil fara um nokkrum orðum.

Fyrsta till. er um 300 þús. kr. framlag til dráttarbrautar fyrir togara á Akureyri. Á Alþ. 1956 var samþ. till. mín og núverandi hæstv. dómsmrh. um 200 þús. kr. framlag í þessu skyni, og hefur sú fjárveiting staðið óbreytt á fjárl. síðustu 2 ára. Með tilliti til þess, að hér er um mikið nauðsynjamál að ræða fyrir togaraútgerðina á Vestur-, Norður- og Austurlandi og raunar alla togaraútgerðina í landinu og jafnframt um eitt mesta áhugamál Akureyringa í atvinnulegum efnum, en upphæðin hins vegar smávægileg, vekur það furðu mína, að nú er lagt til að lækka þetta framlag um helming. Virðist mér, að slík lækkun nálgist spott á þjóðþrifamáli eða lýsi í bezta falli litlum skilningi á því.

Því mun haldið fram, að eðlilegt sé að lækka þetta framlag til dráttarbrautar á Akureyri vegna þess, að þrátt fyrir 2 ára framlag úr ríkissjóði hafi enn ekki verið hafizt handa um framkvæmdir. Þessi röksemd er þó heldur léttvæg, þegar af þeirri ástæðu, að með sömu fjárveitingu mundi það taka ríkissjóð marga áratugi að greiða sinn lögboðna hluta framkvæmdarinnar, en allt að 80 árum samkv. till. fjvn. nú, — en þó fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að það eina, sem á hefur staðið með að hefja verkið, er það, að ekki hefur enn fengizt sú aðstoð af hendi ríkisvaldsins, sem óhjákvæmileg er, til þess að svo geti orðið, en Akureyrarbær hins vegar gert allt, sem í hans valdi hefur staðið, til þess að hrinda málinu áleiðis, og að því er ég hygg meira en flest — ef ekki öll — bæjarfélög hafa gert í hliðstæðum tilfellum. Þannig hefur bæjarfélagið lagt til hliðar til dráttarbrautarinnar ½ millj. kr. á ári í 3 ár, eða alls 1.5 millj. kr., en auk þess hækkað hafnargjöld í kaupstaðnum um allt að ½ millj. kr. á ári, og er sá tekjuauki hafnarinnar fyrst og fremst hugsaður til stuðnings þessu fyrirtæki. Þannig er nú handbært fé, að meðtöldu 2 ára framlagi ríkissjóðs, um 2 millj. kr., en auk þess má reikna með, að framlag bæjarins geti næstu ár numið um 1 millj. kr. á ári. Lágmarksbyggingartími slíks mannvirkis mun vera um 2 ár, og mætti því gera ráð fyrir, að eigið framlag Akureyrarbæjar gæti orðið 4—5 millj. kr., þegar fyrirtækið gæti tekið til starfa, eða um 1/4 hluti alls stofnkostnaðar a. m. k., og hygg ég ekki mörg dæmi til svo mikils eigin framlags bæjarfélags til hafnarframkvæmda, og sýnir það vel það mat, sem allir flokkar í bæjarstjórn Akureyrar hafa á þessu máli, og þar njóta þeir stuðnings allra bæjarbúa.

Ég tel það alrangt og hættulegt, ef fjárveitingavaldið telur slíkt átak gefa tilefni til sérstakrar refsingar í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, nema þá vera skyldi, að Akureyringar og aðrir, sem þetta mál bera fyrir brjósti, séu hér að berjast fyrir óþurftarmáli, sem beri að stöðva eða hindra. Í því sambandi vil ég minna á, að nú er aðeins ein dráttarbraut til í landinu, sem tekið getur upp togara til viðgerða. Slík einokunaraðstaða hlýtur að hafa sín áhrif á viðgerðarkostnað togaraútgerðarinnar, sem er einn af stærstu útgjaldaliðum hennar. Þessi eina dráttarbraut getur ekki heldur fullnægt þörfum flotans, eins og hann nú er, um slippláss og mun á næstu tímum verða enn ófærari um það, þar sem sá floti, sem við nú eigum, þarfnast æ meiri og kostnaðarsamari og tímafrekari viðgerða og allir gera sér einnig ljósa þörfina á stórfelldri aukningu flotans, sem hlýtur að verða á næstu árum. Árlega verða togarar, a. m. k. þeir, sem gerðir eru út utan Reykjavíkur og næsta nágrennis, fyrir miklum töpum í sambandi við siglingar þangað til viðgerða og þá ekki síður vegna þess, að þeir verða oft og tíðum að bíða langtímum saman eftir því að komast í brautina og verða af þeim sökum fyrir stórfelldum fjárhagslegum áföllum.

Nú eru á Norðurlandi, Vestfjörðum og Austfjörðum 18 stórir togarar og allmörg togskip. Í flestum tilfellum mundi þessum flota hentara

að sækja viðgerðir til dráttarbrautar á Norðurlandi, og mundi hann skapa slíku fyrirtæki eðlilegan starfsgrundvöll, sem styrkjast mundi við aukningu togaranna í framtíðinni.

Það segir og sína sögu um nauðsyn þessarar framkvæmdar, að mörg bæjarfélög utan Akureyrar hafa staðið að samþykktum til stuðnings henni. Atvinnutækjanefnd mun og hafa tjáð sig fylgjandi málinu í tillögum sínum til hæstv. fyrrv. ríkisstj., og núverandi vitamálastjóri hefur talið, að þessi framkvæmd væri meðal þeirra, sem leggja bæri áherzlu á að ljúka á næstu 2—3 árum.

En hvað hefur þá hindrað það, að hafizt yrði handa? Fulltrúar Akureyrarbæjar leituðu mjög eftir því við hæstv. fyrrv. ríkisstj., að hún greiddi fyrir erlendri lántöku til dráttarbrautarinnar. Því var þá jafnan svarað til, að þau erlendu lán, sem þá voru tekin, yrðu ekki notuð til hafnarframkvæmda, hins vegar væru þær næstar á blaði á eftir lántökum til tiltekinna málaflokka, sem allir hafa nú fengið nokkra úrlausn og enn mun fyrirhugað að fái verulegt erlent fjármagn af væntanlegu 155 millj. kr. láni í Bandaríkjunum. Það mætti því ætla, að nú væri röðin komin að lánum til hafnarframkvæmda, enda hefur verið í það látið skína, að verulegum hluta þessa væntanlega láns verði til þeirra varið. Ef svo verður gert, sem ég teldi eðlilegt og nauðsynlegt, mætti ætla, að röðin væri komin að því að styðja hið umrædda dráttarbrautarmál, svo að því yrði borgið.

Við Akureyringar höfum skoðað fjárlagaframlagið til brautarinnar síðustu 2 árin sem viðurkenningu á nauðsyn málsins, en teljum, að það að kippa þeirri viðurkenningu út að hálfu leyti einmitt nú, þegar til úrslita hlýtur að draga um það, hvort ríkisvaldið ætlar að styðja eða fella framkvæmdaáætlanir okkar, sé hreint tilræði við okkar hagsmuni, sem hér fara í öllu saman við hagsmuni heildarinnar. Vil ég fastlega vænta þess, að þeir hv. alþm. verði ekki margir, sem bregða vilja fæti fyrir þetta mál, þótt við það vinnist 100—200 þús. kr. sýndarsparnaður.

Sparnaðarvilji hæstv. stjórnarliða hefur alveg sérstaklega beinzt að flugvallaframkvæmdum, en í till. þeirra er lagt til, að framlög til flugvalla verði lækkuð um 2 millj. kr. frá fjárlfrv. En fyrri ríkisstj. mun hafa litið svo á, að þar sem hér er í vaxandi mæli um að ræða líftaugar samgangna í landinu og fjölmörg verkefni eru þar óleyst eða hálfköruð, væri óhjákvæmilegt að hækka þessar fjárveitingar nokkuð, enda hefur yfirstjórn flugmála gert tillögur um meira en helmingi hærri upphæð en stjórnarliðið ætlar að láta nægja.

Akureyringar hafa ekki gleymzt í þessum niðurskurðartillögum fremur en öðrum, sem fram hafa komið frá hv. fulltrúum Sjálfstfl. og Alþfl., en mér telst til, að framlög til verklegra framkvæmda þar séu með till. hv. 1. minni hl. fjvn. lækkuð um 25% að meðaltali.

Akureyrarflugvöllur er, sem kunnugt er, miðstöð flugsamgangna milli Reykjavíkur og Norður- og Austurlands og að auki þýðingarmikill varaflugvöllur fyrir millilandaflug, — flugvöllur, sem getur ráðið úrslitum, jafnvel um líf eða dauða áhafna og farþega á millilandavélunum, ef flugvellir hér sunnanlands lokast. Fjárþörf vallarins til nauðsynlegustu framkvæmda er í ár a. m. k. 2.2 millj. kr., sem skiptast þannig í aðalatriðum: flugradíóið 400 þús., girðing flughafnar 80 þús., framhald byggingar flugstöðvar 500 þús., tæki til að halda vellinum opnum, snjóplógur og dráttarvél um 800 þús., slökkvibifreið 120 þús. og skuld frá 1957 300 þús. Þetta eru 2 millj. 225 þús., og auk þess er vitað, að full nauðsyn er á að fullgera athafnasvæði vallarins, og enn fremur þyrfti að verja töluverðri upphæð til viðhalds flugbrautarinnar. Látum svo vera, að ekki sé unnt að sinna öllum þessum þörfum, en hitt er augljóst, að 625 þús. kr. framlag er með öllu óviðunandi. Að mati framkvæmdastjóra Akureyrarflugvallar er 1 millj. kr. hið allra minnsta, sem hugsanlegt er að komast af með, og getur enginn efazt um það, sem nokkuð til þekkir, að svo er. Brtt. mín á þskj. 409 er í samræmi við þetta.

Ég vil í þessu sambandi þakka hv. form. fjvn. fyrir það, að hann hefur litið með meiri skilningi á þarfir Akureyrarflugvallar en aðrir hv. nm., en hins vegar tel ég brtt. hans ófullnægjandi, þó að ég muni að sjálfsögðu greiða henni atkvæði, ef mín till., mót von minni, nær ekki fram að ganga.

Þá er það að lokum till. mín á sama þskj. um að hækka framlag til barnaskóla á Akureyri úr 162 þús. og 250 kr. í 324 þús. og 500 kr., eða um 100%. Þegar bygging Oddeyrarskóla á Akureyri var hafin, var áætlun gerð, miðuð við þáverandi byggingarkostnað, og var sú áætlun að upphæð um 1.8 millj. kr. Framlagið, eins og nú er lagt til að það verði, er því í samræmi við gildandi lög, miðað við þessa áætlun og 5% sparnaðinn, en sé reiknað með raunverulegum kostnaði, sem viðurkenndur hefur verið af fjármálayfirstjórn skólanna, ætti framlagið að vera 355 þús. kr.

Nú mun það rétt, að þeir, sem ráða skiptingu skólaframlaganna, hafa sjaldan eða ekki vikið frá þeirri reglu, sem mér virðist nú að vísu fáránleg, að miða við upphaflegar áætlanir, sem að sjálfsögðu eru gerðar af misjafnri nákvæmni. En hitt mun ekki vera óþekkt, að ef sýnilegt hefur þótt, að einhver skóli hafi af þessum sökum orðið mjög hart úti, þá hafa framlög verið greidd upp eða allt að því á fjórum árum í stað fimm, enda mun ekkert, sem bannar það. Hækkunartill. mín er miðuð við, að svo verði gert í þessu tilfelli, og tel ég það lágmarkssanngirni, þegar þess er gætt, að enginn bær utan Reykjavíkur hefur á mjög mörgum síðari árum fengið tiltölulega minna í sinn hlut af því fé, sem varið er til barnaskólabygginga, en Akureyri, og með þeim afleiðingum, að þrátt fyrir hinn nýbyggða Oddeyrarskóla skortir nú þegar mjög margar kennslustofur og óumflýjanlegt er án tafar að ráðast í byggingarframkvæmdir, sem munu kosta a. m. k. um 6 millj. kr.

Þá er það till. mín og hv. 6 landsk. þm., að tekið verði upp 250 þús. kr. framlag til styrktar félögum fatlaðra, Sjálfsbjargarfélögunum, til byggingar félagsheimila og vinnustofa.

Nokkrar umræður hafa orðið hér á hv. Alþingi um málefni öryrkja almennt, bæði í sambandi við lagafrv. um vöruhappdrætti S. Í. B. S. og einnig í sambandi við till., sem nefndarmenn í fjhn. Ed. flytja í sameinuðu Alþ. Í þessum umræðum hafa komið fram ýmsar gagnlegar og merkar upplýsingar varðandi starfsemi öryrkjafélaganna og félaga áhugamanna, sem að málefnum þeirra vinna, og menn hafa virzt á einu máli um, að löggjafarvaldinu beri að styrkja og styðja þá þjóðþrifastarfsemi, sem þessi samtök vinna að. Enda þótt ég telji nauðsynlegt, að öll öryrkjamálin séu tekin til gagngerðrar meðferðar af mþn., álít ég ekki rétt að bíða álits slíkrar n. algerlega án þess að aðhafast nokkuð til styrktar Sjálfsbjargarfélögunum eða sýna þeim einhvern viðurkenningarvott nú þegar. En þau munu nú vera hinn eini hliðstæðs félagsskapar, sem engrar opinberrar aðstoðar nýtur enn sem komið er. Ég tel, að með Sjálfsbjargarfélögunum séu að rísa upp samtök, sem líkleg séu til að lyfta viðlíka grettistökum fyrir almenna öryrkja og S. Í. B. S. hefur lyft fyrir berklasjúklingana í landinu. Þessi félög eru nú starfandi í flestum kaupstöðum landsins og telja þegar hátt á 5. hundrað félaga, þótt ekki sé nema rúmlega hálft ár, síðan hið fyrsta þeirra var stofnað, og hafa þau þegar safnað nokkru fé til þess að hrinda fyrirætlunum sínum í framkvæmd. En eitt fyrsta verkefni sitt telja þau að verði að koma upp félagsheimilum, þar sem jafnframt verði vinnustofur og vinnuskólar. Í einum kaupstað eru samtökin þegar u. þ. b. að koma sér upp slíku heimili. Ég held að „sparnaðarfyrirætlanir" hæstv. ríkisstj. biðu ekki af því óbætanlegt tjón, þó að þessum verst settu þjóðfélagsþegnum væru veittar allt að 250 þús. kr., en um þá upphæð hafa þessi samtök sótt til fjvn. til þess að byggja vinnustofur og þjálfunarstöðvar. Ég vona, að þau mörgu velvildarorð, sem að undanförnu hafa verið látin falla hér á hæstv. Alþ. í garð öryrkjanna í landinu, reynist nú meira en orðin ein og að þessi till. hljóti einróma samþykkt.

Það er ekki ætlun mín að ræða hér almennt afgreiðslu fjárl. eða einstakar till., aðrar en þær, sem ég hef hér mælt fyrir í örstuttu máli. Þó get ég ekki stillt mig um að mótmæla alveg sérstaklega þeirri furðulegu sparnaðartill. hv. 1. minni hl. fjvn., sem hlýtur að vera runnin frá hæstv. ríkisstj., að felld verði niður greiðsla orlofsfjár með merkjum. Ég vil spyrja um það, hvort leitað hafi verið álits verkalýðssamtakanna í þessu máli. Ég veit reyndar með vissu, að hafi það verið gert, þá getur svarið ekki verið nema hörð mótmæli. Þessi breyting jafngildir því að afnema orlofslögin að öllu leyti fyrir allt lausráðið fólk í landinu og breyta orlofsfénu í framfærslufé, sem eytt er jafnharðan og það er greitt. Ef verkalýðssamtökin hefðu aðeins verið að hugsa um launahækkunina í sambandi við baráttu sína fyrir því, að verkafólk nyti orlofs, hefðu þau vitanlega aldrei fallizt á það, að þetta fé kæmi aðeins til útborgunar einu sinni á ári. En barátta þeirra miðaði fyrst og fremst að því að tryggja það, að verkafólkið fengi aðeins þetta fé til þess að hvílast fyrir. Það var rétturinn og að nokkru leyti líka skyldan til hvíldar, sem verið var að berjast fyrir og var lögfest með orlofslögunum. Þegar það svo bætist við, að þessa breytingu á að gera rétt ofan í lögboðna kauplækkun, sem nemur meira en orlofsfénu, þá er augljóst, hvað er að gerast. Það er verið að svipta mikinn hluta verkalýðsins þeim mikilsverða rétti til hvíldar, sem orlofslögin veita. Þessari fyrirætlun mótmæli ég sem hreinni árás á félagsleg réttindi verkamanna og vil ekki trúa því fyrr en í fulla hnefana, að hún eigi meirihlutafylgi að fagna hér á hv. Alþingi.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Samvinnunefnd samgöngumála flytur brtt. við 13. gr. fjárl., það er framlag til flóabáta, á þskj. 403. Frsm. n., hv. þm. A-Sk., veiktist skyndilega í dag og bað mig að gera grein fyrir tillögum n. Nefndinni er ljóst, að þrátt fyrir þörfina á því að draga úr útgjöldum ríkissjóðs er ekki unnt að lækka framlög til flóabáta og meira að segja ekki unnt að láta þau standa í stað, nema með því móti að draga úr þeirri þjónustu, er þessar samgöngur veita. Útgerðarkostnaður flóabátanna hefur sannarlega ekki lækkað frá því í fyrra, og lækkun vísitölu, sem nú er mjög vitnað til, nær ekki til þessara sjómanna, sem á flóabátunum eru. Hitt er aftur á móti staðreynd, að margir þessara báta búa við mjög bágborinn fjárhag, sumir með lítt viðráðanlegar skuldir, enda eru þessir flutningar enginn gróðavegur. Auk þessa verða þessir bátar oft og einatt fyrir tjóni, sem eigendur þeirra hafa enga möguleika til þess að ráða við nema með aðstoð, og hana er ekki annars staðar að fá en frá hinu opinbera. Það væri vægast sagt að ráðast á garðinn, þar sem hann er lægstur, ef ætti að skera niður fjárveitingu til þessara samgangna. Það fólk í landinu, er nýtur samgangnanna með flóabátum, er ekki svo kröfuhart á önnur ríkisútgjöld, að réttlætanlegt sé að draga úr þessari þjónustu hins opinbera, eins og sakir standa. Sú þjónusta, sem flóabátarnir veita, er hins vegar ómetanleg fyrir þá landshluta, er njóta þessara samgangna, og n. vill ekki mæla með því, að úr þessari þjónustu verði dregið.

Þá var því hreyft í samvinnunefnd samgöngumála, að rétt væri, að samgmrn. í samráði við forstjóra Skipaútgerðar ríkisins léti athuga, hvort hægt væri að auka þjónustu strandferðaskipa ríkisins við þá staði, sem flóabátar sigla til, og breyta jafnframt að einhverju leyti ferðum bátanna, þannig að leitt geti til sparnaðar í rekstrarkostnaði. Vil ég taka þetta fram sérstaklega, að n. er því hlynnt, að þessi athugun fari fram, þótt vitað

sé reyndar, að Skipaútgerð ríkisins getur ekki að neinu verulegu ráði hlaupið þarna í skarðið.

Ég skal þá víkja að einstökum flóabátum:

H/f Skallagrímur hefur skipið Akraborg í flutningum milli Reykjavíkur, Akraness og Borgarness. Í fyrra voru veittar 500 þús. kr. til þessa báts, en auk þess voru veittar 50 þús. á 22. gr., heimildagreininni. Sótt var um allmikla hækkun fyrir þennan bát, en n. leggur til, að bátnum verði veittar 650 þús. kr.

Þá er lagt til, að Mýrabátur, sá er annast flutninga fyrir Mýrasýslu vestanverðri, fái sömu upphæð og áður, 3600 kr.

Stykkishólmsbátur hafði í fyrra 450 þús. kr., auk þess 50 þús. á heimildagr. fjárlaganna, og þar að auki voru honum greiddar 100 þús. samkv. sérstakri þál., sem samþykkt var í fyrra, eða alls voru þetta 600 þús. kr. N. leggur til, að honum verði veittar 500 þús. kr. og auk þess 75 þús. kr. til viðgerða á bátnum, eða alls 575 þús. kr., og er það þá heldur lægra en hann fékk greitt samtals í fyrra.

Flateyjarbátur á Breiðafirði fékk í fyrra 170 þús. kr., og leggur n. til, að hann fái sömu upphæð nú, en báturinn varð fyrir miklum skemmdum og hefur verið í viðgerð síðan um áramót og er ekki enn kominn til flutninga vegna þeirrar viðgerðar og vegna þess, að fé skortir til þess að greiða viðgerðarkostnaðinn. Sótt var um 130 þús. kr. fjárveitingu vegna þessarar viðgerðar á bátnum. N. leggur til, að veittar verði 65 þús. kr. og sé það fyrri greiðsla, og ætlast þar af leiðandi til, að á 2 árum fái báturinn þessa upphæð, 130 þús. kr.

Langeyjarnesbátur, sem annast flutninga frá Stykkishólmi inn Hvammsfjörð, var með 18 þús. kr. í fyrra, en n. leggur til, að hann fái 25 þús. kr. nú.

Djúpbátur, sá sem annast flutninga um Ísafjarðardjúp, hafði á fjárlögum í fyrra 460 þús. kr., auk þess 75 þús. kr. til viðgerðar á bátnum og 50 þús. kr. á 22. gr. fjárlaga, eða alls voru honum greiddar í fyrra 585 þús. kr. N. leggur til, að hann fái 560 þús. eða aðeins lægri upphæð en hann fékk samtals greidda í fyrra.

Patreksfjarðarbátur hafði 3 þús. kr. fjárveitingu í fyrra, og leggur n. til, að hún verði óbreytt.

Arnarfjarðarferja hafði 10 þús. kr. í fyrra, og n. leggur til, að sú upphæð verði óbreytt. Dýrafjarðarferja hafði einnig 10 þús. kr. í fyrra, og leggur n. til, að það verði einnig óbreytt.

Strandabátur í Húnaflóa hafði 100 þús. kr. fjárveitingu í fyrra, og leggur n. til, að sú upphæð verði hin sama nú, en auk þess leggur n. til, að honum verði veittar 40 þús. kr. til vélakaupa. Það er óhjákvæmilegt fyrir þennan bát að kaupa nýja vél, og eigendur bátsins hafa ekki möguleika til þess, og því er fallizt á þessa fjárveitingu honum til handa.

Þá er það Norðurlandsbátur. Hann hafði í fyrra 450 þús. kr. á fjárlögum. N. leggur til, að þessi fjárveiting verði óbreytt, en auk þess var nú sótt um allháan byggingarstyrk, vegna þess að nú hefur verið keypt nýtt skip til þessara ferða. N. sá sér ekki fært að taka upp till. um slíkan byggingarstyrk á þessum lið fjárlaga, þótt hún hins vegar liti svo á, að full sanngirni mælti með því, að báturinn fengi slíka aðstoð. N. vísaði því þessari till. til hv. fjvn., og hún flytur nú till. um þetta atriði.

Haganesvíkurbátur hafði 7 þús. kr. í fyrra, og n. leggur til, að það verði óbreytt.

Hríseyjarbátur hafði 20 þús. kr. fjárveitingu í fyrra. N. leggur til, að hann fái 25 þús. kr.

Flateyjarbátur á Skjálfanda hafði í fyrra 35 þús. kr. fjárveitingu, en n. leggur til, að hann fái nú 40 þús. kr.

Loðmundarfjarðarbátur hafði í fyrra 35 þús. kr. fjárveitingu, og er lagt til, að sú fjárveiting verði óbreytt nú. En auk þess var sótt um 25 þús. kr. fjárveitingu nú vegna kaupa á björgunartækjum, sem bátnum er gert að skyldu eins og öðrum bátum að hafa, en eigendur bátsins hafa ekki möguleika til þess að fullnægja þessari skyldu sinni nema með aðstoð, og því leggur n. til, að þessum bát séu einnig veittar 25 þús. kr. til kaupa á björgunartækjum.

Mjóafjarðarbátur hafði í fyrra 87 þús. kr., og er lagt til, að sú upphæð verði óbreytt nú.

Þá kemur Suðurlandsskip. Þetta er nú reyndar ekkert skip, þó að svo hafi staðið í fjárlögum um langt skeið, heldur er þetta aðstoð við vöruflutninga til Vestur-Skaftafellssýslu. Þessi upphæð var í fyrra 215 þús. kr., og er lagt til, að hún sé lítið eitt hærri, eða 225 þús. kr.

Til bátaferða í Austur-Skaftafellssýslu og vöruflutninga til Öræfa voru veittar í fyrra 80 þús. kr., og leggur n. til, að það verði nú 100 þús. kr.

Vestmannaeyjaskip hafði á fjárlögum í fyrra 350 þús. kr. fjárveitingu, en auk þess hafði það 50 þús. kr. fjárveitingu á heimildagrein fjárlaganna, 22. gr. Þessi heimild var notuð, og voru því þessu skipi greiddar 400 þús. kr. í fyrra. N. leggur til, að þessi upphæð verði óbreytt, þannig að það verði í einu lagi 400 þús. kr., í staðinn fyrir að þetta var í tvennu lagi í fyrra, eins og ég nefndi. Nú er gert ráð fyrir, að nýtt skip taki upp þessar ferðir seint á þessu ári. Það er því ekki víst, að þessi bátur þurfi að ganga allt árið í þessum ferðum. En þótt svo sé, sá n. sér ekki fært að lækka fjárveitingu til bátsins af þessum ástæðum. Það er vegna þess, að þó að á skorti einn eða tvo mánuði, að báturinn gangi allt árið, þá hefur útgerðarmaður núverandi flóabáts enga möguleika til þess að starfrækja bát sinn til annarrar atvinnu þann stutta tíma, sem eftir er af árinu, og því er lagt til, að þessi upphæð verði sú sama og bátnum var greidd samtals í fyrra.

Ég hef þá nefnt alla þessa flóabáta, en sundurliðun á þessu er í nál. á þskj. 402.

Samkvæmt þessum till. verður heildarupphæð til flóabáta 3605600 kr. Þetta er 227 þús.

kr. hærri upphæð en á síðasta ári, ef með er talið það, sem þá var greitt samkvæmt heimildum í fjárlögum og samkvæmt sérstakri þál.

Samvn. samgm. flytur því þá brtt. við 13. gr. fjárlaganna á þskj. 403, eins og ég nefndi í upphafi, að í stað 3078000 kr., sem er í fjárlagafrv., komi 3605600 kr., eins og brtt. á þskj. 403 ber með sér. Allir nm. í samgmn. beggja þd. eru sammála um að gera þessar till., en einn nm., hv. 1. þm. Rang. (IngJ), skrifar undir nál. með fyrirvara.

Ég ætla, að það þurfi varla að kvíða því, að þessi till. samvn. samgm. nái eigi fram að ganga, þar sem 10 hv. alþm. eru flutningsmenn að henni.

Kjartan J. Jóhannsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram brtt. við 13. gr. fjárlaga á þskj. 409. Till. er um að hækka framlag til steyptra og malbikaðra vega í kaupstöðum og kauptúnum um 1 millj. kr.

Ég hef áður leyft mér að bera fram till. um breytingu á þessu framlagi. Fyrst lagði ég til, að tekinn yrði upp sá háttur, sem upphaflega var á hafður, þegar benzínskatturinn var lagður á, en þá var einmitt gert ráð fyrir, að verulegur hluti skattsins skyldi notaður til þess að greiða fyrir varanlegri gatnagerð í kaupstöðum og kauptúnum. Bifreiðafjöldinn var þá minni en nú og varanlega gatnagerðin því ekki orðin eins aðkallandi, enda varð bið á því, að þetta væri notað, og var þá hætt við að nota þetta ákvæði og það síðan afnumið, en féð látið renna í ríkissjóð, og hefur svo verið síðan, að öðru leyti heldur en því, að 100 þús. kr. hafa árlega verið veittar á fjárlögum í þessu skyni. Í fyrra leyfði ég mér að leggja til hækkun á þeim lið.

Nú er að því komið, að því verður ekki lengur skotið á frest að hefja varanlega gatnagerð, þar sem umferð er mest. Á hinn bóginn er fjárhagur flestra kaupstaða og kauptúna svo bágborinn, að erfitt er að rísa undir eins dýrum framkvæmdum og varanleg gatnagerð steyptra eða malbikaðra vega er. Mér virðist því, að lágmarkskrafa þessara aðila hljóti að vera, að ríkissjóður taki hér nokkurn þátt í, eins og upphaflega var til ætlazt. Kaupstaðirnir hafa nú myndað með sér samtök einmitt til undirbúnings frekari aðgerða í þessum málum, og er því orðið tímabært að veita nokkurt fé á móti úr ríkissjóði. Ég leyfi mér að leggja til, að þessi upphæð verði í ár hækkuð upp í 1100 þús. kr.

Ég vil enn fremur leyfa mér að mæla nokkur orð fyrir annarri till., sem ég hef leyft mér að flytja ásamt þm. N-Ísf., við 22. gr. fjárlaga, á þskj. 409, og fjallar um, að ríkisstj. skuli heimilt að gefa eftir söluskatt af meiri háttar hafnargerðum, brúargerðum og vegaframkvæmdum, sem unnar eru í ákvæðisvinnu.

Við flm. þessarar tillögu fluttum fyrr á þessu þingi till. til þál. um vegagerð, þar sem m. a. var bent á að láta vinna slík verk í ákvæðisvinnu, eins og venjulegt er í nágrannalöndum okkar. Í umsögn vegamálastjóra til hv. fjvn. kemur fram, að vegamálastjórnin hafi með góðum árangri látið gera nokkrar brýr á Vestfjörðum í ákvæðisvinnu, og telur hann, að með þessu hafi ríkissjóði sparazt talsvert fé. Enn fremur hefur vegamálastjórnin sannprófað, að með því að nota beztu fáanleg tæki væri unnt að bera ofan í vegi, þar sem aðstaða er sæmileg, fyrir um helming þess, sem það kostar nú að meðaltali. Hins vegar er löggjöfin nú þannig, að ef vegagerðin annast verkið ekki sjálf, heldur fengi það í hendur verktaka í ákvæðisvinnu, þá yrði sá verktaki að greiða söluskatt, og torveldaði þetta, að unnt væri að fara frekar út á þá braut.

Þessi till. er flutt til þess að lagfæra þetta. Hér er ekki verið að rýra tekjur ríkissjóðs. Ríkið fær ekki tekjur af þessu nú, ef opinberir aðilar annast verkið. Þvert á móti er ég þess fullviss, að nokkurn sparnað gæti í framtíðinni leitt af því, ef verktakar tækju að sér að vinna þessi verk í ákvæðisvinnu. Virðast þær tilraunir, sem gerðar hafa verið á þessu sviði, benda til þess, að svo sé.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. Það fer nú að líða svo á nóttina, að ég býst við, að menn hætti að heyra, skilja eða sjá, eins og hæstv. fjmrh. komst svo vel að orði um þessi efni hér í kvöld. Það er þess vegna til lítils að fara að bæta við þær tilraunir, sem gerðar hafa verið til þess að fá menn til þess að skilja og sjá, hvernig stefnt er um afgreiðslu fjárlaganna, sem hér liggja nú fyrir og till. eru um frá hv. stjórnarstuðningsmönnum.

Það er því aðeins til þess að geta ekki ásakað sjálfan sig eftir á fyrir að hafa látið sinn hlut eftir liggja í þessum efnum, að ég segi hér örfá orð í þessum umræðum. Ég skal ekki hafa þessi orð mörg, enda gerist þess engin þörf, svo ljóst liggur fyrir, hvernig þessar till. tala.

Í nál. hv. 1. minni hl. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Afgreiðsla fjárlaganna hlaut að markast af þeirri stefnu, er mörkuð yrði í fjármálum og efnahagsmálum þjóðarinnar .... beri að afla þeirra tekna án þess að hækka almenna skatta eða tolla."

Það er því ekki að efa það, að hér liggur stefnan fyrir, sú er stjórnarliðar ætla að fylgja. Hún er alveg afmörkuð og skýr. Og hver er þá þessi stefna, og á hverju á þjóðin von í þessum efnahagsmálum sínum í framtíðinni, ef núv. stjórnarflokkar ráða þar einhverju um í næstu framtíð? Sjálfsagt er þó hér svo hægt og svo varlega af stað farið í þessari stefnu, að meira mun von í framtíðinni og stærri skrefa í stefnunni, þegar frá líður. Það er sjálfsagt ekki talið varlegt að byrja mjög stórum skrefum við að sýna þessa stefnu, svo frýnileg virðist hún ekki vera, þegar á hana er litið, og allra sízt nú undir tvennar kosningar.

Þessi stefna, sem kemur fram í þessum till. hv. 1. minni hl., er í fáum orðum þessi: Skera

niður allar verklegar framkvæmdir, byrja með 5% og enda — ja, hvar? Kannske verða það orðin 50% eftir eitt til tvö ár, ef þessir aðilar fengju þar um að ráða. Í öðru lagi færa inn fullkomið ábyrgðarleysi og sýndarmennsku um meðferð fjármála, eins og ljóst er af þeim liðum, sem þeir taka til niðurfærslu í þessum efnum. Og í þriðja lagi setja inn óskhyggju talna, en láta staðreyndir lönd og leið, m. ö. o. blekkja um, hvað hægt sé að gera og hvað ekki sé hægt að gera. Þetta er þá stefnan. Og hún liggur alveg ljós fyrir þjóðinni eftir þessum tillögum, sem fram eru lagðar. Það verður ekki annað lesið út úr þessari stefnu, og skal ég nú benda á það með örfáum orðum og ljósum dæmum, að svo er.

Niðurskurðurinn er alveg augljós, 5% á flestar verklegar framkvæmdir, en auk þess stórir liðir stórlega lækkaðir um framkvæmdir eða alveg þurrkaðir í burtu. Má þar fyrst nefna t. d. raforkuframkvæmdirnar, 10 milljónir, alveg þurrkað út. Og það er sagt, að í stað þess eigi að koma lán, sem verði tekin til þessara framkvæmda. En hvar er trygging fyrir, að það komi? Það er gengið hér inn á nýja leið í þessum efnum, í þessum aðaláhugamálum dreifbýlisins um að fá raforkuframkvæmdirnar áfram og haldið áfram 10 ára áætluninni, og stuðningur ríkisins við það er alveg þurrkaður burt. Flugvellirnir eru stórlega lækkaðir, eins og bent hefur verið á, og allt fé, sem lagt hefur verið til hliðar til framkvæmda í framtíðinni, og má þar benda á í till. hv. 1. minni hl. til stjórnarráðsbyggingar, til skólanna, menntaskólans á Akureyri og í Reykjavík, það er tekið í burtu. Það er búskapurinn, sem nú á að taka upp, að passa að safna ekki fyrir fé til þeirra framkvæmda, sem eru stórar og verður að safna til, ef á að vera hægt að framkvæma þær einhvern tíma. Atvinnuaukningarfé er stórlega lækkað, og allt er eftir þessu.

Hv. 2. þm. Eyf. (MJ), frsm. 1. minni hl. n., talaði hér um bónda, tók líkingu af því, sem þyrfti að verja jörð sína, hvort hann mundi ekki fyrst byrja á því að byggja flóðgarðinn til þess að verja land sitt, áður en hann færi í byggingarnar. Jú, það er sjálfsagt alveg rétt. Hann mundi gera það. En ég hygg, að hann mundi reyna að hafa varnargarðinn traustari en hér er gert í þessum till., og ég hygg líka, að það væri lélegur bóndi, sem hugsaði eingöngu um varnirnar, en ekkert um það að byggja upp. Til hvers eru varnirnar þá, ef hætt er öllum framkvæmdum? Myndarlegur bóndi mundi vitanlega bæði reyna að verja jörð sína og um leið að byggja upp, því að ella er vörnin ónýt. Ef við gefumst upp við verklegar framkvæmdir í landinu, eins og hér virðist vera stefnt að, þá er vitanlega til lítils unnið á aðra hliðina. Till. hv. minni hluta í þessum efnum benda allar í þessa átt.

Þá sagði hv. frsm. 1. minni hl. enn fremur, að Framsfl. sýndi sérstaklega ábyrgðarleysi við afgreiðslu þessara mála. Mér sýnist, að það sé hann einn, eins og alltaf hefur verið, sem sýnir fulla ábyrgð um það, að fjárlög séu afgreidd eins og raunveruleikinn liggur fyrir, en ekki eftir einhverri sýndarmennsku og eftir einhverri óskhyggju, sem kemur alls staðar fram í gegnum þessar tillögur, sem 1. minni hl. ber fram. Það er vitað mál, að þær geta ekki staðizt, þessar áætlanir, sem hann er með, það hljóta alveg óumflýjanlega, ef þessu er framfylgt, að myndast meiri skuldir en verið hefur hjá fyrirtækjum hvarvetna, og sömuleiðis hlýtur líka að verða að koma fram margvíslegum lagabreytingum, ef þessar till. eiga að ná sínum tilgangi.

Þetta er eins á öllum sviðum. Hæstv. fjmrh. bar sig að vísu mjög mannalega og sagði, að ríkisstj. hefði gert allt í raun og veru, sem þyrfti að gera og hún hefði lofað, hún hefði fært allt niður og allt væri í raun og veru í bezta lagi. Þó að búið sé að sýna honum fram á, hversu óraunhæfar þessar till. eru, sem fram eru bornar, þá er hans svar ekki annað en það, að þetta sé allt saman í bezta lagi, það sé eins og það eigi að vera, og detta manni helzt í hug, þegar maður hlustar á hann, þessi orð:

„Vakri-Skjóni hann skal heita,
honum mun ég nafnið veita,
þó að meri það sé brún.“

Það er augljóst mál, að ef ekki verður annað gert í þessum efnum en afgreiða fjárlög eftir þessu, þá verður komið í strand og stórlega skuldasöfnun, sem safnast hvarvetna, bæði hjá fyrirtækjum og öðru, sem nú er sýnt að eigi að skera niður. Ég álít því, að það sé fullkomið ábyrgðarleysi að afgreiða fjárlög, eins og nú standa sakir, eftir þessum till., sem hér liggja fyrir frá hv. 1. minni hl., og tel, að það þurfi, — ég vil ekki fara að fara út í einstaka liði, það er búið að rekja það svo rækilega áður, og þess er engin þörf, — en ég vildi aðeins árétta það, að það er sjáanlegur hlutur, að það verður stórlegur halli á fjárlögum, ef þessar till. verða samþykktar og fjárlög afgreidd eftir því.

Eysteinn Jónsson: Ég vil fyrst mæla hérna nokkur orð fyrir tillögum, sem við þm. S-M. flytjum á tveimur þskj.

Það er þá fyrst, að við leggjum til, að framlag til Eiðaskóla til að byggja á Eiðum hækki úr 136500 kr. upp í 436500 kr., eða um 300 þús. kr. Á Eiðum hefur undanfarið verið unnið að byggingu verknámshúss, allmikillar byggingar, en miðar seint áfram vegna þess, hve fjárveitingar hafa verið lágar. Þó mundi nú taka steininn úr, ef ekki fengist meira en gert er ráð fyrir í till. fjvn. Kostnaðaráætlun þessa húss hefur hækkað allverulega á síðustu missirum, og þess vegna mun það taka nokkur ár að koma því upp, ef ekki fæst meira fé en nú er gert ráð fyrir. Ég vil leyfa mér að vonast eftir því, að hv. fjvn. treysti sér til að mæla með þessari till. og taka hana til greina, og er ekki ósennilegt, að við við atkvgr. mundum taka hana til baka til 3. umr., til þess að hún yrði skoðuð nánar.

Þá eigum við 3 till. á þskj. 424.

Það er fyrst till. um, að framlag til hafnar-

gerðar á Búðareyri við Reyðarfjörð verði hækkað úr 50 þús. í 150 þús. kr. Hér er um verulega stóra framkvæmd að ræða og því óviðeigandi að veita svo lága fjárhæð eins og 50 þús. kr. til hennar, og viljum við mjög eindregið óska eftir því, að hv. Alþ. vildi fallast á þessa brtt. og veita þess í stað 150 þús. kr.

Þá er till. um að hækka framlag til hafnargerðar á Eskifirði úr 100 þús. kr. í 150 þús. kr. Þar stendur yfir mjög þýðingarmikil bryggjugerð, sem hefur ákaflega mikla þýðingu fyrir plássið og mundi satt að segja miða sorglega lítið áfram, ef eingöngu væru veittar þessar 100 þús. kr. En ofur lítiið mundi þó miða betur, ef fallizt yrði á þessa brtt. Teljum við henni mjög í hóf stillt.

Loks eigum við þarna brtt., afar þýðingarmikla. Hún er um að hækka fjárveitingu til Norðfjarðarflugvallar úr 300 þús. kr., sem 1. minni hl. eða fulltrúar stjórnarliðsins leggja til, — að hækka þessar 300 þús. kr. í 800 þús. kr.

Ég gat um það hér fyrr í dag, að gert var ráð fyrir að ljúka þessum flugvelli á fjórum árum, og það mundi verða mögulegt a. m. k. að ljúka honum á 5 árum, þremur árum hér frá, ef fengist 800 þús. kr. fjárveiting. En ef ætti að veita eingöngu 300 þús. kr., mundi taka 8 ár að ljúka við þennan flugvöll. Slíkt er alveg óhæfa að okkar dómi og ég vona að dómi allra, sem kynna sér þetta mál. Leggjum við því til, að þessi fjárveiting verði færð í 800 þús. kr. og þá veitt álíka mikið og raunverulega hefur verið látið til þessarar flugvallargerðar á undanförnum tveimur árum árlega. Væri þá hægt að ljúka þessum velli á 5 árum alls, í stað þess að áður hafði verið gert ráð fyrir 4 árum alls.

Þá vil ég svara nokkru af því, sem fram hefur komið hjá hæstv. fjmrh. og hv. frsm. 1. minni hl. fjvn., en þeir véku mjög að því, sem ég sagði í kvöld, í sínum ræðum. Kemst ég ekki hjá að svara því að nokkru, þótt áliðið sé orðið nætur.

Hæstv. fjmrh. sagði, að við framsóknarmenn gerðum okkur það til dundurs að leggja saman niðurgreiðslur þær hinar nýju, sem stjórnin og stjórnarflokkarnir hefðu efnt til, og jafna þessum fjárhæðum saman við fjárveitingar til verklegra framkvæmda á fjárlögunum. Hann talaði um þetta í hæðnistón og jafnvel fullur af glensi, hæstv. ráðh. Honum virtist vera þetta mikið léttúðarmál og hafa gaman af, að þetta skyldi vera gert. En ég vil segja hæstv. ráðh. það alveg í fullri alvöru, að þetta er ekkert léttúðarmál eða nokkurt glens, sem hér er á ferðinni, og þessi samanburður er gerður til þess að sýna þjóðinni það, hvert stefnt er af núv. ráðamönnum í þessum málum, þar sem þeir ráðast í hverja niðurborgunina annarri kostnaðarsamari og leggja svo til, að þessu fé sé mætt með því að skera niður verklegar framkvæmdir á fjárlögunum. Það er þess vegna engan veginn út í bláinn að bera þetta tvennt saman, eins og hæstv. ráðh. vildi láta í skína. Þvert á móti er það augljóst, að ekkert er þjóðinni nauðsynlegra en að fá einmitt hugmynd um það, hvað verið er að gera með þessu niðurgreiðslufargani og hvað bíður framfaranna í landinu, ef þessu verður haldið áfram.

Ég get ekki heldur stillt mig um í sambandi við þetta að benda einmitt á þann hugsunarhátt, sem kom fram hjá hæstv. ráðh. út af þessu. Hann sagði, að menn skyldu bara gera sér grein fyrir því, hvað gerðist eða hafði gerzt eða mundi gerast hér í landinu varðandi vöxt dýrtíðarinnar, ef ekki væri þessi háttur á hafður, sem sé sá háttur að greiða niður og nota framkvæmdafé til þess. Samkv. þessum skilningi hæstv. ráðh. á verðbólgunni og dýrtíðarmálunum virðist það vera í hans huga eins konar náttúrulögmál, að verðbólgan hljóti að halda áfram að vaxa, það verði haldið áfram að nota vísitöluspóluna til þess að skrúfa hana upp og að engin leið sé til í þessu efni önnur en sú að kasta síðan framkvæmdafénu í gin þessarar sívaxandi verðbólgu, sem eigi sér stað eftir einhverju alveg ófrávíkjanlegu náttúrulögmáli, sem ekkert verði við ráðið. Þetta er hugsunarháttur hæstv. ráðherra. Þetta er hugsunarháttur þeirra manna, sem tala fyrir þeirri stefnu, sem mótar þetta fjárlfrv. eða þessa afgreiðslu á fjárlögunum, sem nú er verið að standa að. Og menn, sem hugsa svona, menn, sem hugsa á þennan hátt, að menn megi bara þakka fyrir það, að framkvæmdafénu sé kastað í þessa hít, því að annars komi annað verra, — hvert fara þeir með þessi mál?

Þeir halda áfram að kasta fyrir ófreskjuna, þangað til allar verklegar framkvæmdir verða þurrkaðar út af fjárlögunum. Þeir halda áfram að kaupa sér stundarfrið þangað til.

Það er þess vegna ekkert út í bláinn, að þjóðin skoði annars vegar, hverju kostað er til nýrra niðurgreiðslna, og hins vegar, hve miklu fé er varið í verklegar framkvæmdir og framfarir víðs vegar um landið, því að hvað endist þessum mönnum lengi það fé, sem fer til verklegra framkvæmda, ef þeir fara fram sem nú horfir. Þetta er bara byrjunin, bara lítil byrjun, sem við sjáum núna, bara svona til prófs fyrir kosningar. Eftir kosningarnar er meiningin að halda þessari stefnu áfram. Þessi hugsunarháttur á að ráða: Verðbólgan sé eins konar náttúrulögmál, sem enginn geti við ráðið, og menn megi bara þakka fyrir, að það sé kastað í þá hít í niðurgreiðsluformi því fjármagni, sem áður hefur verið varið til framfaranna í landinu. Það er eins og þessir menn séu komnir í álög. Ég þekkti ekki þennan hugsunarhátt hjá hæstv. fjmrh. áður, sem hér kom fram. Ég hafði vanizt því, að hann hugsaði um þetta mál þannig, að það þyrfti að gera ráðstafanir, raunverulegar ráðstafanir til þess að taka vísitöluspóluna úr sambandi við kaupgjald og afurðaverð og koma þannig í veg fyrir þennan brjálaða víxlgang í þessum efnum og gera aðrar slíkar raunhæfar ráðstafanir til þess að stöðva verðbólguna.

Þá hafði ég gert grein fyrir innflutningsáætluninni og bent á, að með því að áætla tekjurnar eins og gert er og byggja það á innflutningi hátollavara og lækka innflutning fjár-

festingarvara að sama skapi og jafnvel helztu neyzluvara og rekstrarvara til framleiðslunnar væri stefnt í sjálfheldu, sem hlyti að enda með öðru hvoru, að tekjuáætlunin hlyti að svíkja stórkostlega eða þá að almennar neyzluvörur og brýnustu nauðsynjar hlyti að vanta, en landið verða fyllt af lúxusvörum. Þessu svaraði hæstv. ráðh. bókstaflega engu. Það, sem hann sagði um þetta, var hreinlega út í hött. Hann fór að greina frá því, að ég hefði verið að deila á þá sérfræðinga, sem hefðu samið gjaldeyrisáætlunina, áætlunina um útflutninginn og gjaldeyristekjurnar. Ég minntist ekki á þessa áætlun einu orði og deildi ekkert á þá menn, sem að henni stóðu. Ég vefengdi þá áætlun, gjaldeyristekjuáætlunina, ekki í neinu. Það, sem ég gerði, var að vefengja eða benda á veilurnar í þeirri innflutningsáætlun, í þeirri áætlun um það, hvernig gjaldeyrinum yrði varið, sem hæstv. ráðh. og hans pólitísku hjálparmenn hafa gert, en ekki sérfræðingarnir í stjórnarráðinu. Þessar dylgjur hæstv. ráðh. um það, að ég hafi verið að ráðast hér á embættismenn, sem ekki bera neina pólitíska ábyrgð, eru þess vegna ósæmandi og alveg út í hött og bara til þess að leiða athyglina frá höfuðatriðinu, sem hæstv. ráðh. treysti sér ekki til þess að ræða, hvað þá heldur verja.

Kem ég þá að því, sem hæstv. ráðh. sagði um innflutningsáætlunina, sem var höfuðmálið. Það eina, sem hann sagði efnislega um innflutningsáætlunina, var það, að bankarnir hefðu fengið fyrirmæli um að verja tiltekinni fjárhæð til þess að láta kaupa fyrir hátollavörur. Um það höfðu verið gefin út skýr fyrirmæli, svo sem menn skyldu ekki hafa áhyggjur af neinu. Það var það eina, sem máli skipti að dómi hæstv. ráðh., að það væru nægilega skýr fyrirmæli til bankanna um það, að innflutningur lúxusvara skyldi sitja í fyrirrúmi fyrir öllu öðru. Og það var ekki laust við, að hæstv. ráðh. væri hróðugur, þegar hann var að lýsa því, hvað þessi fyrirmæli væru skýr, því að hann tók það fram, held ég, tvisvar eða þrisvar, hvað þau væru greinileg, fyrirmælin, sagði hæstv. ráðh. Og hann gerði meira, hann var að útskýra það í talsvert löngu máli, hvað hann stæði miklu myndarlegar að þessu en fyrrv. ríkisstj., því að hún hefði gefið mjög ógreinileg fyrirmæli um innflutninginn á lúxusvörunum og þess vegna hefði það farið svo hjá henni, að þar hefði allt of mikið orðið flutt inn af nauðsynjum, en of lítið af lúxusvörunum. En nú skyldi þetta ekki koma fyrir aftur, því að þessi fyrirmæli væru það greinileg, að menn ættu ekki neinar áhyggjur að hafa. Stefnan væri klár og framkvæmdin í góðum höndum og þar vel frá öllu gengið. Já, þetta er nú ekki neitt lítið til þess að státa af.

Mér sýnist á hinn bóginn hér stefna heldur óvænlega, þegar litið er á gjaldeyrisáætlunina í heild og þessi fyrirmæli, sem hæstv. ráðh. er svo hreykinn af, að hann hafi gefið bönkunum eða stjórnin. Þegar litið er á þetta tvennt og svo að hinu leytinu á það, hvernig horfir þá með innflutning á öðrum vörum, — því að það þarf ekki lengi að skoða innflutningsáætlunina, sem liggur fyrir og ég ræddi hér í kvöld eða í dag, til þess að sjá fullgreinilega, að það verður þröngt fyrir dyrum um innflutning helztu nauðsynja, ef það á að standa á þessum fyrirmælum, sem ríkisstj. hefur gefið bönkunum, — hvernig lízt mönnum yfirleitt á þessa stefnu? Hvernig skyldi landsmönnum lítast á þessa stefnu, þegar þeir fara að átta sig á því, hvað verið er að gera? Ég er hræddur um, að margir verði undrandi yfir þessu og ekki alveg eins hrifnir og hæstv. ráðh. sýndist vera af þessum margumtöluðu „fyrirmælum", sem hefðu verið gefin. Hæstv. ráðh. tók þannig til orða í þessu sambandi, að í fyrra hefði verið of lágt úthlutað í hátollavörur framan af árinu. — Fyrr máttu nú vera mistökin. — Og þess vegna varð of lítið af þeim, sagði hæstv. ráðh. En sem sagt, menn skyldu ekki hafa áhyggjur af þessu, það yrði séð um þetta núna.

Þá minntist hæstv. ráðh. nokkuð á Sogsvirkjunartollana, og hann sagði, að seðlabankinn mundi taka að sér að annast sölu skuldabréfanna og jafnvel tryggja það, að bréfin seldust upp, og ef rafmagnsvísitalan yrði notuð, þá reiknaði hann með því, að seðlabankinn tæki ábyrgð á því, að bréfin seldust upp, og hann treysti því, að það yrði svo í framkvæmd, sagði hæstv. ráðh. Allar eru nú þessar yfirlýsingar hæfilega loðnar hjá hæstv. ráðh. En það segi ég alveg hiklaust, að ef seðlabankinn tekur það að sér að kaupa sjálfur þessi bréf án þess að geta selt almenningi þau, þá er þar verið að gera ráðstöfun, sem er hreinlega verðbólguaukandi, því að það verkar nákvæmlega eins og halli á fjárlögunum, sem því svarar, sem jafnaður er þá með lánum úr seðlabankanum, og er það í raun og veru, þegar dýpra og rétt er skoðað, engin tekjuöflun, heldur aðeins halli eða hluti af halla, sem fengið er fjármagn til með lántöku í þessu formi. Ætla ég, að hver fjmrh. ætti að þurfa að átta sig á þessu, því ef menn þykjast vera að vinna á móti verðbólgunni og áframhaldandi vexti hennar, þá þýðir ekki að hugsa sér að ætla að gera það með því að taka fé einmitt með verðbólguaukandi móti til þess að kasta í hítina. Þess vegna er það, að öll þessi hallaafgreiðsla á efnahagsmálunum stefnir vitaskuld alls ekki á nokkurn hátt að því að stöðva verðbólguna, heldur mun hún verða til þess í reyndinni að stórauka skrið verðbólgunnar. Það er aðeins verið að kaupa stundarfró, og við vitum, til hvers sú stund á að notast. Hún á að notast til þess, að stjórnin geti hangið, á meðan er verið að koma kjördæmabreytingunni fram.

Hæstv. ráðh. sagði hvað eftir annað í sinni ræðu, að menn mættu ekkert kippa sér upp við það, þó að það ætti að lækka verklegar framkvæmdir um 5%, menn ættu líka að vera þakklátir fyrir það. Það var tónninn: Menn ættu líka að vera þakklátir fyrir það, því að það væri bara liður í svo miklu stærra máli, vegna þess að ráðstafanir ríkisstj. hefðu lækk-

að þannig vísitöluna, að það væri alveg óhætt að gera þennan niðurskurð, — það væri í raun og veru enginn niðurskurður, því að vísitalan hefði lækkað kostnaðinn við framkvæmdirnar svo mikið á móti. En hæstv. ráðh. gleymdi bara að geta þess, að þrátt fyrir lækkun vísitölunnar er kostnaðurinn við framkvæmdirnar núna meiri vegna grunnkaupshækkananna heldur en hann var, þegar fjárlagafrv. var samið og lagt fyrir Alþingi. Þess vegna falla allar þessar hrókaræður um þetta steindauðar niður.

Þá sagði hæstv. ráðh., að það þyrfti að gera einhverjar ráðstafanir um ábyrgðirnar og þess vegna væri alveg óhætt að lækka áætlunartölur um útgjöld vegna þeirra, eins og ráð væri fyrir gert. Það yrði að sýna festu í því að láta menn greiða af ábyrgðarskuldum o. s. frv. Hann hefði sannfært sig um, að þessar 20 millj. mundu duga. Væri ekki viss um, á hverju fyrrv. ráðh. hefði byggt 30 millj. kr. áætlun. Máske væri það vegna yfirvofandi tjóns í sambandi við ábyrgðir út af Flugfélagi Íslands.

Þessu er nú því til að svara, að það er létt í vasa að tala um „einhverjar ráðstafanir" varðandi ábyrgðirnar. Þær eru staðreynd, sem ekki verður umflúin. Það er líka létt í vasa að tala um, að hæstv. ráðh. hafi sannfært sig um, að 20 millj. mundu duga, þegar þess er gætt, að ábyrgðartöpin reyndust 23 millj. í fyrra og verulegar ábyrgðir hafa verið teknar síðan, sem nokkuð augljóslega valda töpum; enn fremur þegar þess er gætt, að yfirfærslugjald, sem kemur á margar ábyrgðarskuldbindingar, gilti ekki nema hluta úr árinu í fyrra, en allt árið núna. Ég held, að það hefði þess vegna átt að vera tiltölulega auðvelt fyrir hæstv. ráðh. að sannfæra sig um, að það er mjög óvarlegt, að ekki sé meira sagt, að gera þessa ráðstöfun, sem hann nú leggur til. Það eina, sem verulega gæti breytt í þessu tilliti, væri það, ef það kæmi mjög mikil síldveiði og síldarverksmiðjurnar gætu greitt af sínum lánum. Við skulum vona, að svo verði, en reynsla undanfarinna ára sýnir alveg glöggt, að það er mjög óvarlegt að gera ráð fyrir því, að síldarverksmiðjurnar geti greitt sjálfar af sínum lánum.

Þá sagði hæstv. ráðh., að menn ættu ekki að hafa svo miklar áhyggjur af niðurskurði atvinnuaukningarfjárins, vegna þess að atvinnuleysistryggingasjóður væri farinn að lána til framkvæmda. Hér er blandað saman algerlega óskyldu efni, og þessi ábending hæstv. ráðh. er engin rök. Atvinnuleysistryggingasjóðurinn lánar aðeins gegn fullgildum tryggingum og helzt alls ekki nema gegn ríkisábyrgð, en atvinnuaukningarféð var einmitt áhættufé, sem lagt var fram til þess, að hægt væri að koma upp nýjum fyrirtækjum á stöðum, þar sem fjármagn er lítið fyrir, og einmitt til þess að koma upp framkvæmdum og ríða baggamuninn, eftir að búið var að notfæra sér allar ríkisábyrgðir og alla lántökumöguleika til fulls, hliðstæða þeim, sem atvinnuleysistryggingasjóðurinn gefur nú. Það eru því hrein tyllirök að ætla sér að fara að vísa til lánveitinga úr atvinnuleysistryggingasjóðnum til þess að bæta úr því tjóni, sem það hlýtur að verða fyrir fjöldamörg byggðarlög í landinu, að nú á að fara að skera niður atvinnuaukningarféð og fleygja því eða nota það eins og fóður fyrir dýrtíðarspóluna, sem hæstv. stjórn og hennar lið hefur auðvitað alls ekki tekið úr neinu sambandi, en er í fullu gildi enn.

Þá var svo að heyra sem hæstv. ráðh. þætti það bara gott að taka nú út af fjárl. þá fjárhæð, sem þangað var sett til þess að standa undir kostnaði við byggingu stjórnarráðshúss í tilefni af 50 ára afmæli heimastjórnar á Íslandi, og hann sagði, að það væri öllu óhætt, það væru til 8 millj. í þessu skyni og það væri hægt að byggja stjórnarráð fyrir 12 millj. kr. Það mundi ekki verða ómyndarlegt stjórnarráðshús, sem væri byggt núna fyrir 12 millj. kr. Það er sjálfsagt öllu óhætt að dómi hæstv. ráðh. Það eru til 8 millj., og stjórnarráðsbygging kostar 12 millj. En ég hefði nú álitið, að það hefði verið ögn minni kotungsblær á því að halda áfram að leggja fyrir, þótt ekki væri nema svona litla fjárhæð á hverju ári, til þess að geta einhvern tíma byggt sómasamlegt hús fyrir stjórnarráðið og ríkisstarfrækslluna. En það finnst hæstv. ráðh. ekki, það sé alveg tilvalið að fella nú þetta niður, af því að það séu til 8 millj., þá sé öllu óhætt.

Síðan var hæstv. ráðh. að ræða talsvert mikið um það, að það sæti ekki á mér að vera að ræða um þetta, þar sem ég hefði ekki staðið fyrir því undanfarið, að byrjað væri á byggingu stjórnarráðshússins, og ekki gengið fram fyrir skjöldu, til þess að byggt væri fyrir áfengisverzlun, ríkisútvarp o. s. frv. En hvernig stendur á því, að þessir byggingarsjóðir hafa ekki verið notaðir, sem hafa safnazt hjá þessum stofnunum, — hvernig stendur á því? Það er vegna þess, að þessar stofnanir hafa ekki fengið fjárfestingarleyfi á undanförnum árum, og ég hef alls ekki orðið var við, að hæstv. núv. fjmrh. eða aðrir úr því liði yfir höfuð hafi gengið fram fyrir skjöldu til þess að veita þessum stofnunum fjárfestingarleyfi. En þessir hv. þm. hafa á hinn bóginn látið sér sæma það hér á undanförnum árum að vera með alls konar dylgjur í garð ríkisstjórnanna undanfarið fyrir það, að þær hafa neyðzt til þess að leigja húsnæði fyrir stofnanir ríkisins, þegar byggingar fengust ekki framkvæmdar, og það situr vel á þessum mönnum, sem þannig hafa hagað sér, að strika nú út af fjárl. þá einu smáfjárhæð, sem veitt er til þess að bæta úr í þessu efni, að ég nú ekki tali um, hvernig þetta lítur út fyrir flokk fyrrv. forsrh., Ólafs Thors, sem stóð fyrir því með miklu yfirlæti á 50 ára afmæli heimastjórnarinnar að gefa út tilkynningu um, að nú hefði stjórnin ákveðið að beita sér fyrir nægilega mikilli fjárveitingu til þess, að myndarlegt stjórnarráðshús gæti fljótlega risið af grunni. Það er ekki ömurlegt hlutskipti fyrir flokk þessa sama hæstv.

ráðh. að grafa nú undan þessu minnismerki um 50 ára heimastjórnina, sem til stóð að reisa. Þetta kalla ég kotungsháttt.

Þá var komið að því hér, bæði af hæstv. ráðh. og raunar hv. frsm. 1. minni hl. líka, að þeir vildu nú ekki halda því fram, að í þessum till. væri í raun og veru mikill sparnaður, en þeir sögðu, að það væri hægt að spara mikið. Hæstv. ráðh. sagði, að það væri hægt að spara mikið. Ég skrifaði það orðrétt eftir honum, það mætti mikið spara í ríkisbúkninu, — það var önnur setning, sem ég skrifaði eftir honum: en það þyrfti tíma til þess. — Það er sem sé hægt að spara mikið, en það þarf tíma. Það er bara ekki hægt núna. Þó voru þessir menn búnir að hafa þrjá og hálfan mánuð til þess að skoða þessi mál, og allir eru þeir þaulkunnugir þessum málum fyrir, þótt ekki væri nema af þeirri ástæðu, að þetta eru yfirleitt sömu mennirnir sem hafa staðið fyrir útþenslu ríkisbáknsins á undanförnum árum og hafa staðið í gegn, bæði forustumenn Sjálfstfl. og Alþfl., hverri einustu till., sem fram hefur komið úr fjmrn. um sparnað í rekstri ríkisins. Það eru þessir sömu menn, sem núna hafa í þrjá og hálfan mánuð verið að rannsaka þessi mál, sem koma svo hingað og hafa enga till. um neinn sparnað, því að nú er það meira að segja komið upp úr dúrnum, að till. um orlofsmerkin getur ekki komizt í framkvæmd, nema þeir setji sérstaka löggjöf. Það bólar ekki á henni enn þá. Hún á kannske að koma næstu daga. En það eru þessir menn, sem enga till. hafa fram að færa, sem hafa staðið á móti sparnaðinum á undanförnum árum og koma núna og segja: Það er hægt að spara mikið, það er hægt að spara mikið í ríkisbúkninu, en það þarf tíma. — Og þeir hafa ekkert til að leggja, ekki núna, — seinna. Hver trúir því, að þessir menn hefðu látið það undir höfuð leggjast núna á örlagastundu, þegar þeir ætla að fara að skera niður verklegar framkvæmdir víðs vegar um landið, — hver trúir því, að þeir hefðu látið undir höfuð leggjast að koma fram með þessi úrræði núna, ef þeir hefðu þau til? Því trúir enginn og sízt þeir sjálfir.

Svo er hæstv. fjmrh. að tala hér allt í einu, alveg upp úr þurru, um það, að hægt sé að leggja niður sendiráð. Í fyrravetur voru till. í ríkisstj. um það að leggja niður sendiráð, m. a. sendiráðið hjá NATO í París. Þá sagði þessi hæstv. ráðh., að það væri ekki hægt að leggja niður neitt sendiráð, stóð á móti því. Batnandi manni er bezt að lifa. Það var sagt áðan, að það væri ekki hægt að leggja niður sendiráð fyrr en um áramót. En bara að hann verði þá ekki aftur búinn að skipta um skoðun fyrir næstu áramót í þessu efni.

Þá sagði hæstv. ráðh., og hv. frsm. 1. minni hl. mun hafa vikið að því líka, að með þessu væri verið að stöðva vöxt verðbólgunnar. Það hefur aldrei verra öfugmæli verið sagt, því að með þeirri afgreiðslu, sem nú er stofnað til á efnahagsmálum landsins, og þeim stórfellda halla, sem í þessari afgreiðslu felst, er einmitt verið að magna verðbólguna meira en nokkru sinni fyrr, eins og augljóst er, ef menn reyna að leiða hugann að því, hvað muni gerast síðast á þessu ári, þegar kemur að skuldadögunum. Og í þessu sambandi dettur mér í hug það, sem hv. frsm. sagði hér áðan einmitt um þetta, hvað verið væri að gera, þegar hann var að tala um stíflugarðinn, sem núverandi stjórn og stjórnarflokkar væru að gera. Ég veit, að allir hv. þm. hafa séð börn leika sér í litlum læk. Þeim dettur það í hug stundum, blessuðum sakleysingjunum, að það sé hægt að stöðva lækinn með því að hlaða í hann stíflu. En er þetta hægt? Hvað stöðvast lækurinn lengi? Hann stöðvast bara á meðan það er að fyllast fyrir ofan stífluna. Það tekur ekki nema svolitla stund, kannske ekki nema tíu mínútur eða örlitla stund eftir því, hvað lækurinn er stór, sem börnin leika sér í. Alveg nákvæmlega sama er það, sem ríkisstj. og hennar stuðningslið er að gera. Það, sem hún er að gera, er að hlaða stíflu í vatnsfall, en vatnsfallið heldur áfram, það stöðvast ekki nema örlitla stund, á meðan er að fyllast fyrir ofan stífluna. Það eiga að verða þrír mánuðir, fjórir mánuðir. Það á að duga fram yfir kosningar, en eftir kosningarnar, þegar orðið er fullt fyrir ofan stífluna, þá fossar elfan fram með nákvæmlega sama afli og áður, vegna þess að það hefur ekkert verið gert til þess að draga úr rennsli elfunnar.

Ég hef undanfarið verið að hugsa með mér: Hvaða líkingu er bezt að taka um þessa stórfelldu blekkingu, sem núverandi ríkisstj. stendur fyrir? Og viti menn, í kvöld kemur líkingin, sem sýnir betur en nokkuð annað, hvað það er, sem verið er að gera, og hún kemur frá sjálfum frsm. 1. minni hl., frá sjálfum höfuðtalsmanni stjórnarliðsins: Það er verið að hlaða stíflu í vatnsfall, sem heldur áfram með nákvæmlega jafnmiklu afli og áður, vatnsfall verðbólgunnar. Og það á með þessu að reyna að láta þjóðina trúa því, að elfan sé hætt að renna, á meðan er að fyllast fyrir ofan stífluna. Það eru þessar aðfarir, sem við erum vitni að.

Hv. 2. þm. Eyf. sagði, að illa væri komið fyrir Framsfl. Hann sýndi minnsta ábyrgðartilfinningu allra flokka, meira að segja Alþb. sýndi meiri ábyrgðartilfinningu en Framsfl. Nú er svo komið, að í augum Sjálfstæðisflokksmanna og Alþýðuflokksmanna er það eitt ábyrgðartilfinning að skera niður verklegar framkvæmdir. Það eitt er ábyrgðartilfinning og svo að fylgja þeirri stefnu að flytja inn lúxusvörur til þess að afla tolla, en láta aðrar vörur vanta í staðinn. Þeir, sem ekki eru með þessu, sýna skort á ábyrgðartilfinningu. Ég tek glaður á mig þann vitnisburð frá hæstv. fjmrh. og hv. sjálfstæðismönnum.

Og svo sögðu þessir menn: Framsfl. víkur sér undan að benda á úrlausnir í efnahagsmálunum. — En þeir ganga bara alveg fram hjá því, að Framsfl. lagði fram sínar till. um lausn efnahagsmálanna í vetur og stendur ábyrgur fyrir þeim till., hvar sem er. Það voru framkvæmanlegar till., þær voru öðruvísi en þær

till. eða sú stefna, sem stjórnarflokkarnir hafa tekið upp. Með þessu hefur Framsfl. gert hreint fyrir sínum dyrum. Það er ekki verk Framsfl. að útfæra till. stjórnarliðsins. Það verður stjórnarliðið að gera sjálft. En við höfum með nál. framsóknarmanna í fjvn. gert öfluga tilraun til að sýna þjóðinni fram á, hvert stjórnarliðið og meiri hl. á Alþingi er að fara með sínum till. í efnahagsmálunum. Og það var okkar skylda að gera það. En hitt var ekki okkar skylda: að útfæra þeirra till. Það gera þeir sjálfir. En við höfum okkar eigin till., sem við höfum lagt fram og þjóðin getur borið saman við þeirra leiðir, og á þeim till. ætlum við að bera ábyrgð, en ekki öðrum.

Hv. frsm. 1. minni hl. var að tala um það eins og einhverja fjarstæðu, að sjálfstæðismenn hefðu staðið fyrir kauphækkunum hér á s. l. ári, og það væri ánægjulegt fyrir sjálfstæðismenn að vita, ef það væri raunverulega svo, að þeir gætu ráðið öllu um kaupgjald, ef þeir væru í stjórnarandstöðu. Ég ímynda mér, að það megi ráða þó nokkru um kaupgjald með þeim aðferðum, sem Sjálfstfl. hefur viðhaft, því að hann lagði svo mikið við í þessu sambandi, að ef honum fannst vera tregða hjá ýmsum verkalýðsfélögum að ganga út í kauphækkunarkapphlaupið, þá lét hann útsendara atvinnurekendanna bjóða fram kauphækkanir til þess að losa um skriðuna í þeirri grein. Með þessum aðferðum er sjálfsagt hægt að ráða talsvert miklu um kaupgjaldsmál í landinu, ef menn eru svo ábyrgðarlausir að grípa til aðferða af þessari tegund, eins og Sjálfstfl. gerði. Svo er ágætt að koma á eftir og senda mönnum reikning yfir ofreiknað kaup að áeggjan Sjálfstfl., eins og Sjálfstfl. hefur gert í vetur.

Þá sagði þessi hv. þm., að áhyggjur út af því, sem þeir hafi sagt um lánamálin annars vegar, og því, sem þeir þyrftu að gera nú í lánamálunum hins vegar, hefðu aldrei haldið andvöku fyrir sjálfstæðismönnum. Um þetta skal ég ekkert segja. Hitt vil ég segja, að hafi það ekki haldið andvöku fyrir þeim, þá hafa þeir sterkari taugar en maður hefur leyfi til þess að álíta. Ég veit ekki, hvort þessi hv. þm. og aðrir honum líkir eru búnir að gleyma því, sem forkólfar Sjálfstfl. hafa látið sér um munn fara í þessum efnum. Í því sambandi vil ég minna á, að í Morgunblaðinu 20. nóv. 1957 stendur svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í svipaðan mund og samið var um nýju hersetuna, fékk vinstri stjórnin stórt dollaralán hjá Bandaríkjunum. Var engin dul dregin á það af hálfu lánveitandans, að þar var um að ræða endurgjald fyrir áframhaldandi varnarstöðvar á Íslandi.“ Síðan segir: „Út yfir tekur niðurlægingin, þegar það er athugað, að ríkisstj., sem lofaði að reka varnarsveitir NATO frá Íslandi, kemur nú með betlistaf til þessara samtaka og biður þau að efna til samskota fyrir sig.“ Síðan kemur úr ræðu eftir formann Sjálfstfl.: „Alls staðar höfðu þeir gengið bónleiðir til búða, hvergi fengið eyri nema fjögurra milljón dollara lánið, sem þeir fengu með því skilyrði, að framlengd yrði dvöl varnarliðsins á Íslandi, þ. e. a. s., að þeir seldu réttinn til að verja landið.“

Í Morgunblaðinu er mikið rætt um sönnun, sem komin sé fram fyrir þessu ódæði, og sönnunin er það, sem rússnesk kona hafi sagt austur í Moskvu, kona, sem Tamara heitir, og stendur um það í Morgunblaðinu: „Þar er ekki farið dult með kaupin, sem gerð voru í sambandi við framlengingu varnarsamningsins í fyrra, þótt sum stjórnarblaðanna standist ekki reiðari en þegar sagt er opinberlega frá því, sem gerðist.“ Það er átt við, að í grein Tamöru í einhverju blaði í Moskvu sé ekki farið dult með þetta, og þá þurfti nú ekki frekar vitnanna við. Svona lágt lögðust forkólfar Sjálfstfl. í sambandi við lántökumálin. En þetta minnti ekki lítið á það, þegar kommúnistar voru að ræða um framkvæmdir samstjórnar Framsfl. og Sjálfstfl. einmitt í lánamálunum, því að þá sagði Einar Olgeirsson t. d.:

„Það var ekki af neinum mannúðarhvötum, sem auðvald Bandaríkjanna kom Marshallæætluninni í framkvæmd, og það var engin tilviljun, að samningarnir um Atlantshafsbandalagið voru undirritaðir á ársafmæli Marshallæætlunarinnar. Atlantshafssamningarnir voru bein borgun á Marshallframlögunum.“ Og enn fremur sagði Einar Olgeirsson í umr. á Alþingi 1948: „Í hvert skipti, sem hæstv. ríkisstj. kemur til Washington með nýjan betlilista,“ — það eru nærri því sömu orðin og sjálfstæðismenn notuðu aftur síðar, — „getur hún átt von á því, að hún verði að ganga að nýjum afarkostum.“

M. ö. o.: þetta sýnir, að varðandi lánamálin og framkvæmd þeirra á vegum fyrrv. stjórnar lagðist Sjálfstfl. svo lágt og forkólfar hans, að hann notaði sams konar dylgjur og ósannindi eins og kommúnistarnir höfðu áður notað um Sjálfstfl. og Framsfl.

Og svo héldu þeir áfram og héldu því fram í þokkabót, eins og ég minntist á hér í kvöld, að þessi lán hefðu verið eyðslulán. En nú er það ætlun Sjálfstfl. að standa að sams konar lántöku eftir allt saman, og trúi því hver sem trúa vill, að þeir hafi ekki haft áhyggjur af þessum málum, enda er sannleikurinn sá, að þetta gekk svo nærri forkólfum Sjálfstfl., að þeir voru að athuga það vikum saman, hvort það væri ekki mögulegt, að þessi kaleikur yrði tekinn frá þeim, hvort það væri ekki með einhverju móti mögulegt að fleyta þessu öllu fram yfir næstu kosningar, án þess að þeir þyrftu að drekka þennan kaleik í botn líka ásamt öllu hinu, sem þeir höfðu orðið að láta ofan í sig. En eftir vandlega rannsókn, sem stóð vikum saman, var kveðinn upp sá dómur, að þeir yrðu að drekka þennan kaleik í botn, því að ríkisstj. gæti ekki setið með nokkru lifandi móti, ekki einu sinni með öllum töfrabrögðum varðandi fölsun fjárl. og allt slíkt, — gæti ekki setið með nokkru lifandi móti, ekki einu sinni fram yfir fyrri kosningarnar, hvað þá heldur fram yfir síðari kosningarnar, nema þessi lántaka ætti sér stað. Þennan bikar varð því að stinga út. Og það verður gert,

alveg á sama hátt og þeir hafa orðið að stinga út úr launahækkunarbikarnum og eyðslu- og sukkbikarnum, sem allir kannast við, sem nokkuð hafa fylgzt með þessum málum hér undanfarin missiri.

Að lokum aðeins þetta: Hv. 2. þm. Eyf., frsm. 1. minni hl., fannst það furðulegt, að ég skyldi undrast þá dirfsku, að þeir leyfðu sér að lýsa því yfir, að þessi niðurskurður ætti að vera aðeins í bili, hann ætti ekki að vera til frambúðar. Sýndi ég þá fram á, hvernig súpan hlyti að verða orðin um þær mundir, sem þyrfti að fara að afgreiða efnahagsmálin á nýjan leik næsta vetur. Hv. þm. reyndi ekki með einu orði að bera brigður á það, að höfuðdrættirnir í þeirri mynd, sem ég dró upp af ástandinu, eins og það hlyti að verða þá, væri rétt. Hann bar ekki brigður á það með einu einasta orði. En hann reyndi að draga athyglina frá þessu með því að segja, að það yrði að líta þannig á þetta, sem nú væri að gerast, að það væru neyðarráðstafanir. En ef þetta eru neyðarráðstafanir og ef núna þarf að gera neyðarráðstafanir á vegum þessarar hæstv. ríkisstj. og þess meiri hluta, sem hana styður, þar sem þeir hafa tekið við ríkisbúskapnum í fyllsta lagi fyrir örfáum mánuðum, þar sem afgangur var á ríkisbúskapnum og hægt var að byggja á hreinum og góðum grundvelli, — ef það þarf að gera neyðarráðstafanir við þessi skilyrði, hvers konar ráðstafanir verða það þá, sem þarf að gera næsta haust eftir þær aðfarir, sem nú er stefnt að af stjórnarflokkunum og ríkisstj.? Hvers konar ráðstafanir verða það, sem þarf að gera þá? Ég held það sé ekki vandi að geta sér til þess, hvernig þær verða. En það væri æskilegt, að þeir, sem fyrir þessu standa, reyndu að gera þjóðinni einhverja grein fyrir því, hverjar afleiðingarnar hljóti að verða af því, sem þeir eru nú að aðhafast. En um það sagði hv. 2. þm. Eyf., að það væri ómögulegt að segja. Það væri alveg ómögulegt að segja, hverjar afleiðingarnar yrðu af því, sem þeir nú væru að aðhafast, og engum getum hægt að því að leiða, hvernig ástatt yrði hér eftir síðari kosningarnar, ef tvennar verða, eða í byrjun næsta vetrar. Ég hugsa, að það sé nú ráðlegast fyrir hv. þm. einmitt að halda þessu fram, því að ég held, að hann mundi lenda í slæmum ógöngum, ef hann færi að reyna að skýra hreinskilnislega frá því, sem hann álítur sjálfur um þetta og aðrir þeir, sem standa að þessum málum.

En í þessu sambandi er full ástæða til þess að spyrja um eitt, og það verður mitt síðasta orð: Það hefur verið boðið, að það þyrfti einhverjar nýjar og aðrar og meiri ráðstafanir eftir næstu alþingiskosningar, því að þessar væru aðeins til bráðabirgða, og ég spyr því að lokum: Hverjar eru þessar nýju ráðstafanir, sem fyrirsjáanlegt er, þrátt fyrir allt, að þörf sé á eftir næstu kosningar? Hver er hin nýja stefna í efnahagsmálunum, sem Sjálfstfl. talar um, að hann ætli að beita sér þá fyrir? Væri ekki heiðarlegast fyrir Sjálfstæðisflokksmenn og Alþýðuflokksmenn að segja þjóðinni eitthvað um það núna, áður en farið verður að kjósa, hvað þeir ætli að gera á eftir, heldur en gera það eitt að reyna að breiða yfir það, hvernig raunverulega er ástatt í landinu, eins og þeir gera með þeirri afgreiðslu, sem þeir nú stefna að í þessum efnum?

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 42. fundi í Sþ., 21. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 1, n. 397, 400, 402 og 405, 391, 393, 399, 403, 404, 408, 409, 424, 425).

Eyteinn Jónsson: Eins og hv. þingmönnum og hæstv. forseta er ljóst, þá eru óvenjulega margir þingmenn veikir og geta ekki mætt við þessa atkvgr. Ég hef minnzt á það við hæstv. forseta og hv. frsm. 1. minni hl. og hæstv. fjmrh., hvort þeir vildu ekki eiga hlut að því, að vegna þess, hversu margir eru veikir og eiga þess ekki kost að vera við atkvgr., þá yrðu teknar til baka a. m. k. stærstu tillögurnar um niðurskurð á fjárl., sem vitað er að ágreiningi valda. Ég leyfi mér hér með að ítreka þessa ósk eða endurnýja þessa ósk og beini henni sérstaklega til frsm. 1. minni hl. og hæstv. fjmrh., að þessi háttur verði á hafður, og vona, að þeir geti á þetta fallizt. Þetta virðist vera mjög sanngjarnt og auðvelt að koma þessu þannig fyrir, að þessar till. verði teknar til baka til 3. umr.

Forseti (JPálm): Það er nú svo ástatt, því miður, eins og hv. 1. þm. S-M. vék að, að það eru nokkrir þingmenn nú veikir, og var á það minnzt við mig, hvort ég vildi ekki fresta þessari atkvgr., en á það get ég ómögulega fallizt, og það er sérstaklega vegna þess, að hér er í uppsiglingu farsótt, og við gætum átt von á því, að það yrði verra á morgun eða næstu daga. Þess vegna tel ég ekki undan því komizt, að þessi atkvgr. fari fram.

Varðandi aðstöðuna að öðru leyti, þá er það augljóst, að hinar sameiginlegu tillögur fjvn. eru öruggar í gegn, hvort sem er. Um till. nefndarhlutanna er það væntanlega eins og verið hefur, að um þær er sleginn hringur flokkanna, með eða móti. Þá eru það tillögur einstakra manna, sem hafa það á valdi sínu að sjálfsögðu að fresta atkvgr. um þær til 3. umr.

En varðandi þá ósk hv. 1. þm. S-M. að taka aftur eitthvað af till. fjvn., þá vil ég ekkert um það segja og tel eðlilegast, að það sé hæstv. fjmrh. og hv. frsm., sem segi um það, hvort þeir vilja taka aftur eitthvað af þeim till. Því verða þeir að ráða, en ekki ég.

Utanr.- og fjmrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Út af þeim tilmælum, sem hér hafa komið fram um að taka aftur einhverjar till. 1. minni hl. fjvn., þá vil ég vekja athygli á, að greiðsluheimild sú, sem ríkisstj. hefur nú, er útrunnin um mánaðamótin. Ríkisstj. leggur áherzlu á að þurfa ekki að leita eftir frekari bráðabirgðagreiðsluheimildum hjá Alþingi. Til þess að komizt verði hjá slíku, er óhjákvæmilegt, að fjárlögin

fái afgreiðslu fyrir mánaðamót. Til þess að svo megi verða, þarf 3. umr. um fjárlagafrv. að fara fram helzt á mánudaginn kemur. Undir 3. umr. þarf nokkurn undirbúning og nokkurrar athugunar við, m. a. í sambandi við þann greiðsluhalla, sem er á fjárlagafrv., og er því nauðsynlegt fyrir ríkisstj. að sjá, hvernig málin standa, sem allra fyrst, og ef umr. á að geta farið fram á mánudaginn, þá má það varla vera seinna en í dag. Út frá þessu sjónarmiði er nauðsynlegt fyrir ríkisstj. að fá tillögur þær allar, sem hér liggja fyrir, afgreiddar, þannig að útkoman verði séð.

Ég vil líka benda á, eins og kom fram hjá hæstv. forseta, að þeir þingmenn, sem nú eru fjarverandi, munu liggja veikir í þeirri farsótt, sem gengur nú í bænum. Sú farsótt er á byrjunarstigi og ómögulegt að vita um það, hversu margir þingmenn kynnu að veikjast í henni mjög fljótlega, og getur því verið enn þá erfiðara að koma atkvgr. við, ef þetta dregst eitthvað. Ég verð þess vegna að óska eftir því, að atkvgr. fari fram um þær till., sem hér liggja fyrir og ráða úrslitum um það, hvernig heildarútkoman yrði á fjárlagafrv. eftir 2. umræðu.

Eysteinn Jónsson: Mér heyrast nú allar horfur á því, að fyrirmenn þessara mála séu að neita um þessa sanngjörnu ósk, sem ég bar hér fram, og eru færðar fyrir því ýmsar ástæður.

Hæstv. forseti segist álíta, að það sé í uppsiglingu farsótt, sem muni grípa þingmenn hópum, og það má vel vera, að þetta sé alveg rétt. Nú þegar liggur hópur af þingmönnum í rúminu. En dettur hæstv. forseta í hug, að það sé þinglegt eða viðeigandi að halda áfram þinghaldi og uppgjöri mála hér í þinginu, alveg eins og ekkert hafi í skorizt, þó að þingmenn liggi rúmfastir hópum saman og geti ekki tekið þátt í meðferð þýðingarmestu mála? Er þetta hægt? Ég segi, að það sé ekki hægt. Það er ekki hægt að halda áfram, eins og ekkert hafi í skorizt, að bera upp þýðingarmestu mál, þegar þingmenn liggja í stórhópum rúmfastir og geta ekki gegnt þingmannsskyldum sínum. Og ég vil beina því til forseta þingsins, að þeir íhugi þetta mál nú, að það er alveg óhugsandi að halda þannig á forsetastjórn á Alþingi að knýja til úrslita þýðingarmestu mál þjóðarinnar, þegar þingmenn liggja hópum saman í rúminu og geta ekki notfært sér þingmannsrétt sinn. Hver hefur rétt til þess að notfæra sér þannig það vald, sem honum er gefið sem forseta Alþingis? Og það veit ég, að forseti sameinaðs þings mun taka þetta til athugunar.

Ég hefði haldið, að það hefði verið hægt að leysa þetta mál núna án þess að fella niður atkvgr., á þann hátt, sem ég stakk upp á, sem sé með því að fresta mestu ágreiningstill. til 3. umr. En hæstv. fjmrh. segir, að það sé ekki hægt, og geri ég ráð fyrir, að hann mæli þar fyrir munn stjórnarflokkanna, þ. e. a. s. 1. minni hl. fjvn. Og hverjar eru svo ástæðurnar, sem hæstv. fjmrh. færir fyrir því, að þessari ósk sé ekki hægt að sinna? Þær eru þær og einvörðungu þær, að það þurfi umfram alla muni að ljúka þessu máli fyrir 1. maí, vegna þess að lagaheimild um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði sé ekki í gildi lengur en til 1. maí. M. ö. o.: skilningur hæstv. fjmrh. virðist vera sá, að þó að það vantaði þriðjunginn, jafnvel máske helminginn af þingmönnum, þá verði samt að afgreiða fjárlögin fyrir 1. maí, vegna þess að það sé ekki í gildi lagaheimild fyrir bráðabirgðafjárgreiðslum úr ríkissjóði. Og þetta er sagt úr stjórnarherbúðunum, eftir að stjórnin er búin að láta þingið hanga hér aðgerðalaust í þrjá og hálfan mánuð og taka sér þrjá og hálfan mánuð til þess að skoða þetta mál. Þá er ekki hægt að bíða einn dag eftir 1. maí, þó að helmingur þingmanna kynni að liggja í rúminu. Vitanlega er þetta óhæfilegt. Svona vinnubrögð er alls ekki hægt að samþykkja né sætta sig við. Vitaskuld er það alveg augljóst mál, að það er skylda þeirra, sem ráða meðferð mála hér á Alþingi, að haga þannig til, að séu mikil veikindi meðal þingmanna, þá sé beðið með málin, þangað til úr rætist.

Og þegar þeir menn, sem fyrir þessari málsmeðferð allri standa, bera fyrir sig, að það liggi svo óskaplega á og það geti riðið á einhverju verulegu, hvort fjárlög verða afgreidd einum eða tveimur dögum fyrr eða síðar, þá er slíkt með engu móti frambærilegt. Þingmenn hafa sinn rétt, og þeir eiga að fá að njóta hans og það jafnvel þó að upp komi farsótt, sem kann að tefja þá frá störfum á víxl í tvo eða þrjá daga.

Ég lýsi því hér með yfir, að við í stjórnarandstöðunni í Framsfl. mundum gjarnan framlengja um nokkra daga heimild ríkisstj. til þess að greiða fé til bráðabirgða úr ríkissjóði til þess að greiða fyrir því, að þingmenn geti notað sinn sjálfsagða þingmannsrétt, enda er ofan á allt annað sannleikurinn sá, að þó að nú væru teknar til baka til 3. umr. till. þær, sem ég hef farið fram á um niðurskurðinn, þá mundi það ekki tefja afgreiðslu fjárl. um eina mínútu. Ég leyfi mér þess vegna að mótmæla þeirri vinnuaðferð, sem hér á við að hafa, og ég bið hæstv. forseta þingsins að hafa gát á því næstu daga, að það verði ekki haldið óviðurkvæmilega á þessum málum. Við getum búizt við því, að það sé, eins og hæstv. forseti Sþ. sagði, farsótt komin upp í þingliðinu, en það verður ekki hægt að sætta sig við það mótmælalaust, að slík veikindi meðal þingmanna séu notuð til þess að svipta þá réttinum til að eiga þátt í afgreiðslu þýðingarmestu málanna.

Ég leyfi mér því að mótmæla því algerlega, að þessar ágreiningstillögur komi til atkvæða nú, og endurtek ósk mína um, að þeim verði frestað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 404,1 felld með 25:14 atkv.
— 393,1 samþ. með 28:6 atkv.
— 393,2 samþ. með 28:11 atkv.

Brtt. 404,2 felld með **24:11 atkv.**
— 393,3—6 samþ. með 27:12 atkv.
— 393,7 samþ. með 27:8 atkv.
— 404,3 kom ekki til atkv.
— 393,8 samþ. með 29:1 atkv.
— 404,4 kom ekki til atkv.
— 393,9 samþ. með 28:1 atkv.
— 393,10.a samþ. með 26:12 atkv.
— 393,10.b samþ. með 30:4 atkv.
— 404,5 kom ekki til atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.

Brtt. 399,1 felld með 25:7 atkv.
— 404,6 felld með 25:12 atkv.
— 393,11 samþ. með 28:8 atkv.
— 399,2 felld með 29:6 atkv.
— 404,7 felld með 25:12 atkv.
— 393,12 samþ. með 27:11 atkv.
— 399,3 felld með 27:7 atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 26:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÓ, EggÞ, EmJ, FS, FÞ, GÍG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JK, JS, KJJ, MJ, ÓB, ÓTh, PO, PP, RH, SÁ, SB, SÓÓ, ÁkJ, BG, BBen, JPálm.

nei: EirÞ.

EOl, EystJ, FRV, GJóh, HS, HermJ, KGuðj, KK, LJós, PZ, SE, SkG, StgrSt, SvbH, ÁÞ, ÁB, BjörgJ, BjörnJ greiddu ekki atkv.

7 þm. (GíslG, HÁ, HV, JJós, PÞ, AG, BSt) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Brtt. 393,13 samþ. með 26:8 atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.

6.—8. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.

Brtt. 393,14 samþ. með 26:13 atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, KJJ, MJ, ÓB, ÓTh, PO, PP, RH, SÁ, SB, SÓÓ, ÁkJ, BG, BBen, BÓ, EggÞ, EmJ, FS, FÞ, GÍG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JK, JPálm.

KGuðj, KK, LJós, PZ, SE, SkG, StgrSt, SvbH, ÁÞ, ÁB, BjörgJ, BjörnJ, EOl, EirÞ, EystJ, FRV, GJóh, HS, HermJ greiddu ekki atkv.

7 þm. (PÞ, AG, BSt, GíslG, HÁ, HV, JJós) fjarstaddir.

Brtt. 391,1—2 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 393,15 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 399,4 kom ekki til atkv.
— 399,5 felld með 23:7 atkv.
— 391,3 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 399,6 felld með 27:7 atkv.
— 391,4 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 399,7 felld með 26:7 atkv.
— 399,8 felld með 26:7 atkv.
— 399,9 felld með 26:8 atkv.
— 399,10 felld með 26:8 atkv.
— 399,11 felld með 26:8 atkv.
— 391,5 samþ. með 35:1 atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 25:2 atkv.

Brtt. 391,6—7 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 399,12 felld með 25:6 atkv.
— 391,8 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 393,16 samþ. með 24:11 atkv.
— 391,9 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 409,I.1 samþ. með 27 shlj. atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 26:3 atkv.

Brtt. 391,10—11 samþ. með 36 shlj. atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.

Brtt. 391,12.1—97 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 409,I,2.a samþ. með 30 shlj. atkv.
— 391,12.98—99, svo breyttar, samþ. með 30 shlj. atkv.
— 409,I.2.b samþ. með 28 shlj. atkv.
— 391,12.100—101, svo breyttar, samþ. með 31 shlj. atkv.
— 409,I.2.c samþ. með 31 shlj. atkv.
— 391,12.102, svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
— 409,I.2.d (brtt. 391,12.103 falli niður) samþ. með 27 shlj. atkv.
— 391,12.104 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 391,12.105—209 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 391,13 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 391,14 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 391,15 samþ. án atkvgr.
— 391,16 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 409,II tekin aftur.
— 393,17 samþ. með 25:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngJ, JóhH, JK, JS, KJJ, MJ, ÓB, PO, PP, RH, SÁ, SB, SÓÓ, ÁkJ, BG, BBen, BÓ, EggÞ, EmJ, FS, FÞ, GÍG, GTh, GÞG, JPálm.

nei: HS, HermJ, KGuðj, KK, LJós, PZ, SE, SkG, StgrSt, SvbH, ÁÞ, ÁB, BjörgJ, BjörnJ, EOl, EirÞ, EystJ, FRV, GJóh.

8 þm. (HV, JJós, ÓTh, PÞ, AG, BSt, GíslG, HÁ) fjarstaddir.

Brtt. 399,13 kom ekki til atkv.
— 403 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 391,17 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 391,18.1—2 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 409,III felld með 27:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EOl, EirÞ, EystJ, FRV, GJóh, HermJ, LJós, SE, SkG, SvbH, ÁÞ, ÁB, BjörgJ, BjörnJ.

nei: BÓ, EggÞ, EmJ, FS, FÞ, GÍG, GTh, GÞG, HS, IngJ, JóhH, JK, JS, KK, KJJ, MJ, ÓB, PO, PP, RH, SÁ, SB, SÓÓ, ÁkJ, BG, BBen, JPálm.

KGuðj, PZ greiddu ekki atkv.

9 þm. (GíslG, HÁ, HV, JJós, ÓTh, PÞ, StgrSt, AG, BSt) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Þegar tillögurnar um hafnargerðir komu fyrst fram í fjvn., þá var þessi liður felldur niður af stjórnarliðum. Till. var borin fram í n. um, að hann yrði tekinn upp, og það var samkomulag um það, að liðurinn skyldi verða 100 þús. kr. Ég lýsti því yfir við afgreiðslu n. á þessu máli, að fyrst þær breytingar, sem við framsóknarmennirnir stóðum að í fjvn., náðu fram að ganga á þann hátt, að við sættum okkur við það, þá mundi ég hvorki flytja né styðja brtt. við liðinn, og segi ég því nei.

Brtt. 409,III varatill. tekin aftur.
— 391,18.3—9 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 424,1.a tekin aftur.

Brtt. 391,18.10—12 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 408,I.1 felld með 23:14 atkv.
— 424,1.b tekin aftur.
— 391,18.13—25 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 408,I.2 felld með 25:14 atkv.
— 409,IV tekin aftur.
— 391,18.26—59 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 391,19—20 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 393,18 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 391,21—23 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 393,19 samþ. með 26:14 atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 391,24—26.a samþ. með 33 shlj. atkv.
— 409,V tekin aftur.
— 391,26.b.1—4 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 409,VI tekin aftur.
— 391,26.b.5 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 409,VII tekin aftur.
— 391,26.b.6—7 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 391,26.c—f samþ. með 32 shlj. atkv.
— 391,27 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 425 tekin aftur.
— 391,28.a.1—18 samþ. 36 shlj. atkv.
— 391,28.b samþ. með 33 shlj. atkv.
— 409,VIII tekin aftur.
— 391,29 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 409,IX tekin aftur.
— 391,30—43 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 409,X tekin aftur.
— 391,44—47 samþ. með 31 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 391,48 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 399,14 felld með 22:6 atkv.
— 399,15 felld með 27:7 atkv.
— 393,20 samþ. með 23:11 atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 27:2 atkv.
Brtt. 391,49 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 393,21 samþ. með 24:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÓ, EggÞ, EmJ, FS, FÞ, GÍG, GTh, GÞG, IngJ, JK, JS, KGuðj, KJJ, MJ, ÓB, PO, PP, SÁ, SB, SÓÓ, ÁkJ, BG, BBen, JPálm.

nei: EOl, EirÞ, EystJ, FRV, GJóh, HS, HermJ, KK, LJós, PZ, SE, SkG, StgrSt, SvbH, ÁÞ, ÁB, BjörgJ, BjörnJ.

10 þm. (GíslG, HÁ, HV, JóhH, JJós, ÓTh, PÞ, RH, AG, BSt) fjarstaddir.

Brtt. 391,50 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 399,16 felld með 27:7 atkv.
— 409,XI tekin aftur.
— 391,51 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 391,52 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 399,17 felld með 30:7 atkv.
— 391,53—59 samþ. með 36 shlj. atkv.

Áður en brtt. 393,22 kæmi til atkv., mælti

frsm. 1. minni hl. (Magnús Jónsson): Þannig er ástatt varðandi þessa 22. till. og enn fremur 25. till., að það þarf að gera sérstakar skipulagsbreytingar og jafnvel lagabreytingar varðandi þessi atriði, og það hefur ekki enn þá verið gerð fullkomlega grein fyrir því og ekki lagt fram um það frv., sem um þetta þarf að taka ákvarðanir um, og með hliðsjón af því eru þessar till. báðar teknar aftur til 3. umræðu.

Brtt. 393,22 tekin aftur.
— 409,XII felld með 26:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EystJ, FRV, GJóh, HS, HermJ, KGuðj, KK, LJós, PZ, SE, SkG, SvbH, ÁÞ, ÁB, BjörgJ, BjörnJ, EOl, EirÞ.

nei: EmJ, FS, FÞ, GÍG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JK, JS, KJJ, MJ, ÓB, PO, PP, RH, SÁ, SB, SÓÓ, StgrSt, ÁkJ, BG, BBen, BÓ, EggÞ, JPálm.

8 þm. (GíslG, HÁ, HV, JJós, ÓTh, PÞ, AG, BSt) fjarstaddir.

Brtt. 393,23 tekin aftur.
— 391,60 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 393,24 samþ. með 25:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞG, IngJ, JóhH, JK, JS, KJJ, MJ, ÓB, PO, PP, RH, SÁ, SB, SÓÓ, ÁkJ, BG, BBen, BÓ, EggÞ, EmJ, FS, FÞ, GÍG, GTh, JPálm.

nei: HS, HermJ, KGuðj, KK, LJós, PZ, SE, SkG, StgrSt, SvbH, ÁÞ, ÁB, BjörgJ, BjörnJ, EOl, EirÞ, EystJ, FRV, GJóh.

8 þm. (HÁ, HV, JJós, ÓTh, PÞ, AG, BSt, GíslG) fjarstaddir.

Brtt. 391,61—65 samþ. með 31 shlj. atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 399,18 felld með 28:6 atkv.
— 391,66 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 393,25 tekin aftur.
— 391,67—69 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 409,XIII tekin aftur.
— 391,70—76 samþ. með 38 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
18. gr. samþ. með 36 shlj. atkv.
Brtt. 391,77.1 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 393,26 samþ. með 26:10 atkv.
— 391,77.2 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 393,27 samþ. með 25:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FS, FÞ, GÍG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JK, JS, KJJ, MJ, ÓB, PO, PP, RH, SÁ, SB, SÓÓ, ÁkJ, BG, BBen, BÓ, EggÞ, EmJ, JPálm.

nei: GJóh, HS, HermJ, KGuðj, KK, LJós, PZ, SE, SkG, StgrSt, SvbH, ÁÞ, ÁB, BjörgJ, BjörnJ, EOl, EirÞ, EystJ, FRV.

8 þm. (GíslG, HÁ, HV, JJós, ÓTh, PÞ, AG, BSt) fjarstaddir.

Brtt. 399,19 felld með 26:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJóh, KGuðj, LJós, PZ, SE, BjörgJ, BjörnJ, EOl, FRV.

nei: GÍG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JK, JS, KJJ, MJ, ÓB, PO, PP, RH, SÁ, SB, SÓÓ, ÁkJ, BG, BBen, BÓ, EggÞ, EmJ, EystJ, FS, FÞ, JPálm.

HS, HermJ, KK, SkG, StgrSt, SvbH, ÁÞ, ÁB, EirÞ greiddu ekki atkv.

8 þm. (GíslG, HÁ, HV, JJós, ÓTh, PÞ, AG, BSt) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Eysteinn Jónsson: Engar líkur tel ég til, að úr því yrði sparnaður, þótt þessi till. yrði samþykkt. Á hinn bóginn mundi hún gera

áætlun fjárlaga um gjöld óraunhæfari en áður, og segi ég því nei.

19. gr., svo breytt, samþ. með 25:3 atkv.
Brtt. 393,28 samþ. með 26:10 atkv.
— 399,20 felld með 23:8 atkv.
— 393,29 samþ. með 24:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JK, JS, KJJ, MJ, ÓB, PO, PP, RH, SÁ, SB, SÓÓ, ÁkJ, BG, BBen, BÓ, EggÞ, EmJ, FS, FÞ, GÍG, GTh, GÞG, IngJ, JPálm.
nei: KGuðj, KK, LJós, PZ, SE, SkG, StgrSt, SvbH, ÁÞ, ÁB, BjörgJ, BjörnJ, EOl, EirÞ, EystJ, FRV, GJóh, HS, HermJ.
9 þm. (JóhH, JJós, ÓTh, PÞ, AG, BSt, GíslG, HÁ, HV) fjarstaddir.
Brtt. 391,78 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 393,30.1 samþ. með 36:1 atkv.
— 399,21.1 kom ekki til atkv.
— 404,8.1 kom ekki til atkv.
— 404,8.2 felld með 24:11 atkv.
— 393,30.2 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 399,21.10 kom ekki til atkv.
— 404,8.3 kom ekki til atkv.
— 409,XIV felld með 22:13 atkv.

Er forseti bar undir atkv. brtt. 393,30.3, mælti

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Ég vil benda á, að hér hafa gengið atkvæðagreiðslur um tvo af undirliðum í tillögum, sem gerðar eru á þskj. frá minni hlutum í fjvn., og með því að sá háttur, sem forseti hyggst hafa á framhaldi atkvgr., brýtur í bág við þá reglu, sem höfð er um byrjunina á henni, þá óska ég eftir því við hæstv. forseta, að hann hafi þann hátt á um þá liði, sem enn eru óafgreiddir og gerðar eru fleiri en ein till. um, að afgreiða þetta með því að bera undir atkv. hvern einstakan flugvöll, sem till. er gerð um, þannig að fyrst verði borin undir atkv. sú fjárveiting til hans, sem hæst er, og að þeirri till. felldri, þá sú næsta o. s. frv., þar til Alþingi hefur skorið úr um það, hversu háa fjárveitingu það ætlar hverjum einstökum flugvelli. Ég mælist til þess við forseta, að hann afgreiði þetta með þessum hætti.

Brtt. 399,21.3 felld með 22:13 atkv.
— 393,30.3 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 404,8.4 kom ekki til atkv.
— 393,30.4 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 399,21.7 kom ekki til atkv.
— 404,8.5 kom ekki til atkv.
— 399,21.8 felld með 25:16 atkv.
— 404,8.6 kom ekki til atkv.
— 424,2 kom ekki til atkv.
— 393,30.5 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 399,21.9 felld með 26:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: FRV, GJóh, HermJ, KGuðj, LJós, PZ, SE, SvbH, ÁÞ, ÁB, BjörgJ, BjörnJ, EOl, EirÞ.
nei: EmJ, FS, FÞ, GÍG, GTh, GÞG, HS, IngJ, JK, JS, KJJ, MJ, ÓB, PO, PP, RH, SÁ, SB, SÓÓ, StgrSt, ÁkJ, BG, BBen, BÓ, EggÞ, JPálm.
EystJ, KK, SkG greiddu ekki atkv.
9 þm. (GíslG, HÁ, HV, JóhH, JJós, ÓTh, PÞ, AG, BSt) fjarstaddir.
Brtt. 393,30.6 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 404,8.7 kom ekki til atkv.
— 399,21.2 felld með 26:8 atkv.
— 404,8.8 felld með 22:18 atkv.
— 393,30.7 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 404,8.11 felld með 22:14 atkv.
— 399,21.5 felld með 19:12 atkv.
— 393,30.8 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 404,8.14 felld með 24:15 atkv.
— 393,30.9 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 399,21.6 kom ekki til atkv.
— 393,30.10 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 399,21.4 kom ekki til atkv.
— 404,8.9 kom ekki til atkv.
— 404,8.16 felld með 23:12 atkv.
— 399,21.11 felld með 22:17 atkv.
— 393,30.11 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 404,8.13 felld með 23:18 atkv.
— 404,8.12 felld með 23:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KGuðj, KK, LJós, PZ, SE, SkG, StgrSt, SvbH, ÁÞ, ÁB, BjörgJ, BjörnJ, EOl, EirÞ, EystJ, FRV, GJóh, HS, HermJ.
nei: KJJ, MJ, ÓB, PO, PP, RH, SÁ, SB, SÓÓ, ÁkJ, BBen, BÓ, EggÞ, EmJ, FS, FÞ, GÍG, GTh, GÞG, IngJ, JK, JS, JPálm.
10 þm. (ÓTh, PÞ, AG, BG, BSt, GíslG, HÁ, HV, JóhH, JJós) fjarstaddir.
Brtt. 404,8.10 felld með 24:19 atkv.
— 404,8.15 felld með 24:19 atkv.
— 404,8.17 felld með 24:12 atkv.
— 404,8.18 felld með 23:14 atkv.
— 393,30.12 samþ. með 29 shlj. atkv.
— 399,21.12 kom ekki til atkv.
— 393,31 samþ. með 24:11 atkv.
— 393,32 samþ. með 23:12 atkv.
— 393,33 samþ. með 24:11 atkv.
— 399,22—26 felldar með 28:6 atkv.
— 393,34 samþ. með 27 shlj. atkv.
— 391,79 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 393,35 samþ. með 24:16 atkv.
— 393,36 samþ. með 24:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JS, KJJ, MJ, ÓB, PO, PP, RH, SÁ, SB, SÓÓ, ÁkJ, BG, BBen, BÓ, EggÞ, EmJ, FS, FÞ, GÍG, GTh, GÞG, IngJ, JK, JPálm.
nei: KGuðj, KK, LJós, PZ, SE, SkG, StgrSt, SvbH, ÁÞ, ÁB, BjörgJ, BjörnJ, EOl, EirÞ, EystJ, FRV, GJóh, HS, HermJ.
9 þm. (ÓTh, PÞ, AG, BSt, GíslG, HÁ, HV, JóhH, JJós) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Till. þessi er um það að lækka framlag til atvinnu- og framleiðsluaukningar, sem í frv. er gert ráð

fyrir að sé 13.5 millj. kr., en í þessari brtt. er gert ráð fyrir, að um sé að ræða 10 millj. kr. framlag. Enn fremur gerir þessi till. ráð fyrir því, að fénu verði nú úthlutað af fimm manna þingkjörinni nefnd, en það hefur ekki tíðkazt til þessa, heldur hefur fénu verið úthlutað af ríkisstj. sjálfri. Ég fyrir mitt leyti vil lýsa yfir mikilli óánægju með það háttalag, sem á hefur verið haft á undanförnum árum, að því leyti, sem nokkur byggðarlög landsins hafa verið höfð sérstakt bannsvæði og ekki getað fengið neina úthlutun af þessu fé. Og það er ekki gert ráð fyrir því í þessari till., þótt annar háttur sé ákveðinn um úthlutunina, að landið verði látið njóta algers jafnréttis, svo að till. snýst ekki eingöngu um upphæðina, heldur einnig um það, með hverjum hætti skuli fara hér að. Á meðan till. ekki ákveður það, að allir landsmenn skuli standa jafnt að vígi gagnvart þessari úthlutun, mun ég ekki taka þátt í samþykkt þeirrar till., sem hér liggur fyrir, og segi því nei.

Brtt. 393,37 samþ. með 28:8 atkv.
— 399,27 felld með 27:8 atkv.
— 404,9 felld með 24:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KK, PZ, SE, SkG, StgrSt, SvbH, ÁÞ, ÁB, BjörgJ, EirÞ, EystJ, HS, HermJ.

nei: JK, JS, KJJ, MJ, ÓB, PO, PP, RH, SÁ, SB, SÓÓ, ÁkJ, BG, BBen, BÓ, EggÞ, EmJ, FS, FÞ, GÍG, GTh, GÞG, IngJ, JPálm.

KGuðj, LJós, BjörnJ, EOl, FRV, GJóh greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÓTh, PÞ, AG, BSt, GíslG, HÁ, HV, JóhH, JJós) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Ég hef gert aðrar till. um það, að fé verði útvegað til húsnæðismála af ríkisins hálfu. Enn fremur sé ég ekki, að eðlilegt geti talizt að samþykkja till. um það, að ríkið láni fé af alveg sérstökum tekjulið, sem búið er að gera samþykkt um að renna eigi í ríkissjóð. Teldi ég því, að till. ætti að orðast öðruvísi, ef þar ætti að vera um það að ræða, að ríkið lánaði fé til þessarar starfsemi. Þetta mun að sjálfsögðu verða tekið til athugunar fyrir næstu umræðu. En eins og till. liggur fyrir, þá sé ég mér ekki fært að greiða henni atkv. og greiði ekki atkvæði.

Eggert Þorsteinsson: Ég lít svo á, að Alþingi hafi í dag með atkvgr. um, á hvern hátt þessu fé skyldi varið, ákveðið það, þess vegna sé þessi till. ekki tímabær nú. Þess vegna segi ég nei.

20. gr., svo breytt, samþ. með 24:3 atkv.

21. gr. með þeim tölubreytingum, sem á eru orðnar eftir atkvgr. um aðrar greinar frv., samþ. með 33 shlj. atkv.

Brtt. 391,80—81 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 408,II tekin aftur.
— 391,82—87 samþ. með 36 shlj. atkv.
— 404,10 felld með 23:17 atkv.
Brtt. 393,38 samþ. með 22:17 atkv.
— 391,88—89 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 409,XV tekin aftur.

22. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.

23.—24. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Sþ., 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 431, 439, 447, 448, 449, 450, 451, 452).

Frsm. 1. minni hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Við 2. umr. fjárlfrv. var gerð grein fyrir því í nál. 1. minni hl. n., að ýmis erindi biðu afgreiðslu þar til við 3. umr., eins og títt hefur verið jafnan. Auk þess var jafnframt þess getið, að við þá umr. mundu verða lagðar fram till. til þess að jafna greiðsluhalla þann, sem þá var á frv., þannig að fjárlfrv. gæti orðið endanlega afgr. greiðsluhallalaust.

Síðan 2. umr. lauk, hefur fjvn. haft þessi ýmsu erindi til meðferðar, sem enn voru óafgreidd, og enn fremur hefur verið unnið að því að gera till. um, hvernig jafna mætti þann halla, sem á frv. er.

Um flestar þær till., sem n. gerir, er alger samstaða í n., svo sem till. á þskj. 439 bera með sér, og varða þær till. allar ýmsa útgjaldaliði frv. Hins vegar hefur ekki orðið samkomulag í n. fremur en við 2. umr. um ráðstafanir til þess að jafna greiðsluhallann á frv., og gerir 1. minni hl. n. á þskj. 447 sérstakar till. um það, hversu þetta verði gert. 2. minni hl. n. hefur svo lagt fram sérstakar till. á þskj. 450, og nú rétt í þessu var verið að útbýta einni till. frá 3. minni hl. n., og munu þeir aðilar að sjálfsögðu gera grein fyrir þeim till. En ég mun hér í mínu máli gera grein fyrir þeim till., sem sameiginlega eru fluttar af n., svo sem gert var við 2. umr. frv., og enn fremur fyrir þeim sérstöku till., sem við í 1. minni hl. flytjum um tekjuhlið frv. á þskj. 447.

Varðandi flesta liði í brtt. fjvn. á þskj. 439 get ég verið stuttorður, vegna þess að þeir gefa ekki tilefni til mikilla útskýringa, nema tiltölulega fáir þeirra. Rétt þykir þó að fara um þá nokkrum orðum, þar sem ekki hefur verið hafður sá háttur á eins og við 2. umr. að gera grein fyrir því í nál. Það þótti ekki ástæða til að gefa út framhaldsnál. frá hinum einstöku hlutum n. Vík ég þá örfáum orðum að þessum till. hverri um sig.

Fyrsta till. er þess efnis, að það verði hækkuð um 20 þús. kr. fjárveiting sú, sem er í fjárlfrv. á 13. gr. og varið er til þess að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum. Þessi fjárveiting er notuð til þess að stuðla að því að halda í byggð ýmsum jörðum í nánd við fjallvegi hér á landi til öryggis fyrir ferðamenn. Nú er þannig ástatt með jörð eina í Barðastrandarsýslu, að það þykir mikil hætta á því, að hún fari úr byggð, en hins vegar talin mikil nauðsyn af öryggisástæðum að

halda jörðinni í byggð, ef kostur er á, og er því lagt hér til að verja 20 þús. kr. á þessum lið með það í huga, að unnt verði að stuðla að því, að þessi jörð haldist áfram í byggð. Þessi jörð heitir Skálmardalur, og það hefur verið leitað álits vegamálastjóra um þetta atriði, og hann telur, að það hafi mikla þýðingu, að jörðin haldist í byggð.

Við 2. umr. gerði n. till. sínar um skiptingu á hafnafé. Það hefur hins vegar orðið samkomulag um það í n. að mæla með tveimur breytingum á þeim fjárveitingum: Annars vegar það, að Borgarfjörður eystri fái 50 þús. kr. fjárveitingu, eins og var á síðustu fjárl. Það er ekkert sérstakt þar, sem er unnið að á þessu ári, en þeir hafa verið að safna sér fé með vissar framkvæmdir í huga, og þykir rétt að ganga til móts við þær óskir, að þeir fái aðstöðu til að halda þeirri fjársöfnun áfram, þannig að unnt verði að hefjast handa um þessar framkvæmdir sem fyrst. Þá er enn fremur samkomulag um að mæla með því, að fjárveiting til Búðareyrar hækki um helming, eða úr 50 þús. í 100 þús. kr., þar eð talin er mikil nauðsyn bera til þess að gera sérstakar ráðstafanir í hafnarmálum, og þetta mun vera fyrsta fjárveiting, sem varið er til þessarar hafnar. Þarna hefur verið bryggja, sem er í einkaeign, en sveitarfélagið mun hafa hug á því að koma þarna upp viðunandi hafnarmannvirkjum.

Þá er enn fremur lagt til í 3. brtt. n., að framlag til lánasjóðs stúdenta verði hækkað um 100 þús. kr. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara langt út í þá sálma. Það er að sjálfsögðu öllum vitanlegt, að fjárþörf lánasjóðsins er mikil og raunverulega mun meiri en hér um ræðir. En þetta er m. a. gert með það í huga, að hægt sé að auka aðstoð við læknastúdenta, sem þurfa að sinna löngu skyldunámi í sjúkrahúsum og fá ekki fyrir það neinar sérstakar greiðslur. Það þykir nauðsynlegt að greiða fyrir því, að þeir geti haft betri aðstöðu til náms síns að þessu leyti, og er þessi hækkun fyrst og fremst gerð með það í huga.

Við 2. umr. var skipt upp fjárveitingu til barnaskóla og skólastjórabústaða. Það hefur hins vegar komið í ljós við nánari athugun og m. a. með hliðsjón af þeim brtt., sem fluttar voru hér við 2. umr., að það væri nauðsynlegt að greiða fyrir framkvæmdum á nokkrum stöðum, bæði varðandi ný barnaskólahús og skólastjórabústaði, og er lagt til í till. n. að taka upp fjóra nýja liði þar. Það eru Bolungavík, Laugaland á Þelamörk, Hella og skólastjórabústaður í Bessastaðahreppi og enn fremur skólastjórabústaður á Egilsstöðum. Um þessa tvo skólastjórabústaði er það að segja, að þeir eru báðir langt komnir í smíðum, og athugun hefur leitt í ljós, að það er miklum erfiðleikum bundið fyrir viðkomandi skólahverfi, ef ekki fæst viðurkenning fyrir þessum bústöðum, og miðað við allar aðstæður hefur þótt rétt að mæla með því, að þessi viðurkenning yrði veitt og tekin upp nokkur fjárveiting til bústaðanna.

Varðandi þá nýju skólastaði, sem hér er að vikið, Bolungavík, Laugaland á Þelamörk og Hellu, þá er talið eðlilegt af þeim mönnum, sem þar þekkja mest til innan fræðslumálastjórnarinnar, að þessir bústaðir sitji í fyrirrúmi, og á engra hlut verði gengið, þótt þeir séu samþ. En það var að sjálfsögðu meginsjónarmið n., að það væru ekki teknir fram fyrir, hvorki skólastjórabústaðir né skólahús, heldur væri fylgt eðlilegri röð í því efni, eftir því sem metið væri af fræðslumálastjórninni að sanngjarnt væri, með hliðsjón af öllum aðstæðum, og hefur því sjónarmiði einnig verið fylgt varðandi þessar nýju tillögur.

Leitað var eftir því við n., að nokkurri fjárveitingu yrði varið til þess að vernda sögulegar minjar í Reykholti. Þau mál hafa nú verið hér til meðferðar í Alþingi og sérstök þáltill. flutt um verndun sögulegra minja. N. hefur þótt rétt með hliðsjón af upplýsingum, sem hún hefur fengið um þessi efni, að mæla með því, að nokkurri fjárveitingu yrði varið til þess að vernda sögulegar minjar í Reykholti.

Svo sem hv. þm. mun kunnugt, hefur fyrir nokkru orðið samkomulag um það milli hinna tveggja rithöfundafélaga að sameina sig og stofna sérstakt Rithöfundasamband Íslands, og er lagt til, að til þessa nýja rithöfundasambands sé tekinn upp 15 þús. kr. styrkur.

Þá eru hér tveir smástyrkir, annar hækkun og hitt nýr styrkur til ritstarfa. Þessir styrkir eru hliðstæðir mörgum öðrum liðum, sem eru nú í fjárlagafrv. og hafa verið í fjárlögum undanfarin ár, og þær tölur, sem þar eru settar, eru ákveðnar með hliðsjón af þeim reglum, sem um það hefur verið fylgt. Sé ég ekki þörf á að útskýra það frekar, nema sérstakar fyrirspurnir gefi tilefni til þess.

Það hefur upplýstst, eftir að 2. umr. lauk, að það sé nauðsynlegt að gera sérstakar ráðstafanir, meiri en gert hefur verið ráð fyrir í sambandi við þá fjárveitingu, sem er í fjárlagafrv., að auka fyrirhleðslu við Miðskálaá og Írá í Rangárvallasýslu, vegna þess að þar sé mikil hætta á því, að vatn flæði yfir lönd bænda þar. Með hliðsjón af þessu er lagt til, að þessi fjárveiting verði hækkuð í 70 þús. kr.

Næsta brtt., hin 12., er ekki um neina nýja fjárupphæð, heldur aðeins um það að ræða, að það er fellt niður, að viðkomandi aðilar skuli greiða 1/8 hluta kostnaðar við þessa fyrirhleðslu, svo sem venja er, þar sem um fyrirhleðslur er að ræða, sem eiga að verja ræktunarlönd. Ástæðan til þess, að þessi 1/8 hluti er felldur þarna niður, er sú, að eins og breyting hefur orðið þarna á vegagerð, þá er þessi fyrirhleðsla nú algerlega orðin þáttur í vegagerðinni sjálfri. Slíkt fyrirhleðslaframlag hefur ekki verið veitt heima fyrir, og þótti því eðlilegt að gera þessa breytingu einnig með þessa fyrirhleðslu með hliðsjón af þeim upplýsingum, sem fyrir lágu um það efni.

Þá er 13. brtt. um það, að til kjarnfræðinefndar verði varið 100 þús. kr. Þessi fjárveiting var í fjárlögum ársins 1958, en féll þá niður, og er lagt til, að hún verði tekin upp

aftur, vegna þess að þeirri starfsemi, sem fjárveitingunni var þá ætlað að standa undir, er haldið áfram, og það er að sjálfsögðu hin mesta nauðsyn fyrir okkur Íslendinga að fylgjast með öllum nýjungum á þessu sviði.

Þá eru tveir nýir liðir í 14. brtt. Annað er til fávitahælis í Skálatúni. Fjárveiting til þess hælis var í fjárlögum í fyrra og reyndar um lengra árabil, en hefur af einhverjum ástæðum fallið niður úr fjárlagafrv. núna. En það er talin eigi síður ástæða til að veita þennan stuðning nú heldur en verið hefur, og leggur því n. til, að sama fjárupphæð sé veitt og á s. l. ári.

Þá er hér lagt til að taka upp nýja fjárveitingu til Styrktarfélags vangefinna, og þessi fjárveiting er ætluð til alveg sérstakra þarfa, þ. e. a. s. í sambandi við það, að þetta félag, sem er nýstofnað, hefur komið hér á fót sérstökum skóla, leikskóla eða dvalarheimili fyrir vangefin börn, sem var hin mesta nauðsyn á. Þessi skóli tók til starfa á s. l. hausti, og það hefur komið í ljós, sem raunar mátti vænta, að það væri ekki auðið að reka þennan skóla nema með nokkrum fjárstuðningi, svo sem er með slíkar stofnanir, og það hefur verið sótt um að fá 25 þús. kr. til þessa skólahalds. Fjvn. þykir rétt að mæla með þeirri fjárveitingu, og það er þá gert ráð fyrir því jafnframt, að jafnhá fjárveiting komi til þessarar starfsemi frá Reykjavíkurbæ.

Þá er 15. brtt. einnig tveir nýir liðir. Annar er til æfingarstöðvar Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, 150 þús. kr. Eins og öllum hv. þm. mun kunnugt, hefur Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra haldið hér uppi um nokkurt árabil mjög merkilegri starfsemi og rekið hér æfingarstöð í bænum fyrir lömuð og fötluð börn. Þessi stöð hefur gefið mjög góða raun og orðið mörgum að miklu gagni, og það er samróma álit allra þeirra, sem þessi mál þekkja, að það sé hin mesta nauðsyn, að starfsemi þessarar stöðvar geti haldið áfram og hún eflzt. Reyndin hefur hins vegar orðið sú, að það hefur verið erfitt með fjárhagsafkomu þessarar starfsemi. Að vísu hefur Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra nokkur hlunnindi, vegna þess að það hefur fengið rétt til þess að setja merki sitt á eldspýtustokka, og eru þeir seldir nokkru hærra verði. Hefur félagið alldrjúgar tekjur af þessu, en þó ekki nægar til þess að standa undir kostnaði við þessa stöð, og hefur félagið bæði haft happdrætti og ýmsar aðrar fjáraflanir til þess að standa undir rekstrarkostnaði stöðvarinnar. En vegna þess að allt þetta fé hefur gengið til rekstrarins nú að undanförnu, hefur ekki verið auðið að byggja þarna neitt nýtt upp, þó að margt vanti þar. Þessi fjárveiting er að vísu ekki stór, sem hér er lagt til að veitt verði, en ætti þó að koma að nokkru gagni.

Þá er og lagt til hér, að veittar verði 100 þús. kr. til Sjálfsbjargar, þ. e. félagsskapar hinna fötluðu sjálfra. Hitt er styrktarfélag. Hér er um hliðstæð félög að ræða eins og Blindrafélagið annars vegar og Blindravinafélagið hins vegar. Sjálfsbjargarfélögin eru þegar orðin nokkur starfandi, og það er mikið áhugamál þeirra að koma upp sérstökum vinnuheimilum fyrir fatlað fólk. Þessi fjárveiting hrekkur raunverulega ekki langt til þeirra hluta, en er þarna sett sem viðurkenning á því mikilvæga starfi, sem þarna er unnið að.

Í sambandi við bæði þessi mál er rétt að vekja athygli hv. þm. á því, að þessi mál öll þurfa að sjálfsögðu miklu nánari athugunar við. Þau voru allmikið rædd, þegar hér var til meðferðar frv. um framlengingu á happdrætti fyrir S. Í. B. S., og þá varð samkomulag um það í fjhn. Ed. að flytja þá till. um að taka öll þessi mál til heildarendurskoðunar. Sú till. hefur að vísu ekki verið endanlega samþ. hér á Alþ., en það er vissulega hið mesta nauðsynjamál, að öll þessi starfsemi sé tekin til rækilegrar athugunar með það í huga að reyna að samræma hana. Hér vinna mörg félög mjög merkilegt starf í þágu þeirra, sem eru miður settir ýmissa hluta vegna í þjóðfélaginu, vegna fötlunar eða af öðrum sjúkdómsástæðum, og öll þessi starfsemi þarf að sjálfsögðu að vera þannig skipulögð, að hún gefi sem allra bezta raun fyrir þetta fólk. Einmitt með hliðsjón af því, að fjvn. gerði ráð fyrir, að till. þessi yrði hér endanlega samþykkt, þá þótti ekki rétt að fara á þessu stigi að gera tillögur um mjög stórar fjárveitingar til þessara aðila, fyrr en séð væri, hvernig þessum málum yrði háttað, hver niðurstaðan yrði varðandi verkefni þessara aðila í framtíðinni hvers um sig. Þetta taldi ég rétt að hér kæmi fram til skýringar á viðhorfi nefndarinnar í sambandi við þessar till. hennar.

Þá eru hér loks fluttar allmargar brtt. við 18. gr. um eftirlaun. Ég hirði ekki um að fara hér út í að rekja einstaka liði í því efni, vil aðeins vekja athygli á því, sem ég geri raunar ráð fyrir að ekki þurfi, öllum hv. þm. sé það kunnugt, að við mat á þeim fjárupphæðum, sem þarna er um að ræða, verður að hafa það í huga, að hér er aðeins um að ræða í flestum tilfellum viðbætur við lögmælt eftirlaun, — að vísu er sums staðar um að ræða aðila, sem hafa engan eftirlaunarétt, — og þó að upphæðirnar virðist þarna mjög misjafnar, þá þarf það ekki að benda til þess, að eftirlaunin séu svo misjöfn eins og þessar tölur benda til. Raunverulega væri mjög æskilegt, að þannig væri frá þessum tölum gengið í fjárlagafrv. og það þannig upp sett til þess að koma í veg fyrir misskilning, að þar væru einnig teknar inn þær upphæðir, sem viðkomandi maður hefur sem lögmælt eftirlaun, því að það hefur oft komið fyrir, að fólk hefur ruglazt á þessu og haldið, að þarna væri um mikið misrétti að ræða í 18. gr. fjárl. Það er að vísu rétt, að þar er kannske ekki allt eins og það ætti að vera. En það má að sjálfsögðu ekki meta eftirlaunin eftir þeim fjárhæðum einum, sem þar eru greindar, heldur verður að taka einnig til greina, að þessir aðilar hafa flestir eftirlaun samkv. lögum, sem þar eru ekki tilgreind.

Við 2. umr. fjárlagafrv. var allmikið rætt

um flugvallagerðirnar, og nú eru bornar fram margar brtt. við þá liði. Þetta mál hefur nokkuð verið athugað á milli umr., og með hliðsjón af þeim verkum, sem verið er að vinna að á ýmsum þessara staða, þá þótti óumflýjanlegt að leggja til, að tveir flugvellir, Akureyrarflugvöllur og Norðfjarðarflugvöllur, hækkuðu hvor um sig um 200 þús. kr.

Þá er lagt til, að smávægileg hækkun verði gerð á fjárveitingu til farkennslu í íþróttum, 20 þús. kr., á þskj. 448. Þessi farkennsla hefur verið mjög eftirsótt víða um land og þótt gefa góða raun, og það hefur því þótt sjálfsagt að stuðla að því, að hún gæti orðið nokkuð aukin. Þó að ekki sé um mikla fjárhæð að ræða, þá er það þó nokkur viðurkenning fyrir þá starfsemi, sem þarna er um að ræða.

Þá er lagt til að verja 20 þús. kr. til Landssambands blandaðra kóra til útgáfu þjóðlaga. Landssambandið vinnur nú að því að gefa út íslenzk þjóðlög í nýrri útgáfu og sótti um 40 þús. kr. styrk í því sambandi. Þetta eru þjóðlög, sem dr. Victor Urbancic hafði búið undir prentun, og við athugun þess máls alls þótti rétt að mæla með því, að 20 þús. kr. yrðu veittar til þessarar útgáfu.

Þá vík ég að nokkrum liðum, sem snerta heimildagrein fjárlagafrv., 22. gr.

Það er lagt til, að hækkaðar séu þær ábyrgðarheimildir, sem í gildi hafa verið og veittar hafa verið að undanförnu til tveggja síldarbræðslustöðva á Austurlandi, síldarbræðslunnar á Seyðisfirði og síldarbræðslunnar í Neskaupstað, og er þar sett sú regla, sem eðlileg þykir, að þessar ábyrgðir verði miðaðar við 80% af stofnkostnaði verksmiðjanna. Ég gat þess hér í sambandi við till., sem flutt var við 2. umr. varðandi Krossanesverksmiðjuna í Eyjafirði, að það væri eðlilegt, enda þótt það væri ekki miðað við sérstaka prósentuupphæð, að ríkisstj. hefði hliðsjón af því, hvort ekki væri rétt að ábyrgjast að fullu kostnað þann, sem leiddi af þeim framkvæmdum, sem þar væri verið að vinna að. Eftir að þessi regla hefur verið sett og ef hæstv. Alþ. á hana fellst, þá virðist vera eðlilegt að miða þessar ábyrgðir fyrir síldarverksmiðjurnar, aðrar en þær síldarverksmiðjur, sem ríkið sjálft á, við 80% stofnkostnaðar.

Þá er lagt til í 21. brtt. n., að ríkisstj. verði heimilað að annast og ábyrgjast rekstur togarans Brimness frá Seyðisfjarðarkaupstað um tiltekinn tíma. Hér er um töluvert óvenjulega ráðstöfun að ræða, en þannig er málum háttað, sem sennilega flestir hv. þm. vita, að fjárreiður þessarar útgerðar og raunar fjárreiður Seyðisfjarðarkaupstaðar eru mjög bágbornar, fjárhagsástæður bæjarins, þannig að þar hefur raunverulega orðið algert þrot, og í þessu sambandi var sett sérstök n. til þess að athuga *þessi mál öll, og eftir að þessi n. hafði* rannsakað, hversu ástatt var með rekstur þessa togara, var það till. hennar til þess að bjarga því, að togarinn ekki gersamlega stöðvaðist, að þessi neyðarráðstöfun yrði gerð. Á þetta verður að sjálfsögðu að líta sem algera neyðarráðstöfun, því að það er að sjálfsögðu mjög óheppilegt og síður en svo til eftirbreytni, að ríkið þurfi að taka að sér rekstur einstakra togara á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir. Í till. segir svo, að það verði reynt, eftir því sem kostur verði, að landa afla skipsins á Seyðisfirði, en þó þannig, að rekstrarafkomu togarans sé ekki stefnt í hættu með löndun aflans þar. Hér er ekkert um það að ræða, hvað verður í framtíðinni um þetta vandamál. Það er aðeins um að ræða að fá heimildina til þess að gera skipið út til 1. sept., meðan þessi mál öll saman eru rannsökuð nánar, þessi fjárhagsmál, og grundvöllur fundinn til þess að gera þá frekari tilhögun um frambúðarskipulag atvinnumála þar eystra.

Þá er 22. till. um að ábyrgjast fyrir Bæjarútgerð Akraness allt að 2 millj. af kaupverði togarans Akureyjar. Það er, eins og þar segir, endurveiting. Þessi heimild til ábyrgðarinnar var veitt á síðustu fjárl. og var þá ekki notuð, og þótti sjálfsagt að verða við þeirri ósk, að hún yrði endurnýjuð einnig nú, ef á henni þyrfti að halda á þessu ári.

Þá er hér einnig gamall kunningi á ferðinni í 23. brtt. Það er um að heimila að ábyrgjast fyrir Siglufjarðarkaupstað allt að 1 millj. kr. rekstrarlán vegna síldarverksmiðjunnar Rauðku. Þessi ábyrgð hefur verið veitt um allmargra ára bil og miðað við þessa upphæð, sem þarna er nefnd. Það hefur verið endurnýjuð ósk um það, að þessi ríkisábyrgð yrði veitt. Því er auðvitað ekki að leyna, að það er nokkuð vafasamt að fara að ábyrgjast slík rekstrarlán fyrir einstakar verksmiðjur. Það er engum efa bundið, að verksmiðjan hefur þess fulla þörf. En það verður naumast hjá því komizt að vekja athygli á því, að það er að sjálfsögðu mjög óeðlilegt, að lánastofnanir skuli nota sér það, að farið hefur verið inn á þá braut að veita þessa ábyrgð, og að þær skuli sérstaklega varðandi þessa verksmiðju gera slíka kröfu, að ríkisábyrgð verði veitt, til þess að lánastofnanir vilji veita verksmiðjunni rekstrarlán. Það auðvitað væri það eina eðlilega í málinu, að bankarnir veittu henni rekstrarlán svo sem öðrum verksmiðjum og sömu reglur yrðu látnar um það gilda. En það þótti rétt með hliðsjón af þeim atvikum, sem fyrir hendi eru, að það hefur ekki tekizt að fá lán án þessarar ábyrgðar, úr því að hún er á komin einu sinni, að þá er ekki talið fært að synja því að veita ábyrgðina einnig nú.

Þá er enn fremur till. um það að ábyrgjast allt að 1 millj. kr. lán fyrir hreppsnefnd Hveragerðishrepps, en þó verði það ekki yfir 80% kostnaðar við hitaveitufframkvæmdir, sem þar eru í undirbúningi. Það er mikið nauðsynjamál fyrir Hveragerði að koma sínum hitaveitumálum í betra horf en nú er. Ég sé ekki ástæðu *til þess að rekja það í einstökum atriðum*, en þar er við ýmsa erfiðleika að stríða á þessu sviði, og það er talið óumflýjanlegt til þess að koma hitaveitunni þar í gott lag að leggja þar í allkostnaðarsamar framkvæmdir. Ábyrgð hefur áður verið heimiluð í þessu sambandi, en er nú nokkuð hækkuð, en miðað við sama

hlutfall og áður hefur verið samþ. af Alþingi í fjárl. að miða við.

Þá er hér 25. brtt. um að ábyrgjast allt að ½ millj. kr. lán fyrir Ferðaskrifstofu ríkisins til að bæta gistiaðstöðu í landinu. Það þarf naumast að rekja það, hversu mikið vandamál er hér varðandi gistingu fyrir ferðamenn, og í sambandi við þær tilraunir, sem gerðar hafa verið til að fá erlent ferðafólk til landsins, hefur að sjálfsögðu mjög mikið skort á þessar nauðsynlegu forsendur þess, að hægt væri að fá slíkt ferðafólk, og það er, að það væri hægt að hafa fyrir það hér eitthvert húsrými. Enn fremur hefur ferðaskrifstofan áhuga á því að efla og auka orlofsferðir innanlands, og í sambandi við þetta hvort tveggja hafa verið uppi fyrirætlanir um að fá til afnota skóla að sumrinu. En í sambandi við það allt saman þarf að gera ýmsar ráðstafanir, sem hafa í för með sér töluverðan kostnað, og er lagt til, að ríkisstj. verði heimilað að ábyrgjast ½ millj. kr. lán fyrir ferðaskrifstofuna, ef henni tekst að fá slíkt lán til þess að bæta gistiaðstöðu.

Áður hafa verið samþykktar og nú er í fjárlagafrv. lagt til að veita ýmsar heimildir til undanþágu á aðflutningsgjöldum af bifreiðum til ýmissa sérstakra þarfa, einkum líknarstofnana, Rauða krossins og annarra slíkra stofnana, og er hér lagt til, að Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra verði einnig veitt slíkt leyfi fyrir bifreið, sem sérstaklega verði notuð til starfsemi þeirrar stofnunar. En þannig er háttað, að það verður að sækja hin fötluðu börn og flytja þau heim á vegum stofnunarinnar, og til þess að geta innt það af hendi er nauðsynlegt fyrir hana að eignast nýja bifreið. Það þykir rétt, þar sem hér er um beinlínis slíkt mál að ræða, sem ekki ætti að geta skapað hættulegt fordæmi, að verða við þessari ósk um það, að þessi aðflutningsgjöld verði gefin eftir.

Öllum hv. þm. er kunnugt um það hörmulega slys, sem varð, þegar vitaskipið Hermóður fórst. Það er augljóst, að það verður að hefjast handa um að koma upp nýju vitaskipi, og það er því flutt hér till. um það, að ríkisstj. verði heimilað að hefjast handa um framkvæmdir í því sambandi, og þá jafnframt gert ráð fyrir því, að vitaskipið verði þannig úr garði gert, að það geti samtímis því hlutverki sínu haft einnig á höndum landhelgisgæzlu og sinnt björgunarstörfum.

Á undanförnum þingum hefur nokkuð verið rætt um nauðsyn þess að koma hér upp sérstakri umferðarmiðstöð í Reykjavík vegna stóraukinna bifreiðaflutninga á landi ýmissa sérleyfishafa, sem flytja vörur til og frá Reykjavík og til margra annarra staða landsins. Til þess að koma þessari stöð upp hefur skort fé. Það er gert ráð fyrir því í lögunum um sérleyfisgjald af bifreiðum, að þeim sjóði verði raunverulega fyrst og fremst varið til þess að koma upp umferðarmiðstöðvum. Reyndin hefur hins vegar orðið sú um margra ára bil, að þá hefur sjóði þessum verið eytt eða verið ætlunin að eyða honum til þess að greiða rekstrarhalla Ferðaskrifstofu ríkisins með skírskotun til sérstakrar heimildar í lögum um ferðaskrifstofu um þetta efni, breytingu, sem gerð var á þeim lögum 1947. Það hefur hins vegar farið svo, enda þótt það hafi verið samþykkt af Alþingi, að þessi halli yrði greiddur af sérleyfisgjaldinu, að það hefur nú um margra ára bil ekki verið greitt úr sérleyfisgjaldasjóðnum, þannig að kröfu ríkissjóðs um endurgreiðslu á þessu gjaldi hefur ekki verið sinnt, og það er því enn þá óafgert mál, hvernig um þessa fjárkröfu verður. Um síðustu áramót námu þessar vangreiddu skuldakröfur ríkissjóðs rúmlega 1.7 millj. kr. Það er nú till. hér flutt af fjvn. um það, að ríkisstj. verði heimilað að endurkrefja ekki sérleyfissjóð um rekstrarhalla ferðaskrifstofunnar á þessum árum. Ríkissjóður hefur þegar lagt út þetta fé, þannig að hér er ekki um nein ný útgjöld fyrir hann að ræða, heldur aðeins um það að ræða, að heimilað verði að falla frá þessari endurkröfu á sérleyfissjóðinn, þannig að hér fáist töluverð upphæð til þess að hefjast handa um byggingu hinnar nauðsynlegu umferðarmiðstöðvar. Í fjárlfrv. nú er að vísu gert ráð fyrir því, að rekstrarhalli ársins í ár verði greiddur úr sérleyfissjóði, og það er ekki gerð till. um að breyta því í þetta sinn. En með því að samþykkja þessa heimild fengjust sem sagt rúmlega 1.7 millj. kr. til ráðstöfunar í þessu skyni.

Um allmargra ára bil hefur verið unnið að því að athuga möguleika á því að koma hér upp saltverksmiðju og til þess að vinna ýmis önnur efni úr sjó. Nú hefur komizt aukinn skriður á þetta mál, og það hefur fengizt loforð fyrir nokkurri fjárveitingu erlendis frá til tækniaðstoðar til þess að ljúka athugunum á þessu máli. En til þess að það verði auðið, er nauðsynlegt að inna af hendi ýmsar athuganir einnig hér af hálfu Íslendinga, sem ekki fæst fé af þessari fjárveitingu til, og er talið, að sá kostnaður geti orðið allt að 200 þús. kr. Nú er ekki vitað fyrir víst, hvort þetta fellur á á þessu ári eða hvort það verður aðeins hluti þess, sem þá þarf að greiða, og með hliðsjón af því hefur þótt rétt að setja þetta á heimildagrein. Hins vegar er tvímælalaus nauðsyn að fá endanlega úr því skorið, hvort hagkvæmt sé að reisa þessa saltverksmiðju hér eða ekki.

Þá eru hér tveir liðir, þar sem um er að ræða ábyrgð vegna kaupa á fiskiskipum. Annar liðurinn er þess efnis að heimila ríkisstj. að ábyrgjast allt að 85% af andvirði þriggja 250 tonna fiskiskipa. Mönnum kann að þykja þetta nokkuð óljóst orðað, en til frekari skýringar skal ég taka fram, að það hafa verið uppi ráðagerðir um það í fyrrv. ríkisstj. að semja um smíði á þremur skipum 250 tonna til viðbótar þeim tólf skipum, sem samið var um smíði á í Austur-Þýzkalandi. Af þessum samningum varð ekki. Hins vegar hefur ákveðnum aðilum verið gefinn mikill ádráttur eða raunverulega loforð um það, að þeir skyldu fá umrædd skip til ráðstöfunar. Það er ekki enn þá afgert, hvað gert verður í

þessu efni, en með hliðsjón af því, að ef til þess kæmi, að ráðizt yrði í að kaupa slík skip, hvort sem þau verða nú keypt á þessum stað eða annars staðar, þá þykir nauðsynlegt, að ríkisstj. hafi heimild til þess að ábyrgjast andvirði þessara skipa allt að 85%, á hliðstæðan hátt og sú aðstoð var, sem veitt var kaupendum hinna tólf austur-þýzku skipa.

Hitt málið er um það að veita hlutafélagi í Hafnarfirði ríkisábyrgð vegna kaupa á togara frá Vestur-Þýzkalandi og nemi sú ábyrgð allt að 80% af kaupverði skipsins. Það mun ætlun þessa aðila að kaupa þar togara, sem er nokkurra ára gamall, enda er verð togarans það lágt, að það gefur auga leið, að þar er ekki um nýtt skip að ræða. En það þykir rétt að verða við ósk um það að greiða fyrir innflutningi á þessu skipi á þennan hátt, sem hér er lagt til.

Hér hafa oft verið til umr. ýmsar till. í sambandi við að koma upp vistheimili fyrir stúlkur. Það hefur verið komið upp slíku vistheimili vestur í Breiðuvík fyrir drengi, og það hefur verið af mörgum aðilum mikill áhugi sýndur á því að koma upp slíku vistheimili fyrir stúlkur, enda er beinlínis gert ráð fyrir því í lögum, að því verði komið upp. Hefur dregizt mikið og allt of mikið að koma þessu heimili upp. Við 2. umr. fjárlfrv. flutti hv. 8. þm. Reykv. (RH) brtt. þess efnis, að varið yrði 300 þús. kr. til þess að hefja byggingu slíks hælis. Með hliðsjón af þeirri till. var þetta mál tekið til athugunar í fjvn. og um það rætt við viðkomandi ráðh. Sérstök n. hefur starfað að því að undanförnu að gera till. um, hvaða staður skuli valinn fyrir slíkt heimili, og það liggur fyrir þegar nál. frá þeirri n. Till. hafa hins vegar ekki eða áætlanir verið gerðar á vegum rn. um það að stofnsetja slíkt heimili eða hvar það skuli staðsett. En þrátt fyrir það þykir með hliðsjón af mikilvægi þessa máls nauðsynlegt, að eitthvert fé sé til ráðstöfunar, ef hægt væri á þessu ári að hefjast handa um að leysa þetta mikla vandamál, sem þarna er við að stríða. Því þótti rétt að veita í heimildagrein ríkisstj. heimild til þess að greiða allt að 200 þús. kr. í þessu skyni, til þess að ekki þyrfti alger fjárskortur að verða því til hindrunar, að hægt væri að hefjast handa um lausn málsins. Till. er þannig orðuð, eins og hv. þm. sjá, að það er gert ráð fyrir því, að annaðhvort verði slík stofnun á vegum ríkisins eða í samvinnu við félagssamtök, og ástæðan til þessa orðalags er sú, að það þykir vera sjálfsagt að athuga, hvort einhver menningarsamtök vildu ekki þarna gjarnan ljá sitt lið, og spurning, hvort það væri ekki miklu heppilegra í sambandi við starfsemi sem þessa, að það væru einhver sérstök áhugasamtök, sem að henni stæðu, heldur en það væri beinlínis ríkisstofnun með launuðu starfsliði, sem þar væri ráðið til þess sem hverjir aðrir starfsmenn að gæta sinna skylduverka, því að sannleikurinn er sá, að hér er um mjög viðkvæmt mál að ræða og veltur á miklu, að þeir, sem til þess veljast að vinna að þessum málum og við þetta heimili, leiðist til þess starfs af brennandi áhuga, en ekki af því einu saman að fá þarna launað starf.

Þá er loks 8. liður á þskj. 448 um að taka allt að 3 millj. kr. lán vegna aukningar á húsnæði ríkisspítalanna. Í fjárl. s. l. árs var heimild um 5 millj. kr. lántöku í þessu skyni. Það lán mun ekki hafa verið tekið að fullu, en það þykir nauðsynlegt í ár að hafa þessa heimild. Þarna er um mikla nauðsyn að ræða að ýta áleiðis hinni miklu byggingu landsspítalans, og það þykja líkur til þess, að það sé hægt að fá lán til þeirra framkvæmda. En til þess að svo megi verða, þarf að sjálfsögðu að vera heimild til þess að taka lánið.

Þá er enn fremur ein heimildartill., sem ekki hefur verið útbýtt, en ég vildi leyfa mér samt að mæla hér fyrir. Hún er um það, að ríkisstj. verði heimilað að ganga í ábyrgð fyrir allt að 3.5 millj. kr. láni vegna kaupa á borvindu til notkunar við hinn mikla gufubor ríkisins og Reykjavíkurbæjar. Það var skýrt hér frá því við 2. umr. málsins, að það hefðu komið fram óskir frá stjórn þessa jarðbors um, að það yrði lagt fram fé í þessu skyni, til að kaupa þessa borvindu. Hér er tvímælalaust um mikið nauðsynjamál að ræða. Þessi bor hefur gefið mjög góða raun, en með því að fá þetta tæki er hægt að bora miklum mun dýpra, og mikil ástæða er til að halda, að það geti haft mjög mikla þýðingu. Hér er um það að ræða að veita ríkisstj. heimild til að ábyrgjast erlent lán, sem gert er ráð fyrir að fáist til kaupa á þessu tæki.

Ég hef þá gert grein fyrir þeim till., sem n. sameiginlega stendur að, en vil þá víkja að till. þeim, sem eru á þskj. 447 og fluttar eru af 1. minni hl. fjvn.

Þessar till. varða allar nema ein tekjuhlið fjárlfrv., en þessi eina till., sem ég vil þá fyrst minnast á, er síðasta till. á því þskj., um það, að verja megi af framlagi á 19. gr. til útflutningssjóðs fé til þess að koma í veg fyrir verðhækkun erlends áburðar vegna efnahagsráðstafananna á s. l. ári umfram þá verðhækkun, sem orðið hefur á innlendum áburði.

Svo sem hv. þm. er kunnugt, hefur hér legið fyrir Alþingi þáltill. um þetta efni frá tveimur hv. þm., 1. þm. Rang. (IngJ) og 2. þm. Skagf. (JS), og er með þessari till. komið allmjög til móts við þá till. Þegar efnahagsráðstafanirnar gengu í gildi á s. l. ári, var búið að flytja inn allan þann áburð, sem notaður var á því ári, og yfirfærslugjaldið á áburði hefur því ekki komið til með að verka fyrr en nú á þessu ári, á þau áburðarkaup, sem bændur gera nú í vor. Það hefur því ekki komið til að verka inn í verðlagið fyrr en nú, og sú verðhækkun hlyti að koma fram við verðlagningu landbúnaðarvara í haust.

Það er með hliðsjón af nauðsyn þess að koma í veg fyrir þessi verðhækkunaráhrif, sem þessi till. er flutt og lagt til, að þessi heimild verði veitt til þess að koma í veg fyrir verðhækkun áburðarins. Það hefur hins vegar gerzt nú, að nokkur verðhækkun hefur orðið á áburði frá áburðarverksmiðjunni, og það þykir eðlilegt, að hliðstæð verðhækkun komi einnig

til greina á erlenda áburðinum, þannig að þessi niðurgreiðsla á verðinu nái ekki lengra en svo, að hún nægi til þess að koma í veg fyrir verðhækkun umfram þá verðhækkun, sem orðið hefur á hinum innlenda áburði.

Það er gert ráð fyrir því, að þetta kunni að kosta ríkissjóð um 3½ millj. kr. á þessu ári, og þar sem það er talið vafasamt, hvort heimildir til niðurgreiðslu, sem veittar eru í l. um útflutningssjóð, *nái til* þeirrar niðurgreiðslu, sem hér er gert ráð fyrir, þá þótti rétt að flytja um það sérstaka till., og þar sem að sjálfsögðu er ekki hægt að ákveða með fjárlögum, hvaða niðurgreiðslur verði inntar af hendi af fé útflutningssjóðsins sjálfs, þá þótti rétt að gera ráð fyrir því, að þetta fé yrði tekið af þeirri fjárveitingu, sem í fjárlögunum sjálfum er ætlazt til að renni til þess að standa straum af útgjöldum útflutningssjóðsins.

Hinar till., sem um ræðir á þessu þskj., varða allar tekjuhlið fjárlaganna, og með þeim er gert ráð fyrir því, að hægt sé að afgreiða fjárlögin greiðsluhallalaus. Þegar gerð var grein fyrir þessu máli við 2. umr. fjárlagafrv., var frá því skýrt, að í sambandi við lögin um útflutningssjóð væri ætlunin að leggja til, að hækkað væri leyfisgjald af innfluttum bifreiðum, þ. e. a. s. fyrst og fremst bifreiðum, sem veitt væri leyfi fyrir án gjaldeyris, og enn fremur aukinn nokkuð innflutningur slíkra bifreiða, og var gert ráð fyrir því, að með þessu mundu útflutningssjóði skapast 25 millj. kr. nýjar tekjur. Nú hefur sú breyting á þessu orðið, að gert er ráð fyrir því, að auk þess að hækkað verði leyfisgjald af gjaldeyrislausum bifreiðum úr 160% í 300%, þá verði innflutningsgjald af öðrum þeim bifreiðum, sem nú eru greidd leyfisgjöld af, hækkuð úr 160% í 250% og þá enn fremur aukinn nokkuð innflutningur leyfisbifreiða, þannig að áætlunin er við það miðuð, að 100 bílleyfum fleira verði veitt á þessu ári fyrir slíkum bifreiðum. Reiknað hefur verið út, að þessi gjöld muni veita útflutningssjóði auknar tekjur af leyfisgjöldum, sem nemi 30.4 millj. kr. En auk þess sem þetta veitir útflutningssjóði slíkar auknar tekjur, þá veldur hinn aukni bifreiðainnflutningur því að sjálfsögðu, að ríkissjóði bætast tekjur vegna verðtolls og söluskatts og þess 35% leyfisgjalds, sem rennur í ríkissjóðinn. Og það er gert ráð fyrir því, miðað við þá innflutningsáætlun, sem gerð hefur verið um bílainnflutning á þessu ári, að þessar tekjur nemi 9.1 millj. kr. Samtals mundi því tekjuauki vegna þessa bifreiðainnflutnings og hækkunar leyfisgjalds af bifreiðum nema 39.5 millj. kr. Áður hefur verið reiknað með 25 millj. kr. tekjuauka af þessum sökum, og verður þá útkoman sú, að enn hefur ekki verið áætlað fyrir 14.5 millj. kr. tekjuauka, sem þessi innflutningur á að gefa, og till. þær, sem fluttar eru á þskj. 447, gera ráð fyrir því, að liðirnir verðtollur, söluskattur og leyfisgjald verði hækkaðir sem nemur þessum fjárhæðum, þ. e. a. s. þeim fjárhæðum, sem í ríkissjóðinn eiga að renna, umræddri 9.1 millj. kr.

Þá er jafnframt gert ráð fyrir því, að óviss útgjöld, sem í fjárlagafrv. eru 6.5 millj. kr., verði lækkuð niður í 5 millj. kr. Þarna er raunverulega aðeins um lið að ræða til þess að mæta umframgreiðslum, og mundu þá verða til að mæta umframgreiðslunum 20 millj. kr. til ráðstöfunar. Það er, eins og áður hefur verið sagt, ekki há fjárhæð. En það verður að sjálfsögðu að miða við það, að mjög strangt aðhald verði varðandi umframgreiðslur á árinu og umframgreiðslur alls ekki af hendi inntar, nema óumflýjanlegt sé með öllu.

Þá er tekin upp, sem jafngildir að sjálfsögðu tekjuöflun, aftur till. um það, að niður verði felld ½ millj. kr. útgjöld vegna orlofslaganna. Frv. um það efni hefur verið útbýtt hér í dag, en till. var tekin aftur við 2. umr. með hliðsjón af því, að frv. lá þá ekki fyrir.

Þá er enn fremur lagt til, að í stað þess, eins og við 2. umr. var lagt til, að fella niður fjárveitingu til iðnskóla í Reykjavík, þá verði sú fjárveiting lækkuð um helming eða 250 þús. kr. með hliðsjón af nýjum upplýsingum, sem komið hafa fram í því efni, og ættu þá að vera þar til ráðstöfunar á þessu ári þær 620 þús. kr., sem ekki hafa enn komið til greiðslu, en veittar voru á undanförnum árum, og auk þess þær 250 þús. kr., sem veittar yrðu á þessu ári, og ætti það að vera mjög viðunandi fjárhæð, miðað við þær framkvæmdir, sem gera má ráð fyrir að verði á árinu í ár.

Miðað við þessar till. allar, sem ég hef hér gert ráð fyrir, og verði þær útgjaldatill. samþykktar, sem n. öll stendur að, og auk þess 8. till. á þskj. 447 um niðurgreiðslu á áburði, þá eiga fjárl. að vera greiðsluhallalaus. Það er að vísu ekki há upphæð, enda hefur það ekki verið venja á undanförnum árum, að það væri há upphæð, sem þar væri um að ræða, en mér telst svo til, að greiðsluafgangur sé þá rúmar 100 þús. kr.

Ég á þá eftir að gera grein fyrir einni till., sem flutt er af 1. minni hl. n., en hún er um að heimila ríkisstj. að taka erlent lán allt að 6 millj. dollara, og skuli af þessum láni endurlánaðar vissar fjárhæðir, þannig að raforkusjóði verði lánaðar 45 millj. kr., ræktunarsjóði verði lánaðar 25 millj. kr. og til hafnarframkvæmda verði varið 28 millj. kr. Samtals er hér um að ræða að endurlána 98 millj. kr., og er þá ekki gert ráð fyrir, að ákvörðun sé á þessu stigi tekin varðandi ráðstöfun yfirfærslugjalds af þessu fé, sem nemur rúmum 50 millj. kr. Það hefur áður verið hér í umr., m. a. við 2. umr. fjárlagafrv., gerð grein fyrir því, hvaða lán hér væri um að ræða. Þetta er lán, sem alllengi hefur verið unnið að útvegun á í Bandaríkjunum, og var þá þar frá því skýrt, að áður en lokið yrði afgreiðslu fjárlaga, mundi verða leitað heimildar til þess að taka umrætt lán og jafnframt leitað samþykktar Alþingis á því, hvernig láninu skuli skipt.

Þegar samþykkt var hér að taka út úr fjárlagafrv. 10 millj. kr. til nýrra raforkuframkvæmda, var því jafnframt yfir lýst, að þessi ráðstöfun ætti ekki að verða þess valdandi,

að teðist framkvæmd 10 ára áætlunarinnar um rafvæðingu landsins, og yrði séð fyrir lánsfé, til þess að auðið væri að standa við þá áætlun. Það er augljóst, miðað við þá endurskoðun, sem nú hefur verið gerð á rafvæðingaráætluninni, að með því fé, sem hér er gert ráð fyrir að endurlánað verði til raforkuframkvæmdanna, er hægt að standa straum af kostnaði við þann lið áætlunarinnar, sem fellur á þetta ár, og þessi nýja áætlun er við það miðuð, að auðið verði að ljúka 10 ára áætluninni á tilsettum tíma. Það hefur ekki enn þá verið gengið endanlega frá þessari endurskoðuðu áætlun, en hins vegar liggur fyrir í stórum dráttum, hvernig yfirstjórn raforkumálanna telur æskilegt að þessi endurskoðaða áætlun verði. Og eins og ég áðan sagði, þá er endurskoðunin miðuð við það sjónarmið, að ekki sé dregið úr þeirri þjónustu, sem veita átti landsmönnum samkvæmt 10 ára áætluninni. En þessi endurskoðun hins vegar hefur leitt af sér það, sem má telja óvenjulegt hér, að það er talið, að hægt sé að veita þessa þjónustu með miklu minni tilkostnaði en hefði orðið, ef átt hefði að framkvæma 10 ára áætlunina eins og upphaflega var gert ráð fyrir. Og það er talið, að þessi nýja áætlun geti minnkað tilkostnað við lokaframkvæmd 10 ára áætlunarinnar, sem nú er, — en það tímabil er nú hálfnað, — um 88 millj. kr. Og ekki aðeins fæst þessi árangur, að það sparast þarna 88 millj. í stofnkostnaði, heldur jafnframt mun þessi breyting leiða það af sér, að rekstrarafkoma rafmagnsveitna ríkisins á þeim árum, sem eftir eru af 5 ára tímabilinu, mun batna sem svarar 25 millj. kr. Nú er, eins og menn vita, geysilegur halli á rekstri rafmagnsveitnanna, þannig að rekstrarhalli á árinu 1959 er áætlaður 13 millj. kr., og er að sjálfsögðu mjög geigvænlegt, að svo mikil fjárveiting skuli fara til þess eins að greiða halla af rekstrinum. En miðað við þessa endurnýjuðu og endurskoðuðu áætlun er gert ráð fyrir, að rekstrarhallinn verði horfinn á árinu 1962, og er hér að sjálfsögðu um geysiveigamikið atriði að ræða fyrir allt það fólk í landinu, sem raforku notar, því að að sjálfsögðu er ekki hægt í framtíðinni að leysa greiðslu þessa rekstrarhalla með lánum, heldur yrði auðvitað að stórhækka rafmagnsverðið til þess að mæta þessum aukna kostnaði. Það er að vísu gert ráð fyrir, að nokkur hækkun verði á rafmagnsverði í tveimur áföngum, en sú hækkun er hverfandi á móts við þá miklu hækkun, sem orðið hefði að gera til þess að mæta þessum geysilega halla, sem ella hefði orðið.

Ég skal ekki, nema tilefni gefist til, fara að rekja í einstökum atriðum þær tölur, sem fyrir liggja í sambandi við þessa nýju áætlun, en get aðeins getið þess, að samkvæmt eldri áætluninni var gert ráð fyrir, að á þessu tímabili mundi raforkumagn aukast alls í raforkustöðvum, dísilstöðvum og vatnsaflsstöðvum um 6100 kw., en samkvæmt hinni nýju áætlun er gert ráð fyrir, að aukningin verði 10100 kw.

Ástæðan til þess, að kostnaður hefur svona mjög minnkað í þessari síðari áætlun, er fyrst og fremst sú, að það er gert ráð fyrir að leggja ekki nú á næstu árum hinar óhagstæðustu stofnlínur til ýmissa staða, heldur verði komið þar upp dísilstöðvum eða þær auknar að afli, þannig að þær geti veitt á þessum stöðum sömu þjónustu og þessar stofnæðar hefðu gert. Það kemur svo að sjálfsögðu síðar til athugunar, þegar raforkuneyzla vex, að leggja þessar stofnlínur, en almenning skiptir það vitanlega engu máli, frá hvernig stöðvum hann fær sína raforku, ef rafmagnsverðið verður það sama. Og það er gert ráð fyrir um þær dísilstöðvar, sem rafmagnsveitur ríkisins reka, að orkusala frá þeim til neytenda sé ekki kostnaðarmeiri en frá dreifiveitum vatnsaflsstöðvanna. Miðað við þessa endurskoðuðu áætlun, sem eins og ég áðan sagði er byggð á því að veita fullkomlega þá þjónustu, sem gert var ráð fyrir í 10 ára áætluninni, þá er séð fyrir því fjármagni, sem þarf í ár til þess að framkvæma það, sem samkvæmt áætluninni er gert ráð fyrir að framkvæmt verði á þessu ári. Ég get skýrt frá því hér, að um síðustu áramót hefði átt að vera búið að ljúka lagningu á 55% af þeim býlum, sem eiga að fá rafmagn samkv. 10 ára áætluninni. Að vísu er þessi tala í reyndinni nokkru lægri, vegna þess að á s. l. ári varð mjög mikill samdráttur í sambandi við lagningu héraðsveitna. Fyrstu árin var framkvæmd dreifiveitna út um sveitir hraðari en gert var ráð fyrir í 10 ára áætluninni. Hins vegar hefur nú síðustu árin dregið mjög úr þessu, einkum á síðasta ári, því að þá var mjög verulegum hluta af þeim framkvæmdum, sem þá átti að vinna að, frestað til ársins í ár, eða rúmlega 12 millj. kr. og var þannig ástatt um síðustu áramót, að eftir var að leggja 17 línur af þeim línum, sem leggja átti á árunum 1957 og 1958. Þessi mikli samdráttur í framkvæmdum á þessum tveimur árum varðandi framkvæmd áætlunarinnar veldur því að sjálfsögðu, að það eru stórar fjárhæðir, sem verður nú að sjá fyrir til þess að ljúka þessum framkvæmdum. Samkvæmt hinni endurskoðuðu áætlun er hins vegar gert ráð fyrir því, að lokið verði lagningu allra þessara lína, sem í áætluninni eru, á þeim 5 árum, sem eftir eru af tímabilinu. — Þetta er það atriði, sem varðar raforkuframkvæmdirnar.

Um ræktunarsjóðinn er það að segja, að það hefur verið mikið vandamál á hverju ári að undanförnu að leysa fjárþörf hans, og það er að sjálfsögðu þar við sama viðfangsefnið að glíma og verið hefur undanfarin ár, og er nú lagt til, að 25 millj. kr. af þessari fjárhæð verði varið til þessa sjóðs. Það hefur valdið bæði ræktunarsjóði og byggingarsjóði geysilegum erfiðleikum yfirfærslugjald það, sem samþykkt var á s. l. ári, vegna þess, hve mikið af lánum þessara sjóða er í erlendri mynt, og að sjálfsögðu verður að fara í það svo varlega sem nokkur kostur er á að taka erlend lán til þessara stofnlánasjóða, vegna þess að þeir geta ekki lánað aftur með gengisábyrgð, og mér skilst eftir þeim upplýsingum, sem ég

hef um það, að það skipti mörgum milljónatugum í aukin útgjöld fyrir þessa sjóði það yfirfærslugjald, sem lagðist á þessi lán á s. l. ári. Ég hef ekki fyrir mér hér tölur varðandi afkomu þessara sjóða nú og geri ráð fyrir, að það verði upplýst af hæstv. ríkisstj., ef óskað verður nánari upplýsinga um það efni.

Þá er 3. liðurinn, sem er til hafnarframkvæmda. Það hefur mörg undanfarin ár verið talað um hina miklu nauðsyn þess að fá lán til hafnargerða. Það hefur hins vegar ekkert slíkt lán verið tekið, og er það því fyrst nú, sem horfur sýnast á því, að hægt verði að fá lán til þessara mikilvægu framkvæmda. Hér er að vísu ekki gert ráð fyrir, að það verði hærri upphæð en 28 millj. kr., sem til þeirra framkvæmda renni af þessu fé. En það eru, eins og ég áðan gat um, engar ákvarðanir enn um það teknar, hvernig ráðstafað verði yfirfærslugjaldinu, sem nemur rúmum 50 millj. kr., og munu gerðar um það till. síðar eða áður en því fé verður endanlega ráðstafað.

Það er gert ráð fyrir því í till. þessari, að n. sú, sem samþykkt hefur verið við 2. umr. að skuli annast ráðstöfun atvinnuaukningarfjár, hafi einnig með að gera skiptingu á þessu lánsfé milli einstakra hafna. Hinar fjárhæðirnar tvær, til ræktunarsjóðs og raforkusjóðs, ganga að sjálfsögðu eftir eðlilegum og föstum leiðum. En hér er um alveg nýtt fyrirbrigði að ræða, þar sem um er að ræða lán til margra liða, þar sem um hafnarframkvæmdir er að ræða, og fyrir hendi eru ekki neinar fastar reglur til þess að ráðstafa slíku fé, svo sem er, þar sem gerð hefur verið sérstök rafvæðingaráætlun og í annan stað fastar reglur, sem gilda um lán úr ræktunarsjóði. Það þykir því eðlilegt, að það séu sett sérstök fyrirmæli um það, hver skuli annast skiptingu á þessu tiltekna fé.

Ég hef þá, herra forseti, í stórum dráttum gert grein fyrir þeim till. annars vegar, sem fjvn. öll stendur að, og hins vegar þeim till., sem 1. minni hl. n. flytur á sérstökum þskj. og eiga, eins og ég áðan gat um, að geta tryggt það, að fjárl. geti orðið nú afgreidd greiðsluhallalaus, en þó að sjálfsögðu með þeim fyrirvara, að ekki verði samþykktar hér við þessa umr. nýjar útgjaldatill., nema þá hv. þm. sjái jafnframt fyrir því að gera ráð fyrir nýrri tekjuöflun þar á móti, þar sem með þessum till., sem hér liggja fyrir, er ekki gert ráð fyrir neinum teljandi greiðsluafgangi.

Frsm. 2. minni hl. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Áður en ég vík að þeim till., sem ég geri hér sem 2. minni hl. fjvn., vil ég aðeins minnast á tvær till., sem ég ásamt hv. þm. Vestm. (JJós) flyt og prentaðar eru á þskj. 449.

Þar er í fyrsta lagi gerð till. um það, að til Björgunarfélags Vestmannaeyja verði greiddar 200 þús. kr. úr ríkissjóði til kaupa á björgunartækjum. Félag þetta er elzt þeirra félaga, sem starfa í þess grein, var á sínum tíma komið á fót af mjög knýjandi þörf fyrir rúmlega 40 árum og vann þrekvirki á sinni tíð með því að koma af stað almennri gæzlu á sjó hér við land, bæði til björgunar og landhelgisvörzlu, og er raunar foreldri að landhelgisgæzlunni íslenzku. En það var einmitt þetta félag, sem á sínum tíma keypti þann elzta Þór, sem hingað kom til björgunarstarfa og landhelgisvörzlu. Félag þetta hefur starfað jafnan síðan, og hefur að vísu létt verulega á störfum þess við það, að ríkissjóður hefur almennt tekið við þeim störfum, sem félagið annaðist eitt og nær óstutt í upphafi. Nú hagar því hins vegar þannig til, að á þetta félag hlýtur að falla aukin ábyrgð af björgunarstörfum við Eyjar, en þar er, svo sem menn vita, mestur fjöldi fiskiskipa á fiskislóðum um vetrarvertíð, en við útfærslu landhelginnar hefur af eðlilegum ástæðum svo farið, að landhelgisgæzlan, sem tiltækust hefur jafnan verið til björgunarstarfa fyrir fiskibátana, rekur sína starfsemi miklum mun fjær landi nú en áður var. Samtímis þessu hefur svo þróunin orðið sú, að við hliðina á útgerð stórra vélbáta, sem veiða í net, hefur vaxið upp verulegur fiskiskipastóll smæstu báta, og eru þeir gerðir út til veiða með handfæri, og skapast af þessu nokkurt bil á milli þess, sem landhelgisgæzlan getur með góðu móti séð yfir, og hinnar grynnstu slóðar, þar sem hin minnstu fiskiskip stunda veiðar sínar. Björgunarfélag Vestmannaeyja er æði oft beðið um aðstoð, sem það í mörgum tilfellum á feikilega óhægt með að veita, sökum þess að það hefur ekki skipakost til þess að annast þessa björgunarstarfsemi, eins og nú er komið. Hins vegar hefur Björgunarfélagið nú gert samninga við Vestmannaeyjahöfn um, að væntanlegur bátur, sem annast á hafnsögumannaflutning og önnur nauðsynleg störf fyrir Vestmannaeyjahöfn, verði búinn, — þ. e. a. s. Björgunarfélag Vestmannaeyja búi hann nýtízku björgunartækjum og geri sérstakan samning við hafnarsjóð, sem annars er ætlað að reki þann bát, um, að hann skuli annast björgunarstörf og Björgunarfélag Vestmannaeyja hafi forgangsafnot af honum til slíkra starfa. Hyggst félagið kaupa fullkominn björgunarútbúnað til þess að setja í bát þennan og hefur af þeim sökum beðið um þennan styrk.

Þess má geta, að hv. samflm. minn að þessari till., þm. Vestm., er einn af forgöngumönnum að stofnun þessa félags og hefur jafnan fylgzt með störfum þess síðan, og geri ég þess vegna ráð fyrir því, að það gegni ekki síður því máli um hann en mig, að fátt sé ömurlegra en að horfa upp á það, að ekki sé gert allt, sem í mannlegu valdi stendur, til þess að vernda öryggi þeirra sjómanna, sem öll þjóðin byggir öðrum mönnum fremur afkomu sína á.

Þá höfum við einnig gert till. um það á sama þskj., að hækkað verði framlag til Vestmannaeyjaflugvallar. Ég gerði upprunalega þá till., að til hans yrðu veittar 1.5 millj. kr., og gerði þá grein fyrir því sérstaklega, að þó að völlur þessi sé nú að verða um það bil 12 ára gamall í notkun, þá er þetta aðeins ein braut og of stutt til þess, að aðrar flugvélar en

smæstu flugvélar, sem tíðkast í farþegafluginu, geti lent þar. Það er hálfgerð við hann viðbót, sem mundi, ef við hana væri lokið, gera það mögulegt, að þar gætu setzt stærri flugvélar, og með því að nú er mjög þröngt um flugvélakost í innanlandsflugi, þá mundi það mjög bæta úr þörfinni, ef hinar stærri flugvélar gætu setzt þarna, en það munar nú mjög litlu.

Í öðru lagi er nauðsynlegt að lýsa þessa flugbraut, þannig að hægt sé að nota hana, þótt farið sé að rökkva, en svo er ekki nú.

Enn fremur er það bráðnauðsynlegt á stað sem Vestmannaeyjum, sem ekki er í neinu sambandi við það stærsta samgöngukerfi, sem við hér í landi höfum, þ. e. a. s. þjóðvegakerfið, og er þess vegna mjög upp á flugsamgöngur kominn, að hann fái möguleika til þess að hafa sem allra öruggastar flugsamgöngur, og því höfum við gert ráð fyrir því, að þegar á þessu ári yrði byrjað þar á gerð þverbrautar á þá braut, sem fyrir er, þannig að flugvöllinn verði hægt að hagnýta, þótt ekki blási vindurinn nákvæmlega úr þeirri átt, sem hagkvæmast er fyrir þá flugbraut, sem nú er.

Við höfum þess vegna gert till. um það, að framlag til þessa flugvallar verði jafnt því hæsta, sem tíðkast úti á landsbyggðinni, en til Ísafjarðarflugvallar hefur nú verið ákveðin 1 millj. og 200 þús. kr. fjárveiting, og er það í alla staði eðlilegt og sanngjarnt. En við teljum, að það sé eðlilegt, að litið sé á Vestmannaeyjaflugvöll sem jafnnauðsynlegan Ísafjarðarflugvelli og ráðstafanir gerðar til þess að fullgera þá braut, sem fyrir er, og hefja gerð nýrrar flugbrautar, og höfum miðað okkar till. við það.

Kem ég þá að þeim till., sem ég flyt sem 2. minni hl. í fjvn. Þær till. eru prentaðar á þskj. 450 og eru í rauninni ekki fjárhagslegs eðlis, þar eð þær taka ekki til neinna breytinga á þeim útgjöldum eða tekjum, sem frv. að öðru leyti gerir ráð fyrir. Við 2. umr. fjárlaganna gerði ég slíkar till., og með því að þær fengu ekki samþykki, hvorki þær till., sem vörðuðu útgjöld eða sparnað, þá hef ég ekki séð ástæðu til að flytja slíkar till. aftur. Mér þótti þá sem hv. meiri hl. Alþingis gengi nokkuð blint að því að fella allar till. nema þær, sem hann sjálfur hafði gert.

Til dæmis um það, hversu langt var þar gengið í því að hlýða ekki á sjálfsagðar till., skal ég geta aðeins einnar till. Ég gerði tillögu um það, að framlag til útrýmingar refa og minka yrði lækkað um 1 millj. kr., en það er nú í frv. 2½ millj. Sú áætlunarupphæð var á sínum tíma gerð með tilliti til þess, að litið var svo á, að svo mikil væri veiði á þessum meindýrum, að ekki væri hægt að komast af með minna fé en þetta með tilliti til allra þeirra veiðiverðlauna, sem gjalda yrði. Síðan hefur komið í ljós og var reyndar komið í ljós, þegar hæstv. Alþingi felldi mína tillögu, að verulegur hluti af þeim verðlaunum, sem greidd höfðu verið, voru alls ekki verðlaun fyrir veiði á dýrum, heldur verðlaun fyrir falsanir og sviksemi. En hv. meiri hl. Alþingis virðist ætla að halda fast við það eftir sem áður að ætla fé til gjalda til verðlauna fyrir slíka sviksemi og er ófáanlegur til þess að breyta sínum áætlunum, þótt slíkar upplýsingar liggi fyrir. Þar af leiðandi sé ég ekki ástæðu til að gera neinar tillögur við þessa umr., en sá hv. meiri hl. Alþingis, sem svo fer að í sínum lagasamþykktum, verður þá auðvitað að bera ábyrgð á sínum gerðum.

Síðari tillagan, sem ég hef gert á þskj. 450, er varðandi úthlutun á atvinnubótafé. Við 2. umr. var samþ., að til þess skyldi varið 10 millj. kr. og að 5 manna nefnd skyldi kosin með hlutfallskosningu í Sþ. til þess að úthluta fé þessu. Ég er samþykkur því, að nýr háttur sé upp tekinn á úthlutun þessa fjár, þannig að Alþingi hafi þar sjálft hönd í bagga um. En með tilliti til þeirrar reynslu, sem á hefur orðið á undanförnum árum við þessa úthlutun, þá vil ég einnig, að Alþingi taki ákvörðun um það, svo að ekki verði um villzt, að til þess sé ætlazt af hverjum þeim, sem kemur til með að úthluta þessu fé, að hann setji ekki nein héruð eða landssvæði í bann frá því að geta notið þessara framlaga og að eingöngu verði við úthlutunina tekið tillit til þess, hvar atvinnuþörfin er fyrir hendi eða hvar möguleikarnir eru til framleiðsluaukningarinnar, en ekki hins, hvort viðkomandi aðili, sem á að taka við þessu láni eða framlagi, sé búsettur á þessum staðnum eða hinum. Þess vegna hef ég hér flutt till. um það, að texti sá, sem þessi fjárveiting er tengd við, verði á þá leið, að allir umsækjendur skuli hafa jafnan rétt til þessa fjár, hvar sem þeir eru búsettir á landinu, aðeins eftir þörfum þeirra fyrir atvinnu og möguleikum þeirra til að auka framleiðsluna.

Hin fyrri till., sem ég flyt á þessu sama þskj., er varðandi greiðsluna til útflutningssjóðs. Við 2. umr. fjárl. var að tillögu hv. 1. minni hl. fjvn. samþ. að leggja útflutningssjóði til úr ríkissjóði 154 millj. kr. Þetta framlag var miðað við lauslega fjárhagsáætlun fyrir útflutningssjóð, sem lögð hafði verið fyrir fjvn. Ég lýsti því við þá umr. yfir, að ég teldi, að sú áætlun til útflutningssjóðs væri öll hæpin og mundi ekki standast. Að sjálfsögðu tóku hv. stuðningsmenn ríkisstj. ekki tillit til þess, enda höfðu þeir sjálfir staðið að áætlunargerðinni, og skal ég ekki orðlengja um það. Þó hygg ég, að enginn þeirra muni þá hafa viljað halda því fram, að útflutningssjóður mundi eiga nokkuð í afgang, þótt hann fengi þær tekjur allar og reglulega, sem þar voru áætlaðar. Nú kemur hins vegar í ljós, að þótt af hv. stjórnarstuðningsmönnum sé þessari áætlun nokkuð breytt og í samræmi við það gerð tillaga um dálitla lækkun á framlagi ríkissjóðs til útflutningssjóðs, þá eru samt sem áður ekki gerðar neinar ráðstafanir til þess, að útflutningssjóður geti raunverulega staðið í skilum og staðið við þær skuldbindingar, sem hann hefur að lögum. Þvert ofan í fullyrðingar hæstv. fjmrh. og blaðs hans, Alþýðublaðsins, um það, að þau leyfisgjöld, sem ætluð voru útflutningssjóði, kæmu ein-

göngu á þær bifreiðar, sem innflutningur er veittur á án gjaldeyrisleyfa, eru nú uppi áætlanir, eins og hv. talsmaður 1. minni hl. minntist á, um, að þessar upphæðir verði allar hækkaðar nokkuð og gjöldin komi einnig á þá bíla, sem veitt er bæði gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir. Það er augljóst, að ef þessi áætlun yrði framkvæmd, sem mikill vafi leikur á og ég fyrir mitt leyti hef ekki trú á að verði framkvæmd, þá hefur útflutningssjóður enn skuldbindingar, sem hljóta að soga til sín allar þær tekjur, sem útflutningssjóði eru áætlaðar.

Til viðbótar þessu er á þskj. 447, þ. e. a. s. meðal tillagna frá hv. 1. minni hl. fjvn., gert ráð fyrir, að ríkisstj. verði heimilað að verja einmitt af þeim tekjum, sem útflutningssjóður á að fá, fé til þess að koma í veg fyrir verðhækkun erlends áburðar vegna efnahagsráðstafana á s. l. ári umfram þá verðhækkun, sem orðið hefur á innlendum áburði. Það hefur ekki verið útskýrt hér, hversu miklum útgjöldum framkvæmd á þessari tillögu mundi valda. Hins vegar hefur verið í það vitnað, að þessi till. sé gerð til þess að koma verulega til móts við tillögur, sem hér hafa verið uppi um þetta efni frá hv. 1. þm. Rang. og fleirum, en sú till. var um að greiða niður áburð almennt, þannig að verðlag hans á þessu ári yrði ekki hærra en það var á s. l. ári. Um þessa till. hefur fjvn. nokkuð fjallað og aflað sér nokkurra upplýsinga um hana. Og það er vert að upplýsa það hér, að samkv. þeim upplýsingum, sem fjvn. hefur fengið, mundi það kosta um 41 millj. kr. að greiða niður eitt vísitölustig með því að greiða niður áburð. Það er þess vegna sýnilegt, að ef sá er tilgangurinn að halda niðri vísitölunni með niðurgreiðslum á áburði, þá er valinn þar nokkurn veginn eins óhagkvæmur liður fyrir ríkissjóð eða fyrir útflutningssjóð og hægt er að velja, því að í fáu, ef nokkru, er vísitölustigið jafndýrt og í niðurgreiðslu á áburði. Mér telst svo til, að miðað við svipaðan innflutning áburðar og var í fyrra og þótt tekið sé tillit til þess, að innlendur áburður mun hafa hækkað í verði um nálægt 15%, þá mundu útgjöld ríkissjóðs eða útflutningssjóðs að samþykktri og framkvæmdri þessari till. verða um 5½ millj. kr., ef innflutningur áburðar yrði svipaður að magni og hann var á s. l. ári. Nú er hins vegar margt, sem bendir til þess, að innflutningur á áburði hljóti að verða nokkru meiri nú en á s. l. ári, vegna þess að sökum rafmagnsskorts hefur áburðarverksmiðjan hér ekki getað afkastað eins miklu í framleiðslu sinni og áður, og þótt hún kunni að eiga einhverjar birgðir frá fyrri tímum, þá held ég, að óvarlegt sé að áætla, að innflutningur á áburði muni ekki eitthvað vaxa á þessu ári.

Ég sé þess vegna ekki hinn minnsta möguleika til þess, að hægt sé að auka á útgjöld útflutningssjóðs án þess að ætla honum nýja tekjustofna, nema því aðeins að það komi beinlínis niður á þeim skyldum, sem á útflutningssjóð hafa verið teknar. Mér er enda kunnugt um það, að útflutningssjóður er þegar kominn í nokkur vanskil. Það er farinn að myndast á hann hali, eins og það er oft kallað. Allan síðari hluta ársins 1958 stóð útflutningssjóður við hverja sína skuldbindingu og greiddi jafnan út á þeim tíma, sem lög um hann ákveða, en nú þegar eru greiðslur úr honum farnar að dragast. Bændur, sem eiga að fá niðurgreiðslur sínar á mjólk og aðrar búvörur, eru þegar farnir að bíða umfram eðlilegan tíma og umfram lögákveðinn tíma eftir sínum greiðslum. Útvegsmenn fá ekki heldur sínar greiðslur á réttum tíma, og vanskil útflutningssjóðs munu, að því er ég bezt veit, þegar nema um 50 millj. kr. Það er þess vegna hreinlega að svíkjast undan skyldum við útflutningssjóð að hlaða á hann frekari skyldum án þess að sjá honum jafnframt fyrir auknum tekjustofnum til þess að standa við þær. Það er í rauninni að láta hið opinbera komast í vanskil við framleiðslustéttir þjóðfélagsins, ef á hér að bæta enn ofan á útflutningssjóð án þess að afla honum nokkurra tekna.

Við allt þetta bætist svo það, að ekki er annað sýnilegt en hæstv. ríkisstj. og hennar stuðningsmenn láti sér fullkomlega detta í hug, að þótt samþykktar séu til handa útflutningssjóði greiðslur úr ríkissjóði, þá verði greiðslurnar dregnar máske fram á eða fram yfir síðasta dag ársins, þannig að allar þær greiðslur, sem útflutningssjóður á að fá, eða stór hluti þeirra hljóti að verða um verulegt skeið utan hans vörzlu og þá auðvitað þannig, að þær hljóta að valda því, að útflutningssjóður verður enn að auka vanskil sín.

Ég fyrir mitt leyti hef hér áður látið í ljós mikla tortryggni á því, að hæstv. ríkisstj. auðnist að halda fjármálaafgreiðslu þjóðarinnar innan þess ramma, sem fjárlögin mynda, eins og sýnt þykir að þau verði úr garði gerð. Ég er raunar ekki einn um þessa skoðun. Það kemur t. d. í ljós í sambandi við þessa umr., að þegar rædd er till. um það að heimila ríkisstj. að taka 6 millj. dollara lán erlendis og verja því til ýmissa opinberra framkvæmda: til raforkumála og til ræktunarsjóðs, til hafnargerða, þá er einn sá sjóður til í landinu, sem engan veginn er oftroðinn og engan veginn á auðvelt með að standa við sínar skuldbindingar og sinnir raunar ekki nema hluta af því hlutverki, sem hann lögum samkv. hefur, þ. e. a. s. fiskveiðasjóður, — hann er mjög ófús á að taka þetta lán, þrátt fyrir þarfir sínar. Og hvers vegna? Vegna þess að forráðamenn hans hafa enga trú á fjármálastjórninni í landinu og reikna með því, að með þeim aðförum sem hér eru nú hafðar við afgreiðslu fjárlaga og fjármálastjórn landsins yfirleitt, þá sé þannig að staðið, að gengisbreyting, þ. e. a. s. gengisfelling, muni verða óhjákvæmileg á komandi hausti. Þess vegna tregðast fiskveiðasjóður við að sækjast eftir láni af þessu erlenda láni, sem hann mundi þá verða að taka á sig gengisskuldbindingu á, vegna þess að hann hefur ekki trú á því,

að svo sé nú stjórnað í landinu fjármálunum, að núverandi gengi geti staðizt nema skamma hríð.

Það færi betur, að þessar grunsemdir mínar og þessar grunsemdir forráðamanna fiskveiðasjóðs og þessar almennu grunsemdir, sem uppi eru í landinu og að því er ég hygg einnig hjá núverandi stjórnarvöldum, væru ástæðulausar. En því miður, ég kemst ekki hjá því að bera nokkurn ótta í brjósti um, að til þessa hljóti að draga. Ég hef hins vegar viljað leggja það litla reikningsdæmi fyrir hv. stjórnarstuðningsmenn, hvort þeir sjálfir hafa trú á því, að þeir geti staðið við þær skuldbindingar, sem ríkissjóði eru lagðar með þeirra eigin fjárlögum. Ef þeir treysta sér til þess að standa við þær skuldbindingar, sem þeir taka á ríkissjóð með afgreiðslu fjárlaga, þá sé ég ekki, hvað þeir ættu að geta haft á móti því að greiða framlag ríkissjóðs til útflutningssjóðs reglulega á ákveðnum gjalddögum. Þess vegna hef ég gert tillögu um það, að þegar hinn 30. þ. m., þ. e. a. s. þegar ætla má að fjárlög fyrir árið 1959 gangi í gildi og liðinn er þriðjungur af árinu, þá verði líka á þeim degi greiddur þriðjungurinn af framlaginu, sem ríkissjóði er ætlað að greiða útflutningssjóði, og enn fremur, að framvegis verði mánaðarlega, hinn síðasta dag hvers mánaðar, greiddur 1/12 hluti af heildarupphæðinni, sem ríkissjóður á að greiða útflutningssjóði, hann verði þá goldinn til útflutningssjóðs.

Þessi till. fjallar, eins og ég tók fram í upphafi, ekki um fjárupphæðir. Hún fjallar um gjalddaga á greiðslum ríkissjóðs. Og ég hygg, að það verði ekki vefengt, að réttmætt sé, að ríkissjóður greiði þriðjunginn af þessu framlagi, þegar þriðjungur af árinu er liðinn, og síðan reglulega 1/12 hluta af heildarupphæðinni mánaðarlega eftir á. Hitt er annað mál, að ef hv. stjórnarstuðningsmenn hafa ekki trú á því, að það sé neitt hald í þessu plaggi, þ. e. a. s. fjárlögunum eða fjárlagafrv., sem þeir hafa nú sett svip sinn á, þá er náttúrlega ósköp eðlilegt, að þeir skjóti sér undan því að setja á þetta nokkra gjalddaga og hugsi sér eins og hverjir aðrir vanskilamenn að trassa sínar greiðslur.

Ég hef við þessa umr. ekki séð ástæðu til að flytja fleiri tillögur að svo stöddu. En að lokum vildi ég taka fram, að fjárlagaafgreiðslan, eins og nú er komið, er vissulega á ábyrgð þeirra manna, sem standa að hæstv. ríkisstj., og þykir mér sem með afgreiðslu fjárlaganna sé efnt til þess, þótt síðar verði, að þjóðin fái að súpa seyðið af því, hve hér er farið að með ógætilegum hætti, hve hér er hvort tveggja í senn efnt til nýrra útgjalda og jafnframt látið hjá líða að taka raunhæfa afstöðu til fjölmargra þeirra hluta, sem í fjárlagafrv. felast og eru vægast sagt mjög hæpnir, bæði fyrir ríkissjóð og einnig fyrir útflutningssjóð og þó einkum fyrir þann síðarnefnda. Grunur minn er sá, að hér sé um það að ræða, að hæstv. ríkisstj. og hv. stjórnarstuðningsflokkur, Sjálfstfl., séu hér að haga sér líkt og leikarar á sviði, sem leyna sínum innra manni, en hafa tekið að sér ákveðið hlutverk til að sýnast. Ég skal viðurkenna, að í sumu eru þeir ekki fráleitir leikarar. En hins vegar uggir mig það, að aðgangurinn að þessu leikriti og þessi leiksýning öll verði með þeim hætti, að ekki hafi þjóðin hag af henni frekar en af sumum öðrum leiksýningum, og ætla ég þó því miður, að þessi verði þjóðinni dýrust.

Frsm. 3. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Till. þær, sem fjvn. gerir sameiginlega, eru á þskj. 439. Hv. 2. þm. Eyf. (MJ), frsm. 1. minni hl., hefur reifað þessar till. Ég læt því vera að ræða þær. Við í 3. minni hl. gerum engan ágreining um þessar till., þó að þær séu okkur misjafnlega vel að skapi, eins og oft vill verða, þegar samkomulag er gert um afgreiðslu. Eitt er látið mæta öðru, og fyrir mig get ég sagt það, að mér þykir betri samstaðan, sé hún fáanleg og forsvaranleg, heldur en klofningurinn. Ég sækist miklu frekar eftir samstöðunni en klofningnum, þó að hjá honum verði löngum ekki komizt, þ. á m. alls ekki við afgreiðslu þessara fjárl. í undirstöðuatriðum. Fjárlagaafgreiðslan mótaðist af stjórnarstefnu, sem hagar sér líkt og maður, sem veit, að hann á ekki nema nokkrar vikur ólifaðar, og gerir ekki ráð fyrir heldur, að hann þurfi sem einstaklingur að svara fyrir gerðir þessara vikna í öðru lífi. Að þessu kem ég nánar síðar.

Hv. 1. minni hl. fjvn. flytur till. sérstaklega á þskj. 447. Flestar eru þær um tekjuöflun, og ég mun koma að þeim síðar í ræðu minni, en á þessu stigi vil ég minnast á 8. till., þ. e. þá síðustu. Hún er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta, að heimilt sé:

„að verja af framlagi á 19. gr. til útflutningssjóðs fé til að koma í veg fyrir verðhækkun erlends áburðar vegna efnahagsráðstafananna á s. l. ári umfram þá verðhækkun, sem orðið hefur á innlendum áburði.“

Við, sem erum í 3. minni hl., lýstum því yfir, að við gætum vel verið flm. með 1. minni hl. að þessari till., en 1. minni hl. færðist undan því, bar fyrir formsástæður, sem þó voru ekki fyrir hendi. Mér fannst 1. minni hl. í sambandi við þessa till. vera líkur dreng í réttum, sem langar til að eignast lamb, ekki af því, hvað það er vænt, heldur af því, hvað honum finnst það vera fallegt á litinn.

Ég vil segja það um þessa till., að hún er ekki sérstaklega mikilsverð. En samt sem áður er hún þó með lit, sem gerir það að verkum, að við gátum talið, að hún væri fremur til bóta, og það var þessi litur, sem 1. minni hl. fannst svo fallegur, að hann vildi ekki láta aðra standa með sér að till.

Í till. er, eins og hv. frsm. 1. minni hl. réttilega skýrði frá, gert ráð fyrir því, að greiddur verði niður áburður til bænda, og áætlað er, að það muni nema um 3.5 millj. Þessi niðurgreiðsla hefur þá þýðingu, að bændurnir fá aftur ekki tekið inn í verðlagsgrundvöll sinn það, sem tilkostnaður þeirra hækkar, miðað við hækkandi verð á áburði, og þess vegna hækkar ekki verðið á vörum þeirra með til-

liti til hans og þarf ekki þá niðurgreiðslu til þess að koma í veg fyrir þá hækkun, og það tel ég nokkuð mikilsvert, vegna þess að nú er farið að greiða vörur bænda svo mikið niður, að það er þeim sjálfum til óhagræðis, fyrst og fremst af því, að þeir njóta ekki þeirrar niðurgreiðslu í sama mæli og aðrir, og líka fyrir það, að þetta skekkir hugmyndir fólks um verðmæti þeirrar vöru, sem þeir framleiða, og verði einhvern tíma horfið að því ráði að hætta niðurgreiðslum og komist fjármálalíf okkar á svo heilbrigðan grundvöll, að hægt sé að fella niður niðurgreiðslurnar, þá verður vafalaust dálítið óþægilegt að skapa skilning á því, hvað þessar vörur þurfa að vera hlutfallslega hærri en neytendunum finnast þær vera nú.

Næst vil ég þá minnast á till. á þskj. 451, sem við í 3. minni hl. flytjum. Þessi till. er um heimild til að taka erlent lán og um ráðstöfun á því. Till. er hliðstæð till., sem 1. minni hl. flytur á öðru þskj. Það er líka heimild til jafnhárrar lántöku, en sú tillaga er frábrugðin þessari till. okkar að því leyti, að við teljum rétt, að Alþingi skipti allri fjárhæð lántökunnar, og leggjum til, hvernig henni skuli skipt. 6 millj. dollara gera í íslenzkum krónum með yfirfærslugjaldi um 150 millj. kr., og það er sú upphæð, sem við leggjum til um skiptingu á. En hv. 1. minni hl. skiptir aðeins upp upphæð, sem svarar til lántökufjárhæðarinnar án yfirfærslugjalds.

Till. okkar um skiptingu eru á þá leið, að við leggjum til, að til raforkusjóðs gangi 45 millj. kr., en þetta er sama upphæð og hv. minni hl. leggur til að raforkusjóður fái. Við miðum við það, að þessi fjárhæð sé upphæð, sem þurfi að nota til þess að framkvæma rafvæðingaráætlunina, 10 ára áætlunina um rafvæðinguna, að því er þetta ár snertir, — og með tilliti til þess, að búið er að taka út úr fjárlfrv., eins og gert var við 2. umr., 10 millj. kr. fjárveitingu úr ríkissjóði til rafvæðingarinnar á þessu ári.

Hins vegar virtist vera dálítið á huldu um það, hvað fyrir stjórnarflokkunum vekti með þessari fjárveitingu. Það kom í ljós jafnvel í viðræðum, að þeir töldu, að þetta væri nægileg fjárveiting til raforkuframkvæmdanna fyrir tvö ár. Það kom sem sé upp fyrir örstuttu kvittur um það, að breyta eigi hinni svonefndu 10 ára raforkuáætlun. Sá kvittur skaut, að ég held, fyrst upp kollinum hér í þingsalnum, þegar hv. 1. þm. Reykv. (BBen) gat þess, að það hefði komið í ljós á einum litlum eða stuttum fundi, minnir mig að hann segði, að hægt væri að spara á raforkuplaninu bara hvorki meira né minna en 160 millj. kr. Ég fyrir mitt leyti hafði ekkert heyrt um þetta áður.

Þetta var náttúrlega engin smáfrétt, og eftir þá frétt hófum við framsóknarmenn eftirgrennslan um, hvort þetta væru staðreyndir, og seint í gær skýrði hæstv. forsrh. fjvn. aðspurður frá því, að uppi væru hugmyndir um það að breyta framkvæmdaáætlun rafvæðingarinnar, og hann sýndi okkur í fjvn. bréf, sem mér skildist að hann hefði pantað frá raforkumálaskrifstofunni, og þar með skýrslur nokkrar um þetta efni. Eins og gefur að skilja, hefur ekki verið tími til þess síðan í gærkvöld að kynna sér svo sem skyldi efni þessara hugmynda. Þó stendur skýrum stöfum í þessum skjölum, að lækka megi framkvæmdakostnað rafvæðingarinnar frá því, sem áður var ætlað, um 88 millj. kr., og hv. frsm. 1. minni hl. staðfesti þetta í ræðu sinni hér áðan. Það er því, að því er virðist, um fréttina, sem hv. 1. þm. Reykv. flutti hér, að hún stenzt ekki vel. Að vísu munar ekki nema nærri því um helming. En þannig er stundum með fiskifréttir.

Mér virtist hæstv. forsrh. í gær vísa í þessi skjöl, sem ég nefndi, sem grundvöll fyrirætlana í rafvæðingarmálum í ár og eftirleiðis, og þá gat hann þess, eins og ég sagði áðan, að 45 millj. ættu að geta hrokkið til þessara mála sem lántökur, aðallántökur fyrir árið í ár og næsta ár, og af skjölum þessum virðist liggja ljóst fyrir, að lækka eigi framkvæmdaáætlun ársins um 30—40 millj. kr. frá því, sem áður var fyrirhugað í samræmi við 10 ára áætlunina, og ég heyrði ekki betur en hv. frsm. 1. minni hl., 2. þm. Eyf., staðfesti þetta í ræðu sinni áðan.

Við framsóknarmenn teljum þetta fráleitt. Tíu ára áætlunin er eins og loforð til þeirra, sem bíða eftir rafmagni samkvæmt henni. Það væru hreint og beint svik við þá að víkja í verulegum atriðum frá henni. Tillaga okkar er miðuð við þá áætlun og að við hana verði staðið af fullum myndarskap.

En í skjölunum, sem við sáum hjá hæstv. forsrh., og einnig í ræðu hv. 2. þm. Eyf. kom fleira fram. Þar kom fram, að fella á niður nokkrar línur frá virkjunum vatna eða fresta þeim um óákveðinn tíma, en taka upp þess í stað að efla dísilstöðvar til þess að veita frá þeim rafmagni í umhverfin og ætla ýmsum heimilum, sem áður voru samþykkt vera á samveitusvæðum, að koma sér upp dísilrafstöðvum til einkanota. Með þessu á að spara — sagði hv. 1. þm. Reykv. — spara í bili, held ég, að hv. 2. þm. Eyf. hafi sagt, — en með því rjúfa heit við þá, sem áður áttu að fá rafmagn frá samveitum og fossafli.

Þetta eru alvarleg brigð og stefnuhvörf. Við mótmæltum þessum brigðum. Vitanlega telja rafmagnsnotendur með réttu allt annað og verra hlutskipti, ef þeir eiga nú að koma sér upp dísilrafstöðvum eftir alla biðina, meðan verið var að leiða rafmagn til þeirra, sem búnir eru að fá rafmagn frá samveitum. Dísilrafstöðvar endast illa, á þeim er mikið viðhald, og þeim fylgir ekki sama öryggi og rafmagnsveitum ríkisins, sem séð er um sameiginlega.

Við, sem skipum 3. minni hl. í fjvn., teljum því þessa hugmynd um breytingu á rafvæðingaráætluninni óalandi og erum henni mótfallnir. Með því segjum við þó alls ekki, að áætluninni kunni ekki að mega breyta eitthvað til bóta frá því, sem í upphafi var gert, án þess að nokkurn saki. En slík gerbreyting sem þarna virðist vera á ferðinni er óforsvaranleg. Sé

það alvara hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokka hennar að gera hana, þá teljum við það hnefahögg í andlit fólksins, sem fyrir breytingunni verður. Við teljum það einn vott ranglætis þess, sem þessu fólki á að bjóða líka í sambandi við fyrirhugað afnám kjördæma þess. Það er eins og kveðja til hinna fornu kjördæma, um leið og þau á að svipta sínum sérstöku fulltrúum til að halda uppi rétti þeirra í framtíðinni. Sú kveðja stjórnarflokkanna er nöpur og köld. Það er ekki vinarhönd, sem réttir höggið.

Annar liður um skiptingu lánsins er, að til ræktunarsjóðs verði látnar ganga sem lán 30 millj. kr. Hæstv. stjórnarflokkar leggja til, að 25 millj. gangi til ræktunarsjóðs. Við teljum réttara að hækka þessa upphæð upp í 30, vegna þess að það er í samræmi við þarfir ræktunarsjóðs á undanförnum árum.

Til hafnarframkvæmda viljum við að ætlaðar séu 50 millj. kr. Allir vita, og um það er ekki hægt að deila, að hafnarframkvæmdir kalla mjög að víða og fé vantar til þess að fullnægja þeim þörfum, sem þar eru mest aðkallandi, þó að aðrar séu ekki nefndar. Ég veit, að hæstv. forsrh. hefur áhuga fyrir hafnarframkvæmdum, og ég vænti þess, að hann leggist ekki á móti þessum lið till. Ég minnist þess, að í áramótaávarpi sínu gat hann þess alveg sérstaklega að því er hafnarframkvæmdir snertir, að þar þyrfti betur að gera en að undanförnu.

Þá leggjum við til, að til fiskveiðasjóðs verði látnar ganga 25 millj. Hv. frsm. 2. minni hl. gat þess áðan, að forstöðumenn fiskveiðasjóðs væru ekki ákafir í það að fá á þessu stigi hluta af þessu láni, og hann sagði réttilega, að þetta væri af því, að þeir treystu ekki fjármálastjórninni í landinu svo vel, að ekki gæti komið til þess, að það yrði skaði fyrir sjóðinn sem sjóð að taka á móti þessu fé. En þó að vantraust sé borið til fjármálastjórnar í landinu, þá geta menn ekki hætt að lifa og ekki lokað sjóðum, og það er víst, að eftirspurn eftir lánum úr fiskveiðasjóði er svo mikil og þörfin, sem stendur á bak við þá eftirspurn, svo mikil og sönn, að ekki mun af því veita, hvað sem forstöðumennirnir segja, að leggja þeim þetta fé í hendur til þess að gera úrlausnir fyrir þau verkefni, sem fiskveiðasjóður á sérstaklega að sinna.

Ég sé hér tvær brtt. frá hv. 2. minni hl. fjvn. á þskj. 450. 3. minni hl. hefur ekki tekið afstöðu til þessara brtt., svo að ég get ekkert mælt fyrir hönd hans um þær, en hins vegar vil ég í leiðinni lýsa því yfir að því er mig sjálfan snertir, að ég mun greiða fyrri till. atkv.

Mér virðist nauðsynlegt, að það sé tryggt, að framleiðendur í landinu og þar með atvinnulífið geti fengið greitt úr útflutningssjóði það, sem honum ber að greiða, og mér virðist sú till. styðja að því. Hjá ríkissjóði verður þá a. m. k. ekki sú fjárhæð, sem honum er ætlað að greiða til útflutningssjóðs, sýndarfjárhæð á undan öðrum slíkum.

Skáldið Einar Kvaran sagði: „Allir eru að semja sögu, ef ekki sögu af öðrum, þá a. m. k. sína eigin sögu, með því að vera til.“ Hæstv. ríkisstj. er að semja sögu í þessum skilningi, en sú saga tilheyrir þeim flokki sagna, sem nefnist reyfarar. Aðalfyrirsögn reyfarans, sem hæstv. ríkisstj. er að semja með stefnu sinni og starfsemi, er að mér virðist: Syndaflóðið kemur ekki fyrr en eftir minn dag. — Undirfyrirsögn er þar líka innan sviga: (En þá má syndaflóðið koma).

Þessi reyfari hófst með myndun hæstv. ríkisstj. og heldur áfram dag frá degi í sama stíl að lengjast. Sjálfstfl. segir fyrir um efni reyfarans og atburðarás, og hann annast prófarkalesturinn líka svona til frekara öryggis. Afgreiðsla fjárl. við 2. umr. var efnismikill kapituli í þessum reyfara. Fyrirsögn þess kapítula gæti verið: Hvernig Sjálfstfl. lætur Alþýðuflokksstjórn fara að ráði sínu. — Áætlun um tekjur ríkissjóðs var hækkuð, eftir því sem reyfarinn þarfnaðist, án tillits til allrar sannfræði. Gjöld voru lækkuð einnig á pappírnum, þótt óraunhæft væri auðsæilega, af því að þetta hentaði líka reyfaranum. Enn fremur voru skornar niður fjárveitingar, hvort sem vit var í eða vit ekki, ef litið er á atvinnulíf og uppbyggingu, af því að lokleysa reyfarans þurfti á þessu að halda.

Eina raunverulega sparnaðartillagan var 500 þús. kr., og hún var um það að leggja niður orlofsmerki, sem voru eitt sinn hjartans mál Alþfl., og sú till. var tekin aftur þá, rétt eins og hún hefði verið borin fram að fyrirsögn Sjálfstfl. í því skyni að reyna auðsveipni Alþfl., en afturkölluð, þegar sönnunin var fengin um, að hlýðnin var fullkomin. Þetta var próftillaga. Nú sé ég, að hv. 1. minni hl. leggur þessa till. fram aftur, svo að ekki skal hlíft hinum auma.

Lokafrágangur fjárl. við 3. umr. er svo kapituli reyfarans út af fyrir sig. Mér finnst, að sá kapituli mætti heita: Áfram veginn í vagninum ek ég — og: Aldrei verður bíll of dýr.

Við 2. umr. kom í ljós, að hæstv. ríkisstj. hafði hugsað sér að afla tekna með því að leyfa innflutning á bílum fyrir frjálsan gjaldeyri. Sá bílainnflutningur átti að vera 250 bílar talsins fram yfir þá bílatölu, sem innflutningur nam á s. l. ári. Hugmynd stjórnarflokkanna mun vera að taka ekki hart á því, þó að fram komi við kaup á þessum bílum felugjaldeyrir. Álag til ríkisins á alla gjaldeyrisfrjálsa bíla á að hækka úr 160% upp í 300%. En af því að nú við 3. umr. var sýnilegt, að það vantaði tekjur, þá hefur stjórnarliðið ákveðið að auka innflutning bíla, sem innflutnings- og gjaldeyrisleyfi þarf fyrir, um 100 og hafa álag á þá hækkað úr 160% í 250%. Með þessu hyggst stjórnin og stuðningsflokkar hennar ná endum fjárl. saman, eins og hv. frsm. 1. minni hl. gerði grein fyrir, og einnig fá um leið drjúgan skilding í útflutningssjóð.

Þessa hækkun gerir stjórn, sem heldur því samt blákalt fram, að hún hækki ekki álögur á almenning á nokkurn hátt. Þetta stendur meira að segja enn í aðalblaði stjórnarflokk-

anna, Alþýðublaðinu, í dag. Hver heilvita maður veit, að hækkun innflutningsgjalda á þessum bílum bitnar á fjölda manns, ef bílarnir þá verða fluttir inn.

Í áætlunum sínum í sambandi við fjárl. og útflutningssjóð er þessi stjórn, sem ætlaði að stöðva verðbólguna með niðurgreiðslum og því líku án þess að auka álögur, búin að ákveða nýjar álögur, sem nema yfir 60 millj. kr. Samt segir Alþbl.: „Engar nýjar álögur, sem snerta almenning.“

Á hinn bóginn er svo það, að það er ósennilegt, að með þessu hækkaða álagi á bílana verði innflutningurinn eins mikill og hæstv. ríkisstj. vill vera láta eða sem nemur 350 bílum meiri en hann var s. l. ár. Það eru áreiðanlega takmörk fyrir því, hvað menn geta og hvað menn vilja kaupa bíla dýru verði, þó að mikil sé eftirsóknin eftir þeim. Hækkunin, sem þarna er á lögð, er gífurleg: 17 þús., 20 þús., 30 þús. eða jafnvel nálega 50 þús. kr. á bíl eftir tegundunum. Í þessari tekjuöflunaráætlun er því engin raunhæfni, með henni er byggt á sandi. Slíkar áætlanir hljóta að koma illa í koll síðar. En hæstv. ríkisstj. býst að sjálfsögðu ekki við, að það verði fyrr en eftir sinn dag, og ætlast til, að þetta fyrirhitti ekki sinn koll. Hún ætlar þá að vera búin fyrir sitt leyti að ljúka reyfaranum.

Í þessum fjárl. er tekjuáætlunin svo óábyggileg, svo þanin, svo viðaveik, að ef hún væri t. d. skip, mundi ábyrg skipaskoðun ekki telja hana sjófæra. Hún mundi ekki fá haffæriskírteini. Hver er það, sem gefur henni haffæriskírteini? Það er nú ekki Alþfl., hún telst hans skip, en það er Sjálfstfl., sem gefur henni haffæriskírteini. Ekki er ólíklegt, að hann verði síðar meir sóttur til saka fyrir þetta.

Hæstv. ríkisstj. hlýtur að vita það, að hún er með þessum fjárl. að gefa út ávísun, sem ekki er ábyggileg innstæða fyrir og vanta mun innstæðu fyrir. En þó að tekjuáætlunin sé langt úr hófi fram, þá er líka skorið niður gjaldamegin framkvæmdafé, svo að verklegu athafnalífi í landinu blæðir, eins og sýnt var fram á við 2. umr. fjárl. Einnig er fé til þess að standa við skuldbindingar skert, svo sem fé, sem leggja þarf út vegna ábyrgða ríkisins. Og innan um þetta skín svo í snjáldrið á þeirri hófleysu að ætla, hvað sem hver segir, að gefa milljónamæringum engu síður en fátækum útgerðarmönnum upp þurrafúalánin, en auðvitað ekki strax, heldur með ávísun á framtíðina. Sjálfstfl. var trúandi til þess að vilja gefa milljónamæringum upp skuldir við févana ríkissjóð, en Alþfl. átti ekki að vera trúandi til þess eða hefði ekki átt að vera það, en svona er saga hans, reyfarinn, orðin.

Mig furðar á því, að hinn fáliðaði Alþfl. skyldi, þó að jólaljósin í Reykjavík væru björt í vetur, vera svo bjartsýnn, að hann héldi, að hann væri nógu stór til að valda þeim verkefnum, sem hann þá tókst á hendur. Vafalaust hefur ekki verið meining hans að semja með því slíkan reyfara sem á daginn er kominn. Sennilega hefur hann ætlað að semja frægðarsögu til þess að vaxa á. En til þess voru engin efni, og hann átti að vita það sjálfur. Án efa sér hann þetta nú, því að jólaljósin eru löngu slokknuð og skuggar vanmáttarins vefjast um fætur hans, enda er, eins og fjárl. glöggt sýna, leitazt við að slá á frest öllum erfiðleikum og fara í felur með staðreyndir, reynt með flótta og felum að komast þann stutta spöl, sem eftir er fram yfir kosningarnar. Aftur á móti furðaði mig ekkert á því í vetur, að Sjálfstfl. féllst á það að styðja við bakið á stjórn Alþfl. án ábyrgðar og fá um leið aðstöðu til að stýra skrefum hans inn á glapstiguna. Sjálfstfl. hafði verið í öngum sínum allan tímann, sem vinstri stjórnin sat að völdum. Hann var farinn að halda stytzta dag ársins, að enginn Íslendingur ætlaði að gráta sig. Það er hans afsökun. Eftir atvikum virtist honum stuðningur við Alþfl. á þann hátt hyggilegur fyrir sig sem undanfari þess, að hann tæki svo við, þegar kraftana þryti hjá Alþfl., sem hann vissi að fljótt mundi verða og hann taldi sig geta ráðið nokkuð um hvenær yrði.

Auðvitað er aldrei hægt að sjá, hvað fyrsti leikur í tafli getur af sér leitt að lokum, þó að hyggilega sýnist hann vera leikinn, og trúað gæti ég því, að Sjálfstfl. væri nú dálítið farinn að óttast um sinn þátt í þessum reyfara, að það sé farið að hvarfla að Sjálfstfl. í kjördæmamálinu og einnig við afgreiðslu fjárlaganna, að vont verði að fást við eftirleikinn, að hann geti ekki þvegið hendur sínar af grómi glapstiganna og fái á sig sakir og áfellisdóm fyrir þátttökuna við að semja reyfarann, sem getur ekki endað nema illa. Hann hefur nefnilega orðið að koma opinberlega við söguna miklu meira en hann mun hafa ætlazt til í fyrstu. Ég veit, að hann hlýtur t. d. að sjá, að efnahagsmálastefnan við afgreiðslu þessara fjárlaga og í sambandi við útflutningssjóð er sú horaða kýr, sem gleypir upp í topp fyrningarnar frá fyrra ári og étur einnig af forða framtíðarinnar í óheyrilega stórum stíl án þess þó að fitna sjálf eða mjólka fyrir fóðrinu. Saga næstu ríkisstjórnar strax eftir næstu kosningar, hverjir sem þá stjórn skipa, hlýtur að verða saga um erfiða baráttu við syndaflóðið, sem kemur á eftir þessum reyfara, sem afleiðing hans. Alþfl. verður að sjálfsögðu um kennt, en þó ekki einum, enda væri það ekki sanngjarnt, heldur Sjálfstfl. líka, því að svo mikill þátttakandi hefur hann verið í því, sem gerzt hefur í Alþfl.-reyfaranum.

Utanr.- og fjmrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Við 2. umr. fjárl. fóru fram almennar umr. um þær till., sem ríkisstj. hafði lagt fyrir fjvn. um afgreiðslu fjárlagafrv. og hv. 1. minni hl. fjvn. hafði gert að sínum. Ég ætla ekki að fara að halda þeim umr. áfram hér, — þeim var að lokið fyrir nokkrum dögum, þegar 2. umr. lauk, a. m. k. á þessu stigi, — og þaðan af síður ætla ég að fara að svara þeim fullyrðingum og hnútum, sem hv. þm. S-Þ. (KK) viðhafði hér áðan og ekkert kom afgreiðslu fjárlagafrv. við.

Ef litið er á þær till., sem komnar eru hér fram frá fjvn.-mönnum, og eftir að maður

hefur hlýtt á þær framsöguræður, sem þegar hafa verið haldnar, þá er ljóst, að það eru einkum fjögur atriði, sem n. í heild er ekki sammála um. Þessi atriði eru tekjuáætlunin, hvernig skuli ráðstafa væntanlegu 6 millj. dollara láni, hvort ákveðnir gjalddagar skuli settir á greiðslur úr ríkissjóði til útflutningssjóðs og hvort annar háttur skuli hafður á skiptingu atvinnuaukningarfjár en gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., eins og það nú liggur fyrir. Skal ég fara nokkrum orðum um hvert þessara atriða út af fyrir sig.

Það var gerð ýtarleg grein fyrir því við 2. umr. fjárlagafrv., hvernig tekjuáætlunin, eins og 1. minni hl. lagði til að hún yrði höfð, var byggð á nákvæmri áætlun, sem sérfræðingar ríkisstj. höfðu gert í samráði við hana, og skal ég ekki fara út í það atriði. En við þessa 3. umr. er lagt til, að örlitlar breytingar verði gerðar á 2. gr. fjárlagafrv., þ. e. tekjuáætluninni sjálfri. Þessar breytingar byggjast í einu og öllu á því, að við 2. umr. málsins voru ekki teknar upp ríkissjóðstekjur af auknum innflutningi bifreiða og ekki gert ráð fyrir jafnmiklum innflutningi bifreiða og nú er gert. Brtt. þær, sem hér liggja fyrir, miða því eingöngu að því að leiðrétta þrjá tekjuliði 2. gr. frv. í samræmi við fyrirætlanir um bifreiðainnflutning.

Þá er annað atriðið, sem fjvn.-menn eru ekki sammála um. Það er, hvernig skuli ráðstafa því fé, sem ætlað er að taka að láni í Bandaríkjunum. 1. minni hl. leggur til í samráði við ríkisstj., að eingöngu sé ráðstafað nú þegar tæpum 100 millj. kr., en yfirfærslugjaldinu sé ekki sérstaklega ráðstafað að sinni, heldur látið bíða síðari tíma. Hér er hafður á nákvæmlega sami háttur og á var hafður á s. l. ári, þegar lán var tekið í Bandaríkjunum. Þegar samið var við Bandaríkjastjórn um, hversu stórt lánið skyldi vera, þá var eingöngu reiknað með því rétta gengi, sem þá var, kr. 16.32 á dollar. Hins vegar var ekki reiknað með neinu yfirfærslugjaldi, var að vísu ekki við 55% gjaldinu að búast, því að það var ekki til þá, en það var í undirbúningi. Það var hins vegar látið bíða að yfirfæra lánið, þó að búið væri að semja um það, áður en útflutningssjóðslögin komu, eða að mestu að ganga frá því, — það var látið bíða að yfirfæra það, þangað til 55% gjaldið var til komið, og þessu gjaldi var ekki ráðstafað fyrr en nokkrum dögum fyrir jól, áður en fyrrv. stjórn fór frá. Það er lagt til hér, að nákvæmlega sami háttur verði á hafður í þeim samningum, sem fram undan eru við lánveitanda. Er gert ráð fyrir því, að lögð verði til grundvallar skipting á sjálfri grunnupphæðinni, en yfirfærslugjaldinu verði ráðstafað síðar með sama hætti og var á s. l. ári.

Þá er um skiptinguna á sjálfu láninu. Fyrsti minni hl. n. leggur til, að til hafnarframkvæmdanna verði áætlaðar 28 millj., en 3. minni hl. vill, að af þessu láni gangi til hafnarframkvæmda 50 millj. kr. Ég hygg, að a. m. k. fyrrv. fjmrh., hv. 1. þm. S-M. (EystJ), sé fullljóst, að þó að hans flokksbræður leggi hér fram þessa tölu, 50 millj., þá sé á því næsta lítill vafi, að ef ætti að leggja lánbeiðnina þannig fyrir lánveitendur, þá mundu miklir erfiðleikar á því að fá lánið í því formi. A. m. k. er mér kunnugt um, að þegar hann sjálfur var að undirbúa þetta lán á s. l. hausti, þá hafði hann ekki í huga að leggja till. fyrir Bandaríkjastjórn um það, að 50 millj. af láninu færu til hafnargerðar. Hans hugmyndir munu hafa verið nokkuð nærri því, sem 1. minni hl. fjvn. leggur hér til.

Þá eru bæði 1. minni hl. og 3. minni hl. fjvn. sammála um það að leggja til, að 45 millj. kr. af láninu fari til raforkuframkvæmda. Nýjar athuganir á raforkuplaninu hafa leitt í ljós, að þessi fjárhæð er fullnægjandi til þess að koma í framkvæmd á yfirstandandi ári jafnmiklum virkjunum og í upphafi voru áætlaðar. Þessi upphæð nægir fullkomlega til þess að leysa úr vanda og erfiðleikum jafnmargra og upphaflega áætlunin gerði ráð fyrir. Hér er þó um lægri fjárupphæð að ræða en upphaflega planið gerði ráð fyrir. En eins og áður hefur verið skýrt frá, þá liggur þetta í því, að endurskoðun á sjálfri rafvæðingaráætluninni hefur leitt í ljós, að það væri hreinasta fjarstæða að ætla sér að framkvæma hana í því formi, sem upphaflega var áætlað. Samkvæmt upphaflegu áætluninni mundi kosta um 283 millj. kr. að fullgera það, sem nú er eftir af 10 ára planinu, ef það væri fullgert með þeim hætti, sem upphaflega var áætlað. Endurskoðunin leiðir hins vegar í ljós, að þetta sama má framkvæma og þann sama vanda má leysa með 83 millj. kr. minni upphæð að því er stofnkostnaðinn varðar og 25 millj. kr. minna að því er rekstrarafkomu áranna 1960—64 varðar. Byggist þetta á því, að horfið verði frá því að leggja taug frá aðalorkuleiðslu heim á þá bæi, sem mjög eru afskekktir, og byggja þess í stað dísilstöðvar til að fullnægja þeirra þörf. Hefur rannsóknin leitt í ljós, að kostnaður við dísilstöðvar fyrir afskekkta bæi mundi ekki nema um 30 þús. kr. á bæ, þar sem leiðsla frá aðalorkuleiðslunni mundi kosta alltaf ½ millj. kr. á bæ. Það sjá auðvitað allir, sem á þessar tölur líta, að það væri gersamlega óforsvaranlegt að fara að leggja í þann kostnað að eyða ½ millj. kr. á mjög marga sveitabæi til þess að tengja þá við aðalleiðsluna, þegar hægt er að ná nákvæmlega sama árangri með því að eyða ekki nema um 30 þús. kr.

Hv. þm. S-Þ. talaði um, að breyting á upphaflega planinu væri brigð við þá, sem ættu eftir að fá raforkuna. Þetta er alger misskilningur. Hér er ekki verið að vanefna neitt. Hér er verið að standa við þau plön, sem upphaflega voru gerð, en þau eru bara framkvæmd á miklu hagkvæmari hátt fyrir þjóðarbúið en upphaflega var áætlað. Notendur raforkunnar fá nákvæmlega það, sem ætlazt var til í upphafi að þeir fengju.

Hv. þm. S-Þ. sagði, að það væri hnefahögg í andlit fólksins að breyta þessari áætlun svona. Ég verð að segja það, að mér fyndist það þungt og óvægið hnefahögg í andlit fólksins,

ef raforkuplanið væri framkvæmt þannig að eyða 500 þús. kr. á marga sveitabæi til þess að tengja þá, á sama tíma sem hægt væri að leysa hvern einn þeirra með langt innan við 1/10 hluta af þeim tilkostnaði. Þyngra högg væri held ég varla hægt að greiða.

Þá er næsti liðurinn í sambandi við ráðstöfun lánsfjárins. 1. minni hl. leggur til, að til ræktunarsjóðs verði látið ganga 25 millj. kr., en 3. minni hl. leggur til, að þangað fari 30 millj. kr. Till. 1. minni hl. eru hér algerlega byggðar á þeirri áætlun, sem frá ræktunarsjóði sjálfum hefur komið um hans lánsfjárþörf. Framkvæmdabankinn hefur gert um þetta yfirlit fyrir ríkisstj. og aflað sér upplýsinga hjá ræktunarsjóði, bæði um væntanlega útlánaþörf og möguleika um aðrar tekjur. Samkvæmt bréfi Framkvæmdabankans um þetta efni, dags. 16. febr. s. l., til ríkisstj. er aðalniðurstaða þessarar áætlunar sú, að um 24—25 millj. kr. þurfi árið 1959 og um 22—23 millj. kr. þurfi árið 1960 í ræktunarsjóðinn umfram væntanleg lán úr Framkvæmdabankanum til þess að halda uppi þeirri lánastarfsemi, sem sjóðurinn sjálfur áætlar að sé nauðsynleg. 25 millj. kr., sem 1. minni hl. fjvn. leggur til að ræktunarsjóðnum sé áætlað af þessu erlenda láni, eru því aðeins ríflega sú upphæð, sem ræktunarsjóðurinn sjálfur telur sig þurfa að fá á árinu 1959 til þess að geta mætt lánaþörfinni.

Þá leggur 3. minni hl. til, að fiskveiðasjóður fái 25 millj. kr. af þessu erlenda láni, en 1. minni hl. leggur til, að fiskveiðasjóðurinn fái ekki neitt. Hv. form. fjvn. gerði þetta atriði nokkuð sérstaklega að umræðuefni í ræðu sinni áðan. Hann sagði, að það væri ástæðulaust að vera að ætla fiskveiðasjóði nokkurn hluta af þessu láni, vegna þess að forstöðumenn sjóðsins kærðu sig ekkert um að fá neitt af hinu erlenda láni og væri það vegna þess, að forstöðumenn sjóðsins treystu ekki fjármálastjórninni í landinu og byggjust við, að hér yrðu fljótlega þær breytingar á, að lánið yrði sjóðnum óbærilega dýrt, ef hann tæki það nú.

Allar eru þessar fullyrðingar formanns fjvn. á misskilningi byggðar og sömuleiðis till. hv. 3. minni hl. fjvn. Ríkisstj. hefur látið gera athugun á efnahag fiskveiðasjóðsins og athugun á þörf hans fyrir lán. Framkvæmdabankinn hefur gert þessar athuganir og stuðzt þar við upplýsingar frá sjóðnum sjálfum og sérstaklega rætt málið við forstöðumann hans, Elías Halldórsson. Í samráði við fiskveiðasjóðinn eru niðurstöður athugana Framkvæmdabankans í stuttu máli þær, að fiskveiðasjóðurinn mun í árslok 1959 hafa handbæra um það bil 26 millj. kr. innstæðu í Útvegsbankanum og í árslok 1960 um 7 millj. kr. innstæðu í sama banka, án þess að til komi nokkrar lánveitingar til sjóðsins á þessum árum. Það liggja því fyrir ótvíræðar skýrslur um það, að eftir að fiskveiðasjóður hefur fullnægt útlánsþörfinni með eðlilegum hætti, þá á hann í árslok 1959 í sjóði 26 millj. kr. og í árslok 1960 með sama hætti 7 millj. kr. Það væri auðvitað fjarstæða að fara að gera sérstakar ráðstafanir til lána handa fiskveiðasjóði, þegar þannig stendur á, og mjög ósanngjarnt með tilliti til annarra sjóða, sem fullkomna þörf hafa fyrir, að til þeirra sé litið og fram úr þeirra lánum greitt.

Þá á ég aðeins eftir að minnast á eitt þeirra 4 atriða, sem fjvn.-menn greinir á um. Hv. 2. minni hl. fjvn. hefur lagt til, að tekið sé upp í fjárl. annað ákvæði en þegar er inn komið um það, hvernig atvinnu- og framleiðsluaukningarfénu skuli varið. Leggur þessi hv. þm. til, að það sé berum orðum fram tekið í lögunum, að allir umsækjendur án tillits til þess, hvar þeir eru búsettir á landinu, eigi jafnan rétt til lána eða framlaga eftir atvinnuþörf og möguleikum til framleiðsluaukningar. Segist þessi hv. þm. bera þessa till. fram að fenginni reynslu. Telur hann, að úthlutuninni hafi verið svo ábótavant á undanförnum árum, að nauðsynlegt sé að taka hér upp sérstök ákvæði því til varnar, að misnotkun eigi sér ekki stað á úthlutun þessa fjár nú, eins og áður hefur verið. Það mun hafa verið flokksmaður þessa hv. þm., sem í fyrrv. ríkisstj. hafði forustu um úthlutun atvinnuaukningarfjárins, og hann hafði það, sá ráðherra, þá í hendi sinni í ríkisstj. að stöðva úthlutanir, ef hann áliti, að eitthvað væri gert með öðrum hætti en þeim, að hann sjálfur vildi bera ábyrgð á því. Hvað sem því líður, þá get ég fyrir mitt leyti vel tekið undir, að það sé eðlilegt og sjálfsagt, að Alþ. sjálft velji menn til þess að úthluta þessu fé. En hins vegar tel ég, að það sé eins vel fyrir því séð og yfirleitt verður gert með löggjöf, að allir stjórnmálaflokkarnir komi þarna saman við úthlutun fjárins og fari þá fyrst og fremst eftir því og eftir því einu, hvar mest er þörf á atvinnuaukningarfé, en ekki neinum öðrum annarlegum sjónarmiðum.

Ég hygg, að það sé ekki fleira, sem ég sé ástæðu til þess að taka fram í sambandi við það, sem þegar liggur hér fyrir um fjárlfrv. Ég vil leyfa mér að þakka hv. fjvn. fyrir gott samstarf við hana, og þó að n. hafi ekki getað orðið sammála í heild um sínar till., þá hefur hún þó orðið sammála í mjög þýðingarmiklum og veigamiklum atriðum, sem létt hafa mjög undir við afgreiðslu fjárlagafrv.

Eysteinn Jónsson: Ég vil fyrst leyfa mér að þakka n. fyrir það, að hún hefur tekið nokkuð til greina tvær af þeim brtt., sem við þm. S-M. fluttum hér við 2. umr. málsins.

Önnur till. var um að hækka framlag til hafnargerðar á Reyðarfirði, Búðareyri við Reyðarfjörð, og tekur n. inn nokkra hækkun, sem er þó í áttina.

Hin till., sem n. hefur tekið til greina að nokkru leyti, var till. okkar um að hækka framlag til flugvallargerðarinnar í Neskaupstað. Við bentum á það við 2. umr., að ef ætti að hafa þessa fjárveitingu eins og gert var ráð fyrir hjá 1. hv. minni hl. n. og meiri hl. þingsins, þá mundi taka 8 ár að ljúka þessum flugvelli hér frá, en menn höfðu vonazt eftir,

að honum gæti orðið lokið á 3 árum. Enn fremur hefði þá líklega ekkert verið hægt að vinna í sumar með sanddæluskipi því, sem að þessu verki starfar, því að þá hefði fjárveitingin orðið svo lítil, að það hefði sennilega ekki verið talið taka því einu sinni að hafa skipið við þessa vinnu. Nú hefur n. fallizt á að hækka þessa fjárveitingu upp í 500 þús. kr., og vil ég þakka n. fyrir það. En á hinn bóginn bendi ég þó á, að þessi fjárveiting er auðvitað allt of lítil, vegna þess að hún mun ekki endast til þess, að dæluskipið vinni þarna yfir sumarið, eins og verið hefur undanfarið, og því setja þessa áætlun úr skorðum, nema það tækist með einhverju móti að semja um það við flugmálastjórnina í sumar, að hægt væri að halda verkinu áfram upp á einhver býti til haustsins, þótt fjárveitingin sé ekki meiri en þetta. Munum við taka það mál upp við hæstv. ríkisstj., þegar þar að kemur, og svo flugmálastjórnina. En sem sagt, hér hefur verið stigið skref í áttina til þess, sem við lögðum til, og við viljum þakka n. fyrir það og viljum a. m. k. vona, að þessi breyting verði til þess að koma í veg fyrir, að alger stöðvun verði á þessu þýðingarmikla verki.

Varðandi fjármálaafgreiðsluna í heild, þá vil ég í einu og öllu vísa til þeirrar glæsilegu ræðu, sem hv. frsm. 3. minni hl., hv. þm. S-Þ. (KK), flutti um það mál, og hef engu við það að bæta.

Þá vil ég minnast hér á lánamálin nokkrum orðum vegna þess, hve stórfelld þau eru og koma hér til afgreiðslu í sambandi við 3. umr. fjárl.

Ég vil fyrst taka það fram, að það er vitanlega ekki hægt að skilja sundur það, sem kallað er lánið sjálft, og yfirfærslugjaldið af láninu, vegna þess að þetta yfirfærslugjald er í raun og veru aðeins gengisskráning, og þeir, sem taka að láni hér innanlands í erlendri mynt, verða að fá yfirfærslugjaldið með um leið til sín, því að þeir verða að skila láninu aftur í erlendri mynt með yfirfærslugjaldi. Þetta er því alls ekki hægt að skilja í sundur, þó að það sé gert bókhaldslega í till. 1. minni hl. n. og ríkisstj. Þess vegna teljum við alveg eðlilegt, að hv. Alþ. geri nú strax ráð fyrir því, hvernig láninu verði ráðstafað í heild, eins og hv. frsm. 3. minni hl., hv. þm. S-Þ., gerði grein fyrir.

Ég vil aðeins bæta við það, sem hann sagði um fiskveiðasjóðinn. Hv. stjórnarlið segir, að fiskveiðasjóðurinn þurfi ekki meiri peninga en hann hefur. Það eru nú ekki nema 2—3 dagar, síðan ég fór á fund skrifstofustjóra eða forstjóra fiskveiðasjóðsins og vildi fá fyrirheit *um lán fyrir útvegsmann, sem ætlaði að kaupa* sér myndarlegan bát, og svarið var, að það væri ekki hægt að gefa loforð um slíkt, vegna þess að það væri ekki séð, hvort sjóðurinn hefði peninga til þess að lána, þegar til kæmi, að skipið kæmi til landsins, sem átti að verða núna í haust. Þetta skýtur þess vegna eitthvað skökku við. En látum það liggja á milli hluta, hvort fiskveiðasjóðurinn hefur eða hefur ekki peninga á næstu mánuðum til þess að fylla upp í einhverja ímyndaða lágmarksþörf til að lána út á báta til þess að endurnýja bátaflotann og vélarnar í bátunum. Látum það liggja á milli hluta. Hitt er aðalatriði þessa máls, að okkur virðist það alls ekki vera viðeigandi að taka jafngífurlega stórt lán eins og hér er gert ráð fyrir og fyrrv. ríkisstj. hafði undirbúið, án þess að einhver hluti af láninu sé hreinlega notaður til þess að auka skipastól landsmanna og lána til frystihúsaframkvæmda og annarra framkvæmda við sjóinn, sem fiskveiðasjóði er ætlað að standa undir. Og þetta snertir í okkar huga ekkert einhverja þrönga, nánasarlega útreikninga um það, hvort hægt sé með því að skera niður allar lánbeiðnir í þessum efnum, hægt að pína áfram starfsemina einhverja mánuði, án þess að fiskveiðasjóður fái meira starfsfé.

Það er okkar föst skoðun, að af svona stóru láni sé alveg óhjákvæmilegt, að nokkur hluti gangi til uppbyggingar á þennan hátt við sjávarsíðuna. Á því er þessi till. okkar byggð, sem liggur fyrir og kemur hér til atkv. á hv. Alþ.

Ég vil benda mönnum á með fáum orðum, hvernig ástatt er í þessu efni. Ef einhver maður hefði áhuga fyrir því að kaupa myndarlegt fiskiskip, sem ekki yrði talið bátur, og kæmi í fiskveiðasjóð, þá mundi hann vafalaust fá það svar, að það væri ekki hægt að sinna slíku máli þar, ef um skipakaup væri að ræða, eitthvað, sem mætti kalla stærra en venjulega báta. Og þegar nú undanfarið hefur staðið til að eignast slík veiðitæki, þá hefur þurft að fá allt andvirði þeirra að láni erlendis vegna fjárskorts fiskveiðasjóðs. Eftir lögunum um *fiskveiðasjóð er honum ætlað að lána út á* frystihús, en hann hefur sama og ekkert getað lánað út á frystihús undanfarið. Sama er um verbúðabyggingar. Það er ætlazt til, að fiskveiðasjóður láni út á verbúðabyggingar, en hann hefur mjög orðið að halda að sér hendinni um verbúðabyggingalán, ef ekki alveg undanfarið. Þetta er ástandið. Svo heyrum við, að stjórnarliðið kemur hér og segir: Það er alveg óþarfi að gera ráð fyrir því að fiskveiðasjóður fái nokkurn eyri af þessu stóra láni, sem á að taka, því að hann hefur nóga peninga. — Hann hefur nóga peninga. Þetta er nú risið á stefnu stjórnarflokkanna varðandi uppbyggingu sjávarútvegsins. Það er sem sagt þannig ástatt. Það er ekki hægt að fá lán til þess að kaupa stærri fiskiskip í landinu sjálfu, hvergi nokkurs staðar. Það er ákaflega takmarkað, sem hægt er að fá til frystihúsabygginga og annarra fiskiðjuvera við sjávarsíðuna, þótt fiskveiðasjóði sé ætlað það hlutverk. Og svo hef ég rakið um aðrar framkvæmdir. En *þótt þessi mynd sé svona*, þá kemur fram hér yfirlýsing um, að það þurfi ekkert af þessu láni að ætla til fiskveiðasjóðs, hann hafi nóga peninga.

Þetta álít ég ekki hyggilegt. Og við, sem stöndum að þessari till., álítum hitt að öllu leyti betur viðeigandi, að tileinka strax einhvern hluta af láninu þessari stofnun. Og þar með er það ljóst, að þeim peningum er ætlað að ganga til uppbyggingar sjávarútvegsins inn-

an þess ramma, sem starfsemi fiskveiðasjóðsins setur, og sá rammi er alls ekkert þröngur, því að honum er ætlað að hafa afskipti af mörgu varðandi uppbyggingu sjávarútvegsins.

Hæstv. fjmrh. var ekki ánægður með till. okkar um að hafa svona mikið fjármagn í hafnargerðir og taldi helzt, að það mundi geta spillt fyrir málinu. Ég veit hreint ekkert, hvað liggur að baki þeirra ummæla hjá hæstv. ráðh. Mér er það alveg ráðgáta. Hann sagði enn fremur, að þegar ég hefði verið að undirbúa þetta mál í haust í fyrrv. ríkisstjórn, þá mundu hugmyndir mínar ekki hafa verið þær að láta 50 millj. í hafnargerðir. Hér er um einhvern mikinn misskilning að ræða hjá hæstv. ráðh. Í fyrsta lagi var í fyrrv. ríkisstj., eins og margtekið hefur verið fram, alls ekki búið að ákveða neitt sundurliðun á láninu. En ég þori ekkert að segja um, hvort það var farið að nefna nokkrar tölur. Ég man það sem sé ekki upp á víst, hvort farið var að nefna nokkrar tölur um það í ríkisstj. Hitt veit ég, að mínar hugmyndir um skiptinguna á láninu voru ævinlega nálægt því, sem ég o. fl. lögðum til í þáltill., sem núna liggur hjá fjvn. En nú raskast okkar afstaða af því, að nú gerum við ráð fyrir að vera með því, að meira fari í raforkuáætlunina en þar var gert ráð fyrir, vegna þess að stjórnarliðið hefur skorið niður framlögin til raforkuáætlunarinnar á fjárl. Og þá höfum við lækkað nokkuð á móti til hafnargerðanna og fiskveiðasjóðsins, en álítum nauðsynlegt, að fiskveiðasjóðurinn verði efldur á þá lund, sem ég hef lýst, og átak verði gert í hafnarmálunum samkv. okkar till.

Þá vil ég minnast nokkuð á þau nýju stórtíðindi, sem nú hafa komið fram í raforkumálunum og eru sannast að segja einhverjar nýstárlegustu fréttir, sem lengi hafa borizt af þjóðmálasviðinu. Það byrjaði með því í dag, að hv. 2. þm. Eyf., frsm. stærsta minni hl. og stjórnarflokkanna, fór að tala um, — það var inngangurinn, — að það hafi verið dregið undanfarið úr framkvæmdum raforkuáætlunarinnar. Þetta er slíkt öfugmæli hjá hv. þm., eins og honum hlýtur að vera ljóst, að framkvæmd áætlunarinnar hefur þvert á móti gengið hraðara núna undanfarið en í upphafi var gert ráð fyrir og miklu hraðara en nokkur maður hafði lengi gert sér vonir um, enda sést það náttúrlega bezt á því, að til þessara mála var á síðasta ári varið eitthvað rúmlega 100 millj. kr., en samkv. þessari nýju áætlun, sem nú er verið að segja fréttir af og hrósa, ætlast stjórnarliðið til þess, að framkvæmdir verði fyrir 40 millj. kr.

Þessir menn hafa náttúrlega ráð á því að tala um, að undanfarið hafi menn hægt á sér í framkvæmd raforkuáætlunarinnar, en nú eigi að herða róðurinn eða a. m. k. ekki minnka skriðinn, — menn, sem ætla að lækka framkvæmdirnar í heild úr 100 millj. niður í 40 frá því, sem þær voru árið áður.

En þegar hv. 2. þm. Eyf. hafði svo greint frá þessu, — þetta var eins konar inngangur, — þá fór hann að segja fréttir af nýrri áætlun, sem hefði verið gerð um raforkumálin, og hæstv. ráðh. hélt þessari lýsingu á hinni nýju, „stórfelldu“ áætlun áfram. Og það var ekkert um að villast, að í því, sem hv. 2. þm. Eyf. sagði, og því, sem hæstv. ráðh. sagði, kom fram, að þetta er sú nýja áætlun, sem stjórnarliðið ætlar að láta koma í staðinn fyrir tíu ára rafmagnsáætlun dreifbýlisins. Þessir hv. þingmenn, þessi hv. þm. og hæstv. ráðh. sögðu, að þessari áætlun væri hagað þannig, að það ætti ekki að draga úr framkvæmdum frá því, sem áður hefði verið, og sérstaklega sögðu þeir um framkvæmdir ársins í ár, ársins 1959, að þrátt fyrir niðurskurðinn, sem gerður hefur verið á framlögum til raforkumálanna, þá ættu framkvæmdir í ár að vera það miklar, að raforkuáætlunin teðist ekki. Og hæstv. ráðh. sagði, að það væri gert ráð fyrir jafnmiklum virkjunum og í upphafi voru áætlaðar. En hvernig stenzt þetta samanburðinn við raunveruleikann? Það stenzt þannig, að samkv. þessari nýju áætlun, sem menn verða víst að telja eftir umr., sem hér hafa farið fram, að sé ætlun þeirra að framkvæma, þá eru raforkuframkvæmdir skornar niður á þessu ári um 30—40 millj. kr. frá því, sem þær voru fyrirhugaðar í tíu ára áætluninni á þessu ári, sem nú er að líða. Síðan er gert ráð fyrir að halda niðurskurðinum áfram á næstu árum.

Og raunar, eins og ég sagði áðan, þá er það, sem gerist, það, að raforkuáætlunin, sem áður hafði verið gerð af fyrrv. ríkisstj., er felld úr gildi og önnur áætlun sett í staðinn. Og þessi niðurskurður á raforkuáætluninni, sem ráðgerður er samkv. þessari nýju áætlun og er kallaður sparnaður í öðru orðinu, en í hinu orðinu framkvæmdir, sem eigi að fresta, nemur 88 millj. kr. samkv. því, sem talsmenn þessarar nýju áætlunar upplýsa sjálfir. Og þetta liggur í því, að það er ráðgert að hætta við að tengja fjölmörg byggðarlög víðs vegar um landið raforkuveitum ríkisins. Það er ráðgert að hætta við þetta a. m. k. í bili, eins og sagt er, en að lappa í þess stað upp á eldri dísilstöðvar víðs vegar um landið til bráðabirgða. Það, sem þeir kalla sparnað, liggur í þessu, að það er hætt við þá áætlun, a. m. k. fyrst um sinn, að tengja byggðirnar saman, en þess í stað farið inn á þá braut að lappa upp á eldri dísilstöðvar og jafnvel koma upp einhverjum nýjum dísilstöðvum til bráðabirgða í staðinn. Með þessu er verið að gerbreyta öllu raforkumálinu og tortíma þeirri eldri áætlun gersamlega, eins og allir sjá. Og við þetta verður stórfelld breyting, því að einmitt tengingarlínurnar milli byggðarlaganna áttu að vera grundvöllur að mikilli dreifingu rafmagnsins síðar meir, sem átti að byggjast á þessum tengingarlínum, jafnhliða því sem þær áttu vitanlega að vera uppistaðan í því, að þorpin og þéttbýlissvæðin víðs vegar um landið fengju einmitt sitt rafmagn frá rafmagnsveitum ríkisins. Þessu er öllu kippt í burtu, eins og áætlunin liggur fyrir núna, og ýmist er það kallað sparnaður og gefið í skyn, að þetta eigi að falla alveg niður, eða þá að þessu eigi að fresta. Það er þetta, sem hæstv. ráðh. kallaði sparnað og þessar 88 millj. kr. hefðu verið kostnaður, sem

hefði átt að leggja í vegna afskekktustu bæjanna í landinu, og var hann að reikna út í því sambandi sem svaraði til 500 þús. kr. kostnaði á sveitabæ. Hér er annaðhvort um að ræða svo undarlega vanþekkingu hæstv. ráðh. á því, hvað átti að gera, að furðu sætir, eða einhverjar hinar verstu blekkingar, sem hægt er að hugsa sér. Ég hef aldrei heyrt nokkurn mann bera sér það í munn, að þessar tengingarlínur, þar sem byggðarlögin voru tengd við aðalorkuveiturnar víðs vegar á landinu, væru lagðar eingöngu vegna tiltölulega fárra sveitabæja. Þær átti að leggja til þess að fullnægja raforkuþörf fjölmargra bæja og kauptúna frá aðalorkukerfinu í fyrsta lagi og í öðru lagi til þess að verða svo í framhaldi af því grundvöllur að dreifingu raforkunnar út um sveitirnar, sumpart á þessum tíu árum, sem upphaflega voru tiltekin, þegar tíu ára áætlunin var gerð, og sumpart síðar, alveg eins og landssíminn hefur verið byggður þannig út, að smátt og smátt hafa fleiri og fleiri fengið landssímann frá landssímalínunum. Þannig var vitaskuld hugsunin, að með tímanum gæti það orðið þannig, að fleiri og fleiri sveitabæir fengju rafmagn út frá þessum meginlínum.

Þessu er meiningin að kasta öllu saman fyrir borð og kalla þetta sparnað, en taka í staðinn upp þá stefnu, eins og ég sagði, að lappa upp á dísilstöðvarnar, sem í öðru orðinu er sagt að eigi að vera til bráðabirgða, en í hinu orðinu er túlkað eins og framtíðarsparnaður.

Í þessum umr., sem nú eru orðnar, er talað um raforkuáætlun dreifbýlisins, sem hefur verið það mál, sem Sjálfstfl. hefur gumað allra mest af á síðari árum að hafa tekið þátt í og taldi sig eiginlega upphafsaðila að, það er talað um hana núna eins og einhverja fjarstæðu, fullkomna fjarstæðu, sem menn hafi ætlað að ana út í að framkvæma. Það er ekki lengi að breytast veður í lofti.

Varðandi þessa nýju áætlun, sem gerð er, að því er manni skilst, af embættismönnum raforkumálastjórnarinnar og vafalaust í samráði við ríkisstjórnina og stjórnarflokkana, eins og nú er komið fram, segir raforkumálastjóri, — það er í bréfi frá honum, þar sem hann ræðir nokkuð um þessa alveg nýju stefnu í þessum málum, — hann gerir grein fyrir því, að þessi lækkun á áætluninni liggi í því, að það verði þurrkaðar út þessar stóru tengingarlínur: samtenging Skagafjarðar og Eyjafjarðar, veitan frá Laxárvirkjun um Norðausturland, samtenging Laxárvirkjunar og Grímsárvirkjunar, tenging Vopnafjarðar, Bakkagerðis og fjarðanna sunnan Fáskrúðsfjarðar við Grímsárvirkjun, tenging Víkur og Mýrdals við Sogsvirkjun, tenging Dalasýslu við Laxárvirkjunina sunnan eða norðan og tenging Stykkishólms við Rjúkandavirkjun. Þessu á öllu að kasta burtu og tjasla í dísilstöðvarnar í staðinn. Síðan segir í þessari grg. og er þar vísað í aðra grg., sem á undan sé komin 7. marz, með leyfi hæstv. forseta:

„Í þeirri grg. skýrðum við loks frá því, að lagning a. m. k. sumra framangreindra veitna mundi vafalaust verða tímabær síðar meir, þó að hún væri það ekki næstu árin, og enn fremur, að það þýðir á engan hátt fráhvarf frá notkun vatnsafls, þótt fyrst um sinn sé stuðzt nokkru meira við dísilafl en upprunalega áætlunin gerir ráð fyrir.“

Hér er sem sagt alveg greinilegur fyrirvari af hendi embættismannanna, sem vinna að þessu máli, að menn megi ekki halda, að það sé hægt að spara allar þessar framkvæmdir, að þetta sé nettólækkun á áætluninni, heldur sé stefnan sú, að þessu sé skotið á frest, en í staðinn tekin upp hin stefnan til þess að spara peninga í bili, til þess að lækka það, sem útlagt er í bili, sú stefnan að dytta að eða endurbæta og auka dísilstöðvarnar. Þess vegna er þetta tal hv. 2. þm. Eyf. og hæstv. ráðh. um það, að hér hafi verið fundin einhver leið til þess að ná sama árangri fyrir landsmenn með stórkostlegum sparnaði, allt saman gersamlega út í bláinn og styðst ekki við neina faglega umsögn, — síður en svo, — sem málinu fylgir.

Þar með er ég ekki að fullyrða það, að ekki hefði getað komið til greina og komi ekki til greina að breyta í einhverju því, sem áður hafði verið fyrirhugað í þessu tilliti. En hitt er alveg óforsvaranlegt og með engu móti verjandi, að kasta tíu ára áætluninni algerlega fyrir borð, eins og hér er gert, og taka upp allt aðra og nýja stefnu, sem er byggð á því að hreinsa út úr áætluninni allar þessar línur og setja í staðinn þá stefnu að dytta upp á dísilstöðvarnar. Það er að drepa tíu ára raforkuáætlunina hreinlega og tortíma henni og gera aðra nýja áætlun í staðinn, sem er byggð á allt öðrum grundvelli og er engin tíu ára áætlun, því að ef þessu yrði fram haldið, sem hér er stefnt til, þá mundi á næstu fimm árum verða lokið við að tjasla í dísilstöðvarnar og eitthvað byggt út af línum smávegis frá þeim til einstakra bæja, en þá væri á hinn bóginn allt hitt eftir, sem þyrfti að gera að tengingunum, og allar raunverulegar frambúðarráðstafanir til þess að útvega orku á þessi stóru svæði. Frambúðarráðstöfunin er alls ekki sú að hafa aðeins dísilstöðvar, heldur hitt, að koma byggðalögnunum, eins og upphaflega var gert ráð fyrir, sem allra mest í samband, þó að það ætti kannske ekki að vera í öllu nákvæmlega eins og gert var ráð fyrir.

Þetta er vitanlega engum ljósara en forráðamönnum raforkumálanna, og þess vegna láta þeir að sjálfsögðu þessa greinilega getið, að menn verði að líta á þetta aðallega sem frestun. En hitt vita menn upp á hár auðvitað, að þau pólitísku öfl, sem standa að þessu, líta ekki á þetta sem frestun. Þau ætla sér að láta þetta verða varanlegt ástand, að menn tjaslist við dísilstöðvarnar. Það er auðvitað þeirra ætlun, og er alveg í samræmi við það, sem þeir eru yfir höfuð að fara í málefnum þessara héraða, sem hér eiga hlut að máli. En þeirra sjónarmið á ekkert skylt við sjónarmið þeirra manna, sem vinna að þessum málum blekkingalaust og frá faglegu

sjónarmiði og gera aðeins áætlanir samkvæmt þeim fyrirmælum, er þeir fá um meginstefnuna.

Það er enginn vafi á því, að frá sjónarmiði þeirra í stjórnarflokkunum, sem standa fyrir þessari árás á 10 ára raforkuáætlunina, á svo við þetta að sitja. En það er engin 10 ára áætlun og engin lausn, heldur aðeins bráðabirgðaráðstafanir, eins og fagmennirnir segja.

Fagmennirnir, sem vinna að þessum málum, höfðu sagt okkur í fyrrv. ríkisstj. frá því, að ef menn skorti algerlega fé, ef alls ekki væri hægt að útvega fé í 10 ára áætlunina, þá væri til einn neyðarútgangur, — ég þori þó ekki að ábyrgjast, að þeir hafi orðað það þannig, — einn neyðarútgangur og aðeins einn, og hann væri sá að fara inn á þá braut að tjasla upp á dísilstöðvar til bráðabirgða og fresta eða fella niður um ófyrirsjáanlegan tíma einn höfuðþáttinn úr 10 ára áætluninni.

Við vissum vel í fyrrv. stjórn, að þarna var neyðarútgangurinn, en það var ekki stefna fyrrv. ríkisstj. að notfæra sér þennan neyðarútgang. Hennar stefna var sú að halda við 10 ára áætlunina í raforkumálum og svíkja ekkert í því efni. Þess vegna brauzt fyrrv. stjórn í því að taka raforkuáætlunina inn í lánaumleitanirnar, sem stóðu fyrir dyrum. Og sannleikurinn er sá, að ef unnið hefði verið svikalaust að þessu máli, ekkert skorið niður á fjárl. og aðrir tekjuöflunarmöguleikar notaðir og notað af erlenda lánsfénu, þá þurfti ekkert að bregða fæti fyrir 10 ára áætlunina, það var hægt að halda henni áfram.

En nú er fleira í þessu máli, sem veldur furðu, þegar farið er að skoða þessa áætlun, sem gerð hefur verið, sumpart um framkvæmdir og sumpart um fjáröflun, og bera hana saman við það, sem áður hafði verið fyrirhugað. Að vísu hefur mjög takmarkaður tími gefizt til þess að athuga hana, því að þetta kom ekki fram fyrr en í gær og menn hafa verið mjög uppteknir við önnur störf og vantar enda upplýsingar um sum einstök atriði. Eitt mjög þýðingarmikið atriði kemur í ljós, og það er, að stjórnarliðið lætur ekki reikna með því, að íslenzkir bankar leggi fram nokkurt fé til raforkuáætlunarinnar 1959, á þessu ári. En þó er þannig ástatt, að þegar raforkuáætlunin var fyrst sett upp af stjórn Steingríms Steinþórssonar og um hana samið af Framsfl. og Sjálfstfl., var einmitt gerður samningur við íslenzka banka um að leggja fram lánsfé til raforkuáætlunarinnar. Og þetta var sá megingrundvöllur fjárhagslega séð, sem raforkuáætlun dreifbýlisins var byggð á. Samkvæmt þessum samningi áttu að koma á þessu ári 14 millj. kr. inn í áætlunina. En nú er þetta strikað út. Það er alls ekki gert ráð fyrir því, að þetta fé komi frá bönkunum til raforkumálanna. Engum dettur í hug að halda, að embættismenn í raforkumálaskrifstofunni hafi tekið það upp hjá sér að fara að strika út slíkan póst úr tekjumöguleikum raforkuáætlunarinnar. Slík útstrikun getur ekki verið gerð nema eftir fyrirsögn stjórnarvaldanna, sem þessum málum ráða. Það er óhugsandi annað, þegar af þeirri ástæðu, að vitanlega er það með forráðamenn raforkumálanna eins og aðra menn, sem þýðingarmikil efni eru fengin til forráða, að þeir vilja náttúrlega sem allra mest draga fram sínar framkvæmdir, og er ekki nema gott um það að segja. Það hefði því vitanlega aldrei hvarflað að þessum mönnum að fara að sleppa þessum lið niður. Það er því alveg augljóslega einn liður í áætlun stjórnarflokkanna að fella það niður að taka 14 millj. úr íslenzkum bönkum inn í raforkuáætlunina á þessu ári, og þá kemur í ljós, að niðurskurðurinn í raforkumálunum á ekki aðeins að vera þessar 10.7 millj., sem skornar voru niður á fjárl., það á líka að skera niður 14 millj. kr. framlag íslenzkra banka í þokkabót. Niðurskurðurinn á þessum tveimur póstum á að vera nærri 25 millj. kr., enda gefur heildarniðurstaðan auga leið. Hún er sú, að framkvæmd áætlunarinnar fyrir árið 1959 er skorin niður um á milli 30 og 40 millj. kr. frá því, sem gert var ráð fyrir í 10 ára áætluninni. Svo koma talsmenn stjórnarliðsins og segja, að nú sé staðið við allt, sem gert hafi verið ráð fyrir, og fulltryggt, að það verði ekki minni framkvæmdir í raforkumálunum á þessu ári en raforkuáætlunin ráðgerði.

Þessu vil ég mótmæla. Ég mótmæli kröftuglega þessum vinnubrögðum öllum saman, og það er ekki hægt að sjá annað og er augljóst af þessu, sem hér hefur komið fram, að hér eru í uppsiglingu miklu stórkostlegri svik í raforkumálunum en menn höfðu látið sig dreyma um að gætu komið til mála.

Og það tekur alveg steininn úr í þessu máli, að bráðabirgðastjórn, sem sett er upp og lýsir því yfir, að hún hafi það hlutverk eitt að hanga, á meðan kjördæmamálið er afgreitt, hanga til næsta hausts, — að hún telur sig þess umkomna, auðvitað á útgerð og ábyrgð Sjálfstfl., að taka raforkuáætlun dreifbýlisins án þess að spyrja þingið nokkuð að því og umturna henni gersamlega, afnema hana og setja í staðinn alveg nýja áætlun, sem er byggð á allt annarri stefnu, sem aldrei hefur svo mikið sem komið til umr. á Alþingi fyrr. Og um þetta fá menn ekki vitneskju, fyrr en þetta er togað með töngum út úr stjórnarliðinu í sambandi við afgreiðslu fjárl. Og svona ætlar Sjálfstfl. að fara með raforkuáætlunina „sína", sem hefur verið eitt höfuðáróðursefni flokksins á undanförnum árum.

Það, sem hér liggur fyrir, því miður, og það er sorglegt að þurfa að trúa því, virðist vera það, að stjórnarflokkarnir, Alþfl. og Sjálfstfl., ætla að umturna allri framkvæmd 10 ára raforkuáætlunar dreifbýlisins og hafa látið búa til alveg nýja áætlun, sem er byggð á eftirfarandi:

Að skera niður raforkuframkvæmdir þessa árs um 30—40 millj. kr.

Að hætta við að tengja byggðarlögin víðs vegar um landið raforkuveitum ríkisins og taka fjölda aðalorkuveitna út úr planinu, en lappa þess í stað upp á dísilstöðvarnar, en viðurkenna þó, að þessar tengilínur verði að koma seinna.

Að telja þessar aðfarir 88 millj. kr. sparnað í heild á raforkuáætluninni og gera þá hreinlega ráð fyrir því, að þessar tengingar verði aldrei framkvæmdar, en búið við dísilstöðvabaslið til frambúðar.

Þetta er í framhaldi af 107.7 millj. kr. niðurskurði á framlögum til raforkumála á fjárl., og í áætlunum, sem liggja fyrir, er auk þess gert ráð fyrir því, að felldur verði úr gildi samningurinn við íslenzka banka um lán í áætlunina, sem gerður var af stjórn Steingríms Steinþórssonar og planið upphaflega byggt á. Þetta nemur 14 millj. kr. á þessu ári.

Þetta eiga að verða efndirnar á alveg nýju loforði stjórnarflokkanna um, að niðurskurður á raforkufé eigi engin áhrif að hafa á framkvæmd raforkuáætlunarinnar.

Afnám 10 ára raforkuáætlunarinnar og þessar fyrirhuguðu ráðstafanir þess í stað munu víða eyðileggja þann grundvöll, sem lagður var í 10 ára áætluninni fyrir dreifingu raforku víðs vegar um landið.

Ég vil að lokum enn á ný mótmæla alveg þessum aðförum sem algerlega óþingræðislegum. Það er algerlega óþingræðislegt, ef svona verður á málum haldið, að það verði án þess að bera málið undir Alþingi gerbreytt og umturnað þessari áætlun, sem búið er að hafa í gildi mörg undanfarin ár og menn eru í aðaldráttum farnir að treysta. Ég mótmæli því sem alveg óþingræðislegri málsmeðferð, að þannig sé á haldið, ekki sízt þegar þar stendur á bak við ríkisstj., sem telur sig og er bráðabirgðastjórn. Og ég mótmæli því jafnt fyrir því, þó að stærsti flokkur landsins gerist meðábyrgur að þessu pukri, að vega þannig í pukri að þeirri áætlun, sem hann hefur sjálfur átt þátt í að semja og mest haldið á loft undanfarin ár. Það er engin eðlileg þingræðisvenja, að þannig sé haldið á stærstu málefnum landsins. Og alveg sérstaklega vil ég mótmæla því, án þess að málið fái eðlilega þingmeðferð og það í löggjafarformi, að samningaumleitanir út á við um lánsframkvæmdir verði byggðar á þeirri nýju áætlun, sem gerð er með þessum hætti. Ég krefst þess, að slíkar lánaumleitanir fari fram á grundvelli þeirrar 10 ára raforkuáætlunar, sem í gildi hefur verið, og ef menn sjá ástæðu til þess að breyta henni, þá verði það gert á þingræðislegan hátt með því að taka málið fyrir á Alþingi og endurskoða þá löggjöf og önnur atriði, sem hér að lúta.

Ég mótmæli þessum vinnubrögðum hæstv. ríkisstj. og Sjálfstfl.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Ég ætlaði að leyfa mér að bera fram eina fsp. til ríkisstj., sé nú ekki neinn hæstv. ráðh. viðstaddan, en væri æskilegt, að einhver þeirra, helzt hæstv. forsrh., gæti hlýtt á mál mitt. — Jú, þarna er hæstv. fjmrh.

Afgreiðsla fjárl. gefur í sjálfu sér tilefni til langra umræðna. Ég ætla þó ekki að ræða það mál almennt, og þær till., sem ég hef lagt fyrir fjvn., hafa fengið tiltölulega góða afgreiðslu hjá n., og þakka ég henni fyrir það.

En það eru þær umr., sem hér hafa orðið í sambandi við rafmagnsmál og raforkuáætlun dreifbýlisins, sem eru ástæða þess, að ég tel mér nauðsynlegt og skylt að segja hér nokkur orð um þann þátt þeirra mála, sem snýr að því kjördæmi, sem ég er fulltrúi fyrir.

Þegar ríkisstj. Steingríms Steinþórssonar var mynduð á árinu 1953, þá var það eitt meginatriðið í þeim málefnasamningi, sem Framsfl. og Sjálfstfl. gerðu þá sín á milli, að gera úr garði 10 ára áætlun um framkvæmdir í raforkumálum í landinu. Síðan hefur verið unnið að framkvæmd þessara mála í samræmi við þessa áætlun með mikilli atorku af hálfu raforkumálaskrifstofunnar og þeirra manna, sem hún hefur í þjónustu sinni.

Nú hefur það komið fram í þessum umr., að fyrirhugað væri að gera breytingar á framkvæmd þessara mála, en það hefur ekki legið fyrir hér á hv. Alþingi fyrr en nú í sambandi við afgreiðslu fjárlaga.

Það mátti skilja á orðum frsm. 1. minni hl. fjvn., hv. 2. þm. Eyf. (MJ), að það lægi nú þegar fyrir endurskoðuð áætlun um framkvæmd þessara mála, og af orðum hans var helzt að ráða, að samkvæmt þeirri áætlun mundi fólkinu verða veitt eins góð eða betri þjónusta en samkvæmt eldri áætluninni og auk þess yrði um verulegan sparnað að ræða.

En af ræðu annars frsm. minni hl. fjvn., þ. e. a. s. þm. S-Þ. (KK), mátti ráða ýmislegt, sem benti til þess, að nokkur óvissa væri um, hvað þessi nýja áætlun fæli í sér, a. m. k. á vissum sviðum. En ég og þm. almennt munu ekki hafa haft tök á því að hafa þessi skilríki með höndum, sem kölluð er hin endurskoðaða áætlun um þessi mál. Og í ræðu hv. 1. þm. S-M. (EystJ) komu nú raunar fram enn fyllri rök fyrir því, að hér muni vera fyrirhugaðar mjög stórvægilegar breytingar á ýmsum sviðum í þessu efni.

Ég tel mér skylt af þessu tilefni að segja nokkur orð um þetta í sambandi við framkvæmdir á þessu sviði í því kjördæmi, sem ég er fulltrúi fyrir.

Þessum málum er þannig háttað þar, að í þorpinu á Höfn í Hornafirði er dísilstöð, sem orðin er nokkurra ára og er í raun og veru þegar orðin ófullnægjandi fyrir þorpið, þó að ekki sé hugsað til þess að leiða það til nokkurra sveitabæja. Kauptúnið er mjög vaxandi þorp með aukinni útgerð og auknum iðnaði. Þetta kallar á aukna raforkuþörf, bæði fólksfjölgunin, ný heimilamyndun og fiskiðnaðurinn, sem er í örum vexti, og auk þess hafa opinberir aðilar staðið fyrir framkvæmdum í þorpinu, sem krefjast raforku. Vil ég í því efni nefna endurvarpsstöð á vegum útvarpsins og þráðlaust samband símans vegna talsambands milli Reykjavíkur og Austurlands, en einmitt í sambandi við þá framkvæmd hafa verið sett upp tæki á Hornafirði, sem krefjast raforku.

Nú er það svo, að samkvæmt 10 ára áætluninni frá 1953 er fyrirhugað að virkja fyrir fjóra hreppa Austur-Skaftafellssýslu, þ. e. a. s.

meginhluta héraðsins, Smyrlabjargafoss í Suðursveit, og heimild til þess er veitt í lögum frá 1952, en þar segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta, að „ríkisstj. er heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins að virkja Smyrlabjargaá í Austur-Skaftafellssýslu til raforkuvinnslu í allt að 1000 hestafla orkuveri og leggja frá því aðalorkuveitur til Hafnarkauptúns og um nálægar byggðir."

Ég vil taka fram, að síðar, eftir að þessi lög voru sett og eftir að mælingar höfðu farið fram á vatnsmagni árinnar, þá var gert ráð fyrir, að hægt yrði að virkja þarna jafnvel meiri orku en greint er í þessari lagagrein.

Samkvæmt 10 ára áætluninni var ráðgert, að þessar framkvæmdir í Austur-Skaftafellssýslu yrðu leystar af hendi á árunum 1958, 1959 og 1960, — þeim yrði lokið í árslok 1960. Við þetta hefur að öllu leyti verið staðið af fyrrv. ríkisstj., þannig að hér er ekki einungis um lagaheimild að ræða, ekki loforð, sem eru orðin ein, heldur er þegar byrjað á undirbúningsframkvæmdum, því að á árinu 1958 var lagt fram af því fé, sem þá var dregið saman í raforkuáætlunina, nokkur fjárhæð sem byrjunarframlag í þessar framkvæmdir. Fyrir þá fjárhæð var lagfært á virkjunarstaðnum dálítið, lagður vegarkafli að virkjunarstaðnum og keypt nokkuð af efni til virkjunarinnar. Pípurnar, sem eru alllangar og liggja upp fjallshlíð, sem mun hafa yfir 100 metra fallhæð, eru komnar austur og búið að flytja þær á virkjunarstað. Eitthvað af öðru efni er komið í þorpið á Hornafirði, og ég hef það fyrir satt, að það sé búið að kaupa vélarnar í þetta fyrirhugaða orkuver og þær séu hér í Reykjavík.

Nú þykir mér ástæða til í sambandi við þær umr., sem hér hafa farið fram, og í sambandi við þá endurskoðuðu áætlun í raforkumálum, sem gerð er grein fyrir á þessum fundi að fyrir liggi, að bera fram til hæstv. ríkisstj. og þá einkum þess ráðh., sem fer með rafmagnsmál, þessa fsp.:

Er fyrirhugað af hálfu ríkisstj. að gera breytingar á framkvæmd rafmagnsmála í Austur-Skaftafellssýslu? Og ef svo er, í hverju eru þær breytingar fólgnar?

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Á þskj. 449 flyt ég ásamt hv. 2. landsk. þm. tvær till., og er sú fyrri um styrk til Björgunarfélags Vestmannaeyja til kaupa á björgunartækjum, 200 þús. kr., og hin síðari við 20. gr., að framlag til Vestmannaeyjaflugvallar sé 1200 þús. kr. í stað 600 þús., sem virðist hafa verið ráð fyrir gert af meiri hl. eða ráðandi hluta í hv. fjvn.

Ég þarf ekki að bæta við rök hv. samþm. míns, hv. 2. landsk. þm., þessi mál snertandi. Ég hlustaði á hans ræðu um þau í dag og fann og skildi, að hann taldi þar fram sömu ástæður, sem fyrir okkur báðum vöktu og vaka í þessu efni, og ég vil nota þetta tækifæri til að láta í ljós þakklæti mitt til hv. 2. landsk. þm. fyrir að hafa haft forgöngu að málafærslu okkar fyrir þessum báðum till. fyrir hæstv. Alþ., og ég vona, að ráðamenn fyrir fjárlagaafgreiðslunni, og þeir flokkar, sem þar að standa, taki til greina þau rök, sem fram hafa verið talin í þessum málum og mér þykir óþarfi að endurtaka, vegna þess að þau eru hin sömu, sem ég sjálfur mundi hafa talið fram, ef því hefði verið að skipta. Ég vona, að hv. n. eða sá ráðandi hluti í n., sem getur gefið úrslitaatkvæði í þessu efni, hafi látið sannfærast um, að hvort tveggja málið er brýn nauðsyn fyrir Vestmannaeyjakaupstað.

Þegar 2. umr. um þetta fjárlagafrv. fór hér fram á hæstv. Alþ., lá ég rúmfastur, eins og komið hefur fyrir fleiri nú í flensunni, og gat þess vegna ekki mætt við umr. eða við atkvgr. Ég átti eina brtt. sérstaklega, sem ég hafði mikinn hug á, við 22. gr., og hún er varðandi sjómannaheimili í Vestmannaeyjum. Sökum þess, hvernig á stóð og ég taldi mig sjálfan óvígan að mæta til að standa að því máli, sendi ég skilaboð til hæstv. forseta um að biðja hann að taka þá till. til frestunar til 3. umr., hvað hann og gerði. Hef ég því leyft mér að flytja hana nú að nýju, þó ekki alveg eins og þá hina fyrri, en breyt. er í þá einu átt, að hún á að gera hæstv. Alþ. hægara fyrir með að samþykkja hana en ella mundi. Skal ég víkja nokkuð að því máli síðar. En áður en þar að kemur, vildi ég mega minnast á það, meðan á þessari umr. stendur, að ég hef verið talsvert áhyggjufullur af að hlusta á þær umr. um raforkumálin, sem fram hafa farið núna síðustu stundirnar í þingsalnum, og þó að ég ekki geti fellt neinn úrskurð um það mál í bili, hafandi líka lítil gögn í því efni í höndum, þá verð ég að segja, að bæði Vestmanneyingar og aðrir nágrannar okkar eru þannig staddir í rafmagnsmálum, að þeir hafa sett miklar vonir til hinnar miklu tíu ára áætlunar, sem sett var í samstjórnartíð framsóknarmanna og sjálfstæðismanna, og var þá Steingrímur Steinþórsson, að ég held, forsrh.

Sú tíu ára áætlun fól í sér það fyrirheit m. a. til Vestmanneyinga, að þeirra raforkumálum yrði kippt í lag innan ramma þessarar áætlunar, og þótt okkur á þeim tíma þætti nokkuð langt til stefnu að fá að komast í samskonar raforkusamband við stórar raforkuveitur og sum önnur héruð landsins, t. d. Suðurnesin, þar sem raforkan hefur verið tengd í hverja vík og vog og inn á hvert heimili núna fyrir löngu, þá vorum við hv. 2. landsk. þm., sem höfum haft þennan tíma málefni Vestmannaeyja sérstaklega á samvizkunni, sammála um að reyna að gera okkar ýtrasta til þess að fá því verki hraðað, þannig að tíu ára áætlunin hvað snertir Vestmannaeyjar stæðist a. m. k., ef ekki væri hægt að flýta henni eitthvað frekar. Af því tilefni fluttum við — að ég held á síðasta þingi — þáltill., sem hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hraða svo sem unnt er lagningu rafveitulínu frá Hvolsvelli til Vestmannaeyja samkv. heimild í l. nr. 65 1956, sbr. lög nr. 53 1954 og lög nr. 5 1956, þannig að sú orkuveita verði tilbúin til afnota ekki síðar en haustið 1959."

Í grg. var fram tekið þetta m. a.:

„Þegar á árinu 1952 samþykkti Alþ. að heimila ríkisstj. að fela rafmagnsveitum ríkisins að leggja aðalorkuveitu úr Landeyjum til Vestmannaeyja, og var um leið ríkisstj. heimiluð lántaka í þessu skyni.

Þótt enn hafi eigi mikið úr framkvæmdum orðið, má þess þó geta, að athugun á skilyrðum fyrir lagningu sæstrengs fyrir raforkuveitu þessa milli lands og Eyja hefur fram farið, að sögn með jákvæðum árangri.

Í tíu ára áætlun rafmagnsveitna ríkisins er ráð fyrir því gert, að Vestmannaeyjaveitunni verði komið á á árinu 1960. Það er að vísu að margra manna áliti nokkru lengri biðtími en æskilegt væri fyrir jafnþýðingarmikla framleiðslustöð og Vestmannaeyjar eru að komast í samband við aðalraforkuveitu Suðurlands. En hugsanlegt er, að sú orka Sogsins, sem þegar er virkjuð, næði skammt til að fullnægja orkuþörf Vestmannaeyja eins og er í viðbót við allar aðrar kröfur þess svæðis og fyrirtækja þar um raforku, sem þegar eru til hennar gerðar.

Nú er talið, að hin nýja Sogsvirkjun — Efra-Sogsvirkjunin — muni taka til starfa seint á árinu 1959, og er þá víst, að þá mun næg orka verða fyrir hendi til þess að fullnægja m. a. raforkuþörf Vestmannaeyja. Mundi þar af leiðandi hagkvæmt fyrir báða aðila, raforkuveituna og Vestmanneyinga, að svo vel væri framkvæmdum komið á veg, þegar Efra-Sogsvirkjun tæki til starfa, að tenging Vestmannaeyja við Sogskerfið gæti þá þegar tafarlaust átt sér stað.

Til þess að það geti orðið, er nauðsynlegt að afla sæstrengsins og leggja hann milli lands og Eyja á næsta ári eða svo og að öðru leyti koma upp þeim mannvirkjum í landi og í Eyjum, sem nauðsynleg eru í þessu sambandi og tryggt geta tafarlausa tengingu Vestmannaeyja við Sogsvirkjunina, jafnskjótt og Efra-Sogsvirkjunin tekur til starfa.

Á fundi bæjarstjórnar Vestmanneyinga 15. nóv. s. l. var þm. kjördæmisins og 2. landsk. þm. falið að flytja nú á Alþ. till. þess efnis, að raforkumálaskrifstofunni verði falið að festa kaup á rafstreng (sæstreng) þeim, er með þarf til Sogs-orkuveitu til Vestmannaeyja, með því að ætla má, að nú liggi fyrir hagkvæmt tilboð á slíkum rafstreng hjá raforkumálastjóra.

Fyrir því er þessi till. fram borin."

Ég vil geta þess vegna niðurlagsorða grg., að þau voru sett af ásettu ráði vegna undangenginna samtala, sem þá áttu sér stað, þegar þessi till. var fram lögð, og höfðum við þær upplýsingar þaðan frá, að það lægju fyrir heppileg tilboð um kaup á streng. Við vildum gera okkar til þess, að þau tilboð kæmu að gagni og yrðu notuð og strengurinn lægi fyrir tilbúinn til lagningar, þegar Efra-Sogsvirkjuninni væri lokið.

Það var yfir höfuð af hálfu Alþ. vel tekið þessari þáltill. okkar hv. 2. landsk. þm., og var hún afgreidd frá Sþ. 16. apríl, þannig orðuð:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hraða svo sem unnt er lagningu rafveitulínu frá Hvolsvelli til Vestmannaeyja samkv. heimild í l. nr. 65 1956, sbr. l. nr. 53 1954 og l. nr. 5 1956."

Samkv. þessu taldi ég mig, og við höfum víst verið saman um þá skoðun báðir tveir, hv. 2. landsk. þm. og ég, að ríkisstj. mundi nota þau heppilegu tækifæri, sem okkur var tjáð að lægju fyrir hjá raforkumálastjórninni um það leyti, sem þessi till. var samþ., þ. e. a. s., það var þá fyrrv. ríkisstj., sem sat að völdum. Nú hefur það sennilega ekki orðið, heldur dregizt úr hömlu, og verður það því núv. hæstv. ríkisstj., sem vonandi hefur það hlutverk með höndum að kippa þessu máli í lag samkv. vilja Alþingis og tíu ára áætluninni.

Að öllu þessu athuguðu get ég ekki annað en látið í ljós, að ég var talsvert hrelldur af þeim rökum, er hv. 1. þm. S-M. taldi hér fram um þær tilraunir, er væru í bígerð hjá ráðandi flokkum nú, að fresta þessari tíu ára áætlun að einhverju eða miklu eða öllu leyti og láta úr hömlu dragast þær framkvæmdir, sem áður höfðu verið fyrirhugaðar. Ég vil vona, að þetta reynist ofmælt hjá hv. 1. þm. S-M. og að það sé ekki tilætlunin, hvorki Sjálfstfl. né Alþfl., að hafa það þannig, sem hann lýsti. En mig vantar skýrar og glöggar yfirlýsingar fyrir mitt leyti frá þeim hluta hv. fjvn., sem hefur með þetta mál að gera, um það, að ekki standi til að fara þann veg með málið, eins og hv. 1. þm. S-M. lýsti og ég mundi taka undir með honum að fordæma, ef rétt reyndist.

Fólkið, sem byggir þessi pláss, hvar sem er á landinu, sem býður eftir fullnægingu tíu ára áætlunarinnar, hefur sannarlega þörf fyrir, að ekkert sé látið undir höfuð leggjast til þess að fullnægja réttlátum óskum þess og kröfum og fullnægja þeim fyrirheitum, sem þessu fólki hafa verið gefin ár eftir ár svo að segja. Og þar sem vitað er, að það stendur til að taka ríkislán til þess m. a. að lyfta undir framgang raforkumálanna, þá fæ ég ekki séð, að nokkur — hvorki ríkisstj. né nokkur hluti af Alþ. — hafi neina heimild til að hægja á sér í þessum efnum meira en óhjákvæmilegt er, heldur beri að standa að fullu leyti við þau miklu fyrirheit, sem voru höfð í frammi af báðum flokkum, sem upphaflega stóðu að sköpun tíu ára áætlunarinnar, og standa við orð sín gagnvart þjóðinni í þessu efni.

Ég heyrði líka á ræðu hv. þm. A-Sk. í þessu efni og skil vel hans áhyggjur, — hans eins og annarra, — þar sem ég tel mig standa hér til þess að verja hagsmuni fólks, sem stendur í nákvæmlega sömu sporum svo að segja hvað snertir raforkuþörf og líka hefur sett sína von til þessarar tíu ára áætlunar, sem eru Vestmanneyingar.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta í bili, en vil leggja áherzlu á, að ég tel, að það sé full þörf á því, að gefin sé opinber yfirlýsing af hálfu ríkisstj. og þess hluta fjvn., sem fyrir hana talar, er gangi í berhögg við það, sem hv. 1. þm. S-M. hélt fram, og gangi í berhögg við það og að öðru leyti taki burt frá okkur

hinum, sem höfum hlustað á þetta, þær áhyggjur, sem óhjákvæmilega hafa risið í brjóstum okkar vegna framkvæmdar þessarar mjög svo mikilsverðu áætlunar og áhrifa hennar fyrir umbjóðendur okkar hér á Alþingi.

Ég hafði, eins og ég lýsti áður, hæstv. forseti, leyft mér að bera fram að nýju till., sem ég hafði lagt fram við 2. umr. fjárl., en hún er um sjómannaheimili í Vestmannaeyjum. Ég sé, að hún er ekki komin útbýtt enn þá, hún mun ekki vera komin úr prentsmiðjunni, og vil því leyfa mér að segja frá henni, til þess að hv. þingmenn geti áttað sig á, um hvað verið er að ræða.

Till. mín er við 22. gr. og breytir því ekki tölum fjárlagafrv. að neinu leyti. Hún er við 22. gr. eða svokallaða heimildagrein fjárl. og gengur í þá átt, að ríkisstj. heimilist að styðja að því, að lokið verði við byggingu sjómannaheimilis í Vestmannaeyjum, sem góðtemplarareglan hefur staðið að nokkur undanfarin ár og stendur enn að og vill halda áfram með. Um nauðsyn þess að hafa gott sjómannaheimili á þessum stað ætti ég nú og þarf ekki sjálfsagt að segja mörg orð, enda hef ég haft á sínum tíma tækifæri til þess hér á hinu háa Alþingi að lýsa því, hvers vegna ég tel, að sjómannaheimili sé nauðsynlegt í Vestmannaeyjum, eins og nú er komið.

Um mörg ár hefur hið háa Alþingi veitt KFUM-félagsskapnum svolítinn styrk til þess að halda uppi sjómannastofu í Vestmannaeyjum. Það er, held ég, lítil upphæð oftast nær, en það hefur oftast nær fengið að standa óbreytt í fjárlögum, og ég held, að það hafi oftast verið 5000 kr. eða eitthvað því um líkt. Og KFUM hefur gert talsvert mikið í þessu efni og miklu meira en hægt er að ætlast til fyrir þá litlu fjárupphæð. En það hefur haft erfiða aðstöðu, vegna þess að hús KFUM í Eyjum er ekki mjög hentugt til sams konar sjómannaheimilisstarfsemi og þarf að vera á svona miklum útgerðarstað. Og eitthvað þyrfti það að vera í svipaða átt og sjómannaheimilið á Siglufirði, sem ég þekki af eigin reynd og enn fremur af sögusögn margra sannorðra manna, sem ég veit að hafa skoðað það og dvalizt þar og lokið á það lofsorði.

Nú á tímum er það svo orðið, að fjöldi aðkomufólks sækir til Vestmannaeyja og hefur raunar gert mörg ár undanfarið. En aðstæðurnar fyrir það, hvernig þetta fólk getur eytt ævi sinni í Vestmannaeyjum við annað en blátt áfram sjósóknina, hafa breytzt talsvert á hinum síðari árum, því að fyrrum var það þannig, að menn tóku sjómenn á heimili sín, og voru þeir þar yfir vertíðina og skoðaðir sem heimilismenn og höfðu allan sama aðgang að hvíld og hlýju á heimilum eins og þeir væru þar fastráðnir menn til árs. En þetta hefur mjög breytzt á hinum síðari árum. Það er algerlega breyttur aldarháttur orðinn í þessu efni, síðan sá svipur stóriðju fór að koma á útgerðina í Vestmannaeyjum, sem nú er orðinn á henni, bæði svo að segja til sjós og lands. Það koma eins og áður hópar manna ofan af landi og jafnvel alla leið norðan úr landi, austan og vestan, fyrir utan útlendinga, eins og t. d. Færeyinga, sem hundruðum saman eru teknir í atvinnu í Vestmannaeyjum á vertíðinni. Aðbúnaðurinn, sem þetta fólk hefur, samanborið við þann aðbúnað, sem það hafði áður, meðan heimilin tóku menn upp á sína arma, er mjög breyttur til hins verra. Vegna fólksskorts á heimilunum geta þau ekki haft sjómennina til húsa, sem kallað er, hjá sér, og er það því þannig, að alveg gagnstætt því, sem var síður áður, að hver útvegsmaður tók sína menn, bæði landmenn og sjómenn, á sín heimili, og þeir höfðu þar sama aðbúnað sem annað heimilisfólk þann tíma, sem þeir ekki dvöldust við sín störf, þá er það nú orðið svo, að þeir hafa ekki nein — sem maður getur kallað — heimili að hverfa að, þessir aðkomumenn. Þeir hafa kannske svefnpláss á bærilegum stöðum og geta matazt á matsöluhúsum eða í mötuneytum, sem ég skal á engan veginn lasta, en það eru þó engin heimili fyrir þá.

Nú hafa templarar fyrir nokkrum árum reynt að hafa forgöngu í því að byggja yfir sjómenn, hefur verið fyrirhugað sem sjómannaheimili eða félagsheimili fyrir sjómenn í Vestmannaeyjum. Bygging þessi hefur staðið yfir í nokkur ár, og meðan ég mátti mín nokkurs á sviði fjárveitinga, studdi ég að því, að þeir fengju talsvert drjúgan opinberan styrk í ein 2—3 skipti. Þeir eru nú komnir langt með þessa byggingu, en eins og allir geta skilið, vantar töluvert á það enn þá, að hún sé fullgerð og starfhæf. En hennar er á þessum stað sannarlega mikil þörf. Það er mjög nauðsynlegt fyrir hinn mikla fjölda aðkomumanna, sem dvelst vetrarvertíðina í Vestmannaeyjum og oft langt fram á vor, að þeir þurfi ekki að eyða tómstundum sínum annaðhvort á götunni, í „sjoppum“ eða einhvers staðar þar, sem oftast nær fjöldi þeirra lendir í óreglu. Það er nauðsynlegt, að þeir geti leitað til almennilegs sjómannaheimilis eða félagsheimilis, sem hafi hlýleg og vistleg húsakynni að bjóða þeim. Það er siðmenningarmál mikið fyrir þennan mikla hóp manna. Og ég skal taka það fram, að það eru ekki búsettir menn í Vestmannaeyjum, sem þurfa sérstaklega þessa aðhlynningu, en það eru aðkomumennirnir, og þeirra tala er svo að segja „legió“ á vertíð, aðkominna bæði norðan, austan og vestan af landi.

Á síðasta ári ritaði ég hv. fjvn. ýtarlegt bréf um þetta erindi og lagði fram afrit af erindi húsbyggingarnefndar þeirrar, sem á vegum templarafélaganna þar eystra stendur fyrir byggingunni, svo að hv. n. er, að því er mig snertir, engra upplýsinga dulin í þessu efni. Ég var að segja frá því, að ég hefði á því þingi lagt upp í hendur hv. fjvn. öll gögn, sem mér stóðu til boða í þessum efnum, og öll gögn, sem henni voru nauðsynleg til þess að dæma um þörf málsins. Þar að auki vissi ég, að ýmsir málsmetandi menn utan þingsins reyndu að beita áhrifum sínum málinu til framdráttar. Nú hefur það ekki orðið, að ég hafi skrifað hv. n. beint, en hún hefur fengið erindi

frá öðrum stað, frá góðtemplarareglunni sjálfri, sem fer nokkuð í sama farveg og ég hef áður farið í þessu efni. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Þegar hæstv. forseti ákvað að gefa fundarhlé vegna matsmálstíma, hafði ég komizt nokkuð áleiðis að lýsa tilefni brtt. minnar, sem nú er búið að útbýta, en var þá ekki útbýtt, á þskj. 457.

Hv. þm. til glöggvunar skal ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa efni þessar brtt., sem er við 22. gr. fjárl. IX. Nýr liður: Að greiða allt að 60 þús. kr. til þess, að lokið verði byggingu sjómannaheimilis í Vestmannaeyjum, sem verið er að reisa á vegum góðtemplarareglunnar. — Það er sem sagt heimild til hæstv. ráðh.

Ég hafði nokkuð dregið saman þær ástæður, sem fyrir hendi eru á þessum stað og kalla eftir því, að til sé athvarfsstaður, félagsheimili fyrir sjómenn og verkamenn, sem dveljast í Vestmannaeyjum mánuðum saman víðs vegar að af landinu og jafnvel frá Færeyjum. Þessi nauðsyn er í mínum augum orðin því meir aðkallandi með hverju ári sem líður, og ég vil ekki láta mitt eftir liggja, á meðan ég nýt þeirra réttinda að mega mæla hér á Alþingi, að stuðla að því, ef hægt væri, að almennilegt félagsheimili fyrir þetta fólk verði reist þar í Eyjum og rekið, sem ég veit að muni verða af myndarskap, ef það er gert á annað borð, og ég sjálfur þekki vel sjómannaheimili Siglufjarðar, sem ég tel bæði byggðarlaginu þar til sóma og góðtemplarareglunni, sem stendur fyrir því. Ég efast ekki um, að rekstur slíks heimilis í Vestmannaeyjum mundi hafa álíka holl og góð áhrif fyrir aðkomufólk í Vestmannaeyjum og það hefur á Norðurlandi.

Í Vestmannaeyjum yrði það aðallega vetrartíminn, sem þetta fólk nyti aðhlynningar, á Siglufirði er það sumartíminn, og er þó talin ærin þörf á að reka heimilið þar, og mundi það þá ekki síður í Vestmannaeyjum. Þar sem menn þola oft óblíða veðráttu og eiga, þeir sem þar eru, og hafa svo sem hvergi verulega höfði sínu að að halla, þá er það sannarlega ekki ofgert, að þjóðfélagið stuðli að því, að félagsheimili sé rekið til þess að stuðla að bættri líðan þessa fólks.

Það er oft brennandi spursmál og er kannske að verða meir og meir brennandi spursmál í okkar þjóðfélagi, einkum við framleiðsluna til sjósins, að okkur skortir mannafla, okkur skortir fólk. Mér finnst, að afleiðing þess sé sú, að hafa þurfi í frammi öll lögleg brögð og holl til þess að hylla fólk að þessum atvinnurekstri, og í því starfi að hylla fólk að atvinnurekstrinum er það mjög sterkur liður, ef til eru góð og holl félagsheimili á þeim stöðum, þar sem stórframleiðslan á sér stað.

Ég hef átt mína hlutdeild í því á undanförnum rúmum þrjátíu árum eða nærri hálfum fjórða tug ára, sem ég hef átt því láni að fagna að vera fulltrúi Vestmannaeyja hér á Alþingi, — þá hef ég átt nokkra hlutdeild í því að bæta aðbúnað sjómanna þar frá ári til árs, einkum hvað snertir hafnarmálin, og er nú svo komið og sú breyting á orðin, frá því að ég var ungur að alast upp á þessum stað, að í stað þess að höfnin var ótrygg og mátti segja hættuleg skipum og ótrygg öllum bátum, þá er höfnin orðin ein hin tryggasta á landi hér og hefur upp á að bjóða öryggi og þægindi fyrir fiskimenn og fiskibáta, ekki einasta Vestmanneyinga sjálfra, heldur hinn mikla fjölda, sem á hverju ári sækir til Vestmannaeyja frá öðrum héruðum þessa lands, og taka þessir menn sinn þátt í þeirri geysilegu framleiðslu, sem þarna fer fram, og undirbyggingu undir velferð þjóðfélagsins.

Ég vildi gjarnan, ef mér væri þess kostur, eiga hlut að því enn á Alþingi að bæta hag þessa fólks, gera brautir þess beinni og aðbúð betri og lyfta verlífinu á þessum stað siðmenningarlega frá því, sem það er nú og hefur verið undanfarið. En það er stórt átak, sem þarf til þess að gera það, og eitt hið sterkasta hjálparmeðal í því efni er það, að þessir menn, sem dveljast í verinu oft og tíðum á óblíðum árstíma, eigi þess nokkurn kost að fá uppbót sinna heimila, sem þeir hafa yfirgefið víðs vegar á landi hér til þess að stunda atvinnu sína úti í Vestmannaeyjum. Með góðu félagsheimili á staðnum væri þessum mönnum veitt uppbót þess, sem þeir fara á mis við, er þeir yfirgefa eigin heimili, og sú aðstoð eða uppbót er af þeim vel verðskulduð. Verkamaðurinn er verður launanna, stendur skrifað, og hann er ekki einasta verður þeirra í þeim peningaútlátum, sem hann fær, heldur í þeim félagslega aðbúnaði, sem þjóðfélagið býr honum á staðnum, þar sem hann dvelur við störf sín.

Ég vildi með þessu segja, að á herðum þjóðfélagsins hvílir sú skylda að gera vel við þessa menn, sem dveljast þarna eins og útlendingar og aðkomnir. Þótt þeir séu sama þjóðernis, þá eru þeir jafnókunnugir í plássinu fyrir því og verja vikum og mánuðum saman til þess að stuðla að kraftmestu framleiðslu til undirstöðu þjóðarbúskaparins á þeim stað landsins, sem einna beztar líkur hefur til þess, að sú starfsemi gefi góða raun.

Það er vegna þessa, að ég hef enn þá ráðizt í það að flytja fram brtt. við fjárl. í þessu skyni, og ætla ég, að það sé nú við þessa 3. umr. málsins gert svo hóflega, að enginn þurfi að fælast aðferðina, þar sem það er gert aðeins sem heimild til hæstv. ríkisstj. og hækkar ekki fjárlfrv. um nokkurn skilding. Hæstv. ríkisstj. hefur vissulega á sínu valdi að dæma um það, hvort þetta fyrirtæki, sem góðtemplarar hafa ráðizt í, muni vera fært að leysa af hendi það siðmenningarlega og þjóðfélagslega þarfaverk, sem stefnt er að, og einnig, ef hæstv. ríkisstj. sýnist svo, að setja aukaskilyrði, sem tryggi gott uppihald starfsins.

Eins og ég sagði fyrr í ræðu minni, þá hef ég af persónulegri raun kynnzt þessari starfsemi góðtemplara á Siglufirði, og ég á ekki nógu lofsamleg orð reiðubúin til þess að lýsa því, hversu vel mér féll sá útbúnaður, sú frammistaða og sá hugsunarháttur, sem sýni-

lega liggur bak við allt starf góðtemplaranna á Siglufirði með sínu félagsheimili fyrir sjómenn eða sjómannaheimili, sem þeir kalla.

Ég ætla ekki að fara hér um allmörgum fleiri orðum. Ég vona, að hv. alþm. skilji, í hvers þágu þessi till. er flutt. Hún er flutt í þágu þess starfandi fólks, sem við allir þurfum svo mjög á að halda bæði til sjós og til lands. Hún er flutt til þess að sýna þessum mönnum í verki, hversu Alþingi lítur stórum augum á þeirra starf, og hún mætti verða til þess að laða enn þá fleiri af yngri mönnum til þess að leita til sjávarins á þeim tíma, þegar okkur ríður mest á fólki. Hún mætti verða til þess að ýta við því frekar en draga úr því, og væri þá vel.

Herra forseti, ég ætla ekki að tefja umr. meir að þessu sinni. Vegna þess máls, sem ég er að flytja, þykist ég hafa talið fram það, sem að baki liggur þessari hugmynd, það, sem ég tel nauðsynlegt að gert verði, og það, sem ég tel að Alþingi beri skylda til að styðja, og það er það, að Alþingi ber skylda til að stuðla að því, að þetta fólk njóti félagsheimilisaðbúnaðar, meðan það dvelst fjarri heimilum sínum víðs vegar að af landinu, og þannig láta þá finna til þess, að Alþingi kann að meta störf þeirra á fleiri en bara einn veg. Það er gott að gefa skattaívilnun og sjálfsagt að gera það. En maðurinn lifir ekki af einu saman brauði. Og það er alveg eins með ungu mennina og menn reyndar á ýmsum aldri, sem koma þarna út í Eyjar á vetrum víðs vegar að af landinu til þess að stunda til sjósins hættulegan atvinnuveg og til landsins erfiðan a. m. k., það er nauðsynlegt að gera það, sem hægt er, til þess að þetta fólk geti lifað, ekki óreglulífi og þurfa að binda sig við sjoppuhangs í frístundum sínum, heldur geti tekið þátt í hollu samstarfi á félagsheimili og fengið þar nokkra uppbyggingu, líkamlega og andlega, sér til styrktar og sér til þroska í starfi sínu, meðan það dvelst á þessum stað.

Ég fel svo þessa litlu brtt. velvild hv. alþm. og vil vona, að þeir, sem ráða í hv. fjvn., líti með velvild á, að hún verði samþ. af Alþingi, þegar atkvgr. fer fram.

Að lokum vil ég aðeins bæta því við, að sem Vestmanneyingur er ég stoltur af að vita til þess, að Vestmanneyingar hafa á undanförnum áratugum byggt svo upp sína útgerðarstöð, að hún er tryggari, öruggari en hún áður var, að hún er þess umkomin að taka á móti dugnaðarfólki úr öðrum héruðum landsins, og við viljum vera þess umkomnir að veita þessu fólki líka í félagslegu starfi þann stuðning, sem það á skilið að fá af þjóðfélaginu og hefur sannarlega líka þörf fyrir.

Vil ég svo láta máli mínu lokið og óska eftir velvild hv. n. og hæstv. Alþingis við þessa litlu tillögu.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það voru nokkur atriði í sambandi við þær brtt., sem hér liggja nú fyrir við þessa umr., sem ég vildi koma á framfæri.

Það er þá fyrst að því að víkja, að hér er till. frá fjvn., sem gerir ráð fyrir nokkuð sérstakri ábyrgð af hálfu ríkisins í sambandi við togararekstur á Seyðisfirði.

Í sambandi við þessa till. var þess getið, að ríkisstj. hefði skipað sérstaka n., sem hefði gert tillögur varðandi rekstur togarans þar, og orð látin liggja að því, að þessi heimild, sem hér er gerð till. um, væri í rauninni í samræmi við það, sem þessi sérstaka n., sem sett var af ríkisstj., hefði lagt til í þessu máli.

Ég vil taka það fram, að ég, sem á sæti í þessari sérstöku n., sem skipuð var af ríkisstj., lít ekki svo á. Ég álít, að hér sé vikið í mjög veigamiklum atriðum frá því, sem þessi n. gerði tillögu um, og þar með inn á þá braut, sem ég hygg að kunni að draga nokkuð á eftir sér síðar. Hér er það lagt til, að ríkisstj. fái heimild til þess að taka að sér rekstur á togara eins bæjarfélags í landinu.

Það er löngu kunnugt mál, að það eru ýmsir staðir, sem hafa verið að brjótast í því að reka fiskiskip í atvinnuaukningarskyni á sínum stöðum. Þeir hafa gjarnan sótt eftir því, að ríkið vildi taka algerlega af þeim allan vanda í þessum efnum og annast rekstur þessara skipa. En hingað til hefur verið staðið á móti þessum kröfum, sem hafa þó komið úr ýmsum áttum, á meðan enn hafa legið til athugunar tillögur um það, hvort ætti að ráðast í meiri háttar ríkisrekstur á togurum eða ekki. En nú er sem sagt skyndilega gripið til þess að ákveða, að ríkið skuli taka að sér rekstur á einum togara á einhverju tilteknu tímabili. Og þá er sá háttur enn fremur hafður á, að ákveðið er, að einn tiltekinn maður skuli annast þennan rekstur, sem er á ábyrgð ríkisins, án nokkurrar rekstrarstjórnar, og það tel ég líka með nokkuð sérstökum hætti og mjög óeðlilegt.

Það, sem þessi n., sem hefur verið vitnað til, gerði tillögu um, var, að þar sem svo var komið, að togari þeirra Seyðfirðinga hafði stöðvazt og þeir voru ekki einfærir um að halda honum til rekstrar, eins og komið var, þá var lagt til, að ríkisstj. aðstoðaði þá til þess að koma skipinu á stað aftur og að settur yrði upp millibilsrekstur þar á staðnum, þar til tillögur lægju betur fyrir um það, hvernig yrði búið að þessu eða farið með formið á rekstrinum þarna til frambúðar. Til þess var sem sé ætlazt, að þarna kæmi til aðstoð ríkisins, en togarinn yrði að sjálfsögðu rekinn á ábyrgð viðkomandi eigenda skipsins og ríkið hefði ekki aðra íhlutun í þeim efnum en þá að samþykkja í samráði við þann aðila, sem átti skipið, þann útgerðarstjóra og þá útgerðarstjórn, sem hefði með rekstur skipsins að gera á þessu tímabili. En hér var tekinn upp allt annar háttur. Það er sagt við eiganda skipsins, Seyðisfjarðarkaupstað: Þið skuluð afhenda skipið í hendurnar á tilteknum manni, — og þessi einstaklingur rekur síðan skipið einn og án allrar rekstrarstjórnar, en á ábyrgð ríkissjóðs. Hér var vitanlega geysilega mikill munur á. Og það mætti vel segja mér, að það gæti komið til þess í ýmsum fleiri tilfellum, að til þess háttar forms þyrfti þá að grípa aftur, þegar ríkið er komið inn á þessa braut,

ekki aðeins að veita tiltekinn stuðning bæjarfélagi með kannske einhverjum skilyrðum og eftirliti, heldur beinlínis að taka að sér á ábyrgð ríkissjóðs á allan hátt rekstur skipsins á vissu tímabili og setja þá til þess aðeins einn mann án allrar rekstrarstjórnar.

Ég vil aðeins segja það sem mitt álit, að ég er andvígur þessu formi, sem þarna hefur verið tekið upp, og það er ekki í samræmi við þann vilja, sem fram kom í þessari n., sem vitnað hefur verið til. En þessi háttur hefur nú verið tekinn upp af hæstv. ríkisstj., og hún vitanlega ber þar fulla ábyrgð á, hvernig með er farið, og það er greinilegt, að þessi till., sem hér liggur fyrir, er flutt til staðfestingar á því, sem ríkisstj. hefur gert í þessum efnum, að taka þetta skip í vörzlu ríkisins og reka það á kostnað ríkisins á þessu tímabili og fela *einum tilteknum manni* að annast það.

Þá eru nokkur orð, sem ég vildi segja í sambandi við þær till., sem hafa komið fram varðandi útflutningssjóð.

Mér sýnist það liggja nokkuð ljóst fyrir, að stefnan sé sú í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna að skilja það eftir, sem upp á vantar af nauðsynlegum tekjum, skilja þann halla eftir hjá útflutningssjóði. Það er augljóst, að það er búið að auka við skuldbindingar útflutningssjóðs sem nemur um 200 millj. kr., eftir því sem er viðurkennt hér af hálfu ríkisstj., og ég hygg, að það viti líka allir, sem þekkja til í sambandi við samninga um síldveiðar sumarsins, að þar á eftir að koma til allverulegt fjárhæð til aukinna útgjalda hjá útflutningssjóði frá því, sem gert er ráð fyrir í þeim till., sem fyrir liggja. Það er alveg augljóst. Það getur því aldrei farið svo, að aukin útgjöld útflutningssjóðs verði ekki frá því, sem áður var um samið, a. m. k. 220—230 millj. kr.

Nú er að vísu gert ráð fyrir því, að ríkissjóður eigi að greiða útflutningssjóði um 150 millj. kr. En þar sem þannig er gengið frá málum, að tekjur ríkissjóðs verða sýnilega allmiklu minni en þau útgjöld, sem ríkissjóður tekst á hendur, þá er ákaflega mikil hætta á því, að útflutningssjóður fái ekki það fé, sem honum er ætlað á fjárlögum frá ríkinu. Þetta álít ég líka að komi mjög glögglega í ljós, að þeir, sem standa að afgreiðslu fjárlaga, óttast einmitt, að svona fari, fyrst þeir vilja ekki fallast á það, að ríkið skuldbindi sig til þess að greiða þessa fjárfúlgu til útflutningssjóðs á tilteknum gjalddögum. Hvers vegna er ekki *sjálfsagt* að ákveða það, að *ríkissjóður* greiði strax útflutningssjóði þann hluta, sem nú þegar á að vera fallinn í gjalddaga af þessari heildarupphæð? Og hvers vegna má það ekki standa alveg bundið í samþykktum frá Alþ., að ríkissjóður skuli greiða af þessari fjárhæð *síðan 1/12 part mánaðarlega*? Það er vitanlega vegna þess, að þeir, sem standa að afgreiðslu fjárlaganna, meiri hl. hér á Alþ., treysta því ekki, að ríkissjóður hafi fé til að standa við þessar skuldbindingar, og þá á að fara að eins og stundum áður, skilja skuldahalann eftir hjá útflutningssjóði, láta útgerðina í landinu eiga þetta inni hjá ríkinu. Og svo verður það þannig, þegar líður að næstu áramótum, og þá á að *semja* við framleiðsluna á nýjan leik, þá þykir þó alltaf heppilegra að geta haft málin þannig, að hægt sé að segja við landsmenn: Ja, nú þarf þó að leggja á nýja skatta og nýja tolla, — eða: nú þarf þó að breyta genginu, til þess að hægt verði að greiða vesalings framleiðslunni, sem allir landsmenn lifa þó á, þessa upphæð, — þegar aðrir eru búnir að taka og eyða til allt annarra hluta þeim fjármunum, sem áttu raunverulega að fara til framleiðslunnar.

En það er ekki nóg með það, að það sé veruleg hætta á því, að útflutningssjóður og þar með framleiðslan í landinu fái ekki það fé, sem tilgreint er á fjárlögum að ríkið eigi að greiða til útflutningssjóðs. Hér við þessa fjárlagaafgreiðslu er jafnframt verið að gera ráð fyrir því, að útflutningssjóður skuli fá nýja tekjustofna, og einn af þessum nýju tekjustofnum útflutningssjóðs er nýr, stórfelldur bílaskattur, og það er reiknað með því, að þessi nýi bílaskattur eigi að gefa samtals fullar 30 millj. kr. Nú fullyrði ég, að engum lifandi *manni, sem komið hefur nærri þessum* málum, kemur í alvöru til hugar, að þessi nýi tekjustofn muni skila útflutningssjóði þessari fjárhæð. Því fer vitanlega alls fjarri. Það eru engar líkur til þess, að inn verði fluttur sá fjöldi bifreiða, sem hér er reiknað með, það sem eftir er af þessu ári, *engar líkur til þess*, því að til þess þyrfti innflutningurinn að verða svo miklum mun meiri en hann hefur verið, að engar vonir standa til slíks. Ég álít því, að það muni líka vanta verulega upp á, að útflutningssjóður fái þær tekjur, sem hér er verið að draga upp á pappír að hann muni fá í gegnum þennan nýja bílaskatt. Þar er því einnig um blekkingar að ræða. Mér þykir því alveg einsýnt, að svo fari, að þegar kemur fram á haustið, þá muni sérstaklega sjávarútvegurinn og að nokkru leyti landbúnaðurinn eiga inni stórar fjárfúlgur hjá útflutningssjóði, sem engar líkur séu til að útflutningssjóður geti greitt. Það á sem sagt að sækja aftur í sama gamla horfið og var í tíð ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl., að það á að standa svo á, að sjávarútvegurinn eigi inni hartnær eins árs uppbætur hjá ríkinu eða talsvert mikið á 2. hundrað millj. kr., um það leyti sem ný vertíð á að hefjast. Hér álít ég að sé stefnt út í hreinan voða, sem vel geti leitt til þess, að um beina framleiðslustöðvun verði að ræða, þegar líður fram á haustið, því að það er vitanlega alveg gefið mál, að þegar útflutningsbæturnar eru orðnar jafnháar og þær eru nú, jafnstór hluti af heildarfiskverðinu, þá er erfitt að halda framleiðslunni gangandi, ef ekki er staðið að miklu leyti í skilum með þessar útflutningsuppbætur.

En ofan á þetta allt saman er svo verið að leggja hér til við fjárlagaafgreiðsluna að bæta nýjum böggum á útflutningssjóð. Nú er verið að leggja til að greiða niður úr útflutningssjóði verð á innfluttum áburði. Það hefur verið gerð grein hér fyrir því í umr., að það sé líklegt, að þessi niðurgreiðsla muni nema, miðað

við svipaðan innflutning og var á erlendum áburði á s. l. ári, í kringum 5½ millj. kr., og verði innflutningurinn meiri, þá vitanlega er hér um enn þá meiri útgjöld að ræða fyrir útflutningssjóð. Ég tel, að hér sé um allsendis óeðlilega niðurgreiðslu að ræða í sambandi við innfluttan áburð. Það var búið að gera fyllilega ráð fyrir því, að áburðurinn hækkaði í verði með þeim aðflutningsgjöldum, sem ákveðin voru á s. l. ári, og það var búið að gera ráð fyrir því, að landbúnaðurinn fengi þetta upp bætt í hækkuðu verðlagi, og þetta er allt saman komið inn í þann útreikning, sem fyrir liggur, og hér er því um hreina tvígreiðslu að ræða, þegar á nýjan leik á að fara að borga þetta verð niður, eftir að verðlagning á landbúnaðarafurðum hefur verið ákveðin. Það eru vitanlega engin rök, þó að því sé haldið fram, að 55% yfirfærslugjaldið hafi ekki fallið á innfluttan áburð fyrr en nú, vegna þess að áburðurinn á s. l. ári hafi allur verið þegar innfluttur og greiddur, áður en lögin um 55% yfirfærslugjaldið komu í gildi. Það eru vitanlega engin rök fyrir því, þó að svo hafi háttað til, að þá eigi nú að fara að undanþiggja áburðinn. Þannig er vitanlega ástatt með margt annað.

Ég skal t. d. nefna annað í sambandi við útgerðarmál. Um það leyti sem 55% yfirfærslugjaldið var lagt á, eða í maílok 1958, lágu í landinu miklar birgðir af síldartunnum. Og síldarverðið á því sumri var þá ákveðið með nokkru tilliti til þess, að miklar tunnubirgðir lágu þá fyrir í landinu, og verð á tunnum á því ári hlaut því að verða nokkru lægra en reikna mátti með að það yrði, eftir að 55% gjaldið væri komið til framkvæmda. En nú á þessu ári verður vitanlega að greiða 55% gjaldið af öllum innfluttum tunnum. Ætti nú að fara að lækka eða greiða niður úr útflutningssjóði verð á innfluttum tunnum af þessum ástæðum?

Þá kemur hin röksemdin, að menn tala um, að sá hluti áburðarins, sem framleiddur er innanlands, hafi hækkað í verði um 15% og af því megi nú borga niður verðið á innflutta áburðinum þannig, að hann hækki ekki meira en áburðurinn hækkaði, sá, sem var framleiddur hér innanlands.

Á sama hátt mætti líka taka ýmsa aðra hluti, sem nákvæmlega stendur eins á um. Vitanlega vissu það allir, þegar efnahagslögin voru sett hér í lok maímánaðar s. l. ár, að verðlag á þeim hlutum, sem framleiddir eru hér innanlands, við skulum segja t. d. fiskibátar, sem eru byggðir innanlands, verðhækkunin varð minni á þeim en á aðfluttu bátunum. Verðhækkunin á aðfluttu bátunum varð vitanlega miklu meiri en á innanlandsbyggðu bátunum, og ef svo ætti að fara að greiða niður aftur á nýjan leik þá verðhækkun á aðfluttu bátunum, sem er fram yfir þá verðhækkun, sem varð á innanlandsbyggðu bátunum, þá væri hér vitanlega um eintóma vitleysu að ræða, og hefði aldrei átt að fara út í það, sem þá var gert.

Nei, það eru vitanlega engin rök fyrir því að taka upp þessa niðurgreiðslu, og það er heldur engin geta hjá útflutningssjóði til þess að standa undir þessari niðurgreiðslu. Það, sem hér er á ferðinni, er einfaldlega það, — og það er bezt að segja það, eins og það er, — að hér er um beint kapphlaup að ræða. Sjálfstfl., sem ætlar að senda her af sínum mönnum út á landsbyggðina í sumar og sækja atkvæði, ætlar að segja, að hann hafi létt af nokkru af þeim gjöldum, sem Framsfl. lagði á bændur. Til þess er leikurinn gerður. Hann ætlar að segja, að hann hafi þó lækkað þessi gjöld. En þessi flokkur, sem ætlar að segja þetta, er þó með í erminni tillögu um að hækka þetta aftur miklum mun meira eftir kosningar. Hann er tvímælalaust með þá tillögu á ferðinni að samþykkja hér stórkostlega gengislækkun, sem vitanlega mundi þýða miklum mun meiri hækkun á áburðinum en þá hækkun, sem hér er á skollin. Hér er því um hreinan skollaleik að ræða frá hálfu sjálfstæðismanna. Það er ótrúlegt, að það sé í rauninni nokkur kjósandi til í landinu, sem tekur þessa yfirborðstillögu alvarlega. Og þeir gætu því hæglega fallið frá henni þess vegna. Ég hygg, að þeir hafi ekkert gott upp úr þessu, þó að þeir séu nú að reyna þetta. En það er tvímælalaust, að einasta ástæðan til þess, að þessi till. er fram komin, er þessi. Engin rök standa til þess að öðru leyti. Ég vil því aðeins undirstrika það í sambandi við þessar till., sem hér liggja fyrir varðandi fjárhag útflutningssjóðs, að mér sýnist beinlínis vera stefnt að því að halda því að framleiðendum nú á þessum tíma ársins, að það sé raunverulega séð fyrir þeim tekjum, sem þurfa að vera til staðar, svo að hægt sé að standa við skuldbindingar þær, sem gerðar hafa verið við framleiðsluna, án þess þó að nokkrar líkur séu til, að þær tekjur verði til staðar, þegar raunverulega á að greiða þær framleiðendum.

Þá er eitt atriði enn, sem mér finnst þess eðlis, að full ástæða sé til, að það sé rætt.

Í þessum umr. hefur nokkuð verið á það minnzt, að það væri sýnilegt, að búið væri að slá fastri nýrri framkvæmdaáætlun í sambandi við raforkuframkvæmdir í landinu og raunverulega sé búið að ákveða að fresta hinni margumtöluðu tíu ára áætlun í sambandi við rafvæðingu landsins. Og fallið hafa hér um það allstór orð, og mér sýnist það á þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, að það sé í rauninni alveg augljóst, að það sé stefnt að því að gerbreyta tíu ára áætluninni og falla a. m. k. á tímabili frá því að byggja eins mikið á vatnsorku og ráðgert hafði verið í tíu ára planinu, en byggja þess í stað allmargar dísilstöðvar víða á landinu og ætla ýmsum þorpum og sveitum rafmagn frá þeim dísilstöðvum. Það er út af fyrir sig stórmál, að það skuli hafa verið ákveðið að breyta þessari tíu ára áætlun á þennan hátt.

En mér sýnist, að það sé einnig stefnt að því eða búið að ákveða að gerbreyta annarri áætlun í þessum efnum. En það er sú áætlun, sem snýr að útlánum til sjávarútvegsins og

uppbyggingu sjávarútvegsins í landinu. Þegar nú er tekið 150 millj. kr. lán erlendis frá, þá eru lagðar hér fram tillögur á Alþingi um að ráðstafa nú þegar af þessu láni 98 millj. kr., og lagt er til, að 45 millj. kr. verði ráðstafað af þessu láni til raforkusjóðs, 25 millj. kr. til ræktunarsjóðs og 28 millj. kr. til hafnarframkvæmda. Og það vekur vitanlega athygli, að ekki er lagt til að verja neinu fé til fiskveiðasjóðs eða til lánveitinga beint í þágu sjávarútvegsins, nema þá að því leyti til, sem hafnarféð kynni að fara til nokkurra framleiðsluhafna. Og því hefur verið haldið hér fram í þessu efni, að fiskveiðasjóður þurfi ekki á meira fé að halda í sambandi við sínar nauðsynlegu lánveitingar en hann þegar ræður yfir. Og í þessu efni hefur verið vitnað til tillagna eða til grg., sem Framkvæmdabankinn hefur gert um fjárhagsástæður fiskveiðasjóðs og möguleika hans til lánveitinga á næstu árum, og því er beinlínis haldið fram, að fiskveiðasjóður búi svo vel, að hann muni ekki þurfa á neinum nýjum tekjum að halda, ekki þá fyrr en eftir árslok 1961 í fyrsta lagi, því að það sé búið að sjá honum svo vel fyrir tekjum, — þá vitanlega af fyrrv. ríkisstj., — því að annars staðar frá hefur það ekki getað komið, því að fiskveiðasjóður var tómur, þegar fyrrv. ríkisstj. tók við, og illa á sig kominn.

En það er nú augljóst, þegar þessi grg. frá Framkvæmdabankanum er athuguð, að þá byggist þetta á því, að það á að gerbreyta um stefnu í þessum efnum og draga stórkostlega úr lánveitingum í sambandi við fiskiskipakaup og öðrum lánveitingum í sambandi við uppbyggingu sjávarútvegsins. Og það á ekki einu sinni að standa við þær skuldbindingar, sem búið er að gefa út. Þessi áætlun miðast við það, að fiskveiðasjóður láni með nokkuð sérstökum hætti út á nýja fiskibáta, 28 talsins, sem nú þegar eru í byggingu erlendis eða búið er að semja um smíði á, og þá skortir að taka tillit til margra leyfa, sem þegar er búið að úthluta ýmsum aðilum í landinu, og ef þeir aðilar ganga eftir því að fá yfirfærslur vegna þessara leyfa, þá er alls ekki gert ráð fyrir því í þessari áætlun.

Áætlunin er ákaflega skýr í þessum efnum, og ég óska eftir því, að hæstv. forsrh. geri hér grein fyrir því, ef hann telur, að hér sé ekki rétt með farið. Ég hef, auk þess sem ég þekkti vel til þessara mála áður, borið þetta saman við forstjóra fiskveiðasjóðs, og þar fer ekkert á milli mála. Í þessari grg. er gert ráð fyrir því, eins og ég sagði, að taka tillit til lánveitinga til 28 fiskiskipa, sem þegar er búið að semja um eða hefja byggingu á eða sumpart eru komin til landsins, en á vitanlega eftir að greiða nokkurn hluta fyrir. En þá eru eftir allmörg leyfi, sem voru gefin út í tíð fyrrv. ríkisstj., sem ekki eru hér komin til reiknings og vantar í rauninni alveg fjármuni til þess að standa undir. Auk þessa er svo rætt um það, reiknað með möguleikum á því að veita lán til 3—5 skipa, sem sagt er í áætluninni, að vilyrði hafi verið veitt fyrir. Og gæti þá sú tala komið upp í nokkurn hluta af þeim leyfum, sem í umferð eru, en vitanlega hrekkur hvergi nærri upp á móti þeim öllum.

En það er ekki nóg með það, að hér sé alls ekki gert ráð fyrir því, að hægt sé að standa við það, sem þegar hefur verið gert í þessum efnum, en áætlunin er auk þess þannig upp sett, að svo er gert ráð fyrir því, að á næsta ári á eftir eiga lánveitingar til fiskiskipa að minnka stórkostlega frá því, sem er á þessu ári. Þá er gert ráð fyrir því, að þó að hér sé nú á þessu ári gengið út frá samtals lánveitingum upp á 108 millj. kr. eða fyrir fiskiskipakaup upp á 108 millj. kr., þá verði hins vegar á næsta ári á eftir verðmæti innfluttra báta aðeins 68 millj. í staðinn fyrir 108 millj., eða m. ö. o.: það er gert þá ráð fyrir því að minnka innflutning á bátum upp á yfir 40 millj. kr. **(Gripið fram í:** Smíðaðir bátar innanlands sér.) Já, þeir eru sér, og í öðru tilfellinu 18 millj. kr. og í hinu tilfellinu 23 millj. kr.

Hér er því reiknað með því, að bæði á árinu 1960 og 1961 eigi að verða um miklu minni innflutning á bátum að ræða heldur en hefur verið. Á þessu er þessi áætlun byggð.

Ég tel, að það sé alveg ljóst, að sú upphæð, sem reiknað hefur verið með fyrir yfirstandandi ár, sé mikils til of lág, það sé engan veginn hægt að rúma innan þeirrar fjárhæðar það, sem þegar hefur verið gefið út af leyfum eða lofað af leyfum. En fjárhæðin, sem gert er ráð fyrir á næsta ári, er svo auðvitað þaðan af fjarstæðari, nema þá eigi að stöðva með öllu að gefa út ný leyfi, og það virðist vera samkvæmt áætluninni, að að því sé stefnt.

Það er líka í þessari áætlun gert ráð fyrir því, að þessar lánveitingar séu miðaðar við innflutning á skipum á árinu 1959, sem nema samtals 2700 rúmlestum, en á árinu 1960 bara 1700 rúmlestir og eins á árinu 1961 bara 1700 rúmlestir.

Nú var það svo, að á tímabilinu frá 1950—56 var bátafloti landsmanna að rýrna allverulega. Innflutningur og uppbygging bátaflotans var þá allmiklum mun minni en árleg fyrning, og það þurfti því að gera nokkurt átak á árunum 1958 og 1959 og einnig á árinu 1960, aðeins til þess að jafna upp þann skakka, sem orðinn var. En nú er greinilega stefnt að því, að þetta sæki í sama horfið, að hér verði beinlínis um rýrnun frá ári til árs á bátaflota landsmanna að ræða.

En svo kemur hitt atriðið, fullyrðing um það, að fiskveiðasjóður hafi nægilegt fé nú þegar og þurfi ekki á meiri fjármunum að halda. Ja, nú er það svo, að í tíð fyrrv. ríkisstj. reyndist það vera óhjákvæmilegt að haga framkvæmd þessara mála þannig að knýja þá aðila, sem fengu fiskibátaleyfi, til þess að semja um sérstök erlend lán í sambandi við hvern bát, 3—4 ára lán fyrir um 60—70% af andvirði hvers báts, vegna þess að fiskveiðasjóður hafði ekki nægilegt fé til þess að mæta

öllum þeim útgjöldum, sem annars hefðu hlaðizt á hann, ef leyfin hefðu verið veitt með eðlilegum hætti, þannig að lánin hefðu verið greidd út. Þetta var gert til þess að reyna að drýgja allt of lítið fé, sem fiskveiðasjóður hafði milli handa, reyna að drýgja það, koma því fyrir á lengra tímabili, minnka útgjöld hans á þessu ári og næsta ári, með því að hver aðili, sem flutti inn bát, gæti útvegað með bátnum 3—4 ára erlent lán, sem var raunverulega lántaka fyrir fiskveiðasjóð.

Nú var öllum mönnum ljóst, að það var í rauninni mjög óeðlilegt að þurfa að framkvæma þetta á þessa lund. En þetta var gert vegna þess, að það skorti fé hjá fiskveiðasjóði. Eða hvaða rök mæla með því, að allir aðrir aðilar, sem flytja inn varning til landsins, geta fengið andvirði varningsins greitt þegar í stað, en þegar menn flytja inn fiskiskip, þá fá þeir ekki að greiða andvirðið, þá verða þeir að skulda verulegan hluta af andvirðinu um nokkurra ára bil til erlendra aðila? En svo er manni sagt, þegar er verið að taka erlent lán, að fiskveiðasjóður sé nú þannig á vegi staddur fjárhagslega, að hann þurfi alls ekkert af þessu láni að fá, því að þetta geti gengið til á þennan hátt.

En miklu hefði verið nær vitanlega að breyta þá þessum reglum og heimila þeim, sem eru að kaupa fiskibáta, að fá lán með eðlilegum hætti útborgað strax hjá fiskveiðasjóði, eins og áður fyrr var, og nota þá hið erlenda lán til þess að greiða nokkurn hluta af erlendum kostnaði skipanna.

En auk þessa, sem ég nú hef sagt um fjárhagsástæður fiskveiðasjóðs, er það svo þannig, að það er fjarri því, að fiskveiðasjóður hafi getað sinnt þeim öðrum verkefnum, sem hann hefur átt að sinna og hefur verið nauðsynlegt að hann sinnti fyrir sjávarútveginn í landinu. Í þessari áætlun, sem hér er byggt á, er gert ráð fyrir því, að fiskveiðasjóður láni til allra annarra framkvæmda en bátakaupa, í sambandi við byggingu fiskvinnslustöðva, verbúða og annars þess háttar, 6 millj. kr. á ári.

Það var verið að skýra hér frá því fyrir stuttu, að fiskiðjuverin á Seyðisfirði og í Hafnarfirði hefðu kostað í kringum 13—14 millj. kr. Þetta væru heldur lítil lán til eins slíks fiskiðjuvers, og hið sanna er það, að fiskveiðasjóður hefur ekki getað sinnt þessum verkefnum nema að sáralitlu leyti, af því að hann hefur ekki haft fé til þess.

Þegar byggðar voru á s. l. ári t. d. tvær síldarverksmiðjur á Austurlandi, sem kostuðu í kringum 13 millj. kr. hvor, þá reyndist með herkjum mögulegt að fá út á ríkisábyrgð hjá fiskveiðasjóði ½ millj. kr. í stofnkostnað þessara mannvirkja, vegna þess að fiskveiðasjóður taldi sig ekki hafa nægilega fjármuni, til þess að hann gæti sinnt verkefni sínu að þessu leyti. Og það er vitað af öllum, sem koma nærri þessum málum, að fiskveiðasjóður er daglega að vísa frá sér hverri beiðninni af annarri, þar sem þó er brýn þörf fyrir hendi, vegna þess að hann ræður ekki yfir nægilega miklum fjármunum. Þeir fjármunir, sem hann á nú lausa, ef lausa skyldi kalla, eru þeir fjármunir, sem hann hefur lagt til hliðar á móti erlendu lánunum, sem eigendur innfluttra báta hafa tekið, og eigendur þessara báta ráða raunverulega yfir þessum bundnu fjármunum hjá fiskveiðasjóði, og þessir fjármunir eiga að ganga til þess að borga af þessum stuttu lánum. Þetta er því í rauninni ráðstafað fé að verulegu leyti.

Nei, um það er ekkert að villast, að fiskveiðasjóð skortir stórkostlega mikið fjármagn, ef hann á að sinna sínu verkefni eins og nauðsynlegt er, og það er því í rauninni alveg furðulegt að standa að því nú að taka erlent lán, sem nemur um 150 millj. kr., og ætla þá ekkert af því til lánveitinga til sjávarútvegsins.

Auk þessa alls er svo það, að einn þáttur þessara mála í sambandi við lánveitingar til togarakaupa hefur algerlega legið óbættur, þannig að ríkisvaldið hefur ekki enn þá fundið leiðir til þess að útvega fé í þeim efnum. Fiskveiðasjóður hefur lýst því yfir, að hann réði ekki yfir fé til þess að lána til slíkra skipakaupa. Það eru þó margir aðilar, sem nú sækja um það, bæði til fiskveiðasjóðs og annarra lánsstofnana, að fá lán, til þess að þeir geti keypt togara. En lánastofnun sjávarútvegsins, sem tekur árlega allverulegan skatt einnig af togaraútgerðinni, svarar togaraútgerðinni því á hverju ári, að hún geti ekki lánað henni í sambandi við endurnýjun togaraflotans. Það hefði því verið full þörf á því, að nokkur hluti af þessari erlendu lántöku hefði gengið til fiskveiðasjóðs í því skyni, að hann gæti farið að byrja að byggja sig upp í sambandi við lánveitingar til togarakaupa. En svo er það bara sagt blákalt hér, að fiskveiðasjóður hafi nóga peninga og þurfi alls ekki á meiru að halda. Það er alveg furðulegt að heyra það eftir það basl, sem við í fyrrv. ríkisstj. áttum í þessum efnum, að reyna að útvega fé í þessu skyni. Og það er alveg sýnilegt, að þeir menn, sem hafa samið það plagg, sem hér er um að ræða, hafa verið alveg steindauðir, líflausir talnamenn, sem hafa étið upp tölur úr einhverjum plöggum án þess að skilja nokkuð, hvernig ástatt var í þessum efnum.

Það er einn þáttur enn í sambandi við þetta mál, sem rétt er að minnast á. Það er alveg rétt, að það er ekkert nýtt fyrirbæri hjá forstöðumanni fiskveiðasjóðs og stjórn hans, að þessir aðilar hafa gjarnan óttazt það nokkuð að taka erlend lán á þeim tímum, er þeir hafa talið, að fjármálaástandið væri mjög ótryggt. Það vitanlega gerir það enginn sér til gamans að taka lán erlendis upp á 20 millj. kr. og lána það út á því gengi, sem þá er um að ræða, og fá á sig gengisbreytingu eftir örstuttan tíma og vitanlega stórkostlegan skell á viðkomandi sjóð, án þess að hafa nokkra tryggingu fyrir því, að ríkisvaldið hjálpi þar til, þegar slíkt kemur fyrir. Það hefur því átt sér stað nú eins og áður, að forstöðumaður

fiskveiðasjóðs hefur mjög um það spurt: Ja, hvernig fer, ef við tökum nú nokkuð af þessu erlenda láni? Vissulega þurfum við á því að halda, vissulega erum við alltaf að neita nauðsynlegum lánum, — en hvernig fer, hver borgar þann mismun, ef verður skellt á okkur gengislækkun innan skamms, sem manni skilst á öllu að til standi? — En það vitanlega réttlætir það ekki á neinn hátt, þó að um ótta hjá þessum aðilum sé að ræða, að ætla að afskipta jafnnauðsynlegan lánasjóð eins og fiskveiðasjóð af þeim ástæðum. Það verður vitanlega að tryggja hann eins og aðra slíka lánasjóði fyrir skakkaföllum af snöggum gengisbreytingum. Það er óhjákvæmilegt.

Það mætti margt fleira um þessa áætlun segja. Ég sá það undireins, þegar ég leit á þessa áætlun, og forstöðumaður fiskveiðasjóðs viðurkenndi það strax við mig, þegar ég bar það upp við hann, að það er greinilega ranglega upp byggð þessi áætlun í sambandi við þær skuldbindingar, sem fiskveiðasjóður hefur tekið á sig. Það var alls ekki reiknað með öllum þeim útgjöldum hjá honum, sem hann er búinn að lofa, — ekki einu sinni sem fiskveiðasjóður er búinn að lofa. Ég skal nefna eitt dæmi í þessum efnum. Þegar 55% gjaldið var lagt á á s. l. vori, þá vitanlega fór það svo, að allmargir aðilar, sem þá höfðu flutt inn fiskibáta á næsta ári á undan, skulduðu þá erlendis talsverðan hluta af andvirði fiskibátanna. Þessar skuldir námu þá yfir 15 millj. kr., skuldir einstakra fiskibátaeigenda, sem þá stóðu úti. Þessar 15 millj. kr. fengu þá á sig yfirfærslugjald, sem nam 55%, eða skuldirnar hækkuðu í höndunum á einstökum bátaeigendum um 55%. Þeir aðilar, sem urðu fyrir þessu, sóttu mjög fast á ríkisstj. um það að fá bætur á móti þessu, að fiskveiðasjóður mætti þessum vanda á þann hátt, að hann umreiknaði þau lán, sem hann var búinn að áætla áður á hvern fiskibát, og hækkaði sín lán sem þessu næmi. Samningar voru gerðir við fiskveiðasjóð um þetta, og fiskveiðasjóður á að taka að sér að greiða með hækkuðum lánum til þessara lántakenda, að greiða sem 55% af þessum 15 millj. kr. nemur. Þessi útgjaldaupphæð kemur ekki inn í þessi útgjöld fiskveiðasjóðs. Það er ekki reiknað með þessum útgjöldum, þó að búið sé beinlínis að semja um þetta. Og fleira mætti þar til greina, enda kom í ljós, að forstöðumaður fiskveiðasjóðs upplýsti, að þessi áætlun væri ekki byggð á hans upplýsingum að öllu leyti.

Ég tel því, að það sé ekki hægt að ganga svo frá þessum málum hér á þessu þingi, að það sé ekki gert ráð fyrir því, að nokkrum hlut af þessu erlenda láni sé ráðstafað til fiskveiðasjóðs, miðað við öll þau gífurlegu verkefni, sem hann hefur með höndum, og ég mun því síðar flytja till. um það, að nokkrum hluta verði ráðstafað til fiskveiðasjóðs.

Það má segja, að hér hafi aðeins verið gerðar till. upp á 98 millj. kr. af upphæð, sem þó er 154 millj. með yfirfærslugjaldinu, svo að það ættu að geta verið möguleikar til þess, ef menn sannfærðust um það, að fiskveiðasjóður raunverulega þurfi á þessu að halda, svo framarlega sem hann á að sinna öllum þeim verkefnum, sem honum er ætlað að sinna samkvæmt lögum, en ekki miða það við það, að hann haldi sig aðeins við þau þrengstu útlán, sem hann hefur verið bundinn af vegna fjárskorts að undanförnu.

Ég vildi láta þetta koma hér fram, og sýnist mér þá, að þetta haldist mjög í hendur við hina nýju 10 ára áætlun í sambandi við raforkuáætlunina, ef ætlunin er að skera á þennan hátt einnig niður lánveitingar í sambandi við sjávarútveginn.

Forsrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég hafði nú ekki ætlað mér að taka þátt í þessum umr., gerði ekki ráð fyrir, að það gæfist neitt tilefni til þess. En það hefur nú farið svo, að megnið af þessum umr. hefur snúizt um allt aðra hluti en venjulegt er við þessa umr. fjárl., þ. e. a. s. umr. hafa að mestu leyti snúizt um raforkumál, um fiskveiðasjóð og um hafnargerðir, sem að vissu leyti má segja að komi ekki afgreiðslu fjárl. við sem slíkri, heldur þeirri lánsheimild, sem tekin hefur verið upp af hv. 1. minni hl. fjvn. á 22. gr. frv. Ég skal þess vegna, þó að megnið af þessum umr. sé ekki verulega uppbyggilegt né efnislegt, leyfa mér að gera nokkrar aths. við það, sem fram hefur komið um þessi mál.

Hv. 2. þm. S-M. (LJós), sem var hér að ljúka sínu máli rétt í þessu, gerði fiskveiðasjóðinn sérstaklega að umtalsefni og taldi, að það væri illa farið, að enginn hluti af þessu fyrirhugaða láni yrði látinn renna til fiskveiðasjóðs, og væri hann alls ómegnugur að verða við þeim lánbeiðnum, sem honum bærust, ef ekki væri aukið starfsfé hans. — Í þessu sambandi skal ég fyrst leyfa mér að minna á, að sjóðnum hefur ekki frá upphafi verið ætlað að lána til stórskipakaupa. Það var í l. um fiskveiðasjóð gert ráð fyrir, að aðallega væri lánað til skipa, sem eru innan við 200 rúmlestir. Lán til togarakaupa hafa mér vitanlega aldrei í sögunni komið frá fiskveiðasjóði og mjög sjaldan til stórra fiskvinnslufyrirtækja í landi, eins og síldarverksmiðja, hraðfrystihúsa og annars þess háttar. Það er þess vegna mjög sláandi, það sem hv. þm. sagði, að til síldarverksmiðjanna á Austurlandi, sem byggðar voru 1957 og 1958, var ekki hægt að lána nema um ½ millj. kr. til hvorrar, enda er það í samræmi við l. um fiskveiðasjóð, eins og þau voru, því að í 5. gr. l. um sjóðinn, eins og hann var, stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Hámark lána er 1250000 kr. til fiskiskipa og 600 þús. kr. til fasteigna, og lengsti lánstími er 20 ár.“

Það hefði þess vegna, ef þessir hv. þm. hefðu haft brennandi áhuga fyrir því, að fiskveiðasjóður gæti betur staðið í stykkinu að þessu leyti, átt að bera fyrst fram till. um breyt. á l. um fiskveiðasjóð. (**LJós:** Það er búið að breyta lögunum.) Þessu atriði hefur ekki verið breytt. (**LJós:** Víst.) Ég hef hér lög um fiskveiðasjóð frá 1955. Einasta breyt., sem gerð hefur verið síðan, er gerð á árinu 1957. (**LJós:**

1957, og þá var þessu breytt.) Ég hef það líka, en þar er eingöngu gert ráð fyrir í þeim breytingum, að til nýrra fiskiskipa, sem smíðuð eru innanlands, mega lán nema 3/4 kostnaðar af virðingarverðinu. Um lán út á eldri skip en eins árs fer eftir ákvæðum sjóðsstjórnarinnar í hvert skipti. Lengsti lánstími er 20 ár. — En ég vil þá spyrja hv. þm.: Hvers vegna gat hann ekki séð til þess, á meðan hann stjórnaði þessum málum, að lánin til verksmiðjanna á Austurlandi, á Vopnafirði og í Neskaupstað, væru höfð hærri en ½ millj. kr.?

Það hefur verið venjan sú, að lán til stærri fiskvinnslustöðva hafa ekki verið veitt að neinu ráði úr fiskveiðasjóði. Og það hefur líka verið venjan, að lán til stærri skipa en 200 tonna hafa sjaldan eða aldrei verið veitt.

Það hefur verið í þessu sambandi vitnað mjög til þeirrar umsagnar, sem Framkvæmdabanki Íslands hefur gefið um fjármagnsþörf fiskveiðasjóðs og unnin er í samráði við forstöðumann sjóðsins. Í þessari áætlun segir, með leyfi hæstv. forseta, svo:

„Aðalniðurstaðan er sú, að sjóðurinn mun í árslok 1959 hafa handbæra um það bil 26 millj. kr. innstæðu í Útvegsbankanum og í árslok 1960 um 7 millj. kr., án þess að til komi nokkrar lánveitingar til sjóðsins á þessum árum. Að vísu er þá gert ráð fyrir, að samanlagðar lánveitingar til skipa, byggðra erlendis, fari ekki fram úr 61 millj. kr., eða að kostnaðarverð skipanna nemi ekki hærri upphæð heldur en 92 millj. En jafnvel þó að sú upphæð tvöfaldaðist, mundi vöntun á reiðufé ekki gera vart við sig fyrr en í árslok 1960.“

Þetta segir í skýrslu Framkvæmdabankans, sem samin er í samráði við forstöðumann sjóðsins. Síðan kemur:

Þessi niðurstaða er háð eftirfarandi:

1. Getu Útvegsbankans til að endurgreiða ca. 25—30 millj. kr. af innstæðu sjóðsins á 1—2 árum.

Það er náttúrlega rétt, að svo bezt getur sjóðurinn staðið í þessari útlánastarfsemi, að hann geti haft það fé laust, sem hann á geymt hjá Útvegsbankanum. Það liggur í hlutarins eðli.

2. Að ásókn á sjóðinn um lán til innlendra framkvæmda, bæði skipasmíða og annars, verði ekki meiri heldur en 36 millj. kr., sem gert er ráð fyrir í áætluninni, á ári.

3. Að endurgreiðslur eldri lána standist, en þær hafa verið mjög varlega áætlaðar í þessu yfirliti Framkvæmdabankans.

4. Geta sjóðsins er svo náttúrlega háð útflutningi sjávarafurða, því að þaðan hefur hann mestar tekjur sínar, og hluta sjóðsins af útflutningsgjaldi. En hér hefur verið reiknað með sama útflutningsgjaldi 1959 og 1960 eins og varð árið 1958.

Ég vil til viðbótar þessu leyfa mér að lesa hér upp yfirlit það, sem gert hefur verið af þessum sömu aðilum um útlánastarfsemi ársins 1959, en það er þannig: Að það verði lánað til skipa byggðra erlendis 61 millj., til skipa byggðra innanlands 12 millj., til vélakaupa og viðgerða 14 millj. og til vinnslustöðva og verbúða 6 millj., eða samtals að sjóðurinn geti lánað á árinu 93 millj. kr. og hefur þó afgangs í árslok — eins og ég sagði í upphafi — 26 millj. kr., þannig að verulega má fara fram úr þessari áætlunarupphæð, án þess að sjóðurinn komist í greiðsluþrot.

Til samanburðar vil ég svo að lokum í þessu sambandi leyfa mér að skýra frá því, hvernig útlánastarfseminni hefur verið hagað á undanförnum árum og hve mikið var veitt úr sjóðnum í tíð þessa hv. þm., sem hér var mest að fárast út af getuleysi sjóðsins nú.

Útlán sjóðsins voru í árslok 1956 — heildarútlánin — 123.7 millj. kr. Heildarútlánin í árslok 1957 voru 155 millj. kr., þ. e. a. s. útlánahækkunin á árinu hefur orðið 32 millj. Í árslok 1958 voru útlánin 182.5 millj. kr., þ. e. a. s. hækkunin á árinu hefur orðið 27 millj., — 32 millj. annað árið og 27 millj. hitt árið. En í árslok 1959 er gert ráð fyrir, að útlánin verði komin upp í 268.5 millj. kr., þ. e. a. s. hækki á árinu um 86 millj. á móti 27 millj. 1958 og 32 millj. 1957. — Ef með þessu er verið að draga úr lánamöguleikum sjóðsins, þá kann ég ekki skil á hlutunum lengur, og þessi hv. þm., sem hér var að tala síðast um getuleysi sjóðsins, varð að grípa til mjög annarlegra röksemda, svo að ég ekki orði það sterkara, því að þar mundu aðrir geta haft um önnur orð.

Hann fór að tala um, að sjóðurinn stæði ekki við skuldbindingar sínar að því er snerti 55% yfirfærslugjaldið, hann gæti ekki staðið við það. Þegar yfirfærslugjaldið kom á á miðju ári 1958, þá höfðu verið veitt lán nokkrum bátum, þannig að þeir höfðu ekki greitt byggingarskuldina erlendis og skulduðu þess vegna lánið í erlendri mynt. Við 55% hækkunina eða yfirfærslugjaldið hækkaði náttúrlega þessi skuld í íslenzkum krónum, og hv. þm. vildi láta liggja að því, að þessi hækkun væri skuldbinding á fiskveiðasjóði, sem hann þess vegna væri ómegnugur að standa við og hefði ekki gert ráð fyrir. En hér geri ég ráð fyrir að hv. þm. mæli á móti betri vitund eða hann kannske viti ekki betur, — ég veit það ekki, — en útlánin fara fram þannig, að það er ekki lánað út á bátinn úr fiskveiðasjóði, fyrr en hann kemur heim, og þá í einu lagi upphæð, sem er 2/3 hlutar af kaupverði bátsins. Hvernig svo fer um erlendu skuldina, það er annað mál og kemur ekki fiskveiðasjóði við, vegna þess að það er venjulega fengin bankatrygging fyrir þeirri greiðslu gegn því, að viðkomandi banki fái svo féð, sem kemur úr fiskveiðasjóði, og kaupandi setji tryggingu, sem bankinn metur gilda, fyrir gengisáhættunni, þannig að þessi útlendu lán koma aldrei við fiskveiðasjóðinn, vegna þess að hann hefur aldrei tekið þau að sér. Hitt er annað mál, að það væri eðlilegt, að fiskveiðasjóður gæti hækkað útlán sín hér heima í íslenzkum krónum með hliðsjón af þeirri hækkun kaupverðs bátsins, sem felst í 55% yfirfærslugjaldinu, en þetta hefur mér vitanlega ekki verið gert í tíð fyrrv. ríkisstj.

Hv. þm. sagði, — ég held ég hafi skrifað það

orðrétt upp eftir honum, — að samningur hefði verið gerður við fiskveiðasjóð um þetta, en mig langar til að sjá þann samning. Það var gengið eftir því oft af bönkunum, sem tóku að sér þessa gengisáhættu fyrir útvegsmennina, sem áttu bátinn, og tóku að sér ábyrgð á láninu, að fiskveiðasjóður tæki að sér að hækka lánið um 2/3 hluta af því, sem yfirfærslugjaldinu næmi eða þeim hækkunum, sem yrðu á þessum greiðslum síðar, ef til annarra ráðstafana kæmi, sem hefðu áhrif á þetta. En mér vitanlega hafa ekki enn verið gerðir neinir samningar um þetta við fiskveiðasjóð. Hitt er annað mál, að ég hef nú fyrir nokkru sett nefnd til þess að endurskoða reglurnar um útlán fiskveiðasjóðs, og þessari n. er m. a. ætlað það verkefni að kveða á um þetta.

Ég veit, að inn á sér finnur þessi hv. þm. og aðrir, sem um þessi mál hafa fjasað mikið í þessum umr., að hér er ekki um það að ræða, að verið sé að draga úr möguleikum fiskveiðasjóðs til útlána, heldur hefur fiskveiðasjóður með því fé, sem hann hefur til umráða, nú möguleika til að sinna sinni útlánastarfsemi miklu meir og betur en hann hefur haft nokkurn tíma áður. Og hvers vegna skyldu þá vera tekin lán til þessarar útlánastarfsemi, ef þeirra þarf ekki með til þeirrar starfsemi, sem lögin gera ráð fyrir? Hitt er annað mál, að um það má náttúrlega deila, hvort fiskveiðasjóður ætti að taka að sér að lána til togarakaupa og til þeirra stóru hraðfrystihúsa og fiskvinnslustöðva, sem nú er verið að byggja og kosta tugi milljóna. En það verkefni hefur honum ekki verið ætlað, og þess vegna hafa ekki heldur verið gerðar ráðstafanir til þess að afla fjár til þeirrar útlánastarfsemi, því að hún er ekki heimil samkv. l. um sjóðinn, eins og þau eru nú.

Ég skal svo láta þetta nægja um fiskveiðasjóðinn.

Ég skal þá víkja nokkrum orðum að raforkuframkvæmdunum, 10 ára áætluninni svokölluðu, sem mikið hefur komið við sögu hér.

Það var eitt af því fyrsta, sem raforkumálastjóri skýrði mér frá, þegar ég kom að þessum málum, að nú, þegar hálfnuð væri framkvæmd áætlunarinnar, þá hefðu komið í ljós ýmsir hlutir, sem gerðu það nauðsynlegt, að áætlunin öll væri endurskoðuð. Það hafði komið í ljós af reynslunni, að ýmislegt, sem var talið eðlilegt og kannske æskilegt að gera fyrir fimm árum, væri nú talið eðlilegt og æskilegt að gera nokkuð öðruvísi en þá var hugsað. Og sérstaklega virtist mér, að stjórn raforkumálanna væri inn á þessu vegna þess, að við blasti gífurlegur halli á rekstri rafmagnsveitna ríkisins, sem á þessu ári er áætlaður á fjárlögum 15 millj. kr.

Það hafði þess vegna lengi verið á döfinni hjá raforkumálastjóra og rafmagnsveitustjóra að freista þess að breyta þessum áætlunum þannig, að takast mætti að draga úr stofnkostnaði og rekstrarkostnaði, þó þannig, að þjónustan við almenning í landinu, sem gert er ráð fyrir í þessari áætlun, yrði ekki skert. Niðurstaðan af þessum athugunum raforkumálastjóra og rafveitustjóra ríkisins er sú, sem kemur fram í tillögu hans um breytingar á eftirstöðvum rafvæðingaráætlunarinnar 1954—1963 og er í því fólgin aðallega að fresta nokkrum vatnsvirkjunum og línum á milli byggða, en taka upp í staðinn disilstöðvar, sem væru miklu ódýrari í stofnkostnaði og sömuleiðis ódýrari í rekstrarkostnaði og gætu, þegar fram í sækti, orðið varastöðvar og toppstöðvar fyrir vatnsaflsvirkjanirnar og unnið samhliða þeim og með þeim. Með þessu móti telur raforkumálastjóri að hægt sé að lækka áætlunina í heild á þessum 10 árum um allt að 88 millj. kr., en auka þó rafmagnsframleiðsluna um 4000 kw., eða um 66% frá því, sem gert hefur verið ráð fyrir.

Ég held, að það verði ekki með neinni skynsemi mælt í móti því, að þessi aðferð er heppilegri, hún er ódýrari og hún kemur jafnmörgum aðilum til gagns eins og hin, en hún sparar ríkissjóði á þessu tímabili útgjöld, svo að skiptir mörgum tugum milljóna, og hún sparar rekstrarútgjöld, sem sömuleiðis nema tugum milljóna á tímabilinu. Og hún gerir þetta „plan" allt saman miklu viðráðanlegra en áður hafði verið ætlað, og það, sem ég vil undirstrika sérstaklega, að hún veitir sömu þjónustu að öllu öðru leyti en því, að vegna þess að þessar tengiveitur á milli héraða eru felldar niður, þá fá 110 bæir seinna rafmagn frá línu en ella mundi og þó jafnhá tala annars staðar, sem er bætt við. En þessi 110 sveitabýli, sem ekki komast þá með, eru mjög lítill hluti af þeim 3000 býlum, sem eru á þessari áætlun, og þess vegna engin ástæða til þess að leggja svo mikið í sölurnar fyrir að ná öllu slíku með, sérstaklega ekki þegar hægt er að fullnægja þeirra þörfum á mjög ódýran hátt á annan veg.

Það kom fram í umr. hér í kvöld, að það var einhver hv. þm., sem hélt því fram, að ekki hefði tekizt á undanförnum árum að ljúka til fulls þeim áætlunum, sem gerðar hefðu verið um framkvæmdir. Ég skal sérstaklega, því að á það var minnzt, geta ársins 1958. Samkvæmt bréfi frá raforkumálastjóra, dags. 31. marz 1959, upplýsir hann um þetta og segir:

„Í eftirfarandi yfirliti eru þau verk talin upp, sem frestað var á síðasta ári." Það eru 11 línur samtals, byrjar á Vatnsdalslínu og endar á Hvítárholtslínu, með 124 býli, 136.8 km og kostnaður 12.6 millj. kr., sem ekki var unnið af þeirri áætlun, sem gert hafði verið ráð fyrir að vinna á árinu 1958. Það getur náttúrlega komið fyrir jafnvel hjá því góða fólki, sem farið hefur með stjórn þessara mála að undanförnu, að einhver tilfærsla og einhver breyting eigi sér stað í þessum hlutum. En ég vil geta þess, að á áætluninni, sem gerð hefur verið fyrir árið 1959, er gert ráð fyrir, að unnið verði að því, að allar þessar veitur verði byggðar, sem ekki voru framkvæmdar á árinu 1958, og enn þó nokkrar í viðbót, þannig að heildarkostnaðurinn við héraðsrafveiturnar á árinu verði, ef ég man rétt, 14.8 millj. kr. — og heildaráætlunin verði 76.6 millj. kr., sem unnið verði fyrir á árinu.

Í ræðu, sem hv. 1. þm. S-M. (EystJ) flutti

hér í kvöld og ég heyrði a. m. k. hluta af, þá fannst mér hann gera mjög mikið úr því, að verið væri að rífa „raforkuplanið" niður, og miðaði sitt tal aðallega við kostnaðartölur, það hefði verið unnið fyrir svo og svo margar milljónir, — ég held hann hafi sagt 110 millj. kr. árið sem leið, upphæðin væri miklu lægri nú. Það var engu líkara en honum fyndist aðalatriðið, hversu miklu væri hægt að eyða í þetta. Hann minntist ekkert á, hvað hefði fengizt og hvað hefði verið látið bíða, heldur eingöngu minntist hann á það, hvað mörgum tugum og hundruðum milljóna hafði tekizt að eyða. Þetta er allólíkt því, sem ég hafði búizt við að fyrrv. fjmrh. hefði gert, ef hann hefði sjálfur átt að eiga einhvern hlut að stjórn þessara mála. Það er ekki aðalatriðið í þessu sambandi, hversu mörgum milljónum tekst að eyða, heldur hversu mörgu fólki er hægt að veita þjónustu á þennan hátt fyrir sem minnstan pening. Það er það, sem er aðalatriðið. Og það, sem er gert í þessu falli, er það, að það er veitt öll sú sama þjónusta að ég kalla á þessum fimm árum, sem eftir eru, fyrir 88 millj. kr. minni upphæð og þó þannig, að þær dísilstöðvar, sem byggðar eru til þess að ráða úr lausn vandans nú, verða liður í því, sem gert verður á eftir.

Hv. þm. A-Sk. (PÞ) beindi til mín fyrirspurn í þessu sambandi. Og vegna þess að hans dæmi er ákaflega sláandi um það, hver breyting hefur orðið á þessum hlutum með hinni nýju áætlun, þá skal ég leitast við að útskýra það eins nákvæmlega og ég get.

Hv. þm. sagði, að það hefði verið hafinn undirbúningur að vatnsvirkjun í þessari sýslu, Smyrlabjargavirkjun, og það er rétt. Og þessi undirbúningur var kominn það langt, að það var byrjað að kaupa efni til virkjunarinnar, en í tiltölulega mjög litlum stíl, þannig að langmestur hluti efnisins til virkjunarinnar er enn ókeyptur. En þegar raforkumálastjóri og hans starfsmenn fóru að athuga þetta mál betur, þá töldu þeir, að mál Austur-Skaftfellinga mætti leysa á annan hátt og betur en gert hefði verið ráð fyrir, og tóku þess vegna það fyrir að endurskoða þessa áætlun með hliðsjón af því. Vatnsvirkjunin held ég að hafi verið áætluð 1000 kw., en enga línu er farið að leggja um héraðið enn, og var ekki á áætluninni að hefja þá línulagningu strax, a. m. k. ekki á þessu ári, heldur voru framkvæmdirnar einskorðaðar við virkjunina. Nú er það gefið mál, segja þeir, og ég tek undir það, að ef 1000 kw. stöð hefði verið þarna reist og línulagningunni ekki komið lengra en gert er ráð fyrir í gömlu áætluninni, þá hefði orka þessarar vatnsaflsstöðvar hvergi nærri notazt í upphafi. Rekstur þessarar vatnsaflsstöðvar hefði þess vegna orðið óhagstæður og það svo mjög, að rekstur þessarar veitu hefði gefið mikinn greiðsluhalla. Þess vegna er það ráð tekið í þessari nýju áætlun að byggja í staðinn í upphafi 500 hestafla dísilstöð á Hornafirði og byrja í staðinn einu ári fyrr að leggja veiturnar um héraðið. Þessi dísilstöð í Hornafirði fullnægir til að byrja með þeirri orkuþörf, sem um er beðið í héraðinu, og með því að fara í dísilvélavirkjunina í staðinn fyrir vatnsaflsvirkjunina, þá verður virkjunarkostnaðurinn miklu minni en kostnaðurinn við vatnsaflsvirkjun hefði orðið og rekstrarafkoma veitunnar þess vegna betri. Hins vegar er byggingu vatnsaflsstöðvarinnar ekki frestað um ófyrirsjáanlegan tíma. Bygging vatnsaflsstöðvarinnar er á áætluninni, en ekki fyrr en á árinu 1963. Þá er gert ráð fyrir, að búið sé að leggja línurnar um allt héraðið, og líkur til þess, að orkusalan geti orðið miklu meiri frá þessu orkuveri en ef væri byrjað á því að byggja orkuverið og síðan að leggja línurnar og salan þá miklu minni í upphafi en hún mundi verða ella. Auk þess fæst svo í dísilstöðinni varastöð og toppstöð, sem bæði getur gripið inn, þegar aðalstöðin eða vatnsaflsstöðin af einhverjum ástæðum kynni að stöðvast, og hún getur líka verið sem toppstöð, þegar álagið yrði meira en vatnsaflsstöðin getur ráðið við.

Það, sem þess vegna vinnst við þetta, er það, að það verður byrjað á línulögnunum um héraðið einu ári áður en áætlunin gerði ráð fyrir. Það verður komizt hjá þeim rekstrarhalla, sem orðið hefði, ef þetta hefði verið tekið í öfugri röð og byrjað á vatnsaflsstöðinni. Og það er í þriðja lagi fengið 50% meira afl til umráða eða 1500 kw. í staðinn fyrir 1000. Og allt saman er þetta komið á áður en 5 ára tímabilinu er lokið, en það er bara tekið í nokkuð annarri röð og á hagkvæmari hátt, þannig að rekstrarkostnaðurinn verður minni og meir í samræmi við orkuþörfina eða sölumöguleika orkunnar, á meðan línan hefur ekki verið lögð um héraðið.

Ég veit, að þetta er mjög greinilegt dæmi um þá breytingu, sem víða hefur verið gerð í þessu sambandi. Tímaröðinni á framkvæmdinni hefur nokkuð verið vikið við til hagræðis fyrir bæði notendur og fyrir ríkissjóðinn, sem getur frekar staðið undir framkvæmdunum, eftir því sem stofnkostnaðurinn verður ódýrari. Heildarþjónustan í lok 5 ára tímabilsins verður sú sama, og í þessu falli t. d., sem ég nefndi, verður hún betri en gert var ráð fyrir, því að orkuframleiðslan verður þar 50% meiri en í upphafi var gert ráð fyrir, og hún kemst til notendanna einu ári fyrr en gert hafði verið ráð fyrir á þennan hátt. Nú verður það að vísu í þessu tilfelli ekki minni kostnaður í heild en gert hafði verið ráð fyrir, vegna þess að orkuframleiðslan verður þetta miklu meiri, sem ég hef hér greint frá, og heildarkostnaður við virkjunina þess vegna — við allar framkvæmdirnar — nokkru meiri. En hér hefur heldur ekki verið neitt sparað, aðeins verið breytt um röð og byrjað á dísilstöð, sem ekki var gert ráð fyrir í áætluninni.

Þetta er mjög „týpiskt" dæmi um þær breytingar, sem gerðar hafa verið á áætluninni, og ég ætla, að það sé frekar vegna áróðurs eða einhvers annars, enn þá annarlegri ástæðna, sem þetta hefur verið „krítiserað" jafnmikið og gert hefur verið, því að ég er viss um, að fyrir notendurna er það sízt verra og í mörgum tilfellum betra og fyrir ríkissjóðinn mun-

ar það öllum þessum milljónum, sem ég hef núna nefnt.

Út af rafmagnsmálunum held ég að ég þurfi ekki að segja miklu fleira. Með þessari fjáröflun, þessum 45 millj. kr., sem gert er ráð fyrir að taka að láni til raforkuframkvæmdanna, á að vera hægt að komast svo langt með þær, að ekki þurfi að grípa til frekari erlendrar lántöku. Það er gert ráð fyrir að nota af þessu fé 33 millj. kr. á árinu 1959 og afganginn, eða 12 millj., síðar, 1960 eða jafnvel enn síðar, eftir því sem á þarf að halda og framkvæmdaáætlunin gefur tilefni til. En ef hagkvæmt þykir að flytja einhverjar framkvæmdir á milli ára, þá má vitaskuld gera það með því fé, sem fengið verður, því að það verður náttúrlega yfirfært og heim tekið í þessu skyni strax. Ég vil leggja áherzlu á, að heildarfjárþörfum raforkuáætlunarinnar á að mestu leyti að vera fullnægt með þessu, þannig að það, sem til viðbótar þarf, er ekki meira en svo, að ætla má, að hægt sé að fá það innanlands.

Að lokum vil ég aðeins segja nokkur orð um hafnargerðirnar og fyrirhugaðar lántökur til þeirra.

Það er áætlað, að 28 millj. kr. af þessum 98 millj. kr. gangi til hafnargerða, og hafa ýmsir hv. alþm. látið í ljós, að það væri nokkuð lítið. En ég vil í því sambandi geta þess, að í þessari lántöku er ekki ætlað að sjá fyrir þörfum stærstu hafnarinnar eða þeirrar, sem mest fé þarf, þ. e. a. s. í Þorlákshöfn. Til hennar er ætlað að útvega fé á annan hátt og utan við þessa upphæð, svo að lánin til hennar koma til með að bætast hérna við, því að ef hún væri hér með þau „plön", sem þar eru uppi, þá mætti ætla, að hún þyrfti meginhlutann af þessu fjármagni. En það virðast í augnablikinu vera líkur til þess, að hennar fjárþörf sé hægt að leysa á annan hátt, og þess vegna er ekki reiknað með, að hún komi hér inn. En ef hún væri með, þá mætti gera ráð fyrir, að þessi upphæð færi mjög nálægt því að vera á milli 50 og 60 millj., eins og nefnt hefur verið hér sem æskileg upphæð af þeim hv. þm., sem þessa upphæð, 28 millj. kr., hafa gagnrýnt, svo að hafnargerðirnar koma sennilega til með, ef allt fer með felldu með lánsútvegunina til Þorlákshafnar, að hafa til umráða í allt á milli 50 og 60 millj. kr., og það er a. m. k. ekki útlit fyrir, að hægt sé að ráða við stærri upphæð eða gleypa stærri bita á einu til tveimur árum.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 447, 448, 449, 450, 451, 452, 456, 457, sem voru of seint fram komnar, leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það hefur allmargt komið fram í þessum umr. hér í dag og kvöld, sem ástæða væri til þess að ræða um. Það er eins og hæstv. forsrh. sagði í ræðu sinni áðan, að umr. hafa farið inn á nokkuð aðrar brautir en venja er til við þessa umr. fjárlaga almennt, því að umr. bera að vissu leyti nokkru meiri keim af eldhúsumr. og sýnilega af ýmsum aðilum sérstakt kapp lagt á það að reyna að koma á þær áróðursblæ, enda niðurstaðan orðið sú, að það hefur ekki verið af þessara aðila hálfu sérstaklega lagt kapp á að ræða málin efnislega út frá raunsæi og réttu mati á staðreyndum, heldur til þess að fá út úr umr. álitlega pólitíska mynd, og að vonum matið á þeim atriðum, sem fyrir hafa legið til athugunar, verið í samræmi við það.

Ég vil fyrst víkja að einu atriði, sem er ákaflega smávægilegt í rauninni, og það var atriði, sem hv. frsm. 3. minni hl. vék að í upphafi síns máls í dag. Hann bar þar fram kvörtun yfir því, að hann og hans flokksmenn hefðu ekki fengið að vera aðilar að flutningi einnar till., sem 1. minni hl. nefndarinnar stóð að, og taldi, að þar hefði verið komið fram af mikilli óbilgirni. Mér finnst þetta vera nánast broslegt, vegna þess að þessi hv. þm. veit það ákaflega vel, að það hefur verið hafður sá háttur á í fjvn., að þær till., sem nefndin hefur orðið sammála um, hafa verið fluttar af nefndinni í heild á sérstökum þskj., og síðan hafa þeir aðilar, sem flutt hafa hinar einstöku till. í nefndinni, en ekki fengið allsherjarstuðning þar, flutt það í sínu nafni, þeir minni hl., sem í nefndinni hafa myndazt, og það gæti í rauninni orðið nokkuð skringileg útkoma, ef það væri farið að skila sérstökum nál. á sérstökum þskj. með hverri einstakri till. eftir því, hvernig samstaða hefði myndazt um hana í nefndinni.

Það hefur t. d. komið fyrir um margar aðrar till., sem við höfum flutt í 1. minni hl., að aðrir nm. ýmsir hafa greitt atkv. með þeim í n. og talið sig mundu styðja þær, en það hefur hins vegar ekki fengizt allsherjarsamstaða, og af þeim sökum hafa till. verið fluttar í nafni viðkomandi minni hl. í n. En að það feli í sér, að öðrum þm. sé bannað að styðja till., þegar inn í þingið kemur, það er sannast sagna ákaflega brosleg fullyrðing, og ég get a. m. k. tekið það fram í sambandi við þessa till., að það er okkur flm. hennar að sjálfsögðu hið mesta gleðiefni, að bæði hv. þm. S-Þ. og aðrir, sem sama sinnis eru, ljá henni sitt lið.

Það gefst í rauninni ekki tilefni til þess að ræða um aðrar till., hvorki frá 1. minni hl. n. né fjvn. í heild, nema sem varðar ráðstöfun á því lánsfé, sem gerð er till. um af 1. minni hl. n., hvernig ráðstafað verði, og aðrir aðilar hafa flutt brtt. um.

Varðandi afgreiðslu fjárlagafrv. að öðru leyti hefur í rauninni ekkert verið rætt umfram þær framsöguræður, sem fluttar hafa verið, og því ekki tilefni til þess að ræða þær sérstaklega.

Hv. frsm. 3. minni hl. flutti hér í dag alllanga ræðu með viðeigandi undirfyrirsögnum, sem hann birti í ræðu sinni á tilteknum stöðum, þar sem nýir kaflar birtust, og þá með sérstökum skáldlegum fyrirsögnum, sem hans er von og vísa og ég veit að taka sig mjög vel

út á síðum Tímans, þegar þær verða þar birtar. Mér hugkvæmdist ekki að ætla að keppa við hann um myndskrúðuga ræðu. Ég veit, að ég kemst ekki í hans fótspor þar. En það harma ég hins vegar, hversu þetta myndskraut var notað til þess að hylja bágbornar og rakalausar fullyrðingar. Hann er nú sýnilega alveg kominn úr bílnum, sem hann var með hér á þingi í sambandi við afgreiðslu fjárlaga í fyrra og hittiðfyrra, eða dýrtíðarvagninum svokallaða, sem hann gerði þá mjög skáldlega samlíkingu um og sagði til afsökunar því, hvað ríkisstj. hefði gert lítið til að sporna gegn dýrtíðinni og þenslunni, að menn yrðu fyrst um sinn, eftir að þeir hlypu úr vagni, að hlaupa í sömu átt og vagninn til þess að missa ekki fótanna.

Það hefur nú farið svo með þennan vagn, að hann er víst kominn fram af brúninni, eins og efnahagsmálaráðunautur fyrrv. ríkisstj. lýsti nokkrum dögum áður en ríkisstj. gafst upp fyrir jólin, þannig að það er nú kannske ekki von, að hann sé til staðar til ferðalaga nú, enda er þessi hv. þm. nú aðallega farinn að halla sér að útgerðinni, og í öllum þeim ræðum, sem hann hefur hér flutt, hefur hann talað um bát, sem að vísu virðist ekki vera af betri endanum, því að þar er allt upp á hið lakasta, og í dag var sagt, að þessi bátur mundi vafalaust ekki hafa fengið haffæriskírteini, ef réttum lögmálum hefði verið fylgt í því efni. Þetta er vafalaust alveg rétt hjá hv. þm., því að eftir að hann og hans flokksbræður voru búnir að hafa á hendi stjórn þjóðarskútunnar það tímabil, sem þeir höfðu í fyrrv. ríkisstj., þá var hún sannarlega ekkert glæsilegt far, þannig að það hefði víst ekki verið sérlega líklegt, að hún fengi haffæriskírteini, og þess vegna fellur þessi samlíking mjög vel saman við raunveruleikann í þessu efni. Það, sem er eini munurinn varðandi viðhorf hv. þm. S-Þ. og hans flokksbræðra og þeirra, sem vilja fylgja breyttri stefnu, er það, að hann og hans fylgjendur virðast telja það raunverulega sáluhjálparatriði, og það er kannske vottur um það, að þeir trúi mjög á sælu annars lífs, að það verði ekkert gert til þess að bjarga þessari fleytu, heldur verði hún bara látin sökkva, það þýði ekkert að vera að bíða, þetta komi hvort sem er — og hví þá ekki að láta þetta koma strax? Ég veit ekki, hvort þetta er fyrirboði um það, hvað þeir álíta sjálfir um framtíð síns flokks, að það hafi ekki mikla þýðingu að vera að halda þessu á floti, því að þeir leggja vafalaust ekki mikið upp úr því, að þjóðarskútan fljóti lengi, eftir að þeirra forsjónar nýtur ekki þar, og sé þá kannske bezt, að hún farist sem fyrst.

Þetta virðist vera tónninn í ræðum þeirra hv. framsóknarmanna, sem hér tala. Og viðhorf þeirra til þjóðarskútunnar virðist mótast af þessum sjónarmiðum. Þeir vilja sem sagt alls ekki með nokkru móti líta á neinar ráðstafanir til þess að bjarga út úr þeim ógöngum, sem þeir hafa manna mest átt þátt í að koma þjóðinni í, heldur telja þeir það allt ómögulegt. Við 2. umr. fjárl. vildu þeir ekkert gera til þess að sjá fyrir fé í útflutningssjóð, enda þótt vitað væri, að þessa fjár væri þörf, og þeir höfðu beinlínis viðurkennt það með því að taka óbeinan þátt í afgreiðslu efnahagsráðstafana eftir síðustu áramót, og þá voru ekki höfð uppi nein mótmæli um það, að fullkomlega væri þörf þessa fjár, sem þar var gert ráð fyrir, til aukins stuðnings útgerðinni. Nú vilja þeir ekkert gera til að útvega þetta fé. Það kemur þeim ekki við, vegna þess að þeir höfðu lagt fram till. í ríkisstj. í haust og þessum till. var ekki sinnt.

Ég veit nú satt að segja ekki, hvernig færi um stjórn okkar þjóðmála, ef sá háttur væri upp tekinn af stjórnmálaflokkum, að ef einhvern tíma hefði ekki verið fylgt þeirra ráðum, þá kæmi þeim ekkert við það, sem gerðist eftir það, og þeir neituðu algerlega að viðurkenna þá raunverulegu þróun, sem orðið hefði. Ég geri ráð fyrir, að það sé svo ástatt með alla flokka þingsins, að þeir hafi flutt ýmsar till. um lausn efnahagsmálanna á hinum ýmsu tímum, sem ekki hafi verið farið eftir, og þeim hafi þó ekki hugkvæmzt að halda því fram, þegar það liggur fyrir, hver þróunin hefur orðið á hverjum tíma, að segja þá sem svo: Mig varðar ekkert um þetta. Ég vildi hafa þetta öðruvísi, *og þar af leiðir, að ég þarf* ekki að hafa nein afskipti af þessu máli. Þeir flokkar, sem þannig hugsa, eiga bara að draga sig út úr pólitík. Og það væri kannske farsælast, að Framsfl. gerði það.

Í beinu framhaldi af þessu viðhorfi til afgreiðslu fjárl., sem einnig kemur fram við þessa umr. nú, því að þeir hafa ekki viljað heldur nú eiga neinn þátt í því að gera ráðstafanir til þess að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög, þá hafa þeir nú tekið upp nákvæmlega sama viðhorf í sambandi við þær umr., sem hér hafa orðið um rafvæðingaráætlunina. Það er nákvæmlega sami hugsunarháttur, sem þar birtist. Það er auðvitað vitanlegt, af hverju þessir menn breiða sig svo mjög út yfir þá endurskoðuðu rafvæðingaráætlun, sem hér liggur fyrir. Það auðvitað dylst engum, að það er gert í þeim eina tilgangi að reyna að slá ryki í augu fólks og nota þetta mál í stjórnmálaáróðrinum í þeirri von, að þeir geti blekkt einhvern með þeim fullyrðingum, sem þeir halda hér fram. Það er kannske afsakanlegt hjá ýmsum hv. þm., þó að þeir geri þetta í hita dagsins. En það er ekki afsakanlegt, þegar hæstv. fyrrv. fjmrh. leyfir sér að ganga fram fyrir skjöldu í þessum áróðri á þann hátt. Maður, sem á að þekkja þessa hluti betur en flestir aðrir, má ekki svo fáum mánuðum *eftir að hann lætur af ráðherradómi gleyma* algerlega þeim skyldum, sem á honum hvíla að meta mál út frá raunsæi og raunverulegum staðreyndum. Hann má ekki falla í þá gröf að láta bágborna málefnaaðstöðu síns flokks verða til þess að slá sig algerri blindu, þannig að hann taki undir með algerlega ábyrgðarlausum málflutningi í sambandi við umr. um hin mikilvægustu stórmál og vandamál þjóðarinnar. Ég efast ekkert um það, að hv. 1. þm. S-M. veit mætavel, að það, sem hann hefur

haldið fram hér í dag, er blekking og eingöngu fram sett til þess að blekkja. Ég þekki hann það vel, að ég veit, að hann hefur áreiðanlega undir niðri löngun til þess að tala um þessi mál af meiri virðingu fyrir staðreyndum og heilbrigðri skynsemi en hann gerði.

Hæstv. forsrh. hefur gert hér þessa endurskoðuðu rafvæðingaráætlun töluvert að umtalsefni, en mig langar þó til að bæta þar við nokkrum orðum.

Bæði hv. þm. S-Þ. og hv. 1. þm. S-M. héldu því fram, að það væri, eins og þeir orðuðu það, svik, brigð á loforðum og önnur álíka orð, sem þeir um það höfðu, ef nokkur breyting væri gerð á hinni upprunalegu 10 ára áætlun, og hv. 1. þm. S-M. ítrekaði það í sinni ræðu hvað eftir annað, að hann krefðist þess, að frá þessum áformum væri horfið. Honum er dálítið gjarnt að nota orðið „krefst", en það er nú held ég gott fyrir menn að gera sér grein fyrir því, hvaða aðstöðu þeir hafa til að krefjast, og þó að menn hafi kannske vanizt því, að það væri í öllu farið eftir þeirra orðum og óskum, þá er ekki víst, að það verði ætíð gert, og þess vegna hæpið að byggja sinn málflutning allt of mikið upp á slíkri kröfugerð. En látum það nú gott heita.

En í sambandi við þessi svikabrigzl öll er æskilegt að gera sér grein fyrir, hvað hér er raunverulega á ferðinni, og þá m. a. og fyrst og fremst það, hvað 10 ára áætlunin er. Hv. 1. þm. S-M. sagði, að það væri brot á þingræðisreglum, ef það væru gerðar nú breyt. á þessari áætlun. Ég skil satt að segja ekki, hvað hann á við með þessu, vegna þess að 10 ára áætlunin svokallaða hefur aldrei verið formuð þannig, að það væri í þeirri löggjöf, sem upphaflega var um hana sett, tiltekið í einstökum atriðum, hvernig framkvæmd hennar skyldi háttað, enda hefur ýmsum atriðum hennar verið breytt síðan og engir haft neitt við það að athuga. Hann vildi storka okkur sjálfstæðismönnum og það verður vafalaust útskýrt í Tímanum með viðeigandi orðum, að við, sem hefðum þótzt vera höfundar þessarar áætlunar, ætluðum nú að fara að gerast svikarar við hana, ef við féllumst á þessa endurskoðuðu áætlun, sem hér lægi fyrir.

Ég held, að við sjálfstæðismenn höfum enga ástæðu til að blygðast okkar fyrir okkar stefnu í raforkumálum, því að það er víst engum efa bundið, hvaðan hugmyndirnar um rafvæðingu strjálbýlisins eru runnar, og mun víst enginn leyfa sér að mótmæla því eða efast um það. Það er langur tími liðinn, síðan þeirri hugmynd var hreyft og síðan m. a. þeirri kenningu var haldið fram af aðaltalsmönnum Framsfl., að hugmyndin um rafvæðingu strjálbýlisins mundi setja landið á höfuðið og það mundi vera framtíðarlausnin að leysa raforkumál strjálbýlisins með því að virkja þúsundir bæjarlækja, eins og það var orðað á sinni tíð. Þá var nú ekki markið sett hærra, og ég held því, að með hliðsjón af aðgerðum okkar sjálfstæðismanna í þessu efni getum við alveg kinnroðalaust borið okkar verk í því sambandi saman við verk þeirra manna, sem hér tala nú hæst og fjálglegast um þetta mál og þeir einir séu þar sannir á verðinum.

En í sambandi við það, að það séu einhver brigðmæli, þó að áætlun sem þessi sé endurskoðuð, þá er rétt að vekja athygli á vissum staðreyndum í þessu sambandi, sem nauðsynlegt er að hafa í huga. Þegar þessi áætlun var upphaflega gerð, var hún gerð af þeim mönnum, sem raforkumálunum stjórnuðu í þá tíð og eru þeir sömu menn og það gera nú. Og þeir formuðu hana á þeim grundvelli, sem þeir töldu þá raunhæfan og raunsæjan, miðað við þá möguleika, sem voru fyrir hendi um fjáröflun, og miðað við þá kostnaðaráætlun, sem þá var gerð. Það er nú liðinn helmingur þessa tímabils. Og hvað er það þá, sem veldur því, að það er talið nú nauðsynlegt að endurskoða þessa áætlun? Það, sem fyrst og fremst veldur því, er það, að á þessu tímabili hefur kostnaður við þessa framkvæmd vaxið svo gífurlega, að 10 ára áætlunin, sem upphaflega var gert ráð fyrir að kostaði 250 millj. kr., mundi eftir þeim áætlunum, sem nú liggja fyrir, kosta samtals á 7. hundrað millj. kr., og þetta eitt út af fyrir sig sýnir ljóslega, hvaða geysilegar breyt. hafa orðið og hvernig allur grundvöllur undir þessari áætlun hlýtur að hafa raskazt stórkostlega. Það hefur t. d. gerzt í þessu sambandi, að síðan vorið 1955 hefur kostnaður við rafvæðinguna hækkað um 80%, en á sama tíma hefur rafmagnsverðið aðeins hækkað um 30%. Og það þarf enga sérstaka rekstrarhagfræðinga til þess að átta sig á því, að þegar svona er ástatt, þá er ekki nema um tvennt að ræða: annaðhvort að halda áfram á þessari braut með sívaxandi rekstrarhalla eða þá í öðru lagi að draga úr hraðanum og láta þetta ná yfir lengri tíma — eða þá að hækka raforkuverðið, nema hægt sé að finna einhverja leið enn og þá leið, sem hér hefur verið reynt að finna, að breyta þessu plani á þann hátt, að það væri hægt með ódýrara móti og hagkvæmara að framkvæma það. Ég geri ekki ráð fyrir því, að neinn maður vilji í alvöru halda því fram, að það hefði átt að halda áfram á þessari braut endurskoðunarlaust með 15 millj. kr. rekstrarhalla á ári um fjölmargra ára bil og láta þannig stóran hluta af því fé, sem til ráðstöfunar hefur verið, ganga til þess að greiða þennan rekstrarhalla. Í annan stað geri ég ekki heldur ráð fyrir, að menn haldi því fram, að það hafi átt að halda dauðahaldi í þetta upprunalega plan, enda þótt það kostaði það, að það þyrfti jafnvel að margfalda rafmagnsverðið, til þess að hægt væri að reka þessar rafveitur með einhverjum skynsamlegum hætti. Ég er hræddur um, að það hefði komið illa við einhvern. Það, sem gerzt hefur því í þessu efni nú, er ekki það, að það hafi verið gefin nein fyrirmæli um að endurskoða þessa áætlun á þeim grundvelli, sem hér hefur verið gert, heldur hafa þessir sérfræðingar, sem að þessu hafa unnið og ég held að sé engin ástæða til annars en álíta að hafi unnið sitt verk vel og dyggilega á þessum árum og haft fullan áhuga á að framkvæma þessa áætl-

un, þeir hafa séð, að svo mátti ekki ganga og það yrði að reyna að finna einhver úrræði. Og ég hika ekkert við að fullyrða það fyrir mitt leyti, enda þótt ég hafi ekki haft langan tíma til þess að athuga þessa áætlun, að hér er í meginatriðum mjög skynsamlega að unnið. Það eru vafalaust ýmis einstök atriði í þessu, sem geta þurft endurskoðunar við, og ekki víst, að allir séu á sama máli og sérfræðingarnir um það, hvernig niðurröðun sé hér hagað í einstökum atriðum. En hugsunina, sem hér liggur á bak við, og þann árangur, sem er talinn nást út úr þessari breytingu, tel ég vera mjög merkilegt spor í þá átt að koma þessu máli fyrir á hagkvæman hátt, bæði fyrir einstaklinga og þjóðfélagið.

Það hefur verið skýrt frá því hér hvað eftir annað í dag, og ég rakti það í frumræðu minni, hvernig í meginatriðum uppbygging þessarar endurskoðuðu áætlunar er. Það, sem mér þykir skipta meginmáli, er, hvaða þjónustu fólkið í landinu fær. Og það hafa engir færð hér fram nein rök fyrir því, sem hafa gagnrýnt þetta plan, að hér væri gert ráð fyrir að rýra þá þjónustu, sem 10 ára áætlunin gerði ráð fyrir, nema síður sé. Það er að vísu rétt, að sú breyting, sem hér verður á, er, að það eru 110 bæir af 3097 bæjum, sem gert er ráð fyrir að fái raforku frá samveitum, sem ekki verða með í þessu plani. En í stað þess koma 110 býli annars staðar, sem rúmast innan þessarar áætlunar, miðað við það fé, sem til ráðstöfunar er samkvæmt áætluninni, eins og hún liggur fyrir. Og er það nú svo óskaplegt, þó að 110 býli þurfi að leysa sína raforkuþörf með dísilrafstöðvum, að það sé talið nauðsynlegt að leggja á sig að óþörfu 88 millj. kr. útgjöld plús 25 millj. kr. aukinn rekstrarhalla til þess að ná því marki að tengja þessa 110 bæi við samveitur? Mér skilst það, eftir því sem hér er haldið fram, að það virðist vera eitthvert óskaplegt böl, ef menn þurfi að fá raforku um lengri eða skemmri tíma frá dísilstöð. Ég fæ ekki skilið, hvernig það skiptir máli fyrir þann einstakling, sem raforkunnar nýtur, hvort hún er frá dísilstöð eða samveitu, ef hann borgar sama verð fyrir hana. Það held ég að hljóti að vera meginatriði málsins, hitt komi einstaklingnum ekkert við. Og það liggur ljóst fyrir, að frá þessum dísilstöðvum, sem settar verða upp á vegum rafmagnsveitna ríkisins, verður rafmagnsverð það sama og frá dreifiveitunum frá vatnsorkuverunum, þannig að hér verður ekki nokkur breyting á. Og ef það er svo voðalegt fyrir 110 býli eða heimilisfólk þar að fá raforku frá dísilstöðvum, a. m. k. um skeið, hvað má þá segja um þau 2500 býli, sem eru utan við þetta plan og er gert ráð fyrir að þurfi að meginhluta til að leysa sína orkuþörf með annaðhvort sérvirkjunum fyrir einstaka bæi eða með dísilstöðvum? Mér finnst þessar röksemdir vera svo furðulegar, að það er eiginlega kynlegt, að nokkur maður skuli treysta sér til að bera þær á borð. Það er ekki gert ráð fyrir að seinka rafvæðingu strjálbýlisins þannig, að hin einstöku býli fái raforku seinna en ella hefði verið, og það er meira að segja í ýmsum tilfellum gert ráð fyrir því, að það geti orðið fyrr, og getur þá orðið bætt úr þeim vanefndum, sem voru hjá fyrrverandi raforkumálaráðherra, þar sem hann frestaði mjög miklum fjölda af þeim dreifiveitum, sem leggja átti á s. l. ári, og fer a. m. k. illa á því, að samherjar þess ágæta manns séu að hneykslast óskaplega yfir því, ef þeir gætu fundið einhvers staðar í einhverjum atriðum vikið frá 10 ára áætluninni. Það væri gott, að þeir íhuguðu þessa staðreynd um leið.

Það er vissulega rétt, að rafvæðing strjálbýlisins og sú 10 ára áætlun, sem um það var gerð, er mikilvægasta hagsmunamál fólksins í sveitum landsins og í strjálbýlinu. En það er jafnmikilvægt að leysa þetta vandamál á þann veg, að hvorki þessu fólki sjálfu, hverjum einstökum, né þjóðfélaginu í heild sé bundinn óþarflega þungur baggi. Því verðum við líka að gera okkur grein fyrir.

Eins og ég skýrði frá áðan, þá er þessi áætlun, sem hér liggur fyrir, gerð af raforkumálastjórninni, og það, sem ég hér segi, túlkar aðeins mína persónulegu skoðun á þessu máli, því að hér er ekki um að ræða neina endanlega samþykkt, heldur hefur þetta verið sent til athugunar viðkomandi ráðuneyti frá stjórn raforkumálanna. En ég ítreka það, að mér sýnist, að raforkumálastjórnin hafi hér tekið á þessu máli af skynsemi og það sé í rauninni eftirtektarvert, hvernig hún hefur náð þeim árangri að lækka þessi útgjöld svo mikið sem hér er gert ráð fyrir og um leið gerbreyta allri rekstrarafkomu rafmagnsveitna ríkisins án þess að draga á nokkurn hátt úr þeirri þjónustu, sem gert var í 10 ára áætluninni ráð fyrir að veita, enda þótt sú þjónusta kunni að vera veitt að einhverju leyti í öðru formi en þar var gert ráð fyrir.

Það liggur í augum uppi og var enda mjög sláandi dæmi, sem kom fram í sambandi við umr. um virkjunina í Austur-Skaftafellssýslu, hversu það hlýtur að vera mikils virði, þegar vatnsfall er beizlað, að það skuli þá vera þegar möguleiki til mikillar raforkusölu. Það er einmitt eitt stærsta vandamálið í sambandi við hinar ýmsu virkjanir, að raforkusala frá þeim hefur lengi framan af verið mjög lítil og þar af leiðandi rekstrarhalli þeirra mjög mikill. Og ég held, að það sé engum efa bundið, að það mundi vekja meiri ánægju hjá fólki, að það fái rafmagn fyrr en ella, enda þótt það í bili þurfi að vera frá dísilstöð, heldur en þurfa að bíða eftir vatnsorkuveri, því að eins og ég sagði áðan, þá skiptir það ekki öllu máli fyrir almenning, heldur að fá rafmagnið og að fá það við sambærilegu verði og aðrir verða að greiða. Það er auðvitað framtíðarmál í þessu sambandi að tengja saman allar hinar ýmsu orkuveitur landsins, og um það hefur raforkumálastjórnin sínar áætlanir. Það tekur vitanlega langan tíma og verður að gerast eftir því, sem skynsamlegt og hagkvæmt er talið. En ég tel það síður en svo óskynsamlegt í meginatriðum, miðað við þær upplýsingar, sem fyrir liggja, að vinna að því að ljúka

10 ára áætluninni á þann hátt, sem raforkumálastjórnin hefur gert till. um.

Það eru ýmis önnur atriði, sem freistandi væri að minnast á, en ég vil ekki eyða miklu lengri tíma í mitt mál. En ég get ekki stillt mig um að minnast á þá staðhæfingu hv. þm. S-Þ. (KK), að með því að gefa eftir þurrafúalánin sé verið að ausa fé í milljónamæringa. Vafalaust eru þessir menn mismunandi efnaðir, sem hafa orðið fyrir þessum áföllum. En eins og ég gat um, þegar það mál var hér til umræðu við 2. umr. fjárl., þá væri það sýnilegt, að ef ekki væri á það fallizt að gefa þessi lán eftir, heldur ætti að innheimta þau, þá væru þessir menn verr settir og byggju við lakari kjör að þessu leyti heldur en þeir, sem yrðu fyrir þessum áföllum, eftir að tryggingakerfið væri innleitt, og ekki sízt eftir að það hefur nú verið samþ., að þurrafúaiðgjöldin verði greidd eins og önnur tryggingaiðgjöld. Og vil ég í því sambandi líka vekja athygli á því, að ef hér er um það að ræða, að það sé verið að gefa milljónamæringum og að mismuna eigi mönnum í þessu efni, þá er að sjálfsögðu alveg á sama hátt hægt að segja það um ákvarðanirnar um útflutningsuppbætur, að það sé ákaflega óeðlilegt að taka þar ekki eitthvert tillit til efnahags manna. Eftir þessari sömu röksemd er að sjálfsögðu í mörgum tilfellum þeim gefið mest, ef gjöf á að kalla, sem efnaðastir eru, þannig að hneykslunaryrði um það, að hér sé verið að fara inn á einhverja óhæfilega braut, er auðvitað algerlega út í hött.

Í sambandi við umr. um erlenda lánið og ráðstöfun þess, þá sagði hv. 1. þm. S-M. (EystJ), að það væri fráleitt að aðskilja grunnupphæð lánsins, þ. e. a. s. þá upphæð, sem miðuð er við hið skráða gengi, og yfirfærslugjaldið, vegna þess að það hlyti að fara saman. Ég held, að skoðun hv. þm. sé eitthvað breytt í þessu efni frá því, sem áður var, vegna þess að mér er ekki kunnugt um annað en að þegar yfirfærslugjaldinu var ráðstafað á s. l. hausti, sem allmiklar umr. urðu hér um fyrir nokkru, þá hafi sá háttur alls ekki verið á hafður, að þær stofnanir, sem höfðu fengið grunnupphæð lánsins, fengju yfirfærslugjald í réttu hlutfalli við grunnupphæðirnar, heldur hafi yfirfærslugjaldinu verið ráðstafað eftir öðrum reglum, og af því leiðir að sjálfsögðu, að það er engin sérstök ástæða til þess, að þetta gjald þurfi að fylgja grunnupphæðinni frekar nú.

Ég sé ekki sérstaka ástæðu til þess að gera hér að umtalsefni fiskveiðasjóðinn og fjárþörf útflutningssjóðs umfram það, sem gert hefur verið. Í því sambandi vil ég þó aðeins minnast á till., sem hv. 2. minni hl. fjvn. flytur, þar sem hann gerir ráð fyrir því, að ákveðið verði í fjárlögum, hvernig greiðslu til útflutningssjóðs skuli hagað og hvernig hún skiptist á einstaka mánuði. Um þetta varð ekki samstaða í n. Ástæðan til þess er ekki sú, að ekki sé talið sjálfsagt, að það verði staðið í skilum með þessa greiðslu, heldur er það alls ekki tiðkað um fjárveitingar í fjárlögum, að sett sé ákvæði um það, í hvaða hlutföllum þær eigi að greiðast þeim, sem þær eiga að fá. Ég veit ekki til, að slík ákvæði hafi nokkru sinni verið í fjárlögum um neinar fjárveitingar úr ríkissjóði. Hitt hefur — held ég — verið almenn regla um fjárveitingar, sem einhverju hafa numið, að það hefur verið fylgt ákveðnum reglum af fjmrn. um greiðslu þeirra og þeim deilt niður á mánuðina eftir einhverjum ákveðnum hlutföllum, og verður að sjálfsögðu að gera ráð fyrir, að það verði einnig gert nú í framkvæmdinni, enda þótt óeðlilegt sé að fara að gera sérstaka samþykkt um þessa tilhögun hér.

Ég held ekki, hæstv. forseti, að ég þurfi að eyða hér lengri tíma. Ég hef útskýrt þau atriði, sem mér þykir máli skipta, og ég vildi aðeins að lokum endurtaka það, að það er í raun og veru raunaleg staðreynd fyrir þá, sem hafa haft einhverja trú á því, að hv. framsóknarmenn vildu sýna ábyrgðartilfinningu við meðferð vandasamra mála, ekki sízt þar sem þeir hafa nú að undanförnu mjög talað um ábyrgðarleysi annarra, að þá skuli þeir verða berir að svo algeru ábyrgðarleysi eins og komið hefur fram við afgreiðslu fjárlaga nú og meðferð annarra þeirra mikilvægra mála, sem blandazt hafa inn í þessar umr.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 460, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 26 shlj. atkv.

Eiríkur Þorsteinsson: Herra forseti. Ég flyt smábrtt. við fjárlögin á þskj. 456, sem felur í sér fjárveitingu til Þingeyrarflugvallar.

Í till. framsóknarmanna í fjvn. við 2. umr. fjárlaga um fjárveitingar til framkvæmda úti um héruð landsins var m. a. till. um 100 þús. kr. til flugvallar á Þingeyri. Þessi till. var felld af stjórnarliðinu.

Ég tel, að tillaga þessi eigi fullan rétt á sér, þar sem það er mjög á döfinni, að sjóflugvélar eru að leggjast niður, og þegar engin flugvél, sem getur lent á sjó, verður til í landinu, þá leggjast ferðir til Vestfjarða niður, ef ekki er hægt að gera flugvelli sæmilega á fjörðunum. Þess vegna tel ég, að þessi till. hafi við fyllstu rök að styðjast. Ég trúi því ekki, að þeir Vestfjarðaþingmenn, sem hér eru, treysti sér til þess að vera á móti þessari sjálfsögðu fjárveitingu, ekki sízt vegna þess, að ákveðið hefur verið að leggja nú 1200 þús. kr. til flugvallargerðar á Ísafirði. Það væri einkennilegt, ef ætti að setja alla hina firðina hjá, þegar svona mikið átak er gert fyrir einn fjörð, og ég trúi því varla, að þeir þm., sem hugsa sér að bjóða sig fram í stóra kjördæminu, þegar búið verður að gera alla Vestfirði að einu kjördæmi, treysti sér til þess, enda þótt þeir séu háðir einhverjum flokksböndum, að vera á móti þessu, enda veit ég, að það þýðir ekkert fyrir þá að sýna sig í Dýrafirði, ef þeir greiða atkv. á móti þessari sjálfsögðu till.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við 16. gr. fjárlaganna, A. 53. d., þ. e. sauðfjársjúkdómavarnir, nýjar girðingar, að fyrir 400 þús. komi 440 þús.

Fyrir skömmu gerðist sá válegi atburður, að mæðiveiki reyndist upp komin í Reykhólasveit í Barðastrandarsýslu vestan sauðfjárveikigirðingar. Samkv. skýrslu Guðmundar Gíslasonar læknis til sauðfjársjúkdómanefndar hefur mæðiveiki fundizt í 13 kindum á fjórum bæjum á Reykjanesi í Reykhólasveit. Milli Berufjarðar í Reykhólasveit og Kletthals í Múlahreppi hefur verið svokallað öryggishólf. Þetta öryggishólf hefur takmarkazt af girðingum að austan og vestan. Það var upphaflega hugsað sem vörn gegn því, að mæðiveiki bærist til vesturhluta Vestfjarða, þ. e. til þeirra héraða, sem bjargað hafa sauðfjárrækt ýmissa landsmanna með sölu líflamba. Nú er þetta ekki lengur öryggishólf, því að mæðiveikin, sem kom upp á Reykjanesi, er einmitt í þessu hólfi.

Sauðfjársjúkdómanefnd er nú að undirbúa varnarráðstafanir vegna þessara atburða. Að sjálfsögðu verða þessar varnarráðstafanir m. a. fólgnar í nýjum girðingum, sem þarf að koma upp. Það hafa komið fram nú þegar 3 till. um varnarlínur: Sú fyrsta að girða af Reykhólasveit vestan Berufjarðargirðingar. Í öðru lagi að tvöfalda girðinguna úr Kollafirði í Ísafjörð. Og í þriðja lagi að koma upp nýju varnarhólfi milli Kletthals og Þingmannaheiðar. Enn hafa ekki verið teknar ákvarðanir um það hjá sauðfjársjúkdómanefnd, hvort þessar ráðstafanir verða gerðar allar eða aðeins sumar þeirra. En eitt er víst, að koma þarf upp nýjum kostnaðarsömum girðingum. Sú fjárveiting til varnargirðinga, sem er í frv., getur þess vegna ekki staðizt, eftir að mæðiveikin er upp komin þarna vestra. Sú fjárveiting er byggð á þeim till., sem voru í fjárlfrv., en nú hefur þessi vágestur gert usla í þessu héraði, og nú þarf nýjar ráðstafanir, sem kosta peninga. Hækkunin, sem ég fer fram á að verði veitt í þessu skyni, er ekki mikil, aðeins 40 þús. kr., en hún ætti að sýna það, að þm. séu sammála um, að hér sé brugðizt skjótt við til að verja Vestfirði fyrir þeirri plágu, sem nú steðjar þarna að.

Ég vænti þess fastlega, að hv. þm. viðurkenni þá nauðsyn, sem hér er á ferðinni, með því að fallast á þessa hóflegu till.

Önnur till. á sama þskj. er við 20. gr., þ. e. nýr liður, Patreksfjarðarflugvöllur, með 150 þús. kr. Hv. 3. minni hl. fjvn. flutti till. um 200 þús. kr. í þennan flugvöll, en sú till. var felld af stjórnarflokkunum hér í þinginu. Ég hef því leyft mér að lækka þessa upphæð og kem með þessa till. um einar 150 þús. kr.

Eins og hv. þm. er kunnugt, hafa Vestfirðingar haft flugsamgöngur með sjóflugvélum um langa hríð. Nú liggur fyrir full vitneskja um það, að þessar samgöngur falla með öllu niður á komandi hausti, þar sem síðasta sjóflugvélin verður þá tekin úr umferð vegna slits. Einn af lendingarstöðum þessara sjóflugvéla hefur verið Patreksfjörður. Þar er nokkurt fjölmenni, sem notið hefur mikils gagns af þessum samgöngum, auk þriggja nágrannahreppa, svo að á þessu svæði mun búa um 1400 manns. Með haustinu verður allt þetta fólk svipt þessum gagnlegu samgöngum.

Flugmálastjórnin hefur ákveðið, að einn af hinum væntanlegu flugvöllum Vestfjarða verði á Patreksfirði. Það er mjög aðkallandi, að hafizt sé handa sem allra fyrst um byggingu flugvallar á þessum stað, svo að þetta tiltölulega fjölmenna hérað þurfi ekki að bíða þess í fjöldamörg ár að fá flugsamgöngur á ný. Eitt hið þýðingarmesta við þessar flugsamgöngur hefur verið það, að vegna þeirra hefur verið unnt að koma sjúklingum, sem orðið hafa fyrir slysum eða bráðum sjúkdómum, undir læknishendur á skömmum tíma. Þar sem sjúkraflugvellir eru, hafa þeir bætt mjög úr í þessu efni. En ekki er þeim til að dreifa í þessu héraði. Á Patreksfirði, í Rauðasandshreppi og í Tálknafirði er enginn slíkur sjúkraflugvöllur til. Það verður því ekki gripið til þeirra þarna, þegar háska ber að höndum vegna slysa eða sjúkdóma. Vegna þessarar aðstöðu fólks í þessu byggðarlagi er enn meiri nauðsyn á því, að hafizt sé nú þegar handa um byggingu flugvallar á Patreksfirði, þótt fjárveiting í þessu skyni yrði ekki há. En hún gæti samt orðið til þess, að fyrsti áfanginn nægði sem flugbraut fyrir sjúkraflug, og að því er stefnt með þessari hóflegu till., sem ég flyt.

Ég vona, að hv. þm. setji sig í spor þessa fólks, sem er að missa flugsamgöngur og hefur ekki einu sinni sjúkraflugvöll til afnota, hvað þá annað.

Síðasta till., sem ég flyt á þessu þskj., er vegna tilmæla sýslumannsins á Patreksfirði út af því slysi, sem kom fyrir sjúkrahúsið þar, að miðstöðvarkerfi þess reynist nú gerónýtt og verður að leggja nýtt. Um þetta ritaði sýslumaðurinn mér fyrir örfáum dögum, og sendi ég hv. fjvn. það bréf daginn eftir. Hún hefur þó ekki getað fallizt á að taka upp fjárveitingu í þessu skyni. Samkv. þessu bréfi sýslumannsins hefur komið í ljós, eins og ég sagði, að miðstöðvarkerfi sjúkrahússins hefur reynzt ónýtt og óhjákvæmilegt er að leggja nýtt kerfi í sjúkrahúsið, ef á að halda starfrækslu þess áfram. Þó hefur sýslusjóður Vestur-Barðastrandarsýslu þegar lagt um 100 þús. kr. til viðgerðar á þessu kerfi, en það hefur ekki reynzt varanlegt, svo að nú er ekki um annað að gera, samkv. bréfi sýslumannsins, en að leggja nýtt kerfi. Sýslumaðurinn telur sýslusjóðnum með öllu ofvaxið að standa straum af þessum kostnaði, og því fer hann þess á leit, að hæstv. Alþingi verði við beiðninni.

Það óhapp, er hér hefur komið fyrir, er alvarlegt fyrir rekstur þessa sjúkrahúss, ef á það er litið, að það er rekið með miklum rekstrarhalla árlega. En þrátt fyrir mjög takmarkaða fjárhagsmöguleika sýslusjóðs hefur hann orðið að bera þennan rekstrarhalla og verður nú að bæta á sig þessum bagga, ef ekki fæst hér nokkur hjálp frá hæstv. Alþ. Með till. þessari er ég ekki að sækja um beina fjárveitingu. Ég fer aðeins fram á það, að

hæstv. ríkisstj. verði heimilað að greiða allt að 75 þús. kr. vegna miðstöðvarkerfis í sjúkrahúsið, en þó aldrei yfir helming kostnaðar. Hæstv. ríkisstj. mun svo að sjálfsögðu athuga það rækilega, hvort nauðsyn er á þessari aðstoð, og ég ætlast ekki til, að þetta verði greitt, fyrr en hæstv. ríkisstj. hefur kannað það, að full þörf er á henni.

Í þessum umr. hér í dag hefur rafmagnsmál borið nokkuð á góma, og þætti mér betur, ef hæstv. raforkumálaráðherra gæti hlustað á mig örfáar mínútur. Hann skýrði nokkuð frá þessu máli hér áðan, og skal ég ekki fara langt út í það mál. Það var þó helzt á honum að skilja, að um langan tíma hafi verið uppi ráðagerðir hjá raforkumálastjóra um breytingar á tíu ára áætluninni um raforkuframkvæmdir. Ég hygg þó, að það sé ekki raforkumálastjóri, sem gerbreytir slíkri áætlun, heldur ríkisstj. og enginn annar en ríkisstj. Og merkilegt má það heita, ef slíkar ráðagerðir hafa verið uppi svo lengi hjá raforkumálastjóra, að þm. hafi ekki verið gert neitt kunnugt um það, því að ekki hef ég t. d. heyrt neitt um slíkar breytingar fyrr en í gær, og ég efast um, að fyrrv. hæstv. ríkisstj. hafi verið kunnugt um slíkar ráðagerðir.

Hæstv. ráðh. gat þess og staðfesti þar með það, sem hér er komið fram, að ráðgerðar séu verulegar breyt. á raforkuáætluninni, m. a. að fresta línum og fresta rafvæðingu, en láta koma í staðinn, a. m. k. að einhverju leyti, dísilstöðvar. Nú stendur þannig á, að í mínu héraði er á þessari tíu ára áætlun svokölluð Króksfjarðarneslína. Það er rafmagnslína frá Þverárvirkjun í Steingrímsfirði til Króksfjarðarness með línum þaðan síðan út um sveitirnar. Hæstv. ráðh. gat þess m. a., að tímaröðinni verði vikið við til hagsbóta fyrir neytendur, eins og hann orðaði það. Ég leyfi mér því að spyrja hæstv. ráðh.: Hvernig á að víkja við tímaröðinni í framkvæmd Króksfjarðarneslínunnar? Í tíu ára áætluninni er ákveðið, að hún skuli lögð á árunum 1958, 1959 og 1960. M. ö. o.: henni á að verða lokið næsta ár samkv. tíu ára áætluninni. Nú er ekki farið að leggja þessa línu, en sú fjárhæð, sem var áætluð á árinu 1958, mun hafa verið notuð samkv. því, sem raforkumálastjórnin segir mér, til þess að kaupa efni. Hins vegar er auðvitað ekkert farið að nota þær fjárhæðir, sem áætlaðar voru á árunum 1959 og 1960. En hvernig verður tímaröðinni fyrir þetta fólk, sem átti að fá þetta rafmagn, vikið við því í hag, úr því sem komið er? Ég leyfi mér því að spyrja hæstv. ráðh.: Á að hætta við rafmagnslínuna frá Þverárvirkjun í Króksfjarðarnes? Og ef á að hætta við hana, á þá dísilstöð að koma í staðinn? Og hvenær á hún að koma?

Það má ekki minna vera en þm. gefist kostur á fullri vitneskju um þessar fyrirhuguðu breyt., svo að fólkið í þessum héruðum, sem búið er að bíða eftir þessum framkvæmdum, fái a. m. k. að vita, hvort á að hraða rafmagninu til þeirra eða hvort á að seinka því. Verði ekki þessar rafmagnslínur komnar í þessi héruð á næsta ári, þá verður tímaröðinni ekki þarna vikið við í hag fólksins. Ef það er aftur á móti hugmyndin að seinka raflögnum til þessa fólks, þá vildi ég gjarnan fá svör um það nú, ef þess er kostur, hvað á að seinka þeim mikið. Ég veit, að fólkið í þessum héruðum mun hlusta eftir því, hvaða svör koma við þessu, alveg eins og mér skildist á hv. þm. Vestm. í dag, að Vestmanneyingar mundu taka eftir því, hverju þeir eiga von á samkv. hinni breyttu áætlun, sem hæstv. ríkisstj. hefur nú skýrt frá. Ég tók eftir því áðan, að hæstv. ráðh. svaraði hv. þm. A-Sk. því, að þar yrði hraðað raflögnum vegna þessara breyt. Það er því von, að ég spyrji: Á þá líka að hraða rafmagninu til fólksins í Austur-Barðastrandarsýslu, sem átti samkv. tíu ára áætluninni að vera búið að fá rafmagn á næsta ári?

Eysteinn Jónsson: Ég ætla ekki að þreyta langar kappræður nú um raforkuáætlunina og rafmagnsmálið, þótt þar sé um eitt stærsta mál að ræða, sem komið hefur upp nú síðustu dagana, alveg nýtt, en aðeins segja örfá orð út af ræðu hv. frsm., 2. þm. Eyf. (MJ). Hann hafði stór orð um minn málflutning og sagði, að ég hefði farið með blekkingar. Ég ætla að rifja upp með fáeinum setningum, hvað hér hefur farið fram.

Hv. 2. þm. Eyf. sagði í sinni framsöguræðu, að með 45 millj. kr. lánaframlagi væri hægt að koma í veg fyrir, að raforkuáætlunin þyrfti að tefjast. Ég skrifaði það eftir honum. Hann sagði líka, að með nýju áætluninni væri hægt að minnka kostnað við lokaframkvæmdir 10 ára áætlunarinnar um 88 millj. kr. Þetta sagði hv. þm., og hæstv. fjmrh. sagði um sama mál, að upphaflega áætlunin, sem nú væru eftir af 288 millj. kr., væri fjarstæða og að það sama mætti fá fyrir 200 millj. kr. og sparnaður væri þess vegna 88 millj. Og núna í seinni ræðu sinni bætti hv. 2. þm. Eyf. því við, að það, sem hér væri að gerast, væri aðeins sú eina breyt., að 110 sveitabæir væru ekki með, en jafnmargir bæir kæmu þó annars staðar á landinu í áætlunina. Þetta er nú málflutningurinn.

En hvað sagði hæstv. forsrh. um þetta mál, sem ég hygg að hafi líka raforkumál með höndum? Hæstv. forsrh. staðfesti algerlega allt, sem ég hafði um þetta sagt, því að hann sagði orðrétt, „að það ætti að fresta nokkrum vatnsvirkjunum og línum á milli byggða, setja upp í staðinn dísilstöðvar, sem gætu orðið varastöðvar síðar," — ekki endanlegt úrræði, heldur varastöðvar síðar. — Með þessu væri hægt að lækka kostnaðinn á þessum 10 árum um 88 millj., ekki kostnað 10 ára áætlunarinnar í heild, heldur kostnaðinn á þessum 10 árum, um 88 millj. kr. Þetta staðfestir alveg nákvæmlega það, sem ég sagði um þetta mál, enda eru þetta staðreyndir, sem hæstv. forsrh. segir. Það eru ekki blekkingar, sem hann segir um þetta. Hann greinir skýrt og greinilega frá, en hv. 2. þm. Eyf. og hæstv. fjmrh. fóru með blekkingar í málinu. Þeir töluðu

eins og sú staðreynd væri ekki til, að eftir þessari nýju áætlun á að standa þannig upp eftir 10 ár, frá því að byrjað var, að framkvæmdir verða óunnar fyrir 88 millj. kr. af raforkuáætluninni, eins og hún var í upphafi. Það er staðreyndin, sem fyrir liggur og hæstv. forsrh. sagði hreinskilnislega frá. En þessir hv. ræðumenn láta sér það sæma að segja hér hvað eftir annað, að það eigi að verða 88 millj. kr. sparnaður og að eina breytingin, sem á verði, sé sú, að einhverjir tilteknir 110 sveitabæir fái ekki rafmagn á þessum tíma, en aðrir sveitabæir í staðinn. Hvað eru blekkingar, ef það er ekki málflutningur hv. 2. þm. Eyf. í þessu og hæstv. fjmrh., alveg gagnstætt við það, sem hæstv. forsrh. upplýsti?

Þetta læt ég algerlega nægja, enda komið langt fram á nótt. — Þetta flettir einnig alveg ofan af málflutningi þeirra manna, sem leyfa sér að bera öðrum á brýn blekkingar. Staðreyndirnar eru sýndar í réttu ljósi. Þetta er alveg nægilegt til þess að sýna hið rétta, og ég sé ekki ástæðu til þess að fara að endurtaka hér þann dóm eða þær yfirlýsingar og þær kröfur, sem ég bar fram í sambandi við þetta mál hér í kvöld, því að það stendur allt af minni hendi, sem þá var sagt um það.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég skal nú reyna að stytta mál mitt líka. Það er þegar farið að líða á nóttina og allmargir á mælendaskrá. En það voru nokkur atriði, sem fram komu í umr. fyrr í kvöld og aðallega hjá hæstv. forsrh. í tilefni af minni ræðu áðan, sem ég vildi nú víkja hér að.

Mig undraði það stórlega í sambandi við ræðu hæstv. forsrh., hve laklega hann virtist hafa kynnt sér ýmsa þýðingarmikla þætti í sambandi við lög og reglur um sjávarútvegsmál og hve illa hann hefur undirbyggt sína skoðun þar af leiðandi í sambandi við mjög þýðingarmiklar ráðstafanir fyrir sjávarútvegsinn í landinu í sambandi við þær till., sem hér liggja fyrir.

Hæstv. forsrh. hóf mál sitt á því að fullyrða það hér, að ég hefði farið með rangt mál varðandi ætlunarverk fiskveiðasjóðs og verkefni hans almennt, fullyrti, að lögin væru á allt annan veg en hann veit nú að lögin eru, af því að honum var bent á það í miðri ræðunni. Hann sagði það af nokkrum þjósti til mín, að ég hefði þá átt að sjá um það í minni ráðherratíð að breyta lögunum, en vissi það þá ekki, að ég var búinn að sjá um það að breyta lögunum á þessa lund, sem hann var að gera kröfu um.

Forsrh. sagði, að það væri bundið í lögum, að fiskveiðasjóður ætti ekki að lána út á stærri skip en 200 rúmlestir. Þessi tala er nú úrelt, auk þess sem það er vitanlega með öllu rangt, að það hafi nokkurn tíma verið bundið í lögum, að fiskveiðasjóður mætti ekki eða ætti ekki að lána út á stærri skip en 200 rúmlestir. Það ákvæði, sem var í eldri lögum, var á þá lund, að fiskveiðasjóður skyldi lána stofnlán til fiskiskipakaupa, en hins vegar tekið fram, að lánveitingar til fiskiskipa, sem væru undir 200 rúmlestum, en í núgildandi lögum undir 300 rúmlestum, lánveitingar til slíkra skipa skyldu sitja fyrir, ef sjóðurinn hefði ekki nægilegt fé milli handa til þess að sinna öðrum lánveitingum líka. Þetta kemur mjög greinilega fram í lögunum um fiskveiðasjóð, en þar stendur, eins og þau eru nú, í 4. gr. laganna:

„Fiskveiðasjóður má eingöngu lána til: a. Fiskiskipa, þar með taldir opnir vélbátar. Skip innan 300 rúmlesta sitja fyrir lánum. b. Vinnslustöðva fyrir sjávarafurðir svo og annarra mannvirkja, sem bæta aðstöðu til útgerðar og hagnýtingar sjávarafla."

M. ö. o.: verkefni fiskveiðasjóðs er að lána, ef hann hefur fé til þess, út á öll fiskiskip, sem keypt eru, af hvaða stærð sem er, þó að skip undir 300 rúmlestum sitji þar fyrir, ef um fjárskort er að ræða, og svo er verkefni sjóðsins einnig að lána út á fiskvinnslustöðvar, stórar og smáar. Og það atriði, sem hæstv. forsrh. vitnaði þarna í einnig, að lánveitingarupphæðin væri takmörkuð og ekki mætti lána einstakt lán, sem væri hærra en 1 millj. 250 þús. kr., þetta var afnumið með breyt. á l. 1957 og þá tekið fram hér á Alþ., að þetta væri gert vegna þess, að fiskveiðasjóður ætti framvegis að taka þátt í því að lána einnig til hinna stærri mannvirkja. Breyt. var beinlínis framkvæmd hér á Alþingi í þessu skyni. En þetta virðist allt hafa farið fram hjá hæstv. forsrh., sem jafnframt er sjútvmrh., svo að það vitanlega stendur fullkomlega rétt, sem ég sagði um verkefni sjóðsins, og það enn fremur, að hann hefur ekki getað sinnt öllum þeim verkefnum, sem honum var ætlað að sinna, vegna fjárskorts. Þessi fullyrðing hæstv. forsrh. sem sagt er algerlega röng.

Annað atriði sagði hann í ræðu sinni, sem var á sama hátt algerlega rangt. Það var viðvíkjandi reglum þeim, sem í gildi eru varðandi 55% yfirfærslugjaldið og lánveitingar fiskveiðasjóðs. Hæstv. ráðh. sagði, að ég mælti hér gegn betri vitund um þessar reglur, eins og ég hafi skýrt frá þeim, og hann sagði, að sig langaði til þess að sjá þann samning, sem hér hefði verið gerður um það, hvernig með þessi mál skyldi fara. Og svo bætti hann því við, að hann hefði skipað n. manna nýlega til þess m. a. að setja reglur um þessi atriði. Ja, það er alveg furðulegt að heyra þetta frá sjútvmrh. í landinu. Ég get fullvissað hæstv. forsrh. um það, að frá þessu hefur verið tryggilega gengið og það þurfti ekki að skipa neina n. til þess að ganga frá þessu. Um þetta eru glögg gögn í hans eigin ráðuneyti til.

Þegar ég ræddi m. a. við forstöðumann fiskveiðasjóðs í dag til þess að bera saman vissar tölur við hann, og ég gat þess við hann, að það væri greinilegt, að ekki væri gert ráð fyrir þessum útgjöldum í þessari áætlun, sem hér hefur nokkuð verið rædd, frá hálfu Framkvæmdabankans um útgjöld fiskveiðasjóðs, að ekki væri gert ráð fyrir þeim útgjöldum, sem fiskveiðasjóður hefði beinlínis samið um að greiða vegna yfirfærslugjaldsins af sérstökum lánum, þá viðurkenndi forstöðumaður fisk-

veiðasjóðs það, að hér væri um villu að ræða og þessi áætlun væri ekki byggð á upplýsingum hans í þessum efnum, af því að hann veit fullvel um það, að hann hefur samið um það við ríkisstj. að taka að sér að greiða yfirfærslugjaldið í þessum efnum. Og mér þykir alveg furðulegt að heyra það, að núv. sjútvmrh. skuli ekki vita um þetta.

En það er rétt að fara um þetta fleiri orðum, ef það mætti verða til þess, að hæstv. ráðh. áttaði sig á því, hvað hér er raunverulega um að ræða. Hér er um það að ræða, að þegar lögin um útflutningssjóð frá 28. maí á s. l. ári tóku gildi, þá skulduðu einstakir útvegsmenn erlendis um 15 millj. kr. í stuttum lánum út á bátakaup sín. Þegar reglurnar um 55% gjaldið komu til greina, hækkuðu vitanlega þessi lán hjá hinum einstöku bátaeigendum um 55% yfirfærslugjaldið. Þessi lán, sem var búið að stofna til, þegar lögin voru sett, sköpuðu því sérstakt vandamál hjá þeim bátaeigendum, sem hér áttu hlut að máli, hvernig ætti með þetta að fara, og það var frá þessu gengið við fiskveiðasjóð með sérstöku samkomulagi, að hann hækkaði lán sín til þessara aðila sem næmi 55% hækkunargjaldinu, eða 2/3 hlutum af því, eins og lánveitingar fiskveiðasjóðs miðast við.

En ég býst við því, að hæstv. forsrh. hafi e. t. v. ætlað þeirri n., sem hann var að skipa, enn þá viðtækara verkefni en þetta, sem þegar er leyst og þegar komið til framkvæmda hjá fiskveiðasjóði í einstökum tilfellum, sem sagt það vandamál, að þeir, sem nú eru að taka 3—4 ára lán úti í sambandi við bátakaup sín, eiga vitanlega yfir sér vofandi þá áhættu, að það kunni að verða gengisbreyting eða yfirfærslugjaldið kunni að hækka úr 55%, og bankar landsins eru að heimta sérstaka ábyrgð fyrir sína bankaábyrgð á þessum stuttu lánum vegna hættunnar, sem stafar af gengislækkun, sem kann að koma og ekki er komin. Og það hafa verið uppi kröfur um það, að fiskveiðasjóður lofaði því nú þegar, að hann tæki einnig á sig þá áhættu, sem stafaði af gengisbreytingu, sem kynni að verða og kann að skella á þá aðila, sem gera samninga sína um erlend lán, eftir að lögin frá 28. maí 1958 voru sett, og það er alveg rétt, að það er vitanlega eftir að ganga frá því atriði. Fiskveiðasjóður hefur ekki tekið á sig neina skuldbindingu í sambandi við hugsanlega gengisbreytingu, sem kann að verða leidd í lög.

En hitt atriðið, viðvíkjandi þeim vanda, sem þarna stóð fyrir, það var leyst og viðurkennt af fiskveiðasjóði og kunnugt þeim mönnum, sem höfðu orðið fyrir þessum auknu útgjöldum og fiskveiðasjóður hefur þegar orðið að aðstoða í þessum efnum.

Þess skal einnig getið í þessu sambandi, að fiskveiðasjóður hafði einmitt óskað eftir því í ýmsum tilfellum að breyta þeim lánum, sem hér komu inn í, á þá lund, að hann tæki á sig þessar auknu lánveitingar vegna 55% gjaldsins með þeim hætti, að þær afborganir og vextir, sem þessir lántakendur áttu annars að greiða fiskveiðasjóði, yrðu einnig notaðir til þess að ganga upp í þessi auknu lán, á þann hátt, að aðilarnir greiddu það upp í viðaukalánið, en þyrftu ekki að greiða afborganirnar og vextina til fiskveiðasjóðs.

Ég held því, að það sé auðvelt fyrir hæstv. forsrh. að kynna sér þetta efni með því m. a. að hafa bara beint og milliliðalaust samband við forstöðumann fiskveiðasjóðs, og þá mun hann sannfærast um, að það er rétt, sem ég segi í þessum efnum, og sjálfsagt að taka þetta sérstaka verkefni af þessari n., sem hefur verið skipuð til þess að leysa þetta verkefni, sem er löngu leyst.

Það getur svo vitanlega ekki gengið, að sjútvmrh. fullyrði það hér æ ofan í æ, að fiskveiðasjóður hafi alls ekki heimild samkvæmt gildandi lögum til þess t. d. að lána út á byggingu síldarverksmiðja eða stærri mannvirkja eða út á togara. Hann verður að kynna sér lögin og sjá það með eigin augum og sannfærast um það, að l. segja allt annað. Og að því leyti til, sem fiskveiðasjóður hefur þegar byrjað á því að lána til svona mannvirkja, þá hefur hann ekki verið að brjóta lögin, síður en svo. En hann hefur gert þetta af allt of skornum skammti og borið fyrir sig fjárskort. Og einmitt af þeim ástæðum gerði ég hér aths. við þá fullyrðingu, að það þyrfti ekki nú, þegar er verið að taka erlent lán, að láta fiskveiðasjóð hafa neitt af þessu erlenda láni, af því að hann hefði nægilegt fé. Slík fullyrðing fær ekki staðizt, á meðan fiskveiðasjóður getur ekki sinnt sínum verkefnum.

Það er nauðsynlegt líka, að menn átti sig á því, hvað raunverulega er um að ræða, þegar því er haldið fram, að það megi láta tekjur fiskveiðasjóðs endast nú a. m. k. um tveggja ára skeið til þess að standa undir útlánunum, án þess að hann fái nokkra nýja tekjustofna, á þann hátt, að þegar maður kaupir nýjan fiskibát, þá á fiskveiðasjóður að lána 66% af andvirði fiskibátsins, en segir bara við þann, sem kaupir bátinn: Ja, svo verður þú sjálfur að útvega þér lán erlendis til fjögurra ára upp á a. m. k. 60% af þessum 66%, og fiskveiðasjóður lætur ekki nema örlítið brot af hendi af sínum tekjum upp í sjálft lánið. — Sá, sem kaupir bátinn, verður að útvega meginhlutann af peningunum af láni fiskveiðasjóðs. Það er vitanlega hægt að segja, að með því að taka svona örlítið af tekjum sjóðsins megi þetta endast æði lengi, enda segir þessi tafla Framkvæmdabankans, sem gerir grein fyrir fjárhag fiskveiðasjóðs, að með þessum hætti fari það þannig á árinu 1959, að erlend lán, sem einstakir fiskibátaeigendur taka á þennan hátt, eigi að hækka brúttó um 65 millj. kr., en þeir, sem flytja inn fiskibáta, verða sjálfir að útvega að láni til fjögurra ára um 65 millj. kr., og þegar svo er búið að taka tillit til þess, að fiskveiðasjóður borgar nokkuð niður af eldri lánveitingum, sem svona hafði verið stofnað til, þá segir skýrslan, að nettó-aukningin af svona bráðabirgðalánum, sem einstakir bátaeigendur verða að stofna til, sé 56.1 millj. kr. á árinu 1959.

Vitanlega er það svo, eins og ég sagði í minni fyrri ræðu, að menn gripu til þess að knýja þá, sem voru að kaupa fiskibáta, til þess að taka þessi bráðabirgðalán, vegna þess að fiskveiðasjóð skorti fé. En við ætluðum að leyfa svo mikinn innflutning af bátum á stuttum tíma, einu eða tveimur árum, að það þyrfti að nota allt fé fiskveiðasjóðs og einnig að taka nokkuð af erlendum lánum til stutts tíma til þess að reyna að drýgja þetta.

En svo virðist hins vegar áætlunin gera ráð fyrir því, og er alveg glöggt mál, að hún gerir ráð fyrir því, að þannig eigi með að fara aukningu á innflutningi báta á árinu 1958 og á árinu 1959, að þá eigi að skera þetta stórlega niður eða sem nemur að verðmæti úr 108 millj. kr. árið 1959 niður í 68 millj. kr., eða um 40 millj. kr. á að skera niður andvirði á innfluttum bátum og reikna þá með, að á árinu 1960 verði ekki flutt inn af bátum meira en sem nemur 1700 rúmlestum, og þá er það komið talsvert niður fyrir það, sem jafngildir eðlilegu viðhaldi bátaflotans. Þá á sem sagt aftur að byrja á þessari ógæfustefnu, sem var, þá á að ganga á bátaflotann í landinu, láta hann rýrna meira en endurnýjuninni nemur. Og þetta er vitanlega alveg hróplegt stefna, að boða þetta nú á þessum tíma. Það var full þörf á því að halda hér áfram þeirri stefnu, sem upp var tekin í tíð fyrrv. stjórnar, að bæta um það, sem var vangert í þessum efnum í tíð stjórnarinnar þar á undan, og það þurfti að halda áfram, en ekki fara strax í sama farið aftur. Þetta er það, sem liggur í rauninni alveg glögglega fyrir í þessum efnum, enda reyndi hæstv. forsrh. ekki að hnekkja þessu, enda liggur það fyrir mjög skýrt í þessari skýrslu.

Aðalatriði þessa máls, sem ég hef hér gert aðallega að umræðuefni, eru því þessi: Það hlýtur að vera óumdeilt, að vegna fjárskorts á undanförnum árum og einnig á þessu ári hefur fiskveiðasjóður ekki getað sinnt nema litlum hluta af þeim verkefnum, sem honum er falið að sinna, eins og ég nefndi dæmi um. Það er gert ráð fyrir því, að hann láni samtals á heilu ári einar 6 millj. kr. til fiskvinnslustöðva og annarra slíkra framkvæmda í öllu landinu, 6 millj. kr. Það er út á eitt lítið frystihús. Og þetta hefur aðeins verið svona vegna mikils fjárskorts hjá sjóðnum.

Það er staðreynd, að það hefur verið stórkostlega haldið í það að gefa út innflutningsleyfi fyrir fiskibátum. Einnig í tíð fyrrv. ríkisstj. var það svo, að það var ekki hægt að sinna nema litlum hluta af þeim beiðnum, sem fyrir lágu. Ég hygg, að það muni liggja núna fyrir beiðnir frá aðalverstöðinni í landinu, frá Vestmannaeyjum, fyrir um það bil 20 bátum, og fer mjög fjarri því, að það hafi verið hægt að veita innflutningsleyfi fyrir fiskibátum til Vestmannaeyja nú að undanförnu sem nemur eðlilegri rýrnun flotans þar, og hvað verður þá, þegar nú á að draga saman til mikilla muna? Það eru því fjöldamargir, sem liggja fyrir með beiðni, og svo er því bara kastað fram, á sama tíma og þær staðreyndir liggja svona fyrir, að fiskveiðasjóður þurfi ekki neitt fé af þessu láni, það megi allt fara í eitthvað annað.

Og svo er hitt, að stærri skipin, einkum og sérstaklega togarar, hafa engan stofnlánasjóð. Þó að, eins og mér er kunnugt um, hér séu efnaðir útgerðarmenn, við skulum bara taka dæmi eins og útgerðarfélagið Júpíter og Marz, sem hefur margsótt um að fá að kaupa togara og hefur allmikið fé fram að leggja til þess að kaupa togara, þó að það geti lagt fram margar millj. kr. í hvern togara, þá fær það ekkert lán. Það er engin lánastofnun til á Íslandi, sem lánar neitt til kaupa á togara. Stofnlánadeild Landsbankans er löngu lokuð og lánar ekki neitt, og fiskveiðasjóður svarar, að hann hafi ekki fé til þess.

Það er því vitanlega mjög fjarri því, að hægt sé að segja það í þessum efnum, að fiskveiðasjóður hafi yfir nægilegu fé að ráða og það séu því efni á því að setja hann algerlega til hliðar, þegar er verið að ráðstafa erlendu láni, sem nemur 150 millj. kr.

Það er ómögulegt annað en vekja athygli á því, að í sambandi við innflutning á fiskibátum hafa verið notaðar vegna þessa fjárskorts allt aðrar reglur en í sambandi við allan annan innflutning til landsins. Þegar fluttir eru inn bílar eða þegar flutt er inn hvað annað sem er, þá fá viðkomandi aðilar aðstöðu til þess að borga þessi tæki, sem inn eru flutt, að fullu og öllu. Þeir hafa komið þeim tækjum inn í landið á því verðlagi, sem nú er gildandi, hagnast vitanlega á óbeinan hátt að hafa þessi tæki í höndunum, verði t. d. gengisbreyting. Verði gengislækkun, þá vitanlega mundu þau tæki af sömu tegund, sem inn verða flutt á eftir, verða talsvert miklu dýrari. En viðvíkjandi þeim, sem kaupa báta, fiskiskip, þá eru reglurnar þessar, að þeir verða að eiga svo að segja allt stofnlánið sitt í stuttu erlendu láni, á ábyrgð viðkomandi bátskaupanda, og verði svo gengislækkun, þá hækkar þessi bátur þeirra stórlega í verði. Þannig hafa þessir aðilar verið settir þarna á miklu lakari kjör en aðrir, og þetta var gert út úr þeirri neyð, eins og ég sagði, að það var verið að reyna að kaupa inn til landsins fleiri báta og fleiri skip en stofnlánasjóðurinn, sem til var, gat svarað út lánum út á.

En nú er það meiningin að halda áfram þessari reglu að pína þá, sem kaupa fiskibáta, til þess að taka 4 ára lán erlendis og hafa eigin áhættuna á sér, en taka að verulegu leyti nú orðið fyrir nýjar leyfisveitingar. Þetta þykir mér heldur harðir kostir.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta, aðeins geta þess um leið, að ég hef leyft mér hér að flytja brtt. í sambandi við ráðstöfun á þessu láni, og þarf ekki að tala langt mál fyrir sjálfri brtt. Það hef ég í rauninni gert hér áður fyrr í mínum ræðum.

Ég legg til í brtt. á þskj. 460, að ákveðið verði að ráðstafa af þessu heildarláni 50 millj. kr. til fiskveiðasjóðs, en þó verði það áskilið, að helmingur þeirrar fjárhæðar verði ætlaður til lánveitinga til togarakaupa, og þannig byrj-

að á því að tryggja fé í því bráðnauðsynlega skyni, sem það er að endurnýja okkar togaraflota. Ég álít, að það megi ekki minna vera, þegar tekið er erlent lán upp á 150 millj. kr., en það sé tryggt, að um það bil þriðjungurinn af því láni fari til höfuðútflutningsframleiðslu landsmanna, því að á því veltur þetta þó allt saman, að það takist að byggja upp útflutningsframleiðsluna og hafa hana trausta, annars dettur hitt allt um koll. Þó að út af fyrir sig sé indælt og ágætt að verja myndarlegum fjárhæðum til þess að rafvæða landið og rækta landið, þá er ekkert um það að villast, að það er ekki hægt að eyða öllu fé í slíkar framkvæmdir, á sama tíma sem við ætlum að skáganga alveg lánveitingar til okkar höfuðatvinnuvegar, þegar hann þarf verulega á þessum fjármunum að halda.

Ég vænti þess því, að brtt. mín verði samþykkt.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Við þessa umr. í dag beindi ég fsp. til hæstv. forsrh. um það, hvort fyrirhugað væri af hálfu ríkisstj. að gera breytingar á um framkvæmdir í rafmagnsmálum í Austur-Skaftafellssýslu.

Hæstv. ráðh. hefur veitt svör við þessari fsp., og er ég út af fyrir mig þakklátur fyrir það, og svarið er í sjálfu sér skýrt, eins og vænta mátti. En rök þau, sem fram koma hjá hæstv. ráðh., *eru harla léttvæg, a. m. k.* í hugum þeirra manna, sem unnið hafa að þessum málum að undanförnu og gerþekkja alla staðhætti og málavexti. — Hæstv. ráðh. segir, að það hafi lengi verið á döfinni, að gera þyrfti breytingar á 10 ára áætluninni um raforkumál, og við þessa athugun, sem verið hafi á döfinni, hafi það komið í ljós, að það mætti leysa mál Austur-Skaftfellinga á hagkvæmari hátt en gert hefði verið ráð fyrir.

Mér verður nú fyrst fyrir að spyrja: Hvar hefur þetta verið á döfinni svona langan tíma? Ekki hefur það verið heima í héraði. Það er búið að ræða mikið rafmagnsmál Austur-Skaftfellinga heima í héraði nú eiginlega allt frá 1950, *og í þeim umr., sem fram hafa farið* um þau mál, hefur mér vitanlega — og mæli ég það af kunnugleika — enginn óskað eftir því að leysa rafmagnsmál héraðsins með dísilstöð á Höfn í Hornafirði. En þess má geta, að á tímabili kom til álita — það var um og eftir 1950 — að virkja Laxá í Nesjum, heldur litla vatnsaflsstöð, sem hefði skilað að mig minnir svipaðri orku og nú er ráðgert að hin nýja dísilstöð skili. En við nánari athugun á þessu máli, fyrst og fremst heima og hér hjá sérfræðingum á raforkumálaskrifstofunni, þá var algerlega horfið frá þeirri hugmynd að virkja Laxá í Nesjum, *og menn einbeittu sér að því að* lögfesta heimild til að virkja Smyrlabjargaá í Suðursveit. Áætlanir hafa verið gerðar um þetta, og þær eru kunnar heima í héraði, bæði um virkjunina sjálfa og um það kerfi, sem átti að leiða út frá henni, og eftir því sem þessi mál hafa verið athuguð betur og menn kynnt sér málið betur, þá hefur náðst alger eining um það heima í héraði, að þetta væri sú lausn, sem hagkvæmust væri.

Þá má spyrja: Hefur það lengi verið á döfinni meðal sérfræðinga hér fyrir sunnan að gera þá breyt., sem nú virðist stefnt að? Ég hef haft þá aðstöðu undanfarin ár að fylgjast með málefnum Austur-Skaftfellinga hér í borginni og ekki sízt þessu rafmagnsmáli, og ég hef ekki orðið þess var, að þessar breyt. hafi lengi verið á döfinni hjá sérfræðingunum. Og eitt er það, sem má segja að taki af allan vafa í því efni. Á s. l. sumri, í ágústmánuði, var haldinn á Hornafirði aðalfundur Sambands ísl. rafveitna. Þar voru saman komnir milli 50 og 60 manns, fulltrúar frá öllum rafveitum í landinu, undir leiðsögn og forustu beztu sérfræðinga í raforkumálum, þeirra Jakobs Gíslasonar og Steingríms Jónssonar rafmagnsstjóra í Reykjavík. Þessi hópur manna fór að virkjunarstaðnum við Smyrlabjargaá og skýrði, hvað fyrir lægi, og gerði nákvæma grein fyrir því, hvernig virkjunin yrði gerð úr garði. Og við mannfagnað, sem haldinn var í héraðinu af þessu tilefni, var þetta rækilega skýrt. Það kom ekki fram þá hjá þessum sérfræðingum og öllum þessum hóp manna, að það væri á döfinni meðal þeirra að gera þær breyt. á þessu máli, sem nú virðist komið á daginn. Og *mér er ekki kunnugt um, að það hafi verið* á döfinni í rn., meðan fyrirrennari hæstv. forsrh. gegndi embætti þar.

Í framhaldi af þessu má geta þess, að s. l. sumar eða snemma s. l. haust voru pípurnar, sem virkjuninni tilheyra, fluttar austur til Hornafjarðar að tilhlutun raforkumálaskrifstofunnar hér í Reykjavík. Og í janúarmánuði s. l. voru pípurnar fluttar frá hafnarsvæðinu á Hornafirði og að virkjunarstað við Smyrlabjargafoss að tilhlutun og í samráði við yfirmenn raforkumálaskrifstofunnar hér í Reykjavík. Héraðsbúar gátu ekki ráðið það af þeirri framkvæmd, að þá væri á döfinni meðal sérfræðinganna að gera stórvægilegar breyt. á *þessum framkvæmdum. Nei, það virðist fyrst* verða á döfinni, þetta mál, þegar kemur fram á þetta ár, eftir að hæstv. núv. ríkisstj. er setzt á valdastólana.

Þá er að athuga lítils háttar þau rök, sem hæstv. forsrh. ber fram máli sínu til stuðnings. Í fyrsta lagi er það svo, að gamla dísilstöðin í þorpinu á Höfn, sem er nú orðin nokkuð gömul, hefur verið endurbætt að undanförnu, þannig að hún er látin nægja enn fyrir þorpið, og ætlunin hefur verið að láta við svo búið standa fram undir árslok 1960. En sú stöð, sem er þó í því ásigkomulagi að vera látin nægja nú fyrir nær 600 manna þorp, fyrir þann iðnað, sem þar er risinn upp, og vegna þeirrar opinberu þjónustu, sem þar er rekin, sú stöð hefur hingað til verið álitin næg varastöð með vatnsaflsvirkjuninni frá Smyrlabjargaá. Og það hefur ekki verið fyrirhugað eða rætt um það í héraði, að það ætti að reisa nýja varastöð með vatnsaflsvirkjuninni. En nú virðist liggja fyrir, að það eigi að reisa nýja dísilstöð, sem síðar verði varastöð,

en hæstv. forsrh. segir, að nýja stöðin fullnægi þeirri orkuþörf, sem um er beðið nú, að því er mér virðist nú á þessu ári. Ja, er það nú hagsýni að reisa fyrst dísilstöð, sem fullnægir þeirri orkuþörf, sem um er beðið, og hefur hingað til ekki verið álitið þörf á sem varastöð framvegis, en ætla síðan eftir 3—4 ár að reisa vatnsaflsstöðina til viðbótar? Ég efast um, að það sé full hagsýni, og ég hygg, að heima í héraði sé erfitt að telja mönnum trú um, að þessar ráðagerðir séu að öllu leyti gerhugsaðar.

Þá er það með línuna, að með þessari breyt. sé stefnt að því, að lína um héraðið komi einu ári fyrr en ella hefði orðið. Samkv. tíu ára áætluninni átti að gera virkjunina úr garði á árunum 1959 og 1960, og þar sem þorpið, Höfn í Hornafirði, er langsamlega stærsti orkukaupandinn í sýslunni, þar sem er eina þéttbýlið í sýslunni, iðnaður og opinber þjónusta, þá hefur það alltaf verið frá öndverðu talið sjálfsagt, að lína frá virkjuninni í þorpið kæmi jafnhliða, þannig að hægt yrði að veita orkunni í þorpið, jafnskjótt og virkjunin væri fullgerð. M. ö. o.: þessi aðallína í þorpið átti að koma á árinu 1960.

Með þeirri breyt., sem fyrirhuguð er, segir hæstv. forsrh., að þessi framkvæmd með línuna færist fram um eitt ár. En jafnframt tekur hann fram, að það sé ekki búið að kaupa efni í Smyrlabjargavirkjunina nema að litlu leyti. Mér er nú nær að halda, að það sé búið að kaupa efni í sjálfa virkjunina að allverulegu leyti, en hef þó ekki sundurliðun um það og skal ekki fara lengra út í það. En mér er ekki kunnugt um það, hvort eða að hve miklu leyti búið er að kaupa efni í línuna. En ef það væri nú svo, að það væri ekki farið að kaupa efni í línuna, sem þyrfti að leiða um héraðið vegna vatnsvirkjunarinnar, er þá það sama efni til vegna dísilstöðvarinnar? Nú er komið fram undir maímánuð, að mánaðamótum apríl- og maímánaða 1959. Er nokkur trygging fyrir því, að lína út frá hinni væntanlegu dísilstöð verði lögð á þessu ári, og er trygging fyrir því, að byggingu dísilstöðvarinnar verði lokið á þessu ári, þó að í það yrði ráðizt? En ef slík trygging er ekki fyrir hendi, færist hvort tveggja fram á árið 1960, og það munar þá ekki um heilt ár, heldur kannske e. t. v. nokkrar vikur, hvort framkvæmdin eftir breyt. kemur fyrr en ráðgert var samkv. eldri áætluninni. Ég mundi fagna því, ef hæstv. forsrh. vildi gefa eða treysti sér til að gefa tryggingu fyrir því, að út frá dísilstöð á Höfn verði leitt vestur yfir Hornafjarðarfljót, en það eru áreiðanlega miklar efasemdir um slíka framkvæmd heima í héraði.

Þá er talað um það, að fólkinu megi alveg standa á sama, með hvaða hætti það fái rafmagn, ef það fái þá þjónustu, sem fyrirhuguð hefur verið á þessu sviði. Ja, þetta má nú segja. En sannleikurinn er sá, að fólkinu er ekki sama. Reynsla er fyrir því, t. d. á orkuveitusvæðinu hér frá Soginu, að þau heimili, sem hafa haft litlar vatnsaflsstöðvar, keppa að því að leggja þær niður og komast inn í samveitukerfið, af því að þeim finnst ekki sama, á hvern hátt þau fá rafmagn. Vitað er, að dísilstöðvar þurfa mikið viðhald og hafa ýmsa annmarka í för með sér. En þó að ekki sé eingöngu litið á þennan þátt málsins, hefur það hingað til verið talið skipta nokkru máli í þjóðarbúskapnum, hvort eyða þyrfti erlendum gjaldeyri eða nota innlenda orku. Og það virðist eiginlega furðuleg hagfræði, sem nú er farið að kenna í raforkumálum, að nú eigi að hverfa frá því að nota innlenda orku, vatnsaflið, sem við höfum keppt að því að nota sem orkugjafa, en í þess stað að keppa nú að stórauknum framkvæmdum á sviði dísilstöðva, sem vitanlega kalla á aukinn innflutning af orkugjafa eða brennsluefni, sem keypt er fyrir erlendan gjaldeyri. Þetta er þáttur í málinu, sem vel má líta á.

Enn vil ég taka fram, að alveg er ósýnt, þótt staðið yrði nú við það að virkja Smyrlabjargaá 1963—1964, sem og raunar getur nú enginn fullyrt, hverjir þá verða við völd eða hvernig þá verður ástatt um fjármál í þjóðfélaginu, að jafnvel þó að yrði nú staðið við það á sínum tíma, þá er ekki hægt að segja fyrir um það í dag, hvort sú virkjun verður jafnhagstæð fjárhagslega séð eins og þó í dag. Þær verðsveiflur, sem hafa átt sér stað undanförnu hér á landi, hafa verið í þá átt að hækka verðlag fremur en lækka það, og vitanlega er óvissa fram undan í þessu efni ekki síður en að undanförnu.

Ég skal ekki fara öllu lengra út í þetta mál, en ég vil ljúka því með að minna á ummæli hæstv. fjmrh. hér í dag. Þegar hann talaði um raforkuáætlunina almennt, en ekki sérstaklega þennan þátt Austur-Skaftfellinga, þá sagði hæstv. ráðh. orðrétt: Hér er ekki verið að vanefna neitt.

Þetta er eigið mat hæstv. ráðh. á verkum ríkisstj., en verði svo fram haldið um framkvæmdir á þessu sviði í Austur-Skaftafellssýslu sem líkur benda til eftir svörum forsrh., verður það ekki mat fólksins, sem þar á í hlut, að hér sé ekki verið að vanefna neitt. Sú breyt., sem hér er stofnað til, verður skoðuð af öllum, sem hlut eiga að máli heima í héraði, án tillits til stjórnmálaskoðana mikil vanefnd og alvarleg.

Forsrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég skal endurtaka það, sem ég sagði hér í umr. í kvöld, að ég hafði ekki ætlað mér að taka þátt í umr. um fjárlagaafgreiðsluna út af fyrir sig. En þessar fjárlagaumr. í þetta sinn hafa orðið með nokkuð öðrum hætti en venja er og hafa komið inn á mál, sem mér eru skyld, svo að ég tel rétt og sjálfsagt að gefa um þau þær upplýsingar, sem ég kann skil á, og þess vegna tók ég til máls þá, og þess vegna hef ég leyft mér að taka til máls nú aftur til þess að svara þeim athugasemdum, sem fram hafa komið um þau tvö mál, sem mest hafa verið rædd í þessum umr., þ. e. raforkuáætlunina og fiskveiðasjóðinn.

Hv. þm. A-Sk. (PÞ) spurði mig í dag tveggja spurninga, sem ég hef áður svarað og skal

ekki endurtaka. Eg skýrði frá því, að það væri fyrirhuguð nokkur breyting á raforkuáætluninni fyrir Austur-Skaftafellssýslu, þannig, að það væri talað um að snúa framkvæmdinni við á þann hátt að byrja á þeirri dísilstöð, sem sennilega þyrfti að reisa í lok áætlunartímabilsins, en fresta vatnsvirkjuninni þangað til í lok tímabilsins, en það hefði verið ætlað áður að byrja á henni. Og rökin fyrir þessari breytingu voru þau að dómi raforkumálaskrifstofunnar, að raforkuþörfin til að byrja með mundi ekki verða það mikil, að hún réttlætti byggingu þessarar vatnsaflsstöðvar í upphafi, það mundi verða heppilegra að láta sér nægja helmingi minni dísilstöð, sem gæti séð fyrir þörfum fólksins þangað til 1963, en byggja þá vatnsaflsstöðina. Með þessu móti er á engan hátt dregið úr því að fullnægja þeirri eftirspurn eftir raforku, sem gera má ráð fyrir að verði á þessu tímabili. Það á öllum að vera séð fyrir jafnmikilli raforku og gert var ráð fyrir með hinu planinu, en einungis frestað hinni dýrari framkvæmd, til þess að rekstrarkostnaðurinn á þessu tímabili verði minni. Og enn vinnst við þetta það, að línulagningin út um sveitirnar getur byrjað einu ári fyrr en ella, þannig að ég tel betur séð fyrir þörfum íbúa sýslunnar og staðarins með þessu móti heldur en með hinu fyrra.

Hv. þm. sagði í upphafi sinnar ræðu, að mín rök hefðu verið léttvæg. Það er náttúrlega hans mat, og það er kannske mat hans að lítið athuguðu máli, því að ég vænti þess, að þegar hann hefur kynnt sér þessar till., þá komist hann að þeirri niðurstöðu, eins og þeir, sem um þessi mál hafa fjallað að undanförnu, að þetta sé heppilegri leið, hagkvæmari leið og ódýrari leið. Og hví ekki að fara þá þessa leið?

Hv. þm. vildi segja, að engin rödd hefði komið úr héraði, sem hefði óskað eftir þessu. Það má vel vera. Og mér fannst eins og hv. þm. vildi láta liggja að því, að frumkvæðið að þessari breytingu væri eitthvað í ætt við núverandi ríkisstjórn. En ég get fullvissað hann um, að svo er ekki. Ég hef ekki átt frumkvæðið að neinni af þessum breytingum. Þær eru allar komnar frá raforkumálaskrifstofunni sjálfri og fyrir hennar frumkvæði, vegna þess að hún telur, að þessi lausn, sem hún hefur nú stungið upp á, sé hagkvæmari, ódýrari og á allan hátt heppilegri en sú áætlun, sem var gerð fyrir fimm árum.

Ég gat þess í minni fyrri ræðu hér í kvöld, að eitt af því fyrsta, sem raforkumálastjóri hefði tjáð mér, þegar hann kom að ræða við mig um þessi mál, hefði verið það, að reynslan, sem þeir hefðu fengið á þeim fimm árum, sem liðin væru af þessum áætlunartíma, hefði kennt þeim, að ýmislegt í hinni upphaflegu áætlun væri þannig vaxið eða liti þannig út nú, að það mundi mega gera á heppilegri hátt annan en gert var ráð fyrir í upphafi.

Ég sagði honum auðvitað, að hann skyldi halda áfram sínum athugunum á því, því að ekkert vakti fyrir mér annað en það að reyna að fá þessi mál afgreidd og framkvæmd á þann ódýrasta hátt, sem mögulegt væri fyrir ríkissjóðinn, þó því aðeins, að hægt væri að veita fólkinu sömu eða betri þjónustu en ákveðið hafði verið í hinni upphaflegu áætlun. Þetta er gert hvað Austur-Skaftafellssýslu viðkemur á þennan hátt. Ég tel a. m. k., að það verði talin betri þjónusta, að fólkið fær á þennan hátt rafmagnið einu ári fyrr og heildarorkunotkunin eða heildarorkuframleiðslan verður um 50% meiri á þennan hátt en gert var ráð fyrir í upphafi. Það verða framleidd á svæðinu 1500 kw. í staðinn fyrir að upphaflega áætlunin gerði ráð fyrir 1000 kw. Mér þykir leitt, ef hv. þm. og sérstaklega ef þeir, sem við þetta eiga að búa, telja, að verið sé að vanefna eitthvað á þeim með þessari lausn. Það er sannarlega ekki. Með þessu er a. m. k. frá mínum bæjardyrum séð ætlað að gefa betri lausn fyrir fólkið og ódýrari rekstur en hægt hefði verið að gera með hinni fyrri áætlun. Ég álít það vera mikla þröngsýni, ef það á að binda sig endilega og rígskorða sig við áætlun, sem gerð var fyrir fimm árum, ef á tímabilinu, sem síðan er liðið, hefur komið í ljós, að þetta má gera á hagkvæmari hátt.

Hv. þm. sagði, að það væru lítil búhyggindi í því fólgin að byggja dísilstöðvar, þegar hægt væri að framleiða raforkuna með vatnsafli. En ég get frætt þennan hv. þm. á því, að það geta verið mikil búhyggindi í því fólgin að fara að á þennan hátt, því að það getur vel verið, að vatnsaflsvirkjunin kosti ekki einasta meira, *heldur einnig þjóðfélagið meira, ef ekki eru* not fyrir þá orku að fullu, sem þetta orkuver getur framleitt. Og það var hér á fyrri árum, á meðan raforkunotkunin var ekki mikil hér í Reykjavík og þéttbýlinu, þá var það mikið áhyggjuefni fyrir þá, sem að þessum virkjunum stóðu, stóru virkjunum, að rafmagnið mundi ekki nýtast eins fljótt og þyrfti. Það hefur að vísu annað komið á daginn, en það er af alveg sérstökum ástæðum, sem gilda um hið vaxandi þéttbýli hér, en þær ástæður eru ekki fyrir hendi á sama hátt austur í Austur-Skaftafellssýslu, þannig að það verður vissulega að taka með þann möguleika að leysa málið með dísilstöð, þó að kannske, — ja, ég vil segja, ef maður lætur stjórnast af tilfinningum, vildi heldur vatnsaflsvirkjunina. En það er sú tilfinningasemi, sem ekki má ráða í þessu máli, heldur sú kalda skynsemi, hvað sé hagkvæmast. Og ég vil fullyrða, að sú breyting, sem á raforkuáætlun Austur-Skaftafellssýslu hefur verið gerð, sé gerð með það fyrir augum að spara fé fyrir ríkissjóð og þar með fyrir neytendurna líka, en veita þeim sömu og betri þjónustu en hægt hefði verið að gera á annan hátt.

Ég vil alveg sérstaklega undirstrika það, bæði við þennan hv. þm. og aðra, sem hér hafa talað, eins og hv. þm. Barð. (SE), sem lét liggja að svipuðu hér áðan, að það er ekki fyrir neitt frumkvæði frá mér, að þessum áætlunum hefur verið breytt. Það er algerlega komið frá raforkumálaskrifstofunni. Og ég efast ekkert um, að þar eru engin pólitísk

sjónarmið, heldur eingöngu hagsmunasjónarmið ríkisins og rafveitnanna alveg sérstaklega, sem hafa verið látin ráða.

Hv. þm. Barð. spurði um Króksfjarðarneslínu, og ég get huggað hann með því, að það er ætluð til Króksfjarðarneslínu samkvæmt hinni nýju áætlun nákvæmlega sama upphæð og gert er ráð fyrir í hinni upphaflegu áætlun, eða 5.9 millj. kr. Ég vil þess vegna vænta þess, að sú lína komi til framkvæmda alveg eins og gert hefur verið ráð fyrir. Hefur tímaröðinni verið vikið eitthvað við, sagði hv. þm., og hefur það verið gert til hagsbóta fyrir fólkið? Það skal ég ekki segja um, en það ákveður rafmagnsstjóri, í hvaða röð tengt verður.

Ég sé, að það eru ætlaðar í þessa veitu á árinu 1960 nærri 3 millj. kr., svo að ég geri ráð fyrir, að hún komist vel á stað að minnsta kosti. En að öðru leyti þekki ég ekki eins nákvæmlega Króksfjarðarneslínu-áætlunina eins og ég þekki Austur-Skaftafellssýslu-áætlunina, vegna þess að ég hafði tækifæri til þess að tala við raforkumálastjóra nú í matmálstímanum eða hléinu, sem var gert, frá því að hv. þm. spurði, og ég hef frá honum allar þessar upplýsingar nú í dag, sem ég hef hér gefið.

Hv. 1. þm. S-M. (EystJ) vildi leggja þann skilning í mín orð, að ég hefði talið, að þessi 88 millj. kr. mismunur, sem fram kæmi á milli hinnar nýju áætlunar og hinnar gömlu, væri af því sprottinn, að framkvæmdir samkvæmt fyrri áætluninni fyrir 88 millj. kr. yrðu óunnar í lok tímabilsins. En ég verð nú að segja það, að það þarf alveg sérstakt lag til þess að geta skilið orð mín á þennan hátt, því að ég margsagði, að framkvæmdirnar samkvæmt hinni nýju áætlun verða þær sömu að öllu leyti eins og gert var ráð fyrir í fyrri áætluninni, að undanskildu því, að 110 bæir, sem þar hafði verið ætlað rafmagn, fá það ekki frá veitu, en aftur á móti fá aðrir 110 bæir þetta rafmagn, þannig að heildarútkoman verður sú sama. En hins vegar er ýmislegt gert samkvæmt hinni nýju áætlun, sem ekki var gert ráð fyrir í hinni gömlu, eins og t. d. dísilstöðin í Höfn. Í gömlu áætluninni var ekki gert ráð fyrir nema 1000 kw., en nú er gert ráð fyrir 1500 kw., og svo er víðar, því að heildarrafmagnsframleiðslan samkv. hinni nýju áætlun verður 10 þús. kw., í staðinn fyrir að það var ekki gert ráð fyrir nema 6 þús. kw. samkv. hinni gömlu, þannig að heildarrafmagnsframleiðslan verður með hinni nýju áætlun aukin á þessu tímabili um hvorki meira né minna en 66%.

Ég skal svo láta þetta nægja, en skal þá nokkrum orðum víkja að ræðu hv. 2. þm. S-M. (LJós), sem ræddi hér um fiskveiðasjóðinn. Hann hélt því fram, eins og hann hefur raunar gert við ýmis tækifæri áður, að ég hefði laklega kynnt mér ýmsa þætti sjávarútvegsmálanna, en hins vegar sæti hann þar inni með alla vizku. Þetta er í þriðja eða fjórða skiptið, sem hann lætur mig vita af þessu, og er ég út af fyrir sig þakklátur honum fyrir það að geta þá farið í smiðju til hans, ef mig brestur þekkingu á þessum málum, því að ég heyri það, að hann hefur a. m. k. ekki vantrú á sinni kunnáttu þar, eins og hann virðist hafa litla trú á minu viti í þessum málum. En ég skal ekki neitt deila við hann um þetta nú frekar en endranær. En ég vil aðeins segja það, að hann má hafa þá skoðun um þetta, sem hann vill, ég kippi mér ekki upp við það, en ýmislegt af því, sem hann var að telja fram að ég vissi ekki eða ætti að vita betur, það vissi ég nú raunar um, áður en hann flutti hér sitt mál.

Hv. þm. sagði, að ég hefði ekki gert mér grein fyrir þeirri breytingu, sem varð á fiskveiðasjóðslögunum 1957. Þó var það nú þannig, á meðan ég vitnaði til þeirra laga, þ. e. laganna frá 1955, þar sem þau eru prentuð í stjórnartíðindum, og gerði ég það vegna þess, að þau eru þar prentuð í heilu lagi, en þá hafði ég hjá mér á sömu stundinni breyt., sem gerð var á lögunum 1957, svo að ég vissi ákaflega vel, hvað í þeim stóð. En kjarni þessa máls er sá, að fiskveiðasjóður hefur alltaf og ævinlega haft það hlutverk að reyna að sinna þörfum smáútvegsins og minni fiskvinnslustöðva. Hann hefur aldrei farið í það að veita lán til togara, svo að ég viti til, og hann hefur ekki heldur veitt lán til stórra frystihúsabygginga né stórra síldarverksmiðja, svo að nokkru nemi. Í þeirri breytingu, sem gerð var 1957, er ekki hærra risið en það, að þar er gert ráð fyrir, að þar sem áður stóðu 200 rúmlestir í lögunum, skulu nú standa 300 rúmlestir, þannig að skip, sem áður höfðu forgangsrétt til lána úr sjóðnum, voru áður miðuð við 200, en eru nú miðuð við 300 rúmlesta stærð. Munurinn er nú ekki meiri, og undir það koma sannarlega ekki togararnir. Hins vegar má segja, að kannske fræðilega hafi hv. þm. rétt fyrir sér að því leyti til, að það er ekki bannað að veita stærri skipum lán, en það stendur hins vegar, að skip undir þessari stærð skuli ganga fyrir, og það er það, sem alltaf hefur verið niðurstaðan. Það hefur ekki verið veitt neitt lán til stærri skipa. Um fiskvinnslustöðvarnar eða nánar tiltekið þær tvær síldarverksmiðjur, sem hann nefndi í kvöld, þá er það að segja, að eftir lagabreytinguna 1957 og undir hans stjórn voru ekki veittar nema 500 þús. kr. til hvorrar verksmiðju, þrátt fyrir það þó að búið væri að taka hámarkið út úr lögunum. En ég geri ráð fyrir því, að þessar tölur, sem áður voru í lögunum nefndar sem hámark, hafi enn þá setið í framkvæmdastjórninni í praksís, þannig að það hafi ekki verið talið mögulegt að fara miklu hærra. Ég veit ekki, hvort þörfum stórútgerðarinnar eða togaranna yrði fullnægt að neinu ráði af þessum sjóði, án þess að miklu stærri fjárfúlgur kæmu til en hv. þm. hefur hér gert till. um. Hann hefur flutt brtt. um það á þskj. 460, að ég ætla, að 25 millj. kr. af þessu fé verði veittar til togarakaupa.

Ég vil nú ekki ætla hv. þm. sams konar vankunnáttu og hann ætlar mér, en ég vil ætla það, að hann viti, hvað togari kostar, sem

verið er að hugsa um að byggja nú. Hann kostar nákvæmlega þessa upphæð eða mjög svipaða. Einn togari kostar í dag um 24 millj. kr., og ein 25 millj. kr. erlend lánveiting í þessu skyni mundi tæpast endast til þess að kaupa fyrir tvo togara með því að veita 50% lán til byggingarinnar, og efast ég um, að nokkur venjulegur togaraútgerðarmaður á Íslandi gæti í dag keypt togara með því að verða sjálfur að leggja til helminginn af kostnaðinum, þannig að það mundi ekki verða fyrir þessa upphæð hægt að fá nema eitt skip af þessu tagi. Það segir sig því sjálft, að til þess að hjálpa togaraútgerðinni þarf allt aðrar aðferðir og miklu, miklu hærri upphæðir.

Hv. þm. kann sjálfsagt söguna um sína 15 togara og hvernig það mál allt saman hefur farið í hans höndum. Hann fékk samþykkt hér lög um, að það skyldu keyptir 15 togarar, og ýmsar yfirlýsingar gaf hann í sinni stjórnartíð hér á þinginu, að það væri verið að útvega fé til þess að kaupa þessa togara. Það bara kom aldrei. **(Gripið fram í:** Á hverju stóð til að taka það?) Á hverju stóð? Ætli það hafi ekki staðið á því, að hv. þm. hafi ekki tekizt að útvega þetta fé? Ég held, að það þurfi þess vegna miklu stærri upphæðir og allt önnur úrræði en hér er bent á til þess að leysa vandamál togaraútgerðarinnar.

Nei, málið er miklu einfaldara en þessi hv. þm. og aðrir, sem um það hafa fjallað, hafa viljað vera láta. Fiskveiðasjóður hefur með sínu eigin fé möguleika til þess að geta veitt á árinu lán, sem nema 93 millj. kr., og það er miklu meira en gert hefur verið á undanförnum árum, þar sem lánaaukningin getur á þennan hátt orðið á árinu 1959 86 millj. kr., eins og ég greindi frá í dag, í staðinn fyrir að lánaaukningin á árinu 1958 var 26 millj. og lánaaukningin á árinu 1957 var 32 millj. Það er hægt nálega að þrefalda þá lánsupphæð, sem veitt hefur verið að meðaltali á árunum 1957 og 1958, fyrir það fé, sem fiskveiðasjóður sjálfur hefur. Það er að vísu rétt, að þetta fæst á þann hátt, að nokkur hluti af andvirði þeirra fiskibáta, sem keyptir eru erlendis frá, er fenginn að láni þar og jafnað niður á nokkur ár, svo að þetta kemur ekki til gjalda hjá sjóðnum allt í einu. En hver innleiddi þessa aðferð? Kannske hv. 2. þm. S-M. minnist þess, hver stóð fyrir því, að þessi leið var farin, og kannist eitthvað við það, að hún hefur verið farin á undanförnum árum.

Það hefur ekkert verið hugsað að gera nú, sem ekki hefur verið talið mjög vel forsvaranlegt á undanförnum árum, og ég vil taka það fram, að það er alveg sérstaklega nú þessi síðustu ár hægt að fá góða afborgunarskilmála hjá skipabyggingarstöðvum erlendis, vegna þess að þær hafa haft tiltölulega lítið viðfangsefni og hafa þess vegna margar hverjar gefið greiðsluskilmála, sem eru mjög sanngjarnir, bæði hvað snertir vexti og afborgunartíma, og auðvitað nýtur fiskveiðasjóður þess. En hv. þm. virðist telja einhvern reginmun á því, að skipseigandinn sjálfur taki hið erlenda lán og beri þá áhættu, sem því fylgir, og svo hinu, að það verði tekið af sjóðnum erlent lán og lánað manninum. Ég vil þá spyrja þennan hv. þm.: Ætlast hann til þess, að þessi erlendu lán séu tekin af fiskveiðasjóði áframhaldandi og lánuð skipakaupandanum í íslenzkum peningum? Ætlast hann til, að sjóðurinn taki á sig áhættuna, en kaupandinn þurfi ekki að bera hana? Þetta hefur verið praktiserað í öðrum sjóði, sem við þekkjum allir, sem er ræktunarsjóðurinn, og með árangri, sem ég hélt að væri ekki til fyrirmyndar. Þetta er ekki hægt að gera án þess að láta áhættuna við lántökuna erlendis halda áfram til þess manns, sem endanlega fær lánið, og ef það er gert, þá sé ég ekki mikinn mun á því, að maðurinn taki lánið sem byggingarlán hjá stöðinni, sem hann lætur byggja bátinn hjá, og svo hinu að taka lánið hjá fiskveiðasjóðnum. En á tímum eins og þessum að hleypa fram hjá sér áhættunni við lántökuna, eða það er kannske réttara að orða það þannig: að taka alveg á sig áhættuna af hinni erlendu lántöku og hleypa fram hjá sér að láta hana ná til hins eiginlega lántakanda, það álít ég svo glæfralega pólitík fyrir fiskveiðasjóðinn, að það geti komið honum fullkomlega á kaldan klaka.

Ég held, að það hafi ekki verið miklu meira, sem ég þarf að svara hv. þm. Jú, það var út af lánareglum fiskveiðasjóðs. Ég hafði haldið því fram, að fiskveiðasjóður veitti sín lán þannig, að þau væru þá fyrst veitt, þegar báturinn væri kominn heim, og þá í íslenzku fé, en hann skipti sér ekki af þeim skuldbindingum, sem viðkomandi maður ætti erlendis. Svona hefur þetta verið, og ég man svo langt, að á meðan ég var bankastjóri í Landsbankanum, þá áttum við út af þessu harðar hríðir við fiskveiðasjóðinn um það, að hann samþykkti að hækka sín lán, ef breyting yrði á gengi þess lánsfjár, sem bátseigandinn hefði tekið að láni hjá hinni erlendu skipasmíðastöð. Þetta fékkst aldrei, heldur varð bátseigandinn að setja sérstakar tryggingar fyrir þeirri bankaábyrgð, sem fengin var hverju sinni fyrir hinu erlenda láni, og það var þetta, sem ég ætlaðist til að yrði leiðrétt í þeirri endurskoðun á reglunum, sem ég hef ákveðið að láta fara fram.

Ég skal svo láta mínu máli lokið, en ég held, að gagnrýni hv. þingmanna, bæði á hinni breyttu raforkuáætlun og eins því, að fiskveiðasjóði er ekki ætluð upphæð eða hluti af hinu væntanlega láni, sé meira gerð af *vilja en mætti, því að fyrir hvoru tveggja* þessu tel ég vel séð með þeim till., sem nú liggja fyrir.

Björgvin Jónsson: Herra forseti. Ég hef á þskj. 456 leyft mér að bera fram fjórar brtt. Vil ég nú leyfa mér í örstuttu máli að mæla fyrir þessum tillögum.

Við 13. gr. C. IX, undirlið 46, hafnarbætur á Seyðisfirði, ber ég fram þá breyt., að í stað 50 þús. kr. komi 150 þús. kr. Þessi till. er byggð á því, að nú þegar hefur verið ákveðið að bæta afgreiðsluskilyrði fyrir íslenzk síld-

veiðiskip á Seyðisfirði til mikilla muna. Þessi endurbót verður mjög kostnaðarsöm, og alger undirstaða þess, að hún geti tekizt, er, að verulegar fjárhæðir verði ætlaðar til þessara framkvæmda á fjárl.

Önnur till. mín er við 14. gr. A. X, undirlið 22, viðvíkjandi barnaskólanum á Seyðisfirði. Hef ég leyft mér að bera þar fram brtt. um, að í staðinn fyrir það, að á fjárl. eru ákveðnar 60 þús. kr. til endurbóta á barnaskólahúsinu, komi 100 þús. Talan 60 þús. mun nánast þannig til komin, að það sé sú upphæð, er ríkissjóður skuldar nú vegna þeirra framkvæmda, sem þegar er lokið við barnaskólann.

Barnaskólinn á Seyðisfirði er nú eitt elzta menningarfyrirtæki sinnar tegundar hér á landi. Nú um langt árabil hefur staðið yfir endurbygging þessa menningarfyrirtækis. Ríkisvaldið hefur til þessa sýnt þá rausn að líta með nokkurri velvild til þessara framkvæmda. Nú virðast hér á orðin þáttaskil. Vona ég, að þessi þáttaskil hafi orðið án fyrirframsamþykkis hv. Alþingis.

Ég hef einnig leyft mér að bera fram brtt. við 14. gr. A, að í stað 58333 kr. til íþróttahúss á Seyðisfirði komi 100 þús. kr. Það leikur vart á tveim tungum, að talan 58333 kr. í sambandi við verklega framkvæmd í dag er aðeins miðuð við það, að ríkisvaldið leggi fram það, sem það á ógreitt vegna byggingarinnar. Mín till. gengur hins vegar lítið eitt í þá átt, að ríkisvaldið sýni þann skilning að rétta — þótt í litlu sé — örvandi hönd, til þess að áfram verði haldið.

Fjórða brtt. mín er í sambandi við 14. gr. X. 22, í sambandi við byggingu skólastjórabústaðar á Seyðisfirði. Ég hef lagt til, að hér verði tekinn upp nýr liður, 150 þús. kr. Á Seyðisfirði hefur til þessa enginn skólastjórabústaður verið. Skólastjóri sá, er nú starfar við barnaskólann, á íbúð sína sjálfur, en það er nú svo komið, að við flesta barnaskóla úti um landið eiga ríkið og sveitarfélögin íbúðir skólastjóra. Það liggur þess vegna ljóst fyrir, að þegar til þess kemur, að skólastjóraskipti verða, þá eiga þau byggðarlög, sem ekki hafa skólastjórabústaði, ekki kost á jafnfærum mönnum — að öðru jöfnu — ef sambærilegar stöður eru lausar við barnaskóla, þar sem skólastjórabústaðir eru þegar byggðir. Ég tel, að Seyðfirðingar eigi ekki minni kröfu á því en aðrir, að ríkisvaldið líti til þeirra svipað og til annarra í þessum efnum.

Þær till., sem ég hef hér lýst, eru allar það sanngjarnar, að ég vona, að hv. alþm. geti með ánægju samþ. þær, þótt ekki væri til annars en þess, að „lumman", sem hæstv. forseti Sþ. sendi Seyðfirðingum í útvarpsumr. um daginn, sé svolítið sykruð.

Frsm. 3. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hagar venjulega mjög varlega orðum sínum. Þeirri venju brá hann ekki í dag, þegar hann tók hér til máls. Hann minntist á, að ég hefði sagt, að það væru brigð við þá, sem beðið hafa eftir framkvæmd tíu ára áætlunarinnar um rafvæðingu landsbyggðarinnar, ef nú væri horfið frá henni í þeim stíl, sem slegið hefði verið föstum. Hann sagði, að hér væru alls engin brigð fyrirhuguð. Og hann sagði, að ég held orðrétt, því að ég skrifaði það hjá mér: Það er ætlunin að framkvæma raforkuplanið á hagkvæmari og ódýrari hátt fyrir þjóðarbúið.

Þarna kemur fram í orðum hæstv. ráðh. mjög greinilega, hvað er á ferðinni og hvað á milli ber. Það er ætlunin að framkvæma raforkuplanið á hagkvæmari og ódýrari hátt en áður fyrir þjóðarbúið.

Nú býr mikill meiri hluti þjóðarinnar við hlunnindi og þægindi raforkunnar. Þessi mikli meiri hluti er kominn í höfn að þessu leyti. Hið opinbera er hálfnað eða meira en það með raforkuplanið um sveitir landsins og kauptún. Að þessu hefur verið unnið með hag þeirra fyrir augum, sem rafmagnsins hafa átt að njóta, eins og líka sjálfsagt er. Markmiðið hefur verið sem beztur hagur fyrir notendurna. En nú á að brjóta blað, eins og hæstv. ráðh. sagði. Framkvæmdaplanið á að framkvæma sem hagfelldast og ódýrast fyrir þjóðarbúið, en ekki notendurna. Þannig á að láta þá, sem beðið hafa eftir rafmagninu samkvæmt tíu ára áætluninni, hafa miklu lakari úrlausnir en hinir hafa fengið. Þetta eru rangindi. Þetta eru brigð. Þetta er það, sem mótmælt er.

Á það mun treyst af þeim, sem ætla að brjóta blaðið, að þeir, sem hafa fengið rafmagn, láti sig þetta litlu skipta. Og hinir geta ekki rönd við reist, þar sem þeir eru dreifðir og eiga bráðum að missa sína kröfuhörðu sérstöku fulltrúa.

En athugum nú, hvers vegna verið er að rafvæða sveitir og kauptún landsins, hvers vegna það er gert? Það er til þess, að fólkið geti unað þar hag sínum og haldizt þar við. Og hvers vegna er heppilegt, að fólkið haldist þar við? Það er af því, að það er ekki til hagsbóta fyrir þjóðarbúið, að Íslendingar allir safnist til höfuðstaðarins og á Suðurnes. Þjóðarbúið þarfnast þess hagsmuna sinna vegna, að lífvænlegar byggðir verði ekki yfirgefnar.

Þegar málið er skoðað niður í kjölinn, þá er stefnubreytingin í rafvæðingarmálunum óholl, bæði þeim, sem bíða rafvæðingarinnar, og þjóðarbúinu. Ég bið hæstv. fjmrh. að endurskoða afstöðu sína, og ég bið hæstv. forsrh. að gera það líka. Hann talaði fyrst í þessu máli eins og breytingin væri sjálfsögð og fjarstæða að vera á móti henni. Í seinni ræðum sínum kepptist hann hins vegar við að þvo hendur sínar af því að hafa átt þessa hugmynd eða í raun og veru vilja bera ábyrgð á henni. Ég leyfi mér að vænta þess, að hann þvoi þessar hugmyndir af sér hið fyrsta.

Hv. frsm. 1. minni hl. var svolítið argur — og er hann þó ekki gremjugjarn — yfir því, að ég sagði frá því, að sjálfstæðismenn vildu ekki þiggja það, að við framsóknarmenn flyttum með þeim tillöguna um niðurgreiðslu áburðarins. Við sóttumst ekki eftir því, framsóknarmennirnir, að flytja þessa till. með sjálf-

stæðismönnum, en við töluðum svolítið um það til að stríða þeim, af því að þeir litu á þessa till., sem ekki er nú sérstaklega merkileg, eins og blóm í hnappagatinu.

Þá talaði hv. þm. Eyf., frsm. 1. minni hl., um það, að Framsfl. hefði skilið illa við fjárhirzlur ríkisins. *Þetta er mikið ófugmæli.* Ég hef orðið þess var, að honum hefur þótt í öðru sambandi mjög dýrmætur tekjuafgangur frá fyrra ári og tollaleifarnar og gjaldeyrisvöruleifarnar. Hann hefur ríghaldið um þetta eins og nirfill um óvæntan arf.

Enn minntist hv. 2. þm. Eyf. á það, að við framsóknarmenn bærum ekki fram neinar till. um lausn efnahagsmálanna, t. d. tekjuöflun handa útflutningssjóði. Við lögðum fram okkar till. í efnahagsmálunum í nóv. s. l. Þær voru í aðalatriðum að halda kaupgjaldsvísitölunni í 185 stigum og kaupmætti launa eins og hann hafði verið í október. Þetta var reiknað út að væri hægt að gera með því, að 15 stigum væri slegið af vísitöluhækkun, og að öðru leyti á til þess að gera auðveldan hátt. Þessum till. var hafnað, og hæstv. núverandi ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar hófu sitt merki í efnahagsmálunum í staðinn. Hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar hafa undir þessu merki fært niður vísitöluna og reynt að færa niður verðlagið í landinu og ákveðið geysilegar niðurgreiðslur, sem kosta útflutningssjóð á annað hundrað millj. kr. Þessir flokkar eiga því að sjá í þessari lotu fyrir þessum málum.

Eitt svar, ein setning, hefur geymzt mjög vel frá Brjánsbardaga. Það svar gaf Íslendingur. Annar maður bað hann að taka við stríðsmerki og bera það. Íslendingurinn svaraði: „Ber þú sjálfur fjanda þinn.“ Ég segi nú við minn góða kunningja, hv. 2. þm. Eyf., sem heldur á baráttumerki stjórnarflokkanna, a. m. k. í þessum umr.: Reikna þú sjálfur þitt efnahagsmáladæmi, sem þú og þið hafið sett upp. Ber þú sjálfur þitt merki. — Og við hæstv. ríkisstj. og þá, sem að henni standa, vil ég segja: Berið þið sjálfir fjanda ykkar í þessu sambandi, a. m. k. fram yfir næstu kosningar, sem þið hafið ákveðið að stofna til.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 44. fundi í Sþ., 29. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 431, 439, 447, 448, 449, 450, 451, 452, 456, 457, 460).

ATKVGR.

Brtt. 447,1—3 samþ. með 21:13 atkv.
— 449,I felld með 26:19 atkv.
— 456,I felld með 25:19 atkv.
— 456,II felld með 25:18 atkv.
— 439,1 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 449,II felld með 25:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, LJós, PZ, PÞ, SE, SkG, SvbH, AG, ÁÞ, ÁB, BSt, BjörgJ, BjörnJ, EirÞ, EystJ, FRV, GíslG, GJóh, HV, HermJ.

nei: JK, JS, KJJ, MJ, ÓB, ÓTh, PO, PP, RH, SÁ, SB, SÓÓ, ÁkJ, BG, BBen, BÓ, EggÞ, EmJ, FÞ, GÍG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JPálm.

KGuðj, KK, FS, HÁ, HS greiddu ekki atkv.

2 þm. (StgrSt, EOl) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Í fjvn. varð samkomulag um fjárveitingar til hafnagerða, og fyrir mín tilmæli voru þar teknar inn 100 þús. kr. í þessu skyni. Og með því að ég er aðili að því samkomulagi, sem þannig var gert, þá greiði ég ekki atkv. um þessa till., eins og ég tók fram í n. að ég mundi gera, ef hér kæmi fram till. um þetta, enda þótt ég álíti, að sanngjarnt væri, að till. þessi væri samþykkt.

Brtt. 439,2 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 456,III.1 felld með 26:18 atkv.
— 449,III felld með 28:11 atkv.
— 449,III varatill. felld með 27:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁB, BSt, BjörgJ, BjörnJ, EirÞ, FRV, GíslG, GJóh, HV, HermJ, LJós, PZ, SE, SkG, AG, ÁÞ.

nei: BG, BBen, BÓ, EggÞ, EmJ, FS, FÞ, GÍG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JJós, JK, JS, KJJ, MJ, ÓB, ÓTh, PO, PP, RH, SÁ, SB, SÓÓ, ÁkJ, JPálm.

EystJ, HÁ, HS, KGuðj, KK, PÞ, SvbH greiddu ekki atkv.

2 þm. (EOl, StgrSt) fjarstaddir.

Brtt. 439,3 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 449,IV felld með 27:18 atkv.
— 456,III.2—3 felld með 27:18 atkv.
— 439,4 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 448,1 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 456,III.4 felld með 25:17 atkv.
— 439,5—6 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 456,IV (tekin aftur af flm., en tekin upp af öðrum þm.) felld með 25:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KGuðj, KK, LJós, PZ, PÞ, SE, SkG, SvbH, AG, ÁÞ, ÁB, BSt, BjörgJ, BjörnJ, EirÞ, EystJ, FRV, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ.

nei: JK, JS, KJJ, MJ, ÓB, ÓTh, PO, PP, RH, SÁ, SB, SÓÓ, ÁkJ, BG, BBen, BÓ, EggÞ, EmJ, FS, FÞ, GÍG, GTh, GÞG, IngJ, JPálm.

JóhH, JJós greiddu ekki atkv.

2 þm. (StgrSt, EOl) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv.:

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég hef hér á mörgum undanförnum þingum flutt tillögur svipaðar og þessa og þó hærri og aldrei fengið neinn stuðning með þeim. Mér þykir nokkuð nýstárlegt nú, að það eru komnir nýir liðsmenn með þessu máli, og er gott til þess að vita. Ég hef til hins síðasta viljað freista þess að fá aukaframlög til íþróttasjóðs vegna þess, hve mjög stendur upp á ríkissjóð í þessu sambandi. En þegar nú stendur svo á, að það veltur á því að afgreiða tekjuhallalaus fjárlög, þá treysti ég mér ekki til þess að fylgja þessu áfram til hlítar, og hef þess vegna óskað eftir,

að till. verði tekin aftur, og greiði ekki atkvæði.

Páll Zóphóníasson: Það er rétt, að það komi fram við atkvæðagreiðslunafnakall, hverjir eru vinir íþróttа og hverjir látast vera það. Ég segi já.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Á því er nú sem fyrr mikil þörf, að ríkissjóður eða íþróttasjóður inni af hendi miklu stærri fúlgur en hingað til hefur verið til hins mikla leikvangs í Laugardal, sem er aðalíþróttaleikvangur landsins. Einn mesti erfiðleikinn á undanförnum árum í þessum málum hefur verið mikil andstaða Framsfl. á þingi og í ríkisstj. gegn þessu máli. Það ber því nokkuð undarlega við, þegar hv. þm. Framsfl. sameinast nú um að greiða þessari till. atkv. Ég fullyrði, að atkvgr. þeirra í þessa átt er ekki sprottin af áhuga fyrir málinu, heldur eingöngu vísvitandi tilraun þeirra til þess, að fjárlögin verði afgreidd með tekjuhalla. Þó að ég hafi mikinn áhuga á því, að fjárveitingar verði auknar, þá er það samkomulag þeirra þm. meiri hl. þings, sem bera ábyrgð á afgreiðslu fjárl., að afgreiða þau tekjuhallalaus, og það er ekki unnt með því að samþykkja þessa till. Af þeirri ástæðu segi ég nei.

Brtt. 448,2 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 456,V samþ. með 31 shlj. atkv.
— 448,3 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 439,7—9 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 449,V felld með 26:17 atkv.
— 449,V varatill. felld með 27:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁB, BSt, BjörgJ, BjörnJ, EirÞ, EystJ, FRV, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, KGuðj, KK, LJós, PZ, PÞ, SE, SkG, SvbH, AG, ÁÞ.

nei: ÁkJ, BG, BBen, BÓ, EggÞ, EmJ, FS, FÞ, GÍG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JJós, JK, JS, KJJ, MJ, ÓB, ÓTh, PO, PP, RH, SÁ, SB, SÓÓ, JPálm.

2 þm. (EOl, StgrSt) fjarstaddir.

Brtt. 439,10—12 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 452,I.1 felld með 22:19 atkv.
— 448,4 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 447,4 samþ. með 22:5 atkv.
— 439,13 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 447,5 samþ. með 26:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁkJ, BG, BBen, BÓ, EmJ, FS, FÞ, GÍG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JJós, JK, JS, KJJ, MJ, ÓB, ÓTh, PO, PP, RH, SÁ, SB, SÓÓ, JPálm.

nei: ÁB, BSt, BjörgJ, BjörnJ, EggÞ, EirÞ, EystJ, FRV, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, KGuðj, LJós, PZ, PÞ, SE, SkG, SvbH, AG, ÁÞ.

KK greiddi ekki atkv.
2 þm. (EOl, StgrSt) fjarstaddir.

Brtt. 449,VI.1 felld með 24:16 atkv.
— 439,14 samþ. með 38 shlj. atkv.

Áður en brtt. 439,15 kæmi til atkv., mælti

dómsmrh. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Með því að ákveðið er, að séð verði með öðrum hætti fyrir fé til æfingarstöðvar Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, 150 þús. kr., og til Sjálfsbjargar, félags fatlaðra, 100 þús. kr., þá er óskað eftir því, að þessar tvær till. verði teknar aftur.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég hef ekki hér neitt umboð til þess að fallast á það fyrir hönd fjvn., að þessar tvær till. séu teknar aftur. Hins vegar get ég lýst því hér sem minni skoðun, að úr því að það liggur fyrir frá hæstv. ráðh., að það er ákveðið að sjá fyrir þessum fjárveitingum til þessara tveggja félagasamtaka með öðrum hætti, og það hlýtur að vera aðalatriði málsins, að fjárveitingin til þessara stofnana fáist, en ekki endilega, að það sé úr ríkissjóði, þá fyrir mitt leyti get ég vel fallizt á þá afgreiðslu málsins, að þessar till. verði ekki samþykktar með hliðsjón af yfirlýsingu hæstv. ráðh.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Þegar þetta mál var afgreitt í fjvn., lágu engar upplýsingar þar fyrir um, að það ætti að leysa á annan veg en með fjárveitingu á fjárl. Þær upplýsingar liggja ekki heldur fyrir hér, hvernig það á að gera, aðeins sagt, að það eigi að gerast. Fyrst þingmönnum er ekki kunnugt um, hvernig það á að gerast, þá óska ég eftir því, að þessar tillögur verði látnar ganga hér undir atkvæði.

Brtt. 439,15 felld með 27:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁB, BSt, BjörgJ, BjörnJ, EirÞ, EystJ, FRV, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, KGuðj, KK, LJós, PZ, PÞ, SE, SkG, SvbH, AG, ÁÞ.

nei: ÁkJ, BG, BBen, BÓ, EggÞ, EmJ, FS, FÞ, GÍG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JJós, JK, JS, KJJ, MJ, ÓB, ÓTh, PO, PP, RH, SÁ, SB, SÓÓ, JPálm.

2 þm. (EOl, StgrSt) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Bernharð Stefánsson: Mér þykir réttara, að fé til þessarar þarflegu starfsemi sé veitt á löglegan hátt, heldur en það sé tekið einhvers staðar í heimildarleysi. Þess vegna segi ég já.

Brtt. 439,16.a.1—c.9 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 456,VI.1 felld með 23:17 atkv.
— 439,16.c.10—11 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 456,VI.2 felld með 24:17 atkv.
— 439,16.c.12—30 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 448,5 samþ. með 30 shlj. atkv.
— 439,17 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 447,6 samþ. með 25:4 atkv.
— 450,1 felld með 27:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PZ, PÞ, SE, SkG, SvbH, AG, ÁÞ, ÁB, BSt, BjörgJ, BjörnJ, EirÞ, EystJ, FRV, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, KGuðj, KK, LJós.
nei: PO, PP, RH, SÁ, SB, SÓÓ, ÁkJ, BG, BBen, BÓ, EggÞ, EmJ, FS, FÞ, GÍG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JJós, JK, JS, KJJ, MJ, ÓB, ÓTh, JPálm.
2 þm. (EOl, StgrSt) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Magnús Jónsson: Í framsöguræðu minni í gær gat ég þess, að það væri að sjálfsögðu gengið út frá því, að þessi framlög yrðu innt af hendi af ríkissjóði að eðlilegum hætti, en benti hins vegar á, að það væri óþekkt, að ákveðið væri í fjárlögum, hvernig greiðslur skyldu inntar af hendi, og af þeim sökum segi ég nei.

Brtt. 447,7 samþ. með 25:6 atkv.
— 439,18 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 449,VI.2 felld með 25:12 atkv.
— 452,I.2 felld með 27:23 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EirÞ, EystJ, FRV, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, KGuðj, KK, LJós, PZ, PÞ, SE, SkG, SvbH, AG, ÁÞ, ÁB, BSt, BjörgJ, BjörnJ.
nei: BÓ, EggÞ, EmJ, FS, FÞ, GÍG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JJós, JK, JS, KJJ, MJ, ÓB, ÓTh, PO, PP, RH, SÁ, SB, SÓÓ, ÁkJ, BG, BBen, JPálm.
2 þm. (EOl, StgrSt) fjarstaddir.
Brtt. 456,VII felld með 26:20 atkv.
— 456,VIII felld með 27:22 atkv.
— 450,2 felld með 30:7 atkv.
— 452,I.3 felld með 27:18 atkv.
— 457 samþ. með 23:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁB, BBen, BjörgJ, BÓ, EirÞ, EystJ, FÞ, GíslG, GJóh, GTh, HÁ, HV, IngJ, JJós, ÓTh, PO, RH, SÁ, SB, SE, SkG, SvbH, ÁÞ.
nei: ÁkJ, BG, BSt, EggÞ, EmJ, FS, GÍG, GÞG, JóhH, JK, JS, KJJ, MJ, PZ, PP, SÓÓ, AG.
BjörnJ, FRV, HS, HermJ, KGuðj, KK, LJós, ÓB, PÞ, JPálm greiddu ekki atkv.
2 þm. (EOl, StgrSt) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Það er að sjálfsögðu mjög mikil nauðsyn á að koma upp sjómannastofu í Vestmannaeyjum. Þeir aðilar, sem hafa haft hús í smíðum og ætlað fyrir sjómannaheimili að nokkru, hafa fengið allverulega styrki frá ríkinu, en ekki komið sjómannastofunni upp enn sem komið er. Fjvn. hefur haft erindi varðandi mál þetta til afgreiðslu, ekki getað fengið upplýst, hver ætlar að reka þessa sjómannastofu, ekki getað fengið upplýst, hve mikið fé vantar til þess að koma henni á fót, og ekki heldur getað fengið upplýst, hve mikið fé er þegar farið í þessa byggingu. En af persónulegum kynnum mínum af þessu máli þykir mér harla ólíklegt, að þessi 60 þús. kr. ábyrgð, þótt veitt yrði, mundi geta stuðlað að því, að lokið yrði við bygginguna. Ég hef hins vegar flutt brtt. við hafnalög, þar sem ég legg til, að sjómannastofur verði framlagsskyldar úr ríkissjóði á sama hátt og önnur hafnarmannvirki og verbúðir, og tel það líklegri aðferð til þess að afgreiða þetta mál. Því greiði ég ekki atkvæði.

Brtt. 439,19—22 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 448,6 samþ. með 28 shlj. atkv.
— 439,23—26 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 456,IX samþ. með 37 shlj. atkv.
— 439,27 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 456,X felld með 22:14 atkv.
— 439,28—29 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 447,8 samþ. með 36:7 atkv.
— 448,7 tekin aftur.
— 448,8 samþ. með 34 shlj. atkv.
— 451 felld með 27:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EirÞ, EystJ, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, HermJ, KGuðj, KK, LJós, PZ, PÞ, SE, SkG, SvbH, AG, ÁÞ, ÁB, BSt, BjörgJ.
nei: EggÞ, EmJ, FS, FÞ, GÍG, GTh, GÞG, IngJ, JóhH, JJós, JK, JS, KJJ, MJ, ÓB, ÓTh, PO, PP, RH, SÁ, SB, SÓÓ, ÁkJ, BG, BBen, BÓ, JPálm.
FRV greiddi ekki atkv.
3 þm. (EOl, StgrSt, BjörnJ) fjarstaddir.
Brtt. 460 felld með 25:17 atkv.
— 456,XI felld með 27:20 atkv.
— 452,II samþ. með 33 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 464).

18. Gjaldeyrissjóður og alþjóðabanki.

Á 101. fundi í Nd., 6. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 105 21. des. 1945, um þátttöku Íslands í stofnun gjaldeyrissjóðs og alþjóðabanka samkv. tillögum Bretton Woods fundarins og um lántöku í því skyni [137. mál] (stjfrv., A. 346).

Á 102. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Svo sem hv. þm. mun kunnugt, gerðust Íslendingar aðilar að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og Alþjóðabankanum, þegar þessum stofnunum var komið á fót 1945. Þátttaka eða hlutdeild Íslendinga í stofnfé stofnananna var þá ákveðin eins lítil og leyfilegt var, þ. e. 1 millj. dollara í hvorri stofnuninni um sig. Um framlagið til Alþjóðabankans er þó það að segja, að stofnféð var og er ábyrgðarfé, sem ekki hefur þurft að greiða fram til þessa.
Síðan þessum stofnunum var komið á fót, hefur starfsemi þeirra vaxið mjög. Að því er Alþjóðagjaldeyrissjóðinn varðar, hafa alþjóðaviðskipti aukizt mjög stórlega frá stríðslokum,

þegar upphaflegu framlögin voru ákveðin, og sömuleiðis hafa útlán Alþjóðabankans jafnt og þétt aukizt síðan. Hefur því verið á döfinni undanfarin ár að auka stofnfé þessara stofnana beggja. Á aðalfundi þeirra, sem haldinn var í Nýju-Delhi á Indlandi á s. l. hausti, var samþykkt till. um, að stofnanirnar athuguðu, hvort ekki fengist samkomulag um að auka framlög þátttökuríkjanna til þeirra. Síðan hefur samþykkt aðalfundarins verið borin undir aðildarríkin öll og verið samþykkt. Aukningin, sem hefur verið samþykkt, er um 50% hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og um 100% hjá Alþjóðabankanum. Ber því Íslandi að auka hlutdeild sína í stofnfé Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um ½ millj. dollara, og samkv. reglum, sem um það hafa verið settar, þarf að greiða ¼ aukningarinnar eða 125 þús. dollara til sjóðsins sjálfs í gjaldeyri, en ¾ hluta eða jafnvirði 375 þús. dollara á eða má greiða í ísl. kr. í reikning sjóðsins í seðlabankanum. Um aukninguna á hlutdeild Íslands í stofnfé Alþjóðabankans er það hins vegar að segja, að sömu reglur gilda um aukninguna og stofnfjártillagið sjálft, að þar er um ábyrgðarfé að ræða eða hlutafjárloforð, sem ekki þarf að greiðast.

Í þessu frv. er lagt til, að ríkisstj. sé heimilt að taka innanríkislán, er jafngildi allt að 3.5 millj. dollara, þ. e. þeim upphæðum, sem gert er ráð fyrir að stofnhlutur Íslands í þessum tveimur alþjóðafjármálastofnunum aukist um samkv. þeim samþykktum, sem þegar hafa verið gerðar með atkvæði Íslands í þessum stofnunum.

Ég vil leyfa mér að leggja til, að að lokinni umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 109. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 346, n. 381).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Aðalefni þess frv., sem hér liggur fyrir, er það að auka lántökuheimild hæstv. ríkisstj. frá því, sem nú er, úr 2 millj. dollara í 3.5 millj. dollara. Hér er um innanríkislán að ræða.

Ástæðan til þess, að farið er fram á þetta, er — eins og segir í grg. frv. — sú, að framkvæmdastjórar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans hafa samþykkt að fara þess á leit við aðildarríkin, að þau auki framlag sitt til sjóðsins um 50% og framlagið til bankans um 100%. Þeir sérfræðingar og trúnaðarmenn, sem vinna á vegum íslenzku ríkisstj. við nefndar stofnanir, munu hafa lagt til, að Ísland tæki þátt í þessari aukningu framlaganna, og mun það ástæðan til þess, að frv. þetta er borið fram.

Nefndin hefur athugað frv., og voru þeir nm., sem viðstaddir voru á þeim fundi, þar sem málið var afgr., sammála um að leggja til, að það yrði samþ.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 110. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 104. fundi í Ed., 18. apríl, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 110. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 346, n. 462).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Fjhn. hefur haldið fund um þetta frv. og athugað það og að lokinni athugun orðið sammála um að mæla með því, að hv. d. samþykki það óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 111. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 470).

---

19. Gjaldeyrissamningur Evrópu.

Á 101. fundi í Nd., 6. apríl, var útbýtt:
Frv. til l. um heimild handa ríkisstj. til ráðstafana vegna aðildar Íslands að Gjaldeyrissamningi Evrópu [138. mál] (stjfrv., A. 347).

Á 102. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þegar Greiðslubandalagi Evrópu var komið á fót árið 1950, gerðist Ísland aðili að því, enda hafði Ísland árið áður gerzt aðili að Efnahagssamvinnustofnun Evrópu. Með stofnun þessa greiðslubandalags var komið á marghliða greiðslujöfnunarkerfi milli aðildarríkjanna að Efnahagssamvinnustofnuninni í því skyni að auðvelda greiðslur milli landanna. Tilgangur þessarar stofnunar náðist mjög fljótlega. Hún reyndist koma að mjög miklu gagni við að auðvelda greiðslur og viðskipti milli þeirra ríkja, sem stofnuðu Efnahagssamvinnustofnun Evrópu.

Eftir að stofnunin hafði starfað í nokkur ár, hófust umræður um að auka enn verksvið stofnunarinnar og gera henni enn kleifara að sinna markmiði sínu. Þeim umr. lauk þannig, að árið 1955 var gerður nýr samningur um gjaldeyrismál milli þeirra ríkja, sem eru aðilar að Efnahagssamvinnustofnun Evrópu. Var sá samningur nefndur Gjaldeyrissamningur Evrópu. Var gert ráð fyrir, að Greiðslubandalag Evrópu hætti störfum, þegar fyrrnefndur samningur hefði verið staðfestur af öllum aðildarríkjum stofnunarinnar. Það hefur nú verið gert, og hefur Gjaldeyrissamningur Evrópu nú tekið gildi.

Ísland hafði mikið hagræði af aðild sinni að Greiðslubandalagi Evrópu. Þar var um að ræða sjálfkrafa yfirdráttarheimildir eftir vissum reglum, og voru þær m. a. þannig, að 1/4 hluti yfirdráttarins gat orðið lán til langs tíma. Þegar Greiðslubandalag Evrópu hætti störfum um s. l. áramót, skulduðu Íslendingar í bandalaginu 7.2 millj. dollara.

Í hinum nýja Gjaldeyrissamningi Evrópu er gert ráð fyrir því, að svokallaður Evrópusjóður, sem komið hefur verið á fót, fái mun meira stofnfé en Greiðslubandalag Evrópu hafði yfir að ráða. Það er gert ráð fyrir, að stofnfé hins nýja Evrópusjóðs verði 600 millj. dollarar, en gamli stofnsjóður greiðslubandalagsins nam 272 millj. dollara, og er því um mikla aukningu stofnfjárins að ræða eða nokkuð á fjórða hundrað millj. dollara, sem gert er ráð fyrir að aðildarríkin leggi fram. Framlag Íslands í þennan nýja Evrópusjóð er 1 millj. dollara, og er í frv. lagt til, að ríkisstj. sé heimilað að leggja fram 1 millj. dollara sem stofnframlag í þennan sjóð og taka að láni innanlands samsvarandi fjárhæð vegna aðildar Íslands að Gjaldeyrissamningi Evrópu.

Hagræðið af því að taka þátt í hinum nýja Evrópusjóði mun verða svipað og hagræðið af því að taka þátt í Greiðslubandalagi Evrópu, og þó ekki eins mikið, þar eð ekki er nú í hinum nýja gjaldeyrissamningi gert ráð fyrir jafnsjálfkrafa yfirdráttarheimildum og reglur höfðu gilt um í Greiðslubandalagi Evrópu. Engu að síður er gert ráð fyrir því, að gjaldeyrissjóðurinn annist marghliða greiðslukerfi milli aðildarríkja Efnahagssamvinnustofnunarinnar með nokkurri yfirdráttarheimild, þannig að að því er augljós hagnaður fyrir Ísland að vera áfram aðili að þessum nýja samningi, sem í raun og veru er fyrst og fremst framhald af Greiðslubandalagi Evrópu.

Samningar standa nú yfir um greiðslu þeirra skulda, sem Ísland var í við Greiðslubandalag Evrópu, þ. e. þeirra 7.2 millj. dollara, sem ég nefndi áðan. Er gert ráð fyrir því, að aðild Íslands að hinum nýja greiðslusamningi geti gert Íslendingum kleift að greiða þessa gömlu skuld með hagkvæmum hætti, og standa vonir til, að samningar náist um greiðslu skuldarinnar á allt að 7 árum.

Í þessu frv. er m. ö. o. ekki gert ráð fyrir annarri lántökuheimild til handa ríkisstj. en þeirri, sem nauðsynleg er til þess að leggja fram stofnfé í hinn nýja gjaldeyrissjóð, og lántökuheimild í sjóðnum til að greiða gömlu skuldina við Greiðslubandalagið.

Ég vil leyfa mér að leggja til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Á 109. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 347, n. 382).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Aðalefni þessa frv. er það, að ríkisstj. sé heimilað að leggja fram 1 milljón Bandaríkjadollara sem stofnframlag í Evrópusjóðinn vegna aðildar Íslands að væntanlegum Gjaldeyrissamningi Evrópu. Enn fremur fjallar það um lántökuheimild, sem samsvarar 2 milljónum dollara, og heimild til þess að semja um endurgreiðslu á skuldum Íslands í sambandi við Greiðslubandalag Evrópu.

Eins og fram kemur í grg. frv., hætti Greiðslubandalag Evrópu störfum um síðustu áramót, en í stað þess er gert ráð fyrir, að komið verði á fót annarri stofnun, sem nefnist Gjaldeyrissamningur Evrópu. Hér mun vera um að ræða þau skilyrði, sem Ísland þarf að fullnægja til þess að geta gerzt aðili að þessum nýju samtökum. En þar sem talið var eðlilegt og hagkvæmt að gerast aðili að greiðslubandalaginu á sínum tíma, þá verður einnig að líta svo á, að eðlilegt sé í framhaldi af því, að Ísland gerist aðili að hinni nýju stofnun, enda þótt þau hlunnindi, sem hún veitir, séu að vísu ekki eins mikil og greiðslubandalagið veitti á sínum tíma.

N. hefur athugað þetta frv., og voru viðstaddir nm. sammála um að leggja til, að það yrði samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17:1 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 18:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19:1 atkv.

Á 110. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 104. fundi í Ed., 18. apríl, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 110. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 347, n. 463).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. 3. mál á dagskránni er um Gjaldeyrissamning Evrópu, frv. til l. frá hæstv. ríkisstj., sem varðar aðild Íslands að Gjaldeyrissamningi Evrópu. Fjhn. hefur athugað þetta mál samhliða því máli, sem afgreitt var hér næst á undan, og er það niðurstaða n. að mæla með, að einnig þetta frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. 9 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 111. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 471).

---

20. Happdrætti háskólans.

Á 85. fundi í Ed., 13. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland, sbr. l. nr. 125 30. des. 1943, um breyt. á þeim lögum [128. mál] (stjfrv., A. 322).

Á 86. fundi í Ed., 16. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Utanr.- og fjmrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Einkaleyfi Háskóla Íslands til happdrættisrekstrar er senn útrunnið. En með því að enn bíða mörg verkefni óleyst hjá háskólanum, hefur hann farið fram á það, að einkaleyfið verði framlengt til 15 ára. Með frv. þessu er lagt til, að heimilað verði að framlengja þetta einkaleyfi, eins og farið er fram á.
Frv. gerir ráð fyrir því, að tekjum af happdrættinu skuli varið á sama hátt og verið hefur að undanförnu, með þó nokkrum viðbótum, sem inn eru teknar samkv. till. menntmrn. Er bætt inn í frv. heimild til þess að nota ágóða af happdrættinu til greiðslu kostnaðar af viðhaldi háskólabyggingarinnar, fegrun háskólalóðar, til að koma á fót og efla rannsóknarstöðvar við hinar ýmsu deildir háskólans og enn fremur til kaupa á rannsóknar- og kennslutækjum, sem háskólinn telur sér nauðsynlegt að eignast. Er gert ráð fyrir því í háskólareglugerðinni, sem út var gefin 17. júní s. l., að komið verði á fót rannsóknarstöðvum, eftir því sem fé er fyrir hendi.
Ég vænti, að þetta frv. mæti hér þeim sama skilningi í þessari hv. d. sem það hefur áður mætt, þegar þurft hefur að framlengja rétt Háskóla Íslands til happdrættisrekstrar. Leyfi ég mér að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og n., hvort það er fjhn. eða allshn., sennilega er það þó öllu frekar allshn. Annars geri ég engan ágreining um það, en leyfi mér að leggja til, að því verði vísað til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 322, n. 335).

Frsm. (Eggert Þorsteinsson): Herra forseti. Eins og í nál. allshn. á þskj. 335 segir, hefur n. yfirfarið frv. þetta, sem felur það fyrst og fremst í sér að framlengja um 15 ára skeið leyfi happdrættis háskólans til þess rekstrar áfram, og samkv. tillögum menntmrn. er nú bætt inn í frv. heimild til þess að nota ágóða happdrættisins til greiðslu kostnaðar af viðhaldi háskólabyggingarinnar, fegrun háskólalóðar og til þess að koma á fót og efla rannsóknarstöðvar við hinar ýmsu deildir háskólans og enn fremur til kaupa á rannsóknar- og kennslutækjum, sem háskólinn telur sér nauðsyn að eignast. Gert er ráð fyrir því í hinni nýju háskólareglugerð frá 17. júní 1958, að komið verið á fót rannsóknarstöðvum, eftir því sem fé er til þess veitt.
Í samráði við skrifstofustjóra Alþingis er gerð till. um að breyta fyrirsögn frv. Athugun hans hafði leitt í ljós, að tilvitnanir þær, sem í fyrirsögn frv. voru, væru ekki tæmandi og ekki talin þörf á að bæta þeim við, sem þar vantaði, heldur mundi það fullnægja tilgangi málsins, að sú fyrirsögn væri á því, sem lagt er til í brtt. á nál. 335.
Við umr. um þetta mál í hv. allshn. lá ekki fyrir bréf, sem nú hefur borizt, þar sem er rökstuðningur fyrir þeim tilmælum menntmrn.

til fjmrn., er fram koma í aths. um frv. Það var því ekki hægt að prenta þetta bréf sem fylgiskjal með nál., og tel ég því rétt að lesa þennan rökstuðning menntmrn. hér með. Í því bréfi þess, sem er dagsett 4. marz 1959, segir svo:

„Hér með sendist fjmrn. frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 19. júlí 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland, sbr. l. nr. 125 30. des. 1943, um breyt. á þeim l., og er þess beiðzt, að fjmrn. hlutist til um, að frv. þetta verði lagt fyrir Alþingi.

Svo sem grg. frv. ber með sér, hefur háskólinn og menntmrn. fjallað um frv. Það rn. vill taka fram, að það leggur áherzlu á, að háskólinn leggi af happdrættistekjum fram fé til að byggja hús yfir náttúrugripasafn ríkisins, þótt eigi hafi enn fengizt fjárfestingarleyfi til þess að hefjast handa um þá byggingu. Háskólinn hefur hins vegar lagt fram fé til þess að leysa brýna þörf safnsins á þann hátt að kaupa hæð í húsinu Laugaveg nr. 105, og er nú verið að innrétta húsnæði þetta fyrir safnið. Þá telur rn. æskilegt, að náttúrugripasafnið fái hlutdeild í tekjum háskólans til kaupa á vísindaáhöldum, sérfræðiritum og hirzlum fyrir safngripi.

Rn. hefur þó eigi sett ákvæði um þetta í frv., og var það eigi gert við síðustu framlengingu happdrættisleyfisins árið 1943. En hins vegar kom það fram við meðferð málsins, bæði í grg. og nál., að hluti af happdrættisfénu var ætlaður til náttúrugripasafnsbyggingar.

Ef frv. verður að lögum, væntir rn. þess, að leyfisveiting til háskólans til happdrættisrekstrar verði bundin því skilyrði, að lagt verði fram fé eins og þarf til byggingar náttúrugripasafnshúss, til kaupa á nauðsynlegum vísindaáhöldum, sérfræðiritum og safnhirzlum fyrir náttúrugripasafnið.

Menntmrn., 4. marz 1959.

Gylfi Þ. Gíslason,
Birgir Thorlacius."

Þetta eru tilmæli menntmrn. til fjmrn. um flutning þessa máls.

Eins og í nál. á þskj. 335 segir, mælir n. með samþykkt frv. með þeirri leiðréttingu, sem ég hef gert grein fyrir á fyrirsögn þess. Einn nm., Jón Kjartansson, hv. þm. V-Sk., var fjarstaddur afgreiðslu málsins í n. Nm. áskilja sér rétt um afstöðu til brtt., er fram kynnu að koma.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 335 samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Á 96. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 339).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 102. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 103. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 19 shlj. atkv.

Á 122. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 339, n. 475).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Meginefni þess frv., sem hér liggur fyrir, er að framlengja einkaleyfi Háskóla Íslands til þess að reka happdrætti til 1. jan. 1974.

Eins og fram kemur í grg. fyrir frv., hefur sú breyting verið gerð á eldri lögunum um þetta efni, að heimilað er að verja happdrættisfénu til nokkurra nauðsynjamála háskólans annarra en til að reisa byggingar, svo sem greiðslu kostnaðar af viðhaldi háskólabyggingarinnar, til fegrunar á háskólalóðinni, til þess að koma á fót og efla rannsóknarstöðvar við hinar ýmsu deildir háskólans o. s. frv.

Nefndin hafði kynnt sér það sérstaklega, hvort þessi breyting á lögunum hefði verið gerð í samræmi við óskir háskólaráðs, og kom það í ljós, að svo var, að eftir því hafði eindregið verið óskað af háskólaráði, að heimilað yrði að veita eitthvað af fé þessu til áðurgreindra nauðsynjamála háskólans.

Það er kannske eðlilegt, að það sjónarmið komi fram, að rétt sé að takmarka notkun happdrættisfjárins við byggingar. En það er nú einu sinni þannig, að með öðrum hætti hefur ekki verið séð fyrir fé til þeirra málefna, sem nú hafa verið nefnd, og meðan svo er ekki, verður ekki hjá því komizt, þar sem þessi málefni þurfa úrlausnar, að heimila, að fé sé veitt til þeirra með einhverjum hætti, og mun þessi breyting þannig til komin, að um þetta hefur verið samkomulag á milli hæstv. ríkisstj. og forráðamanna háskólans.

Eins og fram kemur í nál., kynnti nefndin sér það sérstaklega, hver mundi verða hlutur væntanlegs náttúrugripasafns í sambandi við happdrættið, og kom fram við meðferð málsins, að um það er samkomulag milli þeirra aðila, sem eiga hlut að máli, að lagt verði fram fé af happdrættistekjunum til bygg-

ingar safnsins, og í því sambandi hefur fjhn. leyft sér að birta sem fylgiskjal með nál. bréf frá menntmrn. til fjmrn., sem sent var um það leyti, sem undirbúinn var flutningur þessa frv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 123. fundi í Nd., 8. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 124. fundi í Nd., 11. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 514).

---

21. Eftirlit með skipum.

Á 9. fundi í Sþ., 12. nóv., var útbýtt frá Ed.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum [42. mál] (stjfrv., A. 71).

Á 17. fundi í Ed., 13. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Sjútvmrh. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, felur í sér tvær meginbreytingar á gildandi lagaákvæðum um eftirlit með skipum. Það er í fyrsta lagi, að gert er ráð fyrir því að fella niður ákvæði í lögum um svonefnda almenna aukaskoðun fiskiskipa, því að það er þegar orðið þannig í framkvæmd, að þessi aukaskoðun hefur fallið saman við aðalskoðunina, sem fer fram árlega, og hefur það því í rauninni ekki neina eðlilega þýðingu lengur að hafa þetta ákvæði í lögum.

En hitt atriðið, sem er aðalatriðið í þessu frv., er það, að gert er ráð fyrir að breyta lögunum þannig að fella niður gjaldskrána, sem hefur verið bundin í lögunum, fella hana út úr lögunum sjálfum, en gera hins vegar ráð fyrir því, að gjaldskrá vegna skipaskoðunar verði sett með reglugerð og ákveðin af ráðherra, eftir því sem ástæður þykja til á hverjum tíma.

Það hefur komið mjög greinilega í ljós, að tekjur vegna skipaskoðunarinnar eru fjarri því að vera eins miklar og útgjöld þessarar stofnunar. En það var upphaflega til þess ætlazt, að ekki yrði verulegur halli á þessari stofnun. En m. a. vegna þess, að skipaskoðunargjöldin eru bundin í lögunum sjálfum, hefur þetta þótt svo torvelt eða seinvirkt til breytinga, að þetta hefur dregizt mjög aftur úr, miðað við þann tilkostnað, sem orðinn er á rekstri stofnunarinnar.

Þannig var það t. d., að árið 1956 reyndust útgjöld stofnunarinnar 678 þús. kr., en tekjur af skipaskoðunargjöldum 199 þús., og 1957 reyndust gjöld hjá stofnuninni vera 769 þús. kr., en tekjur 194 þús. kr., en eins og segir í grg. frv., þykir rétt, að tekjur af skipaskoðun og skipaeftirliti standi nokkurn veginn undir kostnaði hjá þessari stofnun. Það liggur því fyrir að hækka skipaskoðunargjöld allverulega, og þykir það á engan hátt óeðlilegt né ætti að íþyngja neitt sem heitir útgerðinni í landinu, þó að þetta sé jafnað. En það hygg ég, að sú nefnd muni komast að raun um, sem athugar málið, að það er eðlilegt að gera þessa breytingu á þessum ákvæðum.

Sem sagt: aðalatriði frv. er það að taka gjaldskrána út úr lögunum og gera þetta að reglugerðaratriði og verði þá miðað við það, að tekjurnar verði því sem næst eins miklar og útgjöldin eru hjá þessari stofnun.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til sjútvn. til fyrirgreiðslu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., 26. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 71, n. 183).

Frsm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir um breyt. á lögum um eftirlit með skipum, felur í sér tvennar breytingar frá gildandi lögum. Í fyrsta lagi þá, að niður falli ákvæði laganna um aukaskoðun, en aftur á móti verði aðalskoðun viðhöfð á hverju ári á öllum skipum. Í 24. gr. núgildandi l. er svo ákveðið, að aðalskoðun skipa skuli fara fram á hverju ári á öllum farþegaskipum, öllum stálskipum, sem eldri eru en 12 ára, og öllum tréskipum, sem eldri eru en 16 ára, en á öðrum skipum annað hvert ár. En hins vegar á aukaskoðun að fara fram annað hvert ár á þeim skipum, sem aðalskoðun er ekki framkvæmd á á hverju ári.

Nú er það upplýst af skipaskoðunarstjóra, sem hefur samið þetta frv., sem hér liggur fyrir, að í reyndinni sé heildarskoðun ekki aðeins látin fram fara annað hvert ár á þessum skipum, sem ég nefndi, heldur sé eingöngu orðið um aðalskoðun að ræða, þannig að niðurfellingin á ákvæðinu um aukaskoðun er nánast staðfesting á reglu, sem þegar er orðin viðtekin.

Þá er í öðru lagi gert ráð fyrir því í frv., að gjaldskrá sú, sem felst í lögunum, verði felld niður, en ráðuneytinu verði hins vegar heimilað að setja reglugerð um hana. Þetta mun vera byggt á því, að þegar lögin voru

sett fyrir 11 eða 12 árum, þá hafi verið gert ráð fyrir því, að skoðunargjöldin stæðu nokkurn veginn undir kostnaði við skipaeftirlitið, en að sjálfsögðu hefur sá kostnaður breytzt mjög mikið, sem hefur leitt til þess, að halli á skipaskoðuninni hefur hin síðari ár orðið um eða yfir ½ millj. kr. árlega. Þar sem eftir atvikum má telja eðlilegt, að útgerðarmenn og skipaeigendur standi undir þessum kostnaði, er talið rétt að breyta þessu á þá lund, að ráðuneytið geti hverju sinni sett reglugerð um hæð gjaldanna, en ekki þurfi að leita lagaheimildar í hvert sinn, sem ástæða þykir til að breyta henni.

Sjútvn. hefur athugað frv., og voru nefndarmenn sammála um að mæla með samþykkt þess með einni breytingu, sem er gerð samkvæmt ábendingu samgmrn., en hún er sú, að inn í 10. gr. frv. sé bætt tilvísun í lög nr. 21 frá 1. marz 1956, en hún hafði fallið niður í frv., þegar það var lagt hér fyrir.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—9. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 183 (ný 10. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 28. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 190).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 64. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 67. fundi í Nd., 30. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 68. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til sjútvn. með 21 shlj. atkv.

Á 124. fundi í Nd., 11. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 190, n. 489).

Frsm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um breyt. á l. um eftirlit með skipum, hefur legið nokkuð lengi fyrir þinginu og var lagt fram sem stjórnarfrv. í tíð fyrrv. hæstv. ríkisstj. Því mun hafa verið breytt í Ed. frá því, sem það var flutt upphaflega, en aðalinnihald frv. er að hækka nokkuð gjöld við eftirlit á skipum. Sjútvn. var sammála um að mæla með því, að þetta frv. yrði samþ. óbreytt, og voru þar allir við afgreiðslu nema einn, hv. þm. Snæf., sem ekki tók þátt í afgreiðslunni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 125. fundi í Nd., 12. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 528).

---

22. Tekjuskattur og eignarskattur (stjfrv. um lækkun skatts af lágtekjum).

Á 29. fundi í Sþ., 25. febr., var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt** [122. mál] (stjfrv., A. 284).

Á 76. fundi í Ed., 27. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10:1 atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 77. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 284, n. 293).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Hv. 6. þm. Reykv., sem er frsm. fjhn. í þessu máli, er ekki viðstaddur, og þess vegna kvaddi ég mér hljóðs. Er þó lítið um málið að segja. Þetta frv. er aðeins um það að framlengja lagaákvæði, sem sett voru í fyrra um lækkun skatta á lágtekjum og eru aðallega um lækkun skatta á hjónum, sem ekki hafa tekjur nema eins og segir í frv. N. varð sammála um að mæla með þessu frv., og hef ég ekki frekar um það að segja — hygg, að þessi framsaga nægi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 79. fundi í Ed., 5. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 86. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 90. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Á 105. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 284, n. 359).

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Um nokkur undanfarin ár hafa verið í gildi lagaákvæði um lækkun skatts á lágtekjum. Frv., sem hér liggur fyrir, er um það að framlengja slík ákvæði fyrir árið, sem leið, þ. e. a. s. við álagningu skatta nú á þessu ári á tekjur ársins 1958. Ákvæðin um þetta í frv. eru nákvæmlega eins og þau, sem sett voru á síðasta þingi og giltu fyrir árið í fyrra.

Þetta frv. var lagt fram af ríkisstj. í hv. Ed. og afgreitt þar ágreiningslaust. En þessari deild höfðu borizt tvö önnur frumvörp frá Ed. um breyt. á skattalögunum.

Það fyrra er á þskj. 95 og er um breyt. á einum staflið í 7. gr. laganna. Það er ákvæði um, að ef maður selur fasteign, sem hann hefur átt skemur en fimm ár, en kaupir aðra innan eins árs eða byggir hús, áður en tvö ár eru liðin frá söludegi, þá skuli sölugróði ekki skattlagður, þó að um hann sé að ræða, ef hin keypta fasteign eða hið nýreista hús er jafnhátt eða hærra að fasteignamati heldur en eignin, sem seld var. Nú hefur komið hér till. um að lengja þennan frest, þegar um húsbyggingar er að ræða, um eitt ár, úr tveim árum í þrjú ár, vegna þeirra erfiðleika, sem oft eru við að ganga að fullu frá byggingum. Það er kunnugt, að húsbyggingar taka oft langan tíma. Þetta — að setja þarna þrjú ár í staðinn fyrir tvö — var afgreitt ágreiningslaust frá Ed., og fjhn. þessarar d. mælir með því, að það verði samþykkt.

Þá hafði einnig borizt annað frv. frá Ed. áður, flutt af hæstv. ríkisstj., og það er 107. mál þingsins. Það er um að hækka þann sérstaka frádrátt, sem sjómönnum á fiskiskipum hefur verið veittur að undanförnu, þannig að þessi sérstaki frádráttur verði 1500 kr. fyrir hvern mánuð í staðinn fyrir 850 kr., sem var s. l. ár. Auk þess hafa fiskimenn svokallaðan hlífðarfatafrádrátt, þannig að sú upphæð, sem þeir mega draga frá tekjum, verður, ef þetta verður samþykkt, samtals 2000 kr. á mánuði í staðinn fyrir alls 1350 kr. á mánuði árið, sem leið.

Fjhn. þessarar d. hefur þótt rétt að sameina þessi frv. í eitt frv., þar sem þarna er um að ræða breytingar á sömu löggjöfinni, og leggur til í nál. sínu, að það verði gert. Þegar n. afgreiddi málið, var einn nm., hv. 5. þm. Reykv., fjarverandi, var forfallaður, en hinir 4 nm. allir á einu máli um að leggja til, að frv. verði samþykkt með breyt., sem eru í nál. En þar er aðeins um að ræða að fella í eina heild þessi þrjú frv., sem öll eru komin frá Ed., eins og ég þegar hef rakið.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Á þskj. 107 fluttum við hv. þm. V-Ísf., hv. 2. landsk. þm., hv. þm. Siglf. og ég, brtt. við löggjöf um tekjuskatt og eignarskatt. Brtt. okkar flm. fjallaði um það, að sölusamtök, er hafa með höndum sölu á íslenzkum afurðum meðlima sinna, skuli undanþegin greiðslu á tekjuskatti og eignarskatti. Gerðu flm. ráð fyrir, að þessi brtt. okkar yrði tekin inn í frv. um breyt. á löggjöfinni um tekjuskatt og eignarskatt á þskj. 250 og fengi afgreiðslu hv. fjhn., um leið og n. gæfi út nál. sitt varðandi það frv. Nú sé ég, að hv. fjhn. leggur til í nál. sínu á þskj. 359, að þau þrjú frv., sem liggja hér fyrir hv. d. og öll fjalla um breyt. á löggjöf um tekjuskatt og eignarskatt, verði sameinuð í eitt frv. eða felld inn í frv. á þskj. 284, 122. mál.

Mér er ekki vel ljóst, hver er ástæðan fyrir því, að hv. fjhn. tekur ekki þessa brtt., sem við fjórir þm. höfum flutt hér í hv. d., og er það síður en svo, að ég taki það samt sem neinn mótþróa frá n. En ég mun og aðrir hv. flm. að brtt. á þskj. 107 flytja við 3. umr. brtt. við 122. mál, á þskj. 284. Hér er um mikilsvert mál að ræða, og mun ég um leið og 3. umr. fer fram, reifa málið og sýna réttmæti þess, að slík sölusamtök eigi að vera undanþegin greiðslu tekjuskatts og eignarskatts, og ég vil raunar halda því fram, að slík undanþága ætti að ná til þess, að samlögin greiddu ekki útsvar í Reykjavík, þar sem vitað er, að það er lagt á meðlimina, sem standa að þessum samlögum, bæði útsvör og tekju- og eignarskattur á þeim stöðum, sem þeir starfa víðs vegar úti um byggðir landsins.

Ég vil ekki hafa þessi orð mín fleiri að þessu sinni, en við flm. munum færa fram brtt. við frumvarpið við 3. umr.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Eins og hv. þm. Snæf. nú hefur lýst, hafði hann og einhverjir aðrir þdm. borið fram brtt. við eitt af þeim frumvörpum, sem við leggjum hér til í fjhn. að verði sameinuð í eitt frv. Var nokkuð um þetta rætt í n. Kom þar fram, að meiri hl. n. er andvígur þeirri breyt., sem felst í till. þeirra, og getur ekki fallizt á að mæla með henni.

Nú hefur hv. þm. Snæf. boðað, að þeir muni

flytja till. sína við 3. umr. þessa máls. Það geta þeir að sjálfsögðu gert, en ég hefði nú talið æskilegra, að þeir flyttu sína till. sem sérstakt mál frekar en að flytja um það brtt. við það, sem hér er á ferð.

Hér er um að ræða nær eingöngu framlengingar á ákvæðum, sem gilt hafa undanfarin ár og hafa verið afgr. ágreiningslaust frá þingi, og ekki vitað til, að það sé neinn ágreiningur um það, sem hér er á ferðinni. Ég tel óheppilegra að vera að tefja fyrir því máli með því að flytja við það till. um mál, sem vitað er að ágreiningur er um í þingi.

Ég geri ráð fyrir, að fjhn. þyrfti ekki að verja miklum tíma til að skila áliti um þeirra mál, ef þeir kæmu með það í sérstöku frv., og hefði talið það heppilegra, ef þeim er mikið áhugamál að fá úrskurð þingsins um það. Ég vil geta þess í þessu sambandi, að skattanefndir geta ekki lokið störfum, fyrr en útséð er um þau mál, sem hér eru á ferð í þessu frv., sem nú er á dagskrá. Skattanefndir þurfa að fá vitneskju um það, hver niðurstaðan verður með lækkun skatts af lágtekjum, hvort það verður framlengt, og eins um sjómannafrádráttinn, breyt., sem gerð verður á eða stendur til að gera á því atriði laganna. Það er þess vegna nokkurs um vert, að þetta verði afgr. sem fyrst frá þinginu, þar sem nú er orðið áliðið og skattanefndir þurfa að geta lokið sínum störfum sem fyrst. Ég tel því óheppilegt, að reynt sé að tefja fyrir málinu með því að flytja við það till. um mál, sem vitað er að ágreiningur er um í deildinni.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Mér þykir mjög leitt að geta ekki orðið við frómri ósk hv. formanns fjhn. um að flytja brtt. okkar fjórmenninganna sem sérstakt frv. Til þess liggur aðallega ein ástæða. Hún er sú, að það er vonlaust. Ef við flytjum þessa brtt. sem sérstakt frv. og það á eftir að fara í gegnum þrjár umr. í hvorri deild, þá verður það ekki afgreitt á þessu þingi.

Ég tel, að hér sé um svo mikið réttlætismál að ræða, að ég trúi því ekki, að hv. þm. eftir þeirri afstöðu, sem þeir hafa áður tekið til hliðstæðra mála hér á hv. Alþingi, geti gengið á móti þessari brtt. Það er sannfæring mín, að það sé eini möguleikinn til að fá þessa sjálfsögðu lagfæringu samþykkta á þessu þingi, að brtt. verði borin fram við 3. umr. Og ég fullyrði, að það muni ekki á neinn hátt tefja málið á þinginu. Ég trúi því ekki, fyrr en annað reynist, að hv. alþm. verði ekki almennt sammála um það, að þessi skattfríðindi eiga að vera samþykkt á hæstv. Alþingi.

ATKVGR.

Brtt. 359,1.a (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 359,1.b (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

1. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 359,2 (ný 2. gr., verður 4. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 107. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 109. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 370, 372).

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Á þskj. 372 höfum við hv. þm. V-Ísf. (EirÞ), hv. 2. landsk. þm. (KGuðj), hv. þm. Siglf. (ÁkJ) og ég flutt brtt. við frv. á þskj. 370, sem nú er til 3. umr. hér í hv. deild. Með brtt. viljum við flm. fella niður ákvæði, sem sett var inn í löggjöfina um tekjuskatt og eignarskatt á s. l. ári um, að „sameignarfélög og samlög, sem hafa það að meginmarkmiði að annast vinnslu eða sölu á framleiðsluvörum félagsmanna", skuli greiða tekjuskatt og eignarskatt.

Við flm. teljum, að óhætt sé að fullyrða, að hv. alþingismenn hafi ekki gert sér fyllilega grein fyrir þeirri óeðlilegu, stórvægilegu gjaldaaukningu, sem þetta nýja ákvæði í löggjöfinni veldur sölusamtökum, sem annast sölu á íslenzkum afurðum á erlendum markaði. Það getur ekki verið ásetningur hv. alþm. að íþyngja slíkum samtökum með milljóna króna útgjöldum árlega til ríkissjóðs, þegar það er vitað, að sölusamlögin sjálf eru með öllu eignalaus og fjármagn það, sem þau hafa með höndum, er séreign meðlima samtakanna. Og sérstaklega virðist mér þetta stangast á við framkvæmd löggjafans, er hann með l. frá 1936 ákvað, að tvö slík sölusamlög skyldu undanþegin að greiða útsvar, tekjuskatt og eignarskatt. Starf slíkra sölusamtaka er ómetanlegt fyrir þjóðarheildina, hvort sem þau annast sölu eða dreifingu á landbúnaðar- eða sjávarafurðum. Það er því mjög skiljanleg ákvörðun hv. Alþ., er það á árinu 1936 ákvað algera undanþágu til handa mjólkursamsölunni í Reykjavík og Sölusambandi íslenzkra fiskframleiðenda með greiðslu á útsvari, tekjuskatti og eignarskatti.

Þegar það er svo haft í huga, að þessi sölusamlög eru að annast sölu á afurðum fyrir meðlimi sína, afurðum, sem framleiddar eru víðs vegar úti um byggðir landsins og sendar þaðan eða frá framleiðsluhöfn beint til útlanda, virðist óeðlilegt og raunar ósanngjarnt, að af slíkum framleiðsluvörum eigi sölusamlagið, sem af tilviljun einni hefur aðsetur í höfuðstaðnum, að greiða tekjuskatt og eignarskatt. Að sjálfsögðu hafa meðlimir slíkra sölusamtaka greitt tekjuskatt og eignarskatt af framleiðslu þessara afurða, þar sem þeir eiga lögheimili, enda hefur verið álit skattyfirvaldanna hér syðra, að slík sölusamlög ættu ekki að greiða tekjuskatt eða eignarskatt, þar til á s. l. ári, að þau töldu sér skylt að leggja tekjuskatt og eignarskatt á sölusamlögin með hliðsjón af þeirri breytingu,

sem gerð var á skattalöggjöfinni á síðasta þingi.

Mér er kunnugt um starfsemi tveggja slíkra sölusamlaga, sem starfað hafa hér í Reykjavík um nokkurt skeið, annað þeirra undanfarin 17 ár, án þess að skattyfirvöldin legðu á þau tekjuskatt og eignarskatt, eða þar til á s. l. ári, að því var gert að greiða 1158400 kr. í tekjuskatt og 140773 kr. í eignarskatt. Í aukaútsvar til Reykjavíkurbæjar hefur þetta sölusamlag greitt smáupphæðir, en á árinu 1957 var útsvarið komið upp í 300 þús. kr. Á árinu 1958 var svo lagt á sölusamlagið 1 millj. kr. útsvar, og er þessi gífurlega hækkun á útsvarinu beinlínis byggð á breytingu á löggjöfinni frá í fyrra um tekjuskatt og eignarskatt.

Það er rétt að íhuga um grundvöll þann, sem ríkissjóður og Reykjavíkurbær telja sig hafa til að skattleggja sölusamlög framleiðenda, eins og dæmi það sýnir, er ég hef hér nefnt. Sölusamlag það, sem ég hef hér rætt um, er með öllu eignalaust, þar sem tekjueftirstöðvum þess við hver áramót er skipt upp á milli meðlimanna eftir viðskiptaveltu þeirra við samlagið. Tekjueftirstöðvar sölusamlagsins um hver áramót, sem skattyfirvöldin leggja nú tekju- og eignarskatt á og niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkurbæjar margfaldar útsvarsálögur sínar á, eru fjárhæð, sem hinum mörgu meðlimum sölusamlagsins hefur í raun og veru verið vangreidd fyrir útflutningsafurðirnar. Það hefur sem sé verið viðtekin regla hjá stjórnum slíkra sölusamlaga að áætla útborgunarverð afurðanna til meðlimanna með fyllstu varúð, og ef allt gengur með eðlilegum hætti um sölu afurðanna, mega meðlimirnir vænta þess að fá nokkra aukagreiðslu fram yfir hið upphaflega ákveðna útborgunarverð í lok hvers reikningsárs. Það má og benda á, að þessar tekjueftirstöðvar, sem árlega er skipt upp til meðlima sölusamlagsins, verði þeir að telja fram sem tekjur á skattframtölum sínum og greiða af upphæðinni bæði útsvar og tekjuskatt á þeim stað, þar sem þeir hafa atvinnurekstur sinn.

Eftir breytinguna, sem gerð var á löggjöfinni um tekjuskatt og eignarskatt á s. l. ári og beinlínis kveður á um, að sölusamlög, sem annast vinnslu eða sölu á framleiðsluvörum félagsmanna, eigi að greiða tekjuskatt og eignarskatt, er tvísköttun á útflutningsafurðunum beinlínis lögfest, jafnfráleit og slík framkvæmd virðist þó vera. Fjögur hraðfrystihús í Vestmannaeyjum verða á þennan hátt að greiða hér í Reykjavík yfir 500 þús. kr. í útsvar, tekjuskatt og eignarskatt, eða það er hlutdeild þessara frystihúsa í þeim sköttum, sem lagðir eru á sölusamlag það í Reykjavík, sem þau eru meðlimir í og hafa falið að selja útflutningsvörur sínar á erlenda markaði. Sama má segja um ýmsa aðra atvinnurekendur úti um land, á Akureyri, Siglufirði, Ísafirði, Hafnarfirði, Norðfirði, Akranesi og víðar, að þeir verða allir að greiða hlutdeild í sköttum þeim, sem lagðir eru á sölusamlag þeirra í Reykjavík, og gildir þar hið sama, þó að í hlut eigi vinnslustöðvar, sem bæjarfélög á hinum ýmsu stöðum standa að. Slík tvísköttun er óeðlileg og ranglát, ekki síst þegar í hlut eiga þeir atvinnurekendur, sem hafa með höndum útflutning og sölu afurða aðalatvinnuvega þjóðarinnar og flestir eiga við erfiðleika að etja í atvinnurekstri sínum.

Ég endurtek það álit mitt, að hv. alþm. hafa ekki gert ráð fyrir, að með breytingum þeim, sem samþykktar voru á tekjuskatts- og eignarskattslöggjöfinni á s. l. ári, væri beinlínis verið að íþyngja atvinnurekstri landsmanna á óeðlilegan hátt. Þá er rétt að hafa í huga, að lög sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna eru að mestu samin í samræmi við samvinnulög, bæði hvað það snertir, að hver meðlimur innan samtakanna, hvort sem hann framleiðir árlega 5000 kassa eða 200000 þús. kassa fiskflaka, fer aðeins með eitt atkv. á félagsfundum. Og sama er að segja um tekjueftirstöðvar í árslok, að þeim er skipt í séreignarsjóði félagsmanna í hlutfalli við framleiðslu þeirra á árinu.

Hér eru farnar troðnar götur samvinnufélaganna og virðist því mikið mæla með því, að slík samlög og sölufélög lúti sömu meðferð af löggjafans hálfu og samvinnufélögin með undanþágu á greiðslu tekjuskatts og eignarskatts, sbr. 4 málsgr. 8. gr. laga frá 1954, um tekjuskatt og eignarskatt. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Kaupfélög, pöntunarfélög og önnur samvinnufélög mega draga frá tekjum sínum það, sem þau greiða félagsmönnum í árslok eða færa þeim til séreignar í stofnsjóði, samkv. lögum frá 1921, nú lög frá 1937, í hlutfalli við vörukaup þeirra á árinu, og enn fremur vexti af stofnsjóði, og telst það eigi til skattskyldra tekna hjá félaginu.“ Enn segir: „Á sama hátt mega slík félög, sem aðeins vinna úr eða selja afurðir félagsmanna, draga frá það, sem þau þannig úthluta félagsmönnum sínum í hlutfalli við framlög þeirra af afurðum. Upphæðir þær, sem þannig er úthlutað, teljast fram til skatts sem tekjur hinna einstöku félagsmanna.“

Langstærsta framleiðsluvara landsmanna til sölu á erlendum mörkuðum er frysti fiskurinn, og eykst sú framleiðsla með hverju ári. Aðallega eru það tvö fyrirtæki, sem annast útflutning þessa mikilvirka atvinnuvegar, en það eru Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Samband ísl. samvinnufélaga. Hér er um mikilvæga þjónustu að ræða hjá þessum félagasamtökum báðum, og haga þau sölu afurðanna með líkum hætti og skila meðlimum sínum öllu nettóandvirði þeirra, eins og lög þeirra kveða á um. Ég er þess fullviss, að það er ekki ásetningur hv. alþm. að gera þessum samtökum mishátt undir höfði með því, að annað sölufélagið eigi að vera undanþegið greiðslu tekjuskatts af þessum viðskiptum félagsmanna sinna, en hitt sölufélagið eigi að greiða milljónaskatt til ríkisins árlega af sams konar þjónustu. Það er sannfæring mín

og hv. meðflm. minna, að hv. alþm. óski ekki, að slíkt ósamræmi ríki hjá tveimur sölusamlögum, sem veita sams konar þjónustu og eru í aðalatriðum byggð upp með sama hætti og gera meðlimum sínum sömu skil á andvirði þeirra afurða, sem þau annast sölu á fyrir þá.

Eins og ég tók hér fram áðan, telur skattstjórinn í Reykjavík sér ekki fært að leysa Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna undan því að greiða tekjuskatt þann og eignarskatt, sem lagður var á sölumiðstöðina á árinu 1958, og ber fyrir sig breytingu þá, sem gerð var á löggjöfinni um tekjuskatt og eignarskatt á s. l. ári. Úrskurði skattstjórans var áfrýjað til yfirskattanefndar Reykjavíkur, sem hefur fallizt á sjónarmið stjórnar sölumiðstöðvarinnar með því að kveða upp úrskurð um, að bæði tekjuskatturinn og eignarskatturinn, samtals nær 1.3 millj. kr., skuli fellt niður. Gera má ráð fyrir, að skattstjórinn í Reykjavík áfrýi þessum úrskurði yfirskattanefndar til ríkisskattanefndar.

Ég hef rakið þetta skattamál sölufélaga nokkuð náið og talið það nauðsynlegt, til þess að hv. alþm. fái það sanna og rétta að vita í málinu. Ég tel ekki verða hjá því komizt að viðurkenna, að mistök hafa átt sér stað í sambandi við afgreiðslu hins háa Alþingis á breyt. á l. um tekjuskatt og eignarskatt á s. l. ári hvað ákvæði um skattgreiðslu sölusamlaga snertir. Þessi mistök tel ég að hv. alþm. eigi að leiðrétta með því að samþykkja brtt. okkar flm. á þskj. 372. Það getur ekki verið ásetningur hv. alþm. að misjafna sölusamtökum hraðfrystihúsaeigenda á þann hátt, sem ég hef leitt í ljós hér í umræðunum að hafi átt sér stað í framkvæmd, sbr. ákvörðun skattstjórans í Reykjavík, með að úrskurða, að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna eigi að greiða nær 1.3 millj. kr. í tekjuskatt og eignarskatt, vitandi það, að meðlimir sölumiðstöðvarinnar hafa greitt bæði tekjuskatt og eignarskatt af sömu framleiðsluvörum, hver í sinni heimabyggð.

Ég get ekki fallizt á málflutning hv. þm. V-Húnv., að hér sé um ágreiningsmál að ræða innan þessarar hv. d., eins og kom fram hjá honum í umr. s. l. föstudag, er skattamálin voru hér til 2. umr. Ég tel, að hér sé um augljóst réttlætismál að ræða, sem ekki geti orkað tvímælis, að hv. alþm. séu á einu máli um að beri að afgreiða á þessu þingi með því að samþykkja brtt. okkar flm. á þskj. 372. Ég tel óþarft að fara fleiri orðum um þetta réttlætismál, en vænti góðra undirtekta hv. alþm. um afgreiðslu þess.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Eins og fram kom við 2. umr. um þetta mál hér í d., er aðalefni þessa frv., sem hér liggur fyrir, að framlengja ákvæði, sem giltu s. l. ár og reyndar í fleiri ár um lækkun skatta af lágtekjum, og að hækka tekjufrádrátt sjómanna á fiskiskipum, og er það til staðfestingar á samkomulagi, sem hæstv. ríkisstj. gerði um það efni í vetur. En hv. þm. Snæf. og þrír aðrir hv. þdm. vilja koma inn í frv. breyt. á lagafyrirmælum um skattgreiðslur félaga.

Á síðasta þingi voru sett ný ákvæði um þetta efni, skattgreiðslur félaga. Var þá gerð veruleg lagfæring á lagafyrirmælum um félagaskattana, og virðist engin ástæða til að raska þeirri nýju löggjöf nú þegar, aðeins einu ári eftir að hún var samþykkt.

Samkvæmt þessum nýju lagaákvæðum, sem sett voru í fyrra, er nú tekjuskattsgreiðsla sama prósenta af skattskyldum tekjum hjá öllum félögum, sem skatt ber að greiða, og sama er um eignarskatt félaga. Það er sama skattprósenta af skattskyldri eign allra félaga. Áður urðu félögin að búa við stighækkandi skatta.

Samkv. skattalögunum eru þessi félög skattskyld og hafa verið um langan tíma: hlutafélög og önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, gagnkvæm ábyrgðarfélög, kaupfélög og önnur samvinnufélög. Um þessi félög gildir það, að þau starfa eftir sérstökum lögum. Það eru til sérstök lög um hlutafélög, sem kveða á um fyrirkomulag slíkra félaga, og önnur sérstök lög um samvinnufélög. Þá eru einnig eftir skattalögunum skattskyld sameignarfélög og samlög, sem hafa það að meginmarkmiði að annast vinnslu eða sölu á framleiðsluvörum félagsmanna, og einnig önnur sameignarfélög með ótakmarkaðri persónulegri ábyrgð félagsmanna, enda hafi þau tilkynnt firma sitt og tilkynnt til firmaskrár, að þau óski að vera skattlögð sem félög, en að öðrum kosti sé tekjum og eignum skipt milli sameigenda í samræmi við hlutdeild þeirra í félaginu og þær skattlagðar með öðrum tekjum þeirra og eignum. En um þessi sameignarfélög og svonefndu samlög er það að segja, að þau starfa ekki á neinum lagagrundvelli. Það eru engin lög til hér í landi um slíkan félagsskap, þó að nokkuð hafi verið til af slíkum félögum um skeið. Það er nokkuð til af slíkum sameignarfélögum, sem eru með ótakmarkaðri persónulegri ábyrgð sameigenda, en undantekningarlaust munu þau vera fámenn, og eins og ég gat um áðan, þá segir í lögunum, að það skuli skattleggja þessi félög, ef þau hafa óskað eftir því að vera skattlögð sem félög, annars skuli tekjum þeirra og eignum skipt á milli eigenda.

Rekstur þessara félaga, sem eru þannig með ótakmarkaðri persónulegri ábyrgð eigendanna, er svo náskyldur einkarekstri, þar sem ábyrgð eigenda er í báðum tilfellum ótakmörkuð, að það réttlætir það, að skipta megi tekjum og eignum slíkra sameignarfélaga og skattleggja þær með öðrum tekjum sameigendanna.

En brtt. þeirra hv. þm. Snæf. og félaga hans á þskj. 372 er um það, að öll félög, sem nefnast sameignarfélög eða samlög, geti komizt hjá skattgreiðslum og látið skipta tekjum sínum og eignum milli sameigenda til skattlagningar hjá þeim. Þeir vilja fella niður úr núgildandi lögum það ákvæði, að heimildin til skiptingar sé takmörkuð við þau félög ein, sem eru með ótakmarkaðri persónulegri ábyrgð

eigenda, en það er einmitt þetta ákvæði, að ábyrgð félagsmanna sé ótakmörkuð, eins og þegar um einkarekstur er að ræða, sem réttlætir skiptinguna.

Ef brtt. fjórmenninganna yrði samþykkt, gætu öll félög, sem nefndu sig sameignarfélög eða samlög, komizt hjá skattgreiðslu, hvaða verkefni sem þau hefðu með höndum, hvort sem þau væru með takmarkaðri eða ótakmarkaðri ábyrgð og hvort sem þátttakendur í þeim væru margir eða fáir. Það mundi engu máli skipta, hvort þetta væru lokuð félög fárra einstaklinga eða hvort það væru félög, sem væru opin almenningi til þátttöku. Þau gætu gert sig skattlaus eða orðið skattlaus, ef till. þeirra fjórmenninganna verður samþ.

Slík samtök eins og hér um ræðir hafa myndazt og geta myndazt, þó að þau séu ekki byggð á grundvelli neinna landslaga. En hvers vegna skyldu slík félög, sem ekki eru bundin af neinum ákveðnum lagareglum, eiga að njóta skattfrelsis, meðan félög, sem starfa á grundvelli landslaga, svo sem hlutafélög og samvinnufélög, eiga að borga skatta? Engin rök eru sjáanleg, sem mæla með því. Ákvæði um undanþágu handa þeim skapar misrétti, ef hún er veitt.

Það má auk þess benda á það, að þetta yrði mjög erfitt í framkvæmd. Ef þátttakendur eru margir og jafnvel búsettir í mörgum skattaumdæmum, hefur skiptingin mikla fyrirhöfn í för með sér og tefur störf skattanefnda og skattstjóra.

Ákvæði laganna frá síðasta þingi um félagaskatta til ríkisins eru þannig, að það er vel hægt fyrir félög að sætta sig við þau, og gildir það jafnt um þau samtök, sem nefnd eru í brtt., og önnur félög.

Hv. þm. Snæf. talaði hér áðan í ræðu sinni um sölusamlög sérstaklega, þ. e. félagssamtök, sem taka afurðir framleiðenda til sölu, og hann talar um það, að í fyrra hafi verið lögleidd tvísköttun í þessu sambandi. Þetta er misskilningur hjá hv. þm. Þessi félög eða samlög borga ekki skatt af því fé, sem þau skila til þeirra aðila, sem hafa falið þeim vörur í umboðssölu. Það gera þeir sjálfir vitanlega, svo að þetta er á misskilningi byggt, að þarna sé um tvísköttun að ræða, og hann vitnaði einmitt í lagastaf þessu til stuðnings. Ef framkvæmdin er þannig, eins og hann talaði um, að þessi samlög borgi fyrst áætlunarverð til framleiðenda og skili þeim uppbótum síðar, þá eru uppbæturnar alveg eins og áætlunarverðið áður taldar með tekjum hjá hinum einstöku framleiðendum, og samlögin fá að draga þetta frá. Þau þurfa ekki að borga skatt af því, sem þau skila í uppbótum til framleiðendanna, svo að þarna er tal um tvísköttun á misskilningi byggt.

Hann vitnar í það, að samvinnufélög hafi — og það samkv. landslögum — heimild til að draga frá það, sem þau greiða félagsmönnum í stofnsjóði í hlutfalli við viðskipti þeirra, og hann talar um einhverja stofnsjóði hjá svona samlögum. En ég vil vekja athygli á því, að það eru engin lagaákvæði um neina stofnsjóði hjá öðrum en samvinnufélögum eða um meðferð á slíkum sjóðum. Það er það, sem vantar.

Hv. þm. Snæf. heldur því fram, að ef þeirra till. verði ekki samþ., verði þessi svokölluðu samlög, sem hann ber fyrir brjósti, miklu verr sett en t. d. samvinnufélögin. Þetta er ekki rétt. Samvinnufélögin verða að borga skatta af tekjum sínum og eignum eftir ákvæðum skattalaganna. Þau eru skattskyld félög. Ef það er þannig, að þessi samlög séu með öllu eignalaus, þá auðvitað borga þau ekki eignarskatt frekar en aðrir, sem engar skattskyldar eignir hafa. Fjórmenningarnir eru einmitt með tillögu sinni að reyna að efna til misréttis í þessu efni. Þeir eru að fara fram á það, að félög, sem nefna sig sameignarfélög eða samlög, hvaða verkefni sem þau hafa og hvernig sem þeim félagsskap er háttað, hafi möguleika til að vera skattlaus, *meðan bæði hlutafélög og samvinnufélög* verða að borga 25% til ríkisins af sínum skattskyldu tekjum og ákveðið prómille-gjald af sínum skattskyldu eignum. Það eru þeir, sem eru að efna til misréttis eða reyna að koma inn misrétti með því að bera fram þessa brtt. og mæla fyrir henni.

Ef til vill líta flm. brtt. svo á og ýmsir fleiri, að lögin um hlutafélög eða samvinnufélög séu ekki heppilegur grundvöllur til að byggja á félagsskap um atvinnurekstur af ýmsu tagi. Og það kann að vera, að einmitt þess vegna hafi risið upp þessi svokölluðu samlög, eins og þau nú eru upp byggð, sem er með ýmsu móti, að ég hygg, að þeir, sem að þeim standa, hafa ekki talið sig hafa góðan grundvöll til að byggja á, hvorki í hlutafélagalögunum né samvinnulögunum. Ég er ekki kunnugur þessum félagsskap, en mér er sagt, að þau séu byggð upp með ýmsu móti.

Hv. þm. Snæf. var að segja, að í einu ákveðnu slíku félagi, ég held Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, hefði hver þátttakandi eitt atkvæði. En ég hef heyrt það, og ég hugsa, að það sé rétt, að í ýmsum samtökum af þessu tagi sé þetta þannig, þegar um útvegsmenn er að ræða, að þá láti þeir tölu þorska og lifrarpotta ráða því, hvaða atkvæði hver þátttakandi hefur í félagsskapnum. Þetta mun vera sem sagt með ýmsu móti, eins og eðlilegt er, þar sem þessi samtök eru ekki byggð á neinum lagagrundvelli.

En ég vil segja það, að ef þessir menn, sem að þessum brtt. standa, og aðrir, sem líta líkt á hlutina, telja, að þeir geti ekki haft sinn rekstur í hlutafélagaformi eða samvinnufélagaformi, þá ættu þeir að taka sig til og reyna að semja frv. til laga um nýtt félagaform, hvort sem þeir kölluðu það samlög eða sameignarfélög eða hvað þeir vildu kalla það. Þetta ættu þeir heldur að taka sér fyrir hendur en vera að berjast við það hér að koma inn í nýlega setta löggjöf ákvæði um sérréttindi handa einhverjum félögum, sem menn vita í mörgum tilfellum harla lítið um, hvernig upp eru byggð, og geta verið með

ýmsu móti Þetta ættu þeir að gera. Ef slíkur félagsskapur á framtíð fyrir sér, þyrfti hann einmitt að hlíta einhverjum lagareglum, alveg eins og hlutafélög og samvinnufélög. Í slíka löggjöf ætti vitanlega að taka svipuð ákvæði og eru í lögunum um hlutafélög og samvinnufélög. Þar þurfa að vera ákvæði m. a. um þátttöku í félögunum, hvort þetta séu opin félög almenningi eða hvort það sé hægt að hafa þau lokuð, hvernig skuli vera með atkvæðisrétt í félögunum, um sjóðamyndanir, um ábyrgð félagsmanna og annað slíkt. Þetta þyrfti að vera í slíkri löggjöf, hliðstætt því, sem er í lögum nú um hlutafélög og samvinnufélög.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð að sinni, en samkv. því, sem fram hefur komið í því, sem ég hef sagt, þá legg ég ákveðið á móti því, að þessi breytingartillaga verði samþykkt, — legg til, að hún verði felld.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég kom inn í þessar umr. nokkru eftir að þær byrjuðu, en það eru viss atriði, sem fram hafa komið, sem ég vildi leyfa mér að gera athugasemdir við.

Hv. þm. V-Húnv. (SkG) flutti hér skilmerkilega ræðu um ýmsa þætti skattamála og eðli félagsskapar, hlutafélaga, samvinnufélagsskapar og svo í þriðja lagi þeirra samlaga, sem hér hafa verið nokkuð til umr., og gerði grein fyrir skoðunum sínum á því, hvað eðlilegt kynni að vera um skattlagningu slíkra félaga.

Ég verð að segja það, að ýmislegt af því, sem þarna kom fram, er í sjálfu sér athyglisvert, og það má vel vera eða til sanns vegar færa, að eðlilegt væri, að sérstök löggjöf, eins konar rammalöggjöf, væri fyrir samlögin, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og fleiri slík samlög, með eitthvað svipuðum hætti og er um hlutafélagalöggjöfina og samvinnufélagalöggjöfina. Þessi lög eru nú ekki, eins og hv. þm. sagði, fyrir hendi, en hins vegar hefur starfsemi þessara félaga blessazt um alllangan aldur og skortur slíkrar löggjafar þess vegna ekki sýnzt vera því til hindrunar, að þessi starfsemi eða þetta félagaform ræki mjög umfangsmikla framleiðslustarfsemi og útflutningsstarfsemi eða hafi rekið á undanförnum árum til mikilla hagsbóta fyrir land og lýð. En ég held, að þessi ræða sé flutt einu ári of seint, því að ef hv. form. fjhn. vissi svo gerla sem hann nú virðist vita, að með frv. eða lögunum í fyrra, stjórnarfrv. um breytingu á félagalöggjöfinni, væri meiningin að setja ný skattalagaákvæði um þessi samlög, þá bar honum, einkum og sér í lagi sem formanni fjhn., bæði að gera grein fyrir því í n. og þingheimi. En ég fullyrði, að það er rétt, sem hv. þm. Snæf. segir, að þingmenn hafa alls ekki í fyrra, þegar þessi löggjöf var afgreidd, gert sér grein fyrir því, að með afgreiðslu löggjafarinnar þá væri verið að setja ný skattalagaákvæði á sölusamlögin og slík eins og hér hefur verið lýst á Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sem áður hefur ekki greitt skatta af sinni hálfu, heldur meðlimirnir hver í sínu lagi, — að það væri verið að leggja á slíkan félagsskap skatta, sem nema á aðra millj. kr. á ári. Og ég held, að það komi ekkert fram um þessi atriði í meðferð málsins í fyrra í þinginu. Það er þess vegna mín skoðun, að það sé ekki með þeirri brtt., sem hér er flutt af fjórum hv. þm. úr öllum þingflokkum, í raun og veru verið að taka upp nein ný ákvæði um skattgreiðslur sölusamlaganna, heldur aðeins verið að undirstrika það og slá því föstu, að þingheimur í fyrra ætlaði ekki að breyta þessum ákvæðum. Þetta er skoðun þessara fjögurra flm. þessarar brtt., og það kom greinilega fram í máli hv. þm. Snæf., það er og eindregin mín skoðun, sem á sæti í fjhn. Nd. og fjallaði um þetta mál lengst af í fyrra. Að vísu var ég ekki við, þegar málið var endanlega afgreitt, svo að það kann eitthvað að hafa komið fram við endanlega afgreiðslu málsins umfram það, sem ég segi nú, en það var mín skoðun, eins og þessara fjögurra flm. þessarar brtt., að með breytingunum á skattalöggjöfinni í fyrra hafi ekki verið ætlazt til eða að því stefnt, að slíka gífurlega breytingu á aðstöðu sölusamlaga til skattgreiðslna væri um að ræða. Og það má mikið og merkilegt heita, ef slíkt var á ferðinni raunverulega, að menn skyldu ekki gera sér grein fyrir því. Engir af þeim ýmsu aðilum, sem áttu viðræður í fyrra við fjhn. Nd., en það komu á fundi n. umboðsmenn frá víðtækum félagasamtökum, verzlunarráðinu, stórkaupmannafélaginu og ýmsum félögum kaupsýslumanna, ræddu þessa þætti skattalöggjafarinnar. Í engum þeim viðræðum minnist ég, að nokkru sinni hafi verið vikið að því, að hér væri um að ræða þá breytingu, sem skattanefndin hér í Reykjavík virðist hafa skilið að fælist í þessum lögum og þar af leiðandi lagt á aðra millj. kr. tekju- og eignarskatt á Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, eins og skýrt hefur verið frá, en hins vegar yfirskattanefndin við nánari athugun málsins hefur komizt að annarri niðurstöðu um og fellt þess vegna niður þá álagningu, sem skattanefndin var búin að ákveða. Það er þess vegna ágreiningur um skilning löggjafar frá í fyrra. Skattanefndin lítur svo á, að hún gefi nýja heimild til skattálagningar á sölusamlög. Yfirskattanefnd lítur svo á, að í löggjöfinni felist ekki þessi heimild. Hér koma fjórir flm. með brtt., sem er í raun og veru til þess að árétta sinn skilning í þessu máli. Og á sama hátt hef ég kvatt mér hljóðs til þess að árétta minn skilning, að ég gerði mér ekki grein fyrir því í fyrra og minnist ekki, að það hafi nokkurn tíma verið sérstaklega rætt, að í breytingum á skattalöggjöfinni ætti að felast sú breyting á aðstöðu þessara aðila til skatts, sem menn nú vilja vera láta. Þess vegna sagði ég áðan, að sú mjög svo skilmerkilega ræða hv. þm. V-Húnv. um skattlagningu þessara félaga og aðstöðu til skatts, miðað við hlutafélög og samvinnufélög, hefði átt að

vera flutt í fyrra, til þess að menn þá hefðu getað tekið ákvörðun um það, hvort menn vildu gera þessa breytingu.

Ég tel mig undir allri meðferð málsins í fyrra, svo lengi sem ég fjallaði um málið, — en eins og ég sagði, var ég ekki við endanlega afgreiðslu, — alls ekki hafa gert mér grein fyrir þessu, né að nokkur annar hafi þá bent á þessa breytingu, sem nú er af sumum talin felast í þessu. Þess vegna tel ég eðlilegt, að þingheimur nú samþykki þá brtt., sem flutt er á þskj. 372 og eftir minni skoðun er í raun og veru engin breyting, heldur bara til þess að kveða upp úr um ágreiningsatriði og til þess að taka af tvímæli. Ég mundi álíta, að ef dómstólarnir fjölluðu um þetta mál, þá gætu þeir ekki eftir þeirri meðferð, sem þetta mál fékk hér í þingi í fyrra, annað en úrskurðað á sama hátt og yfirskattanefndin nú hefur gert, að þessir aðilar skuli ekki fremur nú en áður en breytingin var samþykkt í fyrra vera skattskyldir.

Varðandi það, sem hv. þm. V-Húnv. sagði, að þetta mundi verða erfitt í framkvæmd, þá get ég ekki skilið, hvað hann á við í því sambandi, því að þetta breytist ekkert í framkvæmd frá því, sem verið hefur. Löggjöfin hefur verið um þann langa aldur, sem þessi sölusamlög hafa starfað, í gildi og óbreytt, þangað til í fyrra að sumra dómi, en í raun og veru ekki breytt að annarra dómi — og þingmanna líka — frá því í fyrra, og málið fellur þá tvímælalaust í þann farveg, sem það hefur áður verið í og á ekki að þurfa að valda neinum erfiðleikum í framkvæmd. Hitt skal ég svo alveg fallast á með hv. þm. V-Húnv., að það getur verið full ástæða til þess, að einhver almenn rammalöggjöf sé sett um sölusamlögin, hliðstæð við hlutafélagalöggjöfina og samvinnulöggjöfina, en það er bara annað mál og kemur ekki við afgreiðslu þessa máls, sem hér er um að ræða. Mér þykir því alveg einsýnt, að a. m. k. þeir þingmenn, sem hafa í raun og veru það sama mat á þessu og ég, sem — eins og ég sagði — átti sæti í fjhn. í fyrra og enn, vilji fá öll tvímæli tekin af í þessu sambandi og það sé í raun og veru ekki annað en það, sem verið er að gera með samþykkt brtt. á þskj. 372.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Ég skal mjög lítið blanda mér í það ágreiningsefni, sem hér er uppi. Þegar fjhn. þessarar deildar fjallaði um tvö eða þrjú frv. fyrir nokkru, voru allir nefndarmenn sammála um, að þau frv., sem þar var um að ræða, skyldu felld saman, eins og sést á þskj. 370, þ. e. a. s. að taka upp það atriði, sem var afleiðing af samningum við sjómenn og útvegsmenn í vetur um hækkun á frádrætti, og um framlengingu lagaákvæða um lágtekjur. Um þessa till., sem hér er mest rætt um, á þskj. 372, flutta af hv. þm. Snæf. ásamt fleirum, var ekki tekin efnisleg afstaða í fjhn. Og mér sýnist á þeim umræðum, sem hér hafa farið fram, að það sé mikill ágreiningur um það atriði, sem þar um ræðir, en ekki um þau atriði, sem nefndarmenn voru sammála um, og kunni jafnvel að fara svo með þau, að frv., eins og það liggur nú fyrir, sé í raun og veru stefnt í hættu með því að fella þessa brtt. inn í.

Ég er á þessu stigi málsins ekki tilbúinn til þess að taka efnislega afstöðu til þessa máls. Mér finnst málið allumfangsmikið, og eins og komið hefur fram, er verulegur ágreiningur um efni þess. Mér virðist þess vegna eðlilegra, að þeir fjórmenningar flyttu þetta sem sérstakt frv. og að þá væri það tekið til meðferðar á ný sem slíkt, en ég vil ekki stofna hinum málunum, sem allir eru sammála um, í hættu vegna þessarar tillögu. — Ég vildi aðeins láta þetta koma fram.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil nú ekki gera sérstaklega að umtalsefni spurninguna sjálfa um skattinn, sem hérna liggur fyrir. En mér finnst, að í sambandi við það mál og þær deilur, sem uppi eru um þetta, hljóti alveg óhjákvæmilega að koma fram spurningin um alla aðstöðu þessara stóru samsteypna, sem eru að skapast í okkar þjóðfélagi, í okkar löggjöf, og það snertir í þessu tilfelli skattinn, en það snertir líka margt fleira. Ég held, að það sé alveg óhjákvæmilegt, að það dragist ekki lengur, að það sé sett alveg skýr og ákveðin löggjöf um starfsemi þessara samtaka, sem hafa verið að rísa upp og eru að verða sífellt tíðari og voldugri hjá okkar þjóð, eins og samlög, hvers konar sambönd á þessu sviði og annað slíkt. Eins mikið og allur nútímarekstur eðlilega hlýtur að hneigjast í það horf, sem er praktískt og að öllu leyti mjög hagkvæmt og eðlilegt, að það verða alltaf stærri og stærri heildir, sem hafa með sölu eða rekstur að gera, þá held ég, að það geti ekki gengið, að svo og svo mikið af slíkum fyrirtækjum og slíkum samsteypum sé í raun og veru utan við öll lög.

Hér hefur verið komið inn á að ræða um t. d. atkvæðisrétt í svona samsteypum. Það eru til ákveðin lög um eitt slíkt samlag, það eru þau gömlu lög um Sölusamband ísl. fiskframleiðenda. Það eru alveg ákveðin fyrirmæli um það sérstaka samband. En það er líka eiginlega eina sambandið, sem eru ákveðin lög til um, a. m. k. lög um, sem er þá hlýtt út í æsar. Hins vegar viðvíkjandi bæði Sambandi ísl. samvinnufélaga og samlögunum, hinum ýmsu, hvort það heitir Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Samlag skreiðarframleiðenda eða hvað sem þau annars heita, þá er ekki allt algerlega fyrir mælt í lögum eða að öllu leyti farið eftir lögum að mínu áliti um, hvernig er um þessi stóru samlög. Í samvinnufélögunum er þetta ótvírætt, en t. d. í hlutföllunum á milli samvinnufélaga og Sambands ísl. samvinnufélaga er það svo, ef ég man rétt, síðan 1938, að réttur samvinnufélaga til að senda fulltrúa á aðalfund SÍS fer ekki eingöngu eftir tölu félaganna, atkvæðisréttur einstaklinga er ekki einn lagður þar lengur til grundvallar, heldur um leið eftir viðskiptaveltunni, sem að mínu áliti hefur alltaf tak-

markað það jafnrétti, sem á að vera í sambandi samvinnufélaga, og er að mínu áliti ekki í algeru samræmi við grundvallar-„prinsip“ samvinnustefnunnar. Í hinum einstöku samlögum og ýmsum samböndum, sem mynduð hafa verið, er þetta allt saman á reiki. Stundum eru það þá fyrirtækin sjálf, hvert einstakt fyrirtæki um sig, sem hafa atkvæðisrétt, stundum máske velta þessara fyrirtækja, og ég býst við, að það sé engin algild regla, sem um þetta gildir. Ég tel þetta alveg ófært. Og þetta kemur til með að valda í sífellu deilum í sambandi við skatta og annað slíkt, — en ekki bara í sambandi við skatta, það er að mínu áliti að rísa þarna upp vald í okkar þjóðfélagi, sem við förum bráðum ekkert að ráða við, ef það verður ekki sett löggjöf um það.

Hv. þm. Snæf. sagði áðan, að þessi samtök væru eignarlaus. Ég veit nú ekki, hvort það stenzt alveg, að þessi samtök séu öllsömun eignarlaus. Það eru vafalaust ýmis þeirra þannig, sem eru það hrein sölusamlög, að þau skipta öllu upp. En mér þætti vænt um að fá upplýsingar um, t. d. viðvíkjandi Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, að hve miklu leyti þau fyrirtæki t. d., sem annast sölu fyrir það samband, við skulum segja í Bandaríkjunum, eru eign Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna eða hvort það eru fyrirtæki, sem Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur myndað, eða hvort þar er um að ræða hlutafélög, sem einstakir menn úr þessum samtökum hafa myndað, eða hvort ákveðið fé af óskiptri eign eða óskiptu umráðafé samtakanna er fest í slíkum fyrirtækjum, — eða til dæmis, ef komið er upp fyrirtækjum til þess að vinna fiskinn á sérstakan hátt erlendis, hverra eign slíkt sé, hvort það sé eign svona samtaka eða hvort það sé eign einstaklinga úr þessum samtökum eða sérstakra hlutafélaga. Og ég er hræddur um, að jafnvel þótt þessi stóru samlög og slík samtök ættu að heita eignarlaus, þá eru þau með sinni miklu veltu orðin slíkt vald í þjóðfélaginu, að alveg án tillits til þess, hvort þau teljast engar eignir eiga eða hvort þau eiga einhverjar eignir, jafnvel þó að þær séu litlar, þá er þetta orðið slíkt eignarvald, slíkt umráðavald, að það þarf að setja sérstaka löggjöf viðvíkjandi þessu.

Hlutafélagalöggjöfin er ákaflega nákvæm löggjöf. Samvinnulöggjöfin er allnákvæm löggjöf líka. En meira að segja hvað báðar þessar löggjafir snertir, þá er ég hræddur um, að það sé orðið svo með þeirri efnahagsþróun, sem orðið hefur í landinu, að það sé oft teflt á tæpasta vaðið um, að þau fyrirbrigði, sem eiga sér stað, falli að öllu leyti inn í ramma þessara löggjafa. Svo að ég taki fleiri dæmi en viðvíkjandi samlögunum: Hvaða afstaða eða við skulum segja eignarréttur Sambands ísl. samvinnufélaga er á verksmiðjunum og hinu og þessu, á einstökum búðum, sem reknar eru af sambandinu, en ekki af neinu samvinnufélagi? Þetta skapar allt saman vandamál og afstöðu, sem ekki er fyllilega gert ráð fyrir í löggjöfinni, hvorki um hlutafélögin né samvinnufélögin, eins og hún var upphaflega sett.

En það, sem ég álít þó alveg sérstaklega varasamt í sambandi við samlögin, er, að í skjóli þess, að þetta eigi að heita samtök útgerðarmanna, og þau eru upphaflega mynduð sem ákaflega eðlileg samtök, fyrst og fremst samstarf um sölu, þá sýnist mér, að með þeim kröfum, sem ýmsir af forráðamönnum þessara samtaka eru farnir að setja fram upp á síðkastið, a. m. k. ef einhverjum dettur í hug að framfylgja þeim kröfum, þá verði að fara að sníða þessum samtökum stakk og hann allþröngan, ef við eigum að vita, hvar við höfum þau.

Ég hef rekið augun í það, að svo virðist sem ýmsir aðilar, sem standa fremst í þessum samtökum, ætli sér þá dul vegna þess, hve vinsæl þessi samtök eru og hve miklu hlutverki þau hafa að gegna í okkar þjóðfélagi, að þau geti raunverulega gert kröfu til hvers sem vera skal í slíku sambandi. Einn af þeim mönnum, sem forustu hafa t. d. í Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, Einar Sigurðsson, sem er áreiðanlega einn af þeim mönnum, sem hafa notið alveg sérstaklega mikilla lána frá hálfu bankanna í landinu og vafalaust ekki tapað á þeirri verðbólgu, sem orðið hefur, enda talinn allauðugur maður þrátt fyrir sínar skuldir, — hann setur í greinunum, sem hann skrifar í Morgunblaðið, venjulega á hverjum sunnudegi, þá setur hann fram sunnudaginn 22. marz í grein sinni „Úr verinu“ eftirfarandi kröfu, með leyfi hæstv. forseta, — hann talar um, að það sé nauðsynlegt, að dregið sé úr ríkisrekstrinum, þar sem mikið fé sé bundið af hálfu hins opinbera, og segir svo orðrétt:

„Má þar nefna sem dæmi, að selja mætti að skaðlausu samtökum útgerðarmanna fiskiðjuver ríkisins, síldarverksmiðjur ríkisins, tunnuverksmiðjur ríkisins og fleiri hliðstæð fyrirtæki, hætta að láta sveitarfélögin hvíla með ofurþunga af óarðbærum og illa reknum fyrirtækjum á ríkissjóði, og þannig mætti lengi halda áfram.“

Þarna er sem sé sett fram sú krafa af hálfu eins af leiðandi mönnum í þessum samtökum, að ýmis helztu fyrirtæki ríkisins, sem ríkið hefur verið að byggja upp á undanförnum 30 árum, séu seld þessum samtökum útgerðarmanna. (Gripið fram í.) Ja, hvaða samtökum? Eru þetta ekki höfuðsamtök útgerðarmannanna? Það skyldi nú vera, að fiskiðjuver ríkisins væri ekki eitt af því, sem hann minnist á að ætti að selja t. d. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna? **(Gripið fram í:** Þetta er nú bara skoðanafrelsi.) Já, en það er skoðanafrelsi, sem einn af frambjóðendum Sjálfstfl. leyfir sér, og þá verður að taka það sem *hann tali þar fyrir munn Sjálfstfl. og birti* í aðalmálgagni þess flokks og að því er virðist talað fyrir hönd þeirra samlaga, sem við hér erum að ræða um. Og þarna er m. a. verið að ræða um, að það ætti helzt, eftir því sem manni skilst, að selja t. d. svo og svo mikið af togurum bæjarútgerðanna í land-

inu, sem eru meira eða minna háðar ríkinu, til þessara manna til rekstrar. Ég býst ekki við, að forráðamenn þessara samtaka setji fram svona kröfur án þess að hugsa sér eitthvað með því. Og ég býst við, með þeirri stefnu, sem uppi hefur verið og oft verið flutt hér fram um að efla einkareksturinn og losa menn við ríkisafskiptin og allt annað slíkt, eins og það er nú kallað, að þá sé þetta einn liður í „prógramminu“, og þá vil ég spyrja: Hvaða samtök eru það, sem á að selja þetta, og hvaða aðstöðu hafa þessi samtök í þjóðfélaginu? Á að taka úr eigu ríkisins svo og svo mikil fyrirtæki og selja þessum samtökum? Nú upplýsti hv. þm. Snæf., að þessi samtök væru eignarlaus. Ég þykist svo sem vita, með hvaða móti eigi þá að selja þessum samtökum. Ég þykist vita, að náttúrlega eigi að lána svona samtökum úr bönkunum og þannig eigi þessi samtök að geta keypt eignirnar af ríkinu. Og kannske á svo, þegar búið er að selja þessum samtökum þessar eignir ríkisins eða bæjarfélaganna, að fella gengið á eftir, eins og líka er krafa þessa fulltrúa þessara samtaka, og þá fer það náttúrlega að vera nokkuð góður „bisness“, svo að maður noti þetta algenga orð, fyrir þessi samtök útgerðarmanna að hafa keypt þessi fyrirtæki ríkis og bæjarfélaga með lánum frá hálfu ríkisbankanna og síðan sé gengið fellt á eftir. Ég verð að segja, að þó að ég vilji vera fullkomlega vinsamlegur þessum samtökum, þá vil ég sjá, hvaða afstöðu þessi samtök hafa í þjóðfélaginu, hvaða réttarstöðu og annað slíkt, áður en ég fyrir mitt leyti geng inn á að fella niður þeirra skattskyldu. Það er fjarri mér að vilja beita þau nokkru misrétti, en ég vil vera viss um þeirra lagalegu afstöðu í þjóðfélaginu, ekki sízt þegar svona kröfur eru farnar að berast í nafni þessara samtaka. Mér mundi ekki þykja það neitt glæsilegt, að svo og svo miklu af öllum þeim eignum, sem hafa verið undanfarið með því sérstaka þjóðarbúskaparfyrirkomulagi, sem verið hefur hér á okkar landi, þeim eignum, sem verið hafa í eigu bæjarfélaga og ríkisfélaga, væri komið í hendur þessara samtaka, sem í raun og veru enginn vissi, hver á, og enginn „faktískt“ réði við og alveg óvíst um allar þeirra skattskyldur og raunverulega um allt þeirra vald, því að meira að segja atkvæðisréttindi og annað slíkt held ég þau hafi sjálf sett sér með sínum eigin reglugerðum. Það er ekki sett af hálfu ríkisins nema bara viðvíkjandi Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda.

Ef til vill kynnu nú sumir ekkert að harma það, þó að svona fyrirtæki gleyptu það, sem ríki og bæjarfélög hafa. En það eru bara kannske fleiri, sem eru í hættu, meira að segja sjálfur einstaklingseignarrétturinn gæti verið í hættu fyrir svona samsteypu. Ég er hræddur um, að það hafi komið fyrir, að fulltrúar svona samlaga hafi komið til — svo að ég noti líka algeng orð — einstakra duglegra og framtakssamra atvinnurekenda, sem hafa af miklum dugnaði brotizt áfram í þjóðfélaginu og komið upp þörfum og góðum fyrirtækjum, svo að notuð séu nú alveg orð Sjálfstfl., og sagt við þessa eigendur slíkra fyrirtækja, sem hafa rekið þó sín fyrirtæki vel: Viljið þið ekki selja mér ykkar fyrirtæki? Ef þið ekki seljið mér ykkar fyrirtæki, þá set ég upp annað fyrirtæki, sem gerir þetta sama, jafnvel þó að það væri miklu dýrara, og ég get séð um, hvað verður keypt. — Það er vald, sem liggur í svona samtökum, og eitt þjóðfélag þarf að sjá um, að svona vald sé ekki misnotað. Það eru sem sé til samtök í þjóðfélaginu, einmitt svona samlög, sem kölluð eru samlög útgerðarmanna, og ég skal ekki sverja fyrir, að það séu líka til sambönd jafnvel samvinnufélaga, sem kunna að nota slíkt. En hver sem það er, hver sem svona aðstöðu notar, og jafnvel þó að þau séu saman um það, þótt samlög útgerðarmanna og Samband ísl. samvinnufélaga stæðu saman um svona hlut, þá er þetta hlutur, sem þjóðfélagið verður að gera svo vel að athuga og varðveita þann einstaka borgara. **(Gripið fram í:** Eru dæmi þess?) Ég er hræddur um það, meira að segja, að þeir hafi staðið saman, svo andstæðir sem þeir oft þykjast vera. Ég segi þetta ekki vegna þess, að til allrar hamingju eru ekki mikil brögð að þessu. En þessar tilhneigingar eru til, og þess vegna held ég, að við verðum að fara varlega í að ákveða, hvernig við búum að þessum félögum. Þar með á ég við, að áður en við tryggjum þeim það, sem við kannske yrðum hræddir um að yrði hálfgert skattfrelsi, eins og við erum nú stundum hálfhræddir um út af þessum fyrirtækjum, þá verðum við að búa almennilega að þessu með löggjöf, svo að við vitum alveg, hvar við höfum þessi samtök.

Þetta álít ég, án þess að ég vilja beita þessi samtök nokkru misrétti, því að mér er ákaflega vel ljóst um samlög útgerðarmanna, samtök þeirra um sölu á sínum fiski, hvort það er hraðfrystur fiskur, skreið eða annað slíkt, hvað það er gífurleg framför, hvað það þýðir mikið fyrir jafnt smáa sem stóra innan þeirra að nota kosti samheldninnar, hvað það gerir okkar atvinnuveg og okkar þjóðfélag sterkara gagnvart útlendum aðilum að geta staðið þannig saman, þannig að mér er ákaflega fjarri að vilja beita slík samtök nokkru misrétti, heldur vil þvert á móti reyna að tryggja þeirra aðstöðu, meðan þau halda sér við þetta verkefni. En vandamálið byrjar, þegar þau fara að fara út fyrir þetta verkefni, þegar þau fara að festa svo og svo mikið af sínu fé í öðrum fyrirtækjum, — raunar alveg á sama hátt og það byrjar visst vandamál, t. d. fyrir slíkum fyrirtækjum, sem þó eru eins lögbundin og Samband ísl. samvinnufélaga er, þegar það fyrirtæki fer að eignast við skulum segja vefnaðarvöruverksmiðjur. Þessi fyrirtæki eru mynduð upphaflega á grundvelli þeirrar stefnu, sem fátækir vefarar í Rockdale ruddu braut fyrir til þess að hrinda af sér arðráni, og þó getur slíkt stórt fyrirtæki eins og Samband ísl. samvinnufélaga allt í einu staðið frammi fyrir því að standa gagnvart mönnum, sem eru vefarar, mönnum, sem

eru verkamenn við vefstóla, og jafnvel farið að beita þá arðráni, þannig að þeir verða að fara að berjast kaupbaráttu gagnvart slíkum fyrirtækjum. Við verðum alltaf að gá að því, meira að segja þó að það séu eins góð fyrirtæki og sjálf samvinnufélögin eða þeirra sambönd. **(Gripið fram í:** Eru þau sérstaklega góð?) Þau eru almennt sérstaklega góð. Meira að segja yfir slíkum fyrirtækjum vofir þessi hætta, svo að þá getum við ímyndað okkur, hvernig muni vera, þegar um fyrirtæki einstaklinga er að ræða, sem fyrst og fremst eru mynduð í gróðaskyni og hafa þess vegna ekki eins góðan tilgang. En jafnvel þó að þau séu mynduð í því skyni að starfa saman og hjálpa sínum meðlimum til þess að selja sína vöru, þá koma líka þessar tilhneigingar upp, að festa fé í svona og svona stórum fyrirtækjum, sölsa undir sig meira og meira. Þess vegna held ég, að við ættum að fara varlega í það í svipinn að ákveða skatt þessara fyrirtækja, því að grunur minn er sá, að ef þessi skilningur, sem nú er og ég skal alls ekki dæma um, til þess er ég ekki svo lögfróður maður, þessi skilningur, sem nú er hjá skattstjóra á afgreiðslu málanna í fyrra, er réttur, þá höfum við þar þó a. m. k. nokkur tök á þessum félögum, og á meðan þau tök eru fyrir hendi, held ég, að það mundi flýta fyrir, að löggjöf yrði samin um þetta, þannig að jafnvel þótt þau nú lentu í þessum misrétti eitt ár, t. d. þetta ár, ef það yrði til þess, að flýtt yrði löggjöf um stöðu þessara félaga í þjóðfélaginu, þannig að við vitum alveg, hvar við höfum þau, þá held ég, að það gerði ekkert til, þó að þetta fengi að dankast svona þetta ár. Þess vegna hef ég nú mesta tilhneigingu til þess, a. m. k. meðan ég verð ekki sannfærður um hið gagnstæða, að láta við svo búið standa, sem nú er, og samþykkja ekki að sinni þá till., sem hv. þm. Snæf. og hans félagar flytja. Ég skal ekkert fullyrða um, hvort þessum félögum er gert misrétti með því, en ég held, að meðan þetta ástand er, sem nú virðist vera, þá mundi það flýta fyrir því, að löggjöf væri sett um þetta. Hins vegar er ég hræddur um, ef þessi till. væri samþykkt, að þá gæti það máske dregizt, — máske dregizt nokkuð lengi. Og ég hef slæma reynslu af því, að það dragist nokkuð lengi að setja löggjöf um fyrirtæki, þar sem eignarrétturinn er ekki alveg ákveðinn á fyrirtækjunum. Ég er farinn að sjá framan í það nú þegar viðvíkjandi áburðarverksmiðju, sem ég held fram að ríkið eigi, að það eru nú komin tíu ár, frá því að ég lagði hér til á Alþingi, að það væri gengið almennilega frá þeim hlut, þannig að það væri skýrt, að ríkið ætti hana, og mér sýnist nú vera komið svo, að það fari að kosta ríkið yfir 20 millj. kr. að hafa beðið allan þennan tíma með að taka ákvarðanir um, hvernig lögin raunverulega bæri að skilja. Ég held þess vegna, að það væri bezt fyrir okkur að flýta því að setja löggjöf um þessi mál, jafnvel þó að við kynnum að valda þessum fyrirtækjum — og jafnvel kannske ekki af neinum illvilja — nokkrum erfiðleikum með það eitt ár. Ég vildi þó heldur athuga með það að borga þeim það til baka á eftir en sleppa því tækifæri, sem við kannske höfum til þess að knýja fram, að það væri sett alveg ótvíræð löggjöf um stöðu þessara samtaka í þjóðfélaginu.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Ég get fallizt á þau sjónarmið, sem hafa komið fram hér í umr., að það sé eðlilegt, að löggjöf sé sett á Alþingi í sambandi við þessi félagasamtök. Þessi samtök, bæði Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og skreiðarsamlagið, hafa sín lög til að starfa eftir og sínar reglugerðir. Hins vegar get ég fallizt á, að það færi vel á því, að flutt væri hér á Alþingi löggjöf um það, hvernig þessi samtök skuli haga starfsemi sinni.

Hv. þm. V-Húnv. sagði, að á s. l. ári hafi verið samþykkt hér veruleg lagfæring á skatti félaganna. Það getur ekki talizt lagfæring fyrir þessi samlög, sem ég hef verið að ræða hér um og hafa ekki borgað neinn skatt til ríkisins, hvorki tekjuskatt né eignarskatt í 16 ár, að annað þeirra er nú krafið um greiðslu á 1.3 millj. kr. í tekjuskatt og eignarskatt. Það er lagfæring, sem þarna hefur átt sér stað — eða hitt þó heldur. En eins og ég tók fram í fyrri ræðu minni, þá tel ég ákaflega varhugavert af hv. Alþ. að semja löggjöf, sem beinlínis kveður á um misjöfn skilyrði þessara félagasamtaka, sem starfa á sams konar grundvelli að útflutningi íslenzkra afurða.

Ég veit, að hv. þm. V-Húnv. er vel ljóst, hvað breytingin á skattalöggjöfinni frá í fyrra getur haft í för með sér. Hún getur orsakað það, að þeir 55—60 meðlimir, sem nú starfa innan Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, geti í framtíðinni séð hag sinn í því að segja sig úr viðskiptum við sölumiðstöðina og gerast meðlimir innan samtaka Sambands ísl. samvinnufélaga. Ég segi það ekki, að hv. þm. V-Húnv. hafi haft þetta í huga, en þetta er bein afleiðing af slíku misrétti eins og nú ríkir í skattalöggjöfinni.

Hv. 3. þm. Reykv. gerði fyrirspurn um það, hvort Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna væri eignarlaus. Ég tók það fram í minni ræðu, að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna á ekkert fé. Hún er algerlega eignarlaus, og það fjármagn, sem hún starfar með, er séreignasjóðir 55—60 meðlima, sem hún starfar fyrir. Sjálf á Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna ekkert fjármagn, og ég geri ráð fyrir, að það sé það sjónarmið, sem orsakar það, að hv. yfirskattanefnd Reykjavíkurbæjar ákvað nýverið að fella niður tekjuskatt og eignarskatt, sem lagður var á þessi samtök á s. l. ári.

Hv. 3. þm. Reykv. nefndi hér dæmi um, hvað vefararnir í Rockdale á sínum tíma hafa gert til þess að koma sinni framleiðslu í gott horf eða njóta sannvirðis fyrir vinnu sína. En ég vil segja það, að eins og hv. 3. þm. Reykv. talaði um það nauðsynlega starf, sem vefararnir í Rockdale á sínum tíma gerðu í Englandi, þá er ekki síður nauðsynlegt starf, sem meðlimir Sölumiðstöðvar hraðfrystihús-

anna framkvæmdu á sínum tíma, þegar þeir mynduðu þessi samtök fyrir 16—17 árum, sem hafa unnið — að ég tel — þjóðfélaginu í heild stórkostlegt gagn. Meðlimir innan þessara samtaka hafa efnt til ýmissar hlutafjármyndunar, myndað Jökla h/f, Miðstöðina h/f og Tryggingarmiðstöðina h/f. Öll þessi félög starfa einnig til hagsbóta fyrir meðlimi sölumiðstöðvarinnar, hvert á sínu sviði, og eru að mínu áliti mjög þörf fyrirtæki. Þetta eru allt hlutafélög, sem borga auðvitað bæði útsvar, tekjuskatt og eignarskatt af sínum tekjum, og meðlimir sölumiðstöðvarinnar eru þátttakendur í þessum hlutafélögum, eftir því sem hver og einn hefur talið sig hafa ástæðu til að leggja þar fjármagn fram.

Ég get ekki fallizt á sjónarmið hv. 10. landsk. þm. (PP) um, að því frv., sem hér er til umr. í dag, sé stefnt í hættu, þó að þessi brtt. okkar fjórmenninganna sé tengd við það. Það er öðru nær. Þessi brtt. hlýtur annaðhvort að verða samþ., sem ég tel nokkurn veginn öruggt, eða þá felld. Ég get því engan veginn fallizt á það sjónarmið, að það geri hvorki til né frá fyrir frv., hvort þessi brtt. okkar fjórmenninganna sé tengd við það eða ekki.

Ég endurtek þá skoðun mína og það traust á hv. alþm., að þessi brtt. okkar fjórmenninganna verði hér samþ. í hv. deild.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þær umr. neitt verulega, sem hér hafa orðið um þetta mál. Ég tel þó rétt með tilliti til þess, að ég á sæti í fjhn. Nd., sem um þetta mál hefur fjallað, og einnig átti ég sæti í sömu n. í fyrra, þegar skattamálalöggjöfin var þar til meðferðar, aðeins með örfáum orðum að lýsa afstöðu minni til þeirrar till., sem mikið hefur verið rædd hér.

Ég get út af fyrir sig alveg á það fallizt, sem mér skilst í rauninni að ekki hafi verið ágreiningur um meðal þeirra, sem talað hafa í þessu máli, hve mikið sem greint hefur á um annað, að rétt muni vera að setja sérstaka löggjöf um þau samtök, sem hér er um að ræða, þar sem mörkuð sé þeirra afstaða í þjóðfélaginu á svipaðan hátt og gert er með hlutafélagalögunum, samvinnulögunum o. s. frv., og séu þar einnig ákvæði um skattskyldu þessara samtaka. En þar sem það er mál, sem hlýtur alltaf að bíða næstu þinga, þá tel ég eftir atvikum rétt að samþykkja þá till., sem hv. þm. Snæf. (SÁ) og nokkrir aðrir hv. þm. hafa hér fram borið, og skal í örfáum orðum gera grein fyrir því, hvers vegna ég tel það sanngjarnt.

Eins og þegar hefur komið fram hér í umr., m. a. í ræðu hv. 5. þm. Reykv. (JóhH), bar það aldrei á góma, svo að ég muni, á síðasta þingi, en ég var til loka þess í fjhn., þar til málið var endanlega afgr., að tilgangurinn væri með þeirri breytingu á skattalögunum, sem þá var gerð, að breyta aðstöðu þeirra samlaga, sem hér er um að ræða. Ég skal fúslega játa það, að ég er ekki tæknilegur sérfræðingur í skattamálum, enda kvöddum við hv. 5. þm. Reykv., sem áttum sæti í n. af hálfu sjálfstæðismanna, okkur til aðstoðar tvo sérfræðinga í skattamálum. Þeir tóku ekki eftir því, — og ég er ekki að leggja þeim það út til neins ámælis, — að hér væri um að ræða neina breytingu á aðstöðu þessara félaga í skattamálum. Það, að lögin hafa samt verið túlkuð þannig, eins og raun hefur orðið á, að þetta gerbreytti aðstöðu þeirra, er nokkuð, sem hefur gerzt án þess, að komið hafi fram, hvorki í fjhn. né hér á hæstv. Alþingi í umr. um þessi mál, að það væri yfirleitt tilgangur löggjafans að breyta nokkru í þessu efni. Hins vegar var sá tilgangur þeirrar löggjafar, sem sett var hér í fyrra, eins og kom fram í ræðu hv. þm. V-Húnv. (SkG), að létta einmitt skattabyrðinni af öðrum félögum og þá fyrst og fremst hlutafélögum. Það á að vísu ekki við um öll hlutafélög, að þetta hafi létt skattabyrði þeirra, það á ekki við um minni hlutafélögin, en eins og fram kom í grg. fyrir frv. þá, var tilgangurinn sá að létta skattabyrðinni a. m. k. af hinum stærri félögum.

Það var ekki meiri háttar ágreiningur um samþykkt þessa frv. hér á Alþingi. Nokkrir hv. þm. tjáðu sig því að vísu andvíga, en allir þeir, sem telja, að æskilegt sé að auka fjármagnsmyndun í atvinnurekstrinum, töldu þó, að hér væri um spor í rétta átt að ræða, og þess vegna fylgdum við sjálfstæðismenn þeim ákvæðum frv., sem skiptu mestu máli.

En einmitt með tilliti til þessa, að tilgangur þeirra laga, sem samþ. voru í fyrra, var sá að létta frekar skattabyrðinni af félögum, þannig að möguleiki yrði fyrir meiri, sjálfstæðari fjármagnsmyndun innan þeirra heldur en áður var, þá virðist mér mjög óeðlilegt, að þau samlög, sem hér er um að ræða, verði gerð verr sett en áður var. Tel ég því eðlilegt, að þessi brtt. verði samþ., en síðar er svo sjálfsagt að setja ákvæði um réttarstöðu þessara samtaka í þessum efnum sem öðrum.

Ég get vel á það fallizt út af fyrir sig, sem fram kom hjá hv. 3. þm. Reykv. (EOl), að það, að fjármagnið færist á færri hendur í þjóðfélaginu, hvort sem þar er um einkaaðila að ræða eða aðra aðila, skapar þjóðfélagsleg vandamál, sem ekki má loka augunum fyrir, heldur vera á verði gegn. Ég vil að vísu við það bæta, að hér stafar að mínu áliti ekki eingöngu hætta af því, að fjármagn safnist í óeðlilega stórum stíl á hendur samtaka einkaaðila og samvinnufélaganna, heldur tel ég, að þessi hætta sé einnig fyrir hendi, ef fjármagninu er í allt of ríkum mæli stjórnað af hálfu opinberra aðila. Allur samdráttur hins efnahagslega valds í þjóðfélaginu eða það, að hið efnahagslega vald færist á tiltölulega fáar hendur, skapar hættu, jafnvel þó að þarna sé um opinbera aðila að ræða og fulltrúa þeirra. En þetta er stærra vandamál en svo, að eðlilegt sé, að það sé rætt og krufið til mergjar í sambandi við það mál, sem hér er um að ræða.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) sagði í ræðu sinni hér áðan, að það hefði átt að geta þess í fyrra, þegar skattalögin voru til meðferðar, ef þá var meiningin að setja ný lagaákvæði um skatta sameignarfélaga og samlaga, sem hér hafa aðallega verið gerð að umtalsefni. En það er mín skoðun, að það hafi engin breyting verið gerð þarna, þessi sameignarfélög svonefndu og samlög hafi verið skattskyld að lögum áður, eins og þau eru núna. Ég held, að það sé ekki hægt að finna í hinum eldri skattalögum neinn staf til stuðnings því, að það sé hægt að halda því fram, að þessi samtök hafi átt að vera skattfrjáls, — alls ekki til, — og ég hef heyrt sagt, að það hafi stundum verið lagðir skattar á félög af þessu tagi, komið fyrir, að þeir hafi verið felldir niður, vegna þess þá að önnur og æðri skattyfirvöld hafa talið, sennilega, að þar hafi ekki verið um skattskyldar eignir eða tekjur að ræða, sem lagt var á.

Það var því engin ástæða til að ræða um þetta sérstaklega í fyrra, þó að skattskylda slíkra félaga væri látin haldast, því að ég leyfi mér að halda því fram, að þau hafi ekkert skattfrelsi eða skattundanþágu haft í eldri lögum. En auðvitað var gerð breyting á skattgreiðslu þeirra á sama hátt og annarra félaga og þar ákveðið, að það skyldu öll félög greiða sömu prósentu af skattskyldum tekjum og eignum, eins og ég gat um áður, og það snerti auðvitað þessi félög eins og önnur. Er þá þar með svarað um leið því, sem hv. 9. landsk. þm. var að tala um áðan, sá er síðast talaði, að það hefði aldrei komið fram í fjhn. í fyrra, að verið væri að breyta aðstöðu samlaganna. Það var ekki eðlilegt, að það kæmi fram, þau áttu að greiða skatta, eins og ég tel að þau hafi átt að greiða áður. Og vitanlega er það engin sönnun í þessu máli um breytingar, þó að nú hafi eitthvert slíkt félag verið krafið um hærri skatt en áður, því að við vitum, að skattarnir breytast eftir aðstöðu fyrirtækjanna, eftir því, hvað þau hafa miklar tekjur og miklar eignir, sem til skattlagningar kemur. Ég held því, að þarna hafi engu verið breytt að þessu leyti, hvað skattskylduna snertir, hún hafi verið til áður.

Að öðru leyti vil ég segja það, að ég tel, að það sé nokkurt atriði, hvað sanngjarnt er í þessum efnum, og ég vil halda því fram, að það sé engin sanngirni í því, að félög af þessu tagi njóti neinna forréttinda fram yfir önnur félög.

Hv. þm. Snæf. talar um, að það sé einkennileg lagfæring eða hitt þó heldur á skattaákvæðum eða ákvæðum laga um skattgreiðslur félaga, ef félög þurfa nú að greiða stórar fjárhæðir, sem kannske hafi ekki greitt neitt áður eða lítið. En eins og ég sagði áðan, þá fer skattupphæðin á hverjum tíma vitanlega eftir því, um hve miklar skattskyldar tekjur og eignir er að ræða. Og hv. þm. Snæf. vill enn halda því fram, að ef þeirra till. verði ekki samþ., þá búi þau félög, sem aðallega fást við útflutning á íslenzkum afurðum, við misjöfn skilyrði. En þetta er bara mesti misskilningur hjá honum. Hann þarf áreiðanlega ekkert að óttast, að þó að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna eigi að borga einhvern skatt, þá fari viðskiptavinir hennar þess vegna að yfirgefa hana og leita viðskipta við Samband ísl. samvinnufélaga, af því að Samband ísl. samvinnufélaga verður að borga skatt af sínum skattskyldu tekjum og eignum, nákvæmlega jafnháa prósentu og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. En það er hann, hv. þm. Snæf., og félagar hans, sem vilja skapa hér misrétti. Þeir vilja koma inn breytingu á skattalögunum, sem hefur það í för með sér, að þessi félög búi við misjöfn skilyrði, samlögin svokölluðu geti gert sig skattfrjáls eða verði skattfrjáls, en samvinnufélögin og hlutafélögin, sem kunna að fást við slíkan rekstur, verða að borga skatta.

Og hv. þm. Snæf. segist gera sér vonir um það, að brtt. þeirra félaga verði samþykkt. Ég verð að segja það, að mér þykir ákaflega ótrúlegt, að Sjálfstfl. hér í d. styðji brtt. Ég minnist þess, að á undanförnum árum fann sá flokkur mjög að því, að þá voru nokkuð mismunandi reglur, sem giltu um skattgreiðslur til ríkisins fyrir samvinnufélög og hlutafélög. Þeir átöldu það og töldu, að allir ættu að borga skatt eftir sömu reglum til ríkisins. Nú var með breytingunum á skattalögunum í fyrra ákveðið, að bæði hlutafélög og samvinnufélög skyldu borga jafnháa prósentu af skattskyldum tekjum til ríkisins og einnig sömu prósentu af skattskyldri eign, — og þetta er það, sem mér hefur skilizt að Sjálfstfl. vildi. Þess vegna trúi ég því ákaflega illa, að hann fari nú að samþykkja tillögu, sem mælir svo fyrir, að viss tegund félaga, sem þó byggist ekki á neinum lagagrundvelli, engin landslög gilda fyrir, skuli vera skattlaus, en hlutafélög og samvinnufélög borga skatt eftir sem áður.

Það má vitanlega nefna líka dæmi um það, hvernig þetta kæmi einkennilega út, ef till. þeirra félaganna yrði samþykkt. Ég skal nefna t. d. eitt af þessum stóru samlögum, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Ég held, að það sé rétt hjá mér, að það séu margir þátttakendur í þeim félagsskap, þ. á m. mörg hlutafélög, og eitthvað líka sennilega af svokölluðum samlögum útvegsmanna í vissum verstöðvum eða jafnvel kaupfélög líka. (Gripið fram í.) Já, þau heita kaupfélög á lagamáli. Nú skulum við hugsa okkur, að þeirra till. yrði samþykkt. Samkvæmt henni yrði eignum og tekjum Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna skipt niður á þátttakendurna ár hvert, og síðan mættu samlögin — samlög útvegsmanna víðs vegar um landið, sem eru þátttakendur í sölumiðstöðinni — skipta því, sem kæmi í þeirra hlut frá henni, niður á sína félagsmenn. (Gripið fram í.) Já, rétt, en aftur hlutafélög eða menn, sem hefðu sinn rekstur í hlutafélagsformi í sömu verstöð og fengju líka einhvern hluta af tekjum og eignum frá sölumiðstöðinni, mættu ekki skipta því niður á sína félagsmenn.

Hv. 5. þm. Reykv. nefndi stóreignaskattinn. Það er rétt, til þess að geta lagt skatt á ríka menn þurfti að draga saman þeirra eignir, og það var gert 1950 með því að skipta eignum félaga niður á þessa einstaklinga, og það var gert nú í fyrra einnig. Þetta er hægt að gera í einstökum tilfellum, eins og hér hefur verið gert með margra ára millibili. En ef ætti að framkvæma þetta við hina árlegu skattlagningu ár hvert, þá er það ekki hægt, því að þetta er það mikið verk, þetta er það erfitt í framkvæmd. Það er ekki hægt að gera þetta.

En af þessu dæmi, sem ég nefndi um félög í einni verstöð, annað í hlutafélagsformi, hitt svokallað samlag, þá yrði þarna ákaflega misjafnlega að þeim búið. Annar félagsskapurinn mætti skipta öllu niður á sína eigendur, en hinn ekki. Þetta sýnir, út í hvað þetta leiðir. Ég vil einnig vekja athygli á því, að hér hefur aðallega af þeim, sem mæla með þessari tillögu, verið rætt um þessi samlög, eins og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og önnur slík, en þeir hafa forðazt alveg að minnast á það, sem ég nefndi hér í minni fyrri ræðu, að samkv. þeirra till. gætu félög, hvaða verkefni sem þau tækju sér fyrir hendur, ef þau bara nefndu sig sameignarfélög eða samlög, tekið upp þennan hátt að skipta tekjum sínum og eignum árlega niður á eigendurna, og væri þetta þægilegt fyrir ýmis félög, sem reka þannig starfsemi, að hún er gróðavænleg, og hafa töluverðar skattskyldar tekjur og eignir þess vegna mörg árin. Það mundi leiða til þess, ef þessi tillaga þeirra yrði samþykkt, og þá sé ég ekki, hvað þýðir úr því að vera að hafa í gildi lög um tekjuskatt á t. d. hlutafélög eða samvinnufélög, því þau gætu — a. m. k. hlutafélögin auðveldlega og hin sennilega líka — tekið upp þennan háttinn að breyta nafni sínu og fara að skipta tekjunum niður, ef ekki þyrfti annað en bara nefna félagsskapinn sameignarfélag eða samlag til þess að njóta þeirra fríðinda.

Ég held, að það sé nú ekki fleira, sem ég sé ástæðu til að segja um þetta, en ítreka það, sem ég nefndi áður, að ég tel, að það mundi leiða til ranglætis í þessum efnum, ef till. þeirra fjórmenninganna verður samþykkt.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Ég held, að hv. þm. V-Húnv. hafi ekki almennilega gert sér grein fyrir, hvað deilt er um hér. Eins og ég tók fram í fyrstu ræðu minni, er ekkert annað, sem við fjórmenningarnir förum fram á, en það, að hraðfrystihús, hvar á landinu sem þau eru, starfi undir sömu skilyrðum hvað snertir skattalöggjöfina.

Samvinnufélögin hafa verið knúin inn á þá braut á undanförnum árum að kaupa sjávarafurðir fyrir fast verð, í stað þess að í samþykktum samvinnufélaganna er gert ráð fyrir, að allar ísl. afurðir, sem kaupfélögin taka til sölu, séu greiddar með áætlunarverði og endanlegt verð ekki ákveðið, fyrr en lokið er við sölu afurðanna. Frá þessari grundvallarreglu hafa samvinnufélögin horfið og hafa greitt það verð, sem Landssamband ísl. útvegsmanna og hraðfrystihúsin eða sölumiðstöð þeirra og S. Í. S. hafa komið sér saman um við hver áramót. Kaupfélögin úti um byggðir landsins hafa orðið að fylgja þessum samningum við landssambandið og hafa gert það eins og aðrir, sem hafa tekið að sér þessa þjónustu.

En það, sem ég sérstaklega vil benda á og ég tel ekki rétt hjá hv. þm. V-Húnv., er það, að hann vill telja, að ef þessi brtt. okkar fjórmenninganna yrði samþykkt, þá kæmu þau hraðfrystihús, sem eru meðlimir innan Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, til að búa við betri kjör en þau frystihús, sem eru í viðskiptum við Samband ísl. samvinnufélaga. Þetta er algerlega rangt. Okkur fjórmenningunum hefur aldrei dottið í hug að fara lengra en heimta samræmi á milli þessara tveggja sölusamtaka. Og ég vil benda máli mínu til stuðnings á það, sem ég gat um áðan, að í skattalöggjöfinni segir — með leyfi hæstv. forseta:

„Kaupfélög, pöntunarfélög og önnur samvinnufélög mega draga frá tekjum sínum það, sem þau greiða félagsmönnum í árslok eða færa þeim til séreignar í stofnsjóði í hlutfalli við vörukaup þeirra á árinu, og enn fremur vexti af stofnsjóði, og telst það ekki til skattskyldra tekna hjá félaginu.“ Og enn segir: „Á sama hátt mega slík félög, sem aðeins vinna úr eða selja afurðir félagsmanna, draga frá það, sem þau þannig úthluta félagsmönnum sínum í hlutfalli við framlög þeirra í afurðum. Upphæðir þær, sem þannig er úthlutað, teljast fram til skatts sem tekjur hinna einstöku félagsmanna.“

Það er ekkert annað, sem við flm. þessarar till. erum að fara fram á, en að slík sölusamlög fái að búa við sömu skilyrði hvað skattana snertir og hliðstæð samvinnufélög hafa búið við skv. lögum samvinnufélaganna frá 1921 og staðfest aftur 1937, þar sem þessi starfsemi sölusamlaganna er í raun og veru byggð upp með sama hætti og samvinnufélögin. Ég vil bara leiðrétta þetta, að hér gætir nokkurs misskilnings hjá hv. þm. V-Húnv., því að það er síður en svo, að við fjórmenningarnir óskum eftir annarri eða betri skipan á þessi mál en samvinnufélögin búa nú við. En við teljum, að það starf, sem þessi samtök hafa með höndum, sé jafnhollt og jafnnauðsynlegt fyrir þjóðarheildina og starf Sambands ísl. samvinnufélaga, sem ég einnig virði. Ég tel mjög eðlilegt, að hið háa Alþingi sé á einu máli um, að þessi samtök eigi að búa við sömu starfsskilyrði.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það er mikill misskilningur, sem fram kom hjá hv. þm. V-Húnv. hér áðan, að í fyrra hafi verið sett skattalöggjöf um það, að samvinnufélögin og annar félagsskapur í landinu, hlutafélög, skyldu greiða sams konar skatta. Hann vitnar til þess, að þessi félög eigi að greiða — mismunandi félög — jafnháa prósentu af skattskyldum tekjum, eins og hann sagði. En á sama tíma veit hann, að þá var búið að búa um og var búið um í þessari löggjöf

í fyrra þannig, að samvinnufélögin höfðu auðvitað allt aðra aðstöðu með þeim ákvæðum, sem þá voru lögfest, til þess að setja í sína sjóði fé, án þess að skattskylt yrði, og á þann hátt, að reglurnar um það, hvað skyldu teljast skattskyldar tekjur, voru auðvitað gagnólíkar hjá hinum mismunandi félagsformum í landinu. Um þetta var rætt mjög mikið í fyrra og auðvitað var öllum ljóst, að það var mikil, svo að ég ekki segi hrænsni, þá a. m. k. mikil óheilindi, þegar þingmenn Framsfl. og málgögn þeirra létu í það skína, að þeir væru að beita sér fyrir því, að jafnrétti væri tekið upp í skattalöggjöf landsins á milli hinna mismunandi félagsforma með breytingum á skattalöggjöfinni í fyrra, enda hefur verið hent gaman að þessu, eins og kunnugt er, og var eitt af gamanmálum 1. apríl í blöðunum hér seinast, þegar sú frétt sást í einu blaðinu, að nú hefðu framsóknarmenn beitt sér fyrir því, að raunverulega skyldi tekið upp jafnrétti í skattamálum milli samvinnufélaga og annars félagsskapar í landinu. Allur almenningur áttaði sig á, að þessi frétt hlaut að vera eitthvað viðtengd 1. apríl, þó að sumar 1. apríl-fréttirnar færu fram hjá mönnum.

En það er eitt atriði, sem mig greinir á um við hv. þm. Snæf. í þessu máli, og það er það, að hann taldi í síðustu ræðu, að hv. þm. V-Húnv. misskildi það, sem væri verið að deila um í þessu máli. Ég er allt annarrar skoðunar. Ég held, að hv. þm. V-Húnv. misskilji ekki neitt í þessu máli. En ég hef hann svolítið grunaðan um græsku, að bæði skilji hann nú það, sem um er deilt, og hafi skilið í fyrra betur en ég og því miður meðnm. minn í fjhn., hvað átti að felast í loðinni löggjöf ríkisstj., og að því leyti tekið að sér hálfgert „smúlara"-hlutverk hér í löggjafarsamkomunni að smygla inn í löggjöfina ákvæði, sem ekki þótti ástæða til að gera þingmönnum grein fyrir, ekki í fjhn., ekki í þingsölunum, en hins vegar síðar hefur verið notað af skattyfirvöldum sem ástæða til að taka upp nýja skattlagningu á tiltekin félagsform í landinu, samlögin, sem hér hefur verið um rætt. Ég segi: ég hef hann grunaðan um græsku.

En þó er sannleikurinn sá, að hann hefur líka sér til afsökunar nokkuð í þessu máli, og það er þegar hann heldur því fram í ræðu sinni síðustu, að að hans dómi hafi engin breyting verið gerð á löggjöfinni í fyrra, það hafi ekki verið tekin upp nein ný ákvæði um skattskyldu umfram það, sem áður var. Ef þetta er rétt hjá honum, þá fellur þessi grunur minn af honum, sem ég sagði áðan. En þá liggur einnig fyrir kannske það, sem veigamest er í málinu, og það, sem eftir stendur, að þrír meðlimir fjhn., sem fjölluðu um þetta mál í fyrra, hafa þá lýst þeirri skoðun sinni hér, að með breytingunum á skattalöggjöfinni í fyrra hafi engin ný ákvæði verið lögfest um skattskyldu þeirra félagsforma, sem hér er deilt um. En skattyfirvöld, skattanefnd eða skattstjóri hér hefur einmitt lagt á samtök þau, sem hér hefur sérstaklega verið rætt um, tekju- og eignarskatt með vísun til þessarar löggjafar, þessarar sérstöku löggjafar, og ég hef séð úrskurði skattyfirvalda hér einmitt um hið umdeilda atriði, þar sem vísað er til þess, að skattálagning nú, sem aldrei hefði átt sér stað áður, sé gerð vegna þeirrar breytingar, sem átt hafi sér stað á skattalöggjöfinni. Þetta er auðvitað það veigamesta, sem hér hefur fram komið, því að nú hefur að vísu yfirskattanefnd hrundið úrskurði skattanefndar hér. Ríkisskattanefnd á e. t. v. eftir að fjalla um málið, og þá er það auðvitað mikill stuðningur til glöggvunar í málinu fyrir hv. ríkisskattanefnd, að hér hafa fram komið í þingsölunum mjög afdráttarlausar yfirlýsingar og einmitt frá fjhn.-mönnum og hv. formanni fjhn., að það fái ekki staðizt að vitna til lagabreyt. í fyrra um það, að þar hafi verið tekin upp ný ákvæði um skattskyldu. Þetta getur auðvitað haft úrslitaþýðingu í þessu máli. Ef svo færi, sem ég tel ólíklegt, að þessi tillaga yrði ekki samþykkt, þá hefur a. m. k. þessi málflutningur hér alveg skorið úr um það varðandi sölusamlögin, að það er ekki hægt að byggja, eins og gert hefur verið, ákvörðun um nýja skattlagningu á þeirra herðar, sem áður hafa verið skattfrjálsir og ekki verið lagðir á neinir skattar, á breytingu skattalöggjafarinnar frá því í fyrra, því að eins og hv. form. fjhn. sagði áðan, í henni var engin breyt. gerð um skattskyldu þessara félaga, og það er skoðun okkar annarra þm., sem hér höfum látið til okkar heyra beinlínis um þetta atriði.

Þetta tel ég mjög veigamikið, en skal svo ekki að öðru leyti eyða tímanum með því að tala um það, hvað sanngjarnt eða ekki sanngjarnt sé í skattalöggjöfinni almennt og í heild.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Það er alveg ótvírætt nú í skattalögunum, að þessi samlög, sem hér hefur verið rætt um, eru skattskyld, og ég tel, að þau hafi verið það áður einnig. Það er mitt álit, og hv. 5. þm. Reykv. hefur ekki enn bent á neinn lagastaf í l., sem áður giltu, til stuðnings því, að samlögin hafi þá verið skattfrjáls, svo að ég get nú ekki tekið þetta tal hans um, að það hafi verið reynt að smygla þarna inn í löggjöfina einhverju, neitt alvarlega.

En viðvíkjandi því, sem hann var að tala um í ræðu sinni nú síðast, um skatta hlutafélaga annars vegar og samvinnufélaga hins vegar og ákvörðun skattskyldra tekna og eigna hjá þessum félögum og hann taldi, að þar væri munur á, þá vil ég minnast á atriði í því sambandi.

Í skattalögunum er ákveði um varasjóðsfrádrátt hjá félögum. Þessi frádráttur má vera 1/3 af tekjum, sé sá hluti lagður í varasjóð hjá samvinnufélögum og hjá hlutafélögum, sem hafa sjávarútveg sem aðalatvinnurekstur, hjá öðrum hlutafélögum 1/5 hluti teknanna. En á það er að líta í þessu sambandi, að um varasjóðina gilda þau ákvæði

í samvinnulögum, að þeim má aldrei skipta upp milli félagsmannanna við félagsslit, en aftur er það leyfilegt um sjóði hlutafélaga. Þarna er nokkur munur á. En eins og ég hef getið um áður, þá er skattprósentan sú sama, bæði af skattskyldum tekjum og skattskyldum eignum, hjá þessum félögum, svo að ég held, að því verði ekki með neinum rökum eða neinni sanngirni haldið fram, að hvað snertir skattgreiðslu til ríkisins, tekjuskatt og eignarskatt, sé nú ójafnt búið að þessum tveimur tegundum félaga, hlutafélögum og samvinnufélögum. Og næst þegar samnefndarmaður minn úr fjhn., hv. 5. þm. Reykv., fer að tala um þessi efni, þá vildi ég ráðleggja honum að hafa einhver haldbetri rök en einhverjar 1. apríl-fréttir úr blöðunum fram að færa.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég skal vera mjög stuttorður. Ég sagði áðan í ræðu minni, að ég ætlaði einmitt ekki að ræða neitt ýtarlega um það, hvað kynni að vera sanngjarnt og ekki sanngjarnt í skattalögunum, og ætla ekki heldur í þessari stuttu aths. að orðlengja nokkuð frekar um deilu okkar hv. þm. V-Húnv. um jafnréttisaðstöðu samvinnufélaganna og hlutafélaganna annars vegar til skatts, en vil bara nota lokaorð mín í þessum umr. til þess að undirstrika það, sem ég tel að sé nú, eins og sakir standa, veigamest og geti úr skorið, að við erum sammála um eitt í þessum umr., hv. þm. V-Húnv. og ég, að með l. í fyrra hafi engin breyt. verið gerð á skattskyldu samlaganna, hvorki S. H. eða annarra. Það tel ég ákaflega veigamikið atriði. Þetta dregur ekki úr því, sem hann segir, að hans skoðun hafi verið, að þau hafi áður verið skattskyld. Það skiptir ekki máli í þessu sambandi. En það, sem sker úr um þessar umr. hér nú eða kann að skera úr, er það, að við erum þó sammála um þetta atriði, að með löggjöfinni í fyrra hafi engin breyting verið gerð á skattskyldu samlaganna frá því, sem áður var.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Út af þessu síðasta, sem hv. 5. þm. Reykv. sagði, vil ég benda á, að við erum því aðeins sammála um þetta, að hann sé mér sammála um, að samlögin hafi verið skattskyld áður eftir eldri lögum, vegna þess að það er alveg ótvírætt, eins og lagagreinin er orðuð núna, að þau eru skattskyld nú.

Umr. frestað.

Á 110. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 111. fundi í Nd., 18. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 370, 372, 392).

Björn Ólafsson: Herra forseti. Ég var ekki á fundi, þegar fyrri hl. umræðunnar fór fram, en mér hefur skilizt, að þeir, sem mæltu gegn brtt. á þskj. 372, hafi talið, að lagabreyting væri óþörf um þetta efni. Það má að vísu til sanns vegar færa, að lagabreyting ætti að vera óþörf í þessu efni, en við nánari athugun um framkvæmd þessa máls hjá skattayfirvöldunum kemur í ljós, að ríkisskattanefnd hefur ekki skilið lagagreinina á þann hátt, sem ég tel að Alþingi ætlaðist til, þegar þessi mál voru til umræðu hér á þinginu í fyrra.

Lagagreinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Sameignarfélög og samlög, sem hafa það að meginmarkmiði að annast vinnslu eða sölu á framleiðsluvörum félagsmanna. Einnig önnur sameignarfélög með ótakmarkaðri persónulegri ábyrgð félagsmanna, enda séu þau skrásett firmu og hafi tilkynnt firmaskrá, að þau óski að verða skattlögð sem félög" o. s. frv.

Samkvæmt þeim leiðbeiningum, sem ríkisskattanefnd hefur gefið skattanefndum, á undir öllum kringumstæðum að skattleggja sameignarfélög og samlög, sem hafa það að meginmarkmiði að annast vinnslu eða sölu á framleiðsluvörum félagsmanna, sem sjálfstæðan aðila, m. ö. o.: þau félög fái ekki að njóta þeirra réttinda, sem seinni partur lagagreinarinnar tekur til, en það er, að eigendur þessara félaga hafi rétt til að vera skattlagðir hver í sínu lagi. Leiðbeiningar ríkisskattanefndar til skattanefnda hljóða svo, það er c-liður 3. gr.:

„Þegar ákveða skal, hvort sameignarfélag skuli vera sjálfstæður skattaðili eða hvort skipta skuli tekjum þess og eignum á meðlimina, skiptir nú fjöldi meðlima þess ekki lengur máli, heldur hitt, hvort um er að ræða afurðasamlag eða önnur sameignarfélög." Og svo kemur stafliður a: „Afurðasamlög, sem hafa það að meginmarkmiði að annast vinnslu eða sölu á framleiðsluvörum félagsmanna, skal alltaf skattleggja sem sjálfstæða skattaðila." Og stafliður b: „Tekjum og eignum annarra sameignarfélaga með ótakmarkaðri persónulegri ábyrgð félagsmanna skal skipta niður á eigendur þeirra í samræmi við eignarhlutdeild þeirra í félagi, nema uppfyllt séu viss skilyrði."

Þarna kemur greinilega fram sá skilningur ríkisskattanefndar, að ekki megi skattleggja sameignarfélög og samlög, sem hafa að meginmarkmiði að annast vinnslu og sölu á framleiðsluvörum félagsmanna, öðruvísi en skattleggja félögin sjálf. Ég er í litlum vafa um það, að þegar þessi lagagrein var samþykkt á Alþingi, hafi þingið ætlazt til, að þessi félög hefðu nákvæmlega sama rétt og önnur sameignarfélög með ótakmarkaðri persónulegri ábyrgð félagsmanna, og það er, að þau megi skipta tekjum sínum og eignum á félagsmenn, ef þau uppfylla viss skilyrði. Þess vegna er ástæða til að líta svo á, að þessi lagagrein verði ekki skilin á þann veg af skattyfirvöldunum, nema því aðeins að samþ. verði þessi lagabreyting, sem hér er í brtt. á þskj. 372. Ég sé enga aðra leið til þess að leiðrétta þennan misskilning, sem felst í túlkun ríkisskattanefndar á lögunum. Hver sem les lagagreinina hlýtur að skilja hana þannig,

að þessi félagsform, sem hér er um að ræða, sameignarfélög og samlög og önnur sameignarfélög með ótakmarkaðri ábyrgð, eigi að njóta þeirra réttinda, sem lagagreinin felur í sér.

Mér fannst rétt, að þetta kæmi fram, vegna þess að hér er verið að leiðrétta túlkun á lagagreininni hjá skattyfirvöldunum. Það er engin trygging fyrir því, að sú leiðrétting fáist, nema þessi brtt. verði samþykkt.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Við þetta frv. höfum við hv. 6. landsk. þm. og ég flutt brtt. Efni hennar er ekki nýtt hér á þingi. Við höfum hér flutt það áður, en það fjallar um, að eftir verði gefinn skattur af þeirri vinnu, sem unnin er beint við útflutningsframleiðsluvörurnar utan hins venjulega vinnutíma, þ. e. a. s., að niður verði felld skattskylda á þeim tekjum, sem launþegar hafa við þess háttar störf og borguð eru með hærra verði en dagvinnukaup er ákveðið, þ. e. sá hluti kaupsins, sem er umfram dagvinnu. Þetta mundi færa skattskylduna til samræmis við orlofsskylduna, því að samkvæmt orlofslögum er ekki skylt að borga orlof á eftirvinnu eða nætur- og helgidagavinnu, nema sem dagvinna væri, og á sama hátt yrði að samþykktri þessari till. okkar heldur ekki skattskyld yfirvinnan nema sem dagvinna væri. Það er enn þá meiri ástæða til þess að flytja þessa till. nú en nokkru sinni áður, þar sem — eins og hv. þm. mun kunnugast um — voru gerðar fyrir nokkru ráðstafanir til þess að lækka verulega tekjur þess fólks, sem hefur atvinnutekjur sínar með þeim hætti, að það vinnur að verulegu leyti umframvinnu við framleiðslustörfin. T. d. má geta þess, að samkvæmt þeim lögum um niðurfærslu verðlags og kaupgjalds, sem hér voru samþykkt og gildi tóku um mánaðamótin janúar—febrúar, var næturvinnukaup almennra verkamanna lækkað um hvorki meira né minna en kr. 6.38 á hvern klukkutíma, og væri það lítil skaðabót, þó að á móti kæmi, að það, sem greitt er fyrir yfirvinnuna umfram venjulega dagvinnu, yrði gert skattfrjálst.

Ég skal taka fram, að það hefur til flestra annarra þjóðfélagsþegna verið litið með meiri sanngirni að undanförnu en þeirra, sem hér um ræðir. Við könnumst við það, að sjómenn hafa réttilega verið látnir njóta nokkru betri kjara varðandi skattgreiðslur en áður tíðkaðist, og þróunin hefur gengið í þá átt að undanförnu að auka skattfríðindi þeirra, sem rétt er og maklegt. En það er einnig annar aðili, sem ekki gegnir alveg óskyldu máli um. Það eru þeir, sem vinna við framleiðslustörfin í landi, og þýðing starfa þeirra fyrir þjóðfélagið er engu minni en sjómannanna sjálfra, þótt ekki hafi verið tekið neitt tillit til þeirra í skattalöggjöfinni til þessa. Ég skal benda á það, að á þeirri vertíð, sem nú er tekið að síga á seinni hlutann á, hefur starf þess fólks, sem vinnur við verkun fiskafla, verið alveg sérstaklega mikið í þessum yfirstandandi mánuði og raunar einnig í síðasta hluta fyrra mánaðar, þannig að almennt talað hefur vertíðin gengið þannig, að afli var sáralítill fram eftir vertíð, en hefur verið óvenjumikill og kallað á óvenjumikla yfirvinnu hjá verkafólki í landi að undanförnu. Ég hef bent á það hér áður, að sú hætta vofir jafnan yfir og fer vaxandi, eftir því sem þrengt er að kjörum þessa fólks, eins og Alþingi hefur gert á þessum vetri, að verkalýðsfélögin, sem hér eiga hlut að máli, hætti að leyfa yfirvinnu, nema því aðeins að einhverjar bætur komi a. m. k. á þann hluta vinnunnar, sem er umfram það, sem þjóðfélagið yfirleitt krefst af þegnum sínum, þ. e. a. s. sérstaka gjaldið fyrir yfirvinnuna. Það er mikil hætta á því, að verkalýðsfélögin ákveði það einn góðan veðurdag, að slíkri vinnu skuli þau hætta. Og hvar stendur íslenzka þjóðfélagið þá, ef ekki á að vera tiltækur nægur vinnukraftur verkamanna til þess að verka þann afla, sem mest berst af í aflahrotum á útmánuðum? Ég vil ekki kalla yfir framleiðslu íslenzka þjóðarbúsins þá hættu, sem Alþingi vissulega gerir með því að daufheyrast við þessari kröfu, sem rís æ hærra, eftir því sem tímar líða, hjá verkalýðshreyfingunni, og verður ábyggilega áður en langt um líður gerð tilraun til þess að samningsbinda skyldu þjóðfélagsins til þess að láta niður falla skattheimtu á það, sem sérstaklega er greitt fyrir umframvinnuna. Það væri þjóðfélaginu ekki hollara, að slík ákvæði yrðu tekin upp eftir harkaleg átök og framleiðslutap, sem af því gæti hlotizt, heldur en að Alþingi líti á það með fullum skilningi, hvað hér er í húfi, hvað hér er að gerast, og samþykkti þessa tillögu, sem tryggja mundi a. m. k. á næstu tímum vinnufrið, einnig varðandi þá yfirvinnu, sem hér er um að ræða og þjóðfélaginu er alveg sérstaklega nauðsynleg, en sannast að segja hlýtur að verða þeim þjóðfélagsþegnum, sem hana framkvæma, stöðugt minna keppikefli, eftir því sem það liggur augljósar fyrir, að ríkið hirðir verulegan hluta af henni, enda þótt hún sé í rauninni unnin að verulegu leyti sem þegnskylda við þjóðfélagið.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Þó að það sé ekki fyrst og fremst vegna þeirrar till., sem hér liggur fyrir og nú hefur verið gerð grein fyrir af hv. 2. landsk., sem ég kvaddi mér hljóðs, þá ætla ég þó að fara örfáum orðum um hana.

Það er ekki vafi á því, að það vandamál, sem hér er um að ræða, er raunverulegt. Skattstigarnir eru orðnir svo háir, að það er ekki vafi á því, að það kann að eiga sinn þátt í því, að örðugleikar geta oft og tíðum verið á því að fá fólk til þess að vinna nauðsynlega eftirvinnu í þágu framleiðslunnar. Á hinn bóginn er ég ákaflega hræddur um það, að reynast muni skatttæknilegir örðugleikar á því að framkvæma þetta, sem verði lítt yfirstíganlegir. Það er gert ráð fyrir því, að atvinnutekjur, eins og það er orðað í till., sem skattþegn hefur aflað sér með eftir-, nætur- og helgidagavinnu við störf í þjónustu útflutningsframleiðslunnar, séu skattfrjálsar. Ég er

hræddur um, að það yrði ákaflega erfitt að skera úr því í mörgum tilfellum, hvaða störf séu í þágu útflutningsframleiðslunnar og hvaða ekki, því að nú er það þannig með ýmsar atvinnugreinar hér á landi, — má þar nefna t. d. landbúnaðinn, — að þær afurðir, sem hann framleiðir, eru jöfnum höndum seldar á innlendum og erlendum markaði. Það er að vísu fordæmi fyrir því, að inn á þá braut hefur verið farið að gera eftirvinnu skattfrjálsa, en með því á ég við löggjöf, sem sett var fyrir nokkrum árum um það, að vinna í þágu eigin íbúða skyldi vera skattfrjáls. Það var út af fyrir sig nytsamt mál og sjálfsagt ekki vafi á því, að skattfrelsi vinnu við byggingu eigin íbúða hefur orðið til þess að hvetja menn til þess að leggja fram meiri vinnu en ella í því skyni. Á hinn bóginn má auðvitað segja, að umrædd störf í þágu útflutningsframleiðslunnar séu líka nauðsynleg, og má um það deila, hvort nauðsynlegra sé. En það er þó sá munur á þessu, að það er auðveldara að skera úr því, hvenær er um að ræða störf í þágu bygginga eigin íbúða, heldur en hinu, hvaða störf eru í þágu útflutningsframleiðslunnar, þannig að þeir skattteknisku örðugleikar, sem mundu vera á því að framkvæma þetta, eru undir öllum kringumstæðum minni, þegar um vinnu í þágu eigin íbúða er að ræða.

En það, sem liggur til grundvallar því vandamáli, sem hér er um að ræða, og ég tel fulla ástæðu til þess að vekja athygli hv. þdm. á því, er skattalöggjöfin í heild og fyrst og fremst það, að stighækkun tekjuskattanna er komin út í öfgar. Ég felst út af fyrir sig á það sjónarmið, að réttmætt geti verið, a. m. k. hvað snertir tekjuskatta einstaklinga, að þeir séu stighækkandi að vissu marki. Það er sjálfsagt rétt, að það sé tilfinnanlegra fyrir mann, sem hefur aðeins 50 þús. kr. í tekjur, að greiða 10% af sínum tekjum, heldur en þann, sem hefur 200 þús. kr. En stighækkunin er komin út í öfgar, og ein af ástæðunum til þess er einmitt sú, að skattstigunum hefur ekki verið breytt með tilliti til vaxandi verðbólgu, þannig að af því leiðir, að stighækkunin kemur nú til að bitna á tekjum, sem alls ekki hefur upphaflega verið ætlazt til að stighækkunin bitnaði á, eins og t. d. tekjum, sem verkamenn vinna sér inn við yfirvinnu.

Nei, kjarni málsins er sá, að skattamálin í heild eru komin í mikið öngþveiti. Það hafa að vísu verið gerðar ýmsar tilraunir til lagfæringar á einstökum atriðum þessara mála. Fyrir utan það, sem ég minntist á að samþykkt hefur verið og sett lög um, að undanþiggja vinnu við eigin íbúðir sköttun, var á síðasta þingi gerð nokkur lagfæring á skattamálum hjóna, og sjómönnum hafa verið veittar skattaívilnanir, og þær hafa smám saman verið auknar. Allt er þetta réttmætt út af fyrir sig. Hér hefur verið um vandamál að ræða í sambandi við skattaálagninguna, sem þurftu úrlausnar.

En það er önnur hlið á þessu máli, sem ekki má láta sér sjást yfir, og hún er sú, að þar sem það hefur nú þrátt fyrir allt verið þannig, að skattarnir hafa farið stöðugt hækkandi frá ári til árs, þá þýða þessar ívilnanir það, að skattbyrðin kemur stöðugt til að þyngjast á þeim, sem ekki njóta skattfríðinda, t. d. fastlaunafólki og ýmsum öðrum. Það verður því gjarnan þannig með þessar lagfæringar, að þeim má líkja við það, þegar verið er að bæta gatslitnar flíkur. Það er kannske sett bót yfir gatið, en vegna þess að flíkin er slitin, þá rifnar út frá bótinni, þannig að hún verður ekki betri en áður.

Það, sem þarf að gera í þessum málum, er framkvæmd á heildarendurskoðun skattalöggjafarinnar og á öðrum grundvelli en hingað til hefur verið. Nú vantar það ekki, að á undanförnum árum hafa verið skipaðar nefndir og hver nefndin á fætur annarri, sem átt hefur að endurskoða stundum skattalöggjöfina í heild, stundum einstök atriði hennar. Frá þessum nefndum hafa vissulega komið ýmsar nytsamlegar ábendingar og till., sem hafa verið til bóta, en sá er galli á þessum nefndarstörfum og ástæðan til þess, að þrátt fyrir þær lagfæringar, sem þannig hafa verið gerðar á einstökum atriðum, er skattalöggjöfin í heild í sama öngþveiti og áður, er sú, að það er ekki heildarsjónarmið, sem hefur legið til grundvallar þeirri endurskoðun, sem framkvæmd hefur verið.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð í tilefni af ummælum, sem hér féllu, þegar mál þetta var hér síðast á dagskrá. Þá var rætt hér allmikið um skattskyldu svonefndra samlaga og sameignarfélaga í sambandi við brtt., sem hér er flutt um málið á þskj. 372.

Ég vildi taka það fram, að þegar breyt. var gerð á skattal. á s. l. ári, var því beinlínis lýst yfir innan ríkisstj., sem beitti sér þá fyrir breyt. á l., að ekki væri meiningin að breyta í neinum grundvallaratriðum ákvæðum gildandi laga um skattlagningu, hvorki samlaga né annarra félaga, svo að ég álít, að það sé rétt, sem hér kom fram hjá hv. þm. V-Húnv., að með þeirri breyt., sem gerð var á skattalögunum á s. l. ári, hafi raunverulega ekki verið breytt á neinn hátt um skattskyldu hinna svonefndu samlaga, og hafi skattyfirvöldin tekið að framkvæma skattalögin eftir þessa breyt. á annan veg en áður var, þá hefur raunverulega ekki verið gefið tilefni til þess af löggjafans hálfu.

Ég vil styðja brtt. á þskj. 372 til þess einvörðungu að gera þessi ákvæði skýrari en þau eru, og minn stuðningur við þessa till. byggist á því, að ég tel, að hún miði að því að gera það ljósara, að ekki sé til þess ætlazt að skattleggja bein sölusamlög framleiðenda, sem hafa það meginverkefni að annast útflutning á framleiðsluvörum félagsmanna, eins og t. d. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, skreiðarsamlagið, og önnur slík samlög, sem hér hefur verið minnzt á í þessum umr., enda er til þess ætlazt, að þessi samlög skili félags-

mönnum sínum öllu söluandvirðinu af hinni seldu vöru. Hins vegar er að sjálfsögðu til þess ætlazt, að önnur samlagsfélög, sem hafa með höndum venjulegan rekstur, eins og t. d. að kaupa fisk og verka fisk, og starfa á svipuðum grundvelli og bæði samvinnufélög og hlutafélög, eiga vitanlega að sjálfsögðu að greiða skatta, eins og þau hafa gert áður, og þessi lagabreyting getur vitanlega ekki orkað þar á neitt til breytinga.

Ég vil aðeins undirstrika það frá minni hálfu, að ég styð þessa till. á þskj. 372 út frá þessu sjónarmiði, að ég tel óréttlátt eða óeðlilegt að skattleggja slík samlög, sem einvörðungu eða nálega einvörðungu vinna að því að selja framleiðsluvörur til útlanda og skila þar til félagsmanna sinna öllu andvirði hinnar seldu vöru, og tel, að með samþykkt þessarar till. sé aðeins verið að slá því föstu, að það skuli haga hér framkvæmdum í skattlagningu á svipaðan hátt eða sama hátt og var, áður en síðasta breyting var gerð á skattalögunum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 112. fundi í Nd., 20. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 372,1 samþ. með 18:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJóh, IngJ, JóhH, JPálm, JS, KGuðj, KJJ, LJós, MJ, ÓB, ÓTh, PO, RH, SÁ, ÁkJ, BBen, BÓ, EirÞ.

nei: GÍG, GÞG, HS, PÞ, PP, SkG, StgrSt, SvbH, ÁÞ, ÁB, BG, EmJ, EystJ, GíslG, EOl.

2 þm. (HÁ, HV) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Forsrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Ég er því mjög samþykkur, að þetta mál verði gaumgæfilega athugað, en tel, að það hafi komið nokkuð snögglega inn í þingið og verið blandað þar saman við mál, sem búið var að semja um við alla þingflokka að afgreiða. Ég tel, að á þennan hátt verði málinu kannske stofnað í hættu, og vildi þess vegna ekki, að þessum tveim atriðum yrði blandað saman, og segi því nei á þessu stigi.

Brtt. 392 felld með 12:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJóh, KGuðj, LJós, ÓTh, SÁ, BÓ, EOl.

nei: GÍG, GÞG, IngJ, JPálm, JS, MJ, ÓB, PO, PP, ÁkJ, BG, EmJ.

HS, JóhH, KJJ, PÞ, RH, StgrSt, SvbH, ÁÞ, ÁB, BBen, EirÞ, EystJ, GíslG greiddu ekki atkv.

3 þm. (HÁ, HV, SkG) fjarstaddir.

Brtt. 372,2 samþ. með 19 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 105. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 421).

Á 106. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það hefur verið ákveðið að taka 1. mál út af dagskrá, eins og hv. þdm. hafa nú heyrt, og er sennilega ekkert við það að athuga, því að það þarf trúlega athugunar við. En á það vil ég benda, að þó að þetta mál sé tekið út af dagskrá nú í dag, þá ber brýna nauðsyn til þess að hraða því, þ. e. a. s. það þarf að liggja fyrir núna sem allra fyrst, — og það hefði fyrir löngu átt að vera búið að ganga frá því, — hvort skattalögunum verður breytt á þessu þingi og þá hvernig. Það eru mjög fráleit vinnubrögð af hv. Alþingi að efna til breyt. á skattalögunum svo að segja á hverju þingi, velta þeim frv. á undan sér fram að þinglokum á vori og halda á þann hátt skattanefndum víðs vegar um landið algerlega verklausum. Við vitum, að það er langþægilegast fyrir skattanefndir að vinna að þessum málum seinni hluta vetrar, en mjög erfitt, þegar vorannir eru byrjaðar. — Þetta vildi ég einungis benda á, og hvað sem við gerum í þessu máli, þá verðum við að taka ákvörðun í því sem allra fyrst.

Forseti (PZ): Í tilefni af þessu vil ég taka undir þessi ummæli. Ég álít þetta líka og hef sagt þetta sama áður hér á þinginu. Og enn fremur vil ég beina því til fjhn., sem í raun og veru þetta mál heyrir undir, þó að því hafi aldrei til hennar verið vísað, — það liggur hér fyrir til einnar umr., — að hún athugi það sem fyrst.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 108. fundi í Ed., 27. apríl, var frv. aftur tekið til einnar umr.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 441 og 442) leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég áttaði mig varla á því, við hvaða mál var verið að lesa upp brtt., en kvaddi mér hljóðs vegna þess, að ég geng út frá því, að það sé við eina málið, sem er á dagskránni, sem er tekjuskattur og eignarskattur.

Þessar brtt., sem mér virtist hæstv. forseti minnast á, liggja nú ekki fyrir, svo að hægt sé að átta sig á þeim, og með því að hér er um mjög þýðingarmikið mál að ræða frá mínu sjónarmiði og margra annarra, þá vildi ég mælast til þess við hæstv. forseta, að málinu verði frestað í dag og maður fengi ráðrúm til þess að átta sig á þeim brtt., sem fram eru bornar.

Forseti (PZ): Ég held nú, að hv. þm. Vestm. geti fljótlega áttað sig á tillögunum. Önnur þeirra er prentuð á þskj. 392 og var þá flutt í Nd. af Karli Guðjónssyni og Gunnari

Jóhannssyni, og hana hafa þess vegna hv. þingmenn hjá sér. Hún var um það, að framan við 3. gr. bættist ný grein. Hin var aftur á móti um það að fella 1. gr. frv., eins og það nú liggur fyrir, niður og var frá Karli Kristjánssyni. Mér finnst þetta vera svo einfalt, að það sé ekki bein ástæða til að fresta málinu fyrir það, a. m. k. umræðum um það. Önnur þeirra er prentuð, og hin er bara um að fella niður eina grein. Ég sé þess vegna ekki beina ástæðu til þess að verða við þeim tilmælum að fresta málinu nú.

Jóhann Jósefsson: Það er nú svo með þessar brtt., að þær fara nokkuð sitt í hverja áttina, og þó að maður skilji þær að vísu, þá virðast þær snerta sín á hvorn veginn mál það, er fyrir liggur, svo að í sjálfu sér er ekki óeðlilegt, að farið sé fram á frest til þess að átta sig á því. Ég vildi mælast til þess við hæstv. forseta, að hann yrði á þann hátt við mínum tilmælum, að hv. flm. brtt. gætu talað fyrir þeim og þá jafnvel fleiri, ef því væri að skipta, en atkvgr. um þær yrði frestað. Er það ekki millileið til þess að tefja málið sem allra minnst, að það væri þá ekkert eftir annað en atkvgr., því að mér er ekkert í huga að tefja fyrir málinu í heild sinni?

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. var lagt fyrir þessa deild og var fjallað um það af fjhn. hennar. Í Nd. hefur þessu frv. verið gerbreytt, tekin þar upp þýðingarmikil nýmæli eða viðbætur við frv. Ég tel sjálfsagt og í rauninni ekki annað gerlegt en að fjhn. þessarar d. fái málið, eins og það liggur fyrir, til meðferðar, legg til, að þessari umr. sé frestað og málinu vísað til fjhn. Hvort þessari umr. yrði frestað, eftir að flm. brtt. hafa gert grein fyrir sínum tillögum, eða síðar, á það legg ég enga áherzlu.

Björn Jónsson: Herra forseti. Efni þessarar till., sem við flytjum hér til breyt. á frv. um tekjuskatt og eignarskatt, hv. þm. Barð. (SE) og ég, er hv. dm. allvel kunnugt, þar sem hún hefur á nokkrum undanförnum þingum verið flutt sem sérstakt frv. af þeim hv. 2. landsk. þm. (KGuðj) og hv. 6. landsk. þm. (GJóh). Vil ég þó vikja að því nokkrum orðum.

Brtt. gerir ráð fyrir því, að við álagningu skatts verði frádráttarhæfur sá hluti eftir-, nætur- og helgidagavinnu, sem ekki er skylt að greiða af orlof, þ. e. a. s. þessi yfirvinna verði skattlögð eins og unnin væri öll með dagvinnukaupi; aukagreiðslan, sem nemur 50% á eftirvinnu og 100% á nætur- og helgidagavinnu, verði undanþegin skatti.

Það er skoðun okkar flm., að þessi breyt. frá gildandi lögum sé hvort tveggja í senn nauðsynleg og réttlát. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að það er orðið mikið vandamál, að skortur er á nægu innlendu vinnuafli í þeirri framleiðslugrein, sem þjóðin byggir á alla sína afkomu, sjávarútveginum, og gildir þetta jafnt um vinnuafl á sjó og á landi, á báta- og togaraflotanum sem í frystihúsum og fiskvinnslustöðvum. Það er áhyggjuefni mörgum og sízt að ástæðulausu, að vinnuaflið dregst fremur að óarðsamari og þá gjarnan um leið hægari störfum en útflutningsframleiðslunni, en þeirri vinnu fylgir vosbúð, meira erfiði og lengri vinnutími en flestum, ef ekki öllum störfum, sem unnin eru í þjóðfélaginu. Enginn mælir því í móti, að sjómennirnir og þeir, sem aflann vinna í landi, leggi harðar að sér en flestir aðrir til tekjuöflunar fyrir þjóðarheildina. Frá fornu fari hefur það verið talin siðferðileg skylda fremur en kvöð af beinum fjárhagslegum toga að sinna björgun sjávarafla á nótt sem degi, helgum degi sem virkum, hvort sem þreyta, vosbúð og veðrahamur sóttu að og yfirleitt við hvaða ytri skilyrði sem við var að etja. Enn í dag er þessi björgunarskylda hverjum verkamanni og sjómanni í blóð borin. Öðrum, sem ætíð njóta eðlilegrar hvíldar og værðar, finnst þessi skylda ekkert tiltökumál, og í okkar löggjöf, sem tryggja á verkamönnum 8 stunda lágmarkshvíld á sólarhring hverjum, er undantekning gerð varðandi vinnu við björgun sjávarafla. Og meira að segja hin trúarlega helgi hvíldardagsins hefur orðið að víkja fyrir skyldunni við það bjargræði, sem sjómanninum tekst að ná úr hafinu.

Nú á tímum tækninnar er meiri afli dreginn að landi en nokkru sinni fyrr. Og hann krefst meiri vinnu en áður, þó að nútímatækni sé þar einnig beitt á mörgum sviðum. Og það er mikið vafamál, að skyldan við bjargræðið hafi áður lagt þyngri kvaðir á það fólk, sem að því vinnur. Í mestu aflahrotum á vertíðum er nótt lögð við dag og sólarhringur við sólarhring, staðið, á meðan nokkur snefill af starfsorku er eftir. Á því leikur enginn vafi, að mjög oft er vinnutími þess verkafólks, sem vinnur við fiskaðgerð og fiskvinnslu, lengri en eðlilegt og heilsusamlegt getur talizt. Það er gengið á þann höfuðstól heilsu og starfsþreks, sem hverjum manni er dýrmætastur allra eigna. Slíkt verður auðvitað aldrei bætt, hvorki með hærri launum né skattfríðindum. Hitt er annað, að meðan þessi oft óhæfilega mikla yfirvinna er talin þjóðarnauðsyn og allt að því skylda, verður það að teljast alger lágmarkskrafa, að hún sé ekki skattlögð tvöfalt eða meira en önnur vinna og hver eyrir, sem þannig er aflað, sé ekki eltur uppi með margfaldri skattlagningu bæði ríkis og bæjarfélaga.

Út á þá braut hefur verið farið í vaxandi mæli að veita sjómannastéttinni meiri skattafrádrátt en öðrum gjaldendum, og flestra mál er það, að þar sé enn sízt of langt gengið. Og raddir eru uppi um það að veita þeim algert skattfrelsi. Rökin fyrir þessu eru þau, að lækkun skattbyrði örvi menn til sjósóknar og sjómannastéttinni beri slík hlunnindi, vegna þess að hún leggi harðara að sér til að afla þjóðarbúinu undirstöðuverðmæta en aðrar stéttir. Í öllum meginatriðum gilda hin sömu rök fullkomlega varðandi verkafólkið,

sem að sjávaraflanum vinnur í landi. Það hefur enn enga úrlausn fengið í þá átt, en við flutningsmenn teljum, að tími sé til þess kominn. Þó má geta þess, að einstaka bæjarfélög hafa hin síðustu ár sýnt nokkurn lit í þessu efni varðandi álagningu útsvara.

Ég tel, að óvarlegt sé að treysta um of á langlundargeð þeirra, sem að útflutningsframleiðslunni vinna varðandi þessi mál. Ef þjóðfélagið sýnir á engan hátt, að metið sé að verðleikum það vinnuálag, sem það tekur á sig umfram aðra, er næsta líklegt, að að því hljóti að reka, að það krefjist eðlilegs hvíldartíma, eins og aðrir þjóðfélagsþegnar njóta. Samkv. kjarasamningum verkalýðsfélaga er það á valdi hvers félags, hvort næturvinna er unnin eða ekki. Með einfaldri samþykkt geta verkalýðsfélögin því veitt meðlimum sínum vinnuvernd að þessu leyti. Ef svo færi, yrði þjóðfélagið að leysa þessi vandamál framleiðslunnar með einhverjum öðrum hætti en hingað til hefur verið gert. En auðvelt mundi það ekki reynast um sinn a. m. k., án þess að dregið væri úr framleiðslunni, og við því megum við illa. Hvernig sem á málið er litið, virðist því hyggilegast að mæta hóflegum kröfum þeirra, sem að framleiðslunni vinna, með sanngirni og veita þeim þá réttarbót, sem þessi till. felur í sér og þeim hefur verið of lengi synjað um.

Viðkomandi þeim tilmælum, sem hér hafa borizt um frestun málsins, get ég tekið undir það að því leyti, að mér finnst eðlilegt, að atkvgr. sé frestað sökum þess, hve margir hv. þdm. eru fjarstaddir vegna veikinda.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég hef hér lagt fram till. skriflega um, að 1. gr. frv., sem til umræðu er, verði felld niður. En 1. gr. felur í sér breyt. á lagaákvæðum, sem sett voru í fyrra um félagaskatt, og til þess að sanna hv. deild, að breyt. þessi er í raun og veru mikil, vil ég — með leyfi hæstv. forseta — lesa hér upp fyrstu málsliðina tvo í l., eins og þau eru, og síðan fyrsta málslið brtt. Lagaákvæðin frá því í fyrra, sú gr., sem þau eru í, hefst á þessa leið: „Sameignarfélög og samlög, sem hafa það að meginmarkmiði að annast vinnslu eða sölu á framleiðsluvörum félagsmanna, eru skattskyld. Einnig önnur sameignarfélög með ótakmarkaðri persónulegri ábyrgð félagsmanna.“ Þó má, eins og tekið er síðar fram, skipta tekjum og eignum þessara félaga á félagana eða félagsmennina, sameigendurna, með þeim fyrirvara, sem gr. kveður á um og er samhljóða því, sem er í brtt.

Breytingin, sem felst í frv., sem við erum nú að ræða, er á þessa leið: „Sameignarfélög og samlög eru skattskyld, enda séu þau skrásett firmu og hafi tilkynnt til firmaskrár, að þau óski að vera skattlögð sem félög.“ Numið er burt úr l., ef þetta yrði tekið upp sem lög, að sameignarfélög og samlög, sem hafa það að meginmarkmiði að annast vinnslu eða sölu á framleiðsluvörum félagsmanna, njóti fyrst og fremst þeirra hlunninda, sem hér um ræðir, og enn fremur er það numið burt, að önnur félög komi til greina eingöngu, séu þau með ótakmarkaðri persónulegri ábyrgð félagsmanna. Þetta er numið í burtu, ef frv. verður að lögum óbreytt.

Þessi 1. gr. frv. er sett inn í það af hv. Nd., og þeir, sem þar gerðu till. um viðbót þessa, vildu með henni tryggja það, að þau félagsform, sem kölluð hafa verið sameignarfélög og samlög, þyrftu undantekningarlaust, hvernig sem þau eru upp byggð og að hverju sem þau starfa, alls ekki að greiða tekju- og eignarskatt, ef þau óskuðu heldur, að tekjum þeirra og eignum væri árlega við skattlagningu skipt milli sameigenda í þessum félögum í samræmi við hlutdeild þeirra eða viðskiptaveltu í félaginu og þær skattlagðar hjá þeim. Samkv. ákvæðum l. frá síðasta Alþ. um félagaskatt mun skattstofan í Reykjavík hafa lagt skatta á slík félög nú, en einhverra hluta vegna munu þau lítt eða ekki hafa komið til skatta til ríkis áður. Frsm. till. í hv. Nd. mun hafa haldið því fram, að samhliða þessari skattlagningu á sameignarfélög og samlög leggist skatturinn eins og áður á meðlimi félaganna og væri því um tvísköttun sömu tekna og eigna að ræða, taldi slíka tvísköttun óhæfu, eins og vonlegt er. Það dæmi, sem tekið var, mun fyrst og fremst hafa verið Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Ég hef reynt að afla mér nokkurra upplýsinga um þetta mál og skapa mér skoðun á því.

Löggjöf er til bæði um hlutafélög og samvinnufélög. Hins vegar eru engin lög til um félagsform, sem nefnd hafa verið sameignarfélög og samlög. Þau eru því ekki löglega afmörkuð félagsform eða hugtök. Þau geta því verið með ýmsu móti. Þeim er ekki markaður bás að landslögum. Þess vegna eru ákvæði 1. gr. þessa frv. um það, sem er ekki fullkomlega vitað hvað er. Að vísu vitum við, hvað Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna er, og við vitum um uppbyggingu hennar. En undir óskilgreind hugtökin sameignarfélög og samlög geta heyrt og eru látin heyra margs konar félög, og verði, eins og 1. gr. frv. gerir ráð fyrir, svo sem þau orð sýndu, sem ég las upp áðan úr greininni, heimilað skattfrelsi öllum slíkum félögum, sem hafa bæði ótakmarkaða og takmarkaða ábyrgð og geta verið hvort sem er opin öllum eða lokaður félagsskapur o. s. frv., þá er opnuð gátt fyrir félagsmyndanir, sem komast hjá skattskyldu, og hlutafélög og samvinnufélög látin búa við harðari kjör í þessum efnum en þau.

Það fyrsta, sem á að gera, að mér virðist, er að setja löggjöf um sameignarfélög og samlög og síðan miða skattskylduna við eðli félagsskaparins samkv. skilgreiningu þeirrar löggjafar.

En nú spyr máske einhver: Hvernig á að fara með þá álagningu skatts, sem nú hefur átt sér stað? Ekki verður sú löggjöf, sem þú talar um, sett á þessu þingi.

Álagningin, sem átt hefur sér stað, er sem nokkurs konar prófmál. Það hefur skattstjórinn sagt mér. Sölumiðstöðin kærði til yfir-

skattanefndar Reykjavíkur, og yfirskattanefndin er búin að úrskurða, að skatturinn sé ranglega lagður á fyrirtækið, úrskurða, að tekjur og eignir þess ættu, svo sem venja hefur verið, að skiptast til skattlagningar á sameigendur þess. Úrskurðinum hefur verið áfrýjað til ríkisskattanefndar, en hún hefur — að ég held — ekki enn fellt sinn úrskurð, og nú veit maður ekki, hvort ríkisskattanefndin kemst að sömu niðurstöðu og yfirskattanefndin, og ekki heldur, hvort dómstóll mundi komast að sömu niðurstöðum, ef málið yrði látið ganga til dóms. En verði endanleg niðurstaða sú, að skattlagningin sé röng, fellur skattgreiðslan að sjálfsögðu niður. Verði hins vegar niðurstaðan, að hún sé rétt, sölumiðstöðin sem slík eigi að greiða skattinn, þá segir skattstjóri, að umreiknaður verði skattur sameigendanna og leiðréttur, tvísköttun komi alls ekki til greina endanlega.

Samkvæmt framansögðu tel ég því hiklaust, að 1. gr. í frv. eigi að falla niður. Ég tel, að hún sé ótímabær, meðan líkur benda til, að þeir aðilar, sem kært hafa, fái úrskurð um, að gildandi lög heimili þeim það, sem gr. vill heimila þeim. Auk þess er gr. ekki nægilega afmörkuð að efni. Ákvæði hennar opna allt of víðar dyr. Sameignarfélög og samlög þurfa að vera skilgreind hugtök, áður en þau eru notuð til viðmiðunar á þennan viðtæka hátt. Þá gæti slíkt haft víðtækar afleiðingar og leitt til fjarstæðu í skattamálum félaga að miða við þau, eins og gert í 1. gr. Þess vegna hef ég flutt till. um að fella 1. gr. niður. Hins vegar er ég fús til að eiga hlut að því að flytja till. um, að ríkisstj. verði falið að láta semja frv. til l. um sameignarfélög og samlög, sem þessi gr. minnir vitanlega á að vantar.

Að svo stöddu sé ég ekki ástæðu til þess að gera frekari grein fyrir brtt.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég vil taka undir tilmæli hv. 6. þm. Reykv. (GTh), sem hann beindi til hæstv. forseta í ræðu, áður en síðasti þm. hélt sína ræðu.

Ræða hv. flytjanda brtt., hv. þm. S-Þ. (KK), var að mestu leyti endurtekning á ræðu hv. þm. V-Húnv. (SkG), sem hann flutti við afgreiðslu þessa máls í Nd., en sú hv. deild komst eftir allmikil ræðuhöld að þeirri niðurstöðu, að þessa 1. gr. ætti að orða eins og hún nú er í frv. En hv. þm. S-Þ. vill blátt áfram nema það orðalag í burtu. Ég held það væri misráðið — séð frá sjónarmiði þess að skapa réttlæti á meðal skattborgaranna — að fella þetta út úr frv., sem nú er komið í það. Það er eiginlega leiðrétting á því, sem fór fram í fyrra, þegar hv. flokksmenn brtt.-flytjandans hér í þessari hv. deild, þegar hv. flokksmenn hans í Nd. beittu sér fyrir breytingu á tekju- og eignarskattinum, sem hafði það yfirskin að vera til leiðréttingar, en varð í raun réttri til ranglætingar.

Hitt er annað mál, að það er þörf á því, að skilgreint sé í lögum, hvað heyri undir sameignarfélög og samlög, hvaða skilyrði þau eigi að uppfylla til þess að hafa réttarstöðu í þjóðfélaginu. Þau komu hér mikið til tals í hv. Nd., en ég hlustaði þar á það, að flokksbróðir hv. þm., hv. þm. V-Húnv., talaði um svokölluð samlög o. s. frv. Þau eru nú flest á sama sviðinu, samlög til eflingar sölu á afurðum landsmanna. Þau eru það, þó að þau séu ekki löghelguð, og lítilsvirðingin á samlögunum í ræðu hv. þm. V-Húnv. var augljós, þar sem hann stagaðist mikið á „svokölluðum samlögum".

Þrátt fyrir það er ég á því, að það ætti að setja löggjöf um samlög, en það þarf ekki að standa í vegi fyrir þeirri réttarbót, sem farið er fram á í þessu frv., eins og það er.

Að öðru leyti vænti ég þess, að tilmæli hv. 6. þm. Reykv. um málið verði gaumur gefinn af hæstv. forseta, og virðist vera á góðri leið með, að svo geti orðið, þar sem horfið var að þeirri millileið, þar sem ég setti fram í fyrstu þá kröfu, að málið væri tekið út af dagskrá, að þá féllst forseti á þá millileið að leyfa mönnum umr. um brtt., sem fyrir lægju, og væri svo fram farið og atkvgr. frestað, þá náttúrlega getur hv. fjhn. að sjálfsögðu tekið málið til meðferðar á milli þess dags og til þess næsta, er það yrði hér á dagskrá.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta, en ég veit, að það liggur til grundvallar þeim óskum, sem fram eru komnar í frv., að eyða því ranglæti, sem komst inn í þessi lög í fyrra undir því yfirskini, að verið væri að bæta lögin.

Viðvíkjandi brtt. hv. 8. landsk. þm. og félaga hans verð ég að segja það, að ég hef fulla samúð með því, að skattar séu varlega innheimtir fyrir þá vinnu, sem lögð er fram á þann veg, sem brtt. gerir ráð fyrir og var flutt í Nd. af hv. samþingismanni mínum úr Vestmannaeyjum. Við höfum glöggan skilning á því, hvaða vandræðum það veldur að koma aflanum í lóg stundum og hversu mikils virði það er, að almenningur fórni hvíldartíma sínum til þess að hjálpa til við þessa framleiðslu, — að þessi stuðningur fólksins við framleiðsluna er mjög góðra gjalda verður, — og finnst mér því, að ekki sé farið fram á annað í þessari till. en það, sem hver sanngjarn maður getur tekið sér í munn. Í Vestmannaeyjum væru t. d. núna þessa dagana — og hefur komið fyrir áður — hreinustu vandræði fyrir hendi með að koma aflanum undan, ef ekki vildi svo til, að skólastjóri gagnfræðaskólans hefur glöggan skilning á þessu og er praktískur maður í eðli sínu og hefur því gefið gagnfræðaskólanemendum frí um ákveðinn tíma til þess að vinna að framleiðslustörfum. Þetta sýnir, hversu mjög starfsmanna er þörf við framleiðsluna á vissum tímabilum á þessum stað. Og svo kann að vera á fleiri stöðum í landinu, að það ásæki framleiðsluna skortur verkafólks, og það verkafólk, hvort það er heldur ungt eða gamalt, sem fórnar hvíldartíma sínum og setur heilsu sína í hættu við að vinna að framleiðslustörfunum, á allt annað skilið en því sé gleymt, þegar talað er um að stuðla

að framgangi sjávarútvegsins með því að losa eitthvað um skattaskrúfuna. Ég verð því persónulega að láta í ljós mikla samúð með þeirri brtt.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég geri ráð fyrir því, að ég verði við þeim tilmælum að fresta umr., og þá væntanlega líka, að málið fari til nefndar til þess að fá fljóta afgreiðslu. En mig langar til að benda á þessu stigi málsins á tvö atriði: Í fyrsta lagi það, að þessi sölusamlög, sem talað er um í brtt. Karls Kristjánssonar og eru komin inn í 1. gr., hafa lengi verið til í Vestmannaeyjum, og ég held, að menn haldi, að þau séu með ákaflega þungum skattabyrðum og till. sé einhvern veginn af því komin. Mér er kunnugt um það sem ríkisskattanefndarmanni, að það hafa komið kærur frá þessum félögum svo að segja árlega undan útsvörum og stundum líka sköttum, og þau hafa alltaf verið afgreidd frá ríkisskattanefnd eins og samvinnufélögin. Það stendur svo á árlega bæði með samvinnufélögin og þessi samlög, að þau eiga við áramót svo og svo mikið í sjóði, sem í raun og veru er óafgreiddur arður eða uppbót á verð. Hann hefur aldrei verið skattlagður sem tekjur, en hann hefur alltaf verið skattlagður sem eign, og næsta ár á eftir er það, sem úthlutað var, alltaf dregið frá og aðeins skattlagt það, sem samlagið bætir við eigin sjóði. Um tvísköttun er því aldrei að ræða. Hins vegar hafa þau fengið á sig hátt veltuútsvar, sérstaklega þar sem það er hátt og það hefur verið lagt á, eins og t. d. í Vestmannaeyjum, og það höfum við líka viljað lækka, þannig að þessi samlög hafa ekki orðið fyrir neinum þeim skattabyrðum fram yfir aðra, að það sé ástæða til að kippa þeim undan sem skattfrjálsum, eins og gert er í frv., eins og það liggur fyrir núna. Þessu til staðfestingar vil ég benda á það, að ef n. vill athuga málið, þá getur hún fengið uppi í ríkisskattanefnd einhvern úrskurð um Olíusamlagið, Lýsissamlagið o. s. frv., o. s. frv., sem til eru í Vestmannaeyjum, og séð, hvernig þau eru skattlögð þarna.

Hitt vil ég svo benda á flm. (BjörnJ, SE), að ég held, að eins og þeirra till. er orðuð, þurfi að betrumbæta hana. Það er talað um eftirvinnu við útflutningsframleiðslu og átt sýnilega við sjávarafurðir og þá fyrst og fremst fisk. Hver er nú eftirvinnan hjá bóndanum, sem sumarlangan daginn slær í 10—12 tíma og framleiðir sína ull, sínar gærur, sitt fé, sem af fást útflutningsvörur? Hver er eftirvinnan hjá öðrum, sem vinna að útflutningsframleiðslu á svipaðan hátt, þegar unnið er að framleiðslu, sem að nokkru leyti er útflutningsframleiðsla og að öðru leyti innanlandssöluvara, eins og t. d. kjötið, hvernig á þá að skilgreina tímann, sem fer í að vinna að því, sem er útflutningsframleiðsla, og að því, sem ekki er útflutningsframleiðsla? Mér finnst vanta þarna eitthvað í greinina, ef hún á að ná sínum tilgangi og létta sköttum af þeirri vinnu, sem unnin er að útflutningsframleiðslunni.

Á þetta tvennt vildi ég benda nefndinni, sem væntanlega fær málið til meðferðar, því að ég vil leggja það til sem forseti, að umræðum um málið verði frestað og n. fái að athuga málið eftir ósk 6. þm. Reykv.

Forseti (PZ): Nú hagar þannig til, eins og hv. þm. er vitanlegt, að annars vegar standa skattanefndir úti um allt land óverkhæfar, af því að þessi lög eru ekki komin, hins vegar bíða margra þeirra ærin störf við vorannir, og þær vilja ljúka verkunum sem fyrst. Þess vegna má ekki dragast mjög lengi, að þetta mál verði afgreitt.

6. þm. Reykv. (GTh) lagði til, að umr. yrði frestað og málinu vísað til fjhn. Nú er formaður hennar veikur, en þm. S-Þ. (KK) hefur áður hlaupið í skarðið fyrir formann fjhn. og mætt á fundum, þegar hann hefur verið forfallaður, og í von um, að hann geri svo enn og að n. hraði störfum, svo að hægt sé að taka málið fyrir mjög bráðlega aftur, vil ég bera upp till. um það, að málinu verði vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjhn. með 11 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 109., 110., 111., 112., 113. og 114. fundi í Ed., 29. og 30. apríl, 2., 4., 6. og 8. maí, var frv. tekið til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 115. fundi í Ed., 9. maí, var fram haldið einni umr. um frv.

Björn Jónsson: Herra forseti. Það mál, sem hér er 6. mál á dagskránni, frv. um tekju- og eignarskatt, hefur verið tekið út af dagskrá hér dag eftir dag nú í heila viku. Þetta mál er þannig vaxið, að það er um það að ræða að standa við samninga, sem gerðir hafa verið við sjómannastéttina, og ég er sannfærður um það, að þessi hv. d. hefur fullan hug á því, að við þessa samninga verði staðið. Þar sem nú er vitað, að aðeins örfáir dagar eru eftir af þingi, sýnist mér, að þessu máli sé stefnt í hættu, ef það er oftar tekið út af dagskránni. Ég vil þess vegna gera þá kröfu til hæstv. forseta, að hann beri það undir deildina, hvort málið skuli afgreitt nú á þessum fundi.

Forseti (BSt): Ég hafði nú satt að segja hugsað mér að slíta þessum fundi og halda annan smáfund á eftir, og ef á að taka málið fyrir á þessum fundi, þá verður að fresta honum fram yfir klukkan fimm.

Þetta mun vera rétt, sem hv. þm. segir, að málið hefur verið tekið hvað eftir annað af dagskrá, en ég hef fengið boð um það frá hæstv. fjmrh., hann beðið mig um að taka það út af dagskrá, og eins mun hafa verið með þá varaforseta, sem hér hafa gegnt störfum í veikindaforföllum mínum, þeir hafa tekið

málið út af dagskrá af sömu ástæðu. **(Gripið fram í:** Það tekur nú ekki langan tíma að afgreiða þetta mál.) Það mun vera vegna veikinda hæstv. ráðh., sem þessi beiðni hefur komið fram. Ég get ekki neitað því að bera það undir d., hvort málið skuli tekið fyrir nú, en á hinn bóginn lýsi ég því yfir, að málið mundi verða tekið á dagskrá a. m. k. og tekið fyrir á mánudag, sem ég geri ráð fyrir að sé nægilegur tími til að afgreiða það. **(Gripið fram í:** Það er fundur í sameinuðu þingi á mánudag.) Jæja, eða á næsta fundi d. eftir daginn í dag. Ja, þessi krafa er komin fram.

ATKVGR.
Samþ. með 9:5 atkv. að taka málið til umr.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Þegar þetta mál var eitt sinn á dagskrá um daginn, kvaddi ég mér hljóðs og benti á, hvað það hefði mikla þýðingu og hversu nauðsynlegt væri að afgreiða þetta mál mjög fljótlega eða a. m. k. þannig, að það lægi fyrir, hvað Alþ. ætlaði að gera í þessu máli. En ég verð að segja það, að mér finnst það nokkuð hart aðgöngu, að d. skuli nú krefjast þess í fjarveru hæstv. fjmrh. að láta ganga atkv. um þetta mál. Maður veit, að það hefur verið skæð inflúenza hér í bænum undanfarið og mönnum hefur slegið niður aftur og aftur. Og þó að ég viðurkenni fyllilega, að þetta mál þurfi að afgreiða sem fyrst, þá get ég ekki látið hjá líða að vekja athygli á því, að mér finnst þetta nokkuð harkaleg vinnubrögð gagnvart hæstv. fjmrh., einkum þar sem hér er um mjög efnismikið og íhugunarvert atriði að ræða, sem ég hygg að engan veginn hafi farið fram næg athugun á. Ég mun því alls ekki geta treyst mér til þess að vera samþykkur því, að málið verði afgreitt á þessum fundi.

Eggert Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. síðasta ræðumanni, að mér þykir það nokkuð hart að gengið, ef það á að ganga til atkvæða um þetta mál nú, þegar — eins og hann sagði — er vitað, að hér hefur gengið allskæð inflúenza, sem hefur m. a. orsakað það, að hæstv. ráðh. hefur tvisvar sinnum lagzt í þessari veiki. Og mér er kunnugt um það sem flytjandi hér einu sinni frá honum óskir um, að þetta mál yrði tekið út af dagskrá, að hann hefur verið að láta gera athuganir á því, hvernig framkvæma ætti t. d. þær brtt., sem við málið liggja, ef þær yrðu samþykktar á lögunum. Ég álít, að það sé ákaflega mikilsvert fyrir d. að vita, hverjar niðurstöður verða af þessari hans athugun, og það ríði ekki svo á um afgreiðslu málsins, að það geti ekki beðið t. d. til mánudags, eins og forseti lofaði, að málið yrði þá tekið fyrir á ný. Ég vil þess vegna eindregið mælast til þess, að jafnvel þó að umr. verði lokið nú, þá verði atkvgr. um málið frestað, þannig að manni gefist kostur á að vita um þá athugun, sem ég veit að hæstv. ráðh. hefur verið að gera á málinu, m. a. með hliðsjón af þeim brtt., sem fyrir liggja. — Ég ítreka þessi tilmæli mín til forseta og d. um það, að atkvgr. verði ekki lokið um málið nú, því að ég veit, að flm. þeirra brtt., sem hér eiga hlut að máli, hlýtur að vera mikið í mun að fá allar upplýsingar um, hvernig framkvæma ætti þá hluti, sem þeir leggja þar til. Ég mælist þess vegna eindregið til þess án þess að ræða málið efnislega, enda verði atkvgr. um málið frestað a. m. k. til mánudags.

Forseti (BSt): Ég vil benda hv. síðasta ræðumanni á, að ef umræðu er lokið, þó að atkvgr. verði frestað, þá geta ekki þær upplýsingar, sem kunna að vera fyrir hendi, komizt að. Ég fyrir mitt leyti hefði orðið við tilmælum hæstv. ráðh. og tel það sanngjarnt, því að mér skilst, að þinginu verði ekki slitið strax eftir helgi, svo að hægt sé að afgreiða málið, en ég verð að beygja mig fyrir meiri hl. hv. deildar. Deildin er að því leyti minn húsbóndi, að þegar hún samþykkir, að mál skuli tekið fyrir, þá verður það að vera.

Eggert Þorsteinsson: Mér skilst, að það hafi verið samþ. að taka málið fyrir. En þarf endilega í því að felast, að það skuli endanlega frá málinu gengið nú, þó að d. hafi samþykkt, að það skyldi fyrir tekið?

Forseti (BSt): Að sjálfsögðu hefur það falizt í samþykkt deildarinnar, skilst mér.

Björn Jónsson: Herra forseti. Þegar þetta mál kom hér frá Nd. breytt, var því vísað til fjhn. d., og hún hefur haft það til meðferðar á fundi eða fundum og kallað til sín sérfræðinga um þessi mál, þ. á m. skattstjórann hér í Reykjavík. N. hefur alveg lokið sinni athugun á frv. og brtt. og fengið, að ég held, þær upplýsingar, sem um getur verið að ræða að fengnar verði í þessu máli. Ég sé þess vegna ekki annað en málið og till. hafi í alla staði fengið þinglega meðferð og það sé ekki af þessum ástæðum nein ástæða til þess að fresta umr. Þegar öllu er á botninn hvolft, hlýtur það að vera hv. d., sem ræður málinu til úrslita, en ekki hæstv. fjmrh.

Varðandi veikindaforföll verð ég að segja það, að vitað er, að hæstv. ráðh. var hér mættur á þingi í gær, en málið var engu að síður tekið út af dagskrá. Það kann svo að fara, þar sem hér er um brtt. að ræða, að málið fari fyrst til hv. Nd. og síðan í Sþ., og ég tel, að ef þessari umr. lýkur ekki fyrr en á mánudag, þá sé fullkomin óvissa um úrslit málsins. Ég tel þess vegna, að öll efni standi til þess, að málið verði afgreitt nú á þessum fundi.

Forseti (BSt): Ég beygi mig að sjálfsögðu fyrir samþykkt meiri hl. deildarinnar. En ég fer fram á það, að hv. þdm. fallist á það, að málinu verði frestað, og jafnvel þó að það verði fundur í Sþ. á mánudag, þá hlýtur það að verða svo, að það megi finna þá einhvern tíma til þess að halda fund hér í hv. d., og þá mun málið verða tekið fyrir. Nægir mönnum

ekki sú yfirlýsing mín? **(Gripið fram í:** Nei.) Er það svo með alla, sem greiddu atkv.? (Gripið fram í.) Það þykir mér nú dálítið kyndugt, að það skuli ekki nægja.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Efnislega vil ég segja það um málið, að mér finnst furðulegt að ætla að knýja málið í gegn hér nú, meðan hæstv. fjmrh., sem málið heyrir undir, er fjarvistum vegna veikinda. En þó að meiri hluti deildarinnar hafi samþ. að taka málið fyrir, þá skilst mér, að það sé alveg á valdi hæstv. forseta að fresta umr. og halda henni áfram á mánudag, og ég vil eindregið mælast til þess við hæstv. forseta, að þó að hann hafi samkv. ákvörðun meiri hl. d. tekið málið nú fyrir, þá ljúki hann ekki umr., og tel, að það sé í hans hönd að fresta henni til næsta fundar.

Forseti (BSt): Það er án efa á mínu valdi að fresta málinu til næsta fundar. En það er ekki lýðræðislegt, þar sem d. hefur samþ., að málið skyldi taka fyrir. Ég sé ekki annað fært en beygja mig fyrir því. **(Gripið fram í:** Vill ekki forseti bera þetta upp við d. að nýju?) Það sýnist nú vera tilgangslítið.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Það er kunnugt, að hv. fjhn. þessarar d. tók nú ekki alls fyrir löngu þetta mál til nýrrar meðferðar og átti m. a. í því sambandi viðtal við skattstjóra og jafnvel fleiri aðila. Síðan þessi athugun fór fram í n., höfum við ekkert heyrt frá n. um niðurstöðu þessarar athugunar. Ég vildi því mega mælast til þess, ef knýja á atkvgr. fram á þessum fundi, að einhver úr hv. fjhn. skýri okkur frá þeim niðurstöðum, sem þessi athugun leiddi til.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Vegna veikindafjarveru hv. formanns fjhn. boðaði ég fyrir hann tvisvar sinnum til fundar í fjhn. um þetta mál, og fjhn. ræddi það svo ýtarlega sem hún gat. Og það er alveg rétt, sem hv. 8. landsk. þm. sagði, að hún sleit svo umr., að hún taldi sínu starfi lokið. Hins vegar var engin till. afgr. í n. og engar samþykktir gerðar um afstöðu hennar til þeirra brtt., sem fyrir liggja. Hún boðaði til fundar við sig skattstjórann og fékk hjá honum greinargóðar skýringar, sérstaklega að því er snertir fyrri tillöguna, brtt., sem fyrir liggur við 1. gr., og þau mál, sem á bak við hana standa. En 1. gr. er komin inn í frv. aðallega vegna þess, að ágreiningur hafði orðið um skatt fyrirtækja og þó sérstaklega eins fyrirtækis, Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, og í sambandi við það vitanlega líka útsvar. Það var upplýst, að búið væri að fella þann skatt niður af yfirskattanefnd Reykjavíkur og þess vegna í raun og veru tilefni greinarinnar úr sögunni, nema svo færi, að málinu yrði áfrýjað til hærri úrskurðar, seinni úrskurðaraðila, og skattstjórinn taldi, að svo mundi vera, að skattamáli þessu hefði verið áfrýjað til ríkisskattanefndar. Seinna lét hann mig vita, — og það lét ég meðnm. mína vita, — að fjmrn. hefði þá einmitt þann dag, sem við héldum fundinn, afturkallað áfrýjunina, og þess vegna leit ég fyrir mitt leyti svo á, en ég mæli ekki fyrir hönd n., að ástæðan fyrir því, að 1. gr. er komin inn í frv., sé niður fallin og alveg réttmæt till. mín um að fella hana niður.

Að því er snertir aðrar brtt., sem fyrir liggja, var ekki eins skýrt um málsástæður. Skattstjórinn taldi nokkra örðugleika á að framkvæma það, sem í till. felst. En svo er nú með skattyfirvöld, að þeim þykja skattamál gerast fyrirhafnarsöm og flókin og eru yfirleitt á móti breyt., sem mundu auka fyrirhöfn, þykir hún ærið nóg fyrir. Því var það, að fjhn. tók enga afstöðu í málinu og allir nm. óbundnir, og hún hefur engar till. að gera hér inn í þessa hv. d., en hefur hins vegar framkvæmt þá athugun, sem d. ætlaðist til af henni. — Ég hef ekki frekar um þetta að segja.

Forseti (BSt): Ef menn halda við það, meiri hl. d., að ljúka þessu máli, þá er kominn sá tími og meira til, að það verður að fresta fundi. **(Gripið fram í:** Má ekki kanna þá, hvort meiri hl. styður þá skoðun forseta?) Menn geta nú stundum náttúrlega verið fljótir að snúast, en þetta er nokkuð snemmt. En ég get svo sem gert það.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Það er nú auðséð, að þeir, sem borið hafa fram þetta frv., eru búnir að missa áhuga fyrir málinu, og það er sennilega ástæðan fyrir frestuninni, eftir að það hefur tekið þessum breytingum eða kannske yfirvofandi breytingum öllu heldur. Það, sem mér sýnist vera rétt í þessu máli, er það, að í sjálfu sér er eðlilegt að fallast á frestanir, þegar beðið er um það af þeim, sem bera fram mál. En þó er það nú svo, að þeir, sem hafa áhuga fyrir málinu í því formi, sem það e. t. v. verður eftir þessa atkvgr., hafa einnig sinn rétt, engu síður en hinir, sem hafa borið málið fram, svo þó að sá, sem hefur borið málið fram, sé búinn að tapa áhuga fyrir því, þá verður að taka tillit til þess réttar, sem þeir hafa í málinu, sem búast við að geta breytt því. Og sá, sem hefur ekki lengur áhuga fyrir málinu, á ekki að geta stöðvað mál með því að biðja stöðugt um frest.

Ég læt mitt atkv. velta á því í þessu máli, hvort forseti getur fullvissað d. um það, að málið fái afgreiðslu hér á Alþingi. Það er það, sem skiptir máli í þessu sambandi. Ef þessi frestur verður til þess, að málið fái e. t. v. ekki afgreiðslu, og forseti treystir sér ekki til þess að lýsa því yfir, að málið muni fá afgreiðslu hér á Alþingi þrátt fyrir frestunina, þá greiði ég atkv. með því að fresta því ekki. Ef hann lýsir því yfir, að hann sé viss um, að það verði tekin afstaða til málsins endanlega hér á Alþingi, þó að því verði frestað, þá greiði ég atkv. með frestuninni. Og þetta geri ég með tilliti til þess, sem ég álít að sé eðlilegt og rétt, að vilji þingsins fái að koma fram

í þessu máli, en sé ekki komið í veg fyrir það með frestun.

Forseti (BSt): Ég veit ekkert um það, að áhugi hæstv. ráðh. í þessu máli sé horfinn. Hitt veit ég, að ég hef fengið þau boð, að hann væri veikur, og þess vegna hefur hann beðið að taka málið af dagskrá undanfarið. Ég get ekki ábyrgzt, hver verða úrslit málsins í Alþingi, í hv. Nd., en hinu skal ég lofa, hvort sem ráðh. verður veikur eða ekki veikur á mánudaginn, að taka þá málið fyrir. **(Gripið fram í:** Það seinkar að vísu málinu.) Það seinkar málinu. En ég tel víst, að það verði fundur í Nd. á þriðjudag, það hlýtur að verða. Það fara fleiri mál hér til Nd. Og það skal verða 1. mál á dagskrá á mánudag. **(Gripið fram í:** En tryggir það afgreiðslu málsins á þingi?) Ég get ekki sagt um það, hvað Nd. gerir. Hvernig á ég að ábyrgjast, hvað Nd. gerir? Ég veit heldur ekkert, hvernig atkv. falla hér í hv. d., fyrir fram. Ég er í fjhn. og hef áður mælt með þessu máli og mun greiða atkv. með því. Hvað hinir gera, get ég ekki ábyrgzt neitt um. En málið skal verða tekið fyrir sem fyrsta mál á fundi deildarinnar á mánudag, ef menn geta látið sér það nægja, og það þarf ekki nema eina umr. í Nd., og ætti því að vera nógur tími til að afgreiða málið. **(Gripið fram í:** Það kynni nú að þurfa í sameinað þing.) Það verður áreiðanlega fundur í sameinuðu þingi, áður en þingi er lokið, eftir þriðjudag, eftir mánudag. Úr því að d. samþykkti að taka málið fyrir, og það er þegar búið að taka málið fyrir, þá ber ég það upp, að því skuli frestað til fundar á mánudag.

ATKVGR.
Samþ. með 8:7 atkv. að fresta málinu til mánudags og umr. frestað.

Á 116. fundi í Ed., 11. maí, var enn fram haldið einni umr. um frv.

Utanr.- og fjmrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Frv. þetta er upphaflega fram borið af ríkisstj. til að fullnægja ákvæðum í samningum, sem hún gerði á sínum tíma við útvegsmenn og sjómenn. Óhjákvæmilegt er því, að málið hljóti afgreiðslu nú á þessu þingi, þar eð ekki má til þess koma undir neinum kringumstæðum, að ekki verði við samninga þessa staðið, enda hefur ríkisstj. hugsað sér að sjá um, að ekki verði vanefndir á þessu loforði hennar við sjávarútveginn.

Við meðferð málsins í Nd. hefur hins vegar verið samþykkt breyting á frv., að því er varðar sameignarfélög og samlög og skattgreiðslur þeirra til ríkissjóðs. Þetta mál kemur frv. því, sem hér liggur fyrir, í rauninni ekki við, og hefði þess vegna verið eðlilegra, að það hefði verið afgreitt sem sjálfstætt mál, en ekki farið að blanda því inn í þá hluti, sem var verið að reyna að leysa í sambandi við frv. upphaflega. Ég skal ekki fara efnislega út í þessa breytingu, sem samþykkt var í hv. Nd., en ég vil aðeins geta þess, að að því er ég bezt veit, þá hefur verið kveðinn upp úrskurður í yfirskattanefnd Reykjavíkur um skattskyldu sameignarfélaga og samlaga. Sá úrskurður gengur mjög í sömu átt og ákveðið er í 1. gr. frv. Það má því segja, að þó að hér sé að vísu aðeins um yfirskattanefndarúrskurð að ræða, en ekki ríkisskattanefndarúrskurð, þá skipti það ekki öllu máli, hvort 1. gr. verður látin vera áfram í frv. óbreytt eða ekki.

Hins vegar hefur komið hér fram í þessari hv. deild brtt. við 3. gr. frv. Gengur sú brtt. út á það, að atvinnutekjur þær, er skattþegn hefur aflað sér með eftir-, nætur- og helgidagavinnu við störf í þjónustu útflutningsframleiðslunnar og ekki eru orlofsskyldar, skuli undanþegnar skattgjaldi. Er lögð sú skylda á herðar atvinnurekendum í brtt., að þeir skuli láta skattyfirvöldunum í té vinnuskýrslur, er sýni glögglega, hver hluti af greiðslum til starfsmanna þeirra falli undir þetta ákvæði. Enn fremur er lagt fyrir launþega að gera grein fyrir því á skattframtali sínu, hver hluti tekna þeirra eigi að falla undir þetta ákvæði.

Það hefur ekki komið neitt fram um það og liggur ekki fyrir á því nein örugg athugun, hversu mikið teknatjón það mundi vera fyrir ríkissjóð, ef þessi brtt. yrði samþykkt, enda geri ég ráð fyrir, að mjög sé erfitt að áætla það, svo að með nokkurri vissu geti talizt. En að sjálfsögðu hefði verið nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, áður en till. er afgreidd, eftir því sem frekast eru tök á, um hvað stórar fjárhæðir er hér að ræða fyrir ríkissjóð, og gera þá jafnframt tillögur um það og ráðstafanir til þess, með hverjum hætti slíku skuli mæta. Frá þessu hefur ekki verið gengið, og þetta hefur ekki verið athugað sem skyldi, áður en till. var fram borin, og getur hún að því leyti talizt lítt athuguð og að ýmsu leyti óheppileg. Þá er það mjög ógreinilegt í tillgr. sjálfri, hvaða störf hér skuli undir falla og hver ekki. Á ég t. d. von á því, að þetta kunni að valda nokkrum erfiðleikum, m. a. í sambandi við landbúnaðinn, sem mér virðist, eins og greinin er orðuð, að einnig ætti að koma til athugunar í sambandi við frv. Finnst mér allt benda til þess, að þetta mál hefði þurft miklu betri og meiri athugun en á því hefur orðið, áður en það er afgreitt hér á hv. Alþingi. Mér kemur ekki til hugar að andmæla því, að hér sé réttlætis- og nauðsynjamál á ferðinni. En hvað um það, það er með þetta mál eins og önnur, það þarf athugunar við, áður en það er afgreitt, til þess að ganga úr skugga um, að það valdi ekki ófyrirsjáanlegum og óviðráðanlegum erfiðleikum í sambandi við framkvæmdina.

En það er annað atriði, sem ég vildi alveg sérstaklega benda á í sambandi við þessa brtt. Það er gert ráð fyrir því í henni, að atvinnurekendur eigi að láta skattyfirvöldum í té vinnuskýrslur, er sýni glögglega, hvaða vinnulaun eiga að falla undir þessa brtt., og framteljendum er einnig gert að skyldu að láta þess getið á framtali sínu, hvað af þeirra tekj-

um eigi að þeirra dómi að falla hér undir. Nú er það svo, að fyrir mörgum mánuðum er lokið við að skila framtölum, og atvinnurekendur hafa skilað sínum vinnuskýrslum til skattyfirvalda. Að sjálfsögðu kemur ekkert fram á þeim framtölum, sem þegar er búið að ganga frá og skila, hvað af launum manna falli hér undir og hvað ekki. Það kemur ekki heldur fram á skýrslum atvinnurekenda, hvaða laun falli undir þessa grein. Í frv. sjálfu er því hins vegar slegið föstu, að þær breytingar, sem það gerir á skattalöggjöfinni, skuli koma til framkvæmda við skattálagningu á þessu ári. Ákvæðið í brtt., sem hér er á ferðinni, mundi eiga að falla undir þetta ákvæði í 5. gr. frv. sjálfs og því óhjákvæmilega setja skattyfirvöldin í óviðráðanlegan vanda. Þau vantar allar þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til þess að taka þetta ákvæði til greina, og ef ákvæðið ætti að koma til framkvæmda nú í sumar, þá yrði að fara að leita eftir þessum upplýsingum og bíða með skattaálagningu, þangað til þær væru til. Slíkt mundi taka langan tíma og mikla vinnu, svo mikla vinnu og tíma, að það mundi tefja skattálagningu fram eftir öllu ári og gera hana að mjög verulegu leyti óframkvæmanlega. Mér skilst, að það sé með öllu óhjákvæmilegt, hvað sem um þessa till. annars kann að verða, að hér sé gerð sú breyting á, að hún skuli undir engum kringumstæðum koma til framkvæmda fyrr en á næsta ári. Þetta skilst mér að sé með öllu óhjákvæmilegt, ef á að vera hægt að koma fram skattaálagningu, svo að nokkurt lag sé á og á nokkurn veginn eðlilegum tíma. En fyrst það er bersýnilega óhjákvæmilegt að fresta sjálfri framkvæmd till. fram á næsta ár, þá fyndist mér jafnframt eðlilegt, að því yrði frestað til haustþingsins að afgreiða till. og tíminn í sumar og fram á haustþingið notaður til þess að athuga hana betur og undirbúa hana þannig, að ekki væri stofnað til þeirrar hættu, að í framkvæmdinni kynni hún að reynast lítt viðráðanleg og þannig ekki koma að því gagni, sem til er ætlazt af þeim, sem á annað borð vilja fá þetta mál fram. Ég vil beina því til flm. till., hvort þeir vilji ekki taka þetta til athugunar. Jafnframt vil ég óska eftir því, ef till.-menn sjá sér ekki færa að gera þetta, hvort sú n., sem um málið hefur fjallað hér í þessari hv. d., vildi ekki athuga um að taka upp í till. ákvæði um, að hún skuli ekki koma til framkvæmda á þessu ári.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég hef nú hlustað á ræðu hæstv. ráðh. og tilmæli hans til hv. fjhn., en tel mig ekki þess umkominn að láta í ljós skoðun fyrir hönd nefndarinnar, aðra en þá, að ég get látið mína eigin skoðun í ljós, að ég vildi sem einstakur meðlimur n. gjarnan taka til athugunar þær ábendingar, sem hæstv. ráðh. fram flutti. En þegar þessi till., sem hann gerði sérstaklega að umræðuefni, var hér flutt fram í fyrstu, þá verð ég að játa það, að hún vakti samúð mína eins og margra annarra og við töldum, að kjarni hennar væri réttlætismál. Hins vegar er það vel athugandi, sem hæstv. ráðh. beindi til fjhn. d., og vildi ég leggja mitt lið til þess. Án þess að ég geti talað fyrir n. hönd, þá vildi ég gjarnan leggja mitt lið til þess, að tilmæli hæstv. ráðh. yrðu tekin til greina, því að það hefur sjálfsagt fyrir engum vakað að tefja fyrir framgangi þessa máls með þessari brtt.

En það var annað atriði, sem er 1. gr. í frv., sem eins og kunnugt er liggur hér fyrir og hv. þm. S-Þ. (KK) hefur flutt brtt. við. Ég vildi aðeins minnast á þá grein. Hæstv. ráðh. gerði það að vísu nokkuð, en fór að mínum dómi ekki langt út í þær sakir.

Þessi breyting, er varðar samlögin og aðstöðu þeirra við skattálagningu, var sett inn í frv. í hv. Nd. með miklum meiri hluta atkv. eftir ýtarlegar umr. um þetta mál. Þegar hingað kom í þessa hv. d. og í meðferð fjhn., kom skattstjórinn á fund n., eins og hv. þm. S-Þ. lýsti. En það er fleira, sem hefur skeð við umr. um málið hérna í d. Það eru fullyrðingar hv. 1. þm. N-M. á einum fundi hér um daginn um það, að þótt samlögin kvörtuðu yfir tvískattlagningu og vildu gjarnan, að ákvæði það, sem er í 1. gr., héldist óbreytt, þá taldi hann það óþarfa, vegna þess að það hefði alltaf verið fellt niður af ríkisskattanefnd, þegar kært hefði verið og málið til þeirra rekið. Þetta er því miður ekki nema að nokkru leyti satt. Það er satt að nokkru leyti að því er snertir tvö ár, 1954 og 1955, þá mun ríkisskattanefnd hafa fellt niður eftir kæru skattálagningu, bæði útsvar og skatt, sem það samlag, sem ég starfa við, hafði orðið fyrir. En nú síðustu árin hefur þetta ekki verið gert. T. d. 1956 og 1957 rétti ríkisskattanefnd á engan hátt hlut þessara samlaga. Fyrir 1958 er það óúrskurðað, og það hefur verið nokkur vafi á því, hvort úrskurður yfirskattanefndar yrði tekinn til greina af ríkisvaldinu, ef honum yrði áfrýjað. En ég heyrði það á ræðu hæstv. ráðh., að honum mundi ekki verða áfrýjað. Svipað kom fram um daginn í ræðu hv. þm. S-Þ., sem flutti hér fram ýmsar upplýsingar, sem hann bar skattstjóranum fyrir og ég var áheyrandi að. En ég verð að segja það, að ég var ekki fyllilega sammála hv. þm. að því er vitnisburð skattstjórans snertir, því að mér fannst hann gefa heldur litlar skýringar á þessum málum yfirleitt, með því líka að hann hefur ekki síðasta úrskurðarvald í þessari skattálagningu, eins og vitað er. Ég hefði haldið, að þessi hv. d. gæti og gerði bezt í því að lofa greininni, eins og hún er núna í frv., eins og hv. Nd. skildi við frv., að vera óhreyfðri, en hv. þm. S-Þ. hefur lagt til, að hún verði felld niður. Ég tel, að þeir, sem vilja framgang málsins og vilja ekki tefja fyrir því að óþörfu, eigi ekki að fallast á samþykkt brtt. hv. þm. um að fella 1. gr. niður, það muni á engan hátt greiða fyrir framgangi málsins, þegar það fer til Nd. Og það hefur ekki í sér það réttlæti í garð hinna

tvísköttuðu samlaga, sem hafa útflutningsverzlun með höndum, sem hv. þm. vildi, að því er virtist, í raun og veru efla, því að hann rífur niður, en byggir ekki upp með sinni brtt., því miður.

Ég skal ekki hafa hér um fleiri orð. En ég vona, að hv. d. geti fallizt á hvað 1. gr. snertir, að frv. verði í því formi, sem það kom frá hv. Nd., því að þar hafði einmitt þessi orðun á 1. gr. yfirgnæfandi fylgi eftir mjög miklar rökræður um málið frá ýmsum hliðum. Og það var, eins og vitað er, flokksbróðir hv. þm. S-Þ., sem barðist mest fyrir því, að þessi gr. væri ekki samþykkt, eins og hún er orðuð núna í frv., og ég tel líklegt, að þau bönd hafi einhver áhrif haft á það, að hv. þm. kemur nú með brtt. um að fella gr. niður.

Að sjálfsögðu tel ég víst, að allir hv. dm. vilji styðja hæstv. ráðh. í því að koma frv. í gegnum þingið, þannig að staðið verði við þá samninga, sem gerðir hafa verið við sjómennina og ég heyrði að hæstv. ráðh. hafði mikinn áhuga á að gert yrði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 516) leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Eggert Þorsteinsson: Herra forseti. Við þær umr., sem fram fóru um þetta mál hér á laugardaginn var, gat hv. þm. S-Þ. (KK) þess, að okkur hefði borizt í fjhn. afrit af áður sendri umsögn skattstjórans um sams konar till. og þá brtt., er liggur hér fyrir frá hv. 8. landsk. þm. Hann minntist þess einnig, að skattstjórinn hefði, eins og hann minnir að hann hafi komizt að orði, eins og flestir opinberir embættismenn haft á móti breytingum á lögunum. Ég hefði talið rétt málsins og málsmeðferðarinnar vegna, að þetta álit skattstjórans kæmi fram, og ég vil undirstrika það skýrt, að ég geri það ekki að minni skoðun á einn eða neinn hátt, þar talar skattstofan sínu máli, — en ég tel, að það sé ekki mögulegt að skilja svo við umr. um málið, að það álit komi ekki fram. Og með leyfi hæstv. forseta vildi ég mega lesa þetta álit skattstofunnar, en það hljóðar svo:

„Skattstofan hefur fengið til umsagnar frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 1954, um tekju- og eignarskatt, sem flutt er í Nd. Skv. frv. þessu skal yfir- og næturvinnuálag á tímakaup við störf í þágu útflutningsframleiðslunnar vera undanþegið tekjuskatti. Ekki verður hér rætt um, hvort slík undanþága sé æskileg eða nauðsynleg frá þjóðhagslegu sjónarmiði, aðeins skal bent á, að allar slíkar undanþágur á vissum tegundum tekna einstakra starfshópa eru mjög varhugaverðar að því leyti, að þær gera allt skattaeftirlit torveldara og opna oftast nýjar leiðir til beinna og óbeinna skattsvika.

Höfuðgalli frv. er annars sá, að undanþágunni er ætlað að ná til viss hluta launa þeirra, er að útflutningsframleiðslu vinna, án þess að skilgreint sé, hvaða starfsgreinar skuli teljast til þeirrar greinar framleiðslunnar. Samkvæmt yfirliti Hagstofu Íslands yfir útflutning íslenzkra afurða á árinu 1957 eru fluttar út 41 tilgreind vörutegund og auk þess ýmsar vörur 1108.6 tonn. Af þessari 41 tegund er 31 tegund sjávarafurða, 7 tegundir landbúnaðarafurða, auk þess gamlir málmar, skip, köfnunarefnisáburður og ýmsar vörur. Hlutdeild innanlandsneyzlu í sjávarafurðum er í mörgum tilfellum svo lítil, að segja má, að það framleiðslumagn, sem verulegu máli skiptir, falli beint undir útflutningsframleiðslu. Þó gildir þetta ekki um allar tegundir sjávarafurða, svo sem um freðsíld, sem notuð er að verulegum hluta til beitu og þá er aðeins óbeinn liður í útflutningsframleiðslunni. Og sama er að segja um alls konar fóðurmjöl úr fiski. Þessar vörutegundir nema verulegu magni, og auk þess eru aðrar vörutegundir, sem nema ekki miklu magni, en þó nokkru í vinnulaunum, en eru að mestu seldar innanlands, sbr. niðursoðinn fisk. Virðist ógerningur að draga hér nokkra markalínu í framkvæmd, og yrði að telja öll vinnulaun við framleiðslu sjávarafurða til starfa í þágu útflutningsframleiðslunnar.

Hvað landbúnaðarafurðum viðkemur er magn þeirra að yfirgnæfandi meiri hluta selt innanlands, og hvernig á þá að draga markalínu milli framleiðslu og aðvinnslu þess hluta og hins, sem selt er úr landi? Að vísu eru aðeins fá sláturhús í landinu, sem vinna að því kjöti, sem út er flutt, og mætti hugsa sér, að þeir, sem framleiða kjöt fyrir þau, og þeir, sem að vinnslu þess vinna, falli einir hér undir. Sú regla yrði ef til vill nothæf í framkvæmd við skattálagningu, en virðist að öðru leyti hrein fjarstæða. Allar aðrar landbúnaðarvörur, sem seldar eru úr landi, eru í framleiðslu og vinnslu svo blandaðar þeim hluta, sem neytt er innanlands, að ógerningur virðist að greina þar á milli.

Um aðra vöruflokka útflutningsframleiðslunnar er erfitt að gera sér grein fyrir að þessu leyti. En þar sem menn ganga eðlilega eins langt og mögulegt er í því að krefjast þeirra ívilnana, er skattalög heimila, er það að takmarka tilvikin alltaf erfiðast viðfangs í framkvæmd, ef ætlunin er að standa gegn því, að ívilnunin gangi óhæfilega langt.

Þótt skilgreina mætti hugtakið útflutningsframleiðsla svo, að haldi mætti koma hér, yrðu þó ýmsir erfiðleikar í framkvæmd þessara laga. Má í því sambandi benda á, að ef koma ætti í veg fyrir stórfellda misnotkun á þessari skattaívilnun, yrði skriffinnska í launauppgjöf atvinnurekenda og samanburðar- og eftirlitsstarf skattyfirvalda mjög erfitt, og virðist á hvorugt bætandi, enda er reynslan sú, að launauppgjöf atvinnurekenda er nú orðið svo flókin og margþætt, m. a. eftir setningu laga um atvinnuleysistryggingar og skyldusparnað, að erfitt er að fá frá þeim fullnægjandi skýrslur um sundurliðanir á þeim hlutum, sem þeim er þegar gert að gefa upp-

lýsingar um nú. Virðist framkvæmd laga um orlof vera svo í molum, að ekki verður haft neitt gagn af þeim í sambandi við þetta mál.“

Þetta er sem sagt álitsgerð skattstofunnar, er skattstjóri lét n. í té skv. óskum nm.

Ég vil ítreka það, sem ég sagði í upphafi þessara orða minna: ég kem þessu áliti skattstofunnar hér á framfæri, án þess að ég vilji gera það að mínu áliti í þessum umr., heldur taldi ég nauðsynlegt og skylt, að það kæmi fram, úr því að það var nefndinni sent.

Svo sem kunnugt er, fékk Alþfl. fyrir eigi alllöngu samþykkta þál. hér á þingi um rannsókn á möguleikum til þess að afnema tekjuskatt með öllu og afla tekna í ríkissjóð á annan hátt. Það mál er nú í mþn. og erfitt að segja á þessu stigi málsins um niðurstöður þess. Það er a. m. k. vilji okkar Alþfl.-manna, að nákvæm rannsókn fari fram á því, hvort leggja megi þennan skatt niður, og höfum við fært fyrir því rök, sem ég hirði ekki um að tína hér upp.

Áður en breyt. var gerð á þeirri brtt., er hv. 8. landsk. flutti hér, þá verð ég að játa það, að við fyrsta yfirlestur var ég mjög hlynntur þeirri brtt., en komst að því við nánari íhugun, að ef hún yrði samþ. í því formi, sem hún var, áður en þeirri brtt., sem nú hefur verið leitað afbrigða fyrir, var við hana bætt, þá gæti hún að nokkru leyti orðið blekking. Ég vil þó taka undir með honum í þeim rökum, að vissulega er nauðsyn á því, að fólk fáist til að vinna þessi nauðsynlegu störf. Ef slík eftirgjöf mætti verða til þess að auka og bæta vinnuafli við þessi undirstöðustörf, þá er þar vissulega mikilvægum áfanga náð. En ég kveið því, áður en þessi brtt. var flutt, að það yrði sýndur biti, en ekki gefinn til þessa fólks. Ég tel, að sú breyting, sem nú hefur verið við hana flutt, sé mjög í þá átt, að rannsókn geti farið fram á því til næstu áramóta, hvernig framkvæma eigi þessa eftirgjöf á raunhæfan hátt, og tel hana enn eina sönnun þess, að nauðsyn var á þeirri rannsókn, sem Alþfl. beitti sér fyrir og nú stendur yfir í fyrrnefndri mþn. um afnám þessa skatts alveg. En ég get þó ekki orða bundizt um það, að þeir hv. flm., hv. 8. landsk. og þm. Barð., hafa verið viðstaddir hér a. m. k. eina, ef ekki tvær breyt. á skattalögunum í tíð okkar fyrrv. ágætu vinstri stjórnar, en þá gleymdu þeir þessari breyt., sem svo mjög er, eins og ég áðan sagði, nauðsynleg og góð. Ég tel það traustsyfirlýsingu á hæstv. núv. ríkisstj., að henni er nú treyst til þess að undirbúa þetta ágæta mál og setja um það nánari reglugerðir, og vona, að það traust sé nægilega sannað með flutningi þessarar till.

ATKVGR.

Brtt. 442 samþ. með 10:5 atkv.

— 516 samþ. með 12 shlj. atkv.

— 441, svo breytt, samþ. með 13:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EggÞ, FS, GTh, HermJ, JJós, JK, KK, SB, SE, AG, BjörgJ, BjörnJ, BSt.

nei: FÞ.

PZ, SÓÓ greiddu ekki atkv.

1 þm. (FRV) fjarstaddur.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Þessi till. er sjálfsagt runnin af rót réttlætishugsjónar. Ég tel á hinn bóginn, að hún þurfi frekari athugunar við, og sé enga hættu í því fólgna, að henni verði frestað til haustsins, þar sem hún verður hvort sem er ekki framkvæmd í ár úr þessu. En alveg sérstaklega tel ég þó, að athuga þurfi og gera till. svo úr garði, að hún taki alveg ótvírætt til bænda, sem oft vinna nótt með degi að framleiðslustörfum, og annarra, sem að landbúnaði vinna. Á þessu stigi málsins mun ég því greiða atkv. gegn till. og segi nei.

Bernharð Stefánsson: Mér sýnist þessi till. í samræmi við frv. og segi já.

Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 48. fundi í Sþ., s. d., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 517).

Á 125. fundi í Nd., 12. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Mig langaði til að bera hér fram við hæstv. fjmrh. — þetta mál mundi heyra undir hann — fsp. í sambandi við brtt., sem samþ. var í Ed. við þetta frv. Hann virðist ekki vera hér. **(Gripið fram í:** Hann mun vera á leiðinni.) Jæja, gott er það.

Efni þessarar brtt. er það, að aukatekjur þær, er skattþegn hefur aflað sér með eftir-, nætur- eða helgidagavinnu við störf í þjónustu útflutningsframleiðslunnar, séu undanþegnar tekjuskatti. Þetta virðist vera miðað við ákveðnar stéttir að vísu. Svo er nánari útfærsla á því í gr., hvaða gögn beri að leggja fram fyrir þeim tekjum, sem falla eiga undan tekjuskatti, en síðar í gr. segir svo, og þá er ég kominn að því efni, sem ég ætlaði að gera hér um fsp. til hæstv. fjmrh., að ráðherra ákveður í reglugerð, hver störf falli undir þetta ákvæði, og skal þá við það miðað, að það verði einungis bein störf við framleiðsluvöruna sjálfa.

Ég vil bera fram þessa fsp. með tilliti til þess, hvort sú stéttin í þessu landi, sem vinnur við sína framleiðslu langsamlega mest í eftir-, nætur- og helgidagavinnu, sem eru bændur þessa lands, hvort þetta ákvæði gr. taki ekki einnig til þeirra um þann hluta teknanna, sem eðlilegt væri að telja að þeir afli sér með eftirvinnu, næturvinnu og helgidagavinnu. — Ég held, að það hljóti að vera, að þeir komi þarna einnig til greina, því að réttur þeirra er auðsær samanborið við þann rétt, sem veittur er í upphafi gr. — Því miður

er nú hæstv. fjmrh. ekki kominn enn. Það liggur engin brtt. hér fyrir við frv. En nauðsynlegt er að hraða afgreiðslu þess, því að það hefur í rauninni orðið allt of mikill dráttur á samþykkt þessa frv., því að skattanefndir um allt land bíða eftir því að geta gengið frá skattframtölunum, að þær samþykktir öðlist lagagildi hér um frádrátt fyrir fiskimenn, sem raunar var strax í byrjun þessa árs samið um að þeim skyldi falla í skaut.

Ég mun greiða atkvæði með þessu frv., en ég geri það hvað þessa áminnztu gr. snertir, sem ég ræddi hér um, í fullri vissu um, að réttur bændanna sé skýlaus í þessu efni, að að í reglugerðinni, sem gefin verði út, verði þannig frá gengið, að bændur hafi rétt til þess að draga frá þær tekjur, sem þeim ber fyrir eftir-, nætur- og helgidagavinnu, eins og aðrar stéttir.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Það er það ákvæði, sem ég sé að hv. Ed. hefur sett inn í þetta frv. um það, að atvinnutekjur, eins og það er orðað, sem skattþegn hefur aflað sér með eftir-, nætur- og helgidagavinnu o. s. frv., sem ég ætlaði með nokkrum orðum að gera hér að umtalsefni.

Eins og ég tók fram, þegar ég sagði nokkur orð um þetta mál við 2. umr. málsins, þá viðurkenni ég fullkomlega, að það vandamál, sem þessari breyt. á skattal. er ætlað að ráða bót á, er fyrir hendi og þarf úrlausnar. Það er ekki vafi á því, að það er rétt. Vegna þess, hve stighækkun tekjuskattsins er orðin tilfinnanleg, er mjög sennilegt, að það geri menn ófúsari til þess að vinna slíka eftirvinnu, og eins og ég benti þá á, er þetta m. a. afleiðing af verðbólgunni, en vegna hennar bitnar hækkun tekjuskattsins nú á tekjum eins og t. d. eftirvinnutekjum verkamanna, sem alls ekki hefur verið ætlazt til í upphafi að þessi stighækkun bitnaði á.

En ég varpaði þá fram þeirri spurningu, hvaða skattatæknilegir möguleikar væru á því að framkvæma þetta, og enn þá hefur ekki komið fram neitt svar við þessari spurningu. Þess vegna vil ég ítreka hana hér og fara um það nokkrum orðum.

Hér er gert ráð fyrir því, eins og það er orðað, að það séu störf í þágu útflutningsframleiðslunnar, sem þessara skattfríðinda eigi að njóta. Það mun nú út af fyrir sig skapa ýmis vandamál að ákveða, hvaða störf séu í þágu útflutningsframleiðslunnar og hvaða störf ekki, því að nú er það þannig með margs konar starfsemi í þjóðfélaginu, að sumt af framleiðslunni er notað á innlendum markaði, en sumt er flutt út. Ég vil nefna hér sem dæmi yfirvinnu, sem unnin er í sláturhúsum landsins. Á sú yfirvinna að falla undir þetta eða ekki? Nú er hluti af þeirri framleiðslu fluttur út, þótt það sé meira, sem notað er á innlendum markaði.

Ég vil einnig taka undir það, sem hv. síðasti ræðumaður, hv. þm. Borgf. (PO), varpaði hér fram, en það er spurningin um bændurna. Það er ekki fyllilega ljóst, hvort ætlazt er hér til þess, að eftirvinna bænda eigi að njóta þessara skattfríðinda. Hvað sem því líður, virðist það þó alveg ljóst, að bændur eigi á því sanngirniskröfu að njóta þeirra skattfríðinda, sem hér er um að ræða, því að ekki er vafi á því, að þeir vinna eftirvinnu, og meira eða minna af landbúnaðarframleiðslunni er flutt út. En þá kemur einmitt vandamálið um það, hvernig á að meta þeirra eftirvinnu í þessu sambandi, — vandamál, sem ég hef enn þá ekki komið auga á, hvernig á að leysa frá skattatæknilegu sjónarmiði.

Nú er það út af fyrir sig mjög umdeilanlegt, hvort sérstök ástæða sé til þess að undanþiggja þá eftirvinnu, sem unnin er í þágu útflutningsframleiðslunnar, sköttum, því þó að slík vinna sé vissulega nauðsynleg, þá eru auðvitað þau störf, sem unnin eru fyrir innlendan markað, einnig nytsamleg og í mörgum tilfellum alls ekki síður, svo að það að setja ákvæði um þetta skapar þannig ranglæti í skattaálagningunni.

En svo er líka annað í sambandi við þetta, sem mundi gera málið erfitt í framkvæmd, og það er þetta, að það er alls ekki svo auðvelt að skilgreina það, hvað sé eftirvinna. Ég skal nefna nokkur dæmi um þetta.

Nú er það þannig, að mismunandi stéttir í þjóðfélaginu vinna störf sín á mismunandi tímum sólarhringsins, svo að þá kemur þessi spurning upp í sambandi við þetta:

Falla undir eftirvinnu störf, sem unnin eru t. d. á tímabilinu frá því kl. 5 á daginn til kl. 7 á morgnana, eða á að draga markalínurnar einhvern veginn öðruvísi? Það er ekki svo einfalt, að í þessu efni sé hægt að miða við það, sem venjulega er talið til eftirvinnu verkamanna samkv. samningum, sem gerðir eru.

Í öðru lagi má í þessu sambandi vekja athygli á því, að með sumar stéttir þjóðfélagsins er það þannig, að þær vinna á vöktum, sem kallað er. Það má nefna t. d. ýmsa opinbera starfsmenn og ýmis fleiri störf, t. d. áburðarverksmiðju ríkisins og ýmsar slíkar stofnanir, sem starfrækja þarf jafnvel allan sólarhringinn, svo að fólk verður að vinna þar á vöktum. Á að telja hluta af því kaupi, sem unnið er í vaktavinnu, yfirvinnu, og hvaða markalínur á í því efni að draga? Enn fremur er það þannig með ýmsa aðila í þjóðfélaginu, að þeir hafa það að meira eða minna leyti í hendi sinni, á hvaða tímum sólarhringsins þeir vinna sín störf, og verða þannig miklir möguleikar á misnotkun.

Ég tel satt að segja, að þó að ég sé í sjálfu sér, eins og ég hef sagt, hlynntur þeirri grundvallarhugmynd, sem liggur að baki þessari tillögu, þá finnst mér það varla samboðið sóma hins háa Alþ. að samþykkja till. í þessari mynd, nema einhver grein sé gerð fyrir því af einhverjum ábyrgum aðila, hvernig hugsanlegt mundi að framkvæma þetta fyrir skattayfirvöldin. Það segir að vísu svo í till., og því mun hafa verið bætt við síðan hún var til meðferðar hér í hv. d.: „Ráðherra ákveður í reglugerð, hver störf falli undir þetta ákvæði, og skal þá við það miðað, að það verði ein-

ungis bein störf við framleiðsluvöruna sjálfa.“ Það má nú fyrir það fyrsta sjálfsagt um það deila, hvaða störf séu bein störf við framleiðsluvöruna sjálfa, eins og það er orðað, en að öðru leyti kemur það auðvitað að ákaflega litlu gagni að samþ., að þetta sé ákveðið í reglugerð, nema menn hafi gert sér einhverja grein fyrir því, hvernig sú reglugerð eigi að vera eða hvernig eigi að leysa þau skattatæknilegu vandamál, sem hér er um að ræða. Ég fæ í rauninni ekki annað séð en skattalöggjöfin yrði gerð að hreinum óskapnaði, ef frv. verður samþ. í þeirri mynd, sem það er nú, en mér þætti vænt um það, ef einhver þeirra, sem hyggjast standa að þessari till., gæti gert einhverja grein fyrir, hvernig það vandamál ætti að leysa, sem ég hef drepið á.

Hvað snertir önnur ákvæði frv., þá tel ég það auðvitað sjálfsagt, að þau verði samþ. En það er mjög óheppilegt, þegar hnýtt er aftan í mál, sem allir eru sammála um, ákvæði eins og þessu, sem mikill ágreiningur hlýtur að verða um.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég skal nú ekki ræða neitt hér efnishlið þessa máls, en get tekið undir það, sem tveir síðustu ræðumenn hafa sagt um þessa till., í flestum atriðum. En eins og menn vita, þá er þetta eitt af viðkvæmustu málum, sem hér eru til afgreiðslu, og það hefur tekið töluvert miklum breytingum í hv. Ed. Ég vildi þess vegna leggja til, að málinu yrði vísað til hv. fjhn., og þó að hún hefði ekki nema svona hálftíma eða klukkutíma til umráða, þá er hún svo kunnug þessu máli, að ég held, að það sé eðlilegra, að því sé vísað til hennar, áður en gengið er til atkv. um það í heild sinni.

Forseti (EOl): Ég hef gert ráðstafanir til þess að reyna að ná í hæstv. fjmrh., en það virðist ekki bera árangur enn þá, og ef ekki liggur sérstök ósk fyrir um það, þá mun ég nú ganga til þess fyrst að bera upp þá till., sem fram hefur komið um, að málinu yrði vísað til fjhn. og nokkurt hlé gert seinna á fundinum, svo að hún geti starfað. En ella, ef sú till. er felld, þá verður haldið áfram með afgreiðslu málsins. Það er enginn á mælendaskrá.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjhn. með 14:4 atkv. og umr. frestað.

Á 126. fundi í Nd., s. d., var fram haldið einni umr. um frv.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Fjhn. kom saman til fundar núna fyrir skammri stundu til þess að líta á þetta frv., eins og það nú er orðið, svo sem henni var falið á síðasta fundi.

Það er þannig um þetta mál, að afgreiðsla þess hefur dregizt of lengi, og hefur það valdið töfum á störfum skattanefnda — bagalegum töfum. Og nú er komið að þinglokum og því erfitt um vik, þó að menn vildu gera enn á þessu breytingar. Niðurstaðan varð því sú í fjhn., að hún leggur til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir. Þó er þetta með fyrirvara, því að þannig er a. m. k. um fleiri af nm., að þeir telja, að það muni verða óhjákvæmilegt að taka til endurskoðunar og leiðréttingar það nýja ákvæði, sem hv. Ed. setti inn í þetta frv. nú í síðara skiptið, þegar það var hjá henni. En það ætti að mega takast að gera það á næsta þingi, og væri þá hægt að gera þær breytingar á þessu, sem menn teldu óhjákvæmilegar, en í frv. segir, að þetta ákvæði skuli koma til framkvæmda frá og með 1. jan. 1960. Þetta ber sjálfsagt að skilja þannig, að undanþágan, sem þarna er veitt, eigi að gilda um störf, sem unnin verða eftir lok þess árs, sem nú er að líða. Hér er því nokkur tími til stefnu, þangað til þetta á að koma til framkvæmda, og mögulegt að gera á þessu lagfæringar.

Í frvgr. segir, að því er þetta nýja ákvæði varðar, að ráðh. skuli ákveða í reglugerð, hver störf falli undir þetta ákvæði, og skal þá við það miðað, að það verði einungis bein störf við framleiðsluvöruna sjálfa. Ég verð að segja það, að ég tel hæstv. fjmrh. ekki öfundsverðan af því verki, sem honum er hér ætlað að vinna, að setja þessa reglugerð, því að það er vissa fyrir því, að þar koma mörg vafaatriði til athugunar. Það má vafalaust lengi um það deila, hvað séu bein störf við framleiðsluvöruna sjálfa, eins og þarna segir. Og útflutningsvörurnar eru, sem betur fer, allmargar vörutegundir. Það er að vísu svo, að sjávarafurðirnar eru þar fyrirferðarmestar, en þar er um margar vörutegundir að ræða. En svo eru líka fluttar út vörur frá fleiri atvinnugreinum en sjávarútveginum. Það er t. d. töluverður hluti af landbúnaðarvöruframleiðslunni seldur á erlendan markað. Þannig er um landbúnaðinn, eins og öllum er kunnugt, að við þau störf er stöðugt eftirvinna, helgidagavinna og oft næturvinna. Hjá þessu er ekki hægt að komast við þann atvinnuveg. Það verður áreiðanlega erfitt að greina þar í sundur, einmitt í þeirri atvinnugrein, vinnu við útflutningsvörurnar, sem landbúnaðurinn framleiðir, og þann hluta framleiðslunnar, sem landsmenn nota sjálfir, enda fæ ég ekki séð, að það sé nokkur sanngirni í því að gera þarna upp á milli. Það er engu þýðingarminna að framleiða lífsnauðsynlegar neyzluvörur handa landsmönnum sjálfum heldur en að framleiða vörur til útflutnings, og það ætti því að gilda alveg það sama um óhjákvæmilega eftirvinnu, næturvinnu og helgidagavinnu við þá framleiðslu eins og við útflutningsvörurnar. Ég nefni hér landbúnaðarvöruframleiðsluna til dæmis. En hér kemur auðvitað fleira til greina en vörur frá sjávarútvegi og landbúnaði. Hér koma til greina ýmsar iðnaðarvörur líka, sem gildir svipað um.

Þegar þetta mál var hér til 2. umr. fyrir mánuði um það bil, eða 11. apríl, þá benti ég á, að það væri mjög óheppilegt og varhugavert að tefja fyrir þessu máli með því að

flytja brtt. við frv. um ágreiningsefni, en frv. var upphaflega aðallega um framlengingar á ákvæðum, sem áður höfðu gilt, með nokkrum breytingum, þ. e. a. s. um sérstakan frádrátt handa fiskimönnum og um lækkun skatts á lágtekjum. En því miður var ekki vinnubrögðunum hagað þannig, heldur var reynt að koma inn og með nokkrum árangri nýjum ákvæðum í frv., sem ágreiningur var um, og hefur þetta mjög tafið málið. Skattamálin eru mjög vandasöm viðfangs og oft viðkvæm mál, og þannig hefur það venjulega verið með breytingar á skattalögunum, að það hefur verið reynt að vanda undirbúning þeirra með störfum í mþn. og á annan hátt, og þannig tel ég að þurfi að þessu að vinna.

Við teljum því — a. m. k. held ég mér sé óhætt að fullyrða — meiri hluti fjhn.-manna, að það verði óhjákvæmilegt fyrir hæstv. fjmrh. eða ríkisstj. að taka þetta nýja ákvæði til endurskoðunar fyrir næsta þing og fá á þessu einhverjar leiðréttingar, þannig að ákvæðin verði þó framkvæmanleg og það komi skýrt fram, hvernig á að framkvæma þau, ef menn á annað borð vilja fallast á að setja einhver slík ákvæði að efni til inn í lög.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. En eins og ég sagði áður, þá telur n.. úr því sem nú er komið og vegna þess, hvernig ástatt er með þinghaldið, að rétt sé að samþykkja frv., eins og það liggur fyrir, en með þessum fyrirvara frá okkur ýmsum nm., sem ég hef nú gert grein fyrir.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Því miður er það svo, að ekki hafa, hvorki við umr. hér í hv. d. né í hv. fjhn., komið fram neinar ábendingar um það, hvernig leysa ætti þau skattatæknilegu vandamál í sambandi við samþykkt þessa frv., sem ég benti á í ræðu minni áðan. Ég er því síður en svo andvígur, að það vandamál sé leyst, sem yfirvinnutill. var ætlað að leysa. En ég er andvígur þeim vinnubrögðum, sem höfð hafa verið í þessu efni, og tel ég þau ekki samboðin virðingu hins háa Alþingis. Með tilliti til þess hins vegar, að hvað meginefni þess frv., sem hér liggur fyrir, snertir, þá eru í rauninni allir sammála um, að þau ákvæði beri að samþykkja og verði að samþykkja á þessu þingi, en þar sem svo er áliðið þings, þá er vitað mál, að frv. í heild yrði stofnað í mikla hættu, ef hv. d. færi nú að gera breytingar á því, — með tilliti til þessa mun ég með þeim fyrirvara, sem ég hef lýst í þessu efni, ekki sjá mér annað fært en greiða frv. atkv. í von þess, — því miður get ég ekki sagt í trausti þess, en í von þess, að takast megi að leysa þau vandkvæði, sem hér eru á, á þeim tveimur þingum, sem haldin verða síðar á árinu, en ekki er gert ráð fyrir að ákvæði þessara till. komi til framkvæmda fyrr en eftir næstu áramót.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 538).

23. Byggingarsjóður Listasafns Íslands.

Á 106. fundi í Nd., 13. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um byggingarsjóð Listasafns Íslands [145. mál] (stjfrv., A. 373).

Á 109. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hinn 5. apríl s. l. afhenti Jóhannes Sveinsson Kjarval listmálari mér svo hljóðandi bréf:

„5. apríl 1959.

Listasafn íslenzka ríkisins.

Þeir peningar eða fjárupphæð, sem íslenzka ríkið hefur ánafnað í Kjarvalshús, finnst mér æskilegast að gangi sem stofnfé í byggingarsjóð málverkalistasafns íslenzka ríkisins.

Virðing og umhyggja,
Jóhannes Sv. Kjarval.

Til
menntamálaráðherra."

Með frv. þessu er lagt til, að orðið verði við þeirri ósk Jóhannesar Kjarvals, að fé það, sem ætlað hefur verið til byggingar Kjarvalshúss og nemur nú samtals 1.1 millj. kr., renni sem stofnfé í byggingarsjóð Listasafns Íslands.

Í 1. gr. frv. er svo kveðið á, að stofna skuli byggingarsjóðinn og stofnfé hans sé það fé, sem Alþ. hafi lagt fram til að byggja vinnusal og íbúð fyrir Jóhannes Sveinsson Kjarval listmálara, en í 2. gr. er ákveðið, að þangað til bygging húss fyrir Listasafn Íslands hefjist, skuli sjóðurinn varðveittur og ávaxtaður í Landsbanka Íslands.

Tildrög þessa máls eru þau, að samkv. alþingissamþykkt hefur Jóhannesi Kjarval verið boðið, að byggður yrði vinnusalur og íbúð fyrir hann. Hann hefur nú eftir gaumgæfilega athugun málsins skýrt frá því, að hann æski þess ekki, að slíkt Kjarvalshús verði reist, heldur sé fé það, sem til þess hefur verið ætlað, notað eins og segir í bréfi hans og gert er ráð fyrir í þessu frv.

Upphaf byggingarmáls Kjarvalshússins er orðið um 15 ára gamalt. Á Alþ. 1944 báru þeir Jónas Jónsson, Bjarni Benediktsson, Kristinn E. Andrésson og Haraldur Guðmundsson fram í sameinuðu Alþ. till. til þál. um listasafn o. fl., og hljóðar hún þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Sameinað Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að verja allt að 300 þús. kr. af tekjuafgangi ársins 1944 til að reisa í Reykjavík sýningarsal og íbúð. Skal ríkisstjórnin á 60 ára afmæli Jóhannesar Kjarvals næsta haust bjóða honum að búa og starfa í þessu húsi og gera jafnframt ráðstafanir til þess, að þar verði komið upp til varðveizlu og sýnis sem fullkomnustu safni af málverkum eftir þennan listamann."

Greinargerð till. hljóðaði svo:

„Einn hinn stórbrotnasti íslenzkra listamanna, Jóhannes Kjarval, á sextugsafmæli á næsta hausti. Þjóðin á honum mikla þakkar-

skuld að gjalda fyrir starf hans í þágu íslenzkrar listmenningar, og þykir ekki mega dragast lengur en orðið er að gefa honum kost á betri starfsskilyrðum en hann hefur notið hingað til."

Tillaga þessi var samþ. 2. marz 1945, eftir að fjvn. hafði um hana fjallað og gert á henni þá breyt., að í stað þess að fela ríkisstj. að verja allt að 300 þús. kr. í þessu skyni skyldi ríkisstj. heimilað að verja fé í þessu skyni.

Samkv. þál. skipaði þáverandi menntmrh., Brynjólfur Bjarnason, 27. marz 1945 3 manna nefnd til þess að hrinda málinu í framkvæmd. Áttu sæti í nefndinni Sigurður Guðmundsson húsameistari, formaður, Kristján Jónsson kaupmaður og Valgeir Björnsson hafnarstjóri. Þáverandi fjmrh., Pétur Magnússon, fól húsameistara ríkisins, Guðjóni Samúelssyni, framkvæmd byggingarmálsins, og sagði þá n. sú, er menntmrh. hafði skipað, af sér störfum.

Húsameistari ríkisins gerði lauslega uppdrætti að Kjarvalshúsi, og þær 300 þús. kr., sem þál. gerði ráð fyrir að varið yrði til byggingar þess, voru lagðar til hliðar og eru geymdar í ríkissjóði síðan. Af byggingarframkvæmdum varð hins vegar ekki.

Í maí og júní 1957 átti ég nokkrum sinnum tal við Jóhannes Kjarval um byggingarmálið. Eftir þær viðræður og í samráði við listamanninn tók fyrrv. ríkisstj. málið til athugunar og taldi, að framkvæma bæri þál. frá 2. marz 1945, að því leyti sem unnt væri, þ. e. að reisa bæri hús, sem Jóhannesi Kjarval yrði boðið að búa og starfa í, og gera jafnframt ráðstafanir til þess, að þar yrði komið upp til varðveizlu og sýnis safni af verkum eftir hann. Var ákveðið, að menntmrn. skyldi hafa framkvæmd málsins með höndum. Menntamálaráð Íslands ræddi mál þetta og á fundi sínum 6. nóv. 1957. Var þar einróma samþ. að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því, að efnt verði gagnvart Jóhannesi gamalt fyrirheit um vinnustofu og bústað, og tilkynnti menntamálaráð þetta bæði menntmrn. og fjmrn. í bréfi, dags. 13. nóv. 1957.

Hinn 16. des. 1957 ritaði menntmrn. fjvn. Alþ. og fór fram á, að tekin yrði í fjárlög 1958 heimild til að verja úr ríkissjóði fé til viðbótar þeim 300 þús. kr., er um getur í fyrrnefndri þál., til þess að reisa Kjarvalshús.

Niðurstaðan varð sú, að teknar voru 300 þús. kr. í fjárlög fyrir árið 1958 til byggingar Kjarvalshúss, og í fjárlfrv. fyrir árið 1959 voru teknar 500 þús. kr. í þessu sama skyni.

Þegar fyrsta viðbótarfjárveitingin var fengin, eða 7. marz 1958, skipaði menntmrn. n. til þess að sjá um undirbúning og framkvæmd byggingar Kjarvalshússins. Í n. voru skipaðir Guðbrandur Magnússon fyrrv. forstjóri, formaður, Helgi Sæmundsson formaður menntamálaráðs Íslands, Hörður Bjarnason húsameistari ríkisins, Sigtryggur Klemenzson ráðuneytisstjóri í fjmrn. og Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri í menntmrn. Var nefndarskipunin gerð í samráði við listamanninn.

Byggingarnefndin kannaði, hvort unnt væri að nota teikningu þá, sem gerð hafði verið af Kjarvalshúsi á sínum tíma, til þess að byggja eftir henni nú. Kom í ljós við athugun málsins, að einungis hafði verið gerð lausleg útlitsteikning, en engar teikningar lágu fyrir, sem unnt væri að byggja eftir. Var því Herði Bjarnasyni húsameistara ríkisins falið að gera nýja teikningu, og lauk hann því verki. Var teikningin við það miðuð, að húsið yrði reist á þeirri lóð, sem á sínum tíma hafði verið fengin undir Kjarvalshús við hliðina á listasafni Einars Jónssonar. Var jafnframt farið fram á það við bæjaryfirvöld Reykjavíkur, að ríkissjóði yrði á ný gefinn kostur á þessari lóð og hún gerð hæf til byggingar hið allra fyrsta. Forráðamenn Reykjavíkurbæjar sýndu málinu mikla velvild og létu rýma lóð þá, sem húsinu var ætluð, og gáfu kost á henni til byggingarinnar. Einnig var sótt um fjárfestingarleyfi vegna hinnar fyrirhuguðu byggingar, og fékkst fyrirheit um það.

Má þannig segja, að ekkert hafi verið því til fyrirstöðu, að byggingarframkvæmdir hæfust, annað en það, að listamaðurinn sjálfur samþykkti fyrir sitt leyti, að húsið yrði byggt handa sér. Eftir gaumgæfilega athugun málsins varð það hins vegar niðurstaða hans að óska ekki eftir því, að húsið yrði byggt, heldur yrði umræddu fé varið til byggingar Listasafns Íslands.

Um það þarf ekki að fjölyrða, hver þörf er á því, að sem fyrst verði hafizt handa um byggingu húss yfir Listasafn Íslands. Hin unga íslenzka málaralist er þegar orðin einn af glæsilegustu þáttunum í íslenzkri listmenningu. Íslendingar hafa þegar eignazt meistara á sviði málaralistar. Málverkasafn ríkisins á nú fagurt og merkilegt safn íslenzkra málverka, en ástæður skortir til þess, að þjóðin geti skoðað þau og notið þeirra í viðeigandi húsakynnum.

Ég er þeirrar skoðunar og hef raunar lýst henni áður, að eitt brýnasta verkefni, sem nú sé fram undan í íslenzkum menningarmálum, sé einmitt að reisa hús fyrir Listasafn ríkisins. Jóhannes Sveinsson Kjarval listmálari hefur með bréfi því, sem ég las í upphafi, í raun og veru lagt hornstein þeirrar byggingar. Hann hefur átt þess kost, að honum yrði reist hús, sem hefði getað orðið allt í senn: vinnustofa, íbúð og safn yfir verk hans. Hann hefur átt þess kost, að honum yrði afhent slíkt hús kvaðalaust með öllu, þannig að honum yrði það algerlega frjálst, hvernig hann hagnýtti sér það. Þetta boð hefur hann afþakkað, eða réttara sagt: hann hefur kosið að gefa það sem grundvöll að byggingu fyrir Listasafn ríkisins. Í þessu felst hvort tveggja í senn, látlaus óeigingirni og stórbrotin rausn, sem ásamt öllu öðru, sem þessi frábæri listamaður hefur unnið þjóð sinni, mun stuðla að því að varðveita nafn hans í hug og hjarta íslenzku þjóðarinnar.

Ef þetta frv. verður samþykkt, eins og ég tel sjálfsagt, og byggingarsjóður Listasafns Íslands þar með stofnaður, ætti Alþingi árlega að efla byggingarsjóðinn með myndarlegu framlagi, auk þess sem athuga ætti aðra mögu-

leika til þess að afla fjár í hann, svo að þess verði sem skemmst að bíða, að listasafnshúsið rísi af grunni.

List Jóhannesar Kjarvals hefði að sjálfsögðu ávallt verið til þess sjálfkjörin að skipa eitt veglegasta sæti í salarkynnum Listasafns Íslands, þegar það verður reist. Til þess verður enn ríkari ástæða, eftir að listamaðurinn hefur með bréfi sínu farið þess á leit við hið háa Alþingi, að hornsteinninn yrði lagður að byggingu listasafnsins.

Herra forseti. Að lokinni umræðunni legg ég til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til menntmn. með 20 shlj. atkv.

Á 119. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 373, n. 454).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Alþ. samþ. fyrir allmörgum árum að reisa hús fyrir listamanninn Jóhannes Kjarval og hefur veitt til þess fé, sem nú nemur nokkuð á 2. millj. kr. Undirbúningur hefur farið fram að því að reisa þetta hús fyrir listamanninn. En nú hefur það gerzt, að hann hefur látið í ljós þá ósk, að húsið verði ekki reist, heldur verði fé það, sem til þess hefur verið veitt, látið renna í byggingarsjóð Listasafns ríkisins. Hér liggur fyrir þinginu sérstakt frv. um þetta listasafn, og hefur fram komið og mun óumdeilt, að það sé eitt brýnasta verkefni í lista- og raunar menntamálum þjóðarinnar. Með þessari höfðinglegu gjöf má segja, að Jóhannes Kjarval hafi lagt hornsteininn að því listasafni, sem hér verður væntanlega reist, áður en mörg ár líða. Með því að samþ. þetta frv. um byggingarsjóð Listasafns ríkisins er Alþ. í raun og veru að veita viðtöku þessari einstæðu og miklu gjöf. Menntmn. mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil færa hv. menntmn. þakkir fyrir skjóta og góða afgreiðslu á máli þessu.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 121. fundi í Nd., 4. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 112. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 114. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Á 121. fundi í Ed., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 373, n. 535).

Frsm. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Þetta frv. um byggingarsjóð Listasafns Íslands er stjórnarfrv. Það var flutt í hv. Nd. og fór óbreytt og ágreiningslaust gegnum þá hv. d. Frv. var fyrir stuttu vísað til menntmn. þessarar hv. d., og n. hafði fund um málið í gær og hefur gefið út nál. á þskj. 535.

Efni frv. er það, að stofna skal byggingarsjóð Listasafns Íslands. Stofnfé sjóðsins á að vera það fé, sem Alþ. hefur lagt fram til byggingar vinnusalar og íbúðar fyrir Jóhannes Kjarval listmálara.

Nú eru liðin 14 ár, síðan Alþ. samþ. fyrstu fjárveitingu í þessu skyni, samt hefur ekki verið hafizt handa um byggingu enn þá. Með samþykkt fjárlaganna hér á hæstv. Alþ. fyrir skömmu eru fjárveitingar til þessarar byggingar orðnar samtals 1 millj. og 100 þús. kr. Þessi upphæð verður stofnfé byggingarsjóðs Listasafns ríkisins samkv. þessu frv. Þann 5. apríl s. l. skrifaði Jóhannes Kjarval bréf til hæstv. menntmrh., og er það birt með grg. frv. Það er stutt og hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Listasafn íslenzka ríkisins.

Þeir peningar eða fjárupphæð, sem íslenzka ríkið hefur ánafnað í Kjarvalshús, finnst mér æskilegast að gangi sem stofnfé í byggingarsjóð málverkalistasafns íslenzka ríkisins.

Virðing og umhyggja,
Jóhannes Sv. Kjarval.

Til menntamálaráðherra.“

Það er vegna þessa bréfs, sem frv. þetta er flutt. Hæstv. ríkisstj. vill verða við þessum óskum listamannsins, að með fjárveitingum til Kjarvalshúss verði stofnaður byggingarsjóður Listasafns Íslands. Það er mín skoðun, að varla sé hægt að gera minna fyrir þennan glæsilega og dáða listamann íslenzku þjóðarinnar en samþ. þetta frv., sem er í samræmi við bréf hans.

Menntmn. leggur einróma til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Einn nm., hv. 4. landsk. þm. (FRV), gat ekki mætt á fundi n. í gær, en hefur tjáð mér, að hann sé samþykkur þessari afgreiðslu á málinu.

Ég vil mælast til þess við hæstv. forseta, að hann setji nýjan fund hér í hv. d. að lokinni þessari umr. um málið og taki málið síðan fyrir til 3. umr. í þeirri von, að afgreiðslu þess geti orðið lokið í dag.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 122. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 540).

---

24. Útflutningssjóður o. fl. (stjfrv. um útflutningsbætur o. fl.).

Á 61. fundi í Nd., 23. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl. [90. mál] (stjfrv., A. 187).

Á 62. fundi í Nd., 26. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Fyrsta verk þessarar ríkisstj., eftir að hún tók við 23. des. s. l., var að undirbúa samningaviðræður við bátaútgerðarmenn og sjómenn um næstu vertíð og úthald bátanna til fiskveiða. Strax daginn eftir, eða 24. des., var nefnd skipuð til þess að annast þessar viðræður. Í þessa n. voru skipaðir sömu menn og um þetta hafa fjallað áður, þ. e. a. s. þessir: Gunnlaugur Briem ráðuneytisstjóri, Jónas Haralz ráðuneytisstjóri, Davíð Ólafsson fiskimálastjóri, Benjamín Eiríksson bankastjóri, Pétur Pétursson alþm., Tómas Árnason deildarstjóri og Haraldur Jóhannsson framkvæmdastjóri eða formaður útflutningssjóðs.

Þessir menn tóku svo til starfa 26. des., eða á 2. dag jóla, og hafa haldið áfram starfi sínu sleitulaust, þangað til samningum þessum var að fullu lokið um miðjan yfirstandandi mánuð.

Viðræðurnar hófust á því að ræða við bátaútvegsmenn. Og það má segja, að samkomulag hafi náðst við þá um áramótin, eða það skeikaði ekki meiru en einum eða tveim dögum a. m. k., að þessum viðræðum við þá væri þá lokið, að undanskildu því auðvitað, að ef skiptaverðið til sjómanna breyttist frá því, sem gert hefur verið ráð fyrir, þá breyttist einnig samningurinn við útgerðarmennina samkv. því.

Samningurinn við sjómennina var svo undirskrifaður 3. jan. og átti því að heita, að þessu væri öllu lokið rétt um mánaðamótin eða um áramótin, þannig að róðrarnir gætu hafizt, eins og gert var ráð fyrir, í byrjun mánaðarins. Þessi samningur við bátasjómennina var þó því skilyrði bundinn, að sjómannafélögin samþykktu samninginn, en um það var nokkur ágreiningur, sem ég mun koma að síðar.

Við ákvörðun samningsins við bátaútvegsmenn var gengið út frá tveim meginreglum: í fyrsta lagi, að lagður væri til grundvallar við þessa útreikninga meðalafli síðustu 5 ára, eins og gert hefur verið að undanförnu, og í öðru lagi því, að útgerðarmennirnir fengju upp borna þá nettóhækkun tilkostnaðar, sem þeir hefðu orðið fyrir á s. l. ári eða frá því, að síðasti samningur var gerður.

Fyrrv. hæstv. ríkisstj. hafði gert ráðstafanir til þess, að nokkrar athuganir færu fram um þetta efni. Og þeir, sem þá athugun framkvæmdu, höfðu komizt að þeirri niðurstöðu, að til þess að mæta þeim hækkunum, sem orðið hefðu, og til þess að mæta þeim hækkunum, sem þá var gert ráð fyrir að mundu verða á skiptaverðinu, sem reiknað var með að mundu verða eitthvað svipaðar og almennar launahækkanir hefðu orðið í landinu, þyrfti í kringum 105 millj. kr., eins og hér kom fram í umr. um frv. um niðurfærslu verðlags og launa, sem var hér til umr. s. l. fimmtudag og föstudag. Þessi áætlun var miðuð við 185 vísitölustig í kaupi.

Þegar farið var að athuga þetta betur og farið var að semja við útvegsmennina, kom í ljós, að þeir gátu bent á nokkra kostnaðarliði, sem hefðu breytzt á þann veg, að það væri ekki unnt að komast hjá því að taka tillit til þeirra. En það, sem mestu máli skipti, var þó hitt, að þegar lokið var samningunum við sjómennina, þá kom það í ljós, að hækkunin á skiptaverðinu til þeirra hafði orðið talsvert hærri en gert hafði verið ráð fyrir í þessum undirbúningsáætlunum fyrrv. hæstv. ríkisstj.

Skiptaverð og hlunnindi bátasjómanna hækkuðu samkv. hinum nýja kjarasamningi meira en búizt hafði verið við. Hækkun skiptaverðsins reyndist vera 13%, úr 1.55 kr. í 1.75 kr. pr. kg af slægðum fiski með haus, en við það bættist hækkun dánarbóta og dagpeninga vegna veikinda, er jafngilti um 1% af skiptaverðinu. Samtals varð því hækkunin á skiptaverðinu um 14%, en það svarar til u. þ. b. 16.5% hækkunar meðalhluts á bátum í Faxaflóa. Hækkun verkamannakaups, sem allar aðrar fyrri áætlanir voru miðaðar við, hafði hins vegar ekki verið meiri en 10.7% og hækkun skiptaverðs, sem til þeirrar hækkunar svaraði, 9%, ef miðað er við hlutaskipti þau, sem í gildi eru við Faxaflóa, þannig að hækkun á skiptaverðinu til hásetanna varð þarna upp undir það 50% meiri en gert hafði verið ráð fyrir, þegar áætlun fyrrv. hæstv. ríkisstj. var samin. Það fór þess vegna ekki hjá því, að endanlegir samningar við útgerðarmennina hækkuðu, enda gerðu þeir það mjög verulega, eða úr þessum 105 millj., sem gert hafði verið ráð fyrir, upp í 147 millj. kr., allt miðað við vísitölu 185.

Þeir, sem að þessum samningum unnu, sem sumir hverjir höfðu verið með í því að búa út áætlunina fyrir fyrrv. hæstv. ríkisstj., fullyrða, að það sé fullt samræmi á milli þeirrar áætlunar, sem gerð var í desembermánuði — eða

nóv. og des. — og þeirrar útkomu, sem raunverulega hefur orðið af þessum samningum við útgerðarmennina, miðað við þá hækkunarliði, sem komið höfðu í ljós, og við þá hækkun á skiptaverðinu, sem ég hef nú greint frá.

Þegar bátaútvegsmennirnir komu til viðtals við þessa nefnd ríkisstjórnarinnar, þá lögðu þeir fram kröfu um það, að hækkunin í bótunum til hvers báts skyldi nema 181531 kr., eða sem svaraði 38.4 aurum á kg. Þegar um þetta var farið að ræða milli n. og útvegsmannanna, kom í ljós, að um verulegan hluta af þessari upphæð, eða um 99256 kr., var ekki ágreiningur, þ. e. a. s. nefndin, sem um þetta mál fjallaði af hálfu ríkisstj., féllst á 99256 kr. af 181531 kr., sem fram var sett sem krafa, án nokkurra aths., vegna þess að þessir liðir voru óvefengjanlegir. Í viðbót við þessar 99 þús. kröfðust svo útgerðarmenn greiðslu á iðgjaldatryggingum, á sama hátt og þeir höfðu fengið seinni hluta ársins 1958, en átti að falla niður frá áramótum, sem nam 32258 kr. á bát, og hækkunar á veiðarfæralið 36 þús., til að mæta kostnaði við bráðafúatryggingu 10 þús. kr., og síðan voru viðbótarliðir fyrir tryggingu á munum skipverja og áhættutryggingu samtals að upphæð 3390 kr. Af þessum kröfum öllum voru teknar til greina af samninganefnd ríkisstj. 10 þús. kr. vegna bráðafúatrygginganna og upp í hina liðina alla 13390 kr., þannig að það, sem útvegsmenn fengu umsamið af kröfu sinni, sem í upphafi var 181531 kr. á bát, varð 122646 kr., eða um það bil 2/3 hlutar. Langsamlega mestur hlutinn af þessari upphæð var óumdeildur af öllum, sem að þessum samningum komu. En um viðbótarkröfurnar, sem frá útvegsmönnum komu umfram þetta, þótti orka tvímælis um sumar, og niðurstaðan af þeim samningaumræðum, sem um það fóru fram, varð, eins og ég sagði, sú, að teknar voru til greina 10 þús. kr. til greiðslu vegna bráðafúatrygginganna og 13390 kr. upp í allar aðrar kröfur, sem frá útvegsmönnum komu og þjarkað var um, eins og gengur, þangað til þessi niðurstaða fékkst.

En á það vil ég leggja áherzlu, að það, sem samkomulagi þurfti að ná um, eða það, sem ekki var óvefengjanlega óumdeilt af þessum aðilum, var tiltölulega mjög lítill hluti af þeirri heildarupphæð, sem hér er um að ræða, eða 13 þús. kr. rúmlega af 122 þús. kr., rétt í kringum 10%.

Ég tel, eftir því sem ég gat fylgzt með þessum samningum, og mér var sagt frá gangi þeirra frá degi til dags, að þá sé ekki unnt að segja annað en þessir samningar hafi verið tiltölulega hagkvæmir. Mér er einnig sagt, að um þá hafi ekki verið ágreiningur í nefndinni, allir nefndarmennirnir, sem voru af öllum flokkum, hafi verið um þetta sammála og sumir meira að segja leyft að hafa eftir sér, eins og hér kom fram í umr. á föstudaginn var, að þessir samningar væru þeir beztu fyrir ríkisstj. og útflutningssjóð, sem hægt hefði verið að hugsa sér að ná.

Sjómannasamningurinn, sem gerður var 3. jan. s. l., gerði, eins og ég var raunar búinn að minnast á, ráð fyrir, að skiptaverðið til háseta hækkaði um 13% og þar að auki fengju þeir hækkaðar tryggingar og hækkaðar dánarbætur og sjúkradagpeninga og ýmislegt fleira. En í þessum samningum við sjómenn eru tvö meginatriði, sem vert er að vekja athygli á: annað sú hækkun fiskverðsins, sem ég hef lýst, og sú breyting, sem gerð var frá fyrrverandi samningi, að fiskverðið skyldi breytast með vísitölu miðað við 185 til hækkunar og lækkunar, eftir því sem vísitalan breyttist.

Þegar samningurinn var undirritaður, gerðu sjómannasamtökin fyrirvara um þetta atriði og óskuðu, að ríkisstj. gæfi svofellda yfirlýsingu, með leyfi hæstv. forseta: Ef samningar takast á milli L.Í.Ú. og sjómannasamtakanna um fiskverð og kauptryggingu á þessu ári, þá er ríkisstj. því samþykk, að ef vísitalan breytist frá 185 stigum, skuli fiskverð hækka eða lækka í hlutfalli við breytingu þá. Enn fremur samþykkir ríkisstj., að í fyrirhugaðri lagasetningu um efnahagsmál muni hún leggja til, að kjör sjómanna samkvæmt samningi þessum verði ekki skert.

Þetta hefur af hálfu sumra viðsemjendanna, fulltrúa sjómanna í nefndinni, verið túlkað þannig, að þetta ætti að þýða það, að ríkisstj. skuldbindi sig til þess, að hvaða efnahagsaðgerðir sem hún kynni að bera fram á Alþingi, þá yrðu þær þannig úr garði gerðar, að sjómenn misstu einskis í við þær breytingar. Aftur á móti var sá skilningur lagður í þessa yfirlýsingu af hálfu nokkurra aðilanna frá samninganefnd sjómanna, að þessi áskilnaður gilti aðeins um grunnkaupsbreytingu eða um kauptryggingu sjómannanna, en ef efnahagsaðgerðirnar yrðu framkvæmdar með vísitölubreytingu, þá yrðu sjómennirnir að sætta sig við sams konar skerðingu á sínum kjörum og aðrir landsmenn yrðu að gera.

Ég vil taka það fram sérstaklega að gefnu tilefni hér í umr. á föstudaginn um lögin um niðurfærslu verðlags og launa, þar sem sagt var, að ríkisstj. hefði breytt um skoðun á þessu atriði, hún hefði verið um það spurð undir gangi málsins, hvort hún vildi á þetta fallast með þeim skilyrðum, sem ég lýsti fyrst, að kjör sjómanna yrðu á engan hátt skert með þessum efnahagsaðgerðum, og hún hefði fallizt á það. Þetta er ekki rétt, því að ríkisstj. hefur alla tíð verið þeirrar skoðunar, að ef farið yrði inn á þá braut, sem nú hefur verið farið, að fella niður eða lækka vísitölu án bóta, eins og borið hefur verið fram frv. um, þá yrði það að ná til allra stétta þjóðfélagsins, sjómannanna eins og annarra. Þetta undirstrikaði ríkisstj. í bréfi sínu til Alþýðusambands Íslands, sem ég vil leyfa mér að lesa hér upp hluta úr, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir svo:

„Við undirskrift samnings Landssambands íslenzkra útvegsmanna og sjómannasamtakanna innan Alþýðusambands Íslands um fiskverð o.fl., dags. 3. þ. m., gerði sjómannasamninganefnd sjómanna fyrirvara svo hljóðandi“ — svo kemur fyrirvarinn, eins og ég las hann upp hér áðan. Síðan segir: „Þar sem ágreiningur hefur komið upp um það milli fulltrúa sjómannasam-

takanna innan A.S.Í., sem að samningnum stóðu, hvernig skilja beri framangreindan fyrirvara við samninginn um fiskverð til skipta, þá tekur ríkisstj. fram, að hún samþykkir fyrirvarann með þeim skilningi, að fyrri málsliðurinn í fyrirvaranum taki til hvers konar breytinga á kaupgreiðsluvísitölu, en síðari liðurinn eigi eingöngu við grunnkaup og kauptrygginguna."

Með þessum skilningi var svo samningurinn lagður fyrir sjómannafélögin hvert af öðru, bæði hér við Faxaflóa og annars staðar, og þó að á því yrði nokkur töf að fá hann alls staðar samþykktan, þá hefur nú þetta samkomulag verið samþykkt alls staðar, þar sem ég veit til, með þessum skilningi á fyrirvaranum.

Ég skal ekki fara út í að ræða frekar þau átök, sem um þetta hafa orðið, né heldur þau viðbrögð, sem sjómannafélögin hafa haft um afgreiðslu málsins. En kjarni málsins er sá, að þessir samningar hafa tekizt og bátarnir eru nú flestir eða allir, sem til veiða er ætlað að fara, komnir á sjó og stunda sína róðra og hafa sem betur fer í mánuðinum aflað með allra bezta móti.

En afleiðingin af þessari hækkun skiptaverðs og annarra hlunninda til bátasjómannanna hefur svo orðið sú, að útkoman úr dæminu, sem varð 105 millj. kr. fyrir áramótin, eða í nóvember og desember, þegar þessi athugun var gerð, hefur nú hækkað upp í þessar 147 millj. kr., sem ég nefndi áðan.

Með því að umreikna þennan samning til 175 vísitölustiga verðs hefur tekizt að lækka þessa upphæð, bótaupphæð til bátanna, úr 147 millj. kr. um 80 millj. kr. röskar, en það þýðir fyrir útflutningssjóð og ríkissjóð útgjaldalækkun, sem þessu nemur, er vísitöluniðurfærslan verður gerð úr 185 niður í 175.

Síðan var þessum samningum haldið áfram við hraðfrystihúsin, við framleiðendur skreiðar og saltfisks og við togaraeigendur. Hraðfrystihúsin voru, ef ég má svo segja, sérstakt vandamál í þessum samningum, vegna þess að þeirra aðstaða til sinnar starfsemi er mjög misjöfn eftir því, hvar þau eru starfandi á landinu, hvaða möguleika þau hafa til þess að ná sér í afla og hvaða möguleika þau hafa til þess að vinna úr aflanum á hagnýtan hátt. Það fer ekki á milli mála, að vegna hins aukna afla, sérstaklega vegna hins aukna karfaafla hjá togurunum síðari hluta ársins, hafa nokkur frystihús, bæði hér í grenndinni og annars staðar, fengið miklu meira hráefni til vinnslu heldur en þau nokkurn tíma óraði fyrir og heldur en reiknað hefur verið með í þeirra rekstraráætlun. Á sama tíma hafa þau fengið tæki til vinnslunnar mjög verulega bætt með flökunarvélum, sem gera tilkostnað við vinnsluna minni en annars hafði verið reiknað með. Þessi frystihús eru aftur á móti tiltölulega fá, en stór. En vandinn liggur í því að miða ekki heildarfyrirgreiðsluna við frystihúsin við þessi stóru frystihús, vegna þess að þá mundu þau minni óumflýjanlega mörg og kannske flest vera dæmd úr leik. Í öðru lagi má segja, að þessi metvinnsla, sem stóru frystihúsin hafa haft í ár, er langt fram yfir það, sem teljast verður normalt hjá stóru frystihúsunum, og engin trygging er fyrir, að svo haldi áfram á næsta ári, þó að sem betur fer séu nokkrar líkur til, að þessum karfaveiðum vestur við Ameríkustrendur verði eitthvað haldið áfram.

Vandinn í þessu var sá að miða þá aðstoð, sem frystihúsunum er veitt, við það, að þessi aðstoð kæmi fyrst og fremst minni húsunum til góða. Þetta var gert af samninganefndinni á þann hátt að miða þær auknu bætur, sem frystihúsin fengju, við sérbætur á smáfisk og tegundir og tímabundnar bætur í stað þess að miða þær við almennan fisk, sem hefði gefið stóru húsunum hlutfallslega meiri hlutdeild í þessum bótum en þau fá nú.

Niðurstaðan af þessum samningum við frystihúsin varð þess vegna sú, að þau fá í auknar sérbætur 8.7 millj. kr. eftir samningnum, miðað við venjulegt aflamagn, en á hinn bóginn gefa þau eftir vegna lækkaðs rekstrarkostnaðar um 18 millj. kr. í hækkuðu verði til báta og togara, sem nemur 7 aurum á hvert kg, þannig að heildarniðurstaðan af aðstoðinni til frystihúsanna, ef maður má kalla hana svo, verður sú, að í staðinn fyrir auknar bætur upp á 8.7 millj. kr. greiða frystihúsin í hækkuðu verði til fiskimanna og útgerðarmanna 7 aurum meira en áður, en það nemur í heild um 18 millj. kr., sem verkar til þess að draga úr þeim bótum, sem útflutningssjóðurinn þarf að greiða bátunum. Sama hækkunin kemur fram á skreið og saltfiski, og var talið, að þessar tegundabætur þyrftu einnig að ná til þeirra, vegna þess að það hefur verið talinn á því nokkur vafi, hvort saltfisks- og skreiðarverkun gæti haldið áfram í svipuðu formi og hún hefur verið undanfarið í samkeppninni við hraðfrystihúsin, ef þetta yrði ekki gert. En það er talið höfuðnauðsyn, að verkun skreiðar og saltfisks leggist ekki niður, vegna þess að það er sú tegund fiskframleiðslunnar, sem gefur okkur gjaldeyri til frjálsrar ráðstöfunar, en hraðfrystihúsin gefa aftur hlutfallslega meira af jafnkeypisgjaldeyri. En bæði skreiðarvinnslan og saltfisksvinnslan hafa fallizt á að gefa fyrir hráefnið 7 aurum meira á kg eins og frystihúsin vegna lækkaðs tilkostnaðar.

Dæmið kemur þá út fyrir saltfiskinn þannig, að þeir fá í bótum 9.4 millj. kr., en láta frá sér aftur vegna hækkaðs fiskverðs til bátanna 5.5 millj. kr., þannig að nettó í þeirra hlut verður aðeins 3.9 millj. kr. Og hjá skreiðarverkendum verður þetta þannig, að upphæðin, sem þeir láta af hendi, og upphæðin, sem þeir fá, verður nánast alveg sú sama.

Með þessum breytingum á bótum til sjávarútvegsins breytast líka útflutningsbæturnar á útfluttar landbúnaðarvörur, og er talið, að sú hækkun muni nema um 6.5 millj. kr., miðað við vísitölu 175.

Til viðbótar þessu er svo aðeins eftir að geta um samningana við togarana. Þeir hafa fengið í sinn hlut hækkað fiskverð frá fiskvinnslustöðvunum, þessa margnefndu 7 aura á kg, en aðrar auknar bætur fá þeir ekki neinar, þannig

að þessi 12.7 millj. kr. hækkun, sem gert er ráð fyrir að togararnir fái, er eingöngu frá fiskvinnslunni runnin og ekki á neinn hátt frá útflutningssjóði né á annan hátt frá því opinbera.

Ég hef heyrt því haldið fram, að togararnir hafi haft svo gott ár árið sem leið, að af þeim hefði mátt eitthvað taka eða lækka þeirra verð. En því er til að svara, að fjöldi þeirra hefur að vísu haft miklu betri afkomu árið sem leið en þeir hafa haft áður, en afkoman áður var líka svo hörmuleg, að flestir togaraeigendur drógu á eftir sér skuldahala frá þeim árum, þegar útgerðin hafði verið rekin með halla, sem langt frá því hefur verið unninn upp enn með því eina góða ári, sem þeir hafa upp á síðkastið, árinu 1958.

Auk þessa hefur svo verið farið út í það, sem ekki varð hjá komizt, vegna þess að kaupgjaldsvísitalan var 202 í janúarmánuði, en ekki 175, að veita sérstaka uppbót vegna þessa, sem talin mun nema í heild 6.8 millj. kr. Enn fremur var gengið inn á það og tekið upp í samninginn, að bráðafúatryggingin frá 1958 yrði nú greidd. Að vísu skilst mér, að alltaf hafi verið gengið út frá, að þetta yrði greitt af því opinbera, en hér hefur það verið staðfest.

Einhver smáatriði kunna að vera fleiri, sem ég hef ekki minnzt á, en það er þá svo óverulegt, að ég tel það litlu eða engu máli skipta og upplýsist þá kannske frekar í umr. síðar.

Loks er rétt að geta þess, að í þessum tölum, sem hafa verið fundnar um heildarútgjöldin á árinu, eru tvær áætlunartölur, þ. e. fyrir sumarsíldveiði og haustsíldveiði, sem ekki hefur verið samið um og því er ómögulegt að segja endanlega fyrir um, hve háar munu verða, en hér hafa verið teknar upp í heildartöluna 20.5 millj. kr. í þessu skyni, og er þá reiknað með, að hækkunin til síldveiðanna verði nokkurn veginn hlutfallsleg við þá hækkun, sem orðið hefur á þorskveiðunum.

Ég held, að ég þurfi ekki að fara út í þessa samningagerð frekar, og um einstakar gr. frv. eða frv. í heild er litlu við að bæta.

Þar eru í 1. gr. ákvæði, sem tryggja, að þessar bætur á smáfiskinn og sérbæturnar á fisk verði greiddar. Í öðru lagi er tekið upp ákvæði um bæturnar fyrir janúarmánuð. Og í þriðja lagi er tekið þar upp ákvæði um, að útflutningssjóður megi greiða niður verð á beitu, sem er þannig til komið, að þegar hraðfrystihúsin, sem tóku að sér þessa niðurgreiðslu áður, höfðu hækkað verð sitt til skipanna um 7 aura á kg, þá treystu þau sér ekki til þess að halda áfram þessari niðurgreiðslu, og varð þess vegna að færa hana frá þeim yfir á útflutningssjóð.

Í 2. gr. eru ákvæði, sem tryggja það, að framleiðsluvörur landbúnaðarins á verðlagsárinu 1958—59 verði látnar njóta sömu aðstöðu eftir þessa samninga og þær höfðu áður, þannig að þær njóti beztu kjara.

Í 3. gr. er svo tekin upp heimild til þess að greiða vátryggingarnar, bæði almennar sjótryggingar og bráðafúatryggingar.

Fleira held ég ekki að sé ástæða til að taka fram. Ég ítreka það, að nefndin, sem frá þessu gekk, var öll sammála um afgreiðslu málsins, og ég tel, að þessir samningar séu eftir atvikum og meðan þessu skipulagi er haldið eins hagstæðir fyrir hið opinbera, bæði útflutningssjóð og ríkissjóð, og hægt er að búast við, og þó tryggt, að útgerðin geti haldið áfram óhindruð, eins og hún hefur gert,

Ég ætla, að þetta mál hafi verið í fjhn., og leyfi mér að leggja til, að að þessari umr. lokinni verði málinu til þeirrar nefndar vísað, sérstaklega með hliðsjón af því, að hv. fjhn. mun hafa fengið í hendur öll gögn, sem um þetta mál eru til, þá samninga, sem við útvegsmenn hafa verið gerðir, og þau bréf, sem á milli hafa farið ríkisstj. annars vegar og fulltrúa hinna ýmsu samningsaðila hins vegar, og mun þess vegna þegar nokkuð hafa kynnt sér málið.

Ég leyfi mér sem sagt, herra forseti, að leggja til, að málinu verði vísað að þessari umr. lokinni til hv. fjhn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Vegna þess að þetta mál var talsvert mikið rætt í sambandi við frv. um niðurfærslu kaupgjalds og verðlags, þá er minni ástæða til þess að ræða það almennt nú en ella hefði verið. Eins og kunnugt er, urðu þær umr. nokkuð almenns efnis, og var rætt æði mikið á víð og dreif um viðhorfið í efnahagsmálum og raunar nokkuð stjórnmálaviðhorfið almennt.

Ég mun þess vegna ekki efna til almennra umr. í sambandi við þetta mál, en víkja nokkuð að einstökum þáttum í þessu frv. eða í sambandi við það, sem mér sýnist nauðsynlegt að fá nokkru gleggri upplýsingar um, jafnvel áður en málið fer til hv. fjhn.

Ég vil þá fyrst leyfa mér að minna á, að eitt af því, sem talið var efnahagsmálalöggjöfinni, sem sett var s. l. vor, sérstaklega til gildis og var tvímælalaust ávinningur, var það, að hún færði aukið samræmi í efnahagsmálin og efnahagslífið. Það var minnkaður stórkostlega sá mismunur, sem gerður var á milli einstakra atvinnugreina og var orðinn ákaflega háskalegur að allra dómi. Þessi mismunur var ákaflega mikið minnkaður og samræmi yfirleitt stórkostlega aukið.

Nú sýnist mér aftur á móti sá ágalli vera á þessu frv., og vil aðeins benda á það, að nú sé ekki því sama til að dreifa, heldur sé það því miður þannig, að yfir höfuð verði þær ráðstafanir, sem þetta frv. gerir ráð fyrir til viðbótar, til þess að auka aftur þann mismun, sem hefur verið æði lengi á milli einstakra greina í þjóðarbúskapnum. Það er náttúrlega ekki hægt að segja, að þetta sé spor í rétta átt. Á þetta vil ég benda.

Þá vil ég þessu næst minnast á þann þátt, sem að landbúnaðinum lýtur í þessari löggjöf. Eins og menn sjálfsagt vita margir, sem kunnugir eru þessum efnum, þá hefur landbúnaðurinn búið við sömu útflutningsuppbætur, sama stuðning við sinn útflutning og bátaút-

vegurinn hefur fengið hann beztan, þ. e. a. s. sömu kjör og bátar á þorskveiðum eða báta-útgerð til þorskveiða.

Mér er ekki alveg ljóst, hvernig beri að skilja orðalag þessa frv. að þessu leyti, en vil mega skilja það svo, að þannig eigi þetta að vera áfram. En þetta hefur verið reiknað þannig, að það hafa verið teknar saman allar bætur, sem bátaútvegurinn á þorskveiðum hefur fengið, hvort sem það hafa verið útflutningsuppbætur, niðurgreiðsla á vátryggingariðgjöldum eða aðrir fleiri liðir slíkir, og hafa þeir verið teknir saman og landbúnaðinum síðan verið ákveðin útflutningsuppbót, sem samsvarar öllum þessum hlunnindum samanlagt.

Ég vil spyrjast fyrir um það og vil, að það komi skýrt fram, hvort það sé ekki meiningin, að skilja eigi þá gr. frv., sem um þetta fjallar, á þann hátt, að þessu eigi að halda áfram. Ég er ekki að segja, að það sé hægt að skilja þetta öðruvísi; en það er breytt um orðalag á gr., og til þess að þetta sé ljóst, þá þarf náttúrlega að hnitmiða orðalagið. Ég vildi vita, hvort hæstv. ríkisstj. lítur ekki svo á, að sú regla, sem gilt hefur um þetta, eigi að halda áfram.

Þá vil ég sérstaklega benda á það, sem ég hef stundum bent á áður, að ég tel það vafasamt og hef talið, að síldveiðarnar fyrir Norður- og Austurlandi eigi að búa við allt aðrar uppbætur en t. d. síldveiðar annars staðar við Ísland. Ég tel þetta ákaflega hæpna ráðstöfun, þó að þetta hafi verið svo um margra ára skeið. Menn hafa fært fyrir þessu þær ástæður, að það væri von meiri afla, þegar veitt væri með herpinótum og í snurpunætur, heldur en þegar eingöngu væri veitt í reknet og þess vegna ættu menn að geta sætt sig við lakari uppbætur á Norður- og Austurlandssíld en aðra síld. Þessi rök tel ég ekki góð og gild. Þetta eru leifar frá þeim hugsunarhætti eða frá því viðhorfi, sem var til síldveiðanna við Norðurland hér áður, á meðan þar voru stórfelld uppgrip, en síðan þar fór að verða reytingsveiði árlega, eiga þessi rök alls ekki við. Ef gert er ráð fyrir álíka veiði á þessum slóðum og verið hefur nú árum saman, þá er engin frambærileg rök hægt að finna fyrir því, að þessi atvinnuvegur skuli búa við miklu lakari uppbætur en nokkur önnur grein sjávarútvegsins. Er í þessu efni stórkostlega hallað á þá, sem stunda þessa veiði, og þá, sem eiga mikið undir henni, bæði þá, sem reka báta til síldveiða, og þá, sem á bátunum vinna, og einnig þann mikla fjölda fólks í þeim byggðarlögum, þar sem tekið er á móti síldinni og eiga afkomu sína undir þessari atvinnugrein.

Ég hef bent á þetta áður, þegar ég hef undanfarið átt um þessi mál að fjalla í ríkisstjórnum, en það hefur aldrei fengizt, að í þessu væri haft fullt samræmi. Var þó stigið stórt skref í áttina til samræmis í þessu tilliti í efnahagsmálalöggjöfinni í fyrra. Nú átta ég mig ekki alveg á því til fulls, eins og þetta liggur fyrir í dag, hvort hér er enn efnt til meira ósamræmis að þessu leyti en verið hefur, hvort það dregur í sundur á milli þessara síldveiða og síldveiða annars staðar við landið. Þetta tel ég að þurfi að athuga mjög gaumgæfilega í þeirri nefnd, sem fær málið til meðferðar.

Þá vil ég víkja hér að einu miklu nýmæli, sem hefur komið fram nú í sambandi við þetta mál, en ekki eru ákvæði um í sjálfu frv., en getið er um í grg. frv. og í þeim bréfum, sem farið hafa á milli hæstv. ríkisstj. og útgerðarsamtakanna í sambandi við samninga, sem gerðir hafa verið um rekstrargrundvöll sjávarútvegsins, eins og farið er að orða það. Þetta nýmæli minntist hæstv. forsrh. líka á lauslega í sinni ræðu, en það er þannig, með leyfi hæstv. forseta: „að breytist grunnkaup eða kaupgreiðsluvísitala frá þessu“ (þ. e. a. s. frá 185) „endurskoðast samkomulagið í samræmi við þær breytingar.“ Svo stendur: „Þó skal sú endurskoðun ekki hafa áhrif á þá upphæð sérstakra bóta, sem að framan getur.“ Og í öðru bréfi, sem er til annarra aðila, er á þessu mjög svipað orðalag. Þar stendur: „Breytist grunnkaup eða kaupgreiðsluvísitala frá þessu, endurskoðast samkomulagið í samræmi við þær breytingar.“ Þó er sá fyrirvari, að það hafi ekki áhrif á þessar svokölluðu sérbætur. Geri ég ráð fyrir því, þó að ég hafi það ekki hér fyrir framan mig, að sams konar ákvæði séu í bréfinu til þriðja aðilans, sem er Landssamband íslenzkra útvegsmanna, en þessi bréf, sem ég var að lesa úr, eru til fiskvinnslustöðvanna.

Hér er um stórfellt nýmæli að ræða, því að áður hefur það verið þannig, að það hefur verið gert samkomulag á milli ríkisstj. með alþingisstuðningi annars vegar og svo útgerðarsamtakanna hins vegar um ákveðinn rekstrargrundvöll og hlunnindi og fiskverð í því sambandi, og þetta samkomulag hefur gilt tiltekinn tíma, en ekki verið fest við vísitöluspóluna.

En hér er farið inn á þá braut að festa þetta bæði við vísitöluna og einnig, að endurskoða skuli þetta allt saman í samræmi við grunnkaupsbreytingar, sem verði. En eins og bent er á í grg. frv., þá leitar stjórnin ekki neinnar lagaheimildar í þessu sambandi. Það er ekkert á þetta minnzt í frv., heldur aðeins greint frá því í grg., að þetta samkomulag hafi verið gert.

Mér sýnist hér vera á ferðinni mikið stórmál og mikil nýjung, sem þurfi að skoða ofan í kjölinn og átta sig á því, hvernig viðhorfið er í raun og veru eftir þessar bréfagerðir hæstv ríkisstj., og vildi ég í því sambandi reyna að fá þetta dálítið skýrara með því að bera fram spurningar um það atriði.

Þá kemur fyrst til athugunar: Hvaða gildi hefur þessi yfirlýsing eða þessi samningur? Ber að skoða þetta sem samning hæstv. ríkisstj. við útgerðarmannasamtökin? Ber að skoða þetta sem samning, sem sé orðinn skuldbindandi fyrir ríkið, þannig að ef hér verði breytingar á grunnkaupi og vísitölu, þá eigi þessi samtök orðið lagalega kröfu á ríkið fyrir hækkuðum bótum, sem því svarar? Og ef hæstv. ríkisstj. lítur þannig á þetta og þetta telst vera þannig löguð skuldbinding, hvernig er þá hægt að komast hjá því að fá úr því skorið á hæstv. Alþ., hvort það vill samþykkja þessa skuld-

bindingu eða ekki? Verður ekki að leita lagaheimildar fyrir þessu, ef hér er um skuldbindingu að ræða, — lagalega skuldbindingu?

En ef þannig er á þetta litið, að hér sé aðeins um að ræða viljayfirlýsingu hæstv. ríkisstj., en enga skuldbindingu, þá horfir málið náttúrlega öðruvísi við. En hvaða trygging er þá í þessu fyrir útgerðarmenn eða þau samtök, sem hér eiga hlut að máli? Ef þetta er aðeins viljayfirlýsing hæstv. ríkisstj., sem ekki hefur þingmeirihluta að baki sér til þess að festa þetta í lög, þá er þetta bara viljayfirlýsing minnihlutastjórnar, en þá þarf líka að koma fram, að það sé ekki annað. En ef hér er um að ræða raunverulega lagalega skuldbindingu fyrir ríkið, þá verður að fjalla um þetta á einhvern annan hátt en þann að segja aðeins frá þessu og láta síðan lönd og leið í sambandi við þá löggjöf, sem verið er að setja um þessi efni.

Í þessu sambandi kemur einnig upp spurningin um það, hvernig hæstv. ríkisstj. ætlar, hvort sem hér er um skuldbindingu lagalega að ræða eða aðeins viljayfirlýsingu af hennar hendi, — hvernig hún ætlar að snúast við þessu máli, ef það kæmi í ljós, að grunnkaup hækkaði og vísitala hækkaði, eftir að hæstv. Alþ. er farið heim og situr ekki lengur, en stjórnin aðeins minnihlutastjórn? Hvernig hefur hún þá hugsað sér að standa við viljayfirlýsingu sína, að ég nú ekki tali um, hvernig hún hafi hugsað sér að standa við lagalega skuldbindingu sína, ef hún hefur gert slíka skuldbindingu með þessu? Og hvernig hefur þá hæstv. ríkisstj. hugsað sér tekjuöflun í sambandi við þær nýju ráðstafanir, sem þá kæmu til greina? Mér sýnist alveg óhjákvæmilegt — vegna fordæmis og framtíðarinnar, að þetta atriði sé krufið til mergjar, hvernig þessu er í raun og veru háttað, hvað það er, sem hér hefur gerzt, hver hefur skuldbundið hvern í þessu sambandi og hvernig með skuli fara.

Loks vil ég svo í sambandi við þetta atriði minnast á, vegna þess að það er óljóst eftir bréfunum, sem gerð hafa verið, hvernig þetta er hugsað í einstökum atriðum varðandi uppgjör á kauphækkunum, að það hlýtur að vera einhver regla, sem þar er hugsuð, því að í bréfunum stendur aðeins: breytist grunnkaup eða vísitala. Það er náttúrlega ljóst með kaupgreiðsluvísitöluna, það er tiltekinn hlutur, sem menn hafa fyrir framan sig. En hvað meina menn með þessu, breytist grunnkaup? Hvaða reglur hafa menn komið sér saman um í því tilliti, ríkisstj. annars vegar og þessi samtök hins vegar? Hvernig á það að mælast og vegast, hver breyting á grunnkaupi almennt er, því að nú vitum við, að grunnkaup er oft að taka breytingum, ein stéttin í dag og önnur á morgun? Hvernig á að ráða fram úr því, hversu oft á að skoða þetta? Ég hef ekki orðið var við neina reglu um það, hversu oft eigi að skoða, og þá ekki heldur, hvernig eigi að meta þetta í sambandi við endurskoðun. En það stendur á hinn bóginn, að það skuli endurskoða í samræmi við þær breytingar, sem verða.

Þá er það um heildaráætlunina í efnahagsmálunum. Þau koma nú fram í mörgum bútum, eins og kunnugt er, og erfitt að fá yfirsýn um, hvernig heildarmyndin verður, og í ýmsu tilliti nokkuð óljóst enn. Þó gerði hæstv. forsrh. nokkra tilraun við 1. umr. málsins um lækkun kaupgjalds og verðlags til þess að bregða upp mynd af því, hvernig hann hugsaði heildarmyndina. Og honum fannst, að það mundi vera um 170—180 millj., sem þyrfti að mæta, og hafði þá samkv. því, sem fram kom í umræðunum, gert ráð fyrir því að hækka tekjuáætlun útflutningssjóðs frá því, sem sérfræðingar höfðu verið að meta áður, um talsvert verulega fjárhæð með tilliti til væntanlegrar lántöku. Þegar hann hafði gert ráð fyrir þessu, þá talaði hann um 170—180 millj., og þá gerði hæstv. ráðh. ráð fyrir því, að þessu ætti að mæta með því að skera niður 40 millj. eða svo á fjárlfrv. og með því að hækka tekjuáætlun fjárl. Það var ekki alveg ljóst, hvort hæstv. ráðh. áleit, að það væri hægt að hækka áætlunina um 83 millj., eða hvort það yrði að hækka hana einungis um 83 millj. mínus 35 millj. eða svo fyrir hugsanlegum umframgreiðslum. Þetta kom ekki ljóst fram. En það hefur verið talað um í þeim herbúðum, að það gæti jafnvel komið til greina að hækka áætlunina um 83 millj. og síðan að nota eitthvað af greiðsluafgangi s. l. árs til þess að greiða niður hallann, sem fyrirsjáanlegur væri á þessu ári. En svo var allt óljóst um, hvernig ætti að fara með þá milljónatugi, sem enn þá munar, ef dæmið er hugsað svona.

En í þessu sambandi og án þess að fara í kappræður um þetta fram og aftur núna vil ég spyrja um tvennt eða þrennt til þess að reyna að fá smátt og smátt, ef unnt væri, skýrari mynd af því, hvernig þetta allt saman er hugsað.

Það er þá í fyrsta lagi: Virðist stjórninni, að það megi byggja á því, að 6 millj. dollara lán í Bandaríkjunum fáist? Er það mál að færast í það horf, að stjórnin telji óhætt að byggja á því, að það muni fást?

Er ef til vill þessi bjartsýni, sem menn verða nú varir við hjá stjórnarflokkunum í sambandi við afgreiðslu efnahagsmálanna núna, að einhverju leyti miðuð við, að þeir ætli að fara fram á að fá meiri lán en þessar 6 milljónir dollara? Er það fyrirhugað, eða er það ekki fyrirhugað?

Í annan stað langaði mig til þess að spyrjast fyrir um, hvort það sé nokkuð nær nú en áður virtist koma fram, að stjórnarflokkarnir stæðu saman um að skera niður á fjárl. um 40 millj., og hvort það mundi vera mögulegt að fá í sambandi við þetta mál upplýsingar um, hvað það væri, sem þeir ætluðu að skera niður. Þó að það komi bezt í ljós afstaðan alveg endanlega í sambandi við fjárl., þá snertir þetta allt, sem ég er að tala um núna, þetta mál, því að hér er um að ræða, hvernig eigi að mæta þessum gífurlegu, stórfelldu nýju skuldbindingum, sem í þessu frv. felast, — hvort það sé nokkuð nær en áður um það, að stjórnarflokkarnir standi saman um að skera niður um 40 millj. á fjárl.,

og hvað það er, sem þeir hafa hugsað sér að skera niður.

Loks vildi ég leyfa mér að spyrja, hvort stjórnarflokkarnir standa saman um að nota greiðsluafganginn eða eitthvað talsvert af honum til þess að mæta þeim halla, sem fyrirsjáanlegur er á öllum þessum afgreiðslum í ár, hvort það sé frá því gengið.

Ef kæmu skýr svör við þessum spurningum, þá væri miklu nær en áður, að menn gætu áttað sig á því, hvert verið er að fara, en eins og allir sjá, þá er ómögulegt að átta sig á því, nema meginlínurnar varðandi afgreiðslu efnahagsmálanna geti orðið dregnar upp og þá ekki aðeins það, sem hæstv. forsrh. hugsar sér, heldur það, sem stjórnarflokkarnir hafa komið sér saman um.

Loks vil ég benda á í þessu sambandi, að þegar verið er að tala um þessar 170—180 millj., sem vanti, sem hæstv. forsrh. talar um að þurfi að mæta, og ég talaði um í því sambandi 230 millj., vegna þess að ég taldi þá ekki með tekjuauka útflutningssjóðs væntanlegan vegna lánsins, — sá mismunur stafar af því, — en þegar talað er um þessar stóru fjárhæðir, þá er þó ekki svo sem eins og það sé hægt að álíta, að öll kurl séu komin til grafar í þessum fyrirætlunum, sem nú eru fram undan, það vantar vafalaust mikið á það. Og það liggur í því, að nú hafa verið teknar skuldbindingar um það að hækka við sjávarútveginn, ef nokkrar hækkanir verði yfir höfuð, og það er sú áhætta, að þær geti orðið, og þá bætist vitanlega við þessa fjárhæð. Í annan stað hefur stjórnin sjálf látið í það skína, að það muni geta farið svo, að það verði að auka niðurgreiðslur til þess að ná því marki, sem hún hefur sett sér varðandi vísitöluna í sambandi við ákvörðun um að miða kaupgjaldið við 175. Það kostar líka mikla peninga, auk þess sem sannleikurinn er sá, að ósamræmið af niðurgreiðslunum er þegar orðið svo mikið, að það er sízt á það bætandi. En það er önnur saga.

Þarna geta sem sagt komið til greina verulegir útgjaldaliðir umfram þessar fjárhæðir, sem við hæstv. forsrh. höfum nefnt, auk þess sem það hefur aldrei komið fyrir, að afgr. hafi verið fjárl. þannig, að ekki hafi komið í ljós einhverjir liðir, sem þingið neyddist til að setja inn á þau, en fyrir slíku er alls ekki gert ráð í þessum bollaleggingum. Það er gert ráð fyrir því, að það þurfi engu að bæta nýju inn á fjárl. nema aðeins grunnlaunauppbótunum til opinberra starfsmanna og vegna elli- og örorkutrygginganna. En þó að miklir ráðdeildarmenn séu teknir við þessum málum, þá verður aldrei hægt að gera ráð fyrir því, að það verði hægt að komast alveg hjá því að taka til greina eitthvað af nýjum liðum inn á fjárl. Og þá kemur það líka inn í þessa fjárhæð, sem þarf að mæta með niðurskurði og tekjuöflun.

Loks vil ég benda á eitt atriði, sem er að vísu ekki alveg ljóst, en mér sýnist þó vera eins og ég ætla að greina.

Eins og menn vita, voru í fyrra teknar út af fjárl. niðurgreiðslurnar, og varð mikill úlfaþytur út af því, eins og menn muna, og útflutningssjóði var ætlað að standa undir þessum greiðslum. Það þótti alveg eðlilegt að skilja þarna á milli, að útflutningssjóður stæði undir öllum uppbótunum til framleiðslunnar og öllum niðurgreiðslunum, vegna þess að þessi tvenns konar útgjöld eru í raun og veru eins og tveir endar á sama prikinu, ef svo mætti segja. Það liggur í því, að eftir því sem niðurgreiðslurnar eru meiri, eftir því eru útflutningsuppbæturnar yfir höfuð minni, og svo aftur öfugt. Og það sýndist alveg eðlilegt málefnalega, að þetta væri allt í einum stað. En mér sýnist helzt á þessu frv., sem hér liggur fyrir, og grg., að nú sé ætlunin að koma þessu þannig fyrir, að sumt af niðurgreiðslunum verði hjá útflutningssjóði framvegis og sumt á fjárl. Held ég þó, að allir hljóti að geta verið sammála um, að sízt sé það til bóta eða geri þessa mynd skýrari að grauta þessu svo herfilega að hafa sumt af niðurgreiðslunum á fjárl. og sumt á útflutningssjóðnum. Ég held, að það sé ekki nema um tvær aðferðir að ræða í þessu, önnur aðferðin er sú, sem fyrrv. stjórn hallaðist að, að hafa allar þessar greiðslur á útflutningssjóðnum eða þá að færa þær aftur allar yfir á fjárl. Þetta vil ég benda á. Þeir, sem áttu erfitt með, að því er þeir sögðu sjálfir í fyrra, að fylgjast með þessu, ef greiðslurnar yrðu færðar allar inn í útflutningssjóð, hljóta náttúrlega að eiga enn erfiðara, ef tekinn verður sá háttur að hafa niðurgreiðslurnar bæði hjá útflutningssjóði og ríkissjóði. Og þykir mér það einkennilegt, ef þeim, sem þóttust hafa mikinn áhuga fyrir því að hafa þetta skýrt og einfalt, þ. e. sjálfstæðismenn, líkar það að grauta þessu svona. Annars er þetta fyrirkomulagsatriði. En það er þó ekki einskisvert, vegna þess að það er ástæða til að reyna að hafa þessi mál eins skýrt uppsett og mögulegt er, þau eru alveg nægilega flókin fyrir því. Og sú uppsetning, sem ofan á varð í fyrra, er alveg tvímælalaust langskýrust og langeðlilegust. Það er að hafa alveg sér reikningshald fyrir allar þessar ráðstafanir vegna atvinnuveganna og framleiðslunnar, en hafa ríkisbúskapinn sjálfan út af fyrir sig. Ef menn vilja ekki hafa þetta svona, þá er að setja þetta allt inn undir ríkisbúskapinn og inn á fjárl. En allra verst er að skipta sumum liðunum í þessu niður á fjárl. annars vegar og útflutningssjóð hins vegar.

Ég skal svo láta máli mínu um þetta lokið, en ég vænti þess, að hæstv. forsrh. vilji koma inn á þessar fyrirspurnir, sem ég hef gert.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Með frv. þessu, sem hér hefur verið lagt fram, er gert ráð fyrir því að breyta lögunum um útflutningssjóð á þá lund, að ríkisstj. fái heimild til þess að greiða þær auknu bætur til framleiðslunnar, sem samningar hafa nú verið gerðir um við fulltrúa framleiðenda.

Eins og hæstv. forsrh. hefur gert hér grein fyrir, áætlar ríkisstj., að þessar auknu bætur muni nema, miðað við árið, fyrir útflutnings-

sjóð 77.7 millj. kr. Auk þess hefur svo verið skýrt frá því, að þær niðurgreiðslur, sem þegar hafa verið ákveðnar á vöruverði til viðbótar við það, sem áður var í gildi, muni kosta í kringum 75 millj. kr. yfir árið, og er útflutningssjóði einnig ætlað að greiða þessa fjárhæð. Þá hefur hér einnig verið skýrt frá því, að ríkisstj. muni bæta við þegar ákveðnar niðurgreiðslur nokkru, og ég hygg, að það verði varlega metið, að það muni kosta 20—30 millj. kr., miðað við þær upplýsingar, sem hér hafa komið fram í fyrri umr. um þessi efnahagsmál. Þessar viðbótargreiðslur á útflutningssjóður einnig að greiða. Auk þessa er svo einnig upplýst hér, að enn sé ósamið um bætur til framleiðslunnar vegna síldveiðanna á komandi sumri, en hins vegar sé í þessu dæmi reiknað með tiltekinni upphæð til aukinna útgjalda þar, en mér þykir alveg augljóst, eins og ég skal víkja að síðar, að sú áætlun sé hæpin og muni ekki fá staðizt og þar muni einnig verða um aukin útgjöld að ræða fyrir útflutningssjóð fram yfir það, sem hér hefur verið gert ráð fyrir af ríkisstj.

Þá hefur einnig verið bent á það réttilega, að nú eru samningar við framleiðsluna í því formi, að hún á kröfur fram yfir þetta, sem hér hefur verið talið. Hún á kröfur á að fá enn auknar bætur, sem nemur hækkun á grunnkaupi, ef slíkar hækkanir kynnu að verða, og hækkun á vísitölu, sem kann að verða fram yfir það, sem þessir útreikningar eru byggðir á. Og hygg ég, að flestir verði að telja, að það séu verulegar líkur til þess, að þarna komi einnig nokkur viðbótargreiðsla, sem kemur til með að leggjast á útflutningssjóð.

M. ö. o.: Meginefni þessa frv., sem hér liggur fyrir, er það að heimila ríkissjóði að taka á sig þessar viðbótargreiðslur, sem hér hafa verið ákveðnar eða um samið eða hér er gert ráð fyrir, — viðbótargreiðslur, sem varla geta numið undir 200 millj. kr. yfir árið, það er varla hugsanlegt.

En sé það svo aftur athugað, hvað gert er ráð fyrir í frv. til þess að koma á móti þessum fjárhæðum, þannig að útflutningssjóður geti raunverulega staðið við þessar skuldbindingar, þá kemur í ljós, að þann kaflann í frv. vantar með öllu. Það er ekki gert ráð fyrir því í frv. að tryggja útflutningssjóði neinar tekjur á móti þessum skuldbindingum, sem hér á að festa í lög. Þetta er auðvitað furðuleg uppbygging á löggjöf, að koma hér aðeins með þennan þátt málsins, en ætla að láta hinn liggja með öllu eftir í fullkominni óvissu. Ég verð líka að álíta, að ríkisstj. hafi fundið þetta, þegar hún var að undirbúa málið. Hún lýsti hér yfir í umr. um fyrra frv., þar sem gert er ráð fyrir því að strika út 10 vísitölustig af kaupgjaldsvísitölunni, að hún væri ekki enn að fullu tilbúin með þetta frv. um breytingar á útflutningssjóðsl. og það væri enn í smíðum og mundi koma síðar.

Það er alveg útilokað, að það hafi getað þvælzt fyrir ríkisstj. að semja frv. á þeim grundvelli, sem þetta frv. er uppbyggt. Það hefði átt að geta orðið til svo að segja samdægurs eða daginn eftir að samningar höfðu farið fram við útvegsmenn, því að frv. er þannig uppbyggt, að það gerir aðeins ráð fyrir því að veita ríkisstj. heimild til þess að mega auka greiðslur samkv. nokkrum tilteknum liðum. Nei, ég hygg, að miklu líklegra sé, að ríkisstj. hafi í upphafi ætlað sér, að jafnhliða því sem hún bað um lagalega heimild til þess að mega taka á sig auknar útgjaldabindingar, þá ætlaði hún sér að hafa með í frv. tekjustofnana þar á móti, til þess að sjóðnum væri þetta kleift. En svo hefur hún bara valið þennan ágæta kost, að gefast með öllu upp á því að leita uppi nokkrar tekjur, ná samkomulagi um nokkrar tekjur og biðja síðan Alþingi um að veita sér lagalega heimild til þess að mega lofa þessum útgjöldum, en láta sem sagt tekjuhliðina alveg eiga sig.

Hæstv. forsrh. hafði hér í umr. um vísitölufrv. gert nokkra grein fyrir því, hvernig hann gæti hugsað sér, að afla mætti tekna til þess að standa undir þessum auknu útgjöldum. Hann lýsti því þó yfir, að þetta væru aðeins lausar hugmyndir, e. t. v. væri hér um nokkra óskhyggju að ræða, eins og hann orðaði það. En hann gerði þó lauslega grein fyrir því, hvernig hann gæti ímyndað sér, að afla mætti tekna á móti þessum auknu útgjöldum, þó ekki nándarnærri að öllu leyti, miðað við þau útgjöld, sem sýnilegt er að hér muni til falla, en þó að mestu leyti. En í þessum sömu umr. benti ég á það, að vitanlega væri aðeins lítið sagt af þessu máli, þó að hæstv. forsrh. gæti sagt hér, væntanlega í nafni síns flokks, með 8 þm. að baki, að hann fyrir sitt leyti hefði viljað afla tekna á þennan hátt, sem hann lýsti. Það, sem öllu máli skiptir að fá að vita, er það: Hefur ríkisstj. eitthvert þingafl til þess að gera m. a. þessa óskhyggju hæstv. forsrh. að einhverjum veruleika? Ég spurði sérstaklega um það, hvort annar stjórnarflokkurinn, Sjálfstfl., vildi t. d. gangast við þessari tekjuöflun, sem þarna var lýst, hvort Sjálfstfl. mundi vilja fallast á það að lækka útgjöld á fyrirliggjandi fjárlagafrv. sem næmi 40 millj. kr. og þannig spara þá upphæð, og það jafngilti vitanlega tekjuöflun fyrir útflutningssjóð. Ég spurði einnig um það, hvort Sjálfstfl. vildi styðja þá hugmynd, að hækka mætti tekjuhlið frv. um 83 millj. kr., þannig að það gæti jafngilt 83 millj. kr. tekjum fyrir útflutningssjóð. Ég spurði einnig um það, hvort Sjálfstfl. mundi standa að þeirri hugmynd að taka 20 millj. kr. af greiðsluafgangi s. l. árs og nota hann í þessu skyni. Aðaltalsmaður Sjálfstfl. hér í deildinni, hv. 1. þm. Reykv. (BBen), svaraði þessu á þá lund, að hann sagði, að Sjálfstfl. væri á allan hátt óbundinn í sambandi við afgreiðslu fjárl. Hann hefði ekki gert neitt samkomulag um það og hann lofaði í þessu efni engu. Mér þótti það svo alveg ljóst á öllum hans málflutningi hér í sambandi við þetta mál, að Sjálfstfl. er ekkert líklegur til þess að samþykkja það, að þetta fé fáist, sem hæstv. forsrh. var hér að minnast á, að út af fyrir sig mætti e. t. v. fá í þessu skyni.

Nú er það alveg augljóst mál, að það er ekki hægt að bjóða hv. alþm. upp á það að taka hér við frv., sem gerir ráð fyrir auknum útgjöldum upp á 200 millj. kr., sem lofar framleiðendasamtökum í landinu ákveðnum fjárhæðum, án þess að það sé fengin einhver trygging þá um leið, þegar þetta frv. kemur fram og á að ganga til afgreiðslu, að fé fáist upp í þessar skuldbindingar, og vitanlega á fjáröflunin að koma inn í frv. sjálft. Það er algert ábyrgðarleysi af hæstv. ríkisstj. að ætla einhliða að biðja um lögfestingu á þessu, án þess að þar fylgi með a. m. k. fullgild yfirlýsing frá meiri hluta Alþingis um, að það verði örugglega séð um að afla tekna í þessu skyni og þá vitanlega einnig hvernig.

Þetta er vitanlega aðalatriði þessa máls. Ég verð að segja, að eftir það, sem þegar hefur komið fram í þessu máli, þá þykir mér, að allt bendi til þess, að þannig sé ætlað að standa að afgreiðslu efnahagsmálanna hér að þessu sinni að ganga frá loforðum um útgjöld, en skilja hins vegar algerlega eftir alla tekjuöflun, skjóta henni á frest, láta hana bíða þangað til næsta haust, láta sem sagt framleiðsluna og þetta allt saman ganga á loforðum þennan tíma, skapa hér lengri og meiri skuldahala en hér hefur safnazt nokkurn tíma áður í þessum efnum og kalla þannig yfir sig nýja stórkostlega erfiðleika á komandi hausti.

Ég hef lýst því áður yfir í þessum umr., að út af fyrir sig get ég vel fallizt á ýmsar þær hugmyndir, sem fram hafa komið hjá hæstv. forsrh. um tekjuöflun í þessu skyni. Ég gæti vel hugsað mér það, að hægt væri að lækka fjárlagafrv. fyrirliggjandi um ca. 40 millj. kr. En ég veit það mætavel, ég hef tekið þátt í því að ræða við flokkana hér á Alþingi, m. a. í sambandi við stjórnarmyndun, um möguleika í þessum efnum. Og ég hafði skilið það svo, að það væru ekki möguleikar til þess að fá þetta í framkvæmd. Mér sýnist, að það komi hér glögglega fram enn. Og hvers vegna þá, ef málin standa þannig, að vera að flagga með svona till., sem ekki geta náð fram að ganga, en ætla, á meðan verið er að flagga með þeim, að þetta sé kannske hugsanlegt, að koma þannig í gegn skuldbindingum á móti? Nei, þeir, sem samþykkja skuldbindingarnar og vilja ganga frá þeim, eiga líka að standa við þær og afla tekna þar á móti. Ég veit, að Sjálfstfl. þykir ákaflega þægilegt að skjóta sér undan þessum vanda, þó að hann styðji ríkisstj., láta þennan hluta málsins vera óleystan og bíða fram á næsta haust, koma þessum vanda a. m. k. fram yfir einar eða tvennar kosningar.

Ég skal þá víkja með nokkrum orðum að samningum þeim við framleiðendur, sem þegar hafa farið fram og hæstv. forsrh. hefur gert nokkra grein fyrir.

Ég hef áður sagt í þessum umr., að augljóst sé að mínum dómi, að þannig hafi verið samið nú að þessu sinni við útgerðina í landinu, að það sé gert ráð fyrir því að bæta rekstrarkjör útgerðarinnar nokkuð frá því, sem þau hefðu bezt orðið samkvæmt fyrri samningum. Ég er alveg sannfærður um þetta og því sannfærðari sem ég athuga málið betur. Aðeins þau atriði, sem hér eru viðurkennd af flestum og ég skal nú greina, sanna þetta.

Í grg. þessa frv. er frá því skýrt, að athugun hafi farið fram á því, hvaða bætur útgerðin öll þyrfti að fá, miðað við kaupgjaldsvísitöluna 185 stig, til þess að hún fengi að fullu bætt öll útgjöld, sem komið hefðu fram vegna grunnkaupshækkananna, sem orðið hafa á s. l. ári. Á þessu fór fram aðeins talnalegur útreikningur, og efnahagsmálaráðunautur ríkisstj. taldi, að samkv. beinum talnalegum reikningi mundi þetta nema í kringum 105 millj. kr. Það kom þó strax í ljós, að í þessari tölu hafði hann gert ráð fyrir því að breyta stórkostlega fyrningarafskriftum hjá framleiðslunni í landinu frá því, sem áður hafði verið, og gerði þar af leiðandi ráð fyrir allmiklu hærri bótum af þeim ástæðum. En ef hins vegar hefði átt að miða við hliðstæðar fyrningarafskriftir og áður höfðu gilt, þá hefði upphæðin 105 millj. orðið allmiklu lægri.

Það var svo einnig viðurkennt af þessum sömu aðilum, sem höfðu athugað þetta mál, að eins og grunnkaupshækkanirnar hefðu íþyngt útgerðinni, sem þessu næmi, sem sagt eitthvað minna en 105 millj., getum við sagt, þá höfðu aðrir liðir komið til í rekstri útgerðarinnar, sem höfðu orðið miklum mun hagstæðari en sá grundvöllur var byggður á, þegar síðast var við útgerðina samið. Það hafði sem sagt sýnt sig, að útflutningsverð á fiski hafði hækkað allmikið á árinu í ýmsum greinum og að vegna stóraukins aflamagns hafði afkomugrundvöllur frystihúsanna í landinu breytzt frá því, sem miðað hafði verið við í samningunum við útgerðina. Meðaltalsfrystihúsið, sem lagt var til grundvallar við samningana, var orðið miklum mun stærra, og átti vitanlega að byggja á því.

Þeir menn, sem ríkisstj. fól að gera samanburð í þessum efnum, komust að þeirri niðurstöðu, að þeir liðir, sem hefðu verkað til hagsbóta í rekstri frystihúsanna, næmu fyllilega til jafns við það, sem aukin útgjöld höfðu fallið á þessa framleiðslu vegna grunnkaupshækkananna, og að af þeim ástæðum ætti ekki að bæta upp frystihúsunum sérstaklega vegna grunnkaupshækkunarinnar. Nú var stærsti hlutinn af þessum 105 millj., sem ég gat um áðan að var þó of há tala, einmitt auknar bætur til frystihúsanna í landinu, eða um 37 millj. kr. Það gat því ekki farið neitt á milli mála, eins og grundvöllurinn lá fyrir, að þá áttu bæturnar til framleiðslunnar, miðað við vísitöluna 185, ekki að verða 105, heldur allmiklum mun lægri upphæð, þó að aðeins þetta sé tilgreint, sem ég hef nú nefnt. En það má nefna margt annað fleira, sem þarna kom inn í líka. Hins vegar er nú upplýst hér í umr. af hæstv. forsrh. og liggur fyrir í grg. frv., að raunverulega var samið við útgerðina á þessum grundvelli, miðað við vísitöluna 185,

þannig að heildarbæturnar áttu að vera 159 millj. kr., þegar allt var talið. Það fer því vitanlega ekkert á milli mála, að hér var samið um allmiklum mun meiri bætur, miðað við hliðstæðan grundvöll, heldur en útgerðin bjó við áður.

Eins og ég hef einnig sagt áður í þessum umr., er það mál út af fyrir sig, hvort rétt þykir að bæta hag framleiðslunnar enn til viðbótar við það, sem áður var, t. d. um einar 60—70 millj. kr. Og séu a. m. k. efni á því að öðrum kosti að gera það, þá gat það komið til greina, *sérstaklega ef því hefði verið réttilega og skaplega deilt.* En ég hef ekki séð það í þessu frv. né öðru, sem hefur verið lagt fram nú á Alþingi í sambandi við lausn þessara mála, að það hafi komið fram, að það hafi verið sérstök aðstaða til þess eða sérstök ástæða til þess að fara í það að bæta þann rekstrargrundvöll framleiðslunnar, sem hún hafði sjálf samið um áður og sjálf lýst yfir áður að væri mjög vel viðhlítandi og hafði skilað rekstri framleiðslunnar þannig, að flestir þættir hennar höfðu komið út með jákvæðan rekstur á s. l. ári. Hefði það legið fyrir, að hæstv. ríkisstj. hefði haft getu til þess að auka bæturnar til framleiðslunnar um 50—60 millj. kr. fram yfir það, sem áður var, án þess að leggja þyrfti ný gjöld á landsmenn sérstaklega eða grípa hér til ráðstafana, sem ég hygg að muni verða til hinnar mestu ógæfu í þessum efnum, sem sé að reyna að knýja fram kauplækkun gegn vilja verkalýðssamtakanna í landinu, — hefði ríkisstj. getað fært útgerðinni þetta á tiltölulega auðveldan *og léttan hátt og staðið við loforðin, þá skyldi* ég hafa stutt hana til þess, því að ég er á þeirri skoðun, að út af fyrir sig megi enn örva meira en gert hefur verið þátttöku í þessari undirstöðuframleiðslu okkar Íslendinga, sem er okkar sjávarútvegur sem heild. En það hefur ekki verið vandinn fram að þessu að semja við útvegsmenn út af fyrir sig um það að veita þeim sem allra mestar bætur. Það er vitanlega hægt að fallast á hvaða kröfur sem þeir setja fram, og það er hægt að ná samningum við þá tiltölulega auðveldlega og fljótlega með því að ganga að þeirra kröfum. Vandinn hefur alltaf legið í því, að það sé hægt að tryggja, að því, sem við þá er samið, verði réttilega til þeirra skilað, að þeir geti fengið þetta greitt og það sé grundvöllur í landinu fyrir því að afla þeirra tekna, sem þarf til þess að standa við skuldbindingarnar, án þess að allt sporðreisist um leið.

Það eru auðvitað margir þættir í sambandi við þessa samninga, sem hefði verið nokkur ástæða til þess að ræða hér um, en ég skal nú gera það í mjög stuttu máli.

Mér er það alveg ljóst, að það hefur mjög skort á í þessum samningum, að þannig væri á málunum haldið, að það kæmi fram, sem koma átti fram, og ég er hræddur um, að hæstv. ríkisstj. hafi vanrækt að fylgjast svo með samningagerðinni sem hún átti að gera. Ég tók t. d. eftir því, að hæstv. forsrh. minntist hér á, að í sambandi við auknar kröfur útgerðarinnar, sem rétt hefði þótt vera að ganga inn á, hefði verið m. a. hækkaður veiðarfærakostnaður. Jú, ég hafði vitanlega verið búinn að kynna mér þessa samninga allmikið áður og fylgzt með þeim. Ég vissi mætavel um þessar kröfur af hálfu útgerðarmanna, og þeir voru reyndar búnir að heyra mín andsvör í þeim efnum. Ég vissi, að það var rétt, að það hafði orðið hækkun á veiðarfærum á línuútgerð. Að vísu var sú hækkun sáralítil fram yfir það, sem beinlínis hafði verið gert ráð fyrir í því fiskverði, sem samið var um við útgerðina í maímánuði s. l. En það var þó um lítils háttar hækkun þar að ræða. En þar á móti kom svo aftur það, að skýrslur lágu fyrir um, að aðeins 20% af heildarafla bátanna er veitt með línuveiðarfærum. 80% af afla bátanna á s. l. ári var veitt í net, sem netafiskur. Þar hafði aftur breytingin orðið sú, að þar hafði orðið stórkostleg lækkun á veiðarfærum fram yfir það, sem metið var í samningunum við útgerðarmennina seinast. Lækkunin hafði orðið svo mikil í veiðarfærakostnaði netabáta, að þrátt fyrir það, þó að 55% gjaldið félli á veiðarfærin með löggjöfinni frá því í maí í vor, þá hækkaði útsöluverð á netum ekki. Hér kom nefnilega til *nýr innflutningur* á netum, sem var verið að taka hér í notkun, frá Japan, sem þýddi stórkostlega verðlækkun. Það vitanlega náði því aldrei nokkurri átt og hefði vitanlega ekki verið samþykkt af neinum þeim, sem var kunnugur þessum málum, að fallast á kröfur um að hækka þennan lið um veiðarfærakostnað, *eins og þarna stóð á,* síður en svo.

Þá er einnig að minnast á það, að þannig hafði verið haldið á samningum síðast, að raunverulega var um tvö bótatímabil að ræða fyrir útgerðina á s. l. ári. Annars vegar var öll vetrarvertíðin eða til 15. maí, og gilti þar um allt annað bótakerfi en frá 15. maí og út árið, en þá tóku við reglurnar, sem settar voru með löggjöfinni um útflutningssjóð, sem var samþ. hér á Alþingi 28. maí. Með löggjöfinni 28. maí var ákveðið að stórhækka fiskverð frá því, sem áður hafði verið. Þessi hækkun á fiskverðinu var byggð upp þannig, að hún átti að mæta auknum útgjöldum í rekstarkostnaði bátanna og skipanna frá því, sem hafði verið á fyrra bótatímabilinu, og einnig til þess að jafnast á við vátryggingargreiðslur, sem bátarnir höfðu fengið sérstaklega á fyrra hluta ársins. Auk hins lægra fiskverðs fengu bátarnir greidd fyrir sig úr útflutningssjóði vátryggingariðgjöld bátanna. En síðari hluta ársins átti fiskverðið að hækka mikið, og það var hækkað, en vátryggingastyrkurinn átti að falla niður jafnframt. Nú hefur hins vegar verið samið á þeim grundvelli, að bátarnir eiga áfram að njóta vátryggingastyrksins, en einnig hins háa fiskverðs, sem þeir höfðu fengið í staðinn fyrir það, að vátryggingastyrkurinn hafði verið felldur niður í áætluninni. Nú var það svo, að bátarnir fengu að vísu að halda þeim hlutanum af vátryggingastyrknum síðari hluta

ársins, sem átti að falla niður, af því að þar var um aðeins tiltölulega lítinn hluta að ræða, því að meginhluti tryggingatímabilsins var liðinn, en þetta fengu bátarnir seinni hluta ársins sérstaklega vegna þess, að þeir fengu minni uppbætur á sumarsíldveiðina en þeir hefðu annars átt að fá, og til viðbótar við of lágar sérstakar uppbætur á sumarsíldina fengu þeir að halda út árið vátryggingastyrknum.

Þegar samningarnir eru nú endurnýjaðir á þennan hátt, er því alveg augljóst mál, að með því að bátarnir fá nú að halda áfram vátryggingastyrknum og hinu hærra fiskverði, þá er hér um verulega aukningu að ræða á bótunum til þeirra frá því, sem áður hafði verið. Þess hefur nefnilega ekki verið gætt, hvernig þessir hlutir féllu þarna saman. Hins vegar er aftur það, að bæturnar til sumarsíldveiðanna þurfa að hækka tiltölulega meira en aðrar bætur, vegna þess að þær höfðu verið jafnaðar upp í síðustu samningum m. a. með þessum vátryggingastyrk síðari hluta ársins. Ég er því ákaflega hræddur um það, að áætlunartala hæstv. ríkisstj. um það, hvað heildarbæturnar muni nú kosta vegna síldveiðanna á komandi sumri, að þær bætur muni í framkvæmd reynast meiri en hún reiknar með, og þær ættu að vera meiri, ef þær verða látnar hækka til samræmis við það, sem aðrar bætur hafa hér verið látnar hækka um í þessum samningum.

Eitt atriði er það enn, sem rétt er að minnast á í sambandi við þessa samningagerð og er mjög mikilvægt. Nú er gert ráð fyrir því í fyrsta skipti að hafa þann hátt á að breyta bótunum til útgerðarmanna á árinu eftir því, hvort grunnkaup hækkar eða vísitala hækkar. Þetta hefur aldrei verið gert áður. Það hefur verið talið nokkurn veginn lágmark að semja við útgerðina a. m. k. fyrir eitt úthaldstímabil í einu óbreytt, en ekki að þurfa að margbreyta því á sama útgerðartímabilinu. Eins og ég vék að áður, er vitanlega hætta á því, að þarna geti bæturnar þurft að hækka af þessum ástæðum, og auk þess er ég alveg viss um, að þetta mun kosta mikið erfiði og mikinn vanda og margfalda útreikninga, því að ef ég þekki mína ástkæru útgerðarmenn vel í þessum efnum, þá munu þeir koma og sækja hverja smábreytingu, sem orðið hefur á grunnkaupi, hvar sem hún kann að verða, enda hafa mennirnir samning upp á það samkvæmt þessu.

En á sama tíma sem útgerðarmenn hafa vitanlega hugsað vel um sinn hag í þessum efnum og komið honum fram, þá dettur botninn úr af hálfu ríkisvaldsins á alveg hliðstæðum grundvelli hinum megin. Áður hafði verið gert ráð fyrir því, að svo gæti farið, að útflutningsverðið á afurðunum hækkaði. Vitanlega getur komið til þess, að verðið á frosnum fiski, saltfiski eða skreið erlendis hækki frá því, sem miðað hafði verið við í áætlunum. Og þá hafði áður verið gert ráð fyrir því, að heimild væri frá hálfu ríkisins til þess að draga af bótunum, ef um teljandi hækkun yrði að ræða á útflutningsverðinu sjálfu, frá því, sem áætlanir voru gerðar um. Nú sé ég ekki þetta ákvæði eða hef ekki heyrt minnzt á það hér. Sé það einhvers staðar að finna í samningum, þá væri æskilegt, að það væri upplýst. En mér er nær að halda, að þetta atriði sé þar ekki nú. Það hefur a. m. k. ekki verið greint frá því.

Nú liggur það hins vegar fyrir, að verðlag erlendis hefur farið hækkandi á þýðingarmiklum útflutningsgreinum í þessum efnum, og þar með breytist heildarafkoma framleiðslunnar. Og samningar hafa staðið yfir núna þessar vikurnar. Á meðan verið var að semja við framleiðendur, hafa samningar staðið yfir við einn stærsta kaupandann að frosnum fiski, og frystihúsin í landinu kröfðust þess í þessum samningum að fá 16% hækkun á útflutningsverðinu. **(Gripið fram í:** En fengu ekki?) Ja, ég veit ekki, hvort samningunum er lokið. (Gripið fram í.) Er samningunum lokið, já, og fengu ekkert? Og hefur kannske verið samið um það? Hitt veit ég, að víða er það svo, að verðbreytingar hafa orðið allmiklar til hækkunar, og var vitanlega jafnréttmætt að hafa þetta ákvæði með í samningunum eins og hitt. Það má vel vera, að eftir að öllu þessu var lokið, hafi farið svo, að útvegsmenn hafi samið um að selja sinn frosna fisk á sama verði úr landi til eins af hinum stærri kaupendum eins og var áður, þó að þeir hins vegar væru með á borðinu kröfu um 16% hækkun.

Það kann vel að vera þrátt fyrir þær athugasemdir, sem ég hef hér gert varðandi þessa samninga, að það sé rétt, sem hæstv. forsrh. sagði, að það hafi verið álit ríkisstj. og samningamanna hennar, að þeir samningar, sem voru gerðir við framleiðsluna, hafi verið þeir beztu og þeir hagstæðustu, sem hægt var að ná við útgerðarmenn. Það má vel vera. Ég skal ekki neita því. Ég vil ekki neita því á neinn hátt, að það hafi beinlínis þurft að semja um þessi atriði. En það út af fyrir sig, þó að svo sé, réttlætir ekki á neinn hátt að ætla að fara að segja rangt frá um það, að bæturnar eru raunverulega meiri, rekstrargrundvöllurinn á að vera hagstæðari en útgerðin hefur búið við fram til þessa samkvæmt þessum samningum, því að það er hann tvímælalaust.

Hæstv. forsrh. vék hér nokkuð að einum lið í þessum samningum sérstaklega, en það voru samningarnir um skiptaverð til sjómanna. Hann gat þess, að fulltrúar sjómanna hefðu skrifað undir samkomulagið, sem gert var, með ákveðnum fyrirvara, þar sem m. a. sagði, að þetta væri háð því skilyrði, að ríkisstj. skuldbyndi sig til þess, að kjör sjómanna samkvæmt þessum samningi yrðu ekki í einu eða neinu skert með efnahagsmálalöggjöf hér á Alþingi. Og síðan gat hæstv. forsrh. þess, að í ljós hefði komið á eftir, að ýmsir fulltrúar sjómanna hefðu ekki skilið þennan fyrirvara allir eins, en ríkisstj. hefði svo aftur tilkynnt það á eftir, að hún hefði á þessu ákveðinn skilning, m. a. þann, að það mætti skerða kjör þeirra með efnahagsmálalöggjöf frá því, sem þessi samningur, sem undirskrifaður var við sjómenn, sagði til um. Mér fannst hæstv. forsrh. segja

nokkuð vilhallt eða ónákvæmt frá því, sem þarna hafði gerzt. Það, sem þarna hafði gerzt, var það, að fulltrúar sjómanna, fulltrúar útgerðarmanna og fulltrúar ríkisstj. höfðu komizt að samkomulagi um ákveðið skiptaverð og ákveðin kjör til handa sjómönnum. Síðan skrifa allir aðilarnir undir, og eitt ákvæðið í þessum samningum er þessi yfirlýsing, sem hæstv. ráðh. las upp, að ekki mætti skerða kjör sjómanna frá því, sem segði í samningunum. Og undir samninginn og þar með undir þessa yfirlýsingu skrifuðu bæði fulltrúar sjómanna, útgerðarmanna og fulltrúar ríkisstj., þrír að tölu. Það er bezt að segja það eins og það er, að ráðuneytisstjórinn, formaður nefndarinnar, Gunnlaugur Briem, einn alþm., Pétur Pétursson, þm. Alþfl., og formaður stjórnar útflutningssjóðs, Haraldur Jóhannsson hagfræðingur, allir þessir þrír menn skrifa með eigin hendi undir samkomulagið með þessum fyrirvara á. Að vísu er það rétt, að þessir þrír fulltrúar ríkisstj., eins og fulltrúar sjómanna og eins og fulltrúar útvegsmanna, höfðu allir viðbótarfyrirvara á, fulltrúar sjómanna sögðu: Enda verði þessir samningar samþykktir í félögunum, — og fulltrúar útgerðarmannanna sögðu: Enda verði þessi samningur staðfestur af Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, — og fulltrúar ríkisstj. sögðu: Enda verði þessi samningur samþykktur af ríkisstj. — Þetta er á ósköp venjulegan hátt, þegar gengið er frá samningum á milli samninganefnda.

En svo fóru bara málin þannig, að þegar hæstv. ríkisstj. fór að kynna sér þennan samning, sem þarna hafði verið gerður og hennar fulltrúar höfðu skrifað undir og hægt er vitanlega að sanna og sýna, hvenær sem er, því að undirskriftaplaggið liggur fyrir enn, — þegar hæstv. ríkisstj. sá þetta, þá vildi hún ekki fallast á að vera bundin samkvæmt þessari yfirlýsingu og lýsti því yfir, að hún vildi ekki staðfesta þetta svona, heldur með þeim skilningi, að hún mætti breyta kjörum sjómanna frá því, sem sagði í þessum samningum, m. a. með niðurskurði á vísitölu, sem yrði látinn ná til skiptaverðsins á fiski. Þetta var óneitanlega mjög sjaldgæfur háttur, að þetta skyldi koma svona fram.

Ég verð líka að segja, að það er alveg óvenjulegur hlutur að sitja að samningaborði, í þessu tilfelli við fulltrúa sjómanna, og pæla við þá um það, hvort eigi að hækka skiptaverð til þeirra á fiski um 15 aura á kg, 16 aura á kg eða 20 aura á kg, og það er búið að togast á um þetta, einn og einn eyri, í nokkra daga, og svo, þegar loksins er búið að ná samkomulagi, þá stendur annar aðilinn upp, sem gert hefur samkomulagið, og segir: Ja, þó að ég hafi nú gert þetta samkomulag og við höfum verið að pæla í þessu, þá áskil ég mér rétt til þess að breyta því, eftir því sem mér sýnist, bara núna næstu daga á eftir. — Ég segi það, það er hætt við því, að það verði erfitt að ætla að setjast að samningaborði með sömu mönnum aftur, þegar svona er á málum haldið. Miklu eðlilegra var, fyrst ríkisstjórnin hafði beinlínis í huga og var búin að ákveða á þessari stundu að ætla að lækka hið umsamda skiptaverð til sjómanna úr 20 aurum niður í 11 aura, að semja samtímis og hún var að ákveða það að ætla að setja þessa löggjöf, að semja þá við þá aðeins um 11 aura og ekkert annað. En hinn hátturinn er valinn, að semja fyrst um háa tölu, slá því síðan upp í blaði ríkisstj.: Mikil hækkun á verði til sjómanna, 20 aura fiskverðshækkun á kg, — og ýmsir sjómenn vitanlega samþykkja þetta og fara á stað og vilja veiða sinn fisk upp á góð kjör, en eftir örfáa daga kemur í ljós, að þetta var eintómt gabb, það var ekki svo mikið. Þetta eru óheppileg vinnubrögð og leiddu líka til þess, að við sjálft lá, að í stærstu verstöðinni í landinu, sem jafnan hefur verið kröfuhörðust í samningum um fiskverðið, yrði verkfall, sem hefði getað orðið verulegt tjón af. En þetta leystist þar á síðustu stundu á þann hátt, að þar tókst sjómönnum að knýja útgerðarmenn til þess að láta af sínum hluta sem þessu nam, þessum 9 aurum, sem ríkisstj. ætlaði með sérstakri löggjöf frá Alþingi að lækka skiptaverðið um, og útgerðarmenn þar urðu að borga sjómönnum þetta viðbótarverðmæti, þannig að þeir gætu haldið áfram að fá það, sem þeir höfðu sannanlega um samið, þessa 20 aura á kg. Útkoman er svo sú, að sjómenn í stærstu verstöðinni, í Vestmannaeyjum, búa við allt önnur kjör en sjómenn á öðrum stöðum.

Ja, hvað verður svo, t. d. 1. næsta mánaðar, þegar gert er ráð fyrir því, að lækkunarregla ríkisstj. komi til greina og fiskverðið detti niður um þessa 9 aura frá því, sem um var samið? Það skyldi vera, að það yrðu ekki einhvers staðar truflanir í rekstri af þessum ástæðum?

Ég tel fyrir mitt leyti, að þetta ákvæði eða vinnubrögðin í þessum efnum hafi verið mjög óheppileg og óeðlileg á allan hátt. Hitt er svo vitanlega ekkert nýtt atriði, að það er hægt að deila um það endalaust, hvort réttmætt hefði verið, að sjómenn fengju í þessu tilfelli meiri hækkun en 11 aura á hvert fiskkíló eða minni. Það er vitanlega alltaf hægt að deila um það, hvað eigi að ganga langt til móts við þeirra kröfur um bætt kjör. Á undanförnum árum hefur verið reynt að bæta kjör bátasjómanna allverulega. Ég álít, að þar hafi verið stefnt í rétta átt. Það er mín skoðun, að þó að nú hafi verið samið við bátasjómenn um 20 aura hækkun á skiptaverðinu, þá hefði það aðeins verið til góðs. Ég segi það hins vegar alls ekki, að aðrar tillögur í þeim efnum hafi ekki átt fyllilega rétt á sér líka, að þarna yrði samið um eitthvað minna. Það er vitanlega alltaf álitamál, og ég fyrir mitt leyti hefði ekki mælt með því að fara þarna upp í hæsta hún, hefði það orðið til þess, að allt hefði hér gengið úr böndunum í kaupgjaldsmálum af þeim ástæðum. En ég tel enga ástæðu til að búast við því í þessu tilfelli.

Eins og ég vék að í upphafi míns máls, þá er aðalatriðið í sambandi við þetta frv. ekki samningarnir, sem nú eru orðnir að veruleika, við útgerðarmenn, hvort þeir hafi fengið nokkru betri rekstrargrundvöll en þeir bjuggu

við áður eða ekki eða búi hér við nákvæmlega sama. Það er vitanlega hægt að halda því fram. Ég hef gert hér grein fyrir minni skoðun í þeim efnum og hef mína skoðun alveg ákveðna í því. Það er ekki aðalatriðið. Aðalatriðið er hitt, að hér er verið að setja löggjöf til þess að leysa þann vanda, sem við var að glíma í efnahagsmálunum, og það er vitanlega engin lausn á þeim vanda að lögfesta aðeins ný loforð, aukin útgjöld, en sjá ekki fyrir á sama tíma neinum nýjum tekjum. Ég er alveg sannfærður um það eftir þá reynslu, sem hefur fengizt í þessum efnum áður, að það verður útgerðinni í landinu ekki til góðs, að stefnt sé í þá átt að stórauka skuldahalann í sambandi við loforðin til útgerðarinnar. Það var það, sem háði henni alveg sérstaklega einmitt eftir að ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. lét af völdum 1956.

Ég vil svo ljúka þessum hugleiðingum frá minni hálfu með því að inna enn einu sinni eftir því við hæstv. forsrh., sem reyndar fleiri ræðumenn hér hafa gert, hvort ekki sé mögulegt, jafnhliða og gengið er frá þessu frv. hér á Alþ., að setja inn í frv. tekjuöflunarliðina á móti, ákveða nú í sambandi við afgreiðslu þessa frv., hversu mikið á að taka frá ríkissjóði til útflutningssjóðs í þessu skyni, ákveða tekjuhliðina hér jafnframt, eða þá a. m. k. fá hér hreina og klára yfirlýsingu frá hinum stjórnarflokknum, Sjálfstfl., að hann standi með Alþfl. að þessum hugleiðingum, sem hæstv. forsrh. gerði hér grein fyrir að hann gæti hugsað sér í sambandi við tekjuöflun til þess að leysa þennan vanda. Ég inni eftir því einu sinni enn, hvort ekki er hægt að fá hér afgreidda báða þætti þessa máls, svo þýðingarmikið sem málið er í eðli sínu.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Vegna þeirra ummæla, sem fallið hafa í þessum umr., þykir mér rétt að ítreka það, sem kom fram af minni hálfu í umr. um stöðvunarfrv. hæstv. ríkisstj., að réttara hefði verið að mínu áliti og okkar sjálfstæðismanna, að allt þetta vandamál hefði verið leyst samtímis, að samið hefði verið við útgerðina, tekjuöflun ákveðin og afgr. fjárl. allt í einu eða um svipað leyti, þannig að alþm. og allir aðilar hefðu getað tekið afstöðu til málsins í heild, en ekki í smábitum, eins og nú er óhjákvæmilegt að gert verði.

Ég drap á það þá, að þetta kynni að hafa leitt til þess, að eitthvað hefði frestazt, að flotinn hefði lagt úr höfn eftir áramótin, og ég skildi, að hæstv. ríkisstj. hefði valið þann kost að koma flotanum sem fyrst á veiðar, þó að þessir annmarkar fylgdu.

Sannleikurinn er sá, að hæstv. ríkisstj. hafði einfaldlega ekki ráðrúm til þess, ef ekki átti að verða töluverður dráttur á því, að flotinn gæti farið á veiðar, að hafa þann hátt á, sem ég nú gerði grein fyrir að æskilegastur hefði verið. Það var afleiðing þess, hversu hæstv. ríkisstj. tók við völdum seint á árinu, að hún hefur einfaldlega ekki komizt til þess að afgr. málið með öðrum hætti en gert hefur verið. Hún varð að snúa sér að því fyrst að koma flotanum af stað, síðan að semja sitt stöðvunarfrv., leggja þetta frv. fram, og þar næst er ætlunin, að því er mér hefur skilizt, að snúa sér að afgreiðslu fjárlaga.

Það má segja, eins og ég hef bent á, að annar háttur hefði verið æskilegri. En ég tel, að hæstv. ríkisstj. sé engan veginn aðfinningarverð fyrir að hafa haft þennan hátt á vegna þess, hvílíkt neyðarástand ríkti, þegar hún tók við völdum, og hversu snöggar ákvarðanir og skjótar framkvæmdir þurftu að verða, til þess að ekki stöfuðu vandræði af.

Mér er ljóst, að þessu eru ýmsir annmarkar samfara. Ég drap á þá í umr. um daginn og skal ekki ítreka þá nú. En mér finnst það koma úr hörðustu átt, þegar hv. 2. þm. S-M. (LJós) vítir nú hæstv. ríkisstj. fyrir þetta og telur það með einhverjum ósköpum, að hún skuli fara svona að. Það var einmitt sami hátturinn, sem fyrrv. hæstv. ríkisstj., sú sem þessi hv. þm. var sjútvmrh. í, sami hátturinn, sem hafður var á af hennar hálfu á s. l. ári. Þá voru útgerðarmönnum gefin tiltekin fyrirheit um áramótin, en það var ekki fyrr en í maílok, sem hæstv. ríkisstj. kom sér saman um ráðstafanir til þess að efna þau fyrirheit.

Það væri að vísu gott, ef hv. þm. hefði lært af reynslunni. Hann talaði um, að nú mundi skapast mikill hali og verða vandræði, þegar á árið liði, úr því að þessi háttur væri á hafður. Já, hann talar þarna af reynslu. Loforðin, sem gefin voru fyrir áramót eða um áramótin 1957—1958, voru ekki efnd fyrr en með bjargráðalögfestingunni í maílok 1958, og nú erum við að finna afleiðingarnar af þeim ósköpum, sem þá voru lögfest, að í stað þess, að verðbólgan hefur frá 1946 þangað til nú á ári vaxið um 10% að meðaltali, þá er afleiðing þessara bjargráða, efnda hæstv. fyrrv. sjútvmrh. og félaga hans á loforðunum til útgerðarmanna fyrir liðlega ári, áhrif þeirra eru þau, að verðbólgan vex a. m. k. um 20—30% og sennilega meira árlega að dómi þess sérfræðings, sem hæstv. fyrrv. ríkisstj. aðallega byggði ráðstafanir sínar á, að svo miklu leyti sem þær horfðu í skynsamlega átt, þótt hún yfirgæfi hans till., þegar til úrslita kom, þannig að allt varð botnlaust að lokum.

Það er því sízt að ófyrirsynju, að hv. þm. talar um, að þessi háttur kunni að hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér, og einmitt með vitundina um þá hættu hefðum við sjálfstæðismenn kosið, að allt annar háttur hefði verið á hafður, sem því miður var ekki hægt að koma við nú.

En ég treysti því fastlega, að hæstv. ríkisstj. láti ekki dragast fram í maí, eins og hennar fyrirrennari gerði, að efna sín loforð og standa við þau fyrirheit, sem gefin hafa verið, og hún skilji þá ekki allt eftir botnlaust eins og hennar fyrirrennari gerði, heldur treysti ég því, að strax og meðferð stöðvunarfrv. er lokið, þá verði farið í að semja fjárl., ljúka samþykkt þeirra á allra næstu vikum. Og þó að enn sé ekki komið samkomulag á milli flokka um afgreiðslu þeirra, einfaldlega og fyrst og fremst af þeirri

ástæðu, að ekki hefur unnizt tími til þess að snúa sér að meðferð þeirra sökum þeirra miklu anna, sem hæstv. ríkisstj. hefur verið í varðandi þá málaafgreiðslu, sem hún hefur þurft að annast á fáum vikum, en að réttu lagi hefði þurft mánaða undirbúning til, treysti ég því, að þá komist á samkomulag milli meiri hl. þings um miklu skaplegri meðferð þeirra mála en hingað til hefur verið.

Þetta verður að sýna sig, hvernig til tekst. Um það skal ég engu spá. En þeir, sem hér hafa verið með aðfinningar af þessum efnum, ættu sízt að hafa haft þær í frammi til þess að rifja upp og minna landslýðinn enn á þann hörmungarviðskilnað, sem þeir höfðu á þessum málum.

Um einstaka liði þessa frv. skal ég ekki fjölyrða. Þeir verða að sjálfsögðu athugaðir nánar í n. Hv. 2. þm. S-M. vildi halda því fram, að útgerðarmenn hefðu fengið of mikið. Í öðru orðinu sagði hann þó, að vel mætti vera, að ekki hefði verið hægt að ná betri samningum en hér er gert. Ég verð að segja, að með þessu ómerkti hann gersamlega allar sínar aðfinningar. Ég vil benda á, að þessir samningar eru nú gerðir af sömu sérfræðingum og unnið hafa að málum undanfarin ár. Eina breytingin, sem orðin er, er sú, að nú hefur hæstv. forsrh. fyrst og fremst fylgzt með þessum samningum, Emil Jónsson, í stað hæstv. fyrrv. sjútvmrh., Lúðvíks Jósefssonar. Ég veit ekki um neinn mann á Íslandi, sem hefur hælt sjálfum sér af því, að hann hafi veitt útgerðarmönnum betri fyrirgreiðslu og meiri en hæstv. fyrrv. sjútvmrh.

Eina breytingin er þá sú frá því, sem verið hefur, að í stað þess, að nú var ekki þessi maður við, sem að eigin sögn var ætíð reiðubúinn til þess að rétta eina gjöfina eftir aðra að útgerðarmönnum, nú er hann farinn frá og annar tekinn við. Mér sýnist það sízt benda til þess, að líklegt sé, að útgerðarmenn hafi nú fengið óhóflega mikið. Þetta þarf auðvitað að rannsaka og verður sjálfsagt skoðað ofan í kjölinn.

En að gefnu þessu tilefni frá hv. 2. þm. S-M. um það, hve útvegurinn hafi haft góða afkomu á s. l. ári, vil ég spyrja hæstv. sjútvmrh. núverandi að því, hvort það sé rétt, að a. m. k. tveir togarar hafi nýlega lent í stórkostlegum vanskilum, annar þeirra liggi ónotaður í höfn á Austurlandi og togari úr nágrannakaupstað þar sé svo illa staddur, — og ég hygg, að hv. 2. þm. S-M. sé þar engan veginn sérstaklega ókunnugur, — hann sé svo illa staddur, að ríkissjóður hafi hans vegna nýlega orðið að greiða 800 þús. kr. Ef þetta er rétt, þá bendir það sízt af öllu til þess, að útvegurinn hafi verið ákaflega vel staddur á s. l. ári. Eða hefur þessum fyrirtækjum tveimur verið svo sérstaklega illa stjórnað, að ríkisstj. þurfi þar að taka í taumana og gera sérstakar ráðstafanir?

En það er ekki nóg, að þessu sé svarað. Ég vil eindregið skora á hæstv. ríkisstj. að gera Alþingi grein fyrir fjárreiðum þessara fyrirtækja og annarra slíkra, þannig að alþm. fái betri skil á þeim stórkostlegu fjárhæðum, sem þarna virðast vera að ganga í súginn.

Að lokum vil ég segja það, að þessar umr. með mati á því, hvort eigi að borga nokkrum aurum meira eða minna með hverju fiskkílói og annað slíkt, sýna betur en flest annað réttmæti þess, sem ég lagði áherzlu á í umr. á dögunum, að allt þetta kerfi er búið að ganga sér til húðar, að Alþingi Íslendinga er sízt af öllu hæfur vettvangur til þess að annast ákvarðanir þessara mála, enda er það svo, að það er ekki Alþingi sjálft, sem þeim ræður nú frekar en áður. Það er ríkisstj., sem um þetta semur, í stað þess að þetta sé ákveðið eftir eðlilegum lögmálum viðskiptalífsins, sem er ein brýnasta nauðsyn að verði á ný tekin til heiðurs og gildis á Íslandi.

Umr. frestað.

Á 63. fundi í Nd., 27. jan., var fram haldið 1. umr. um frv.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það var hér fyrst og fremst í sambandi við nokkur ummæli, sem féllu í umr. í gær hjá hv. 1. þm. Reykv. (BBen), sem ég vildi segja hér nokkur orð.

Hv. þm. lýsti því yfir, að hann teldi rétt, eins og ég hafði bent á í minni ræðu, eða að heppilegra hefði verið, að afgreiðsla á efnahagsmálinu sem heild hefði hér legið fyrir í einu lagi, helzt í einu frv., en væri ekki slitin í sundur á þann hátt, sem hér væri gert. En hann vildi hins vegar reyna að afsaka þessi vinnubrögð með því, að vegna sérstakra aðstæðna nú hefði ekki verið hægt að koma öðru við. Það hefði verið hætt við því, að önnur vinnubrögð hefðu leitt til þess, að flotinn hefði stöðvazt og við fengið hér efnahagslegt tjón af því.

Þetta er nú vitanlega aðeins tilbúin afsökun hjá hv. þm. Málið liggur vitanlega ekki fyrir á þessa lund. Það hefur enginn fundið hér að því, að hæstv. ríkisstj. snerist strax í því fyrir áramótin og dagana eftir áramótin að semja við útgerðina í landinu og koma flotanum af stað. Enginn hefur fundið að því. Það var vitanlega sjálfsagt.

Það, sem hins vegar ágreiningurinn stendur um, er þetta, hvort það sé réttmætt að leggja hér fram frv., sem gerir ráð fyrir stórkostlegum nýjum útgjöldum hjá útflutningssjóði, en hefur ekki að geyma neinar till. um tekjur fyrir þennan sama útflutningssjóð. Ég hefði talið, að það væri miklu eðlilegra að láta þetta frv. bíða og alla afgreiðslu þess, þar til þetta lægi fyrir, jafnvel þótt það þyrfti að bíða fram í maímánuð.

Nei, það, sem hér er raunverulega verið að gera, er það, að það á að slá föstum útgjöldunum með lagasetningu frá Alþingi yfirleitt í öllum aðalgreinum, en það á að víkja sér undan þeim vanda, sem felst í því að ákveða, hvaðan tekjurnar skuli koma og hve miklar tekjurnar skuli vera, sem sjóðurinn á að fá til þess að standa undir þessum nýju útgjöld-

um. Og það er mér alveg ljóst líka, að það er m. a. flokkur hv. 1. þm. Reykv., sem er að reyna að skjóta sér undan þessum vanda, og hann ætlar að reyna að geyma fram yfir næstu tvennar kosningar, þangað til á næsta hausti, að þurfa að standa við þessi loforð eða sjá um greiðslur á þeim.

Þá var önnur afsökun þessa hv. þm. sú, að ekki færist mér og þeim, sem hefðu verið í fyrrv. ríkisstj., að kvarta undan því, að þessi háttur væri nú hafður á, því að svona hefði það einmitt verið í tíð fyrrv. ríkisstj. Hún hefði veitt útgerðarmönnum og framleiðendum ný loforð um uppbætur um áramótin eða í ársbyrjun 1958, en hefði hins vegar ekki aflað tekna fyrr en í maímánuði, eða nærri því mánuði síðar, og var allstórorður í þeim efnum og taldi, að við ættum ekki að gefa tilefni til þess að rifja hér upp þann hörmungarviðskilnað, eins og hv. þm. orðaði það, sem hefði verið hjá fyrrv. ríkisstj. í þessum efnum.

Öllu er þessu nú snúið öfugt hjá hv. þm. Sannleikur málsins er sá, að þannig stóðu þessi mál um þessi áramót, sem hann minntist hér á, eða í árslok 1957, ársbyrjun 1958, að þá skuldaði útflutningssjóður, sem átti að sjá um bætur til framleiðslunnar, þegar allt var til tínt þar, um 24 millj. kr. samkvæmt því, sem reikningar liggja fyrir um. En hann hafði unnið svo mikið á frá þeim tíma, sem þessi hv. þm. fór frá völdum eða úr ríkisstj., hv. 1. þm. Reykv., að þá hafði þessi skuld numið yfir 120 millj. kr. Það var því sannarlega verið að grynna hér á. Árið 1957 gekk þannig, að það var ekki aðeins staðið að fullu og öllu í skilum með það, sem þá féll raunverulega til, heldur var einnig verið að vinna stórkostlega upp að greiða upp gamlan skuldahala. Þetta veit hv. þm. mætavel.

Þau nýju loforð, sem síðan voru gefin í sambandi við samninga til framleiðslunnar í ársbyrjun 1958, voru mjög óveruleg. Það var metið, að heildarútgjaldaaukningin hjá útflutningssjóði mundi verða vegna þeirra samninga í kringum 25 millj. kr. Það var því ekkert, sem beinlínis lá á með það, eins og málin stóðu þá um áramótin, að fá samþykkta nýja tekjustofna fyrir útflutningssjóð, enda var þá vandinn í rauninni miklu meiri, eins og honum var uppstillt þá, vegna ríkissjóðs. Það var rétt, að það voru uppi deilur um það, hversu líklegt væri með tekjur útflutningssjóðs á árinu 1958. Það var alveg augljóst mál, að ef jafnilla tækist til með aflaföng á árinu 1958 og var á árinu 1957, þá mundi hafa orðið allverulegur halli hjá útflutningssjóði og auðvitað hjá ríkissjóði einnig. En ef menn hefðu leyft sér að vona, að það yrði nokkrum mun betra árferði með aflaföng á árinu 1958 heldur en var á árinu 1957, eins og ég m. a. gerði mér vonir um, þá var í rauninni ekki undan neinu að kvarta í þessum efnum.

Að vísu var það svo, að það lá fyrir, en um það höfðu ekki verið gerðir samningar í ársbyrjun 1958, að það var nauðsyn á því að bæta rekstrarafkomu togaraflotans frá því, sem verið hafði. Það var vitað mál, að togaraflotinn hafði verið rekinn með miklum halla á undanförnum árum, og þó að rekstrargrundvöllur hans væri bættur allmikið á árinu 1957, þá hrökk það hvergi til, vegna þess að afli var með eindæmum lélegur hjá togurunum árið 1957. Á því ári héldu því togararnir áfram að tapa líka. Nú tókust ekki samningar við togaraeigendur í ársbyrjun 1958. Það var því ekki búið að ákveða, hvaða bætur ætti að heita togurunum að nýju, og það var ekki gert fyrr en í maímánuði. Þar til bjuggu þeir við óbreytt kjör frá því, sem áður hafði verið. En það var mér ljóst, að það var gjarnan þörf á því að bæta rekstrarafkomu togaranna frá því, sem verið hafði, nema þá skipti stórlega til hins betra með afla hjá togurunum.

Svona lá þetta fyrir, og af þessum ástæðum, sem ég hef nú greint, er þessi afsökun hjá hv. þm. líka röng. Hún fær heldur ekki staðizt. Það er ekki neinu saman að líkja, því, sem nú er verið að gera, og því, sem gert hafði verið áður í tíð fyrrv. ríkisstj. í þessum efnum.

Það blandast auðvitað engum manni hugur um það, að verði útflutningssjóði nú ekki séð fyrir nýjum tekjum með einum eða öðrum hætti upp á 150—200 millj. kr., þá hlýtur að skapast hér mjög verulegur skuldahali hjá sjóðnum. Það er ómögulegt, að öðruvísi fari.

Hv. 1. þm. Reykv. reyndi að snúa út úr orðum mínum með það, sem ég hafði sagt viðvíkjandi samningum þeim, sem gerðir höfðu verið við útgerðarmenn, sagði, að ég hefði sagt hér, að vel mætti vera, að ekki hefði verið hægt að ná betri samningum fyrir útflutningssjóð og ríkið en gert var, en með því að ég hefði sagt þetta, þá hefði ég líka kippt grundvellinum undan aðfinnslum mínum eða umsögn minni um það, að nú hefði verið gert betur við útveginn en áður. Þetta er alger misskilningur hjá hv. þm. Ég hef aðeins sýnt fram á það í rauninni með alveg óyggjandi dæmum, enda treystir hann sér ekki til þess að hrekja það á neinn hátt, að samningarnir við útgerðina nú eru á þeim grundvelli, að rekstrarafkoman ætti að vera nokkru betri en áður. Með því er ekki sagt, að það hafi ekki verið nauðsynlegt kannske eða ekki hægt að komast hjá því, til þess að samningar fengjust og til þess að samningar fengjust í tæka tíð, að fallast á auknar kröfur frá útgerðinni. Ég er ekki að dæma um það. En ég álít, að það eigi að koma fram, sem rétt er, að það hefur verið samið við hana á nokkru hagstæðari grundvelli en áður hefur verið gert.

Ég vil líka vekja athygli á öðru. Það er alveg furðulegt, að þeir, sem standa að þessum samningum, skuli skammast sín fyrir að hafa gert slíka samninga. Af hverju vilja þeir ekki viðurkenna, að þeir hafi gert samninga, sem bæta hag útgerðarinnar nokkuð frá því, sem áður var? Hvers vegna þurfa þeir að afneita því, þegar það liggur alveg ljóst fyrir?

Ég hef sagt það hér, að ég er ekki fyrst og fremst að deila á það, að hér hafi verið gert betur við útgerðina. Ég hef aðeins leitt í ljós, að það hafi verið gert. En ég segi: Það,

sem skiptir þó útgerðina enn þá meira máli en góðir samningar, en há loforð, það er það, að séð sé um það alveg örugglega, að hægt sé að standa við loforðin.

Í framhaldi af þessu kom svo hv. 1. þm. Reykv. með nokkuð furðulegar dylgjur í sambandi við rekstrarafkomu og rekstraraðstöðu nokkurra togarafélaga og nefndi þar tiltekna aðila. Það var auðvitað ekki gott að átta sig á því, hvaða tilefni varð til þess að koma með þessar slúðursögur, sem hann var hér með. Ja, maður skal helzt halda það, að það hafi verið í tilefni af því, að ég hafði sagt, að um það væri ekki að villast, að afkoma útgerðarinnar almennt séð hafi verið heldur hagstæð á s. l. ári. Líklega hefur hv. þm. ætlað sér að reyna að afsanna það, að svo hafi verið. En ég vil segja honum það, að hann fær ekki marga, ekki einu sinni neinn útgerðarmann, hygg ég, til þess að reyna að halda því fram með sér, að afkoma t. d. togaraútgerðarinnar hafi verið sérlega léleg á s. l. ári. Nei, það munu allir viðurkenna, að almennt séð var rekstrarafkoman hagstæð, enda hefur farið fram athugun á þessu af hálfu ríkisstj., og liggja þar fyrir óyggjandi skýrslur um það, sem sýna, að rekstrarafkoman hjá togaraflotanum var, þegar litið er á heildina, mjög góð. Og svipað má segja um ýmsar aðrar greinar sjávarútvegsins, að rekstrarafkoman var hagstæð.

Hitt er svo alveg rétt, sem hæstv. forsrh. sagði hér í umr. um málið, að þó að rekstrarafkoma togaranna t. d. hafi verið hagstæð í fyrsta skipti nú um langan tíma á s. l. ári, þá mun hafa verið alveg fullnóg fyrir togarana að gera við þann rekstrarafgang, sem almennt hefur orðið, til þess að greiða upp nokkuð af þeim töpum, sem á þá hafa fallið á undanförnum árum. Það er allt annað mál. Togaraútgerðin þurfti sannarlega á þessu að halda, eins og komið var, almennt séð.

En ég skal víkja svolítið nánar að þessum dylgjum hv. 1. þm. Reykv. viðvíkjandi tilteknum togaraútgerðum, sem munu hafa reynzt vera í vanskilum.

Hann minntist á togaraútgerð á Austurlandi og alveg sérstaklega á Seyðisfirði, þar sem togari mundi nú hafa legið um skeið vegna taprekstrar eða erfiðra fjárhagsástæðna, og bætti því svo við, að einnig ekki ýkja langt þar frá mundi líka fyrirfinnast togari, þar sem fjárhagurinn væri ekki í góðu lagi og ríkissjóður hefði þar jafnvel nýlega þurft að hlaupa í skarðið og greiða allstórar fjársummur.

Það skal tekið fram, að í fyrsta lagi eru gerðir út í landinu yfir 40 togarar og allir þeir, sem a. m. k. þekkja nokkuð til útgerðarrekstrar, vita, að það fer aldrei svo, þó að hin almenna afkoma sé hagstæð, að þá finnist ekki eitthvert skip í flotanum eða einhver aðili, sem ber skarðan hlut frá borði og kann að lenda í erfiðleikum. Þar vitanlega grípur svo margt inn í, og það er því aðeins af fáfræðinni einni saman, ef ekki af öðru enn lakara, sem menn eru að færa fram sem eitthvert sönnunargagn, þó að þeir geti fundið eitthvert eitt skip eða svo, sem illa hefur farið út úr rekstrinum, eins og það sé nokkurt sönnunargagn um það, hver afkoman hafi verið almennt séð.

En það er nauðsynlegt í þessu efni að upplýsa þennan hv. þm. um það, hvernig málin standa í þessu efni. Við vitum það flestir, að mjög stóran þátt í hinni tiltölulega góðu afkomu togaranna á s. l. ári á hin mikla karfaveiði, sem varð á árinu, þar sem togararnir hafa veitt á s. l. ári um og yfir 80 þús. tonn af karfa við Ameríkustrendur og flutt hingað heim til vinnslu. Þetta er jafnvel langstærsta ástæðan til þess, að afkoma togaranna hefur verið allgóð.

Nú gefur það auga leið, a. m. k. fyrir þá, sem eru kunnugir, að einmitt togarar á Austurlandi liggja þarna mjög illa við, og er nálega ókleift fyrir suma þeirra að notfæra sér þessa miklu veiði. Smærri togararnir á Austfjörðum geta varla tekið þátt í þessum veiðum, ef þeir ætla að reyna að sinna atvinnuástandinu heima fyrir. Það mundi taka þá fulla 8 sólarhringa að sigla á miðin og af miðunum aðra 8 sólarhringa. Þetta hefur orðið til þess, að m. a. Seyðisfjarðartogarinn hefur ekki treyst sér til þess að taka þátt í þessum veiðum nema að sáralitlu leyti með örfáa túra, þar sem hann hefur þá orðið að landa aflanum hér fyrir sunnan. Svipað er að segja um Fáskrúðsfjarðartogarana tvo, að það hefur farið svipað hjá þeim. Og vegna þessa hafa þessir togarar reynt í lengstu lög að halda áfram fiskveiðum hér við land og landa aflanum heima með vitanlega miklu lakari afkomu.

Hvernig svo sem líður að öðru leyti fjárstjórn togaraútgerðar á Seyðisfirði og þar á fjörðum, — það skal ég ekki segja um, ég er ekki kunnugur um það, — veit ég mætavel, að það er alltaf svo, að nokkur munur er þar á, hvernig á málum er haldið. En ég efast ekkert um, að mjög stór ástæða í þeim efnum, að þarna er um fjárhagsörðugleika að ræða, mjög stór ástæða í sambandi við Seyðisfjarðarútgerðina liggur einmitt í þessu, að aðstaða þeirra öll til þess að stunda þessar veiðar hefur verið miklu lakari.

En þetta var aðeins hliðarspor hjá hv. þm., því að það var auðvitað alveg greinilegt, að það, sem miðað var á í þessum efnum, var ekki Seyðisfjarðartogarinn eða aðrir togarar á Austfjörðum. Hv. þm. hélt, að hann gæti náð sér eitthvað niðri á mér með því að nálgast Norðfjarðartogarann, þar hlyti hann þó að ná sér eitthvað niðri á mér, og er það vel í samræmi við annan málflutning hjá þessum hv. þm. í sambandi við þær efnisumr., sem hér fóru fram.

Þetta er auðvitað, hvernig sem á það mál er litið, allt saman ein samfelld skekkja hjá þessum hv. þm. Í fyrsta lagi nær hann sér ekkert niðri á mér frekar en sínum eigin flokksmönnum, því að það hefur nefnilega verið þannig háttur á í sambandi við útgerðarrekstur togarans á Norðfirði, að frá upphafi vega, — það eru ekki nema tæp tvö ár, sem þessi togari hefur verið í rekstri, hann er eitt af okkar nýjustu skipum í flotanum, — þá hefur rekstr-

arstjórn þessa skips verið í höndum allra flokkanna í Neskaupstað. Það hefur verið fjögurra manna útgerðarstjórn þar: einn sjálfstæðismaður, einn sósialisti, einn framsóknarmaður og einn Alþfl.-maður, jafnvel þó að Alþfl. hafi þar engan mann átt í bæjarstjórn, af því að það hefur verið fullkomið samkomulag á milli flokkanna þar, að þeir skyldu þar allir hafa jafna aðstöðu til, svo að það er mikill misskilningur, ef hv. þm. heldur, að hann nái sér eitthvað niðri á mér sérstaklega, jafnvel þó að það fyndist, að þeim hefði eitthvað skjöplazt með stjórnina austur í Neskaupstað á þessum togara. Það er líka misskilningur.

En hvernig er þetta svo, sem hann er að slúðra hér með varðandi sérstakar greiðslur, sem hafi þurft að inna af höndum fyrir togarann Gerpi? Jú, það er rétt, það hafa nú fyrir skömmu verið greiddar rúmar 800 þús. kr. vegna ríkisábyrgðar fyrir þetta skip í sambandi við kaup á skipinu úti í Þýzkalandi. En ætli þetta sé eitthvað nýtt í sambandi við togarann? Ég veit ekki betur en að afborganir og vextir vegna ríkisábyrgðar á erlendum lánum hafi verið greidd og einnig á s. l. ári fyrir alla þá togara, sem ríkið hefur verið í ábyrgð fyrir í sambandi við erlend lán. Af þeim tíu togurum, sem keyptir voru í Englandi 1949 og 1950 og tekið var enskt lán fyrir og ríkissjóður var í ábyrgð fyrir, hefur þetta verið greitt. Þannig hafa verið greiddar allar afborganir og vextir fyrir tvo af Patreksfjarðartogurunum, einn af Ísafjarðartogurunum, einn af Akureyrartogurunum, því að þangað fóru þessi skip, og einn af Hafnarfjarðartogurunum. Hér er því ekkert sérstakt á ferðinni, nema það eina, sem má segja að sé sérstakt í þessu sambandi við Gerpi, að það hefur staðið algerlega sérstaklega á með Gerpi. Hann er keyptur nú nýlega á tvöföldu verði á við hin skipin. Og vegna þess að það er enginn stofnlánasjóður til í landinu til þess að veita stofnlán til kaupa á nýjum togara, þá varð vitanlega að sæta afarkostum, þegar svo vildi til, að slík óhöpp bar að höndum eins og það austur frá, austur í Neskaupstað, þar sem þeir misstu sín skip og það þótti sjálfsagt að ráðast í að kaupa nýtt skip í staðinn. Og fyrrv. ríkisstj. Sjálfstfl. og Framsfl. stóð dyggilega að því að hjálpa bæjarstjórninni í Neskaupstað til þess að fá skip í skarðið, þegar hún hafði misst bæði sín skip vegna slysfara, en það var enginn stofnlánasjóður til í landinu til þess að veita hér eðlileg lán. Það varð því að kaupa skipið með þeim hætti, að helminginn af andvirði skipsins — eða 6 millj. kr. — varð að taka að láni hjá skipabyggingarstöðinni í Þýzkalandi aðeins til 4 ára, og síðan tókust samningar hér við Framkvæmdabankann um það, að hann ætlaði að reyna að lengja þetta lán ásamt nokkru viðbótarláni, sem hann veitti, lengja þetta lán þannig, að einhverjar líkur væru til þess, að útgerðin gæti staðið undir þessu.

Svo hefur það gerzt með Gerpi, einn allra togaranna, sem svona hefur staðið á um að eiga erlent lán, að hann hefur vogað sér út í það að borga nokkurn hluta af sínum lánum sjálfur. Það hafa fallið á útgerðina 4 víxlar samkv. þessum stuttu lánum. Ríkissjóður hefur greitt einn, útgerðin hefur greitt þrjá. Önnur skip hafa ekki borgað af sínum lánum. En það er rétt, einn aðili, bæjarsjóður Reykjavíkur, hefur endurgreitt ríkinu það, sem ríkið hefur lagt út fyrir Reykjavíkurtogarana, fyrir bæjarútgerðartogara Reykjavíkur.

Sé þetta athugað enn nánar í sambandi við Gerpi, þá hefur hann í þessu sambandi enn meiri sérstöðu. Hann er í hópi þeirra, sem fá á sig með miklum þunga yfirfærslugjaldið frá því á s. l. vori. En af því að hér var enginn stofnlánasjóður, sem gat lánað út á skipið, þegar það er keypt, með eðlilegum hætti, þá verður að taka þetta stutta erlenda lán, og yfirfærslugjaldið fellur með miklum þunga á í þessu tilfelli. Þegar síðasta afborgunin átti að fara fram, þá var bara yfirfærslugjaldið af afborgununum og vöxtunum yfir 500 þús. kr. En ríkið hefur sem sagt lagt út í þessu tilfelli fyrir skipið rúmar 800 þús. kr. Sú upphæð nemur ekki einu sinni alveg því, sem yfirfærslugjaldið nemur, sem féll til viðbótar á það, sem afborganir og vextir voru við rétta samninga.

Það er því engin ástæða til þess að vera að dylgja neitt um það í almennum umr. hér á Alþ., hvorki til þess að reyna að beina skeytum að mér né yfirleitt útgerð Gerpis, að hann sé eitthvert sérstakt dæmi um það, hversu óskaplega hafi gengið illa. Ég vil líka benda á, að fyrrv. ríkisstj. var það ljóst og öllum, sem hafa haft með þessi mál að gera, að það sköpuðust ákveðin vandamál í sambandi við stutt erlend lán hjá útveginum í landinu yfirleitt við tilkomu yfirfærslugjaldsins 55%. Það voru vitanlega margir fiskibátar, sem höfðu verið keyptir til landsins á undanförnum árum, þar sem nokkur hluti af stofnverðinu stóð enn þá í erlendri skuld, og þessar erlendu skuldir stórhækkuðu á þessum aðilum með tilkomu 55% gjaldsins. Hvernig fór þetta í framkvæmd? Það fór þannig í framkvæmd gagnvart öllum bátaflotanum í landinu, sem hér átti hlut að máli, að fiskveiðasjóður og bankarnir urðu að greiða út þessi 55% fyrir þessa aðila með auknum lánveitingum. Um þetta var samið alveg sérstaklega fyrir þessa aðila. En Gerpir vitanlega hefur ekki komizt undir þetta, af því að það var enginn lánveitingasjóður til, sem stóð að því, að hann gæti fengið venjulegt lán. Hefði hann notið þar sömu réttinda og aðrir, þá hefði ekki einu sinni komið til þess, að það hefði þurft að greiða þessa upphæð.

Auk þessa gildir vitanlega það í sambandi við rekstur þessa skips, sem hér hefur verið reynt á ósmekklegan hátt að draga inn í umr. af hv. 1. þm. Reykv., að það hefur vitanlega gilt um Gerpi eins og aðra Austfjarðatogara, að hann hefur ekki haft sömu aðstöðu til þess að afla með það fyrir augum að koma aflanum heim til verkunar og skipin hér suðvestanlands og annars staðar á landinu í sambandi við þessi fjarlægu fiskimið, þó að hann hafi hins vegar haft betri aðstöðu en hinir Austfjarðatogararnir til þess að sækja þessi mið og gert það líka meira. Svo kann vel að vera,

að stjórnin hjá þeim við fyrirtækið hafi ekki heldur verið upp á það bezta, ekki skal ég neita því. Ég hef ekki haft hlutdeild í því nú og skal ekki taka þar neitt í forsvar, en ég hygg samt, að það hafi verið svipað því, sem hefur verið í flotanum.

En eitt vil ég svo benda á, að Gerpir hefur orðið fyrir því tjóni, sem er út af fyrir sig mjög alvarlegt. Við höfum keypt tvo togara nú í seinni tíð frá Vestur-Þýzkalandi og haldið, að við værum þar að kaupa það bezta, sem við áttum völ á. Það hefur hins vegar til tekizt svo, bæði með Gerpi og Reykjavíkurtogarann Þormóð goða, sem þarna hafa verið keyptir, að á þessum skipum hafa komið fram mjög alvarleg tjón. Vegna óviðráðanlegs vélatjóns, þar sem byggingarfirmað sjálft viðurkennir sökina á sig og verður að greiða útlagðan kostnað vegna viðgerðarinnar, hefur Gerpir þurft að liggja úti í Þýzkalandi tvívegis á s. l. ári í alllangan tíma frá rekstri af þessum sökum. Hið sama hefur komið fyrir Reykjavíkurtogarann Þormóð goða. Og hann verður einmitt núna um þessar mundir að fara út vegna slíks tjóns.

Svona atvik geta vitanlega alltaf komið fyrir og kunna kannske að vera góð til þess, að hv. 1. þm. Reykv. geti belgt sig hér út um það, að þarna hafi svona tekizt til, og ætlar að nota það sem sönnun fyrir því, að rekstrarafkoma útgerðarinnar í landinu hafi verið léleg. En það verða ekki metin þungbær rök.

Ég skal svo ekki orðlengja um þetta frekar. Ég held, að um það sé ekki að villast, að hagur sá, sem togaraflotinn hefur búið við á undanförnu ári, miðað við allgóðan afla, hafi verið allgóður. En hitt vil ég fyrir mitt leyti undirstrika, sem ég hafði minnzt hér á áður í umr. og voru orð hæstv. forsrh., að vegna mikils taprekstrar hjá togaraflotanum á undanförnum árum þurfti togaraflotinn vissulega á þessu að halda. Og hann mun hafa nóg við sínar greiðslur að gera núna fyrst í stað, og það er ekkert mikilvægt eða stórt atriði fyrir mér, þó að svo kunni að fara, að jafnvel eitthvert einstakt skip kunni þar að vera með lélega útkomu, kannske vegna meiri háttar mistaka.

Aðeins þar til viðbótar vildi ég segja það líka, að hér hefur verið minnzt á í þessu efni eitt stórt vandamál, sem er fyrir togaraflotann í landinu og þar með fyrir þjóðarbúið í heild, sem afleiðing af því, og það er mjög tilfinnanlegt, að það skuli ekki vera til neinn stofnlánasjóður í landinu, sem getur séð um, að hægt sé að fá stofnlán með eðlilegum kjörum til þess að kaupa nýja togara til landsins. Og það er ósköp hætt við því, að það fari svo hjá fleiri en einum, að ef togararnir verða að kaupast til landsins með erfiðleikakjörum, þá hljóti það raunverulega að falla á ríkið meira eða minna með afborganir og vexti eða aðra fjárhagsaðstoð, ef útgerðinni er ætlað að standa undir þessum afborgunum og vöxtum á óeðlilega skömmum tíma. Ég get aðeins nefnt það hér í leiðinni, að svo stóð þetta illa í tíð fyrrv. ríkisstj., að þegar eitt af bezt reknu og beztu útgerðarfélögunum í landinu, togarafélagið Fylkir, tapaði sínu skipi af slysförum, skipi, sem yfirleitt hafði verið metaflaskip í flotanum lengst af, þegar það þurfti að endurnýja eða fá sér annað skip í stað þess, sem tapaðist, þá fór það svo, að félagið gat ekki keypt skipið, það gat ekki borgað það nema að nokkru leyti, það gat ekki fengið viðbótarlán. Ríkið varð að hlaupa undir baggann, og svo getur þetta vitanlega orðið hjá fleirum, nema hin leiðin sé farin, að ekkert skip sé keypt, jafnvel þótt um bein tjón verði að ræða, á meðan ekki er til neinn stofnlánasjóður í landinu, sem getur lánað þessum rekstri með eðlilegum hætti stofnfé. Það væri vitanlega furðuleg skammsýni að ætla að nota það sem rök fyrir því, hvernig afkoma togaranna hefur verið á síðasta ári, að nefna t. d. togarann Fylki sem dæmi um það, að þar þurfti ríkið einnig að koma til og veita aðstoð, því að á þeirri útgerð hefur vissulega verið góður rekstur á allan hátt og mikil og góð afkoma, þó að það standi ekki undir því að borga kaupverð skipsins strax á fyrsta ári.

Forsrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. S-M. lagði hér fram í gær nokkrar fsp., sem ég skal leyfa mér að reyna að svara.

Hann spurði fyrst, hvort sami háttur yrði hafður á og áður um greiðslu útflutningsbóta á landbúnaðarafurðir, og ég get svarað því til, að í meginatriðum er ekki ætlað að gera neina breytingu þar á, heldur verði sami háttur hafður um uppbætur á landbúnaðarafurðir hér eftir og verið hefur hingað til.

Þá virtist þessi hv. þm. hafa nokkrar áhyggjur út af því, að í bréfi til Landssambands ísl. útvegsmanna, til fiskvinnslustöðva innan Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og fiskvinnslustöðva innan Sambands ísl. samvinnufélaga væri ákvæði, þar sem segir, að samkomulagið, sem gert hafi verið, sé miðað við grunnkaup það, sem ríkjandi var hinn 1. jan. s. l. og kaupgreiðsluvísitölu 185, en breytist þetta, þá skuli samkomulagið endurskoðast í samræmi við þær breytingar. Hann virtist hafa af því nokkrar áhyggjur, að yfirleitt væru í þessu samkomulagi við útvegsmenn og fiskvinnslustöðvarnar nokkur ákvæði um endurskoðun, því að hann sá ekki leið til þess, að þessi endurskoðun gæti farið fram án nýrrar lagasetningar eða á annan hátt nægilega tryggilega frá því gengið.

Út af þessu vildi ég aðeins segja það, að það er ekki nýtt, að ákvæði um endurskoðun sé í slíku samkomulagi. Slíkt ákvæði er í því samkomulagi, sem gert var við útvegsmenn um áramótin 1957—58, eins og hv. 2. þm. S-M. lýsti hér. Að vísu er það um annað atriði, en þó þannig, að þar er um endurskoðunarákvæði að ræða, svo að það er ekki algerlega neitt nýmæli, að það sé tekið upp í samningana við þessa aðila ákvæði um, að endurskoðun skuli fara fram, heldur hefur það verið gert áður. Nú felst í þessu orðalagi, að endurskoðun fari fram, náttúrlega það, að taka verði tillit til þeirrar breyttu aðstöðu, sem komin er fram og hefur orðið til þess, að endurskoðunin er gerð, og þó að það sé orðað endurskoðun, þá er náttúrlega meint með henni það, að endur-

skoðunin skuli að því stefna að leiðrétta þá skekkju, sem orðið hefur í samkomulagsgrundvellinum.

En nú vildi ég í þessu sambandi mega spyrja — og spyrja einmitt hv. 2. þm. S-M.: Hafa ekki verið gerðar breytingar, síðan lögin um útflutningssjóð voru sett, um bótagreiðslu, bæði til útgerðarmanna og fiskverkenda? Og hvernig hefur til þeirra breytinga verið stofnað? Og hvernig hefur verið aflað samþykkis Alþingis eða annarra til þeirra breytinga? Mér hefur skilizt, að síðan l. um útflutningssjóð voru sett, hafi verið ákveðnar aukauppbætur fyrir skreiðarverkendur, sem munu nema um 1.4 millj. kr., eftir þeim upplýsingum, sem ég hef frá forstjóra útflutningssjóðs, og fyrir saltfisksverkendur um 0.7 millj. kr. Þetta er á fisk, sem veiddur var fyrir 15. maí, en verkaður eftir þann tíma. En eigi að síður, bæturnar eru hækkaðar frá því, sem l. um útflutningssjóð gera ráð fyrir, um þessa upphæð.

Þá var alveg sérstaklega hækkað verð á austfjarðaveiddri síld, greiddar bætur á austfjarðaveidda síld, þ. e. síld, sem veidd er fyrir sunnan Langanes, á s. l. sumri, að því er forstjóri útflutningssjóðsins segir mér, og bæturnar hækkaðar úr 55% upp í 65% að meðaltali og látið heita, að það væri gert vegna þess, hve síldin hefði að verulegu leyti verið smá. Þetta hefði tekið til 2/3 hluta síldveiðinnar á þessum slóðum, þar sem bæturnar hefðu verið hækkaðar úr 55% og upp í 70%, en í heild hefði þetta verið jafnað með 65% gjaldi í stað 55%, eins og lögin ákveða. Er þetta ekki að endurskoða samkomulagsgrundvöllinn? Og er þetta ekki að endurskoða hann, ja, ég vil segja nokkuð einhliða og án þess, að aflað sé heimildar til þess?

Ég vil enn bæta því við, að mér er sagt, að uppbæturnar á Faxasíld hafi verið hækkaðar úr 70% upp í 80% á s. l. hausti. Ég veit ekki, hvort þetta kallast að endurskoða samkomulagið eða hvort það er að ákveða breytingu án þess, að leitað sé samþykktar á henni.

Nú veit ég ekkert, hvernig hugsað hefur verið til þess að fá þessar breyt. staðfestar. Til mín eða til Alþfl. hefur a. m. k. ekki verið leitað um það, svo að ég veit ekkert, hvaðan hæstv. fyrrv. ráðh. sjávarútvegsmála hefur talið sig hafa þingmeirihluta á bak við þessar aðgerðir.

Enn ein uppbót var svo greidd til sjávarútvegsins á s. l. ári, án þess að tekið væri fram í l. um útflutningssjóð, og það var þegar búin var til ný uppbót á saltfisk seldan til Jamaica. Um þá uppbót segja a. m. k. ráðh. Alþfl., að þeir hafa aldrei verið spurðir í ríkisstj. Og einn fulltrúi í stjórn útflutningssjóðs hefur tjáð mér, að hann hafi ekkert um hana vitað. En þetta kom fram, þegar farið var að semja við saltfisksverkendur nú í janúarmánuði. Þá töldu þeir sig þurfa að fá áframhaldandi a. m. k. sömu uppbæturnar og þeir höfðu fengið á þennan fisk frá hæstv. fyrrv. stjórn.

Ég veit ekki, og mér er ekki kunnugt um, við hvern hæstv. fyrrv. sjútvmrh. hefur ráðgazt, þegar þetta var ákveðið. En mér er sagt, að þessi uppbót ein út af fyrir sig á saltfiskinn til Jamaica nemi 7 shillingum á pakka eða í allt líklega um 1.3 millj. kr.

Þessar bætur, sem ég hef hér talið, eru þá a. m. k. frá því, sem gert er ráð fyrir í l., um 7 millj. kr. Nú er ég ekki út af fyrir sig að segja, að þetta hafi ekki verið réttmætt í sjálfu sér. Ég skal ekkert segja um það. Ég hef ekkert sett mig inn í það og ekki haft tækifæri til þess. En það, sem ég er að segja, er, að þarna hefur farið fram, kannske ekki endurskoðun á því samkomulagi, sem gert var við þessa aðila áður, en það hefur vissulega farið fram einhliða ákvörðun um breytingu og ekki í öllum tilfellum þannig, að einu sinni hafi verið borið undir ríkisstj. alla, heldur virðist hér hafa verið um einhliða ákvörðun hæstv. fyrrv. sjútvmrh. að ræða.

Ég nefni þetta aðeins til þess að sýna, að þessi fimm tilfelli, sem hér hafa verið nefnd um breyt. á bótum, sem ákveðnar voru í l. um útflutningssjóð í maímánuði s. l., hafa orðið á þeim 7 mánuðum, sem síðan eru liðnir. Og það er út af fyrir sig ekkert óeðlilegt, að það fari fram endurskoðun og breyt. á töxtunum. En það er óeðlilegt, að hún fari fram svo, að enginn viti um það nema hæstv. sjútvmrh. einn, og það er líka óeðlilegt, að hæstv. ráðh. úr fyrrv. ríkisstj. komi og geri aths. um það, að í því samkomulagi, sem nú hefur verið gert við útvegsmenn og fiskvinnslustöðvar, sé ákvæði, sem heimilar endurskoðun. Mér finnst það liggja svo ljóst fyrir af þessari reynslu, sem fengin er síðan útflutningssjóðslögin voru sett í maímánuði s. l., að það verði að gera ráð fyrir, að til einhverrar endurskoðunar kunni að þurfa að grípa, og þá sé ekki úr vegi að hafa ákvæði um það í því samkomulagi, sem gert er. En hvernig sú endurskoðun muni takast og hvað muni út úr henni koma, verður náttúrlega að vera samningsatriði á milli þessara aðila allra, sem hér er um að ræða, ríkisstj. annars vegar og útgerðarmanna og fiskverkenda hins vegar.

Þá virtist hv. 1. þm. S-M. hafa af því nokkrar áhyggjur, hvernig dæmið leystist, sem hann svo kallaði, þ. e. a. s. hvernig fjár yrði aflað til þess að fylla upp í það bil, sem væri á milli tekjuþarfar útflutningssjóðs annars vegar og þeirra tekna, sem hann ætti von á, hins vegar. Ég lýsti því nokkuð við 1. umr. um frv. til l. um niðurfærslu verðlags og launa í vikunni sem leið, hvernig ég gæti hugsað mér, að það mál leystist. En um það er ekki samið, það er alveg rétt, og ekki út frá því gengið, hvernig teknanna verður aflað. Ég fyrir mitt leyti hafði hugsað, og það hugsar ríkisstj. líka öll, að þetta bil verði jafnað með því að fá tekjuáætlun fjárl. færða til þess, sem við köllum: réttrs vegar, þ. e. a. s. tekjuáætlun fjárl. gerða eins rétta og unnt er að gera hana, en ekki tekjurnar áætlaðar miklu lægri en þær í raun og veru eru og hafa reynzt vera, og til viðbótar því aðallega á hinn bóginn með nokkrum niðurskurði á útgjaldahliðinni. Hvernig þetta tekst, verður náttúrlega reynslan að skera úr um. Um þetta er ekkert samið, og ríkisstj., sem er minnihlutastjórn, ræður ekki yfir neinum þingmeiri-

hluta til þess að knýja þetta fram. En ég vil vænta þess af hv. alþm., jafnvel úr hvaða flokki sem þeir eru, að þeir stuðli að því, að heldur verði gert kleift að fara þessa leið en fara í það að leggja á nýjar álögur. Annað hvort verður að gera, það er alveg greinilegt.

Ríkisstj. telur, að það sé mögulegt að ná endunum saman á þennan hátt, sem ég lýsti, og það ætti ekki að þurfa, a. m. k. ekki að neinu ráði, að grípa til neinna nýrra skatta eða álagna, heldur mætti leysa þennan hnút á þann hátt, sem við höfum gert ráð fyrir og ég hef nú lýst.

Hv. 1. þm. S-M. gerði það að einu aðalatriði í sínum málflutningi um þetta efni, hvort ríkisstj. hefði ákveðið að taka 6 millj. dollara lán í Bandaríkjunum eða ekki, ef það væri fáanlegt, og hvort meiri lántökur væru fyrirhugaðar. Um þetta vil ég aðeins segja það, að um þessar lántökur hefur ekkert verið ákveðið og það liggur ekkert fyrir um það, hvort þessi lán muni verða tekin eða ekki eða hvort það muni verða leitað eftir þeim. Hins vegar hefur verið gengið út frá því við þessa uppstillingu á þessu reikningsdæmi, að innflutningurinn til landsins væri sá sami eða svipaður á árinu 1959 og hann var á árinu 1958. Og nú kunna þeir að spyrja, hvort það sé yfirleitt mögulegt að afla ríkissjóði svipaðra tekna og gert hefur verið ráð fyrir, án þess að til stórrar lántöku þurfi að grípa. En þar eru tvö atriði, sem ég vil leyfa mér að benda á, sem kannske gera það ekki kleift að komast alveg hjá lántöku, en þau ættu þó a. m. k. að gera það mögulegt að draga úr henni verulega, ef ríkisstj. vildi það gera. Annað atriðið í þessu sambandi er það, að birgðasöfnun í landinu á árinu hefur verið miklu meiri en undanfarin ár. Og samkv. skýrslum, sem ég hef um það fengið, eru nú birgðir útflutningsafurða um s. l. áramót um það bil 70 millj. kr. meiri en þær voru í árslok 1957. Þær eru taldar í árslok 1958 228 millj., en voru í árslok 1957 158 millj. Mismunurinn þarna er 70 millj. kr. í fob.-verðmæti eða sem svarar andvirði 4½ millj. dollara hér um bil.

Þessi birgðastaða gerir það mögulegt, ef hugsað væri til að selja þessar birgðir upp á árinu, að svipaður eða sami innflutningur gæti tekizt eða sama innflutningi væri hægt að halda uppi á árinu 1959 og 1958, m. a. af þessum orsökum.

Þá hefur staða útflutningssjóðs batnað mjög verulega á árinu 1958, og í staðinn fyrir að skulda í árslok 1957 34 millj. — ekki 24, eins og hv. 2. þm. S-M. sagði, — í staðinn fyrir að skulda 34 millj. í árslok 1957, er sjóðurinn talinn eiga nú í árslok 1958 3.3 millj. kr. nettó, þannig að hagur sjóðsins hefur batnað á árinu mjög verulega.

Ég nefni aðeins þetta tvennt til þess að sýna, að ég tel ekki, að við séum eingöngu upp á það komnir, hvort erlendar lántökur í stórum stíl fáist á árinu eða ekki, heldur hafi batnandi afkoma útflutningssjóðs og aukin birgðasöfnun á árinu gert það mögulegt að hugsa sér, að innflutningsáætlun fyrir 1959 gæti orðið sú sama og 1958, þó að þau lán yrðu ekki tekin að fullu, sem gert hafði verið ráð fyrir, enda hefur verið við það miðað í þeim útreikningum, sem ég hef hér greint frá bæði nú og áður um lausn þessa dæmis.

Þá spurði sami hv. þm., hvort samkomulag væri við nokkra aðila um niðurskurð á fjárl. Þessu hef ég nú þegar svarað, að þetta samkomulag er ekki gert, ekki fyrir hendi, en eftir því mun verða leitað og gengið úr skugga um það, hvort málið fæst leyst á þann hátt eða ekki. Það getur vel verið, að þetta séu vinnubrögð, sem séu ekki þau heppilegustu. Ég skal vel fallast á það. En ég vil bara halda því fram, að önnur vinnubrögð er ekki hægt að viðhafa, eins og stendur. Hæstv. fyrrv. ríkisstj. fleygir frá sér málinu óafgreiddu í byrjun þessa mánaðar. Desembermánuður mestallur fer í samkomulagstilraunir um myndun nýrrar ríkisstjórnar. Þegar ekki hafði tekizt að mynda meirihlutaríkisstj., sem náttúrlega fyrst og fremst þurfti að myndast um lausn þessa máls, þá var það, sem ég freistaði þess að koma í gegn lausn þessa máls og fékk til þess stuðning Sjálfstfl. á þann hátt og þann hátt einan, að hann hét því að víkja frá vantrausti, ef fram kæmi, á meðan verið væri að gera þessa tilraun. Þegar svo er komið, verður reynslan að skera úr, hvort þessi tilraun tekst eða ekki, hvort Alþingi hreinlega gefst upp við að leysa þennan hnút eða hvort það vill fara aðrar leiðir, sem því eru geðfelldari, einhverjum eða nægilega mörgum til þess að mynda hér um það meiri hluta, eða hvort það getur hugsað sér að fara þessa leið, sem núv. ríkisstj. hefur verið að berjast fyrir að farin yrði, en hún er í stuttu máli sú, að reynt verði að færa niður tilkostnaðinn hjá útflutningssjóði og ríkissjóði eins og mögulegt er, fyrst með niðurgreiðslu á vöruverði og þar af leiðandi lækkun á kaupi, eins og gjaldþol ríkisins þyldi frekast að okkar dómi, og síðan yrði bætt við eftirgjöf af hálfu launþega á 5—6% og metin loks jöfnuð með niðurfærslu á útgjaldahlið fjárl. og leiðréttingu á tekjuhliðinni og á þann hátt reynt að ná jöfnuði án nýrra skatta eða án nýrra álagna.

Þetta er í stuttu og einföldu máli það, sem verið er hér að reyna og hæstv. Alþ. verður að taka afstöðu til.

Hv. 1. þm. S-M. spurði líka, hvort samkomulag væri um að nota greiðsluafganginn frá 1958 til þess að jafna þessi met, og ég verð að segja, að um það er alveg sama að segja og hitt, að um þetta er ekki neitt fast samkomulag. En eftir því mun einnig verða leitað, að um það náist samkomulag að nota þennan greiðsluafgang í þessu skyni, því þó að hv. 1. þm. S-M. hafi kallað það óráð hið mesta að kasta þessum greiðsluafgangi í verðbólguhítina, eins og hann orðaði það, og væri sönnu nær að nota það til húsbygginga, þá er núverandi ríkisstj. honum mjög ósammála um þetta atriði. Og ég held einmitt, að ordalagið hjá þessum hv. þm. hefði frekar mátt vera eins og það var, ef féð væri ekki notað til að jafna þessi met, því að það er alveg greini-

legt, að ef ekki verða teknir allir þeir peningar, sem fáanlegir eru, út úr ríkisrekstrinum til þess að jafna metin, þá verður ekki hægt að komast hjá því, að verðbólgan vaxi með auknum sköttum til að jafna útgjöldin, þannig að ráðstöfun hv. 1. þm. S-M. eða hans till. um ráðstöfun á tekjuafganginum til þess að byggja hús fyrir í stað þess að láta það fara í þessar ráðstafanir, er til þess að auka verðbólguna í landinu, en ekki til þess að draga úr henni.

Þá taldi hv. þm., að nú væri í fyrsta sinn, að mér skildist, blandað saman með óviðurkvæmilegum hætti greiðslum útflutningssjóðs og ríkissjóðs. En um það er að segja, að ég veit ekki betur en nokkuð af tekjum útflutningssjóðs gangi nú til ríkissjóðs, og væri því ekki óhugsandi að snúa þessu við, þannig að nokkuð af tekjum ríkissjóðs, ef hann gæti án þeirra verið, gengi til útflutningssjóðs, ef hann þyrfti á því að halda, til þess að komizt yrði hjá að afla útflutningssjóði tekna með nýjum álögum.

Hv. þm. kvartaði yfir því, að þessar aðgerðir væru lagðar fram sitt í hverju lagi og það væri eiginlega ekki hægt að taka ákvörðun um eina, fyrr en maður hefði þær allar. Ég er honum sammála um það, að æskilegra hefði verið að geta lagt þetta fyrir allt í einni heild, og að því leyti alveg sammála því, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði um það mál hér í gær. En eins og hann líka réttilega sagði, þá bar þetta svo brátt að allt, að það var ómögulegt og algerlega útilokað að koma þessum málum af stað í einu, án þess að útgerðin biði tjón við það, ef eftir því hefði átt að bíða.

Þegar búið er að semja við bátaflotann, þá er vissulega ekki um annað að gera fyrir Alþingi en taka afstöðu til, hvort það vill að þeim samningum ganga eða ekki, og ganga svo í það þar á eftir að útvega þær tekjur, sem þarf til þess, að útflutningssjóður geti staðið við sínar skuldbindingar við útvegsmennina og fiskvinnslustöðvarnar. Þetta hefur verið gert á þennan hátt áður, eins og hér hefur einnig verið bent á. Samningarnir við útvegsmennina hafa verið gerðir fyrst, og tekjuöflunin hefur komið síðar, hvort sem hún hefur verið falin í niðurskurði á fjárlögum eða á annan hátt — eða með nýjum álögum, eins og áður hefur komið fyrir.

Ég ætla, að það hafi ekki verið neitt sérstakt í ræðu hv. 1. þm. S-M., frekar en það, sem ég hef nú nefnt, sem svara þurfti, en ef svo skyldi vera, þá minnir hann mig væntanlega á það síðar.

Hv. 2. þm. S-M. ræddi hér í gær um samningana og frv., sem hér liggur fyrir, og gerði í sínu máli mest úr því, að við útvegsmenn og vinnslustöðvar hefði verið samið þannig, að þeirra hagur hefði verið stórlega bættur frá því, sem hann var á s. l. ári. Í því sambandi nefndi hann tvö eða þrjú dæmi. Hann sagði, að fyrningarafskriftirnar hefðu verið hækkaðar í þessum samningum mjög verulega frá því, sem þær höfðu áður verið. Ég held, að hann fari þarna ekki rétt með, því að fyrningarafskriftir til bátanna munu hafa verið hækkaðar við síðustu samninga, en ekki í þessum samningum, þannig að hækkun fyrningarafskrifta í þetta sinn komi ekki til neinnar hækkunar hjá bátaútvegsmönnum. Það mun vera frekar það gagnstæða, að það verði heldur á þeim lækkun vegna lækkaðrar visitölu og viðhaldskostnaðar. En að öðru leyti er þetta tal hans um fyrningarafskriftir út í hött, vegna þess að það var búið að ákveða það áður og í hans stjórnartíð.

Það kann vel að vera, að um það megi deila, hvora aðferðina eigi að hafa um fyrningarafskriftirnar: þá, sem nú er reiknað eftir, eða þá, sem áður var reiknað eftir. En hvað sem um það er að segja, þá er það staðreynd í málinu, að það var búið að skipta um aðferð í þessu efni, áður en kom til núverandi samninga.

Hv. þm. vildi halda því fram, að það hefði verið óeðlilegt hjá samninganefndinni að taka til greina kröfur útvegsmanna um hækkaðan veiðarfærakostnað. Hann sagði að vísu, að nokkur hækkun veiðarfærakostnaðar hefði orðið á línuveiðum, en hins vegar lækkun á veiðarfærakostnaði við netjaveiðar vegna tilkomu nýs efnis, sem keypt væri nú frá öðru landi en áður, sem gerði það að verkum, að netin væru ódýrari, og skal ég ekki deila um það. En hitt vildi ég segja, og það ætti hann líka vel að vita, að þessir samningar, sem fara fram á hverju ári, eru raunverulega ekki samningar um kostnað útgerðarinnar í heild, heldur eru þeir samanburður á kostnaði línubátsútgerðar frá ári til árs. Það er línubáturinn, sem er lagður til gundvallar, en ekki netjabáturinn. Ef heildarkostnaðurinn væri tekinn og farið út í að rannsaka hann og meta allan frá grunni, þá er það verk, sem væri mjög erfitt að vinna. Hitt er miklu þægilegra og auðveldara, að bera saman, hvað kostnaðarliðir línubátsins hafa breytzt frá ári til árs, og það er einmitt það, sem er gert. Frá því sjónarmiði mátti hugsa sér að taka til greina þá hækkun, sem orðið hafði á veiðarfærum línubátsins, vegna þess að það er línubátsgrundvöllurinn, sem lagður er þarna til grundvallar. — En því vildi ég svo bæta við, að þessi krafa útgerðarmanna um hækkaðan veiðarfærakostnað var ekki tekin til greina.

Þá vildi hv. þm. halda því fram líka, að útflutningsverð á fiski hefði hækkað. Ég veit nú ekki nógu nákvæmlega kannske um það, hvernig þetta útflutningsverð, sem hann er að tala um, hafi hækkað og hvort sú hækkun er föst. Það, sem hefur skeð í því máli, er það, að orðið hefur nokkur hækkun í bili á útflutningi á hraðfrystum fiski til Ameríku. Hvað þessi hækkun stendur lengi eða hvort hún er varanleg og óhætt er að reikna með henni til frambúðar, það þori ég ekki að segja að minnsta kosti. Má vera, að hann þori það. En að reikna með henni á þessu stigi málsins í upphafi ársins, ætla ég að sé mjög óvarlegt og var heldur ekki gert.

Þá taldi hann, að hraðfrystihúsin hefðu haft betri afkomu í ár heldur en þau hafa haft undanfarin ár, og er það að vísu rétt hvað snertir stærstu húsin, eins og ég hef marg-

tekið fram í þessum umr. En afkoman hjá minni frystihúsunum hefur ekki orðið það miklu betri en áður, að ekki yrði að taka tillit til þeirrar aukningar kostnaðarliða, sem þau hafa orðið fyrir á árinu. Og það var gert með því að taka upp smáfiskbæturnar eða auka þær frá því, sem þær voru áður, og reynt á þann hátt að koma málum svo fyrir, að smærri húsin nytu þess í ríkara mæli en þau stóru, sem hafa haft gott ár, bæði vegna aukins vinnslumagns og eins vegna þess, að þau hafa tekið í notkun fullkomnari vélar til þess að vinna með.

Hv. þm. sagði, að það væri að vísu enginn vandi að gera góða samninga við útvegsmenn og hækka bætur til þeirra, þegar fallizt væri á allar þeirra kröfur. Þetta er nú sagt, ég held viljandi hjá hv. þm., ranglega eða villandi frá, vegna þess að hann veit, að um þriðjungurinn af kröfum útvegsmanna var ekki tekinn til greina. Og samkomulag var um það, að langsamlega mestur hlutinn af þeim kröfum útvegsmanna, sem samþykktar voru, væri eðlilegur og sjálfsagður, en aðeins mjög lítill hluti, sem ágreiningur var um, eða kringum 10% af heildarhækkuninni. Og það getur náttúrlega alltaf verið matsatriði, hvar þar eigi að nema staðar. En til þess að ná samkomulaginu var fallizt á þessa liði, sem voru annar 10 þús. kr. og hinn 3390 kr. á bátinn af 181 þús. kr. kröfu útvegsmanna, og það getur hann á engan veg kallað, að fallizt hafi verið á allar óskir útvegsmanna, sem þeir hafi borið fram.

En annars gekk það eins og rauður þráður í gegn hjá hv. þm., að þeir menn, sem nú stóðu að samningagerðinni, hefðu ekki verið nærri eins færir til þess að gera það og þeir hefðu verið, sem að því unnu um síðustu áramót, og verður það ekki skilið nema á einn veg vitaskuld, þar sem nefndin, sem samningana gerði nú, var nákvæmlega sú sama og sú, sem síðast vann að þeim, að þá var enginn munur á því fólki, sem að þessari samningagerð vann, annar en sá, að í annað skiptið stjórnaði hann þeim, en í hitt skiptið ég. Og fer þá ekki á milli mála hans álit á því, að ég sé miklu óhæfari til þess að standa fyrir þessum samningum en hann. En ég vil ekki gera honum það til geðs að vera hér að fara í neinn mannjöfnuð um þau mál. Ég hef átt ýmislegt við útgerðarmál og kannske lengur en hann, en það kann vel að vera, að hann sé mjög fær og betri í þeim efnum en ég, en um það vil ég ekki ræða. En þetta getur ekki þýtt annað en það, að hann hafi þarna verið að upphefja sjálfan sig á minn kostnað, og ég get út af fyrir sig látið mig það ósköp litlu skipta.

Hv. þm. minntist svo hér á skiptaverðið til sjómannanna og taldi, að ég hefði sagt frá því ónákvæmt og á vilhallan hátt. En ég sagði alveg nákvæmlega frá því, eins og hlutirnir gerðust. Samkomulagið, sem gert var aðfaranótt 3. jan. s. l., var gert án þess, að við mig væri um það talað þá, og ég sagði strax, þegar ég sá það, að ef sá skilningur ætti að leggjast í fyrirvarann, sem þar kom fram, að ekki mætti láta sömu aðgerðir í efnahagsmálum ganga yfir þennan hóp manna eins og aðra, þá væri ég á móti þessu, en að öðru leyti gæti ég á þennan samning fallizt. Það kom þá upp úr kafinu strax, að samninganefndarmenn sjómanna höfðu skilið þetta misjafnlega, og annar helmingur nefndarinnar, eða Alþfl.-mennirnir, lagði í það sama skilning og ég, en flokksbræður hv. 2. þm. S-M. lögðu í það annan skilning og hafa síðan leitazt við að koma því til leiðar, að sjómannafélögin samþykktu ekki samninginn nema með þeim skilningi, sem þeir lögðu í málið, en þó að merkilegt sé, án árangurs.

Þá sagði hv. þm., að kjarasamningarnir, sem gerðir voru í Vestmannaeyjum, hafi komið í veg fyrir, að kaup eða skiptaverð til sjómanna yrði lækkað frá því, sem um var samið hér í Reykjavík í þessum samningi, sem dags. var 3. jan. En þar segja mér kunnugir menn, að komi miklu fleira til greina og að meiri hlutinn af þeim leiðréttingum, sem í Vestmannaeyjum fengust, hafi verið til samræmis við aðra kjarasamninga, sem hafa verið í gildi við Faxaflóa, t. d. í Keflavík, um langan tíma.

Ég held, að ég hafi þá svarað því flestu, sem kom fram í ræðum þeirra hv. þm. S-M. En ég segi eins og áður við hv. 1. þm. S-M. við hv. 2. þm. S-M., að ef eitthvað skyldi þar vera eftir ósvarað, þá lætur hann mig væntanlega vita um það.

Það, sem var að bögglast fyrir brjóstinu á honum, hv. 2. þm. S-M., nú síðast, voru vinnubrögðin, þessi háttur, sem væri hafður á meðferð mála; fyrst væru útgjöldin ákveðin stórkostleg fyrir útflutningssjóð, án þess að um leið væri séð fyrir tekjuöflun. Hvaðan koma tekjurnar? Á að víkja sér undan að afla þeirra? Ég hef áður skýrt frá stefnu ríkisstj. í þeim málum. Hún mun leitast við og leita eftir því við hv. alþm., að þessi tekjuþörf útflutningssjóðs verði jöfnuð með niðurskurði á gjaldahlið fjárlaganna og lagfæringu á tekjuhliðinni í samræmi við þær upplýsingar, sem beztar liggja fyrir, og telur, að á þann hátt megi sjá fyrir þörfum útflutningssjóðs a. m. k. að mestu, án þess að til nýrrar skattheimtu þurfi að grípa. Það verður svo að vera á valdi hv. alþm., hvernig þeir vilja taka þessu eða hvort þeir vilja fara aðrar leiðir.

Hv. 2. þm. S-M. sagði, að ríkisstj. skammaðist sín fyrir samninginn, vegna þess að hún vildi ekki viðurkenna, að hún hefði bætt hag útgerðarinnar. Ég hef aldrei látið það í ljós, að ég færi neitt hjá mér eða skammaðist mín fyrir það að hafa gert þennan samning; þvert á móti, ég tel, að samningurinn sé sanngjarn og góður. En að aðstaða útvegsins sé bætt um 60—70 millj. kr., eins og hv. þm. hefur hér nefnt, það er alveg fráleitt og út í hött, og hann getur ekki fært að því nokkur rök. Það hefur verið leitazt við í þessari samningagerð að mæta þeirri nettóhækkun, sem orðið hefur á útgjöldum útvegsmanna og fiskvinnslustöðvanna, og annað ekki. Hitt má náttúrlega alltaf deila um, þegar um vafaatriði er að ræða, hvort eigi að taka smákröfu til greina

eða ekki, en það er ekkert, sem úrslitum veldur.

Ef afkoma útvegsins verður betri með þessum samningum en þeim fyrri, þá harma ég það út af fyrir sig ekki, því að útgerðin þarf vissulega á auknum tekjum að halda. En sú hækkun, sem á kann að hafa orðið nú, ef einhver er, er áreiðanlega svo lítil, að hún veldur ekki neinum úrslitum, og þessi tala, sem ég nefndi áðan og hv. 2. þm. S-M. þar áður, er að mínu viti alveg fráleit.

Hv. 1. þm. Reykv. talaði hér í gær og sagði sem sitt álit, að hann hefði talið réttara, að allt væri leyst samtímis, og ég er honum fyllilega sammála um þetta, enda féllst hann á, að það hefði verið erfitt, að maður ekki segi ómögulegt, að koma með allar þessar ráðstafanir í einu, svo naumur tími sem verið hefur til undirbúnings og svo mikið sem þurfti á þessum stutta tíma að gera og þar til viðbótar að koma skipunum til veiða. Ef það hefði átt að bíða eftir því að afgreiða í einu fjárlög, þessi útflutningssjóðslög og lögin um niðurfærslu verðlags og kaups, þá er ég á því, að það liðu nokkrar vikur, áður en það allt saman væri komið í höfn. Þess vegna er ekki um annað að gera en taka þetta í þeirri röð, sem það hefur verið tekið, til þess að útgerðin geti haldið áfram starfsemi og hv. alþm. gefist svo kostur á að taka afstöðu til málsins eftir því, sem hvert mál verður lagt fyrir og kemur til afgreiðslu.

Um togaraútgerðina á Austfjörðum og afkomu hennar skal ég ekki vera margorður. Það er nú raunar í fyrsta skipti, sem ég heyri það hjá hv. 2. þm. S-M., að það sé tæplega gerlegt, að maður ekki segi ómögulegt, að gera út togara til karfaveiða við Ameríkustrendur frá Austfjörðum, þó að siglingatíminn sé nokkru lengri til þeirra hafna en til hafnanna á Suðvestur- og Vesturlandi og Norðurlandi, því að Akureyrartogararnir hafa nærfellt samfellt stundað þessar veiðar. Ég tel, að sú vegalengd valdi ekki neinum úrslitum í þessu efni og að á meðan veiðitíminn hefur verið jafnstuttur og hann hefur verið fyrir vestan, þ. e. a. s. 4—5 dagar, sem tekið hefur að fylla togarann, þá sé engin frágangssök að stunda þessar veiðar frá Austfjörðum vegna þess, hve siglingatíminn sé miklu lengri en til hafnanna vestan- og norðanlands. Það út af fyrir sig á ekki að valda því, að afkoma, svo að ég segi það beint út, Seyðisfjarðartogarans hefur orðið eins léleg og raun ber vitni, en sá togari hefur nú legið bundinn við bryggju í rúman mánuð, eða síðan um miðjan desember s. l., vegna þess að skuldir hafa hlaðizt á hann svo miklar, að hann hefur ekki komizt út. Mér er sagt, að sú skuldasöfnun þann tiltölulega stutta tíma, sem hann hefur verið í eigu núverandi eigenda, sé hátt á aðra eða 2 millj. kr., eða kannske enn miklu meira, svo að ekki hefur það verið nein auðsöfnunarstarfsemi, sem þar hefur átt sér stað. Það er nú af hálfu ríkisstj. gerð tilraun til þess að kanna, hvernig það mál mætti leysa, og er í athugun, en ekki fyllilega frá því gengið.

Hv. 2. þm. S-M. kom síðan inn á þessa 800 þús. kr. greiðslu, sem ríkissjóður hefur innt af höndum fyrir togarann Brimnes á Norðfirði, og vildi telja það mjög eðlilegt, þar sem svipuð eða sama fyrirgreiðsla hefði verið veitt fjöldamörgum togurum áður. En ég vil bara benda þessum hv. þm. á, af hvaða tilefni athugasemd hv. 1. þm. Reykv. kom hér fram. Hún kom fram vegna þess, að það var verið að halda því fram, að afkoma togaranna væri nú svo miklu betri en áður, að það væri ekkert sambærilegt. Þá kemur vitaskuld upp sú spurning, af hverju þarf nú, eftir að afkoma þessara togara hefur batnað svo mjög, eins og af er látið, að greiða úr ríkissjóði upphæð eins og þessa. Það fer ekkert á milli mála og hefur ekkert verið um deilt, að ýmsir togarar hafa fengið til bráðabirgða greidd úr ríkissjóði lán, sem á þá hafa fallið erlendis, eða fengið aðstoð til þess að greiða lán, sem á hafa fallið erlendis á undanförnum árum, á meðan togararnir töpuðu. En að þessu sé haldið áfram nú, þegar hagur togaraútgerðarinnar hefur sannanlega batnað, — og um það eru vitnisburðir ekkert ósamhljóða, að á árinu 1958 hefur hagur togaraútgerðarinnar batnað mikið frá því, sem hann hefur verið áður, þá skuli einnig þurfa að halda áfram þessum greiðslum úr ríkissjóði, það var það, sem mér skilst að hafi komið mönnum undarlega fyrir sjónir.

Ég held, að þó að þetta mál, sem hér er til umr., hafi borið að eins og raun ber vitni, þá sé út af fyrir sig ekkert við það að athuga, a. m. k. taldi ríkisstj. ekki unnt að gera það öðruvísi. Ef átti að bíða eftir því með samningana við útvegsmenn, að þessu væri öllu saman kippt í lag, þá var það sama og stöðvun útgerðarinnar. Nú, þegar búið er að gera samningana, þá er eðlilegt, að hv. Alþingi taki afstöðu til þess, hvort það á að fallast á þá eða ekki. Og þegar búið er að fallast á samningana, þá er tekjuþörf útflutningssjóðs ákveðin. Þá er að finna þær tekjur á móti, sem hann þarf að fá.

Ég hef fyrir mitt leyti lýst minni skoðun á því, hvernig ég telji að eðlilegt væri að afla þeirra tekna, og eftir því mun verða leitað. Mér fannst á hv. 2. þm. S-M., að hann teldi þá aðferð ekkert óeðlilega og gæti vel hugsað sér að fara þá leið að einhverju leyti, þó að hins vegar aðrir hafi látið í ljós um það nokkrar efasemdir, hvort hún væri fær eða ekki. En úr því verður að fást skorið, og það gerir hv. Alþingi, um leið og fjárlögin verða afgreidd. Ef það skyldi þá sýna sig, að ekki fáist það fé til þess að standa undir gjöldum útflutningssjóðs, sem nauðsynlegt er, þá verður að leita á annan skjá, því að teknanna verður að afla, um það þýðir ekkert að deila.

Það liggur nokkurn veginn alveg ljóst fyrir, hvað þessar tekjur þurfa að vera miklar, svo að menn geti ekki skotið sér undan því þess vegna, að þeir viti ekki, hversu miklar þær séu. En fáist þær ekki á einn háttinn, þá verða þær að fást á annan. Og þá er komið inn á þær brautir, sem ég tel að séu óheillavænlegar, ef enn á ný vegna útgjalda útflutningssjóðs þarf að grípa til nýrrar skattlagningar. Það vill þessi

ríkisstj., sem nú situr, forðast, og hún væntir að fá fjárlagaafgreiðsluna á þann hátt, að hjá því verði komizt, og mun leita til hv. alþm. um að aðstoða í því máli.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það eru nokkur orð út af því, sem hæstv. forsrh. tók fram.

Ég bað um nokkrar upplýsingar. Ég spurði t. d. fyrst, hvort það væri ekki áreiðanlegt, að ætlunin væri, að útflutningsuppbætur til landbúnaðarins yrðu reiknaðar á sama hátt og verið hefur, þannig að öll hlunnindi bátaútvegsins á þorskveiðum væru reiknuð inn í útflutningsuppbótaprósentu, sem landbúnaðurinn byggi við. Hæstv. forsrh. svaraði þessu þannig, að í meginatriðum væri ekki ætlunin að breyta uppbótum til landbúnaðarins. Þessi svör virðast mér ekki nægilega skýr af hendi hæstv. ráðh., en þetta mál er sjálfsagt að athuga gaumgæfilega í þeirri n., sem um þetta fjallar, og skoða þá algerlega, hvað í því orðalagi felst, sem í frv. er viðhaft um þetta. En þetta verður vitaskuld að vera alveg skýrt, hvað átt er við með frvgr. Ég vil líta svo á, að hún þýði í raun og veru, að þetta eigi að vera nákvæmlega eins og það hefur verið, en þetta þarf þó skoðunar við. (Gripið fram í.) Já, að sjálfsögðu. Ég meina bara eftir sömu reglu og áður. Ég vil mega líta svo á, og verður það þá að sjálfsögðu athugað gaumgæfilega í n. með orðalagið.

Þá beindi ég nokkrum spurningum til hæstv. ráðh. í tilefni af því, að nú væri í fyrsta skipti í samningunum við útgerðina ákveðið, að grunnlaunahækkanir og vísitöluhækkanir skuli valda auknum uppbótum til útgerðarinnar í samræmi við þær hækkanir. Hæstv. forsrh. svaraði ekki þeim spurningum, sem ég beindi til hans í þessu sambandi, en upplýsti önnur efni. Hann sagði, að í eldri samningum hefðu verið einhver endurskoðunarákvæði, en þau endurskoðunarákvæði koma ekki þessu máli við eða þeim spurningum, sem ég bar fram, vegna þess að þau voru allt öðruvísi.

Fyrrv. hæstv. sjútvmrh. hefur gefið mér þær upplýsingar, að í gömlu samningunum hafi aðeins verið sá áskilnaður í þessu tilliti, að lækka mætti bæturnar, ef afurðaverð hækkaði á erlendum markaði, en önnur endurskoðunarákvæði ekki. Þess vegna kemur þetta ekkert þeim spurningum við, sem ég beindi til hæstv. forsrh., og það, sem hann upplýsti um fyrirvara í eldri samningum, snertir þetta mál ekkert, eins og það liggur fyrir núna.

Í því sambandi sagði hæstv. forsrh. líka, að breyt. hefðu verið gerðar á milli þinga í þessum efnum, og nefndi um það dæmi, og kemur það ekki heldur því við, sem ég spurði um, og geri ég ráð fyrir, að hv. 2. þm. S-M. hljóti að koma inn á það, þar sem þeim atriðum var til hans beint.

En það, sem ég spurði um, var í sambandi við þann nýja fyrirvara, sem nú er í fyrsta skipti í samningunum og forsrh. kom ekki inn á, svaraði ekki. Og spurningarnar voru þessar:

Í fyrsta lagi: Hvaða gildi hefur þessi yfirlýsing um endurskoðun á uppbótunum í samræmi við grunnkaupshækkanir og vísitöluhækkanir? Ég spurði: Álítur hæstv. forsrh. þetta skuldbindandi, lagalega skuldbindingu fyrir ríkið, þetta loforð stjórnarinnar í bréfunum? Ekkert svar. Við því var ekkert svar.

Ég spurði einnig: Ef stjórnin liti svo á eða þannig verður metið af mönnum, sem á það bera fullkomið skyn, að svo sé, hvernig er þá hægt að komast hjá því að leita þingssamþykktar fyrir slíkri skuldbindingu? Ekkert svar.

Þá spurði ég: Hvernig ætlar ríkisstj. að fara að, þegar að þessu kann að koma, að grunnlaunahækkanir verða eða vísitöluhækkanir, og að þessari endurskoðun kæmi, sem hefur verið heitið í þessum bréfum í samræmi við hækkanir? Ekkert svar.

Loks spurði ég: Ef hér er ekki um lagalega skuldbindingu fyrir ríkið að ræða, hvaða þýðingu hefur þetta ákvæði í samningunum þá að dómi hæstv. forsrh.? Ekkert svar.

Þessum spurningum, sem ég bar fram, hefur sem sagt alls ekki verið svarað af hæstv. forsrh. Og þó er hér ekki um neitt hégómamál að ræða og ekki mál, sem hægt er að vísa í nein fyrri fordæmi um, vegna þess að þau eru ekki til um þessa tilteknu þýðingarmiklu meginreglu. Og það þýðir ekkert að vera að reyna að komast undan með því að slá þessu út í allt aðra sálma. Þetta eiga þingmenn rétt á að fá upplýst, hvernig hæstv. ríkisstj. lítur á þetta og hvernig þetta ber að skoða lagalega séð, hvaða skuldbindingar hafi hér raunverulega verið teknar. Og mér þykir nú satt að segja skörin færast upp í bekkinn, þegar hæstv. forsrh., eftir að hafa gengið algerlega fram hjá þessu þýðingarmikla atriði, fór hálfgert að snupra mig fyrir það að vera að fetta fingur út í þetta og vísaði í því sambandi í þessi dæmi um breyt. á eldri samningum á milli þinga, sem ekkert eiga skylt við þessa nýju meginreglu, sem hæstv. ríkisstj. hefur gefið loforð um í bréfunum. Og ég álít, að þm. eigi fullan rétt á því að fá að vita skoðun hæstv. forsrh. á þessu máli, hvernig þetta sé raunverulega vaxið, hvaða skuldbindingar hafa verið teknar og hversu skuldbindandi þetta sé fyrir ríkið.

Þá spurði ég hæstv. forsrh. nokkru nánar um en hafði áður verið gert, hvort gert hefði verið ráð fyrir eða búið væri að fá samtök um tekjuöflun á móti þeim gífurlegu útgjöldum, sem í þessu frv. felast, og þá m. a. í sambandi við bollaleggingar hæstv. forsrh. um tilteknar leiðir í því efni.

Ég spurði í fyrsta lagi um það, hvort það væri ákveðin stefna að taka 6 millj. dollara lánið og hvort líkur væru til, að það fengist, og ég spurði vegna þess, að í öllum umr. um málið reiknar hæstv. forsrh. alveg hiklaust með auknum tolltekjum vegna lántökunnar.

Þessu svarar hæstv. forsrh. núna á þá lund, sem mér kom á óvart, að það væri ekkert ákveðið, hvort leitað yrði eftir þessu láni, og því síður þá náttúrlega nokkuð vitað um það, hvort úr lántökunni yrði. Mér kom þetta á óvart, vegna þess að fyrrv. hæstv. ríkisstj. hafði leitað eftir þessu láni með samþykki

Alþfl., hann átti þátt í því eins og hinir flokkarnir, og þetta lán var hugsað til þess að renna í ræktunarsjóð, fiskveiðasjóð, til raforkuáætlunarinnar og til hafnargerða. Þá voru allir fyrrv. stjórnarflokkar sammála um að fara fram á þetta. Og undirtektir í því atriði vestra voru býsna góðar, þó að það væri ekki komið á neitt lokastig.

Nú vil ég spyrjast fyrir um það, því að það er náttúrlega nauðsynlegt að fá að vita það sem allra fyrst alveg ákveðið, hvort ríkisstj. ætlar að halda þessum lánssamningum áfram eða hvort hún ætlar að hætta við þetta. Og ef hún ætlar að hætta við þetta, þá væri fróðlegt að vita hvers vegna, hvað hefur komið fyrir, ef kæmi til mála að hætta við að reyna að útvega þetta fé. Það þarf meiri skýringar á því en þær, sem hæstv. forsrh. lét skína í, að það hefðu fundizt einhverjir fiskar afgangs frá s. l. ári. Málið er miklu stærra en það.

Hér er ekki aðeins um það að ræða, hvað eigi að áætla tekjur ríkissjóðs og útflutningssjóðs, heldur kemur þá upp spurningin, ef hik er á mönnum við að afla þessa lánsfjár: Hvernig ætlar hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkarnir að afla fjár til ræktunarsjóðs, fiskveiðasjóðs, í raforkuáætlunina og í hafnargerðir, ef þeir ætla að hætta við að taka lánið? Lántakan var ekki fyrst og fremst hugsuð til þess að auka tekjur útflutningssjóðs og auka tekjur ríkissjóðs, þó að það hefði vitanlega orðið mjög í leiðinni, heldur vegna þessara þýðingarmiklu mála. Ég fyrir mitt leyti vil eindregið vænta þess, að hæstv. ríkisstj. haldi áfram með þessa lántöku, haldi áfram, þar sem fyrrv. stjórn hafði komið málinu, og ég vil ekki trúa því, að annað verði ofan á en það verði gert, enda hefur hæstv. forsrh. alltaf reiknað með því í sínum áætlunum, að lánið verði tekið. Við sjáum auðvitað glöggt þá þörf, sem fyrir þetta fé er, í sambandi við þær framkvæmdir, sem áttu að njóta lánsfjárins. En þetta mál virðist sem sagt vera meira á reiki en ég hafði haldið.

Varðandi aðrar fyrirætlanir hæstv. ráðh. sagði hann, að það væri ekki búið að semja neitt um niðurskurðinn, sem hann hefur áhuga fyrir á fjárl., og það væri ekki búið að semja neitt um það, hvernig greiðsluafgangurinn skyldi notaður, það hefði ekki unnizt tími til þess. Ég fullyrði, að sú ástæða, sem kom fram hjá þessum hæstv. ráðh. og gægðist fram líka hjá hv. 1. þm. Reykv. í gær eða hvenær það nú var, að ekki hafi unnizt tími til þess að ganga úr skugga um, hvort stjórnarflokkarnir væru sammála um niðurskurðinn og sammála um að nota greiðsluafganginn í hallann, sem þeir eru að efna til, — ég fullyrði, að þetta er hrein yfirskinsástæða. Þeir hafa haft nógan tíma til þess að ganga úr skugga um það, hvort þeir væru sammála um þetta eða ekki, og samgangur þeirra hefur verið það mikill, að þeir hefðu vel getað verið búnir að komast að niðurstöðu um þetta, og ég geri fastlega ráð fyrir því, að þeir viti alveg upp á hár, hvor um sig, hvað þeir ætla sér í þessu. En það, sem hér er að gerast, er bara það, að þeir vilja láta á þessu stigi eins og þeir viti það ekki. Þeir vita, að með afgreiðslu þessara mála í heild eru þeir að stefna efnahagsmálunum út í kviksyndi, og þeir vilja gefa okkur þetta inn smátt og smátt, en ekki allt í einu, og sömuleiðis þjóðinni. Þegar einn liðurinn kemur, þá er sagt: Ja, það eru nú kannske til einhver ráð, við eigum eftir að athuga það, en þau eru kannske til. — Og svona verður haldið áfram með eitt atriðið eftir annað, þangað til í lokin, að þeir standa vitanlega frammi fyrir því, að þeir hafa eftir alveg ákveðinni áætlun hleypt þessu öllu út í þann stórfelldasta hallarekstur, sem nokkru sinni hefur verið efnt til á Íslandi. Þannig fer þetta sennilegast að lokum, nema því aðeins að mennirnir söðli algerlega um frá því, sem nú skín í. En það er vitanlega ekkert nema yfirskinsástæða, að þeir hafi ekki haft tíma og viti því ekki, hvað þeir eru að fara. Þeir vita það vel.

En það er hentugt að láta svo á þessu stigi eins og menn viti þetta ekki glöggt og það séu þarna svo og svo miklir möguleikar, ef vel tækist um samkomulag. Það er náttúrlega ekki nema vorkunn í sjálfu sér, þó að þeir vilji fresta því í lengstu lög að viðurkenna, að þeir geti ekki komið sér saman um neitt annað en að stefna þessu út í ófæru, og vilji í lengstu lög láta skína í, að þeir hafi kannske í pokahorninu einhver úrræði, ef þeir geti komið sér saman. Þetta er nú ekki nema mannlegt, að menn vilji draga það sem lengst að upplýsa þetta í heild.

Annars er þetta allt saman, jafnframt því sem það er náttúrlega hörmulegt, hvernig þetta horfir, að verða dálítið skoplegt líka í aðra röndina, eins og margir alvarlegir hlutir eru, því að hlutirnir hafa oftast tvær hliðar. En það skoplega við þetta er ekki sízt það, að þeir eru alls staðar að finna einhverja afganga eftir fyrrv. stjórn, sem þeir halda að þeir geti fleytt sér á um tíma, á meðan kosið verði tvisvar og komið á nýrri stjórnarskrárbreytingu, og nú síðast hafa þeir fundið fisk. Þeir voru áður búnir að finna afgang hjá ríkissjóði; þeir voru að leita að vanskilakröfum, en fundu afgang. Það hljóta að hafa orðið hræðileg vonbrigði á vissan hátt. En þó var það náttúrlega bót í raunum, að þessi afgangur var þá þénanlegur til þess að geta dragnazt eitthvað áfram á honum, borga undir hlassið. Að því leyti var hann þénanlegur, en að hinu leytinu leiður, að vanskilakröfurnar, sem menn voru farnir að tala um fyrir fram, fundust ekki, en þess í stað afgangurinn. Nú skilst mér, að það áfall hafi orðið, að þeir hafi líka fundið afgang í útflutningssjóði. Mér heyrðist ekki betur áðan en hæstv. forsrh. væri að tala um það. Og loks hafa þeir fundið afgangs fisk, sem líklegt væri að þeir gætu lifað alveg á næsta ár, gætu hætt við að taka nokkurt lán til þessara framkvæmda, sem fyrirhugaðar hafa verið, og fleytt öllu með því að éta út allt, hverju nafni sem nefnist, bæði sjóði og vörur og allt, sem þeir finna. Það á að éta út til þess að halda þessu fyrirtæki gangandi.

Það er sú stefna, sem þjóðinni er boðuð.

Alþfl. áleit í desember, að það væri hyggilegt og rétt að fara fram á þetta lán, sem stungið hefur verið upp á, og ég trúi því ekki, að það sé meiningin að hætta við þá fyrirætlun, sem út af fyrir sig var skynsamleg, og það hljóta þá að vera einhverjar kyndugar ástæður fyrir því, ef á að breyta til í því efni.

Loks var hæstv. forsrh. að tala um, að það mundi auka svo mikið verðbólguna að lána til íbúða, að það væri ekki hægt. Ég held, að það megi nú um það deila fullkomlega, hversu mikið það eykur verðbólguna að lána fé til íbúða, ef þess fjár er raunverulega aflað, en ekki sett út með verðbólguútlánum, ef það fé er raunverulega til. En heldur hæstv. ráðh., að það muni ekki hafa nein áhrif á verðbólguna, það plan, sem hæstv. ríkisstj. virðist hafa í þessum málum, ef ekki verður gerbreyting á hennar fyrirætlunum? En það er bezt að hafa alltaf fyrirvara um það, því að niðurstaðan kemur náttúrlega fram að lokum, sú áætlun að stefna að þeim stórfelldasta hallarekstri, sem nokkurn tíma hefur verið stefnt að hér vitandi vits. Ég er hræddur um, að það hafi meiri áhrif í verðbólguátt en hitt, þó að 25 millj. kr., sem eru raunverulega til, verði varið til þess að lána til íbúðabygginga.

Umr. frestað.

Á 66. fundi í Nd., 29. jan., var enn fram haldið 1. umr. um frv.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það voru aðeins nokkur atriði, sem ég vildi svara af því, sem fram kom í ræðu hæstv. forsrh., en hann beindi til mín nokkrum spurningum í sambandi við það, hvernig háttað hefði verið afgreiðslu á ýmsum bótum til sjávarútvegsins á s. l. ári umfram það, sem lagafyrirmæli höfðu ákveðið.

Hæstv. forsrh. vék að þessu í tilefni af því, að á það var minnzt hér í umr., að gert væri nú ráð fyrir því í samningunum við útvegsmenn, að breyta ætti bótunum til þeirra, eftir því sem grunnkaup og vísitala kynnu að breytast á árinu, og á það hafði verið bent, að þetta samkomulagsatriði hlyti að leiða til þess, eða allar líkur væru til þess, að það leiddi til þess, að það þyrfti að margendurskoða þessa samninga og ekki væri hægt fyrir fram að segja um það, hvað útgjöld útflutningssjóðs raunverulega væru mikil af þessum ástæðum.

Hæstv. forsrh. taldi, að reynslan hefði verið sú, að þetta hefði verið svona í framkvæmd, samningar þeir, sem gerðir voru við útvegsmenn áður um áramót, hefðu verið margteknir upp aftur, og m. a. hefði fyrrv. sjútvmrh. breytt þar um frá gerðum samningum í þýðingarmiklum atriðum, og taldi, að útvegsmönnum hefðu verið greiddar bætur á s. l. ári í ýmsum tilfellum, sem næmi 7 millj. kr., samkvæmt svona vinnuaðferðum. Og hann lét hér mjög í það skína, að svo hefði verið haldið á þessum málum, að þessar bætur hefðu verið inntar af höndum, án þess að lagaheimild hefði staðið til og án þess að sumir af ráðh. í fyrrv. ríkisstj. hefðu vitað nokkuð um þessar greiðslur.

Mig furðar allmikið á því, að hæstv. forsrh., sem nú er sjútvmrh., skuli segja þetta, og ber það ljósan vott um það, hve illa hann þekkir til um lög þau, sem gilda um útflutningssjóð, og reglur þær, sem hafa verið í gildi í þessum efnum, og það er síður en svo góður vitnisburður heldur um ráðh. hans flokks, ef þeir segja, að þetta hafi verið gert í heimildarleysi og að þeim forspurðum, því að þá virðast þeir ekki hafa sinnt sínum störfum sem skyldi.

Ég skal þá víkja að þeim atriðum, sem hæstv. ráðh. spurði sérstaklega um og minntist á að greiddar hefðu verið sérstakar aukauppbætur til.

Það var þá í fyrsta lagi, að greiddar hefðu verið nokkrar aukauppbætur á skreiðarverkun og saltfisksverkun nú á s. l. ári umfram það, sem beint væri tilgreint í lögunum um útflutningssjóð. Jú, þetta er rétt. En það, sem á skortir hjá hæstv. forsrh. að vita eða skýra hér frá, er það, að þegar lögin um útflutningssjóð voru sett hér á Alþingi í maímánuði s. l., þá kom það fram í umr. á þingi, að yfirleitt væri við það miðað, að hinar nýju bætur ættu að verða þannig, að engar greinar sjávarútvegsins ættu að tapa við það að taka við hinum nýju bótareglum, en láta af hinum eldri, sem þær höfðu haft samninga um, og það þótti nokkuð fullsannað, að svo mundi vera. En þess var þó getið, að svo mundi fara með þann fisk, sem lagður var á land rétt fyrir gildistöku laganna, eða fyrir 15. maí, og átti að ganga til verkunar í skreið eða til verkunar sem saltfiskur og þar af leiðandi ekki að flytjast út fyrr en seint á árinu 1958 og yfirleitt að vinnast í landinu að mestu leyti undir nýju kaupgjaldi og dýrari kringumstæðum, þá mátti við því búast, að útflutningsuppbæturnar væru nokkuð lágar í þessum tilfellum og réttmætt væri að taka tillit til aukins kostnaðar, sem þessi verkun hefði sérstaklega í för með sér.

Við setningu laganna hér gaf ég í nafni ríkisstj. yfirlýsingu um það í báðum deildum þingsins, að þetta mundi verða haft í huga við framkvæmd laganna og látin fara fram á því sérstök athugun, hvaða aukakostnaður mundi falla til vegna tilkomu laganna um útflutningssjóð á þessa fiskverkun, saltfisk og skreið, með sérstöku tilliti til þess, að meginhluti verkunarinnar á þessum afla, sem kom á land fyrir 15. maí, færi fram eftir 15. maí, og mundi þetta verða bætt þessum framleiðendum.

Þessar sérstöku bætur, sem þarna hafa verið greiddar, eru því í fullu samræmi við setningu laganna um útflutningssjóð á s. l. vori og yfirlýsingar hér á hv. Alþingi í sambandi við þá lagasetningu, sem hér voru gefnar í nafni ríkisstj. í heild.

Þá minntist hæstv. forsrh. á það, að ákveðnar hefðu verið sérstakar aukauppbætur á Austfjarðasíld fram yfir það, sem tilskilið væri í lögunum um útflutningssjóð. Þetta er alger-

lega rangt hjá hæstv. ráðh. Í lögunum um útflutningssjóð eru sérstakar útflutningsuppbætur tilgreindar fyrir afurðir úr sumarveiddri Norður- og Austurlandssíld. Hitt er mjög greinilegt í lögunum, að afurðir úr allri annarri síld, — einnig sem veidd er fyrir Norðurlandi og Austurlandi, — sem veidd er eftir sumarsíldveiðitímann, þær afurðir eiga að bætast með hærri útflutningsuppbótum eða 70%.

Það, sem hann blandar hér saman í þessum efnum, er, að nokkuð af síld veiddist á fjörðunum á Austfjörðum að lokinni sumarsíldarvertíð, og auk þess sem sú síld veiddist eftir þann tíma, sem viðurkennt er samkvæmt þeim reglum, sem miðað er við hjá ríkinu, sem sumarsíldveiðitími, og átti því samkvæmt lögunum aðrar bætur, þá var hér einnig um það að ræða, að hér var um smásíld að ræða, en tekið er líka fram í lögunum um útflutningssjóð, að á alla smásíld, hvar og hvenær sem hún er veidd, á að borga hærri uppbæturnar eða 70%. Þannig er t. d. borgað á smásíldina, sem veidd er fyrir Norðurlandi — (Gripið fram í.) Sumarsíldveiðina? Þar er farið eftir þeim reglum, sem hlutatryggingasjóður setur í sambandi við bætur til síldveiða það vertíðartímabil, sem hann ákveður hverju sinni.

Þannig er því háttað, að smásíld er því samkvæmt lögunum bætt upp alltaf með hærri prósentu, hvar og hvenær sem hún er veidd. Þannig er þetta t. d. með smásíldina, sem veidd er fyrir Norðurlandi. Í þessum efnum hefur því verið farið nákvæmlega eftir því, sem lögin gerðu ráð fyrir.

Einasta frávikið í þessum efnum er það, að nú var um það að ræða, að síldarútvegsmenn bentu á, að á seinni hluta sumarsíldveiðitímans veiddist mjög mikið af smásíld, og með tilliti til þess, að lögin höfðu gert ráð fyrir því að greiða hærri uppbætur á smásíld en á stórsíld, þá voru í samráði við stjórn útflutningssjóðs, eins og lögin gera fyllilega ráð fyrir, ákveðnar reglur um það, hvernig ákveða skyldi það magn, sem þarna var um að ræða sem smásíld og átti að greiðast samkvæmt lögunum með hærri bótunum, — og það var þetta, sem var gert, án þess að nokkur ágreiningur væri þar á ferðinni frá nokkrum aðila. Þessar greiðslur eru því að fullu og öllu í samræmi við það, sem útflutningssjóðslögin gera ráð fyrir.

Þá minntist hæstv. forsrh. á það, að greiddar væru sérstakar aukauppbætur á saltfisk, sem verkaður er fyrir Jamaica-markað, og gat þess einnig, að nú við samningana við útvegsmenn hefði í framhaldi af því, sem áður hefði verið gert í þessum efnum, verið samið um sérstakar aukauppbætur á þessa saltfisksverkun.

Ja, það var nýtt fyrir mig að heyra þetta. Það, sem mér er kunnugt um í þessu efni, er það, að snemma á árinu 1958 óskuðu útflytjendur eftir því að fá nokkrar aukauppbætur á saltfisk, sem fullþurrkaður og verkaður yrði á Jamaica-markað, en þá voru eldri uppbótareglurnar í gildi.

Seðlabankinn og fleiri aðilar lögðu á það nokkra áherzlu, að gert yrði nokkurt frávik í þessum efnum og uppbæturnar ákveðnar lítið eitt hærri en hinar almennu uppbætur, með sérstöku tilliti til þess, að hér ætti að fullvinna þennan fisk og fást mundi meiri gjaldeyrir, og einnig þar sem hér væri um að ræða harða gjaldeyrisverzlun.

Þessu máli var þá komið það langt, að ég f. h. ríkisstj., eftir að ég hafði borið mig saman við aðra ráðh., sagði, að það mundi verða tekið vel á þessu máli, að hækka bætur í þessu tilfelli, miðað við ákveðið magn, lítið eitt. Lengra hafði þetta ekki komizt. En svo urðu breytingar með lögunum um útflutningssjóð, sem sett voru í maí. Útvegsmenn féllu að fullu og öllu frá þessu og höfðu aldrei á þessar uppbætur frekar minnzt, enda breyttust þá uppbæturnar þeim mjög í hag frá því, sem áður var. Það hafði því aldrei verið gengið hér frá því og hafði aldrei komið til mála, að þeir fengju neinar aukauppbætur á þennan fisk fram yfir það, sem ákveðið var í lögunum um útflutningssjóð frá 28. maí, — aldrei. Og það, sem nú hefur verið samið um við útvegsmenn í þessum efnum, er því algerlega umfram það, og hafi þeir, sem nú stóðu að samningunum, samið um alveg sérstakar aukauppbætur í þessu tilfelli fram yfir allt annað, vegna þess að aukauppbætur hafi verið greiddar á þetta áður, þá hafa þeir aðeins látið vefja sér um fingur í þessu efni og ekki áttað sig á því, hvernig málin stóðu. En það verður þá vitanlega að skrifast á reikning þeirra, sem nú sömdu, en ekki hinna, sem ekki sömdu um þetta áður.

Ég hef nú vikið að þeim atriðum, sem hæstv. forsrh. minntist hér á og til mín var beint, og þarf ég nú ekki að lengja mál mitt frekar en þetta. En ég ætla, að þessar upplýsingar hafi sýnt, að þessar aukauppbætur, sem hæstv. forsrh. minntist hér á, voru allar greiddar samkvæmt lögum þar um eða samkvæmt beinni samþykkt ríkisstj. allrar, þeirrar ríkisstj., sem mætt var og tók ákvörðun í málinu. Hinu get ég ekki borið ábyrgð á, þó að einstaka ráðherra hafi þar ekki mætt eða ekki kynnt sér málið.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs á fundinum á þriðjudaginn til leiðréttingar ummælum hv. 2. þm. S-M. (LJós). Í sjálfu sér er ekki ástæða til þess að fjölyrða um það, vegna þess að þegar þau eru skoðuð, þá rekst þar hvert á annars horn. Hann mótmælir sér í raun og veru bezt sjálfur. Hann sagði nú, að hann hefði aldrei fundið að því, að samningurinn við útvegsmenn var gerður strax upp úr áramótum, heldur væri hann að finna að því, að þetta frv. væri lagt fram, án þess að tekjuöflun fylgdi með því. Ég vil benda á, að ef eitthvað er athugavert í þessu sambandi, þá hlýtur það að vera samningsgerðin sjálf, því að annaðhvort hefur hún gildi, og þá er það hún, sem þyrfti að taka ákvörðun um, eða hún er algerlega marklaus, og þá er það auðvitað athugavert og aðfinningar að gera slíkan samning. En mér skildist á hv. 2. þm. S-M., að hann teldi,

að samningurinn sjálfur væri í gildi og hefði sízt verið aðfinningarvert að gera hann. Ef svo er, þá er auðvitað algert aukaatriði, hvenær og í hvaða formi þetta frv. er lagt fyrir þingið. Ég hef aftur á móti fundið að því og tel það vera misráðið, að samið skyldi við útvegsmenn fyrr en málið allt var afgreitt. Hitt er annað mál, að ég skil til hlítar þær ástæður, sem urðu þess valdandi, að hæstv. ríkisstj. taldi sig nauðbeygða til þess að fara þá leið, sem hún gerði.

Þá taldi hv. þm., að það stæði allt öðruvísi á nú en í fyrra, vegna þess að í fyrra hefði verið hægt að leysa vanda sjávarútvegsins án þess, að nokkurrar nýrrar tekjuöflunar hefði þurft við, og var að tala um 25 millj. kr. í því sambandi, sem viðbótarútgjöld. Öll þjóðin veit, að deilan, sem var innan fyrrv. hæstv. ríkisstj., var einmitt um þær fjárhæðir, sem þurfti að verja í þessu skyni, og því vandamáli var ekki lokið fyrr en í maí og þá á þann veg, að að sögn stjórnarfl. sjálfra var ekki um neinar 25 millj. kr. að ræða, heldur töluvert á þriðja hundrað millj. kr., sem auka þurfti gjöld af þessum sökum, og að réttu lagi voru gjöldin þó miklu meiri, eða kringum 800 millj. kr. Sú var afleiðingin af þeim ákvörðunum, sem hæstv. fyrrv. ríkisstj. gerði um áramótin 1957—58. Og hv. þm. gaf þá loforð til útvegsmanna um, að þeir skyldu fá uppbætur, með þeim árangri, sem síðan er fram kominn. Efnahagslöggjöfin, sem við höfum verið að ræða undanfarna daga, stöðvunarfrv., er bein afleiðing þess, hvernig málum var háttað um áramótin 1957—58, sem hv. þm. stóð fyrir og var að reyna að afsaka í ræðu sinni hér á þriðjudaginn. Það er sá vanskilavíxill, sem nú er verið að vísa fram til greiðslu og þjóðin kemst ekki hjá að taka á sig vegna þeirrar ógæfu, sem hún lenti í að fela hv. þm. og öðrum hans félagsbræðrum stjórn sinna mála.

Það þarf ekki að rekja nánar, en ég ætla að lokum að vekja athygli á því, að hv. þm. staðfesti, að togarinn Gerpir hefði lent í vanskilaskuld og ríkið orðið að leysa hana til sín fyrir nokkuð á níunda hundrað þús. kr. Hann sagði að vísu, að það væri ekkert einstakt, og varð þó að undantaka togara bæjarútgerðar Reykjavíkur, sem hann sagði að hefðu staðið við allar skuldbindingar sínar í þessum efnum. En sérstaklega var eftirtektarverð skýringin, sem hann gaf á þessari vanskilaskuld Gerpis, því að hún var sú, að það væri vegna yfirfærslugjaldsins, sem hann sjálfur átti þátt í að leggja á þjóðina og þar með á þetta fyrirtæki á s. l. vori. Það er vegna þessara dæmalausu bjargráða, sem þetta fyrirtæki lendir í slíkum örðugleikum, að sjálft ríkið verður að hlaupa undir bagga með nærri millj. kr. handa því að sögn þm. sjálfs.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 120. fundi í Nd., 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 187, n. 458, 199, 459).

Frsm. meiri hl. (Pétur Pétursson): Herra forseti. Fjhn. hefur haft þetta frv. til l. um breyt. á lögum um útflutningssjóð o. fl., sem er stjfrv., til athugunar um alllangan tíma. Ástæðan til þessa dráttar er fyrst og fremst sú, að n. þótti ekki tiltækilegt að afgreiða málið, fyrr en séð yrði, hver fjárhagsafkoma sjóðsins gæti orðið eftir þeim áætlunum, sem gerðar yrðu. Þessar áætlanir liggja nú fyrir, og mun ég víkja nokkuð að þeim síðar, en okkur virðist, að ekki sé ástæða til að ætla annað en sjóðurinn muni geta staðið við sínar skuldbindingar.

Þær brtt., sem við flytjum á þskj. 459, gera ráð fyrir eftirfarandi breytingum á frv.:

Í fyrsta lagi er brtt. okkar varðandi 1. gr. frv., sem gerir aðeins ráð fyrir nánari útskýringu varðandi útreikning á skiptaverði á fiski. Er þessi útskýring sett inn í frv. til að fyrirbyggja allan hugsanlegan misskilning varðandi útreikning skiptaverðs.

Í öðru lagi er um að ræða umorðun á 2. gr. frv., en þar er nánar tiltekið, á hvern hátt reiknaðar skuli uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir.

Í þriðja lagi er till. okkar varðandi 44. gr. laganna um útflutningssjóð o. fl., þ. e. a. s. 1. mgr. hennar. Þetta atriði hefur verið nokkuð rætt hér að undanförnu á hv. Alþ. í sambandi við afgreiðslu fjárlaga. Samkvæmt gildandi lögum er heimilt að innheimta 160% sérstakt gjald af bifreiðum og bifhjólum, sem flutt eru til landsins. Samkvæmt þessari till. okkar, sem flutt er að beiðni hæstv. ríkisstj., er gert ráð fyrir, að þetta sérstaka gjald verði hækkað upp í 300%, ef um innflutning bifreiða er að ræða án gjaldeyris. Ef um gjaldeyrisúthlutun er að ræða, er gert ráð fyrir, að gjaldið verði 250%. Þó hefur þótt rétt, að gjaldið væri nokkru lægra, þegar um bifreiðar fyrir atvinnubifreiðastjóra er að ræða, eða 225% í stað 250%, en dýrtíðarsjóðsgjald, 35%, hefur á undanförnum árum verið fellt niður af slíkum bifreiðum.

Eftir þeim áætlunum, sem gerðar hafa verið um innflutning bifreiða, er gert ráð fyrir, að innflutningur á gjaldeyrislausum bifreiðum verði aukinn um 250 bíla, miðað við árið 1958, og um 100 bíla, sem úthlutaður er gjaldeyrir fyrir.

Það hefur heyrzt stundum, að e. t. v. yrði ekki hægt að fá kaupendur að öllum þessum bílum, sem er þó ekki nein veruleg aukning frá s. l. ári, vegna þess, hvað þeir yrðu dýrir. Ekki hef ég trú á, að sú verði raunin. Eftirspurn eftir bifreiðum, bæði með og án gjaldeyris, hefur verið svo mikil, að með ólíkindum má telja. Á undanförnum árum hefur verið óskað eftir margfalt fleiri bifreiðum en hægt hefur verið að fullnægja. Þetta þekki ég vel. Auk þess er vitað mál, að bílar, sem hafa komið til landsins á undanförnum árum, hafa stundum og raunar kannske oft og tíðum verið seldir á mun hærra verði en þeir hafa kostað í innkaupi þrátt fyrir 160% gjaldið. En þetta gjald verður hækkað og innflutningurinn gerður nokkru frjálsari en verið hefur, og ætti

að mega gera ráð fyrir, að svokallaður svartur markaður á bifreiðum ætti e. t. v. nokkuð að minnka. Ég hef sem sagt engar áhyggjur fyrir mitt leyti af því, að bílarnir gangi ekki út.

Ég vil með nokkrum orðum gera grein fyrir því, hvernig gert er ráð fyrir að staða útflutningssjóðs verði, miðað við þær áætlanir, sem fyrir liggja.

Efnahagsmálaráðunautur ríkisstjórnarinnar, Jónas Haralz, hefur gert skýrslu um stöðu útflutningssjóðs, og er kannske réttast að lesa úr henni kafla, sem er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar lögin um útflutningssjóð o. fl. voru sett í maímánuði 1958, var ráð fyrir því gert, að rekstur sjóðsins gæti verið hallalaus með þeim gjöldum og tekjum, sem þau lög gerðu ráð fyrir. Það var þó ljóst frá upphafi, að þetta gat því aðeins staðizt, að gjaldeyristekjur væru háar og notkun erlends lánsfjár mikil og þar af leiðandi væri hægt að halda uppi miklum innflutningi á hágjaldavörum.

Reynsla sú, sem fengizt hefur af starfsemi sjóðsins í hartnær eitt ár, staðfestir þetta í öllum aðalatriðum. Þrátt fyrir mikinn útflutning og mikla notkun erlends lánsfjár á árinu 1958 var innflutningur hágjaldavöru ekki eins mikill og áætlað hafði verið, þegar lögin um útflutningssjóð voru sett. Staða sjóðsins á árinu batnaði um hér um bil 40 millj. kr., vegna þess að síðari hluta ársins fékk sjóðurinn tekjur samkv. hinum nýju lögum, en innti gjöld lengi vel eftir hinum gömlu. Á þeim hluta ársins 1959, sem liðinn er, hefur staða sjóðsins aftur versnað verulega. Stafar þetta af því, að allmiklar greiðslur hafa á sjóðinn fallið samkv. þeim bótum, sem ákveðnar voru með l. um útflutningssjóð á s. l. ári, og niðurgreiðslur hafa verið auknar, en einnig af því, að innflutningur á hágjaldavöru hefur verið lágur á fyrstu mánuðum ársins.

Ríkisstj. hefur nýlega í samráði við seðlabankann lokið samningu greiðslujafnaðar- og innflutningsáætlunar fyrir árið 1959, og hefur innflutningsskrifstofan og bankarnir nú byrjað að starfa á grundvelli þessara áætlana. Stefna þessara áætlana miðar m. a. að því að tryggja nógu mikinn innflutning hágjaldavöru á árinu 1959, til þess að áætlanir þær, sem upphaflega voru gerðar um afkomu útflutningssjóðs á s. l. vori, fái staðizt, þ. e. a. s., að sjóðurinn verði hallalaus með þeim tekjum og gjöldum, sem þá voru ákveðin.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir áætlun um afkomu sjóðsins á árinu 1959 samkv. þeim greiðslujafnaðar- og innflutningsáætlunum, sem að framan getur, og samkv. þeim forsendum, að tekjur og gjöld haldist þau sömu og ákveðin voru með l. um útflutningssjóð á s. l. ári. Er niðurstaða áætlunarinnar sú, að gjöldin eru 20 þús. kr. hærri en tekjur. Er þetta mjög lítil upphæð, miðað við veltu sjóðsins, um 1½% af heildartekjum, og má því segja, að jafnvægi sé nokkurn veginn á milli tekna og gjalda sjóðsins samkv. þeim forsendum, er áætlanirnar byggjast á, enda eru þær forsendur í öllum aðalatriðum þær sömu og áætlanir um afkomu sjóðsins á yfirstandandi ári voru byggðar á. Þessar niðurstöður sýna hins vegar ljóslega, á hve völtum fótum fjárhagur sjóðsins hefur staðið frá öndverðu. Enginn möguleiki hefur verið til þess, að tekjur mættu gjöldum, nema innflutningur hátollavöru væri mjög hár. En af þeim innflutningi getur hins vegar ekki orðið, nema hvort tveggja komi til, miklar gjaldeyristekjur og mikil notkun erlends lánsfjár. Jafnvel á þessum forsendum er ekki nema rétt svo, að tekjur geti mætt gjöldum.

Eins og kunnugt er, munu útgjöld sjóðsins aukast verulega á þessu ári vegna aukinna niðurgreiðslna og aukinnar aðstoðar við útgerðina. Áætlað er, að þessi auknu útgjöld nemi samtals 199 millj. kr. Til þess að standa straum af þessum auknu útgjöldum er gert ráð fyrir því, að útflutningssjóði verði aflað nýrra tekna af skatti af bílaleyfum, að greiðslur hans til ríkissjóðs falli niður og til sjóðsins verði veitt fé á fjárlögum."

Þessi sundurliðun um tekjuöflun sjóðsins er svo sú, að hækkun leyfisgjalda á bílum er gert ráð fyrir að nemi 30,4 millj. kr., niðurfelling á greiðslum til ríkissjóðs 20 millj. og fjárveiting samkv. fjárl. 152,1 millj., eða samtals 202,5 millj. kr. En áætlun um útgjaldaaukningu sjóðsins á árinu 1959 er þessi: Aukin aðstoð við útflutningsatvinnuvegina: sjóvátryggingaiðgjöld báta 25 millj., bráðafúatryggingaiðgjöld báta fyrir árið 1959 7,3 millj., bráðafúatryggingaiðgjöld báta fyrir árið 1958 4 millj., sérbætur til vinnslustöðva 20,7 millj., niðurgreiðsla á beitu 1,8 millj., bætur til togara, báta og vinnslustöðva vegna kaupgreiðsluvísitölu 202 í janúar 9,8 millj., hækkun bóta á síld, sem veidd er á tímabilinu 1. jan. til 15. maí, 0,7 millj., hækkun bóta á sumar- og haustsíld umfram greiðslu trygginga fyrir bátana, áætluð 5,5 millj., hækkun bóta á útfluttar landbúnaðarafurðir 7,5 millj. Auknar niðurgreiðslur: niðurgreiðslur, er tóku gildi 1. jan. 1959, 83,3 millj., niðurgreiðslur, er tóku gildi 1. marz 1959, 25,8 millj., hækkun útgjalda vegna aukinnar neyzlu niðurgreiddra vara frá því, sem áður hafði verið áætlað, 7,6 millj. Samtals eru þetta þá 199 millj. kr., eins og ég sagði áðan.

Sá 20 millj. kr. halli, sem um er rætt í grg. Jónasar Haralz, kemur þannig ekki af því, að sjóðnum hafi ekki verið séð fyrir tekjum vegna aukinna útgjalda, eins og fram kemur af áðurnefndu yfirliti, þar eð gjaldaaukning er talin vera 199 millj., en tekjuaukning 202,5 millj. Þessi halli kemur hins vegar fram af því, að grundvöllurinn fyrir útflutningssjóði var svo veikur í fyrra, þegar lögin um hann voru sett, að miðað við þá útflutningsáætlun, sem gerð hefur verið, og þær skuldbindingar, sem sjóðurinn hafði árið 1958, hefði halli á honum orðið u. þ. b. 20 millj. Á hinn bóginn bætti sjóðurinn stöðu sína um nær því 40 millj. á árinu sem leið, sem stafar auðvitað eingöngu af því, að vertíðaraflinn frá vertíð 1958 var að mestu bættur með gömlu bótunum, þegar hann var fluttur út, en sjóðurinn fór strax að fá auknar tekjur af innflutningnum, eftir að lögin tóku

gildi. Það er því ekki um það að ræða, að útflutningssjóði sé gert erfiðara fyrir vegna þeirra auknu útgjalda, sem honum er nú gert að inna af hendi, hann fær tekjur fyllilega á móti þeim. Á hinn bóginn er sami grundvöllur undir sjóðnum nú og settur var með l. í fyrra, og sá grundvöllur er, eins og ég sagði, það veikur, að gera má ráð fyrir einhverjum halla. En þegar á það er litið, að hér er um mjög litla upphæð að ræða, miðað við heildartekjur sjóðsins, og eins á hitt, hvernig tekjuliðirnir eru uppbyggðir, þykir okkur í meiri hl. ekki ástæða til að ætla annað en að sjóðurinn muni geta staðið við skuldbindingar sínar og mælum því með, að frv. verði samþ. ásamt þeim brtt., sem við höfum lagt fram.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það er rétt, sem segir í nál. meiri hl. fjhn., að við endanlega afgreiðslu málsins í n. greiddi ég ekki atkv. Hins vegar liggur ekki fyrir enn nál. frá mér. En ég legg ekki fram, a. m. k. ekki að svo stöddu, neinar brtt. og mun ekki gera neina aths. út af því, þó að haldið verði áfram 2. umr. málsins, án þess að mitt álit liggi fyrir, en það mun væntanlega liggja fyrir þá á síðara stigi málsins eða þegar það er tekið til 3. umr.

Ég vil fyrst aðeins nefna þær brtt., sem meiri hl. fjhn. flytur á þskj. 459. Ég vil segja það um 1. brtt., að ég mæli með henni. Hún er við 1. gr. frv. og er aðeins til nánari skýringar. Ég mæli einnig með 2. brtt. frá meiri hl., sem er við 2. gr. frv. Í þeirri brtt. er lagt til að umorða 8. gr. l., en í henni eru ákvæði um bætur á útfluttar landbúnaðarafurðir, hvernig þær skuli reikna. Till. þessa flytur meiri hl. n. eftir tilmælum frá hæstv. ríkisstj., og ég hef með viðtali við framkvæmdastjóra framleiðsluráðs landbúnaðarins fengið að vita, að hann hefur ekkert við þetta orðalag að athuga, sem er á ákvæðunum í þessari brtt. Hins vegar stend ég ekki að 3. brtt. meiri hl. á þskj. 459, sem er um breyt. á 44. gr. l. Ég á engan þátt í þeirri till.

Frv. þetta er borið fram af hæstv. ríkisstj. til þess að fá staðfest samkomulag, sem hún gerði um síðustu áramót við útflytjendur, aðallega útvegsmenn og eigendur vinnslustöðva sjávarafurða, um hækkun á bótum til þeirra. Það er áætlað, að þessi bótahækkun til útflutningsins nemi fullum 80 millj. kr.

Það hefur verið svo hér hjá okkur lengi, að útflytjendum er með lögum skammtað verð fyrir þann erlenda gjaldeyri, sem þeir afla með útflutningi á framleiðsluvörum, og þetta verð, sem greitt er fyrir gjaldeyrinn, hefur undanfarið verið allmiklu lægra en útflytjendur þurfa að fá, til þess að þeir fái greiddan sinn framleiðslukostnað. Það liggur í augum uppi, að meðan þessi háttur er á hafður, þá verður ekki hjá því komizt að greiða útflytjendum bætur til þess að jafna hallann, sem þarna kemur fram. Hitt er annað mál, að mér hefur fundizt, bæði nú og áður, að afskipti ríkisstj. af þessum málum væru óeðlilega mikil. Mér hefði fundizt eðlilegt, að þessu væri hagað þannig, að það væri reynt að meta, hvað þyrfti að greiða miklar útflutningsuppbætur, til þess að útflutningsframleiðslan gæti staðið undir sér, en lengra væri ekki gengið í samningum ríkisstj. við framleiðendur um þessi efni.

Hins vegar hefur þetta verið þannig bæði nú og undanfarin ár, að ríkisstj. hefur haft með höndum ákaflega margbrotna samninga og við marga aðila um þessi mál. Það er svo komið, að ríkisstj. er farin að hafa afskipti af því um hver áramót, hvernig útvegsmenn og sjómenn skipta með sér því aflaverðmæti, sem berst á land, og því til viðbótar er ríkisstj. líka í samningamakki um hver áramót við útvegsmenn og eigendur vinnslustöðva sjávarafurða um það, hvernig þessir aðilar skipti á milli sín verðmæti aflans. Ríkisstj. er farin að hafa afskipti af því og vera þar samningsaðili um mörg atriði í þessu sambandi. Hún er farin að skipta sér af því, hvað vinnslustöðvarnar greiða útvegsmönnum og sjómönnum fyrir kíló af þorski, hve mikið fyrir ýsukílóið, hvað fyrir löngu og keilu o. s. frv. Við erum komnir ákaflega langt frá frjálsum viðskiptum með svona fyrirkomulagi, og þegar svona langt er gengið í þessum ríkisafskiptum, þá tel ég, að komið sé út í öfgar. Þessi miklu afskipti mega teljast að ýmsu leyti hlægileg, þó að hér sé vitanlega um stórt og alvarlegt mál að ræða.

Mér fyndist það miklu eðlilegra, að þeir, sem draga aflann á land, ákveði það án afskipta ríkisstj., hvernig þeir fara að því að gera úr honum sem mest verð, hvernig þeir haga verkun aflans, hvort þeir hafa hana í sínum höndum, sem ég tel langeðlilegast og að þeir myndi þá félagsskap um aflaverkunina, eftir því sem þörf krefur, þar sem þessi viðfangsefni eru oft ekki viðráðanleg hverjum einstökum útgerðarmanni um sig. Þetta teldi ég eðlilegra en að þeir selji fyrir ákveðið verð eigendum vinnslustöðva sinn fisk. Og jafnvel þó að slík viðskipti eigi sér stað, þá sýnist það nokkuð langt gengið, að ríkisstj. skuli um hver áramót þurfa að vera þar samningsaðili, eins og verið hefur nú um skeið. En ég skal ekki frekar ræða um einstök atriði í þessum flóknu samningum ríkisstj.

Eins og þegar hefur verið getið, er talið, að aukning útflutningsbótanna úr útflutningssjóði nemi rúmlega 80 millj. kr. í allt, og er það í ýmsu formi. En núverandi ríkisstj. hefur einnig aukið stórkostlega niðurgreiðslur á vöruverði innanlands, að mestu á landbúnaðarvörum, og árlegur kostnaður við niðurgreiðslurnar hefur í hennar stjórnartíð verið aukinn um nokkuð á annað hundrað millj. kr. Það er ekki nýtt að greiða niður vöruverð innanlands til þess að sporna við frekari hækkun vísitölunnar, en aldrei hefur áður verið gengið svo langt út á þá braut, sem nú er gert, og ég tel hér svo langt gengið, að það sé á margan hátt varhugavert. Það er t. d. komið svo nú, að útsöluverð á landbúnaðarvörum til neytenda er orðið lægra en það verð, sem framleiðendum sjálfum er reiknað til tekna við verðlagsútreikninginn. Þetta á þó sérstaklega við um mjólkina, en að nokkru einnig um kjötið, og með þessu fyrirkomulagi, með því að ganga svona langt í niðurgreiðslunum er hlutur bændanna gerður verri en annarra, og er óhjá-

kvæmilegt að fá leiðréttingu á þessu hið fyrsta.

Í 3. gr. l. um útflutningssjóð, sem sett voru í maímánuði í fyrra, eru ákvæði um bætur á fob.-verðmæti útfluttra vara, sem útflutningssjóður greiðir. Þarna eru ákveðnir þrír bótaflokkar í lögunum. Á allan fisk og fiskafurðir, að undanteknum síldarafurðum, var ákveðið að greiða 80% útflutningsbætur, á afurðir úr sumarveiddri Norður- og Austurlandssíld 55% og á afurðir úr annarri síld, þ. e. a. s. Faxasíld og smásíld, 70%. Í þessari lagagrein segir, að allar aðrar útfluttar vörur skuli bættar samkv. einhverjum flokkanna, sem ég nú hef nefnt, og enn fremur, að ríkisstj. sé heimilt að fengnum till. stjórnar útflutningssjóðs að flytja einstakar vörur milli bótaflokka.

Samkv. upplýsingum, sem fjhn. fékk hjá ríkisstj., var nokkuð að þessu gert á næstliðnu ári, að flytja vörur á milli bótaflokka. Þannig var ákveðin 80% uppbót á Faxasíld og smásíld í stað 70% uppbótar, sem upphaflega var ákveðin í lögunum, og einnig var okkur tjáð, að á verulegan hluta af sumarveiddri síld, sem lögð var á land á Austfjörðum, hafi verið greidd 70% uppbót í stað 55%.

Þegar við í fjhn. ræddum við hæstv. forsrh. um þetta mál fyrir skömmu, sagði hann okkur, að ríkisstj. hefði enn ekki gert neina samninga við síldarútvegsmenn um uppbætur á síld og síldarafurðir á komandi sumri, og mér þykir líklegt, að það hafi ekki gerzt síðan, eða ég hef a. m. k. ekki af því frétt. En í aths., sem fylgja frv., er áætlað, að hækkun bóta á sumar- og haustsíld muni nema 5½ millj. kr. Þar að auki er svo gert ráð fyrir greiðslu tryggingagjalda af bátum á síldveiðum eins og á þorskveiðum. Það er talið samkv. aths. með frv., að þessi hækkun á bótum til síldarútvegsins, 5½ millj. kr., sé hlutfallslega hin sama og hækkun, sem varð á bótum til báta á þorskveiðum.

Ég tel, að hækkun útflutningsbóta til síldarútvegsins hljóti að verða meiri en hér er áætlað. Það er kunnugt, að síldveiðarnar hafa gengið mjög erfiðlega um mörg undanfarin ár og margir þátttakendur í þeim orðið fyrir tjóni. Verðið fyrir síldina hefur ekki hækkað eins mikið að undanförnu og þurft hefði að vera til að mæta hækkun á útgerðar- og verkunarkostnaði, og síldarverksmiðjur hafa verið reknar með tapi.

Þegar litið er á þetta, get ég ekki séð, að það sé sanngjarnt að hafa þann mun á útflutningsbótum á síld og aðra vöru, sem lögin ákveða, en ríkisstj. hefur heimild, eins og ég hef áður bent á, til að flytja vörur á milli bótaflokka, og því getur hún hækkað útflutningsbætur á síldina, þó að breyting verði ekki gerð á lögunum. Þetta var að nokkru gert s. l. ár, eins og ég hef þegar vikið að, og ég tel, að þessa heimild verði stjórnin að nota til þess að mæta sanngjörnum óskum frá þessari atvinnugrein.

Í lögunum um útflutningssjóð eru sérstakir kaflar um tekjuöflun til sjóðsins, og frá því hefur verið skýrt, að tekjur sjóðsins næstliðið ár hafi reynzt nægar til að vega á móti gjöldunum. *Nú er hins vegar búið að gera ráðstafanir, sem hafa í för með sér hækkun á ársútgjöldum sjóðsins, sem nemur um 200 millj. kr.* Þetta hefur verið gert með þessari miklu hækkun á niðurgreiðslum og með hækkun útflutningsbóta, og mér sýnist, að gjöldin hljóti enn að hækka, þegar ákveðnar verða bætur til síldarútvegsins.

Við afgreiðslu fjárlfrv. hér á þingi í gær var ákveðið, að greiða skyldi úr ríkissjóði rúmlega 150 millj. kr. til útflutningssjóðs, og ein af brtt., sem meiri hl. fjhn. flytur, er um að heimila ríkisstj. að hækka gjöld af innfluttum bifreiðum. Segir í nál. meiri hl., að gera megi ráð fyrir, að þetta hækki tekjur sjóðsins um rúmlega 30 millj. kr. Ég held, að hv. frsm. meiri hl. hafi nefnt 30,4 millj. í ræðu sinni áðan. En þrátt fyrir þetta er enn verulegur halli á áætlun um tekjur og gjöld útflutningssjóðs.

Fjárframlagið, sem ákveðið er úr ríkissjóði, er líka fengið með þeim hætti, að ég tel það mjög aðfinnsluvert, og vil ég í því sambandi benda á, að greiðsluafgangi ríkissjóðs frá 1958, 25 millj. kr., hefur ríkisstj. og hennar stuðningsmenn fleygt í verðbólguna í staðinn fyrir að fallast á till. okkar framsóknarmanna um að lána þetta fé til byggingarsjóða og veðdeildar Búnaðarbankans, en öllum er kunnugt um, að það vantar mjög tilfinnanlega fé í þessa sjóði. Þetta er einnig að nokkru leyti fengið með því að lækka stórlega framlög frá ríkinu til framfaramála, til verklegra framkvæmda, eins og t. d. raforkuframkvæmdanna. Þá hefur stjórnin einnig ákveðið að auka mjög innflutning á hátollavörum í því skyni að ná í meiri tekjur handa ríkissjóði og útflutningssjóði, en búast má við því, að afleiðingin af þeim ráðstöfunum verði skortur á nauðsynlegum vörum. Enn má í þessu sambandi benda á, að tekjuáætlanir á fjárlagafrv. eru hækkaðar svo mjög, að það verður að teljast ákaflega óvarlegt, og ýmis útgjöld ríkissjóðs jafnframt áætluð lægri en þau fyrirsjáanlega verða, svo að stefnt er að greiðsluhalla hjá ríkissjóði.

Í nóvembermánuði í vetur lagði Framsfl. fram í fyrrv. ríkisstj. till. sínar um úrlausnir í efnahagsmálum á þessu ári, og var stefna flokksins þar skýrt mörkuð. Till. hans voru við það miðaðar, að kaupmáttur launa rýrnaði ekki frá því, sem hann var í október s. l. — eða í febrúar 1958, ef vænlegra þætti til samkomulags, að tryggður væri hallalaus rekstur útflutningssjóðs og ríkissjóðs og framlög til framfaramála yrðu ekki minni á þessu ári en s. l. ár. Því miður fór svo, að það náðist ekki samkomulag um þessar till. Núverandi hæstv. ríkisstj. og stuðningsmenn hennar hafa ákveðið afgreiðslu þessara mála á þessu ári með allt öðru móti. Þeir ætla að fleyta sér nú fyrst um sinn fram yfir kosningarnar með því að eyða afgangi frá fyrra ári og með því að stofna til skulda, sem framtíðin verður að borga. Fjárlagaafgreiðsla þeirra er ákaflega glæfraleg, eins og ég þegar hef vikið að. Og það kom glöggt fram í umr. um þetta frv. í fjhn., að það er fyrirætlun þeirra að samþykkja það án þess að gera ráðstafanir til að jafna þann greiðsluhalla *hjá útflutningssjóði, sem áætlanir þeirra sýna.*

Þar við bætist svo það, að þessi greiðsluhalli er sjáanlega of lágt áætlaður vegna síldaruppbótanna, sem eftir er að ákveða. Ég tel, að þessi afgreiðsla á efnahagsmálunum sé allt öðruvísi en þyrfti að vera, þar sem með þessu er stefnt opnum augum að skuldasöfnun og vaxandi verðbólgu.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir til breyt. á l. um útflutningssjóð, felur í rauninni aðeins það í sér að veita ríkisstj. heimild til þess að gera það lögum samkvæmt, sem hún er þegar búin að gera. Um aðrar breytingar er hér raunverulega ekki að ræða nema að því einu leyti, sem nú er hér flutt sérstök brtt. um, að leggja skuli á sérstakan bílaskatt, sem renna skal til sjóðsins.

Ég tel fyrir mitt leyti, eins og ég gat um strax við 1. umr. þessa máls, sem hér var haldin fyrir löngu, að uppbyggingin á þessu frv. sé í eðli sínu óeðlileg og röng. Lögin um útflutningssjóð voru þannig upp byggð, að þar var gert ráð fyrir tilteknum bótagreiðslum eða útgjöldum, sem þessi sjóður mundi hafa með höndum, og auk þess var svo hinn liður þessarar löggjafar tekjustofnar sjóðsins. Og ég álít, að um leið og gert er ráð fyrir því að breyta þeim kaflanum, sem snýr að útgjöldum hjá sjóðnum, þá á líka um leið að breyta hinum kafla löggjafarinnar, sem snýr að tekjuöflun fyrir sjóðinn. En enn virðist vera gert ráð fyrir því, að aðeins örlítill hluti af tekjustofnunum eigi að takast hér inn í þessa löggjöf.

Nú er það svo, að nýlega hefur verið ákveðið hér á hv. Alþingi, að ríkissjóður skuli greiða útflutningssjóði tiltekna fjárhæð, eða 152,1 millj. kr., á þessu ári, af því að sýnilegt er, að sjóðinn vantar a. m. k. þessa fjárhæð, til þess að hann geti staðið við sínar skuldbindingar, og vantar þó ábyggilega nokkuð upp á. Það hefði því verið rétt að flytja hér einmitt við þetta frv. brtt. um að ákveða í lögunum um útflutningssjóð, að ríkið skuli greiða þessa fjárhæð til sjóðsins, og þá vitanlega einnig að ákveða þar eðlilega gjalddaga á. Ég vil í þessu efni minna á það, að í gildandi lögum um útflutningssjóð var þessu háttað á nokkuð áþekkan hátt, því að þá var búið þannig um málin, að gert var ráð fyrir því, að útflutningssjóður ætti að greiða ríkissjóði tiltekna fjárupphæð af þeim tekjum, sem útflutningssjóði voru tryggðar. Og í 48. gr. l. um útflutningssjóð var tekið fram, að útflutningssjóður skyldi greiða ríkissjóði þessa fjárhæð og með alveg tilteknum hætti. Það átti að greiða ríkissjóði 1/12 af þessari upphæð mánaðarlega, og það var bundið með lögum. Þegar dæmið snýst nú við, að nú er það ríkissjóður, sem á að greiða útflutningssjóði tiltekna fjárhæð, og það er bundið með lögum, að útflutningssjóður á að standa skil á tilteknum greiðslum, þá er eðlilegt að setja hér inn í lögin um útflutningssjóð þessar tekjur handa sjóðnum, sem nú er gert ráð fyrir á fjárl. að ríkið verði að inna af höndum, og það er líka eðlilegt að ákveða þar tiltekna gjalddaga á, eins og þótti meðan útflutningssjóður var að greiða ríkissjóði.

Ég álít því, að hér eigi að koma fram brtt., sem ætti að samþykkjast inn í þessi lög, til þess að lögin um útflutningssjóð verði þannig heilleg og eðlileg, ekki aðeins löggjöf bara um útgjaldahliðina, heldur einnig bundið þar, hvað ríkissjóður á að greiða sjóðnum í tekjur.

En önnur atriði í sambandi við þetta frv., eins og það liggur fyrir, þessar heimildir, eru í sjálfu sér ákaflega lítils virði, einkum og sérstaklega þegar búið er nú að semja um öll þessi ákvæði eða svo til öll þessi ákvæði, sem hér er beðið um heimild fyrir. Ég álít, að það sé að vísu alveg sjálfsagt að festa það í lög og samþykkja það að veita ríkisstj. þessa heimild. Það verður að standa við það, sem þegar hefur verið gert í þessum efnum. Það er vitanlega hægt að hafa uppi ágreining um það, hvort hér hafi verið samið á hagstæðasta hátt eða ekki eða hvort samningurinn er hagstæður, það er annað mál, en það verður að sjálfsögðu að standa við það, sem búið er að semja um í þessum efnum, og að því leyti til, sem frv. fjallar um það, er ég því samþykkur.

Í sambandi við afgreiðslu þessa máls hefur nokkrum sinnum verið á það minnzt, að það mundi verða mjög hæpið, að útflutningssjóður gæti raunverulega staðið við þær skuldbindingar, sem hann hefur þegar tekið á sig. Hér er því nú haldið fram af meiri hluta þeirrar nefndar, sem hefur lagt fram nál. hér í sambandi við afgreiðslu þessa máls, að það sé búið að tryggja sjóðnum þær tekjur, sem hann muni þurfa, og hann ætti því að geta staðið í skilum. Ég fyrir mitt leyti dreg þetta mjög í efa eða hef réttara sagt ekki trú á því, að sjóðurinn hafi nægilegar tekjur til þess að standa undir sínum skuldbindingum, eins og ég hef minnzt á áður. Og hvaða ástæður hef ég fyrir þessari skoðun minni, að sjóðurinn muni ekki hafa tekjur á móti umsömdum útgjöldum? Það er í fyrsta lagi það, að ekki er um að villast, að fjárhagur sjóðsins áður var mjög veikur og það stóð alltaf heldur upp á sjóðinn með að hafa til tekjur á móti öllum útgjöldum, en auk þess er svo það, að nú hefur sjóðurinn, eftir því sem fulltrúar ríkisstj. halda hér fram, tekið á sig nýjar útgjaldaskuldbindingar, sem nema 199 millj. kr. á þessu ári, eða 83 millj. kr. í auknar bætur til framleiðslunnar og 116 millj. kr. í auknar niðurgreiðslur. Í þessari fjárhæð er þó ekki talin alveg nýlega samþykkt útgjaldaupphæð, sem mun nema einum 6 millj. kr. a. m. k., en það var sú ákvörðun Alþingis í gærdag að ákveða, að greiða skyldi niður verð á innfluttum áburði og það af tekjum útflutningssjóðs. Er þá alveg sýnilegt, þó að maður miði við áætlanir ríkisstj., að þá er hér búið að hnýta sjóðnum bagga upp á a. m. k. 205 millj. kr.

Ég hef áður bent á, að enn eru samningar eftir við útvegsmenn í sambandi við bætur vegna sumarsíldveiðanna, og það getur enginn vafi verið á því, að bætur vegna sumarsíldveiða verða að hækka að allverulegu leyti og miklum mun meira en gert er ráð fyrir í þessum áætlunum, sem hér liggja fyrir. Það er enginn vafi á því, og ástæðurnar eru þessar: Þegar

bæturnar voru ákveðnar vegna sumarsíldveiðanna á s. l. ári, var tekið tillit til þess, að þá lágu í landinu á gamla verðinu nær allar þær síldartunnur, sem þurfti að nota við síldarsöltun á s. l. ári. Þetta vitanlega skiptir saltendur mjög miklu máli, og bætur til þeirra voru skornar niður með tilliti til þessa. Nú er þetta ekki fyrir hendi. Nú verður að reikna tunnurnar til útgjalda hjá saltendum á hinu nýja verði, og hafa þær hækkað stórkostlega mikið frá því, sem áður var. Enn fremur er það, að á s. l. sumri var síldarverðið til bátanna ákveðið allmiklu lægra en rétt hefði verið með tilliti til þeirra verðhækkana, sem þá skullu á, og ástæðan var sú, að bátarnir fengu á því ári að halda vátryggingastyrk, sem raunverulega átti að falla niður á miðju árinu eða í mailok 1958, — að þeir fengu að halda þeim vátryggingastyrk út árið. Og með hliðsjón af því, að þeir fengu að halda þessum vátryggingastyrk, sem áður hafði verið um samið, út árið, var síldarverðið til bátanna ákveðið allmiklu lægra en beinar tölur stóðu til um.

Af þessum ástæðum er alveg augljóst mál, að nú verður að hækka bæturnar í sambandi við sumarsíldveiðarnar allmiklum mun meira en gert er ráð fyrir í þessum áætlunum. Um það getur því ekki verið að villast, að nýjar útgjaldaupphæðir hjá útflutningssjóði verða allmiklu meiri en 205 millj. kr. Ég hef sagt hér áður, að ég hygg, að þær geti varla orðið minni en 230—240 millj. kr., þegar allt verður þar talið.

Þá er eftir að athuga það, hvaða tekjur má fyllilega treysta á að útflutningssjóður fái á móti þessum nýju útgjöldum. Þar munar mest um framlag frá ríkissjóði, 152 millj. kr. En er þá full trygging fyrir því, að ríkissjóður geti greitt þetta framlag? Fjárl. hafa tvímælalaust verið afgr. með þeim hætti, að það verður að telja mjög ólíklegt, að ríkissjóður treysti sér til þess eða geti staðið við þessar skuldbindingar, enda fór það svo, að þegar hér átti að reyna á, hvort þeir, sem stóðu að fjárlagaafgreiðslunni með þessum hætti, tryðu þessu raunverulega sjálfir, með því t. d. að binda í lögum, að ríkissjóður skyldi verða að greiða þessa fjárhæð, 152 millj. kr., með jöfnum afborgunum til útflutningssjóðs mánaðarlega, eins og hann á vitanlega að standa við sínar fjárgreiðslur til framleiðenda, þá er slík till. hér á Alþingi felld. Þeir, sem standa að fjárlagaafgreiðslunni, treysta sér ekki til þess að binda ríkissjóð með lögum, þannig að hann skuli greiða útflutningssjóði þessa upphæð mánaðarlega. Og auðvitað á þetta í framkvæmdinni að fara þannig, að ríkissjóður reynir að sjá sjálfum sér farborða fram eftir árinu, fram á haustið, en það, sem hann ekki hefur handbært af fé, eða þær fjárgreiðslur, sem hann hefur þar lofað og hann vantar fé til þess að greiða, það verður allt látið mæða á útflutningssjóði. Og svo þegar kemur fram á haustið, þá vitanlega verður á nýjan leik komið til Alþingis og til þjóðarinnar og sagt: Ja, nú vantar framleiðslu landsmanna þessar fjárhæðir, og nú verður að leggja á á nýjan hátt eða lækka gengið eða einhvern veginn verður að bjarga framleiðslunni.

Ég held, að það sé enginn vafi á því, að það sé lítil trygging í því, að útflutningssjóður fái alla þessa fjárhæð á réttum tíma frá ríkissjóði, þessar 152 millj. kr. Ég held, að það verði að taka þá áætlun mjög varlega og játa, að það sé ekki verulega líklegt, eins og gengið var frá fjárl.

Nú eru þessar 152 millj. kr. aðeins hluti af því, sem búið er að taka á sig af nýjum skuldbindingum fyrir útflutningssjóð, — og hvað þá um hinn hlutann? Jú, þá er bent á það, að nú eigi útflutningssjóður að fá nýjan tekjustofn, sem er nýr bílaskattur, og ráðgert, að þessi nýi bílaskattur eigi að gefa á þessu ári hvorki meira né minna en 30,4 millj. kr. Ég hef ekki mikla trú á því, að þessar tekjur komi fram, og ég vil segja, að það hefði verið sæmra þá fyrir ríkissjóð og þá, sem að þessu standa, að treysta á þetta sjálfir og taka þetta í sinn sjóð og byggja á það þeim megin. Þegar maður athugar nánar, á hverju þetta er byggt, þá kemur í ljós, að það er gert ráð fyrir því að auka stórkostlega innflutning á svonefndum gjaldeyrislausum bílum. Það eru bílar, sem leyft er að flytja inn til landsins, án þess að veitt séu gjaldeyrisleyfi fyrir þeim eða viðkomandi aðilar sjálfir þykjast hafa aflað sér gjaldeyris með eðlilegum hætti og geta sjálfir borgað hið erlenda verð bifreiðarinnar. Með þessum hætti hafa verið fluttar til landsins á undanförnum árum alltaf nokkrar bifreiðar á hverju ári. Árið 1957 voru fluttar inn til landsins 279 bifreiðar með þessum hætti, sem ættu að koma undir þetta skattgjald. Nú er gert ráð fyrir því að hækka þetta nærri um helming eða bæta 250 bifreiðum við þessa tölu. Nú er það í rauninni svo, að hér er gert ráð fyrir enn þá miklu meiri innflutningi, því að á árinu 1958, eða s. l. ári, var þessi innflutningur með allra mesta móti, sem nokkurn tíma hefur þekkzt, eða þannig voru fluttar inn 402 bifreiðar það ár, og það er því reiknað með á þessu ári að flytja inn 652 bifreiðar gjaldeyrislaust. Það mun jafngilda því, að gert sé ráð fyrir, að fluttar séu inn bifreiðar til landsins með þessum sérstaka hætti, að menn leggja fram sjálfir gjaldeyrinn, eins og ekkert sé, og gjaldeyrisverðmæti þessara bifreiða mun þá vera mjög nærri því að vera í kringum 18 millj. kr. Það virðist sem sagt vera, að menn geti bara tínt upp úr vösum sínum, eins og ekkert sé, 18 millj. kr. í erlendum gjaldeyri til þess að flytja inn bíla með þessum hætti.

Við vitum það, að sjómenn, einkum farmenn, hafa lögum samkvæmt nokkurn gjaldeyri, sem þeir mega m. a. nota til þess að flytja inn bifreiðar með þessum hætti. Við vitum líka, að flugmenn hafa gjaldeyri nokkurn, sem þeir mega nota á þennan hátt, og innflutningur bifreiða fram til þessa hefur aðallega verið heimilaður þessum aðilum, enda gerðu þeir þá grein fyrir því, að hér væri um að ræða gjaldeyri, sem þeir hafa sannanlega getað lagt fyrir af þessum löglega aflaða gjaldeyri. Enn fremur falla inn undir þetta erlend sendiráð, sem hér

starfa og geta lagt sér til gjaldeyri sjálf fyrir þeim fáu bílum, sem þau flytja inn. Þau fá líka að flytja inn gjaldeyrislausa bíla með aðeins innflutningsleyfi. Svo er einnig um að ræða nokkra aðila, sem hafa starfað erlendis eða dvalizt erlendis um lengri eða skemmri tíma og geta fært sönnur á það, að þeir hafi unnið sér fyrir það miklum tekjum erlendis, að þeir hafi þá getað eignazt bifreið þar, og fá síðan leyfi til þess að flytja bifreiðina inn, án þess að það þurfi að veita þeim gjaldeyri frá bönkunum hér í sambandi við kaup á þeirri bifreið.

Það hefur verið reynt að halda sér í öllum aðalatriðum við þessa aðila.

Það er alveg gefið mál, að það er útilokað að ætla sér að flytja inn gjaldeyrislausa bíla að þessu magni, sem hér er nú rætt um, ef það á að binda sig áfram að mestu leyti við þessa aðila. Og það er enginn vafi á því, og það vita gjaldeyrisyfirvöld landsins vel, að í kjölfar þessa hefur flotið verulegt undanskot á gjaldeyri. Menn hafa komið gjaldeyri undan og þótzt síðan vera að nota hann í formi sjómannagjaldeyris og flugmannagjaldeyris, og bílainnflutningurinn einmitt, sem afsakaður hefur verið með þessu, er því í rauninni of þaninn, það er ekkert til í því, að sjómennirnir, sem fá þennan gjaldeyri, eða flugmennirnir geti raunverulega árlega flutt inn allan þennan fjölda af bifreiðum með eðlilegum hætti.

En um hvað getur þá verið að ræða, ef treysta má á það, að hægt verði nú að flytja inn 250 bifreiðum meira með þessum hætti en áður hefur verið? Það getur varla annað verið en það, enda hygg ég, að það sé meiningin, að fara nú að heimila þeim aðilum, sem t. d. fá umboðslaun í erlendum gjaldeyri, að nota þann gjaldeyri, umboðslaunagjaldeyrinn, til þess að flytja inn bifreiðar með þessum hætti.

Ég tel fyrir mitt leyti, að slíkt sé mjög háskaleg stefna og óréttmæt á allan hátt. Auðvitað er það svo, að þeir aðilar, sem afla sér erlends gjaldeyris með umboðslaunastörfum eða með umboðsstörfum, eiga vitanlega að skila sínum gjaldeyri alveg eins og aðrir, sem vinna sér fyrir erlendum gjaldeyri. Og það hefur verið reynt, auðvitað með allt of litlu aðhaldi, en það hefur þó verið reynt að knýja þessa aðila til þess að flytja inn almennar og gagnlegar vörur fyrir umboðslaunin eða þá að þeir notuðu þessi umboðslaun til þess, sem er óhjákvæmilegt í sambandi við þeirra innflutningsstörf. Og þó að undandráttur hafi orðið talsverður á því, að þessir aðilar, sem afla sér gjaldeyris með þessum hætti, með umboðsstörfum, skiluðu þessum gjaldeyri reiðulega, þá sýna þó skýrslur, að þeir hafa árlega flutt inn talsvert magn af almennum vörum til landsins fyrir umboðslaunagjaldeyri sinn. En nú ættu þeir að koma að sjálfsögðu og sækja um gjaldeyri af takmörkuðum gjaldeyrisforða landsmanna til þess að flytja inn hinar almennu vörur, en nota allar sínar umboðslaunatekjur og flytja síðan inn bifreiðar með þessum hætti til þess að geta tekið hér þátt í svarta markaðnum, sem vissulega mun haldast áfram í þessum efnum eftir sem áður.

Ég vil nú segja það, ekki sízt ef þannig er ástatt í landinu, að miklu fleiri aðilar óska eftir því að fá flutta inn bíla á hverju ári en þjóðin þykist hafa gjaldeyri til þess að selja mönnum í hendur til innkaupa á, sem sagt eftirspurnin eftir bílum er miklu meiri en innflutningurinn, er þá nema eðlilegt, ef þeir aðilar, t. d. kaupsýslustéttin, fá að nota sínar atvinnutekjur, fá þann gjaldeyri alveg óbundinn, sem þeir afla sér á þann hátt, til þess að flytja m. a. inn þessa eftirsóttu vöru, bílana, er þá nema eðlilegt, að aðrar atvinnustéttir komi á eftir og segi: Ég hef líka aflað erlends gjaldeyris, og af hverju á ég að skila öllum mínum gjaldeyri í hinn almenna gjaldeyrissjóð? Af hverju má ég ekki fá ákveðinn skammt af mínum gjaldeyri, sem ég hef sannanlega aflað, til þess m. a. að flytja inn gjaldeyrislausa bíla með þessum hætti? Og ég er ósköp hræddur um, að afleiðingin af þessu verði sú, að hér komi margir á eftir og vilji verða aðnjótandi hins sama.

Ég tel því, að hér sé farið inn á mjög hættulega braut og óeðlilega, ef stefnt er að þessu, og að þetta muni einnig hafa þau áhrif, að meira og meira verður leitað á það að koma gjaldeyri undan til þess síðan að geta svo að segja óáreitt fengið að flytja inn t. d. bíla með þessum hætti fyrir þann gjaldeyri, sem mönnum hefur tekizt að skjóta undan. Áður voru þó hafðar uppi reglur um það að reyna sem allra bezt að láta menn sanna, að þeir hefðu fengið gjaldeyrinn með eðlilegum hætti í sínar hendur, og þá var auðvitað fyrst og fremst um að ræða sjómenn og flugmenn og aðra slíka. Ég held því, að það sé veruleg hætta á því, að það fari svo, að það reynist ekki fært á þessu ári, þó að vilji væri fyrir hendi, að heimila eða fá fram innflutning á 650 bílum með þessum hætti, og auk þess vil ég vara við því, að það verði farið inn á þá braut að heimila mönnum að ráðstafa t. d. umboðslaunatekjum á þennan hátt.

Ég trúi því ekki, að það sé réttmætt að reikna með því, að útflutningssjóður fái á þessu ári rúmar 30 millj. kr. í auknar tekjur vegna þessa nýja bílaskatts. Auk þess er svo þess að geta, að þegar er liðinn sá tími ársins að mjög verulegu leyti, þegar jafnan er mestur þrýstingur á í sambandi við innflutning á bílum, sem sagt vortíminn, og það dregur alltaf úr því, hve ákafir menn eru í bílainnflutning, eftir því sem líður á árið, og er þá veruleg hætta á því, að hér geti ekki orðið úr öllum þeim innflutningi á bílum, sem hér er gert ráð fyrir. Ég held því, að þessi tekjustofn útflutningssjóðs verði vægast sagt mjög ótryggur.

Þá var í þriðja lagi gert ráð fyrir því, að útflutningssjóður losnaði við 20 millj. kr. greiðslu, sem áður var til ríkissjóðs, að þær þyrfti hann ekki að inna af hendi nú, og er því talið, að hann muni fá með þessum hætti rúmar 200 millj. kr. í nýjar tekjur. En eins og ég hef sýnt fram á, eru tekjustofnarnir, sem á er bent af hálfu ríkisins, mjög svo veikir. En meira að segja þeir tekjustofnar, sem á er bent og verða að teljast veikir, hrökkva alls ekki til á móti þeim útgjöldum, sem alveg er sýnilegt að muni

skella á útflutningssjóðinn. Þar við bætist svo þetta, sem ég gat um fyrr í minni ræðu, að hagur útflutningssjóðs var tiltölulega mjög veikur, það stóð alltaf heldur á honum að geta greitt það, sem hann átti að greiða, og þó að hér hafi verið sagt í þessum umr., að sjóðurinn hafi bætt við sinn hag sem nemur 40 millj. kr. seinni hluta ársins 1958, þá er ekki nema hluti af sögunni sagður með því. Að vísu var það svo, að hagur sjóðsins batnaði nokkuð með auknum tekjum að sjálfsögðu. En þetta stafaði líka að allverulegu leyti af því, að þannig var hagað framkvæmdum í lok ársins 1958, að unnið var að því að safna hér nokkrum útflutningsbirgðum, þannig að allmikið af fiskafurðum, sem framleiddar voru á árinu 1958, var ekki flutt út á því ári, þó að unnt hefði verið að flytja þær út. Þeim var safnað hér til þess að auka við birgðir, enda höfðu birgðirnar aukizt um yfir 70 millj. kr. í árslokin, og þótti hentara að hafa það með þessum hætti til þess að geta haldið uppi ákveðnum útflutningi í janúar- og febrúarmánuði, sem annars hefði orðið tiltölulega lítill. En einmitt af því, að þarna var raunverulega dregið úr útflutningi í lok ársins, varð þetta til þess, að útgjöldin urðu heldur minni hjá sjóðnum, það féll í gjalddaga tiltölulega minna af bótagreiðslum vegna framleiðslu ársins 1958. Hins vegar komu tekjurnar nokkurn veginn inn eftir því, sem um innflutninginn var að ræða. Þetta vitanlega gerði hag sjóðsins allmiklu betri aðeins í bráð en hann raunverulega var, þegar á allt var litið, og á þetta vitanlega getur ekki verið að treysta. Hins vegar er það viðurkennt af öllum, að nú hefur hagur útflutningssjóðs versnað stórum og nú er hann í allmiklum skuldum við framleiðendur og nú fara óðum að skella á hann einmitt hinar nýju útgjaldakröfur, sem ákveðnar hafa verið, bæði með auknum niðurgreiðslum og öðru.

Ég mun nú ekki við þessa umr. flytja hér brtt. við frv. Ég mun athuga það fyrir 3. umr., því að ég tel, að það eigi að koma fram, að bundið sé í l. um útflutningssjóð það framlag, sem ráðgert er að sjóðurinn fái frá ríkinu, og þá einnig ákveðnir gjalddagar á það á svipaðan hátt og það var áður bundið í lögum í sambandi við greiðslur sjóðsins til ríkisins. En ég mun ekki flytja till. um það við þessa umr.

Í sambandi við annað, sem hér hefur komið fram í þessum umr., þá var á það minnzt hér, — ég hygg af hv. þm. V-Húnv., — að það hefði nokkuð verið gert að því áður að færa bótagreiðslur milli bótaflokka, þannig að það, sem gert hafði verið ráð fyrir að bæta með 55% uppbótum, hafi jafnvel verið fært upp í 70%, og var nefnt dæmi um það, að þannig hafi þetta t. d. verið með síldveiði fyrir Austfjörðum á s. l. sumri. Á þetta hafði verið minnzt áður, ég hygg við 1. umr. þessa máls, sem hér fór fram fyrir löngu, og þá gaf ég á þessu skýringu, sem ég skal nú endurtaka.

Það, sem greitt hafði verið úr sjóðnum í sambandi við síldveiðarnar fyrir Austfjörðum, var fullkomlega og nákvæmlega eftir því, sem fyrir er mælt í l. um útflutningssjóð. Í l. um útflutningssjóð er ákveðið, að greiða skuli bætur, er nema 70%, á alla smásíld, hvar og hvenær sem hún er veidd. Það var aðeins á svonefnda sumarveidda Norður- og Austurlandssíld, sem átti að greiða 55%, þ. e. þá síld, sem veidd er á sumarsíldveiðitímanum, sem markast við alveg ákveðið tímabil, og þar einnig miðað við stórsíld af tiltekinni gerð. Nú var um það að ræða, að í lok síldveiðanna fyrir Austurlandi veiddist allmikið af smásíld. Sumpart veiddist þessi síld inni á fjörðum eftir það tímabil, sem aðgreinist sem sumarsíldveiðitímabil, og bar því tvímælalaust lögum samkv. að greiða þar 70% bætur á. Og í öðru lagi, að því leyti sem þetta var veitt á sjálfu sumarsíldveiðitímabilinu, þá var hér um blandaða veiði að ræða og látin fara fram athugun á því á vegum Fiskifélagsins, að hve miklu leyti það teldist réttmætt að bæta þessa síld sem smásíld, og eftir að stjórn útflutningssjóðs hafði gert þar ákveðnar till. um, þá voru greiddar bætur samkv. því, þannig að þeir, sem þar áttu hlut að máli, fengu 70% á þann hluta aflans, sem talinn var smásíld, og svo 55% á hinn hluta aflans, sem talinn var eðlileg Norðurlandssíld, svo að þar var ekki um færslu á milli flokka að ræða fram yfir það, sem lögin beinlínis gera ráð fyrir eða ætlast til. Hins vegar var um það að ræða, að ákveðið var að greiða á Faxasíld eða síld, sem veiddist hér suðvestanlands á s. l. hausti, 80% bætur í staðinn fyrir 70%, sem ákveðið er í l., og var það líka gert með tilliti til þess, að þá hafði kaupgjald við framleiðslustörfin hækkað allmikið og annar rekstrarkostnaður var þá orðinn gerbreyttur frá því, sem hafði verið, þegar l. voru sett, og af því þótti rétt að færa þessa síldarsöltun hér suðvestanlands á milli flokka úr 70% í 80%. Þetta er skýringin á því.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta á þessu stigi málsins. Ég undirstrika aðeins að lokum, að það, sem ég tel fyrst og fremst gallað við þessa afgreiðslu, eins og hún liggur hér fyrir a. m. k., er, að það er ekki tryggt, að útflutningssjóður fái með reglulegum hætti þær nauðsynlegu tekjur, sem hann verður að hafa, ef hann á raunverulega að standa við þær skuldbindingar, sem gefnar hafa verið.

Frsm. meiri hl. (Pétur Pétursson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið, langaði aðeins til að taka fram örfá atriði í sambandi við það, sem fram hefur komið í umr.

Mér fannst á hv. þm. V-Húnv., að hann væri eiginlega á móti því, að afskipti ríkisvaldsins þyrftu að vera eins mikil og þau hafa verið að undanförnu af þeim samningum, sem hefur þurft að gera vegna útflutningsframleiðslunnar. Mér fannst hann tala eins og þetta væri eitthvað nýtt. Það er nú ekki í fyrsta sinn í ár eða í fyrra, sem þetta hefur verið gert. Mig minnir, að það séu nú orðin nokkur ár, síðan á þessu var byrjað. Það getur verið atriði út af fyrir sig, að það sé ekki æskilegt, að þessi háttur sé hafður á. En mér fannst ég ekki verða var við, hvað hv. þm. vill þá gera, hvaða aðferð hann vill hafa til þess að koma þessum aðalatvinnuvegum áfram, miðað við það, sem

gert hefur verið á undanförnum árum. Sjálfsagt eru ýmsar leiðir til, en mér fyrir mitt leyti þætti gaman að vita, hvað það er þá, sem á að gera, ef ekki á að fara þessa leið, sem farin hefur verið, að greiða útflutningsatvinnuvegunum bætur og verða að semja um þetta um hver áramót.

Annað atriðið var það, að mér fannst ég höggva eftir því hjá hv. þm., að hann taldi allar líkur benda til þess, að hátollavörur mundu sitja í fyrirrúmi um innflutning, og gera mætti ráð fyrir skorti á nauðsynjavörum. Þetta hygg ég að sé mjög mikill misskilningur. Sú innflutningsáætlun, sem gerð hefur verið, gerir ráð fyrir svipuðum innflutningi af hátollavörum og gert var ráð fyrir á árinu, sem leið, og heildarinnflutningsáætlunin miðað við þetta ár er álíka há og hún var í fyrra. Það er því ekki verið að fara nú inn á neitt nýtt í þessu efni, heldur verið að fara svipaða leið og farin var í fyrra í sambandi við hinn almenna vöruinnflutning.

Hv. 2. þm. S-M. hefur mikla vantrú á tekjumöguleikum útflutningssjóðs. Sjálfsagt verður reynslan að skera úr því, hvernig það reynist, sem gert er ráð fyrir að verði tekjur útflutningssjóðs. Mér finnst ekki sanngjarnt að ætlast til þess, að þær greiðslur, sem eiga að koma úr ríkissjóði, verði ekki inntar af hendi fyrr en seint á árinu eða í lok ársins. Ég sé ekki neina skynsamlega ástæðu til að gera ráð fyrir því, enda fannst mér rök vanta til þess að sannfæra a. m. k. mig um það. Ég geri ráð fyrir, að þessar greiðslur gangi eðlilegan gang, eftir því sem upphæðin gefur tilefni til, og sjálfsagt verður það eitthvað mánaðarlega, og ekki þykir mér alveg útilokað, að stjórn útflutningssjóðs og fjmrn. kunni að komast að einhverju samkomulagi um, hvernig þessum greiðslum verður háttað.

Að hinu leytinu til þótti hv. þm. mikill vafi leika á því, að sá aukni bílainnflutningur, sem gert er ráð fyrir, gæti orðið. Hv. þm. var viðskmrh. fyrir stuttu, og ég geri ráð fyrir því, að hann hafi stundum þá orðið, eins og allir þeir, sem nálægt þessum innflutningsmálum koma, og raunar margir þm. líka, var við mikla eftirspurn eftir bifreiðum og beiðnir um að reyna að útvega leyfi fyrir bifreiðum. Eins og ég sagði áðan, hefur eftirspurnin eftir þessum tækjum verið ákaflega mikil, og rétt er að hafa það í huga, að hér er ekki verið að flytja inn nein ónýt tæki eða einskis nýt. Vissulega koma þessi tæki að gagni, og vissulega er það mikils um vert í raun og veru að geta flutt inn sæmilega til viðhalds af bifreiðum. Það hefur undanfarin ár verið ákaflega erfitt að gera þetta vegna gjaldeyrisörðugleika, og hefur mjög verið haldið í þessi leyfi, bæði innflutningsleyfi og gjaldeyris- og innflutningsleyfi. En aukningin er, eins og ég sagði áðan, ekki ákaflega mikil, og jafnvel þó að þessar áætlanir standist, þá verða ekki fluttir inn nema rúmlega 1000 eða um 1100 bílar á árinu, og mun það ekki vera óeðlilegur fjöldi bíla til viðhalds á bílakostinum.

En það kom fram í ræðu hv. þm., að hann taldi, að verðmæti gjaldeyrislausu bílanna mundi verða 18 millj. kr. Ég vil segja það, að mig brestur gersamlega möguleika á því að skilja, hvaðan þessi upphæð er komin. Eins og hann tók réttilega fram, er á s. l. ári flutt inn allmikið af gjaldeyrislausum bílum, eða 402. Þessir bílar kostuðu samtals eftir þeim skýrslum, sem í innflutningsskrifstofunni liggja, 6593727 kr. Mér er ómögulegt að sjá, hvernig það má vera, að þó að aukningin sé um 250 stykki, þá skuli það allt í einu vera komið upp í 18 millj. kr.

Þær reglur, sem farið hefur verið eftir í innflutningsskrifstofunni að undanförnu um úthlutun þessara svokölluðu gjaldeyrislausu bíla, hafa verið að ýmsu leyti nokkuð strangar, og mér finnst í raun og veru, að þær hafi verið óþarflega og óeðlilega strangar. Á s. l. ári voru, eins og hv. þm. nefndi, fluttir inn rúmlega 400 bílar. En ég fyrir mitt leyti er alveg sannfærður um, að án þess að tekinn væri einn einasti bíll fyrir umboðslaunatekjur eða einn einasti bíll án þess, að nokkuð væri vafasamt um gjaldeyristekjurnar í sjálfu sér eftir þeim gögnum, sem fyrir væru lögð, þá hefði verið hægt að hafa þennan fjölda bíla tvöfaldan, og ég hef meira að segja hugmynd um, að hv. þm., á meðan hann var ráðh., hafi stundum orðið fyrir því, að nokkuð hafi verið stíft eftir þessu gengið.

Ein af þeim reglum, sem við höfum farið eftir, er, að 5 ár skuli líða milli þess, sem einstaklingar fái leyfi fyrir gjaldeyrislausum bílum. Nú er það vitað mál, að fjöldamargir, bæði á flugvélum og farskipum, hafa gjaldeyristekjur, sem nema tvöföldu bílverði, á hverju einasta ári, þ. e. a. s. yfirmenn á þessum farartækjum. Það virðist þess vegna ekki í raun og veru vera neitt, sem mælir á móti því, að þessir menn fái að ráðstafa þessum löglega fengna gjaldeyri sínum, eftir því sem þeir helzt vilja. Ég mundi t. d. mjög geta látið mér detta í hug, að þessari reglu væri mjög breytt og að það væri ekki haldið fast við það, að 5 ár skyldu líða milli þess, sem menn fengju leyfi, ef þeir hafa nægar gjaldeyristekjur. Við verðum að muna eftir því, að það er hópur manna í þjóðfélaginu, sem hefur u. þ. b. þriðjung af launum sínum í erlendum gjaldeyri og hefur leyfi til þess að ráðstafa honum, eins og hann vill, auk þess sem alltaf er svo talsvert um ýmsa aðra möguleika, svo sem að Íslendingar fá arf erlendis og eitt og annað af slíku tagi. Við höfum reynt að halda nokkuð í þetta, en ég geri ráð fyrir því, að þessar reglur verði gerðar nokkru rýmri nú, eftir að auka á þennan innflutning, og mér finnst það í sjálfu sér ekki ósanngjarnt. Við vitum það allir, sem nálægt þessum málum höfum komið, að eftirspurnin eftir þessum bílum hefur verið svo mikil, að bílarnir, eftir að þeir hafa fengizt hjá einstökum mönnum, hafa verið seldir stórkostlega á yfirverði, og ef hægt verður að fullnægja dálítið þessari eftirspurn, þá væri kannske hægt að gera sér vonir um, að þessi svarti markaður mundi eitthvað minnka, og enginn ætti að sjá eftir því.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð miklu fleiri nú. — Hv. 2. þm. S-M. talaði um, að þetta frv. væri eingöngu til staðfestingar á því, sem þegar hefur verið gert. Það er mikið rétt. En nákvæmlega það sama minnir mig að ætti sér stað á s. l. ári. Þá voru gerðir samningar í byrjun ársins og voru svo ekki staðfestir fyrr en í lok maí það ár, svo að hér er út af fyrir sig ekki verið að fara inn á neina nýja braut í því efni.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það voru aðeins örfá atriði í sambandi við ræðu hv. 10. landsk. þm. (PP).

Það var þá fyrst, að hann fékk ekki skilið það, við hvað ég hefði miðað, þegar ég taldi, að bílainnflutningur, sem jafngilti 652 bílum án gjaldeyris, mundi jafngilda því, að innflytjendur þeirra réðu þar með yfir ca. 18 millj. kr. í erlendum gjaldeyri. Það er fljótreiknað, hvað hér er um að ræða. Það, sem hér er um að ræða, er það, að ég hef reiknað með því í lauslegri áætlun, að verð á hverjum bíl í erlendum gjaldeyri væri um 27 þús. kr., og ég minnist þess að hafa fengið þá tölu í mínar hendur æ ofan í æ, enda býst ég við því, að meðaltalsverðið á amerískum bílum, sem einkum mun vera stílað á að reyna að fá flutta inn hjá þessum góðu mönnum, sem liggja hér á þröskuldinum með gjaldeyri og vilja endilega koma honum í bíla, muni sízt verða minna heldur en þetta. En það skiptir kannske ekki öllu máli. Ef menn vilja hins vegar reikna dæmið á hinn veginn og segja: ja, bílarnir eru nú svo ódýrir, að 402 bílar kosta ekki nema 6,5 millj. kr. — og það er nú eins og fyrri daginn hjá okkur, það er hægt að leika sér nokkuð að þessu gengi, því að enginn veit, hvað gengið er, hvort það er verið að reikna út á því, sem skráð er beint í bönkunum, eða hinu raunverulega gengi, sem menn verða að borga, þar sem er um 55% viðaukagjaldeyrisgjald að ræða, — ef maður tekur þessa upphæð, sem hv. þm. virðist vilja endilega halda sér við, þegar hann vill reyna að gera sem allra minnst úr því, hvað þarna sé um mikinn gjaldeyri að ræða, sem í þetta fer, þá verður heldur lítið úr tekjustofninum. Vissulega er hægt að kaupa inn bíla, sem kosta ekki mikið, þó að það muni yfirleitt ekki vera siður þeirra, sem sækja hér á um svona bíla.

En það, sem hér er um að ræða, er það, að í þessari áætlun frá hálfu ríkisstj. er reiknað með því, að auka skuli innflutning sem nemur 100 bílum og veita almenn innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir og 250 bílum, án þess að veita gjaldeyri fyrir þeim innflutningi. Þó að maður taki nú þetta allt í eitt, þessa 100 bíla og þessa 250, þá skilst mér, að það verði 350 bílar, eða nokkuð undir þessari upphæð, sem hv. þm. minntist á, 402 bílum, sem áttu aðeins að kosta 6,5 millj. kr. Og ef hann tekur svo og reiknar út bara þá gjaldeyrishækkun, sem hér er verið að leggja til prósentvís, **þá getur hann** ekki fengið út úr því 30 millj. kr. tekjur. Það verður heldur stutt í því, og þá verður heldur lítið úr tekjuaukanum hjá vesalings útflutningssjóði, ef prjóna á upp með þessum hætti. Nei, hér er um það að ræða, að það er rétt, að innflutningur á bílum getur leikið nokkuð, eflaust frá því að vera 12—15 þús. kr. verð á hverjum bíl og upp í 35—40 þús. kr., og langalgengasta verðið á amerísku bílunum mun vera í kringum 27—30 þús. kr. Það skiptir vitanlega engu höfuðmáli í sambandi við það, sem ég sagði, hvort þessi upphæð í erlendum gjaldeyri er heldur 18 millj. eða 16 millj. eða jafnvel 14 millj., en niður fyrir þá upphæð trúi ég varla að það geti farið, 652 bílar, og mér þykir það furðuleg fjárhæð að reikna með því, að þetta geti menn haft með eðlilegum og frjálsum hætti til innflutnings á bílum á þennan hátt.

Nú er um það að ræða, að þó nokkuð er liðið af árinu og búið að leyfa talsverðan innflutning á bílum, og það verður vitanlega að dragast frá öllum þeim gjaldahækkunum, sem hér er nú gert ráð fyrir að leiða í lög. Og sé hér um það að ræða, eins og ég segi, að flytja inn hinar ódýrustu tegundir eingöngu, sem ég hef enga trú á, þá verður líka lítið úr tekjunum hjá útflutningssjóði.

Ég held því, að aðalatriðin standi fullkomlega eftir af því, sem ég sagði. Það er verulega hæpið, að útflutningssjóður fái þær tekjur, sem hér er verið að gera ráð fyrir, og auk þess er hér verið að fara inn á braut, sem er mjög varhugaverð. Það þýðir ekki að segja mér það, sem hef komið nokkuð nærri þessum málum nú um hríð, að það verði aukinn innflutningur á gjaldeyrislausum bílum svona mikið með því að halda sér í aðalatriðum við þá aðila, sem geta fengið þennan innflutning, sem eru sjómenn, flugmenn og sendiráðsstarfsmenn og aðrir slíkir, sem hefur verið haldið sér við hingað til. Hér verður að taka inn einhverja alveg nýja aðila, ef á að koma út 250 bílum til viðbótar við 402 á einu ári gjaldeyrislaust. Mér finnst miklu eðlilegra, ef það er haft í huga í þessum efnum að heimila kaupsýslumönnum, sem ráða yfir umboðslaunagjaldeyri, að nota þann gjaldeyri í þessu skyni, þá sé miklu eðlilegra að skýra hér frá því, að svo sé, svo að hægt sé þá að ræða um það á eðlilegan hátt. En ef menn ætla að neita því, að það sé meiningin að fara inn á þá braut, þá er líka rétt, að menn játi, að hér er um algerar blekkingatekjur að ræða, tekjur, sem alls ekki geta skilað sér til sjóðsins undir neinum kringumstæðum.

Frsm. meiri hl. (Pétur Pétursson): Herra forseti. Hv. 2. þm. S-M. (LJós) dró mjög í efa, að sú áætlun, sem gerð hefur verið um innflutning á bílum, mundi gefa þá upphæð, sem þar er gert ráð fyrir, og verð ég því að fara dálítið nánar út í þetta atriði, því að ég vil ómögulega, að hv. þm. sé í neinum vafa um, hvernig þetta er byggt upp, eins og mér sýnist hann mjög vera.

Þar er fyrst til að taka, að hann hefur gert ráð fyrir, að hver bíll kostaði 27 þús. kr. að meðaltali í innkaupi. Ef við miðum við s. l. ár, kostaði hver bíll, sem þá var fluttur inn, um 16500 kr. að meðaltali. Nú skal ég hugga hv.

þm. með því, að það er hvort tveggja gert: það er miðað við það meðalverð, sem hefur verið á bílunum að undanförnu, og það er enn fremur búið að draga frá þá bíla, sem búið er að veita leyfi fyrir á þessu ári, og til þess að hann sé ekki í vafa um, hver upphæð kemur út úr þessu, þá lítur dæmið einfaldlega svona út:

Útflutningssjóður fær:

1. Hækkun á þeim gjöldum, sem nú eru, miðað við þann bílafjölda, sem var fluttur inn á s. l. ári, þ. e. a. s. 402. Hækkun úr 160% í 300% gerir 9,2 millj. En frá þessu dragast 2,2 millj., sem eru vegna 75 bíla, sem búið er að leyfa, þannig að út úr þessu koma 7 millj., hækkun á gjaldeyrislausa bíla, miðað við sömu tölu og í fyrra.

2. Aukning um 250 bíla, sem gefur útflutningssjóði 13,9 millj.

Þetta er þá saman 20,9 millj.

Við þetta bætast svo gjaldeyrisbílarnir. Þar er fyrst miðað við sömu tölu og í fyrra, 454 bíla. Þeir kostuðu að meðaltali 17500 kr. Það gerir 7,1 millj. Frá dragast 130 bílar, sem búið er að veita leyfi fyrir, 2 millj., og út úr því kemur 5,1. Og svo er gert ráð fyrir að fjölga um 100 bíla með gjaldeyris- og innflutningsleyfi, sem gert er ráð fyrir að kosti það sama og þeir gerðu á s. l. ári, 17500, og þessir 100 bílar gefa útflutningssjóði 4,4 millj.

Þá er þetta þannig, að af gjaldeyrislausum bílum á aukningin til útflutningssjóðs að verða 20,9 millj., af bílum, sem veitt eru gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir, 9,5 millj. Út úr þessu fæ ég 30,4 millj. Þannig liggur málið fyrir.

Ég vænti þess, að eftir þessar upplýsingar fari ekki á milli mála neinar upphæðir í þessu. Það, sem getur þá farið á milli mála og eftir stendur, er það, hvort eftirspurnin verði nægjanlega mikil, til þess að þessir bílar gangi allir út. Ég fyrir mitt leyti er ekki í nokkrum vafa um það, miðað við þá miklu eftirspurn, sem hefur verið að undanförnu og er enn, því að í innflutningsskrifstofunni liggja umsóknir, svo að hundruðum skiptir, um bíla, bæði með og án gjaldeyris, sem við höfum ekki afgreitt, og nú getum við væntanlega eitthvað farið að byrja á þeim stóra stafla.

ATKVGR.

Brtt. 459,1 samþ. með 19 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 459,2 (ný 2. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 199 felld með 24:4 atkv.

3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 459,3 (ný gr., verður 4. gr.) samþ. með 15:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BG, BBen, EmJ, GÍG, GÞG, JS, KJJ, MJ, ÓB, ÓTh, PO, PP, RH, SÁ, ÁkJ.

nei: GJóh.

ÁB, EirÞ, EystJ, GíslG, HÁ, HS, HV, KGuðj, LJós, PÞ, SkG, SvbH, ÁÞ greiddu ekki atkv.

6 þm. (BÓ, EOl, IngJ, JóhH, JPálm, StgrSt) fjarstaddir.

4.—6. gr. (verða 5.—7. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PO, PP, RH, SÁ, BG, BBen, EmJ, GÍG, GÞG, IngJ, JS, KJJ, MJ, ÓB, ÓTh, ÁkJ.

PÞ, SkG, SvbH, ÁÞ, ÁB, EirÞ, EystJ, GíslG, GJóh, HÁ, HS, HV, KGuðj, LJós greiddu ekki atkv.

5 þm. (StgrSt, BÓ, EOl, JóhH, JPálm) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 125. fundi í Nd., 4. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 468, n. 469).

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Á s. l. ári, þegar lögin um útflutningssjóð voru sett, var grundvöllur þeirra laga sá, að efnahagsmál yrðu leyst með almennum ráðstöfunum. Þá var horfið frá þeirri stefnu, sem fylgt hafði verið um skeið, að leysa þau með sérstökum tollum, þar sem víðtæk vöruflokkum var mjög mismunað. Það hafði þegar sýnt sig, að ekki voru tök á því að halda áfram á þeirri braut. Nú hefur hins vegar verið horfið nokkuð að því aftur að taka upp sérstakt gjald á ýmsa vöruflokka, en ekki að fylgja hinni almennu reglu.

Við 2. umr. þessa máls var gerð sú breyting hér í hv. deild, að lagt er sérstakt gjald á innfluttar bifreiðar, og á að ná þar nokkurri fjárhæð til þess að jafna þann halla, er á útflutningssjóðnum er. Það er um þetta að segja, að nú er svo komið, að bifreiðar eru tæki, sem almenningur í þessu landi þarf að nota og er farinn að nota. Það verður ekki með rökum hægt að halda því fram, að bifreið sé orðin nokkurt lúxustæki, sem þeir menn einir geti veitt sér eða eigi að veita sér, sem hafi tekjur umfram almenning. Enda þótt það sé mín persónulega skoðun og okkar, sem að þeirri till. stöndum, er ég ætla hér að boða, að það eigi frekar að fylgja þeirri reglu, sem mörkuð var hér í fyrra, og þessi sérstöku gjöld séu mjög varhugaverð og það sé lengra gengið á þeirri braut að leggja skatta á bifreiðar í landinu en eðlilegt er og skynsamlegt og ég dragi mjög í efa, að þær tekjur, sem ríkisstj. ætlar að komi af þessum innflutningi bifreiða, fáist, eftir að þau gjöld hafa verið á lögð, sem hér eru boðuð, þá munum við ekki flytja brtt. um það. Ég vil sérstaklega vekja athygli á því, að hér er ein atvinnustétt í landi tekin fyrir, sem eru atvinnubifreiðastjórar. Það er ekki gert ráð fyrir, að það sé svipað gjald lagt á aðrar atvinnustéttir og lagt er á þá, og hafa þeir þó orðið að sætta sig við það, að innflutningur á atvinnubifreiðum hefur verið litill sem enginn að undanförnu. Það, sem við leggjum því til, er, að breyting verði gerð á þeirri till., sem samþ. var hér inn í frv. við 2. umr., að gjaldið verði ekki lagt á atvinnubifreiðar og þess vegna breytist 4. gr. þannig, að í stað þess, þar sem segir 225, komi 160%, eins og verið hefur. Enn fremur leyfum við okkur að leggja til, að á yfirstandandi ári verði veitt innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til atvinnubifreiðastjóra fyrir 100 bifreiðum. Er þetta krafa, sem þeir hafa verið með að undanförnu, og er ekki nema eðlilegt, að komið sé til móts við þá, þegar á að fara að auka innflutning á bifreiðum eins og hér er lagt til. Enn fremur leggjum við til, að allt að

100 innflutningsleyfi verði veitt á yfirstandandi ári til þeirra aðila, sem samkvæmt vinnusamningum sínum hafa frjálsan gjaldeyri, sem þeir hafa mjög notað til þess að kaupa bifreiðar, og okkar till. er sú, að þessir menn, sem fá innflutning á bifreiðum vegna þessara gjaldeyristekna sinna, eigi ekki að greiða hærra gjald en almenningur, eða 250% í staðinn fyrir 300%.

Okkur virðist allt annað með þá aðila, sem fá gjaldeyristekjur eftir öðrum leiðum en í sínum vinnusamningum, og má á það benda, að þegar yfirfærslugjaldið var lagt á í fyrra, þá var ætlazt til þess, að það tæki til þessara gjaldeyristekna eins og annarra, en frá því var svo horfið að nokkru við samninga síðar meir. Og það verður að líta svo á, að fyrst þessir aðilar hafa sérstaka samninga um gjaldeyrisfríðindi, eigi þeir að hafa rétt til þess að nota hann á eðlilegan hátt. En við leggjum til, að hér séu settar skorður við, þannig að ekki sé hætta á því, að í kjölfar þess arna geti átt sér stað svindl, og hér sé aðeins um 100 bifreiðar að ræða.

Okkar till. er því sú, með leyfi hæstv. forseta:

Við 4. gr. Fyrir „225%“ komi: 160%, — og svo komi hér nýr málsliður, svo hljóðandi:

„Innflutningsskrifstofan skal á árinu 1959 veita 100 innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til atvinnubifreiðastjóra, enn fremur allt að 100 innflutningsleyfi fyrir bifreiðum til þeirra, er með vinnusamningum hafa gjaldeyristekjur, gegn 250% gjaldi samkvæmt 1. málsgr.“

Þar sem þessi till. er of seint fram komin, vil ég leyfa mér að afhenda forseta hana skriflega og vænti þess, að hv. þdm. geti fallizt á það sjónarmið, að ekki sé réttmætt að taka þessa stétt, atvinnubifreiðastjóra, sérstaklega út úr, og enn fremur, að þeir menn, sem samkvæmt sínum vinnusamningum hafa gjaldeyrisfríðindi, fái að njóta þeirra eins og almennur borgari.

Ég skal að lokum geta þess, að ég held, að hér sé um svo lítla fjárhæð að ræða, að það muni ekki breyta miklu í því „fjármálaplani“, sem hér er til meðferðar, enda sé ég ekki, að á svo tryggilegan hátt sé frá því gengið, að það hafi nein áhrif á heildarafgreiðslu málsins, og í þriðja lagi held ég, að ef þessi gjöld verða á lögð eins og hér er ætlazt til, muni draga það mikið úr sölunni, að tekjur vegna þess mundu tapast þar í móti.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 472) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það er ekki ástæða til þess að hafa mörg orð um þessa till., sem hér var verið að lýsa. En mér þykir ástæða til þess að segja fáein orð út af þeim ummælum hv. þm. Mýr. (HS), sem hann viðhafði hér áðan, þegar hann harmaði, að það væri ekki viðhöfð sama stefna nú og í fyrra í sambandi við skattlagningu og tekjuöflun til útflutningssjóðs og ríkissjóðs. En það var sú stefna að skattleggja allar vörur jafnt, hvort sem það væru brýnustu lífsnauðsynjar manna eða aðrar vörur, sem að vísu mætti segja að væru nauðsynlegar, en þó ekki eins nauðsynlegar. Það er að heyra á hv. þm. Mýr., að hann telji eðlilegt að skattleggja að jöfnu brýnustu nauðsynjar, brýnustu rekstrarvörur og t. d. fólksbifreiðar, sem að vísu eru nauðsynlegar. Ég skal viðurkenna, að það væri æskilegt, að ekki þyrfti að grípa til þess að skattleggja bifreiðar frekar en annað og vera laus við alla skattlagningu. En þegar litið er til þess ástands, sem var við s. l. áramót, þá býst ég við, að menn séu yfirleitt sammála um það og líka hv. þm. Mýr., að það hafi verið vel sloppið við afgreiðslu fjárlaganna, að ekki skuli þurfa að grípa til frekari skattlagningar en raun ber vitni, því að útlitið var á allt annan veg við s. l. áramót. Og það er enginn vafi á því, að vinstri stjórnin hefði ekki sagt af sér, fyrrv. hæstv. forsrh., formaður Framsfl., hefði ekki sagt af sér 4. des. s. l. með þeim orðum, sem hann viðhafði, ef hann hefði reiknað með því, að mögulegt væri að koma saman fjárlögum án skatta, eins og raun ber vitni um nú. En ummæli hans mótuðu þá skoðun, sem var meðal framsóknarmanna um ástandið, og staðfestu það, sem ýmsir fyrrv. stjórnarliðar höfðu sagt, að það lægi fyrir að leggja á þjóðina nýja skatta, a. m. k. 400—500 millj. kr., miðað við þá vísitölu, sem var 1. jan., eða 202 stig. En þessar 400—500 millj. hefðu vitanlega ekki nægt, ef vísitalan hefði haldið áfram að hækka, eins og þá var, ef stjórnarstefnunni hefði ekki verið breytt. Það verður þess vegna að viðurkenna, að vel hafi tekizt með það að stöðva dýrtíðina að þessu sinni og koma í veg fyrir það, að nýir skattar séu lagðir á landsmenn eins og á s. l. ári.

Þjóðarheildin hefði ekki þolað það að búa eitt ár í viðbót við þá stjórnarstefnu, sem var á s. l. árum, og við þá skattlagningu, sem þá var viðhöfð. Ég vil aðeins undirstrika þetta vegna ummæla hv. þm. Mýr., sem eru byggð á miklum misskilningi og miklu vanmati á því ástandi, sem var við s. l. áramót, og þeim afleiðingum, sem urðu af skattlagningunni á s. l. ári. Og það er nauðsynlegt, að jafnvel hv. þm. Mýr. fari að gera sér grein fyrir því, hverjar afleiðingar það hefur fyrir þjóðina í heild, hinar einstöku atvinnustéttir og þjóðarheildina, að leggja á þjóðina svo gífurlega skatta sem gert hefur verið. Það er þess vegna nauðsynlegt, að það sé spyrnt við fótum og komið í veg fyrir hinar miklu skattahækkanir. Það hefur tekizt nú að öðru leyti en þessu, að það er á lagður nýr skattur á innfluttar fólksbifreiðar, sem bezt hefði verið að þurfa ekki að grípa til. En það vantaði tekjur til þess að ná endunum saman.

Hv. þm. Mýr. kemur með brtt. við frv. um útflutningssjóð um það, að þessara tekna verði ekki aflað, en hann flytur ekki brtt. um að ná tekjunum á annan hátt. Sýnir það ábyrgðarleysi, sem ekki er sæmandi þessum hv. þm. Bifreiðar í þessu landi eru nauðsynlegar, eins og hesturinn var í gamla daga. Þess vegna er það ekki tiltökumál, þótt menn vilji eiga bifreiðar, og menn þurfa ekki að vera ríkir til þess að óska sér þess og til þess að hafa bifreiðar. Þess vegna væri á ýmsan hátt æskilegt að vera laus við skatta á þessum nauðsynlegu

farartækjum. En ég kemst ekki hjá því, þegar við erum að tala um, að innfluttar bifreiðar verði dýrar eftir þessa skattlagningu, að vekja athygli á því, að bifreiðar, þriggja, fjögurra og jafnvel fimm ára gamlar, eru seldar manna á milli á eins háu verði og nýjar bifreiðar, sem innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fæst fyrir. Það er ástæða til að gera sér þetta ljóst, um leið og við tökum afstöðu til þessarar skattlagningar á innflutta bíla, og ég verð að segja, að þessi staðreynd dregur nokkuð úr þeim mótmælum, sem annars eru á vissan hátt eðlileg gegn hækkuðum gjöldum á innflutta fólksbíla. Það er enginn vafi á því, að notaðir bílar ganga kaupum og sölum, oft á eins háu verði og nýr bíll kostar, og það hafa þess vegna verið mikil hlunnindi að fá innflutningsleyfi fyrir bílum, miðað við það, að margir aðrir hafa orðið að kaupa notaða bíla á mjög háu verði. Ef hv. þm. Mýr. eða aðrir framsóknarmenn vildu gera svo vel að benda á aðra tekjuöflunarleið, sem væri hagkvæmari, þá vil ég hlusta á það. En ég vil ekki hlusta á það, að þessi tekjuöflunarleið sé felld niður og það verði halli á útflutningssjóði, og finnst mér, að hv. þm., um leið og hann gerir till. um að fella þetta niður, verði að benda á aðra leið til tekjuöflunar, sem geti komið í staðinn fyrir þetta.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að fara út í almennar umræður um fjárhagsmál, eins og hv. 1. þm. Rang. (IngJ) gerði. — Hann taldi það mjög hæpna stefnu, sem hefði komið fram hjá mér, er ég lýsti þeirri skoðun minni, að stefna sú, sem var tekin hér í efnahagsmálum í fyrravor, hefði verið rétt, og ég get endurtekið það.

Þessi hv. þm. taldi, að það væri mjög hæpið að hækka vöruverð almennt. Hann hefur þó, þessi hv. þm., tekið þátt í því að breyta genginu, eins og gert var 1950, og mun það hafa komið á vörur almennt, svo að hann hefur ekki gengið skemmra í slíkum almennum ráðstöfunum en ég. Og ég dreg það mjög í efa, að það sé stefna hans og hans flokks að ganga þar skemmra en mér finnnst eðlilegt að ganga. Hann veit það líka vel, hv. þm., að þó að ekki sé farið inn á þessa leið, þá eru bifreiðar með aðra skatta og slíkt, sem mismunar verði á þeim mjög frá því, sem er um almennar vörur í landinu. Þær eru á miklu hærri leyfisgjöldum og tollum en vörur almennt, svo að þess vegna er það bil alveg nóg, þó að ekki sé haldið áfram á þeirri braut, — ekki sízt þegar hv. þm. er mér sammála um það, að þetta séu tæki, sem landsmönnum sé þörf á að eignast og þurfi að gæta varúðar við að gera svo dýr, að það geti ekki nema hátekjumenn eignazt bifreiðar.

Þá sagði hv. þm., að það væri vel sloppið, að ekki skyldu hafa orðið neinar skattahækkanir í sambandi við afgreiðslu fjárl., og það hefði verið vel á málum haldið í sambandi við afgreiðslu fjárhagsmálanna frá því, sem hefði mátt búast við.

Þessi hv. þm. var líka að tala um hækkun á vísitölu og annað því um líkt. Það er nú búið að minna á það svo oft áður, að þeir sjálfstæðismenn virtust ekki hafa þá skoðun hér áður fyrr, að þörf væri á því að halda kaupgjaldi í skefjum eða vísitölu, þó að þeir hafi fengið áhuga fyrir því nú. Á það má minna í sambandi við afgreiðslu fjárl. og fjárhagsmála á þessu ári, að almennt kaupgjald í landinu hefur verið lækkað um 13,4%, og eru það nú nokkrar álögur á almenning líka. Enn fremur vita það allir, sem vilja horfa á afgreiðslu fjárl., eins og hún raunverulega er, að þeim er kækt saman á mjög hæpinn hátt, að ekki sé meira sagt. Í tekjuáætlun voru teknar fyrningar, sem fyrrv. ríkisstj. skildi eftir, svo að ég er sannfærður um, að ef það félli nú í hlut þessa hv. þm. t. d. að verða fjmrh., sem ég er nú ekki að spá, þegar næstu fjárl. yrðu sett saman, þá mundi hann ekki vilja eigna sér allt af þeim nýju tekjuliðum, sem hann yrði að afla til þess að koma fjárlögum saman, þó að ekkert breyttist frá því, sem nú er. Þess vegna held ég, að það eigi að tala varlega um ábyrgð og að það hafi verið komizt hjá því að leggja á nýjar álögur og annað því um líkt í sambandi við afgreiðslu þessara fjárl., því að hún er fyrst og fremst byggð á því, sem eftir var skilið af þeim, sem frá fóru, og svo hefur enn fremur verið aflað tekna með niðurskurði á verklegum framkvæmdum eða lækkuð gjöld með niðurskurði á verklegum framkvæmdum og svo með nýjum sköttum, eins og t. d. af tóbaki, sem er orðið almenn neyzluvara.

En um þetta er það að segja, að hér er um lítið fjárhagsmál að ræða, eða sem svarar 2—3 millj., ef reiknað væri með því, að þetta hefði engin önnur áhrif. En ég lýsti því hér áðan, að það er alveg vitanlegt, að ef á að fara svo langt í þessum álögum sem hér er reiknað með, þá hlýtur það að draga úr sölu bifreiða, svo að það eru allar líkur til þess, að tekjur útflutningssjóðs og ríkissjóðs yrðu á engan hátt skertar, þó að þessi leið yrði farin, sem við bendum hér á. Með því yrði þeim stéttum, sem hér eru sérstaklega bornar fyrir brjósti, sýnd venjuleg sanngirni, þær yrðu settar á borð með almenningi í landinu, og er ástæðulaust að fara að hafa þær í sérflokki, svo sem gert var við bændurna við afgreiðslu á niðurfærslulögunum í vetur. En ef hv. 1. þm. Rang. vill endilega halda áfram útfærslu á þeirri braut, þá gæti hann fylgt frv., eins og það er, en ef hann vill stöðva þar við, þá er eðlilegt að fylgja þessari brtt.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Við 2. umr. málsins minntist ég á það hér, að mér fyndist vanta í þetta frv. ákvæði, sem raunverulega tryggðu útflutningssjóði tekjur á móti þeim skuldbindingum, sem hann er búinn að taka á sig, þannig að það sé eitthvert öryggi fyrir því, að sjóðurinn raunverulega geti staðið við þessar skuldbindingar, og ég gat þess, að ég mundi ef til vill flytja hér brtt. við 3. umr. um þetta atriði.

Nú hef ég lagt fram brtt., en það er ekki búið að útbýta henni hér. Ég vildi — með leyfi hæstv. forseta — mega gera hér grein fyrir henni og leggja hana þá fram skriflega.

Till. mín er þess efnis, að við 5. gr. frv. bætist eins og hér segir:

„Ríkissjóður skal greiða útflutningssjóði 152100000 kr. á árinu 1959. Þriðjungur fjárhæðarinnar skal falla í gjalddaga 15. maí, en eftirstöðvarnar skulu greiðast með jöfnum mánaðarlegum greiðslum".

Það, sem hér er lagt til, er í fullu samræmi við það, sem gert hefur verið ráð fyrir í sambandi við afgreiðslu fjárlaga. Þar hefur verið gert ráð fyrir því, að ríkissjóður greiði útflutningssjóði þessa fjárhæð á árinu 1959, og ég álít því, að það sé rétt að taka þessa áætlunarupphæð á fjárl. inn í lögin um útflutningssjóð, því að í l. um útflutningssjóð eiga ekki aðeins að vera þær skyldur, sem snerta hans útgjöld, heldur eiga þar einnig að vera þau ákvæði, sem tryggja honum tekjur á móti, eins og l. voru upphaflega upp byggð og eins og þau eru í rauninni enn. Því á að taka inn ákvæði um þetta, og til þess svo að tryggja, að sjóðurinn fái þessa greiðslu frá ríkissjóði reglulega, þannig að hann geti staðið reglulega við sínar skuldbindingar, þá á líka að tiltaka greiðsludaga frá hálfu ríkisins. Þetta er í fullu samræmi við það, sem áður var. Áður var það svo, að útflutningssjóður átti að greiða ríkissjóði samkv. ákvæðum útflutningssjóðslaganna 20 millj. kr. á ári, og þá var það bundið í lögunum um útflutningssjóð, hvernig þessi greiðsla skyldi fara fram, hvernig gjalddögum skyldi vera háttað, og af því er það í fyllsta máta eðlilegt, að þetta sé hér gert einnig í sambandi við afgreiðslu þessa frv. um breyt. á l. um útflutningssjóð.

Ég sem sagt legg fram þessa till. og ætla þá, að með afgreiðslu hennar megi koma skýrt í ljós, hvort það er meiningin að lögbinda aðeins skylduna hjá útflutningssjóði, að eiga að greiða útflutningsbætur á tilteknum tíma, án þess að það sé þá búið að lögbinda það jafnframt, að sjóðurinn fái tekjur líka reglulega, til þess að hann geti raunverulega staðið undir þessum skuldbindingum sínum.

Ég vil svo leyfa mér að leggja fram þessa brtt., sem verður að leggjast hér fram skriflega, og óska eftir því, að hæstv. forseti leiti eftir afbrigðum fyrir þessari till.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að ræða hér um þetta mál frekar né þær umr., sem hér hafa farið fram á milli hv. 1. þm. Rang. (IngJ) og þm. Mýr. (HS), vil þó aðeins benda hv. 1. þm. Rang. á, að það er auðvitað alls fjarri því, að nokkuð hafi það gerzt hér í okkar efnahagsmálum, sem hafi breytt þar nokkru stóru um, og það ætti hann að vita manna bezt. Það er vitanlega algerlega að skýra rangt frá staðreyndum að halda því fram, að dýrtíðin hafi nú verið stöðvuð, — algerlega rangt. Hitt er miklu nær hinu sanna, sem form. Sjálfstfl. sagði á landsfundi sjálfstæðismanna, að menn yrðu að hafa hugfast, að það hefði í rauninni ekkert annað gerzt í þessum efnum en það að greiða niður vöruverð allverulega og að þær niðurgreiðslur mundu kosta nokkuð á annað hundrað millj. kr. En eins og hann sagði: Fólkið verður að greiða alla þessa fjárhæð síðar, — og það má ekki draga neina dul á það, sagði form. Sjálfstfl., að láta menn vita um það, að fólkið á eftir að greiða alla þessa fjárhæð síðar. — Það er ekkert annað, sem gerzt hefur, en það, að ákveðið hefur verið að halda niðri ákveðinni verðhækkun, sem raunverulega var hér á skollin, á þennan hátt, og ákveða það, að menn skuli verða að borga þessa upphæð síðar. Svo geta menn auðvitað orðað það svo, að það hafi verið vel sloppið. Ég hygg nú, að þegar menn haga orðum sínum á þá lund, þá reikni þeir með því, að vissir flokkar og vissir menn telji sig hafa sloppið nokkuð vel út úr vanda og að þessi „sleppa" eigi að ná fram yfir kosningar, ota skuli að mönnum vissri verðlækkun og stöðvun verðbólgunnar, fullyrða, að hún hafi verið stöðvuð, og þannig eigi að reyna að sleppa fram yfir kosningar, en svo komi hins vegar að því, sem form. Sjálfstfl. tilkynnti: Auðvitað verða menn að borga alla þessa upphæð síðar, — og að þá sé allt í lagi að leyfa þessu að koma. Og þá vitanlega hætta menn að tala um það, að búið sé að leysa allan vandann, verðbólgan hafi verið stöðvuð.

Nei, hv. 1. þm. Rang. ætti ekki að halda þessu svo mjög á lofti, ekki a. m. k. þar, sem menn hafa alveg á reiðum höndum ívitnanir beinlínis í form. hans eigin flokks í þessum efnum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 473) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 122. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 123. fundi í Nd., 8. maí, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 468, n. 469, 472, 473).

ATKVGR.

Brtt. 473,a felld með 17:12 atkv.

— 473,b felld með 17:12 atkv.

— 472 felld með 17:12 atkv.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BG, BBen, EmJ, GÍG, GÞG, IngJ, JóhH, JPálm, JS, KJJ, MJ, ÓB, ÓTh, PP, RH, SÁ, ÁkJ.

EirÞ, EystJ, GJóh, HÁ, HS, HV, KGuðj, LJós, PÞ, SkG, ÁB, EOl greiddu ekki atkv.

6 þm. (BÓ, GíslG, PO, StgrSt, SvbH, ÁÞ) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 114. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 115. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 116. fundi í Ed., 11. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 468, n. 500 og 501, 502).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 502. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Eggert Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, til l. um útflutningssjóð hefur alllengi legið fyrir þinginu, en mörgum þótti rétt, að séð yrði fyrir um afgreiðslu fjárlaga, áður en málið yrði endanlega afgreitt.

Fjhn. hefur, eins og á þskj. 500 segir, ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Tveir nm., hv. 1. þm. Eyf. (BSt) og hv. 8. landsk. þm. (BjörnJ), tóku ekki afstöðu til málsins í n., en við þrír, hv. 6. þm. Reykv. (GTh), hv. þm. Vestm. (JJós) og ég, leggjum til, að frv. verði samþ., eins og á þskj. 500 segir í nál. þar.

Ég tel rétt, þó að miklar umr. hafi þegar farið fram á opinberum vettvangi um málið, hv. dm. til glöggvunar að lesa þær tölulegu upplýsingar, sem fyrir liggja um aukin útgjöld útflutningssjóðs og hvernig ætlað er að mæta þeim auknu útgjöldum.

Hin auknu útgjöld eru svo sem hér segir: Sjóvátryggingaiðgjöld 25,7 millj., bráðafúatryggingaiðgjöld báta fyrir árið 1959 7,3 millj., sama fyrir árið 1958 4 millj., sérbætur til vinnslustöðva 20,7 millj., niðurgreiðsla á beitu 1,8 millj., bætur til báta og togara og vinnslustöðva vegna vísitölu 202 í janúar 9,8 millj., hækkun bóta á síld 1/1—15/5 þessa árs 0,7 millj., hækkun bóta á sumar- og haustsíld umfram greiðslu trygginga fyrir bátana 5,5 millj., hækkun bóta á útfluttar landbúnaðarafurðir 7,5 millj. Samtals eru þetta 82,3 millj.

Gjöld vegna niðurgreiðslna eru þannig: Niðurgreiðslur, sem tóku gildi 1. jan. 1959, 83,3 millj., niðurgreiðslur, sem tóku gildi 1. marz 1959, 25,8 millj., hækkun vegna aukinnar neyzlu niðurgreiddra vara 7,6 millj., eða samtals 116,7 millj. vegna þessara liða.

Þetta hvort tveggja nemur samtals um 199 millj. kr. í auknum útgjöldum útflutningssjóðs.

Tekjur til þess að mæta þessum gjöldum er áætlað að afla á eftirfarandi hátt:

Hækkun leyfisgjalda af bílum 30,4 millj., niðurfelling á greiðslu til ríkissjóðs 20 millj., fjárveiting skv. fjárlögum 152,1 millj., samtals 202,5 millj.

Varðandi stöðu útflutningssjóðs þykir mér rétt að vitna hér í einn stuttan kafla úr skýrslu Jónasar Haralz ráðuneytisstjóra í viðskmrn., en hann segir þar m. a.:

„Er lög um útflutningssjóð voru sett í maímánuði 1958, var ráð fyrir því gert, að rekstur sjóðsins gæti verið hallalaus með þeim gjöldum og tekjum, er þau l. gerðu ráð fyrir. Það var þó ljóst frá upphafi, að þetta gat því aðeins staðizt, að gjaldeyristekjur væru háar og notkun erlends lánsfjár mikil og þar af leiðandi væri hægt að halda uppi miklum innflutningi á hágjaldavörum.

Reynsla sú, sem fengizt hefur af starfsemi sjóðsins í hartnær eitt ár, staðfestir þetta í öllum aðalatriðum. Þrátt fyrir mikinn útflutning og mikla notkun erlends lánsfjár á árinu 1958 var innflutningur hágjaldavöru ekki eins mikill og áætlað hafði verið, þegar l. um útflutningssjóð voru sett. Staða sjóðsins á árinu batnaði þó um hér um bil 40 millj., vegna þess að síðari hluta ársins fékk sjóðurinn tekjur skv. hinum nýju l., en innti gjöld lengi vel eftir hinum gömlu. Á þeim hluta ársins 1959, sem liðinn er, hefur staða sjóðsins aftur versnað verulega. Stafar þetta af því, að allmiklar greiðslur hafa á sjóðinn fallið skv. þeim bótum, sem ákveðnar voru með l. um útflutningssjóð á s. l. ári, og niðurgreiðslur hafa verið auknar, en einnig af því, að innflutningur hágjaldavöru hefur verið lágur á fyrstu mánuðum ársins.

Ríkisstj. hefur nýlega í samráði við seðlabankann lokið við samningu greiðslujafnaðar- og innflutningsáætlunar fyrir árið 1959, og hafa innflutningsskrifstofan og bankarnir nú byrjað að starfa á grundvelli þessara áætlana. Stefna þessara áætlana miðar m. a. að því að tryggja nógu mikinn innflutning hágjaldavöru á árinu 1959, til þess að áætlanir þær, sem upphaflega voru gerðar um afkomu útflutningssjóðs á s. l. vori, fái staðizt, þ. e. a. s. að sjóðurinn verði hallalaus með þeim tekjum og gjöldum, er þá voru ákveðin".

Ég læt þessi orð mín nægja sem framsögu fyrir málinu, en vil aðeins að lokum geta þess, að fyrir n. lá bréf frá Læknafélagi Íslands, þar sem óskað er undanþágu á þeim gjöldum, sem frv. gerir ráð fyrir á bifreiðar til lækna. En okkur í meiri hl. þótti ekki mögulegt að fallast á það, með tilliti til þess, að margir aðrir gætu átt hliðstæðar kröfur á slíkri undanþágu og ógerlegt væri fyrir okkur að meta það, hverjum af þeim ætti að sinna.

Ég ítreka svo að lokum það, sem ég sagði í upphafi, að við í meiri hl., eins og segir á þskj. 500, leggjum til, að frv. verði samþ.

ATKVGR.

Brtt. 502 tekin aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SB, SÓÓ, EggÞ, FÞ, GTh, JJós, JK, FS.

PZ, SE, AG, BjörgJ, BjörnJ greiddu ekki atkv.

4 þm. (BSt, FRV, HermJ, KK) fjarstaddir.

2.—7. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 117. fundi í Ed., 12. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 468, 502, 521).

Frsm. 1. minni hl. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Þó að ég hafi gefið út sérstakt nál., stutt, og gæti ekki verið við 2. umr. þessa máls til að gera grein fyrir því, þá hef ég sáralítið að segja út af því nál., sem ég gaf út.

Ég geri ráð fyrir, að ég skipti mér sem þm. lítið af því, hvernig fer um þetta mál. Það er

að vísu ljóst, að setja þarf ný lagaákvæði um útflutningssjóðinn, en ég dreg það mjög í efa og er í raun og veru alveg sannfærður um, að tekjur sjóðsins hrökkva alls ekki fyrir þeim útgjöldum, sem honum er ætlað að bera, og tel ég lítt forsvaranlegt að ganga þannig frá málinu. Hins vegar veit ég það af reynslu á þessu Alþingi, að það þýðir ekkert fyrir mig eða menn úr mínum flokki að bera fram neinar brtt. um það atriði, og mun ég því ekki gera það.

Ég býst við, að ég hefði sleppt þessari framsögu, ef framsögu skyldi kalla, ef mér hefði ekki sem formanni fjhn. borizt bréf út af þessu máli, sem ég vil kynna hv. d., án þess að ég leggi dóm á það að öðru leyti. En málið var afgr. í fjhn., áður en þetta bréf barst, og ég sá ekki ástæðu til að kalla n. saman aðeins til að lesa henni þetta bréf. Bréfið er frá bílstjórafélagi Akureyrar, dagsett á Akureyri 7. maí 1959, og er svo hljóðandi:

„Stjórn bílstjórafélags Akureyrar leyfir sér hér með að skora á hv. fjhn. Ed. Alþingis að beita sér fyrir því, að ekki verði hækkað leyfisgjald á bifreiðar, sem fluttar eru inn handa atvinnubílstjórum. Leyfir stjórnin sér að benda á, að slík ráðstöfun mundi gera atvinnubílstjórum miklum mun erfiðara að stunda atvinnu sína og jafnframt valda hækkun á ökutöxtum.

Virðingarfyllst,
f. h. stjórnar Bílstjórafélags Akureyrar.
Jón B. Rögnvaldsson, formaður".

Frekar ætla ég ekki að taka fram um þetta mál.

Björgvin Jónsson: Herra forseti. Ég og hv. 8. landsk. þm. (BjörnJ) höfum leyft okkur að bera fram á þskj. 502 brtt. við lögin um útflutningssjóð. Till. þessi er að mestu samhljóða till., sem þeir báru fram í Nd., hv. þm. Mýr. (HS) og hv. þm. A-Sk. (PÞ). Ég mun ekki hafa langa framsögu um þessa till., enda skýrir hún sig að mestu sjálf.

Fyrsti liður till., að í staðinn fyrir 225% leyfisgjald komi 160%, stafar af því, að við teljum, að leigubifreiðastjórum, sem hafa haft sitt lífsframfæri af akstri, beri að sýna nokkra sanngirni, þegar lögð eru á yfirfærslugjöld. Það kemur þar til nokkuð annað en þegar um aðrar fólksbifreiðar er að ræða.

Í öðru lagi höfum við lagt til, að inn í lögin verði sett ákvæði um það, að fluttar verði inn á árinu 1959 allt að 100 bifreiðar handa atvinnubifreiðastjórum. Um það er það að segja, a. m. k. hvað fólksbifreiðar varðar, að það hefur engin endurnýjun orðið á bifreiðakosti leigubifreiðastjóra síðan á árinu 1955. Á þessu verður að verða breyting, og þegar þannig vill til eins og nú á þessu ári, að verja á óvenjulega miklu af gjaldeyri til innflutnings á hátollavörum, og bifreiðar eru, þrátt fyrir það, þótt ekki komi til nema 160% leyfisgjald, hæst tolluðu vörur, sem fluttar eru til landsins, þá finnst okkur, að nú sé einmitt tækifæri til að bæta þarna úr brýnni þörf.

Enn fremur eru í brtt. okkar ákvæði um, að 100 innflutningsleyfum fyrir bifreiðum án gjaldeyris verði úthlutað til þeirra, sem með vinnusamningum hafa gjaldeyristekjur, með sama álagi og er á almennum gjaldeyris- og innflutningsleyfum. Okkur er það ljóst um innflutning án gjaldeyris, að þetta hefur verið nokkuð misnotað á undanförnum árum og að útilokað er, að hægt sé að flytja inn, eins og ætlað er á þessu ári, allt að 400 bifreiðum án þess að veita fyrir þeim gjaldeyri, án þess að þurfi að rýmka verulega um þær reglur, sem gilt hafa til þessa. En þrátt fyrir það, þó að öllum sé kunnugt, að þetta hefur verið misnotað, þá finnst okkur það ekki réttlæta, að þessi réttindi séu tekin af t. d. sjómönnum og farmönnum, sem hafa löglegar gjaldeyristekjur. Okkur finnst, að þeir eigi að sitja við sama borð og allur almenningur. Ég segi fyrir mig, að ég skipti mér ekki af því, þó að þessu gjaldi sé breytt að öðru leyti á þeim, sem afla gjaldeyris á vafasaman hátt, en ég tel alveg útilokað að flokka þá menn, sem hafa svona löglegar gjaldeyristekjur, undir það og setja á þá nokkurs konar sérstakt hegningargjald.

Um síðasta lið brtt. er það að segja, að við leggjum þar til, að allt að 100 innflutnings- og gjaldeyrisleyfi verði veitt til báta- og togarasjómanna. Það liggur nú fyrir eftir upplýsingum frá hæstv. ríkisstj., að allt að 1200 bifreiðum verður úthlutað á þessu ári. Við vitum, að þeir menn, sem við sjósókn fást, eiga oft erfiðast með að standa í stappi við nefndir og ráð hér í Reykjavík til að fá innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir bifreiðum, og okkur finnst það ekki óviðeigandi, að Alþingi sýni í verki, að það vill þó ætla þessum mönnum nokkra sérstöðu, þeim mönnum, sem flytja að landi mest af hinu dýrmæta útflutningsverðmæti okkar.

Ég vona, að deildin sjái sér fært að samþ. þessar sanngjörnu till. okkar.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Í 4. gr. frv. er ríkisstj. heimilað að innheimta sérstakt gjald af innfluttum bifreiðum, og má það nema allt að 250% af fob-verði hverrar bifreiðar, en þó má gjaldið ekki vera nema allt að 225%, þegar úthlutað er gjaldeyri til kaupa á bifreiðum fyrir atvinnubifreiðastjóra.

Á þskj. 521 flyt ég brtt. þess efnis, að aftan við þennan málslið bætist orðin „og lækna", þannig að gjaldið verði ekki hærra en 225%, þegar úthlutað er gjaldeyri til kaupa á bifreiðum til atvinnubifreiðastjóra og lækna.

Ég flyt þessa brtt. samkvæmt ósk Læknafélags Íslands, sem hefur sent um það erindi til hins háa Alþingis. Þar er á það bent, að læknar komist ekki hjá að nota bifreiðar til sinna starfa og því ekki úr vegi að setja þá a. m. k. til jafns við atvinnubifreiðastjóra. Auk þess má benda á það, að bifreiðarkostnaður er fastur liður í rekstrarkostnaði lækna. Hækkun á þeim rekstrarkostnaði hefur áhrif í árlegum samningum milli læknasamtakanna annars vegar og sjúkrasamlaga hins vegar. Þetta finnst mér sérstaklega ástæða til að benda á.

Í öðru lagi hefur að sjálfsögðu allur hækk-

aður rekstrarkostnaður lækna áhrif á taxta þeirra almennt. Atvinnubifreiðastjórum er þarna hyglað. Þeir aka að jafnaði heilbrigðu fólki, og því skyldi þá ekki læknum hyglað, sem allan daginn aka til sjúkra manna?

Ég vænti þess, að hv. d. taki þessari till. vel og líti á hana með sanngirni.

Forsrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það kom fram í framsöguræðu hv. minni hl. þessarar d., forseta d., 1. þm. Eyf. (BSt), að hann drægi það nokkuð í vafa, að tekjur útflutningssjóðs mundu endast til þess að standast á við gjöldin. Nú hefur aftur á móti það dæmi verið reiknað af sérfræðingum ríkisstj. og komizt að þeirri niðurstöðu, að þetta mundi takast, tekjurnar og gjöldin mundu standast nokkurn veginn á, þó þannig, að út af stæðu upp undir 20 millj. kr., sem ekki væri séð fyrir tekjum fyrir eftir þeim tekjumöguleikum, sem reiknað hefði verið með í þeirra dæmi. En þeir eru náttúrlega nokkuð óvissir og ekki ástæða til kannske að gera veður út af því, að þessi mismunur væri eða þarna stæði þessi upphæð út af, þar sem ýmis og kannske stærri óviss atriði gætu gengið inn í þennan reikning. Hitt er náttúrlega augljóst, að með þessu er teflt á nokkuð tæpt vað, þó að það sé engin goðgá að leggja af stað með sjóðinn með þessum tekjuvonum, sem hann hefur, eftir því sem frv. er byggt upp. En hitt er náttúrlega alveg auðséð, að hvað eina sem borið er fram til þess að draga úr þeim tekjumöguleikum, sem sjóðurinn hefur, verður til þess að minnka þá möguleika, að tekjur og gjöld sjóðsins geti staðizt á. Mér finnst, að sjónarmið hv. 1. þm. Eyf. og hv. þm. Seyðf., sem hér hefur borið fram brtt. um að draga mjög úr tekjum sjóðsins, stangist nokkuð á í þessu efni, því að það er náttúrlega ekki ráðið til þess að tryggja hag og afkomu sjóðsins að draga úr tekjumöguleikum hans.

Það má vel vera, að það sé margra eða einhverra meina bót að lækka yfirfærslugjaldið á þeim bílum, sem úthlutað verður til atvinnubílstjóra, úr 225% niður í 160%. Þó hygg ég, að það dragi þá ekki eins mikið og útflutningssjóðinn að missa þær tekjur, sem þannig er stofnað til að hann missi.

Ég vil þess vegna láta í ljós þá skoðun, að ég tel, að með þessari lækkun yfirfærslugjaldsins frá því, sem hugsað er í frv., eru náttúrlega tekjumöguleikar sjóðsins skertir, og verður það þá að vera á ábyrgð þeirra manna, sem að þeirri skerðingu standa.

Það sama gildir náttúrlega alveg eins um till. hv. 1. landsk. þm. (AG), sem var að mæla fyrir sinni brtt. áðan, og þarf ekki að endurtaka rökin gegn þeirri till. frá því, sem ég nú hef rætt um till. hv. þm. Seyðf. og hv. 8. landsk. þm.

Annað atriði, sem farið er inn á á þskj. 502, sem ég vil vara við, er að ákveða með lögum um innflutning á þessum hlutum. Ég veit ekki til þess, að það hafi verið gert áður á svipaðan hátt og hér er nú farið fram á að gera, að ákveða með lögum, að viss fjöldi bifreiða skuli fluttur inn í ákveðnu skyni. Ég tel þetta mjög óheppilega leið og þessi töluákvörðun um bílana verði að gerast að miklu betur athuguðu máli en þessi hv. þm. eða þeir, sem till. flytja, geti hafa haft möguleika til að gera.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð. Till. eru þannig, að þær koma þvert á í fyrsta lagi megintilgang frv. um að afla tekna til að standa á móti útgjöldunum, og í öðru lagi fara þær að nokkru leyti, að því er tekur til till. á þskj. 502, inn á braut, sem er áður óþekkt og ég held óheppileg um þessi mál.

Björgvin Jónsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. talaði nokkuð hér um þessa till., sem við hv. 8. landsk. (BjörnJ) berum fram, og minntist þar á áætlun um tekjur og gjöld útflutningssjóðs. Við vitum náttúrlega, að slíkar tekjuáætlanir eru aldrei nákvæmar, og ég ætla engan dóm á það að leggja, enda hef ég ekki haft aðstöðu til að kynna mér það. En ég vil aðeins benda á, að eftir þeirri innflutningsáætlun, sem gerð hefur verið fyrir þetta ár, á að flytja inn nokkuð miklu meira magn af hátollavarningi en gert var t. d. á síðasta ári, og einmitt með hliðsjón af þessari innflutningsáætlun kom inn þetta ákvæði um að veita 100 innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til atvinnubifreiðastjóra á þessu ári.

Bifreiðar voru, jafnvel áður en þessi nýju gjöld komu á, sú vörutegund, sem mest gaf í ríkissjóð og útflutningssjóð, og það er álit a. m. k. nokkuð margra innflytjenda, að það sé vafamál, að hátollagjaldeyririnn gangi allur út á þessu ári til svipaðs innflutnings og hann var notaður til í fyrra. Við vitum, að ef atvinnubifreiðastjórum eða leigubifreiðastjórum yrðu veitt innflutnings- og gjaldeyrisleyfi, þá mundu langsamlega flestir þeirra kaupa bifreiðar, sem eru í innkaupi nokkuð miklu dýrari og gefa með 160% leyfisgjaldi meiri tekjur í útflutningssjóð en flestar, ef ekki allar bifreiðar t. d. frá Vestur- og Austur-Evrópu, þannig að þetta ákvæði um að veita 100 innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til leigubifreiðastjóra ætti einmitt að auka tekjur útflutningssjóðs frekar en minnka þær. Og þar er alveg öruggur markaður fyrir gjaldeyri, sem á að nota til kaupa á hátollavörum, — alveg öruggur markaður, sem nokkur vafi gæti verið á að annars væri til staðar.

Ég vil endurtaka, að þetta ákvæði um 100 innflutningsleyfi fyrir bifreiðum til þeirra, sem með vinnusamningum hafa gjaldeyristekjur, er að mínu viti mjög mikilvægt. Við vitum, að á síðasta ári fóru farmenn í verkfall m. a. út af 55% yfirfærslugjaldinu, og fengu þar á nokkra leiðréttingu, og við vitum einnig, að innflutningsskrifstofan hefur að fyrirlagi ríkisstj. hverju sinni gefið þeim, sem hafa þessar tekjur, kost á að flytja inn einstakar vörutegundir. Það skal ekki afsakað, að nokkuð af þessum vörum hefur vafalaust lent á svartan markað og í brask, en þrátt fyrir það tel ég nauðsynlegt, að þessum mönnum sé sýnt það

og sannað, að þeir sitja við sama borð og aðrir landsmenn, a. m. k. ef þeir ætla að nota þær vörur til eigin þarfa, sem þeir flytja inn.

Við vitum líka, að ef á að flytja inn 450 gjaldeyrislausar bifreiðar, þá verður að útvíkka eða útvatna verulega þær reglur, sem gilt hafa um úthlutun slíkra bifreiða, og verður örugglega að nota til kaupa á þeim nokkuð af þeim gjaldeyri, sem er aflað á vafasaman hátt, og ég út af fyrir mig sé ekki neina ástæðu til að hafa á móti því, að þeir menn séu látnir borga há gjöld.

Forsrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð til viðbótar því, sem ég áður hafði sagt um þetta mál.

Hv. síðasti ræðumaður minntist á, að nú væri gert ráð fyrir að flytja inn mikið af hátollavörum, og það er rétt, nokkru meira en gert hafði verið í fyrra. En allt byggist þetta kerfi á því, að hægt sé að flytja inn hátollavörur, og brotnar alveg greinilega saman, ef það er ekki hægt.

Hins vegar um samanburðinn á árinu 1958 og 1959 vil ég segja það, að áætlunin fyrir 1959 er lægri en áætlunin var 1958, þó að ekki tækist að flytja inn allt það magn af hátollavörum, sem þar var gert ráð fyrir, þannig að náttúrlega getur verið nokkuð í óvissu, hvað til tekst á árinu, eftir því, hvaða gjaldeyristekjur falla til.

En svo kom þessi hv. þm. með þá frumlegu skýringu á sinni till., að ef veitt væru atvinnubílstjórum leyfi til þess að kaupa bifreiðar til atvinnurekstrar síns, þá mundi það með þessari lækkun á yfirfærslugjaldinu, sem hann leggur til, gefa meiri tekjur í útflutningssjóðinn en að till. óbreyttri. Það reikningsdæmi get ég nú ekki skilið, því að vitanlega var gert ráð fyrir því, að atvinnubílstjórar fengju leyfi hjá innflutningsskrifstofunni til þess að flytja inn bifreiðar, og ef þær verða fluttar inn samkvæmt leyfi eða samkvæmt lögum, þá gerir það ekki þann mun, að ég geri ráð fyrir, að svipuð tegund bifreiðar mundi verða keypt í hvoru tilfellinu sem væri, og þá er náttúrlega gefið, að hver lækkun á yfirfærslugjaldinu dregur úr tekjumöguleikum sjóðsins.

Ég vil undirstrika það, sem ég sagði áðan, að afkomumöguleikar sjóðsins eru slíkir, að allt, sem gert er til þess að draga úr tekjumöguleikum hans, getur orðið til þess, að afkoma hans verði verri en æskilegt væri. E. t. v. þolir hann það, e. t. v. þolir hann það ekki. En allt, sem miðar að því að draga úr tekjumöguleikunum, er til hins verra og verkar náttúrlega gagnstætt því, sem mér skildist á hv. 1. þm. Eyf. hér áðan að þyrfti að gera, að tryggja afkomu sjóðsins betur en gert er nú. En þessar till., sem hér eru bornar fram, stefna í þveröfuga átt.

ATKVGR.

Brtt. 521 samþ. með 8:7 atkv.

— 502, a samþ. með 9:7 atkv.

— 502, b samþ. með 9:7 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 7 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EggÞ, FS, FÞ, GTh, JJós, SB, SÓÓ.

FRV, HermJ, KK, PZ, SE, AG, BjörgJ, BjörnJ, BSt greiddu ekki atkv.

1 þm. (JK) fjarstaddur.

Frv. endursent Nd.

Á 49. fundi í Sþ., s. d., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 532).

Á 127. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. meiri hl. (Pétur Pétursson): Herra forseti. Það er aðeins út af því atriði, sem hefur verið bætt inn í frv. í hv. Ed., sem mig langaði til að segja örfá orð.

Till. þessa efnis að nokkru leyti hafði komið fram í þessari hv. d., en ekki hlotið samþykki, en svo hafði till. aftur komið sama efnis í Ed. og verið þar samþ. Þar sem svo stendur á, eins og hv. þm. er kunnugt, að gert er ráð fyrir stuttum tíma til afgreiðslu á málinu, þá eru sjálfsagt ekki miklir möguleikar á því að breyta þessu mikið, úr því sem komið er. En það verð ég að segja, að mér lízt heldur ógiftusamlega á að vinna eftir þessu, eins og það er nú orðið.

Út af fyrir sig með það atriði að lækka gjaldið á bílum til atvinnubifreiðastjóra, þá er það auðvitað framkvæmanlegt og ekkert við því að segja í sjálfu sér. En um hitt atriðið, að tiltaka vissan fjölda af innflutnings- og gjaldeyrisleyfum, í fyrsta lagi til þeirra, sem hafa gjaldeyristekjur, að það skuli vera 100 af þeim, sem eiga að fá lægri skatt en allir hinir, þá er ég hræddur um, að það kunni að vefjast fyrir okkur í innflutningsskrifstofunni að ákveða, og sé ég ekki í raun og veru, hvernig hugsað er eða eftir hvaða reglum hugsað er að fara með það. Mér sýnist það vera mjög erfitt mál.

Svo er gert ráð fyrir, sem hefur verið bætt inn í í hv. Ed., að það skuli veitt 100 innflutnings- og gjaldeyrisleyfi til báta- og togarasjómanna með fullu gjaldi. Báta- og togarasjómenn hafa vitanlega fengið leyfi með fullu gjaldi, alveg eins og aðrir, og ég sé ekki, hver tilgangurinn með þessu eiginlega er, nema þá sá einn að tryggja töluna.

Mér sýnist þetta allt saman vera þannig vaxið, að ég er hræddur um, að það verði býsna erfitt í framkvæmdinni að uppfylla þessi töluákvæði, sem þarna eru. Það koma dagar, það koma ráð. Það getur vel verið, að það sé kannske einhvern veginn hægt að leysa þetta, og með því, hvað málið er að öðru leyti stórt, þá ætla ég ekki að gera á þessu stigi brtt. En ég vil benda á það, að mér sýnist þetta ákaflega hæpið, að hengja svona hluti þarna aftan í, og ég veit ekki, hvort þeir, sem fluttu þetta hér upphaflega í þessari hv. d., gætu gefið einhverjar ábendingar um það, hvernig þeir hugsa að unnið sé eftir þessu. En hvað sem því líður,

þá vefst það mjög fyrir mér, hvernig þetta á að framkvæmast, en sé hins vegar ekki möguleika á því að breyta þessu.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Það gleður mig, að það kom fram í orðum hv. 10. landsk., að stjórnarliðar mundu nú sjá að sér og að þetta mál mundi ná fram að ganga hér. En í sambandi við það, sem hann sagði, vil ég segja það, að talan var miðuð við þær upplýsingar, sem við höfðum fengið um, að þetta væri eðlilegt, að miða við að leyfa atvinnubifreiðastjórum að flytja inn bíl á fimm ára fresti.

Ég vil að endingu segja það, að ég benti hv. 10. landsk. þm. á það, þegar þetta mál kom hér fram í d., að þeir skyldu athuga það strax, að full alvara væri hér á ferð, og ef hann hefði þá komið með leiðbeiningar, sem betur hefðu mátt fara, þá vorum við til viðtals um það. Hins vegar var það ekki talið ómaksins vert þá, og verða þeir menn, sem seint sjá að sér, að búa við sitt seinlæti sjálfir.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 17 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GÍG, GÞG, IngJ, JóhH, JPálm, JS, KJJ, MJ, ÓB, ÓTh, PO, PP, RH, ÁkJ, BG, BBen, EmJ.
GJóh, HS, HV, KGuðj, LJós, PÞ, SkG, StgrSt, SvbH, ÁÞ, ÁB, EirÞ, EystJ, GíslG, EOl greiddu ekki atkv.
3 þm. (HÁ, SÁ, BÓ) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 541).

25. Fjáraukalög 1956.

Á deildafundum 23. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1956 [114. mál] (stjfrv., A. 273).

Á 29. fundi í Sþ., 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjvn. með 27 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Sþ., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 273, n. 527).

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Fjvn. hefur yfirfarið frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1956, sem til nefndarinnar var vísað. Frv. er samið í samræmi við till. yfirskoðunarmanna ríkisreikninga, og er í frv. leitað heimildar fyrir öllum þeim greiðslum, sem eru umfram fjárlagaheimild fyrir það ár. Fjvn. hefur ekkert fundið við frv. að athuga og leggur því til, að það verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Sþ., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 52. fundi í Sþ., 14. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 545).

26. Útflutningur hrossa.

Á 5. fundi í Nd., 17. okt., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 24. maí 1958, um breyt. á l. nr. 50 23. júní 1932, um útflutning hrossa [12. mál] (þmfrv., A. 22).

Á 7. fundi í Nd., 21. okt., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er ekki stórt, en getur eigi að síður haft töluverða þýðingu, ef um það er að ræða að flytja út hross í framtíðinni.

Þessi hv. deild samþykkti á s. l. þingi, að tímatakmarkið væri bundið við 1. des., að það væri heimilt að flytja út hross frá 1. júní til 1. des., en af einhverjum óskiljanlegum ástæðum var þessu breytt í Ed. og tímatakmarkið bundið við 1. nóv. Þeir, sem um þessi mál hafa mest að gera, kunnugastir eru þeim, hafa eigi að síður óskað eftir, að heimildin væri a. m. k. til 1. des. Má þar nefna Búnaðarfélag Íslands, ráðunaut í hrossarækt, Gunnar Bjarnason, yfirdýralækninn og búnaðarþing.

Nú munu ef til vill einhverjir segja: Þetta skiptir ekki verulegu máli, hvort tímatakmarkið er 1. nóv. eða 1. des., því að það er ekki um það að ræða að flytja út hross að neinu marki, hvorki í nútíð né framtíð. En þeir, sem fara með slíkar fullyrðingar, vita ekki, hvað þeir eru að segja.

Ég get að vísu ekkert fullyrt um það, hvort verður mögulegt að flytja út hross í stórum stíl í framtíðinni, en ég vil eigi að síður upplýsa, að þetta hefur aukizt mjög núna í seinni tíma. Fyrir 2—3 árum var ekki um neinn hrossaútflutning að ræða, sem teljandi væri, á s. l. ári var það þó nokkuð, en á þessu ári munu fara út nærri 400 hross, og núna um næstu mánaðamót fara með einu skipi um 250. Ég verð að segja, að ef framhald gæti orðið á þessu, væri um þarft fyrirtæki að ræða, bæði til þess að skapa okkur auknar gjaldeyristekjur og til þess að létta á kjötmarkaðnum

innanlands, og ég tel, að það beri að vinna að þessum málum af fullum krafti. Sem betur fer, er talsverður áhugi ríkjandi, sérstaklega í Þýzkalandi, Vestur-Þýzkalandi, fyrir íslenzku hrossunum, og þar eru dugandi kaupsýslumenn, sem vilja talsvert á sig leggja til þess að koma hrossunum í verð, ekki aðeins í Vestur-Þýzkalandi, heldur flytja þau út þaðan til Hollands, Belgíu, Frakklands, Ítalíu og jafnvel Spánar. Íslenzku hrossin munu nú hafa numið land í öllum þessum löndum, sem ég áðan nefndi. Þetta gefur nokkrar vonir. En eins og kunnugt er, þá er helzt um það að ræða að flytja út hross seinni part sumars eða að hausti til, og verði þetta gert að nokkru marki í framtíðinni, verður það að gerast á þann hátt, sem er eðlilegastur og hagkvæmastur, þannig að til þess verði leigt sérstakt skip, sérstaklega útbúið til gripaflutninga, og þá er hægt að segja, að á sómasamlegan hátt sé búið að gripunum á leiðinni yfir hafið, og þá munum við ekki standa í neinu stríði við Dýraverndunarfélagið eða þá, sem telja sig sérstaka málsvara dýranna. Það er líka nauðsynlegt, og ég tel, að það sé miklu eðlilegra að breyta lagabókstaf, sem er óeðlilega þröngur, heldur en eiga alltaf undir högg að sækja með undanþágur, sem er vafasamt samkvæmt lagabókstafnum, hvort heimilt er að veita.

Þessi hv. deild hafði réttan skilning á málinu á s. l. þingi og hefur það vitanlega enn, og gerist því sízt þörf að halda langa ræðu um málið hér. Ég vil vænta þess, að hv. Ed. fallist á þá sjálfsögðu og nauðsynlegu leiðréttingu á l., sem felst í þessu frv.

Ég vil svo óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Nd., 24. okt., var frv. tekið til 2. umr. (A. 22, n. 38).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 22, felur í sér það eitt að breyta l. um útflutning hrossa á þá leið, að hann sé heimill yfir nóvembermánuð, en samkvæmt lögum frá síðasta þingi er takmarkið lok októbermánaðar. Á síðasta þingi var þetta mál til meðferðar og samþ. í þessari hv. d. á sömu leið og þetta frv. fer fram á, en breytt á síðustu stundu í Ed. þannig að stytta heimildina um þennan eina mánuð.

Það er kunnugt mál, að á mörgum undanförnum árum hefur gengið mjög illa að koma hrossum í verð og eiginlega enginn markaður á löngu tímabili annar en sláturmarkaður og þá helzt fyrir folaldakjöt. Hins vegar er það vitað, að það eru tugir þúsunda af stóði í landinu, sem nauðsynlegt er að koma í verð, og það ber þess vegna að fagna hverjum þeim möguleika, sem skapast til þess, að hrossin geti orðið seld til útflutnings. Sá möguleiki, sem hér hefur verið um að ræða með sölu til Þýzkalands, er að vísu mjög takmarkaður, en ég verð að segja það, og það er skoðun landbn., að það fer illa á því, ef Alþ. er að gera takmarkanir á þeim möguleika.

Landbn., þeir fjórir nm., sem mættir voru á fundi í gær, var sammála um að mæla með þessu frv. óbreyttu, en 5. nm., hv. 6. landsk. (GJóh), var ekki mættur í þinginu í gær og hafði fjarvistarleyfi.

Eins og menn sjá, er þetta frv. miðað við það, að það þarf að samþykkjast í gegnum þingið fyrir mánaðarlok, og vil ég því fyrir hönd landbn. fara fram á, að því verði sem mest flýtt, og vildi mega vænta þess, að hv. Ed. færi ekki að setja fótinn fyrir þessa breytingu, eins og á síðasta þingi.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það er í sjálfu sér ekki neitt í sambandi við þetta frv. sérstaklega, sem gefur mér tilefni til að taka til máls. Í því felst aðeins að rýmka heimildina um þann tíma, sem leyfður er til hrossaútflutnings. En málið hefur áður verið á dagskrá hér, og mér dettur í hug, hvort ekki sé tímabært að hreyfa hér almennri athugasemd í sambandi við hrossaútflutninginn.

Eins og málið horfir núna við, þá skilst mér, að það sé helzt að vænta markaðs í Þýzkalandi, og þá vegna þess, að það sé í uppsiglingu, að menn vilji nota og eiga íslenzka hestinn til reiðmennsku. Af því tilefni langar mig til að spyrja, hvort það hafi þá ekki komið til umræðu fyrr eða síðar í landbúnaðarnefndum þingsins, hvort ekki sé orðið tímabært að setja almennar reglur um það, hvernig hrossaútflutningnum skuli hagað. Ef hér er verið að selja í bili á markað, sem er álitlegur og gæti kannske í framtíðinni orðið álitlegur, vitum við náttúrlega ekkert um, hvenær þessi markaður verður orðinn lokaður vegna þess, að þeir, sem kaupa hesta nú, verða búnir að koma sér upp hrossabúum úti, miðað við það, hvernig útflutningnum hefur verið hagað fram til þessa, þar sem bæði eru fluttar út merar og folöld og ung hross og óvanaðir hestar og ekkert því til fyrirstöðu, að menn, sem kynnu að hafa „interessu“ af því, kæmu hreinlega upp íslenzkum hrossabúum erlendis til þess að sitja að þessum reiðhestamarkaði, sem mér skilst, að nú sé fyrir hendi.

Ég vildi aðeins varpa fram þessari aths., hvort þessi sjónarmið hafi ekki komið til athugunar nú eða áður innan landbúnaðarnefndanna og hvort það sé ekki orðið tímabært, að það mál sé sérstaklega tekið til athugunar, þótt ég viðurkenni, að það snerti ekki sérstaklega framgang þessa frv., sem hér um ræðir.

Frsm. (Jón Pálmason): Út af þessari aths. frá hv. síðasta ræðumanni vil ég taka fram, að það hefur ekki verið rætt neitt sérstaklega í landbn., hvorki í fyrra né nú, hvernig hrossaútflutningnum verði hagað, en auðvitað leggjum við áherzlu á það, og það hefur líka verið

gert, að það sé sem fullkomnastur útbúnaður á þeim skipum, sem hrossin flytja. Hins vegar lít ég svo á, að þessi sala, eins og önnur sala á landbúnaðarafurðum, heyri undir yfirráð framleiðsluráðs landbúnaðarins og beri að snúa sér til þess með það, sem sérstaklega þarf að athuga í því sambandi. Annars vítum við, að það er hrossaræktarráðunauturinn, Gunnar Bjarnason, sem hefur haft forustuna fyrst og fremst fyrir því, að þessi möguleiki til sölu í Þýzkalandi hefur opnazt, og því meira sem væri hægt að hugsa sér að selja af hrossum út úr landinu, því betra, því að nóg er til af þeim og því miður ekki líkur til þess, að það sé alltaf tryggt með fóðurhanda þeim, eins og vera þyrfti.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég fékk nú litlar upplýsingar í sambandi við það mál, sem ég var að gera athugasemd um hér. Ég skal hvorki tefja framgang þessa máls né umr. meira nú. Ég tel, að eftir atvikum geti þetta frv. gengið fram. En ég held, að það sé orðið tímabært, þó að það hafi, eins og fram kom, ekkert verið rætt enn þá innan þingsins, að málið í heild sé tekið til nokkru nánari athugunar en verið hefur, einmitt með hliðsjón af því, sem ég vakti athygli á í minni fyrri ræðu áðan.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Nd., 27. okt., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SkG, SvbH, ÁÞ, BG, EirÞ, GíslG, HÁ, HS, KGuðj, KJJ, MJ, ÓB, PÞ, PP, SÁ, EOl.
BBen, BÓ, GJóh, JóhH, RH greiddu ekki atkv.
14 þm. (StgrSt, ÁkJ, ÁB, EmJ, EystJ, GÍG, GÞG, HV, IngJ, JPálm, JS, LJós, ÓTh, PO) fjarstaddir.
Frv. afgr. til Ed.

Á 10. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 12. fundi í Ed., 30. okt., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 14 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Ed., 7. nóv., var frv. tekið til 2. umr. (A. 22, n. 66).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Áður en ég kem að sjálfu málinu, langar mig til að benda hv. d. á það, að þó að útflutningur hrossa og sala á erlendan markað sé mál, sem skipti okkur Íslendinga töluverðu, skiptir það okkur ekki á sama hátt máli og það áður gerði. Hrossum í landinu hefur fækkað. Þau komust upp fyrir 60 þús., þegar þau voru flest, en s. l. vetur voru þau 32 310, sem voru fram talin í sveitum. Sumir segja, að eitthvað hafi fallið undan, en það hefur sjálfsagt gert það áður líka og ekki minna, og þetta, hvort við getum sent hross á útlendan markað eða ekki og hvernig, það er ekki nema nokkur hluti af landinu, sem það skiptir máli. Af þessum 32 310, sem voru á fóðrum í sveitum landsins s. l. vetur, er meginið af þeim stofni í fimm sýslum. Mýrasýsla á 8,4% af öllum hrossastofni landsins, Austur-Húnavatnssýsla 11,7%, Skagafjarðarsýsla 16%, Rangárvallasýsla 15,5% og Árnessýsla 10,4%. Hinar sýslurnar eiga miklu minna, Borgarfjarðarsýsla um 5% og svo brot úr prósenti í mörgum sýslunum. Það eru þess vegna aðallega þessar fimm sýslur, sem það skiptir máli, hvort hrossasala hefst til útflutnings, og þeirra vegna þarf náttúrlega um það lög og reglur.

Frv., sem til okkar kom frá Nd., fól bara í sér eina breytingu, þ. e. við lögin frá í fyrra, að leyft yrði að flytja hross út lengur fram eftir haustinu eða fram á veturinn en áður hafði verið. Við athugun á þessu máli öllu þótti okkur heppilegra að hafa þau lög, sem giltu um útflutning hrossa, í einu lagi og sameinuðum þess vegna frv., sem fyrir lá, og þær breyt., sem við vildum á því gera, lögunum frá í fyrra og l. frá 1932 og flytjum það allt fram sem brtt. við frv., svo að það þarf ekki nema eina umr. hér í d. á eftir þessari og eina í Nd.

Eins og ég hef oft tekið fram áður hér í d. og menn eru mér yfirleitt sammála um, held ég, þó að það hafi ekki verið framkvæmt, þá tel ég ákaflega óheppilegt að vera að hnýta breytingu ofan á breytingu, svo að það þurfi að leita að hverjum lögum í ótal árgöngum og stundum í sama árganginum að tveimur breytingum við sömu lögin. Okkur þótti þess vegna heppilegra að sameina þetta allt saman, og þó að þessar brtt. sýnist nokkuð miklar fyrirferðar, þá er það af þeirri ástæðu, en ekki af því að breyt. séu svo miklar við lögin sjálf. Eiginlega eru þessar breyt., sem við höfum flutt við frv. og lögin, ekki nema þrjár hvað efni snertir, og þær eru yfirleitt í 2. gr. eða b-lið undir 1. brtt.

Það er þá fyrst þess að geta, að í l. frá 1932 er svo fyrir mælt, að ekki megi flytja út yngri hross en þriggja vetra, en fyrir þann tíma átti eftir öðrum lögum að vera búið að gelda hestana, og því voru yfirleitt ekki fluttir út neinir hestar ógeltir. Í fyrra er svo tekið upp að flytja út folöld og þá ógelt. Við gerðum þá í landbn.

enga athugasemd við það, og það var af ýmsum ástæðum. Sannleikurinn er sá, að ég hef aldrei haft mikla trú á þessum útflutningi. Hrossanotkun yfirleitt í heiminum er að minnka alls staðar og hrossum alls staðar að fækka, og þess vegna fannst mér ekki líklegt, að við mundum ná í nokkurn verulegan útflutning fyrir okkar hross. Hins vegar lítur út fyrir, að það sé í augnablikinu að verða tízka, ekki kannske Parísartízka, en eins konar tízka hjá betur stæðum mönnum erlendis að hafa þessa smáhesta íslenzka og frá Shetlandseyjum sem nokkurs konar leikföng fyrir börn sín. Og það má vera, að gegnum þá tízku, sérstaklega ef hún verður enn almennari en hún er nú, megi vinna upp einhvern markað fyrir hesta okkar, en ef það er, teljum við ekki hyggilegt að flytja út folöld ógelt, og þessi maður, sem hér var uppi núna síðast, þýzkur, og keypti þann farm, sem fór núna um mánaðamótin, vildi ekki heldur flytja út ógelt folöld af þessari ástæðu. Hann lagði sig eftir að kaupa hryssur eða eldri hesta gelta, en vildi ekki fá út hesta, sem gætu orðið til þess, að þar væri farið að ala upp hross, og bendir þetta bæði til þess, að hann hugsi sér að kaupa hér hross eitthvað framvegis, og líka til þess, að hann vilji ekki vinna að því, að farið sé að ala þau upp erlendis.

Það hafa á þessum tveimur árum, það sem af er árinu í ár og árinu í fyrra, verið flutt út 687 hross, og af því hafa verið 57 ógelt folöld, svo að það er kominn þarna stofn út, sem hægt væri að hugsa sér að alið væri af. En þó að það sé, vildum við a. m. k. ekki auka við það og setjum þess vegna inn í 1. ákvæði um, að yfirleitt skuli ekki fluttir út óvanaðir hestar. Þó komum við á móts við einstaka menn, sem vildu leyfa það, með því að gefa heimild til þess, að það væri gert, ef það væri mælt með því af yfirvöldunum hér á landi og þeirra ráðunautum í þessu máli, svo að það er ekki alveg loku skotið fyrir, að það geti orðið gert, en í aðalatriðum er það þó stöðvað.

Þetta er fyrsta brtt., sem við gerum á lögunum. Í öðru lagi komum við á móti brtt. núna og leggjum til, að heimilt sé að flytja út hross til 1. des., ef það sé gert í sérstökum skipum, sem til gripaflutninga eru ætluð. Það er á öllum Norðurlöndunum a. m. k. við skipaskoðun ákveðið, hvaða skip mega flytja gripi, og það eru búin til sérstök skip, sem gera ekki annað en flytja gripi og eru innréttuð til þess að öllu leyti. En slíkt skip kom og sótti síðasta farm, sem fór út, í kringum 400 hross, og skipstjórinn, sem var með það skip, hefur verið með þetta skip í yfir 20 ár, og hann er að ná milljóninni í gripum, sem hann hefur flutt milli landa í þessu skipi. Og munurinn á að flytja í þessum skipum eða í skipum, sem eru sérstaklega útbúin í hvert skipti, eins og okkar skip hafa verið yfirleitt, — það hafa einu sinni fyrir mörgum árum verið flutt hross héðan með svona skipi, og er þetta í annað sinn, sem svona skip kemur til landsins, — en munurinn að flytja með þeim er svo mikill, að þessi maður er vanur að missa svona eitt hross af 50—100 þús. í sínu ferðalagi, en í fyrravetur fórust fjögur af þeim fáu hrossum, sem við sendum út. Öryggið og aðbúnaðurinn í þessum skipum fyrir gripina samanborið við það, sem er í öðrum, er svo mikill, að þegar það var athugað, horfðum við ekki í það að færa tímann frá 1. nóv. og til 1. des. En jafnframt fannst okkur líka, að það gæti orðið von á þeim haustveðrum, þegar kæmi fram í októbermánum, að við létum sama gilda um október, og það er þá eiginlega þriðja breytingin, sem við gerum á l., að við leggjum til, að hvorki í október né í nóvember sé leyft að flytja út hross nema í sérstökum skipum, sem ætluð eru til gripaflutninga. Með því verður skapað meira öryggi og betri meðferð á skepnunum, og þegar hrossin koma yfirleitt af fjalli, þau síðustu, sem á afrétt ganga, geta menn náð í þau til að selja þau hvenær sem er í október eða nóvember og ekki ástæða til þess, að við þurfum þá að vera að senda út sérstaka smáhópa í alls konar skipum.

Þetta eru aðalbreytingarnar, sem við gerum á frv. Ég tel ekki, þó að það sé t. d. sagt í staðinn fyrir „lögreglumál": opinber mál, það leiðir af breytingu, sem búið er að gera á öðrum lögum. Og eins tel ég ekki, þó að við höfum sett „eru" í staðinn fyrir „séu" og auk þess annað smávegis, því að það eru ekki neinar efnisbreytingar og skipta ekki neinu máli í þessu sambandi.

Dálítill misskilningur hefur komið upp um það, hvernig eigi að skilja orðið eldishross, en eftir lögum, sem samþykkt voru hér í fyrra, var leyft að flytja út eldishross að vetrinum, sem var náttúrlega dálítið varasamt að gera. En það var gert, og við höfum látið það standa. Í mæltu máli eru eldishross talin manna á milli hross, sem tekin eru á hús að vetrinum og gefið til þess að koma í þau bata, og það er þessi skilningur, sem öll landbn. leggur í „eldishross", og annað ekki. Þó að hrossin séu í góðum holdum, ef þau t. d. eru útigengin, eru þau ekki eldishross, og má þá ekki að vetrinum flytja þau út, þá köllum við þau ekki „eldishross". Þennan skilning vil ég láta koma fram í þingræðu, og ég vona, að allir séu sammála um það, svo að það liggi ljóst fyrir, þegar um það er að ræða eða kann að verða að ræða í framtíðinni að flytja út hross að vetrinum, eitt eða tvö, að þá er þetta það, sem við skiljum við eldishross. Það hafa ekki verið flutt nema tvö eldishross að vetrinum til Ameríku, það er allt og sumt, og fyrir 5 þús. kr. hvort. Þetta mun ekki oft koma fyrir. En vegna þess, að annars skilnings hefur orðið vart hjá mönnum, sem hafa með þessi mál að gera dálítið eða koma til með að hafa í framtíðinni, ef þeir lifa og aðstæður breytast ekki, þá vil ég láta þetta koma fram.

Með þessum þremur breytingum leggjum við til, að frv. verði samþykkt, og teljum, að með því sé skapaður grundvöllur fyrir, að þær sýslur, sem eiga það mörg hross, að þar séu aflögu hross til útflutnings, geti komið þeim í verð, ef að öðru leyti er markaður og aðstæður til þess.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Þetta mál um útflutning hrossa hefur verið til umræðu hér á hinu háa Alþingi á tveim síðustu þingum. Skoðanir hafa verið nokkuð skiptar um það, hve lengi fram á veturinn leyfa skyldi útflutning hrossa. Í fyrra varð það ofan á hér í þessari hv. d., að eigi skyldi leyfa þennan útflutning lengur en til 1. nóv. Nú ber hv. landbn. þessarar d. einróma fram till. um, að heimildin skuli ná til 1. des., gagnstætt því, sem var á síðasta ári. Ég ætla ekki að deila neitt um þessa breytingu, sem hefur orðið síðan í fyrra, en ég vildi vekja máls á þessu í tilefni þess, að nýlega hefur verið sett löggjöf um dýravernd. Samkvæmt henni á menntmrn. að hafa yfirstjórn allra mála, er varða dýravernd, en rn. nýtur aðstoðar dýraverndarnefndar um stjórn þeirra málefna.

Mig langar til að spyrja, hvort hv. landbn. hafi leitað umsagnar eða álits dýraverndarnefndar um þetta mál, og hafi það ekki verið gert, vildi ég mælast til þess, að hv. nefnd gerði það, áður en gengið væri endanlega til atkvæða um málið hér í hv. deild.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Það er nú nýkomið til Dýraverndunarfélag Íslands, sem nær yfir landið allt í nokkrum deildum. Enn hefur ekki verið haldinn fundur til að kjósa stjórn, svo að til bráðabirgða starfar enn sem stjórn stjórn Dýraverndunarfélags Reykjavíkur, svona í millibilsástandi, þangað til þetta samband heldur sinn fyrsta fund. Þeir skrifuðu okkur um þetta, og við töluðum við þá Þorbjörn í Borg og Þorstein Einarsson íþróttafulltrúa, sem stjórna þessu, þangað til kosin verður stjórn fyrir landssambandið. Þeir lögðu til, að þetta yrði haft þannig, að á tímabilinu 1. nóv. til 1. júní sé óheimilt að flytja hross á erlendan markað. Þó má leyfa útflutning á hrossum á tímabilinu 1. nóv. til 1. des., ef við flutninginn eru notuð viðurkennd gripaflutningaskip, og leyfa má útflutning eldishrossa á tímabilinu 1. nóv. til 1. júní, að fengnu samþykki og meðmælum þeirra aðila, sem áður getur. Þetta voru þeirra tillögur, en við útvíkkum þær og látum líka sérstök viðurkennd flutningaskip ná yfir október, svo að við höfum ekki einungis tekið upp það, sem þeir vilja, heldur gengið lengra til verndar dýrunum og betri meðferðar hrossa en þeir óskuðu eftir.

ATKVGR.
Brtt. 67,1.a (ný 1. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
— 67,1.b-i (8 nýjar gr., verða 2.—9. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
— 67,2 (ný 2. gr., verður 10. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.
— 67,3 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Ed., 10. nóv., var frv. tekið til 3. umr. (A. 68).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 18. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 19. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Nd., 17. nóv., var frv. aftur tekið til einnar umr.

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Þetta frv., sem gengið hefur í gegnum báðar þd., var upphaflega aðeins breyt. á einum mánaðardegi um heimild til útflutnings hrossa, en hv. Ed. hefur látið prenta upp öll l., eins og þau eru, með nokkrum breyt., sem felast í 2. gr.

Ég skal taka það fram, að þó að hér sé talað um atvmrh., var orðinn nokkur ruglingur á því, hver er atvmrh., og landbn. gerir ráð fyrir því, að þetta muni alltaf heyra undir landbrh., hver sem hann er.

Breyt., sem hér er aðallega um að ræða, eru þær, að það skuli þurfa sérstök gripaflutningaskip til að flytja út hross á frá 1. okt. til 1. des., og látum það nú vera. En þó að svo sé, að á þessari 2. gr., sérstaklega seinni málsgr., sé heldur klúðurslegt orðalag, sem er ekki óvanalegt frá hv. Ed. í landbúnaðarmálum, þá leggur landbn. samt til að láta þetta frv. fljóta eins og það er, af því að það muni ekki verða samkomulag um efnisbreyt. á því.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 81).

---

27. Bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði 1959 (í jan.).

Á 42. fundi í Ed., 22. des., var útbýtt:
Frv. til l. um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959 [73. mál] (þmfrv., A. 142).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið og of skammt liðið frá útbýtingu þess. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Þótt þess sé ekki getið í grg. þessa frv., þá er það flutt samkvæmt beiðni fjmrn. og er um það að veita ríkisstj. heimild til að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða yfir janúarmánuð í samræmi við ákvæði fjárl. fyrir yfirstandandi ár.

Það mun öllum ljóst nú orðið, að fjárlög verða ekki afgr. fyrir áramót, og er því nauðsynlegt að fá heimild til að halda greiðslum áfram úr ríkissjóði eftir áramótin. Það eru sjálfsagt litlar líkur til, að þessi tími, sem hér

er tiltekinn, til 1. febrúar, nægi, en vitanlega getur þetta þing ekki ákveðið greiðsluheimild slíka lengur en til þess tíma, sem reglulegt Alþ. á að koma saman samkvæmt stjórnarskránni, ef því er ekki breytt með sérstökum l., og er ekki hægt að flytja nú frv. um a. m. k. lengri tíma en til miðs febrúar. Þetta stendur sjálfsagt til bóta eftir áramótin.

Þar sem frv. er flutt af n. og að því er virðist sjálfsagt mál að veita þessa greiðsluheimild, þá vitanlega legg ég ekki til, að því sé neitt sérstaklega til nefndar vísað.

Björn Jónsson: Herra forseti. Þegar n. flytja mál fyrir ríkisstj., er það venja, að nm. hafi óbundnar hendur um að gera við það brtt. Í samræmi við þetta vil ég boða það, að við þm. Alþb. munum flytja við einhverja umr. málsins hér í hv. d. brtt. við þetta frv.

Það er að sjálfsögðu auðsætt, að ríkisstj., hvort sem það er ríkisstj., sem starfar til bráðabirgða, eins og nú er, eða önnur ábyrg ríkisstj. er við völd, verður að hafa slíka heimild sem í þessu frv. er gert ráð fyrir til þess að geta starfað, þegar svo er ástatt sem nú. Vil ég á engan hátt mótmæla því, að þetta frv. sé að því leyti sjálfsagt mál. En í sambandi við þá stjórnarkreppu, sem nú ríkir, og í sambandi við það, að fjárlög eru ekki afgr., þá er þetta þó engan veginn sá eini vandi, sem við er að fást, og áreiðanlega ekki sá mesti.

Ég hygg, að mesti vandinn, sem stafar af þessu tvennu nú fyrir alla þjóðina, sé sá, að ekki er nein trygging fyrir því, að atvinnuvegum hennar verði haldið gangandi nú á næstu tímum. A. m. k. er það algerlega ljóst, að allur bátaflotinn mun stöðvast um áramót, ef ekki verður nú þegar undinn að því bráður bugur af hv. Alþ. að ráða þar bót á.

Það er öllum hv. þdm. kunnugt, að ekki hefur enn verið samið um rekstrargrundvöll fyrir bátaflotann, og það er jafnframt vitað, að útgerðarmenn geta ekki samið við sjómenn, sem nú hafa sagt upp samningum sínum, fyrr en þessir samningar liggja fyrir.

Vegna þessara ástæðna hefur Alþb. snúið sér munnlega til þingflokkanna um það, að hæstv. sjútvmrh. og fulltrúum flokkanna verði veitt fullt umboð til þess að semja við útvegsmenn nú fyrir áramótin. Þessi till. hefur einnig verið borin upp í ríkisstj., en hefur þar verið hafnað til þessa af ráðh. Alþfl. og Framsfl. Mér virðist því, að allt stefni til þess, að fullkomin stöðvun verði á bátaflotanum um áramótin og vertíð geti ekki hafizt á eðlilegan hátt, a. m. k. ef ríkisstj. verður ekki mynduð nú næstu daga, en á því munu vera taldar litlar líkur.

Ég held, að það sé óhætt að fullyrða, að öll þjóðin vænti aðgerða Alþ. í þessu máli. Kunnugt er um fjöldann allan af áskorunum, sérstaklega frá útvegsmönnum, um það, að Alþ. fari ekki í jólaleyfi, fyrr en einhverjar aðgerðir hafa verið gerðar til þess, að vertíð geti hafizt á eðlilegan hátt, enda tel ég, að slíkt væri algerlega óverjandi. En fundir Alþ. eru nú að öllum líkindum senn á enda, áður en jólafrí hefjast, og það er því e. t. v. eina tækifærið til þess fyrir hv. alþm. að fjalla um þetta mikla vandamál allrar þjóðarinnar að gera það í sambandi við þetta frv., sem hér er á ferðinni.

Sú brtt., sem við þm. Alþb. hér í hv. d. höfum hugsað okkur að flytja í sambandi við málið, yrði á þá lund, að aftan við 2. gr. kæmi ákvæði til bráðabirgða, á þá leið, að Alþ. kysi 5 manna n. með fullu umboði til þess að ganga frá samningum við samtök útvegsmanna, samningum, sem tryggðu rekstur útgerðarinnar á næstunni, þannig að bátaútvegurinn geti hafið veiðar þegar í ársbyrjun.

Það er kunnugt, að samningar hafa oft og iðulega farið fram við útvegsmenn án þess, að gengið hafi verið frá fjáröflunarleiðum í sambandi við uppbætur til útgerðarinnar. Og það er e. t. v. algengara, að sá háttur hafi verið hafður á, að samningarnir hafi fyrst farið fram, en síðan hafi fjáröflunarleiða verið leitað í samræmi við gerða samninga. Og það verður ekki séð, að neitt sé því til fyrirsöðu, að þetta verði gert á sama hátt nú eins og á undanförnum árum. Auk þess mundi slík þingkjörin 5 manna n. að sjálfsögðu hafa að baki sér meiri hl. Alþ. alveg á sama hátt og ábyrg ríkisstj.

Ég hyggst ekki hafa um þetta öllu fleiri orð nú á þessu stigi málsins. Ég tel eðlilegt og vil bera fram þá ósk við hæstv. forseta, að hann að lokinni þessari 1. umr. málsins boði til fundar í hv. fjhn., þannig að hún geti fjallað um málið, og jafnframt verði gert það langt hlé milli funda, sem e. t. v. eru fyrirhugaðir, að þingflokkarnir geti fengið tækifæri til þess að fjalla um málið og taka afstöðu til þess.

Ef hæstv. forseti verður við þessum óskum, þá munum við ekki flytja þessa brtt. nú við þessa umr. málsins, heldur geyma það til síðari umr., ef þörf krefur. Hitt væri að sjálfsögðu langæskilegast, ef hv. n. og þingflokkarnir gætu staðið saman um till., sem gengi í svipaða átt og sú, sem ég nú hef boðað að flutt verði.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Björn Jónsson: Herra forseti. Mér skilst, að hæstv. forseti hafi ekki heyrt þá ósk, sem ég bar hér fram um það, að fjhn. yrði gefið tækifæri til þess að fjalla um málið. Ég endurtek þá ósk, að að lokinni þessari umr. taki fjhn. málið til meðferðar og að nægilegt hlé verði gert á fundum til þess, að þingflokkarnir gætu tekið afstöðu til þess.

Forseti (BSt): Ég heyrði vel ósk hv. þm. áðan, og ég geri ráð fyrir, að fundarhlé verði. Ég hafði í fyrstu hugsað mér að vísu að halda fund þegar að loknum þessum fundi, en af öðrum ástæðum getur það ekki orðið, og ég geri ráð fyrir, að nógur tími gefist fyrir fjhn. til að taka þetta mál til athugunar milli umr. En þar fyrir þarf ekki sérstaklega að vísa slíku máli til n., þar sem það er flutt af henni.

Á 43. fundi í Ed., 29. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 142, 145).

Forseti (BSt): Eins og menn sjálfsagt muna, var á síðasta fundi d. 1. umr. um þetta mál, og hafði ég hugsað mér að afgreiða málið út úr d. þann dag. Ástæðan til þess, að svo varð ekki, var sú, að boðuð var brtt., sem nú er fram komin á þskj. 145, og óskað eftir, að fjhn. tæki málið til nýrrar athugunar.

Ég þóttist því sjá, að ekki gæti orðið um afgreiðslu málsins fyrir jól að ræða, eins og á stóð, mundi þessi till. valda allmiklum umr., og þess vegna varð ekki af því, að ég boðaði nýjan fund í d. þennan dag. Það er því algerlega rangt, sem staðið hefur í blaði hér í bænum, að tiltekinn stjórnmálaflokkur hafi komið í veg fyrir það, að þetta mál væri afgreitt fyrir jól. Ég ber einn ábyrgð á því og kannske að nokkru leyti hv. 8. landsk. líka með því að lýsa þessari till. En málið er hér til 2. umr.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég vil lýsa því yfir, að ég er algerlega ósammála hæstv. forseta um það, að ekki hefði verið unnt að afgreiða þetta mál fyrir jól þrátt fyrir þessa brtt. Ég tel, að hún hafi, þegar hún var flutt, verið svo sjálfsögð, að auðvelt hefði verið að afgreiða hana ásamt með frv. á þeim degi, sem það var hér til 1 umr. Hins vegar hefur nú sú breyt. orðið á, að ríkisstj. hefur verið mynduð og hefur tekið á sig alla ábyrgð varðandi það mál, sem brtt. fjallar um. Lýsi ég því yfir, að brtt. á þskj. 145 er tekin aftur.

Forseti (BSt): Ég er ekki alveg viss um það, að till., eins og hún lá fyrir, hefði verið samþykkt svona umræðulaust á Alþ., og vitanlega gat Alþ. vænzt þess, að það tæki við ríkisstj. fljótlega, og ég býst við, að margir hefðu litið svo á, að málið ætti að bíða eftir því. Ég hygg því, að orsökin til þess, að málið er ekki fyrr afgreitt en í dag, sé einmitt sú, að þessi brtt. kom fram.

ATKVGR.
Brtt. 145 tekin aftur.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 47. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 48. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Utanr.- og fjmrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Fyrir nokkru var ljóst, að ekki mundi vinnast tími til að afgreiða fjárlög fyrir árið 1959 fyrir lok þessa árs. Vegna ákvæða stjórnarskrárinnar bar því brýna nauðsyn til að afla heimildar fyrir ríkisstj. til að inna af hendi öll venjuleg rekstrargjöld ríkisins í byrjun næsta árs, þar til fjárlög hafa verið samþykkt. Af þessum ástæðum óskaði fyrrv. hæstv. fjmrh. eftir því við fjhn. Ed., að hún bæri fram frv. til l. um að heimila bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959 til 1. febr. Frv. þetta hefur nú verið afgreitt við þrjár umr. í Ed. og er komið til þessarar hv. deildar.

Leyfi ég mér að óska eftir því, að frv. verði afgreitt hér í dag, ef nokkur tök eru á, við þrjár umr., þannig að hægt sé að afgreiða það sem lög frá Alþ. nú á þessum degi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 149).

---

28. Almannatryggingar (frv. heilbr.- og félmn. Ed. um frestun tekjuákvörðunar).

Á 42. fundi í Ed., 22. des., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar [74. mál] (þmfrv., A. 144).

Á 43. fundi í Ed., 29. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Það er, eins og grg. ber með sér, flutt af heilbr.- og félmn. skv. ósk ráðherra, og í því felst heimild til handa ráðh. til að fresta ákvörðun framlaga og iðgjalda til almannatrygginganna á árinu 1959 samkv. 24. og 25. gr. l., þar til fjárlög fyrir árið 1959 hafa verið sett.

Það mun litið svo á, að ekki sé leyfilegt án lagabreyt. að fresta ákvörðun fyrir áramót um þessi framlög og þessi iðgjöld, en hins vegar erfiðleikar á að ákvarða slíkt, eins og sakir standa, og öllum er kunnugt um ástæður til þess.

Heilbr.- og félmn. mælir einróma með samþykkt þessa frv., eins og það liggur fyrir, og tel ég óþarft að fara um það fleiri orðum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 47. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 48. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 150).

---

29. Bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði 1959 (í febr. og marz).

Á 55. fundi í Ed., 28. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 73 1958, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959 [91. mál] (þmfrv., A. 198).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Ég verð að byrja með því að biðja þá hv. 4. þm. Reykv. (EggÞ) og hv. 6. þm. Reykv. (GTh), ef hann mætti mál mitt heyra, afsökunar á því, að meiri hl. fjhn. ákvað að flytja þetta mál á fundi, sem ekki vannst tími né tækifæri til að boða þessa tvo hv. nm. á. Afsökun mín og hinna tveggja fjhn.-mannanna, sem á fundinum sátu, er í fyrsta lagi sú, að hæstv. fjmrh. fékk mér þetta frv. í gær með tilmælum um, að ég beitti mér fyrir því, að fjhn. flytti það, og lagði hann áherzlu á, að því yrði flýtt sem mest, sem líka efni frv. og eðli málsins sýnir að þarf að gera. Og í öðru lagi er það, að ég lít á flutning fjhn. á þessu máli sem hreint formsatriði, og þess vegna vonast ég eftir því, að þessir tveir hv. fjhn.-menn afsaki þessa aðferð, sem höfð var.

Efni þessa frv. er það eitt að framlengja heimild þá, sem ríkisstj. var veitt í lögum nr. 73 f. á. um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á yfirstandandi ári, til 1. marz þ. á. En þessi lög, síðustu lögin, sem Alþingi afgr. fyrir áramót, sem hér er farið fram á að framlengja, voru um það að heimila ríkisstj. til 1. febr. öll venjuleg rekstrargjöld ríkisins og önnur gjöld, er talizt geta til venjulegra fastra greiðslna þess. Nú er 1. febr. senn kominn og alveg fyrirsjáanlegt, að fjárlög verða ekki afgr. fyrir þann dag.

Þegar þetta mál, lögin, sem nú eru í gildi um þetta efni, var hér til umr. í hv. d., benti ég

á, að það væri mjög vafasamt, að þessi tími, sem þar var tiltekinn, 1. febr., væri nægilega langur, og hefur það rætzt. Nú virðist mér, að það sé mjög vafasamt, hvort sá tími, sem í frv., sem fyrir liggur, er tiltekinn, að heimildin gildi til 1. marz, sé nægilegur. Ég er ekki í fjvn. að vísu og veit ekki vel, hvað þar gerist, en nær er mér að halda, að það liði þó a. m. k. einhverjir dagar, þar til nál. kemur frá hv. fjvn., og við vitum, að alltaf tekur meðferð fjárlaganna, eftir að þau koma úr n., nokkurn tíma í þinginu. Á hinn bóginn sé ég ekki ástæðu til og n., eða sá hluti hennar, sem flytur þetta frv., að vera að bjóða hæstv. ríkisstj. lengri frest en hún sjálf fer fram á. Hæstv. fjmrh. er ekki hér viðstaddur í d., en hér er annar hæstv. ráðh., og ég vildi segja það sem mína skoðun, að ég skil ekki í öðru en fjhn. mundi fallast á það, að ef ríkisstj. óskaði þess að framlengja þennan frest, þá hygg ég, að það mundi vera auðvelt að fá það samþ. hér í hv. d., t. d. þó að það væri til 1. apríl, sem ekki gæti gert neinn skaða, því þó að fjárlögin yrðu afgr. fyrr, þá falla þessi lög af sjálfu sér úr gildi og fjárl. taka við. Ég bendi aðeins á þetta. En ég geri ekki ráð fyrir, að fjhn. beri neinar till. fram um þetta, án þess að ósk komi fram um það frá hæstv. ríkisstj.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., 28. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Ég hef nú á stundinni átt viðtal við fjmrh. um þetta mál, sem hér er á dagskrá, og m. a. tjáð honum ummæli hv. frsm. um það, að fjhn. mundi væntanlega fús til að flytja brtt. á þá lund, að fresturinn, sem í frv. er ráðgerður til 1. marz, verði nokkru lengri, t. d. til 1. apríl. Hann biður mig að bera þau boð til hv. fjhn., að hann mundi taka því með þökkum, ef hv. n. vildi flytja slíka brtt., því að eins og ástatt er, þá er ekki fyrir fram víst, að unnt verði að ljúka afgreiðslu fjárl. fyrir þann tíma, sem ráðgert er samkv. því frv., er hér liggur fyrir, eða fyrir 1. marz. Hann mundi því taka því með þökkum, ef hv. n. vildi gera á þessu breyt. og flytja brtt., sem væri miðuð við 1. apríl í stað 1. marz.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 206) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Björn Jónsson: Herra forseti. Þegar fjhn. tók beiðni fjmrh. um framlengingu á heimild til greiðslna úr ríkissjóði fyrir á fundi sínum í gær, hljóðaði sú beiðni upp á það, að greiðsluheimildin yrði framlengd til 1. marz n. k. Mér er ekki ljóst, að síðan þessi beiðni var sett fram, hafi ástæður á nokkurn hátt breytzt, og ekkert hefur komið fram um það, hvers vegna þessi skyndilega breyting er nú á orðin, að ríkisstj. telur, að afgreiðsla fjárl. kunni að dragast til 1. apríl.

Ég hef þær upplýsingar frá meðlimum fjvn., að n. eigi ekki eftir meira starf en sem svarar viku til hálfs mánaðar, og tel því þessa brtt. með öllu ástæðulausa.

Ég hef þess vegna ekki staðið að þessari brtt. fjhn. og mun greiða atkv. á móti henni.

Forseti (BSt): Ef mér leyfist að segja það héðan frá þessum stað, þá veit ég ekki heldur til, að neitt hafi breytzt síðan í gær. (Gripið fram í.) Nú, það má kannske segja það eða að það sé nánari athugun. En á hinn bóginn sé ég ekki, verði fjárl. tilbúin fyrir 1. marz, að till. breyti þá neinu. Ef svo fer, sem ég vildi óska, að það yrðu til fjárl. 1. marz, þá eru þessi lög fallin úr gildi af sjálfu sér og fjárl. taka gildi.

Ég vona, að menn afsaki, þó að ég hafi hér frá þessum stað sagt þetta, sem kannske væri réttara að fara í ræðustólinn til að segja.

ATKVGR.
Brtt. 206 samþ. með 11:3 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 207).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 65. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 66. fundi í Nd., 29. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Utanr.- og fjmrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Skömmu fyrir áramót var veitt heimild til þess að inna af höndum lögboðnar greiðslur úr ríkissjóði í janúarmánuði þetta ár, þótt ekki væri búið að afgr. fjárl. Nú hefur komið í ljós, að sökum mikils annríkis hjá ríkisstj. hefur ekki unnizt tími til að vinna nauðsynlega undirbúningsvinnu, til þess að hægt væri að afgr. fjárl. fyrir lok janúarmánaðar. Von er til þess, að þetta geti tekizt í næsta mánuði, þó að ekki sé hægt um það að fullyrða á þessari stund. En til þess að hægt sé að inna af höndum nauðsynlegar greiðslur úr ríkissjóði eftir lok janúarmánaðar, þótt fjárlög séu ekki afgreidd, er þetta frv. fram borið og óskað eftir heimild til þess, að það megi gera til loka marzmánaðar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjhn. með 27 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Nd., 30. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 207, n. 210, 209).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 209. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Pétur Pétursson): Herra forseti. Þetta frv. er komið frá Ed. Fjhn. hefur rætt málið á fundi sínum, og nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt. Einn nefndarm., hv. 3. þm. Reykv. (EOl), hefur lagt fram brtt. á þskj. 209, og annar nm., hv. þm. V-Húnv. (SkG), hefur einnig skrifað undir með fyrirvara.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. með fyrirvara og vildi gera grein fyrir því aðeins, hverjar ástæður liggja til þess.
Það er gert ráð fyrir því í frv., eins og það nú liggur fyrir, að hæstv. stjórn fái heimild til að greiða úr ríkissjóði venjuleg gjöld, meðan fjárlög fyrir þetta ár hafa ekki verið afgreidd, og að sú heimild gildi til 1. apríl. Hins vegar er það svo, að reglulegt Alþingi fyrir þetta ár á að koma saman 15. febr. Nú liggur það í augum uppi, að þetta þing, sem nú stendur yfir, muni ekki geta lokið störfum fyrir 15. febr., og má því fastlega gera ráð fyrir því, að borið verði fram frv. hér á þingi um, að samkomudagur reglulegs Alþingis 1959 skuli verða síðar á árinu. Þannig hefur það verið um mörg undanfarin ár, að samkomudagur reglulegs Alþingis hefur verið ákveðinn að haustinu. En meðan ekki er búið að taka slíka ákvörðun, hefði verið formlega réttara, að greiðsluheimildin væri bundin við 15. febr. Ég skal þó taka fram, að það hefur komið fyrir áður, að slík greiðsluheimild hefur verið veitt fram yfir þann tíma, án þess að búið væri að setja lög um frestun á samkomudegi Alþingis. Þannig var það fyrir 2 árum, og ég mun ekki gera neinn ágreining um þetta. Ég vildi aðeins benda á þetta atriði og tel, að það ætti að hafa í huga framvegis, ef eins stendur á og nú, að ekki verði veitt heimild til slíkra bráðabirgðafjárgreiðslna lengur en til 15. febr., nema áður hafi verið ákveðið með lögum, að nýtt þing skuli koma saman síðar á árinu.

ATKVGR.
Brtt. 209 felld með 16:5 atkv.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 218).

---

30. Bann gegn botnvörpuveiðum.

Á 52. fundi í Nd., 8. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum [77. mál] (þmfrv., A. 153).

Á 53. fundi í Nd., 9. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., 13. jan., var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 56. og 58. fundi í Nd., 15. og 19. jan., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 59. fundi í Nd., 20. jan., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 153, 171).

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Þetta frv., sem fyrir liggur á þskj. 153, er flutt af allshn. til staðfestingar á brbl., sem gefin voru út 1. sept. 1958, og stendur sú bráðabirgðalagaútgáfa í sambandi við hina nýju reglugerð um útfærslu fiskveiðilandhelginnar. Af hálfu nefndarinnar var ekki við 1. umr. sérstaklega gerð grein fyrir frv., þar sem um brbl. var að ræða, sem áður voru kunn. En nú milli umræðna hafa nefndinni borizt tilmæli frá sjútvmrn. um að flytja brtt. við frv. Sú brtt. er þess efnis, að ráðherra skuli vera heimilt samkv. till. fiskideildar atvinnudeildar háskólans og að fengnum meðmælum Fiskifélags Íslands að veita fiskirannsóknarskipum og vísindamönnum leyfi til að nota botnvörpu eða flotvörpu í rannsóknarskyni innan fiskveiðilandhelgi Íslands, enda sé leyfið tímabundið. Þessi breyting er tekin upp á þskj. 171, en jafnframt gerðar formsbreytingar á frv., sem eftir atvikum þótti eðlilegt að gera.

Um þetta atriði, sem ég nefndi áðan, um heimildina til þess að veita fiskirannsóknarskipum og vísindamönnum leyfi til þess að nota botnvörpu eða flotvörpu í rannsóknarskyni innan fiskveiðilandhelginnar, hefur nefndin rætt við forstöðumann fiskirannsókna í atvinnudeild háskólans og fiskimálastjóra. Þeir mæltu báðir með því, að þessi brtt. væri flutt, tóku fram, að þetta væri í samræmi við það, sem tíðkazt hefði á undanförnum árum, að vísindamönnum, bæði innlendum og erlendum, hefði verið leyft samkvæmt tillögum fiskideildarinnar að gera rannsóknir á þennan hátt innan þeirrar fiskveiðilandhelgi, sem þá var, og töldu eðlilegt og æskilegt, að þetta væri áfram leyft. Eftir að hafa fengið þessar upplýsingar taldi nefndin sjálfsagt að flytja þessa brtt., sem ég hef nú gert grein fyrir.

ATKVGR.
Brtt. 171,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 171,2 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 171,3 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 171,4 samþ. með 21 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 23. fundi í Sþ., 21. jan., var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 175).

Á 51. fundi í Ed., 22. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., 27. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 175, n. 182).

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. er komið til hv. þingdeildar frá Nd. Aðalatriði þess eru, að í 1. gr. er vitnað í hina nýju reglugerð, sem sett var um útfærslu fiskveiðitakmarkanna á s. l. sumri og tók gildi 1. sept., í stað hinnar eldri, sem áður var vitnað í í lögunum. Þá haldast og í lögunum um bann gegn botnvörpuveiðum sömu heimildir til undanþágu frá banni gegn botnvörpuveiðum og áður. Loks er í 3. gr. frv. tekið upp það nýmæli, að ráðherra er heimilað skv. tillögum fiskideildar atvinnudeildar háskólans og að fengnum meðmælum Fiskifélags Íslands að veita fiskirannsóknarskipum og vísindamönnum leyfi til þess að nota botnvörpu og flotvörpu í rannsóknarskyni innan fiskveiðilandhelgi Íslands.

Sjútvn. þessarar hv. þd. hefur kynnt sér þetta mál og borið þetta frv. saman við gildandi lög og leggur einróma til, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., 3. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 229).

---

31. Dýralæknar.

Á 7. fundi í Sþ., 5. nóv., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 19/1955, um breyt. á l. nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna [35. mál] (þmfrv., A. 59).

Á 19. fundi í Nd., 11. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Á síðasta þingi flutti ég frv. um breyt. á l. um dýralækna, samhljóða frv. því, sem hér liggur fyrir. Það hlaut meðmæli hv. landbn. í þessari d. og var samþykkt í þessari hv. d. óbreytt. En í hv. Ed. var málinu vísað frá með rökst. dagskrá. Ég hef því leyft mér að bera þetta frv. fram enn að nýju. Ástæður fyrir því eru þær sömu sem ég gerði grein fyrir við flutning málsins í fyrra.

Efni frv. er það, að lagt er til, að dýralæknisumdæmi Austurlands verði skipt í tvö umdæmi, þ. e. Austurlandsumdæmi, sem nái yfir Norður-Múlasýslu, Seyðisfjörð, Neskaupstað og Suður-Múlasýslu að Berufirði, og Hornafjarðarumdæmi, sem nái yfir Austur-Skaftafellssýslu og Búlandshrepp og Geithellnahrepp í Suður-Múlasýslu.

Að undanförnu hefur sú þróun átt sér stað, að fjölgað hefur verið við og við umdæmum dýralækna hér á landi. En það er ótvírætt, að dýralæknisumdæmi Austurlands er nú hið langvíðáttumesta allra dýralæknisumdæma í landinu. Það nær frá Langanesi að Skeiðarársandi, og er einum dýralækni, sem hefur aðsetur á Egilsstöðum, ætlað að veita fullnægjandi þjónustu á öllu þessu svæði.

Reynslan hefur sýnt, að það er einum manni ofvaxið að veita þá þjónustu á þessu sviði, sem bændur telja sér brýna þörf á að geta notið. Einkum er það svo, að eftir því sem meiri alúð er lögð við búfjárrækt og bændur stefna að því marki að fá sem mestar afurðir af hverjum einstaklingi búfjárins, eftir því reynist það tilfinnanlegra, ef ekki er auðið að ná til dýralæknis og bægja frá dýrum sjúkdómum, sem oft vilja herja í búfé bænda.

Þörfin á þessu sviði vex þó sérstaklega, þegar lögð er stund á mjólkurframleiðslu. En nú hagar svo til á Hornafirði, að á síðustu árum hefur verið reist þar mjólkurbú, og fer mjólkurframleiðsla mjög ört vaxandi í héraðinu. Bændafundir í Austur-Skaftafellssýslu hafa gert samþykktir í þessu máli og óskað þess eindregið, að sú breyt. fengist lögfest á skipun dýralækna, sem farið er fram á með þessu frv.

Ég mun nú ekki fara fleiri orðum um þetta mál, en vænti þess, að þessi hv. d. taki málinu vel nú eigi síður en á síðasta þingi. Ég legg til, að málinu verði vísað til hv. landbn. og til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til landbn. með 20 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Nd., 9. des., var frv. tekið til 2. umr. (A. 59, n. 119).

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Frv. þetta, sem er flutt af hv. þm. A-Sk., er samhljóða því frv., sem var hér til umr. á síðasta þingi og þessi hv. þd. samþykkti. Ég vænti því þess, að hugur hv. þm. til þessa máls sé nú hinn sami sem fyrr.

Það hefur sýnt sig á undanförnum árum, eftir því sem búfé hefur fjölgað í landinu, að þá er þörf alls staðar fyrir auknar leiðbeiningar um meðferð þess, og á þetta ekki sízt við þar, sem mjólkurframleiðslan fer ört vaxandi, eins og í Austur-Skaftafellssýslu og þá sérstaklega í Hornafirðinum, enda er þaðan langt til dýralækna, því að þeir eru næst staðsettir á Egilsstöðum á Héraði og á Hellu á Rangárvöllum. Það er því bæði kostnaðarsamt og erfitt að ná til þeirra, þegar mest þarf með, en það er jafnan vetrarmánuðina. Þessi ósk Austur-Skaftfellinga er því fram komin af brýnni þörf og á sanngirni reist.

Starfandi eru nú dýralæknar í öllum lögskipuðum umdæmum, en auk þess hafa einstakar stofnanir ráðið til sín dýralækni, eins og til dæmis mjólkursamsalan hérna í Reykjavík. Erlendis eru við dýralæknisnám fimm ungir menn, sem koma heim á næstu árum og að öllum líkindum einn þegar á næsta ári. Það mun því ekki skorta sérmenntaða menn í þessum efnum nú á næstunni.

Yfirdýralæknir, sem fékk þetta frv. til umsagnar, mælir með því nú sem fyrr, og vænti ég, að hv. þm. samþykki einnig þetta frv. nú sem fyrr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., 12. des., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 37. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 39. fundi í Ed., 15. des., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Ed., 15. jan., var frv. tekið til 2. umr. (A. 59, n. 162, 128, 131, 163).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er gamall kunningi. Það var flutt á síðasta þingi í Nd., kom þá hingað til Ed. og var hér rætt og athugað og þá afgreitt, eftir að fram voru komnar við það tvær brtt., — þær sömu og nú liggja aftur fyrir við þetta frv., — með rökstuddri dagskrá, þar sem óskað var eftir eða ætlazt til, að færi fram endurskoðun á lögunum í heild um skipun dýralæknanna, þar sem vitað var, að sá dýralæknisfjöldi, sem nú er í landinu og eins og hann er staðsettur nú í landinu, er ónógur, og kemur að því fyrr eða síðar, að það þarf að fjölga þeim. Þetta hefur ekki verið gert. Það hefur engin heildarendurskoðun farið fram á skipun dýralæknanna. En frv. er nú komið til okkar aftur og aftur frá Nd., og hér hafa aftur komið fram sömu tvær brtt. og fram komu við það í fyrra, a. m. k. í aðalatriðum, þó að önnur þeirra sé svolítið öðruvísi.

Við athugun á þessu máli núna kom það í ljós eftir ýtarlegt samtal við yfirdýralæknirinn, að þó að skipulagið allt kunni að verða endurskoðað og verði áreiðanlega endurskoðað, þá raska þessi þrjú dýralæknisembætti, sem hér er lagt til að verði tekin upp, ekki þeirri endurskoðun.

Á svæðinu, sem hér er um að ræða, Austurlandssvæðinu, þar sem dýralæknirinn nú situr á Egilsstöðum og einn fyrir allt svæðið, — endurskoðun þar mun ekki í náinni framtíð leiða annað í ljós en það þurfi annan dýralækni á sunnanvert svæðið, eins og gert er ráð fyrir hér.

Endurskoðun á Suðurlandsundirlendinu mundi að líkindum ekki heldur leiða annað í ljós en að tekið væri nokkuð af svæði, Rangárvallasýslusvæðinu, eða því skipt, eins og hér er lagt til. Að vísu er Rangárvallasýslusvæðið enn þá svo stórt, að dýralæknirinn, sem nú situr á Hellu, hefur yfir helmingi fleira búfé á svæði sínu en talið er að dýralæknir geti kom-

izt yfir að gegna, svo að það mun koma í ekki mjög fjarlægri framtíð tillaga um að skipta því enn. En alltaf mundi verða skipt austan af því, eins og hér er gert í þessum brtt.

Og Vestfjarðasvæðinu, sem er allt of stórt og fyrirferðarmikið fyrir einn dýralækni, mundi, hvenær sem lögin yrðu endurskoðuð, líka verða skipt.

Þess vegna er það, sem hér er lagt til að samþ. verði í þessu frv., að nokkru leyti endurskoðun á dýralæknalögunum. Að vísu mundi svo Borgarfjarðar- og Mýrahéraðinu, héraði dýralæknisins, sem nú situr í Borgarnesi, því svæði mundi verða skipt tiltölulega fljótt, ég skal ekki segja hvenær. Húnavatnssýsludýralæknissvæðinu mundi líka verða skipt tiltölulega fljótt. En allar þær skiptingar, sem maður sér fram á að muni koma á næsta áratugnum eða svo, þær snerta ekki þetta landsvæði. Með samþykkt þessa frumvarps með okkar breytingum er endurskoðun þess lokið.

Það er þess vegna ekkert til fyrirstöðu fyrir því að samþ. þetta núna, því að það raskar ekki þeirri heildarendurskipun, sem verður á dýralæknunum einhvern tíma í náinni framtíð. Nú gat samt komið til mála að gera ekkert við málið, fara með það svipað og við fórum með það í fyrra. Við gerum það þó ekki núna. Við beygjum okkur fyrir óskum manna í þessum kjördæmum að fá dýralæknana og fá þessar breytingar fram, sem má skoða sem byrjun á endurskoðun á skipulagningu dýralæknanna, og gerum það af fleiri ástæðum. Við gerum það fyrst og fremst af því, að það er gott fyrir mennina, sem fara í dýralæknisnám, að vita, að til séu hér á landi óveitt embætti, sem beint bíði eftir þeim. Það hætti einn dýralæknir, sem kominn var á síðasta hluta, núna í haust, af því að hann taldi, að það væri ekkert fyrir dýralækni að gera hér á landi. Nú er að vísu eitt dýralæknisembætti óveitt, svo að rök hans fyrir því að hætta, þegar hann ber þessu við, eru ekki alger, — það hefur sjálfsagt eitthvað fleira blandazt þar inn í, sem mér er ekki kunnugt um.

Nú sem stendur eru nokkrir menn við dýralæknisnám, og sá fyrsti kemur á árinu 1960, er búinn þá, ef hann lifir og ekkert kemur fyrir hann. Svo koma þeir úr því hver af öðrum, og eftir 4—5 ár ættu þessi dýralæknisembætti að vera setin. Það mætti þess vegna frá því sjónarmiði segja, að það væri nokkuð sama, hvort frv. verði samþ. eða ekki samþ. Þau lög baka ríkissjóði engin útgjöld, það er enginn maður til í embættin á árinu, sem í hönd fer og fjárl. verða samþ. fyrir einhvern tíma í vetur, vona ég, og að því leyti gerði það ekkert til. En það er fyrst og fremst til að koma á móti mönnunum, sem vilja fá dýralæknana, á pappírnum, og meira getum við ekki gert, og í öðru lagi til þess að sýna þeim, sem eru við nám, að þarna bíði þeirra starf, sem beinlínis þeir geti átt víst að fara í, ef þeir standa sig sæmilega í sínu námi og ná tilskildum prófum.

Vegna þessa leggjum við núna til, að þetta frv. sé samþ. með breytingum og séu þá tekin upp í lögin 3 ný dýralæknisumdæmi. Við höfum svolítið breytt þeim frá frv. og till., sem fyrir liggja, og gerum það með tilliti til þess, sem yfirdýralæknir telur heppilegast og líklegt að mundi verða, ef dýralæknisskipunin í landinu í heild væri endurskoðuð og dýralæknisumdæmunum breytt. Við bætum við Austur-Skaftafellsumdæmið, sem er í frv. sjálfu, 2 hreppum í Suður-Múlasýslu, svo að það nái yfir Austur-Skaftafellssýsluna og Suður-Múlasýsluna að Breiðdalsheiði. Því skal ekki neitað, að þetta svæði er samt sem áður svo skepnufátt, að það er ekki talið, að það heimti fullkominn mann, — að hann hafi nóg að gera, sá maður, sem í það fer. Hins vegar er á hitt að líta, að það er stórt yfirferðar, byggðin er dreifð þar, og þess vegna tekur það hann meiri tíma en ella að vitja um sjúkar skepnur, þegar hann er sóttur til þeirra, og samgöngur dálitið erfiðar, svo að við teljum, að rétt sé að setja þar dýralækni, eins og menn óska, en bætum sem sagt við hans svæði tveimur hreppum í Suður-Múlasýslu og förum að Breiðdalsheiðinni, sem við látum skilja svæðin, en hún er ævinlega ófær að vetrinum og oft illfær líka vor og haust og þægilegra að ná þá í dýralækni frá Egilsstöðum fyrir þann hlutann, sem ofar er í héraðinu.

Þá tökum við upp dýralækni í Vestur-Skaftafellssýslu eftir till. þm. þaðan og ósk manna þar heima fyrir, en til þess að hann hafi fullkomið starf, eftir því sem talið er að dýralæknar þurfi að hafa, miðað við tölu þeirra skepna, sem þeir eiga að lækna, ef þær kynnu að veikjast, þá bætum við við hann einum hreppi úr Rangárvallasýslu og látum hann hafa hann með, og það er sama skipun og t. d. er hvað lækna snertir, því að læknirinn í Vík í Mýrdal er látinn hafa þann hrepp með, og það er líka styttra í hann úr Vík en frá Hellu. Það er því að öllu leyti eðlilegra, að Austur-Eyjafjallahreppur sé þar með, og með því að hafa hann með, þá hefur dýralæknir, sem sezt að í Vík, þegar alveg fullkomið verk.

Þá er þriðja umdæmið, sem við búum til í Barðastrandarsýslunni. Við tökum part af Vestur-Ísafjarðarsýslunni og part af Vestur-Barðastrandarsýslunni og bætum við Barðastrandarumdæmið í tillögunum, sem annars hefði verið næstum Barðastrandarsýsla ein. Þarna er ákaflega víðlent svæði um að ræða og erfitt yfirferðar. Skepnurnar á svæðinu eru heldur fáar, fullfáar til þess, að læknir hafi þar nóg að starfa, en víðlendið og erfiðleikarnir á samgöngum réttlæta þó að setja þar dýralækni, enda er það álit yfirdýralæknisins, að ef Vestfjörðunum yrði skipt, þá yrði þeim alltaf skipt eins og tillaga okkar gerir ráð fyrir.

Ég tel mig þá hafa gert nokkurn veginn grein fyrir því, hvernig stendur á því, að við nú leggjum til, að þetta frv. sé samþykkt og búin til þarna þrjú ný dýralæknisembætti á pappírnum, þó að við ekki gerðum það í fyrra. Ég skal ekkert segja, hvað við hefðum gert, hefði endurskoðun farið fram og legið hér

fyrir að stofna fleiri í viðbót við þessi þrjú, sem hér eru tekin upp nú, en þá hefði líklega orðið að kljúfa Húnavatnssýsluumdæmið, Vestur-Húnavatnssýslan og Strandasýslan væri sett sér og Austur-Húnavatnssýslan sér, og kljúfa Borgarfjarðarumdæmið með því að láta dýralækni trúlega koma á Akranes eða a. m. k. skipta því svæði, sem núna nær yfir meginið af Snæfells- og Hnappadalssýslu, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, skipta því í tvennt, sem líka áreiðanlega verður gert bráðlega, og líklega líka að setja annan dýralækni á Akureyri, því að þar er skepnufjöldinn orðinn langt fram yfir það, sem einn maður kemst yfir. Þeir eru að vísu tveir nú, því að dýralæknirinn þar hefur tekið sér fastan aðstoðarmann til að geta komizt yfir það og borgar honum úr eigin vasa, en hefur líka í staðinn tekið að sér eftirlit með sæðingunum og fær fyrir það frá Eyfirðingum sjálfum 30 þús. kr. upp í laun aðstoðardýralæknisins, sem hann hefur á sínum launum.

Ég skal ekkert segja um það, hvað hefði verið gert, ef endurskoðunin hefði legið fyrir og legið fyrir, að það þyrfti að bæta við, a. m. k. sex, — ég segi a. m. k. sex, því að ég geri ráð fyrir, að þeim þyrfti að fjölga meira, líklega einum enn, einmitt hérna á Suðurlandinu, því þó að þeir séu komnir tveir í Árnessýsluna, sem hefur á níunda þúsund nautgripi, þá er það miklu meira en tveir menn geta komizt yfir að sinna, enda er dýralæknirinn á Selfossi eiginlega ekki nokkurn dag á árinu heima, — ég skal ekki segja, hvað við hefðum þá gert. Þetta lá nú ekki fyrir, fullkomin endurskoðun hafði ekki farið fram. En með tilliti til þess, að þessi þrjú svæði munu öll koma, þegar endurskoðun fer fram, þá sjáum við ekkert athugavert við að samþykkja það nú þegar til þess að herða á þeim, sem við nám eru, að ljúka sínu námi sem fyrst og koma til aðstoðar þeim mönnum, sem á þessu svæði búa, og þeim, sem þeir eiga seinna að þjóna.

Við leggjum því til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem það hefur tekið. — Það er rétt að geta þess líka, að þegar lögunum hefur verið breytt 1955, hefur fallið úr ein lína einhvers staðar. Nú skal ég ekki fullyrða neitt um, hvar hún hefur fallið niður, ég hef ekki nennt að fara í að rannsaka það. Það var í gömlu dýralækningalögunum frá 1947 og búið að vera afskaplega lengi, að ráðherra skuli ákveða, hvar dýralæknirinn búi, hvar hans búseta sé í umdæminu. Þessi lína hljóðar svona: „Landbúnaðarráðherra ákveður, hvar héraðsdýralæknir skuli hafa búsetu". Hún hefur fallið niður, þegar lögunum var breytt 1955. Það er sama, hvar hún hefur fallið niður. Ég hef ekki nennt að rannsaka það, hvort hún hefur fallið niður í prentun eða fallið niður hjá annarri hvorri nefndinni hér í d., en það hefur aldrei verið meining nokkurs manns, að þeir fengju að ráða sjálfir, hvar þeir sætu í héraðinu, heldur yrði ráðherra alltaf að ákveða það. Við leggjum því til, að þessi lína verði aftur sett í frumvarpið. Ég gleymdi því, þegar við vorum á nefndarfundunum, að skýra frá þessu, en veit, að allir nefndarmennirnir eru með því að bæta þessu inn í, þó að ég gerði það sjálfur, um leið og ég samdi frv., því að þetta er sjálfsagt og áreiðanlega fyrir klaufaskap einhvers, að það hefur dottið úr 1955, þegar lögunum var breytt.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka nefndinni fyrir ágæta afgreiðslu á þessu máli. Ég tel það fullkomlega réttmætt að taka þessi þrjú dýralæknisumdæmi inn í lögin, enda þótt ekki séu dýralæknar til staðar í augnablikinu. Það er alveg rétt, sem frsm. segir, að þetta herðir á þeim, sem við nám eru, að koma heim strax að loknu námi. Ég vil taka það fram, að ég samþykki fullkomlega fyrir mitt leyti þá breyt., sem n. gerði við mína till., er hún bætir við Austur-Eyjafjallahreppi. Það er hægara fyrir íbúa í þeim hreppi að sækja dýralækni til Víkur en út að Hellu.

Ég endurtek þakkir mínar til nefndarinnar fyrir afgreiðslu málsins.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég á brtt. við þetta frv., en nú hefur hv. landbn. fallizt á að taka hana að mestu leyti óbreytta upp í sínar brtt., og er þá fullnægt því, sem ég fór fram á með brtt., auk þess er þetta gert í fullu samráði við mig, þar sem ég átti sæti í nefndinni. Ég sé ekki, að ég þurfi að taka brtt. aftur, því að hún fellur af sjálfu sér, ef till. nefndarinnar verða samþykktar. **(Forseti:** Hún verður borin upp fyrr.) Þá tek ég till. aftur, því að hún er komin upp í brtt. n.

ATKVGR.
Brtt. 128 og 131 teknar aftur.
Brtt. 163 (ný 1. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., 16. jan., var frv. tekið til 3. umr. (A. 169).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:1 atkv. og endursent Nd.

Á 57. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 58., 60., 62., 67., 68. og 69. fundi í Nd., 19., 22., 26. og 30. jan., 2. febr., var frv. tekið til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 71. fundi í Nd., 5. febr., var frv. enn tekið til einnar umr.

Frsm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Eins og hv. þm. er kunnugt, var þetta mál hér til umr. í vetur og hefur hlotið sína afgreiðslu í hv. Ed., þar sem hafa orðið á því þær

tvær breyt., að það er bætt við tveimur dýralæknisumdæmum, þ. e. Barðastrandarumdæmi og Vestur-Skaftafellsumdæmi, auk þeirrar breytingar, sem varð hér í Nd. í vetur, að það var bætt inn Austur-Skaftafellssýsluumdæmi.

Landbn. hefur athugað þessar 2 till. Ed., og þeir, sem mættir voru á fundi, eru því samþykkir, að frv. gangi fram, eins og það nú liggur fyrir.

Ég vil geta þess, að hv. þm. A-Húnv. var ekki mættur á fundinum, en aðrir nm. eru sammála um, að frv. nái fram að ganga, eins og það nú liggur fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 238).

32. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins.

Á 25. fundi í Sþ., 11. febr. var útbýtt frá Ed.:

Frv. til l. um viðauka við l. nr. 64 2. sept. 1955, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins [106. mál] (þmfrv., A. 246).

Á 68. fundi í Ed., 12. febr. var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Fjhn. flytur þetta frv., sem er um viðauka við lög nr. 64 2. sept. 1955, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Hún flytur það eftir beiðni fjmrn., en nm. hafa áskilið sér óbundin atkvæði um málið, enda fór lítil athugun á málinu fram, þegar nefndin ákvað að verða við beiðni rn. um að flytja það. Nefndin flytur frv. óbreytt að efni til, eins og það kom frá rn., gerði á því aðeins litla formsbreytingu þannig að gera síðustu setninguna um gildistöku laganna að sérstakri grein, eins og siður er til, en eins og frv. kom frá ráðuneytinu, var það ein grein.

Í efnisgrein frv. er um tvö atriði að ræða, enda er greinin í tveimur málsgr. Fyrri málsgr. er um það, að ef sjóðfélagi verður að láta af stöðu sinni vegna heilsubrests, en tekur síðar við starfinu aftur eða starfi, sem veitir aðgang að sjóðnum, þá sé honum heimilt að kaupa réttindi fyrir þann tíma, sem úr hefur fallið, og í öðru lagi, að þegar svo stendur á, að sjóðfélagi verður sökum heilsubrests að láta af stöðu sinni, en tekur þá eða síðar við léttara og lægra launuðu starfi, má reikna eftirlaun hans af því starfinu, sem hærra var launað. Síðan er sagt, að stjórn sjóðsins geti krafizt vottorðs hjá tryggingayfirlækni til sönnunar því, að um heilsubrest sé að ræða.

Síðari mgr. 1. gr. er um annað efni. Hún er um það, að þeir menn, sem eru á eftirlaunum samkv. eldri lögum, sem kveða svo á, að 95 ára samanlagður ævialdur og embættisaldur veiti rétt til eftirlauna, megi halda þessum rétti og geti þar af leiðandi fengið full eftirlaun áfram. Ég hygg við lauslega athugun, að þessi síðari málsgr. sé í sjálfu sér óþörf, því að embættismenn á eftirlaunum, sem tóku eftirlaun samkv. eldri lögum, hafi þennan rétt. Og eftir grg. að dæma mun hafa fallið hæstaréttardómur um það að því er varðar barnakennara, en lögin um lífeyrissjóð embættismanna og lífeyrissjóð barnakennara eru alveg hliðstæð að þessu leyti. En sjálfsagt gerir það ekki skaða, að slík lagaákvæði séu til í samræmi við þennan hæstaréttardóm, þó að það kunni svo að vera, að það sé engin nauðsyn að setja þetta lagaákvæði.

Eins og frv. ber með sér, er það flutt af fjhn. Ég sé því enga ástæðu til að gera till. um að vísa því til n., en ég mun sem formaður fjhn. taka þetta frv. fyrir á nefndarfundi og gefa n. kost á að athuga það nánar og ekki taka það á dagskrá til 2. umr., fyrr en n. hefur lokið þeirri athugun.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Mig langar til að beina því til hv. frsm., hvernig er háttað réttindum þeirra starfsmanna, er voru alllengi opinberir starfsmenn og greiddu í sjóðinn, en eru það ekki nú. Hann getur kannske svarað þessu nú þegar, því að ég býst við, að hann sé þessu máli nokkuð kunnugur. Ég spyr aðeins vegna þess, að ég er einn þessara manna, sem greiddu í lífeyrissjóð barnakennara í 20 ár. Þá hætti ég störfum, en óskaði ekki eftir endurgreiðslu iðgjaldanna, eins og ég hafði þó rétt til, og þau sitja inni í lífeyrissjóðnum síðan.

Eru það gildandi reglur, eða hefur það verið framkvæmt þannig, að mönnum hafi verið gefinn kostur á að greiða iðgjald í sjóðinn, eftir að þeir hafa látið af störfum, og halda þannig rétti sínum? Nú mun það vera svo, að ég væri nálægt þeim aldri, að ég hefði náð 95 ára markinu, ef ég hefði starfað allan tímann. En það kemur sennilega ekki til greina, að sá tími sé tekinn til greina í þessu sambandi, sem maður hefur ekki starfað í opinberri þjónustu. Þó þori ég ekkert um þetta að fullyrða. Ef hv. frsm. gæti gefið mér einhverjar upplýsingar um þetta, þætti mér vænt um það, en annars vildi ég biðja hv. n. að athuga þessa hlið á málinu. Þetta er ekki alveg þýðingarlaust fyrir nokkra menn, kannske allmarga, sem þannig er ástatt um. Ég hætti ekki störfum vegna heilsuleysis, en hitt er staðreynd, að ég hef greitt í sjóðinn og greitt það svona lengi og hef ekki fengið endurgreitt og ekki óskað eftir að fá endurgreiðslu. Getur verið, að ég hafi þarna vanrækt að tryggja mér einhver réttindi, sem ég hefði getað tryggt mér? Ég veit ekkert um það. En ástæðan til þess, að ég óskaði ekki eftir endurgreiðslu úr sjóðnum, vaxtalausri, því að þannig eru reglur um þetta, var auðvitað sú, að mér þóttu þetta svo lítilsverðir peningar, þegar til þess gat komið, að ég fengi endurgreiðsluna. Launin voru lág, þegar ég byrjaði störf 1923, og verðbólgan hafði skert

þessa eign eins og fleiri, svo að ég hirti ekkert um að biðja um endurgreiðsluna. Peningarnir liggja því þarna enn.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Ég býst við, að hæstv. dómsmrh. sé færari um það að fræða hv. þm. Barð. um þessi atriði heldur en ég, því að ég skal alveg játa það, að ég hef ekki lögin í höfðinu svo, að ég geti svarað því með öruggri vissu, hvaða rétt hann kann að hafa. En ég hygg, að það sé þannig, hafi verið svo og sé enn, að þeir menn, sem láta af starfi, áður en þeir eru 65 ára gamlir, án þess að um heilsubrest sé að ræða eða önnur löggild forföll, hafi alls engan rétt annan en þann að fá endurgreitt það, sem þeir hafa greitt í lífeyrissjóðinn. Ég hygg, að það sé þannig og hafi alltaf verið.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Það er aðeins ein spurning, sem mig langar til að leggja fyrir hv. frsm. Það er varðandi setninguna í 1. gr.: „Þegar svo stendur á, að sjóðfélagi verður sökum heilsubrests að láta af stöðu sinni, en tekur þá eða síðar við léttara og lægra launuðu starfi, má reikna eftirlaun hans af því starfinu, sem hærra var launað". Mig langar til þess að spyrja um það í sambandi við þetta, hvort n. hefði rætt eða athugað iðgjaldagreiðslu í slíkum tilfellum? Ef maður fer að vinna aftur og fær lægri laun, þá getur hann átt rétt á því að fá eftirlaun samkv. þeim hærri launum, er hann áður hafði. En er þá gert ráð fyrir því, að þessi maður, eftir að hann kemst á lægri launin, borgi iðgjald samkv. lægri laununum, eða verður hann að borga þau samkv. hærri laununum til þess að fá eftirlaun í samræmi við þau? Þetta er kannske ekki stórt atriði, en getur þó skipt nokkru máli fyrir þann, sem greiða á, hvort hann á að greiða prósentvís miðað við hærri launin, sem hann hafði áður, eða lægri launin, sem hann hefur síðar.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Eins og ég gat um í framsöguræðu minni, hafði n. sáralítið athugað þetta frv., þó að hún að forminu til tæki að sér að koma því á framfæri, eins og venja er til að n. geri, ef ríkisstj. fer fram á það. Athugun á frv. í n. er eftir, eins og ég gat um. Ég geri ráð fyrir, eins og frv. liggur fyrir, að það sé ekki hægt samkv. því að krefja neinn opinberan starfsmann um hærri iðgjaldsgreiðslur í lífeyrissjóðinn en laun hans á þeim tíma segja til um, ef ekkert er sérstaklega tekið fram um annað. Og þrátt fyrir það ákvæði, að eftirlaunin skuli reikna eftir því starfinu, sem hærra var launað, virðist mér eftir því, hvernig frv. er nú orðað, að hlutaðeigandi greiði aðeins iðgjald af þeim launum, sem hann hefur á hverjum tíma. Þetta atriði er sjálfsagt að taka til athugunar, hvort ekki er einmitt rétt að setja skýr ákvæði um það, að hann fái því aðeins þennan rétt, að hann greiði iðgjald til sjóðsins í samræmi við hin hærri laun. En mér virðist, eins og frv. liggur fyrir, ekki heimild til að innheimta hærri iðgjöld af neinum opinberum starfsmanni en laun hans segja til um.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég þakka hv. frsm., hv. 1. þm. Eyf., fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf hér. Ég býst við, að skilningur hans á þessu máli sé réttur, og ég hef verið þeirrar skoðunar. En ég vil þó biðja hann sem formann hv. fjhn. að hlutast til um, að það verði athugað í n., hvort mönnum hefur verið gefinn kostur á að brúa þetta bil, sem vantar upp á, að þeir nái fullum réttindum um greiðslu úr lífeyrissjóðnum, með því að greiða í sjóðinn það tímabil, sem vantar upp á 95 ára takmarkið. Mér hefur verið skýrt svo frá, að þetta hafi átt sér stað, mönnum hafi verið gefinn kostur á þessu, ef þeir hafa greitt lengi, en þó ekki náð þessu aldurshámarki. Ég vildi biðja hann að hlutast til um, að það lægju fyrir upplýsingar um, hvernig þetta hefur verið framkvæmt.

Páll Zóphóníasson: Ég skal viðurkenna það, að mér er ekki alveg ljóst, hvað hæstv. stjórnarráð meinar með þessum lögum. Ég geri ráð fyrir, að það hafi undirbúið það einhver þar, sem hafi sett sig inn í málið, og þá kann að vera, að það, sem ég nú segi, sé sprottið af misskilningi mínum. Það eru ekki mörg ár síðan ég varð sjötugur og bar réttur til eftirlauna, því þegar ég fór frá Hólum eftir að hafa verið kennari og skólastjóri við bændaskólana lengi, þá setti ég það skilyrði fyrir því að fara til Búnaðarfélagsins, að mér yrði leyft að tryggja mig áfram í lífeyrissjóði embættismanna. Og þá var gerð á lögunum breyting og búnaðarfélagsstarfsmönnum heimilað að tryggja sig í sjóðnum. Síðan var alltaf tekin rétt prósenta af mínum launum og Búnaðarfélagið borgaði á móti. Þegar ég svo varð sjötugur, komu eftirlaunin, og þá voru þau reiknuð eftir meðaltali af þeim launum, sem ég hafði haft s. l. 10 ár. 60% af því bar mér að fá í eftirlaun, þegar samanlagður aldur minn og embættisaldur var 95 ár, og svo ákveðna prósenttöluhækkun fyrir hvert ár, sem fram yfir var upp í 75. Þetta eru þau lög, sem núna gilda. Síðan ég tók þessi eftirlaun, svona reiknuð, hefur lögunum ekki verið breytt. Nú er ætlazt til þess, að maður, sem hafi verið starfsmaður hins opinbera og verður veikur og hættir þess vegna, — en á því leikur ekki neinn vafi, hann hefur sitt læknisvottorð og allt í lagi, — hann er veikur tíu ár, og svo vill hann verða starfsmaður ríkisins aftur, þá er honum heimilt, skilst mér, eftir lögunum að kaupa sig, sem kallað er, inn í sjóðinn með því að borga sinn part, eins og hann hefði alltaf fengið laun, sín 2% af þeim hugsanlegu launum, sem hann hefði fengið öll þessi ár, sem hann var í burtu, og ríkið á þá að borga á móti. Á þann hátt kaupa menn sig inn í sjóðinn. Menn, sem kaupa sig inn í sjóðinn, eins og t. d. sumir búnaðarfélagsmenn hafa gert, — því er ég vel kunnugur, — þeir eiga að borga 2% af launum, sem þeir hafa haft á ári,

og svo hefur Búnaðarfélagið orðið að borga á móti. Þá hafa þeir fengið fullan rétt. Öðruvísi fá þeir það ekki. Nú liggur fyrir heimild fyrir þessu. En þá spyr ég bara: Er rétt að vera að láta ríkið borga á móti, til þess að þeir fái þennan rétt?

En svo skil ég ekki hitt, hvernig þeir eiga að fá eftirlaun eftir hærri launum, þegar þeir eru komnir á lægri launin, því að það kemur alveg í bága við það, að eftirlaunin skuli miðast við síðustu 10 ára meðaltal af launum mannsins. Ef ég hefði verið skrifstofustjóri í stjórnarráðinu og farið frá sem skrifstofustjóri og er svo settur niður í einhvern annan starfa, þar sem minna er að gera, og látinn halda áfram þar og er þar 10 ár, þá ætti ég að fá eftirlaun eftir því, sem hærri laun mín sögðu til um. Það er ekki til í dæminu, því að þá segja lögin alveg ákveðið núna, að ég skuli hafa eftirlaun miðað við meðaltal síðustu 10 áranna, sem ég starfaði. Þess vegna rekst þessi breyting á lögin, eins og þau eru núna, það er alveg gefið. Ég held það sé alveg gefið og þurfi að grandskoða það.

Núna fær hver maður eftirlaun eftir ákvæðum laga þannig lagað, að hann fær meðaltal af þeim launum, sem hann hefur haft síðustu árin, og misjafna prósenttölu af þeim eftir því, hvað hann er búinn að vera lengi, frá 40 og allt upp í 75, ef ég man rétt. Og þess vegna er það að ákveða, að maður, sem er kominn niður í lægri laun, allt í einu eigi að fá eftirlaun eins og hann hefði verið á hærri launum, sem hann hefur verið á einhvern tíma áður, án þess að breyta þeim ákvæðum í lögunum, sem segja til, hvernig eftirlaunin eigi að reiknast nákvæmlega, það er ekki hægt, áreiðanlega ekki hægt og þarf að athugast nánar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., 16. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti (BSt): Mér hefur borizt svo hljóðandi brtt. við frv. frá fjhn.

„Við 1. gr. 1. mgr. 2. málsl. orðist svo:

Þegar svo stendur á, að sjóðfélagi verður sökum heilsubrests að láta af stöðu sinni, en tekur þá eða síðar við lægra launuðu starfi, má reikna eftirlaun hans af því starfinu, sem hærra var launað, enda hafi hann greitt iðgjöld samkvæmt því.“

Þessi till. er skrifleg og of seint fram komin, þó að hún sé frá nefnd, og þarf því afbrigði.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 255) leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Eins og ég lýsti yfir við 1. umr. þessa máls, að fjhn. mundi taka frv. til athugunar eftir umr., þó að hún hefði flutt það, þá hefur nefndin og gert það, athugað frv. nokkuð, og auk þess hef ég átt tal við ráðuneytisstjórann í fjmrn., sem vísaði að þessu leyti öllum veg og vanda frá sér til stjórnar sjóðsins, því að ráðuneytið tók við frv. frá sjóðsstjórninni og bað fjhn. að flytja það eins og sjóðsstjórnin hafði frá því gengið, — og átti ég svo tvívegis tal við fulltrúa í stjórnarráðinu, Kjartan Ragnars, en hann á sæti í stjórn lífeyrissjóðsins, og ræddi við hann einkum um þau atriði, sem athugasemdir höfðu verið gerðar við hér við 1. umr. málsins.

Hv. 1. þm. N-M. gat þess við 1. umr., að þegar hann gekk úr beinni þjónustu ríkisins sem skólastjóri á Hólum og réðst til Búnaðarfélagsins, þá hefði hann gert það með því skilyrði, að hann héldi sínum eftirlaunarétti og yrði áfram sjóðfélagi í lífeyrissjóði opinberra starfsmanna. Þetta var veitt og yfirleitt Búnaðarfélaginu veittur réttur til þess fyrir sína starfsmenn, og var það heimilt, eins og lögin voru þá, þegar þetta var gert. En þegar fleiri fóru að sækja á það að fá þennan rétt, var sú heimild afnumin og það að tilhlutun sjóðsstjórnarinnar, því að henni fannst það vera ákaflega erfitt í framkvæmd og hætt við misræmi, ef það yrði haft svo, að fleiri aðilar en opinberir starfsmenn og þeir, sem þá höfðu fengið réttindi til að vera í sjóðnum, væru með.

Í sambandi við þetta skal ég geta þess, að nefndinni barst erindi frá áburðarverksmiðjunni, eða stjórn hennar, þar sem hún fór fram á það, að lögunum yrði breytt á þá leið, að starfsmenn áburðarverksmiðjunnar gætu verið sjóðfélagar í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, og færði það til, sem auðvitað er rétt, að það er ekki mikill munur á áburðarverksmiðjunni, þó að hún sé að forminu til hlutafélag, og ýmsum ríkisstofnunum, sem ekki orkar tvímælis um að hafa rétt til að hafa sína menn sem sjóðfélaga. En sjóðsstjórnin, eftir því sem Kjartan Ragnars sagði mér, lagði eindregið á móti því. Þessi ósk áburðarverksmiðjunnar hafði verið borin fram á þeim árum, þegar Steingrímur Steinþórsson var landbrh., og var mér afhent bréf frá verksmiðjustjórninni til hans, þar sem farið var fram á, að starfsmenn áburðarverksmiðjunnar fengju þennan rétt. En sjóðsstjórnin hafði þá mælt á móti þessu og þess vegna ekki orðið af því, að þetta væri borið fram. Fjhn. sá sér því ekki fært að verða við þessari beiðni, en vitanlega hefur hver einstakur þdm. fullan rétt til þess að taka upp brtt. um þetta, ef mönnum þykir það henta.

Út af því, sem hv. þm. Barð. sagði við 1. umr. um, hvaða rétt hann hefði í sambandi við þetta sem fyrrv. barnakennari, þá upplýstist það, að hann hefur fullan rétt til að fá eftirlaun, þegar hann er 65 ára, en vitanlega verða þau eftirlaun miðuð við hans starfstíma, og þar af leiðandi getur hann ekki búizt við miklum eftirlaunum, miðað við þau laun, sem hann hafði þá, og þann starfstíma, sem hann innti af höndum. En hitt er vitanlega fráleitt, að hann geti keypt sér fullan

rétt, eins og hann hefði alltaf verið barnakennari, nema þá því aðeins að hann gerðist kennari aftur, þá ætti hann samkvæmt fyrri mgr. 1. gr. að geta keypt sér fullan rétt.

Það kom töluvert til orða við 1. umr. málsins, hvernig ætti að skilja tvö atriði í 1. mgr. 1. gr. Í fyrsta lagi um það, þar sem heimilað er, að sjóðfélagi, sem lætur af stöðu vegna heilsubrests, en tekur síðan aftur við starfi, sem veitir aðgang að sjóðnum, megi kaupa sér réttindi fyrir þann tíma, sem úr hefur fallið, hvort þetta að kaupa réttindi bæri að skilja svo, að hann ætti að greiða aðeins þau 4%, sem sjóðfélaga ber að greiða, ellegar jafnframt það, sem ríkinu ber að greiða á móti, sem eru 6%, samtals þá 10%. Ég fékk þær upplýsingar, að sjóðsstjórnin hefði haft þetta opið, vitandi vits og með vilja, því að þeir telja hentugra, að þetta verði ákveðið í hverju einstöku tilfelli, og að sjálfsögðu ber að skilja það þannig, að sú stofnun, sem maðurinn vinnur hjá, geti, ef stjórn hennar gerir um það löglega samþykkt, greitt þessi 6% og hjálpað manninum þannig til að kaupa réttindi. Hitt atriðið var um það, þegar svo stendur á, að sjóðfélagi verður sökum heilsubrests að láta af stöðu sinni, en tekur síðar léttara starf og lægra launað, að þá megi reikna honum eftirlaun samkvæmt hinu hærra launaða starfi. Við þetta gerir nefndin tvær breytingar, þannig að hún leggur til að umorða 2. málsl. 1. mgr. 1. gr. Í fyrsta lagi að fella úr orðið „léttara", — „tekur síðan við léttara og lægra launuðu starfi" — láta nægja að segja „lægra launuðu starfi", því að það getur staðið svo á, að þó að maður hafi ekki heilsu til að gegna ákveðnu starfi og verði að láta af því og taki við öðru, þá geti hann haft heilsu til að gegna því, þó að það sé í sjálfu sér ekkert léttara. Mér detta í hug í þessu sambandi sérstaklega gjaldkerar. Það er oft, að menn, sem að einhverju leyti eru taugaveiklaðir, þola illa að vera gjaldkerar, en geta vel gegnt í sömu stofnun öðru starfi, þó að það sé ekki hægt að kalla þau störf léttari almennt séð, og svo getur verið í fleiri tilfellum. Einn nm. benti, þegar nefndin ræddi um þetta, á starf, sem krefst þess, að menn vaki á næturnar. Þó að það sé létt, getur komið fyrir, að menn þoli alls ekki að vaka á næturnar og þoli betur að taka við starfi að deginum, þó að það sé í sjálfu sér erfiðara. Hitt atriðið, sem breytt er með þessari umorðun, er að bæta inn á eftir orðunum: „má reikna eftirlaun hans af því starfinu, sem hærra var launað", orðunum: „enda hafi hann greitt iðgjöld samkvæmt því." M. ö. o.: ef hann vill njóta þessa réttar, ber sjóðfélaganum að greiða iðgjöld eins og hann gegni hærra launaða starfinu.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. Það getur vel verið, að málið þyrfti nánari athugunar við. En ég geri ráð fyrir, að ef frekari breytingar verða gerðar, þá verði það á móti ráðum þeirrar nefndar eða stjórnar, sem hefur með lífeyrissjóðinn að gera.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það er tvennt, sem gerði, að ég kvaddi mér hljóðs. Fyrst, að það var misskilningur hjá frsm. viðvíkjandi því, þegar ég hætti á Hólum og fór til Búnaðarfélagsins. Þá voru sett alveg sérstök lög, sem eru nr. 15 frá 1928 og byrja svona: „Ákvæði laga nr. 51 27. júní 1921, um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra, skulu einnig gilda um þá fasta starfsmenn Búnaðarfélags Íslands, sem tryggja vilja sér lífeyri samkvæmt lögum þessum." Þetta var sett til þess, að ég gæti haldið áfram að tryggja mig, og það voru ekki aðrir en embættismenn þá, sem gátu tryggt sig, eftir lögunum. Þetta var bara leiðrétting og sýnir það, að stjórn sjóðsins er nú ekki vel heima í öllu því, sem gerzt hefur, eftir því sem frsm. hafði eftir henni, að það ættu allir að geta tryggt sig svona nú o. s. frv.

En það, sem ég ætlaði sérstaklega að benda á, það er þetta: Ég skil ekki enn með breytingunni, sem nefndin flytur fram, hvernig á að reikna eftirlaun mannanna, sem byrja aftur að starfa í lægra launuðu starfi eða flytjast úr hærra launuðu starfi í lægra launað starf. Ég skil það ekki. Það á að greiða eftirlaun, eins og hann hefði verið í hærra launaða starfinu, sem hann er farinn úr. Nú skulum við hugsa okkur það, að einhver maður hefði verið í starfi og haft einhver árslaun, 48 þús. kr. á ári, 4 þús. kr. á mánuði, og hætt starfi fyrir svona 10 árum, — eða við skulum láta hann hafa 6 þús. kr. á mánuði og hafa um 72000 kr. á ári, hætta fyrir svona 10 árum, hafa tekið við einhverju starfi, sem er launað lægra í launalögum, en búið er að hækka hvað eftir annað síðan, svo að það er núna hærra að peningatölu með uppbótum og öllu saman heldur en það, sem hann hafði áður. Svo hættir hann. Hann hefur borgað í sjóðinn eftir því fyrra, og þá mælir einhver grein í lögunum svo fyrir, að hann skuli hafa vissa prósentu af launum sínum síðustu 10 árin í eftirlaun. Nú er hann kominn í lægra starf, en gengi peninganna hefur gert það að verkum með breyttum launum, að það er borgað hærra en hitt var, þegar hann þjónaði því. Hann gæti þá fengið lægri eftirlaun við það að flytjast í hærra starfið, ef það á að reiknast eftir síðustu 10 árunum, sem hann var í því. Ég skil ekki enn, hvernig þetta er hugsað, að samrýma það tvennt, að það á að borga í eftirlaun viss prósent af launum mannsins síðustu 10 árin, og þá hefur ef til vill verið greitt lægra fyrir síðustu 10 árin í fyrri stöðunni en 10 árin í þeirri síðari. Á þá að reikna þau eftir 10 árunum síðustu, áður en hann hætti, meðan hann var í hærra starfinu? Eða á að reikna þau eftir þessu, eftir að hann er kominn í þetta lægra launaða starf, þó að launin í því séu kannske hærri núna en þau voru á sínum tíma, meðan hann var í því, sem var hærra launað? Ég skil ekki, hvernig þetta er hugsað, og langar til að fá frekari skýringu á því. Ég minntist á þetta líka við 1. umr., og það hefur ekki heyrzt

um þetta eitt orð enn þá, hvernig það á að reikna. Það stendur bara: það má reikna eftirlaun hans af því starfinu, sem hærra var launað, og það á að reikna það meðaltal af síðustu 10 ára launum, — en hvaða árum þá?

Forseti (BSt): Fyrst kemur til atkvæða brtt. frá fjhn., sem ég lýsti áðan. Vilja menn heyra hana aftur?

„Við 1. gr. 1. málsgr. 2. málsl. orðist svo:

Þegar svo stendur á, að sjóðfélagi verður sökum heilsubrests að láta af stöðu sinni, en tekur þá eða síðar við lægra launuðu starfi, má reikna eftirlaun hans af því starfinu, sem hærra var launað, enda hafi hann greitt iðgjöld samkvæmt því."

Að sjálfsögðu verður miðað við hærra launaða starfið síðustu 10 árin samkv. þessu.

ATKVGR.
Brtt. 255 samþ. með 14 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., 19. febr., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Ed., 23. febr., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 258).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 80. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 81. fundi í Nd., 24. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 86. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 258, n. 299).

Frsm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, hefur inni að halda tvær breyt. eða réttara sagt viðauka við gildandi lög um þessi efni. Önnur breyt. er fólgin í því, að mönnum, sem látið hafa af starfi í þjónustu hins opinbera vegna heilsubrests, en síðar hafa tekið við öðru léttara starfi, er heimilað að kaupa sér lífeyrissjóðsréttindi fyrir þann tíma, sem úr hefur fallið. Og enn fremur er tekið fram, að þeir hafi rétt til þess að njóta eftirlauna samkv. þeim hærri launum, sem þeir hafa haft, enda greiði þeir iðgjald miðað við hin hærri laun. Hin aðalbreyt. eða viðaukinn er fólginn í því, að tekið er fram í l., að þeir, sem gerzt höfðu aðilar að lífeyrissjóðnum fyrir setningu núgildandi l. frá 1955, njóti áfram þeirra réttinda að mega hætta starfi með fullum eftirlaunum, þegar samanlagður aldur þeirra og starfsaldur nemur 95 árum. Þessi regla var numin úr gildi með l. frá 1955. En ágreiningur var þá um það, hvort þeir, sem þá voru orðnir aðilar að lífeyrissjóðnum, skyldu njóta þessa réttar. Um þetta gekk dómur, svo sem getið er um í grg. fyrir frv., en niðurstaða hans varð sú, að eldri sjóðfélagar skyldu njóta áðurgreindra réttinda. Stjórn lífeyrissjóðsins hefur óskað eftir því, að ákvæði í samræmi við þessar dómsniðurstöður yrðu tekin inn í lögin til þess að fyrirbyggja frekari málaferli út af því.

Þetta eru þær meginbreytingar, sem þetta lagafrv. hefur inni að halda. Hefur n. athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþ. óbreytt frá því, sem gengið var frá því í hv. efri deild.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Nd., 9. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 309).

---

33. Búnaðarmálasjóður.

Á 23. fundi í Nd., 17. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs [45. mál] (þmfrv., A. 75).

Á 25. fundi í Nd., 20. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Við höfum 5 þm. í hv. Nd. leyft okkur að bera fram það frv., sem er á þskj. 75, 45. mál, um breyt. á l. um stofnun búnaðarmálasjóðs. Þetta er í raun og veru ekki nýtt mál hér. Þetta frv. lá fyrir Alþ. í fyrra, en eitthvað þótti á skorta þá, að undirbúningur málsins væri slíkur, að rétt væri að láta málið ganga til úrslita hér á Alþ., og þó einkum það atriði, að fyrir lægju viljayfirlýsingar frá þeim stéttarsamtökum, sem hér er um

að ræða, Búnaðarfélagi Íslands annars vegar og Stéttarsambandi bænda hins vegar, um, að þessar stofnanir vildu taka á sig þau útgjöld, sem þarna er um að ræða. Af þeim ástæðum m. a. var það, að þeir menn, sem að þessu máli hafa staðið, töldu rétt að bíða með það til þessa þings.

Í grg. frv. er skýrt frá því, hvernig þessi tvö meginstéttarsamtök bændastéttarinnar á Íslandi hafa tekið í þetta mál. Tel ég ástæðulaust að fara að lesa það upp, því að hv. alþm. hafa það allir á þskj. 75. En hitt er enginn vafi, að langsamlega meginhluti fulltrúa, bæði á búnaðarþingi í fyrra og eins á aðalfundi Stéttarsambands bænda, sem haldinn var í haust, hefur mælt með því, að þessar byrðar yrðu lagðar á landbúnaðinn eða landbúnaðarframleiðendur, því að hér er aðeins um það að ræða, þetta er aðeins innheimtuaðferð, sem hér er um að ræða, og ekkert annað. Þetta er að sjálfsögðu alveg hliðstætt við gjöld, sem stéttarsamtök greiða hvert á sínum stað. Þau hafa iðgjöld í sín félög, sem ég hygg að séu alltaf miðuð við höfðatölu. En við erum það á undan í landbúnaðinum, að við ætlumst til, að þetta sé miðað við framleiðslumagn. Maður, sem hefur 50 kýr t. d., borgar 5 sinnum meira eða eitthvað nálægt því heldur en sá, sem hefur 10 kýr, svo að maður segi alveg eins og er. En sem sagt, þetta er bara miðað við bróttóframleiðsluna og gjald af því. Og hér er ekki um neitt annað að ræða í þessu sambandi en að hv. Alþ. vilji leyfa, að þetta gjald verði innheimt á þann hátt, sem fyrir er lagt.

Ég hygg, að það sé rétt, að í fyrra, þegar þetta mál var hér til umr., og þá mun hv. landbn. þessarar d. hafa flutt málið og hv. samþingismaður minn, Jón Sigurðsson, haft framsögu fyrir hönd n., þá hafi verið komið með fsp. um hitt og annað varðandi þessa byggingu. Að sjálfsögðu fer þetta frv. nú til landbn. og að sjálfsögðu getur n. heimtað allar þær upplýsingar, sem hún óskar eftir í sambandi við þetta. En í raun og veru virðist mér það þó óþörf hnýsni, þar sem fyrir liggur jafnákveðin ósk bændastéttarinnar og nú liggur fyrir um það, að þetta verði ákveðið á þennan hátt, þ. e. a. s. stéttarsambandsgjald íslenzkra bænda til sinna félaga, alveg á sama hátt og tekið er gjald af félagsmönnum í Dagsbrún eða öðrum slíkum stéttarsamböndum sem hér er um að ræða. En ég get þó að sjálfsögðu gefið örlitlar upplýsingar um þetta.

Ég ætla ekki að fara að ræða um það húsnæði, sem Búnaðarfélag Íslands hefur, aðeins geta þess, að það hús var byggt um aldamótin, þótti þá mjög stórt í sniðum fyrir starfsemi Búnaðarfélags Íslands. En þróunin hefur orðið sú þau 50—60 ár, sem liðin eru, að vitanlega er fyrir löngu búið að sprengja húsnæðið utan af þeirri starfsemi, sem þá var, eins og vitanlega hlýtur að vera, og það eru fá þingin hin síðustu ár, þar sem Búnaðarfélagi Íslands hefur ekki verið fyrirskipað að taka við vissum málum, málaflokkum, starfrækja þau fyrir hönd ríkisstj. Þetta höfum við reynt að leysa af hendi, en þetta hefur upp á síðkastið ekki verið hægt öðruvísi en að leigja húsnæði hér og þar úti um bæinn. Nú er svo komið, að við höfum 3 útibú á þennan hátt: heila hæð á einum stað, mikið kjallarapláss á öðrum og í þriðja lagi skrifstofu fyrir einn af þeim starfsmönnum, sem okkur hefur síðast verið falið að taka á móti af hv. Alþ. og sjá um starfrækslu hans.

Þetta er e. t. v. það, sem Alþ. telur eðlilegt, en við gerum það ekki. Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda líta þannig á þetta mál, að það sé sjálfsagt að fá sameiginlegt húsnæði yfir þessar stofnanir, bæði hvað snertir hin faglegu verkefni og eins hvað snertir hin félagslegu verkefni þessara samtaka, á einum og sama stað. Og það hefur verið alger sameining milli þessara tveggja félagssamtaka um þetta mál. Þetta hefur verið lengi í undirbúningi, og vildi ég vona, að það rættist á því, að það, sem vel á að vanda, það skal lengi standa.

Við höfum fengið mjög ágæta lóð hér við Hagatorg, og ég vil leyfa mér að þakka forráðamönnum Reykjavíkurbæjar fyrir þá lipurð, sem þeir hafa sýnt í því máli. Það hefur verið mjög lengi í meðförum, en ég gladdist yfir því, að ég fann hjá þeim ráðamönnum, að þeim þótti jafnvel vænt um, að höfuðheimili íslenzks landbúnaðar, þessara tveggja félagsmálastofnana, yrði hér í Reykjavík og á góðum stað. Og ég get ekki annað sagt en þar hafi verið um mikla lipurð að ræða, því að þessar lóðir þarna við Hagatorg voru geysilega eftirsóttar. Hitt er annað mál, að þar var ekki hægt að reisa nema stórhýsi. Torgið er þannig hugsað, að annaðhvort varð að byggja þar stórhýsi eða hætta við það. En þessar stofnanir, sem ég hef áður nefnt, höfðu að yfirveguðu ráði orðið sammála um, að ekki væri um annað að ræða en taka þessu tilboði.

Það, sem hér er farið fram á í frv., er, eins og ljóst liggur fyrir, að hækka búnaðarmálasjóðsgjaldið um 4 ár að helmingi og að þessi hækkun gangi í húsbyggingarsjóð þessara stofnana í þeim hlutföllum, sem þau standa að byggingunni. En það er Búnaðarfélag Íslands að 2/3 hlutum og Stéttarsamband bænda að 1/3.

Það hefur verið hin ánægjulegasta samvinna milli Búnaðarfélagsins og Stéttarsambandsins um þetta og er enn. Og eins og ég hef áður tekið fram, þá er hér aðeins um innheimtuaðferð að ræða, því að það er alveg óhugsandi, að hinu háa Alþ. detti í hug að banna bændastéttinni að leggja á sig einhver gjöld til sinna sérmála, eins og hér er um að ræða. En hvorki er það, að þessi stéttarsambönd hafi talið eðlilegt að innheimta þessi gjöld með nefskatti á hvern mann, enda ósanngjarnt, og þess vegna teljum við, að það sé eðlilegast og réttlátast á allan hátt, að þetta sé innheimt á þann hátt, sem hér er gert, þ. e. af bróttóframleiðslu landbúnaðarvara. Og það, sem við förum fram á við hið háa Alþ., er því

aðeins það að greiða fyrir innheimtu þessa gjalds. Ef það yrði felit hér, — ja, ég veit, að bændastéttin mundi ekki hætta við þetta hús, langt frá því, en það yrðu teknar upp einhverjar aðferðir, sem yrðu miklu óhentugri og vitlausari á allan hátt, til þess að ná þessu.

Ég tel víst, að fyrirspurnir komi fram, og eðlilegra er, að það verði í þeirri n., sem fær málið til meðferðar, sem auðvitað verður landbn., um það, hvað þessari byggingu líður á annan hátt. Ég get gefið hér örfáar upplýsingar um það, án þess að ég telji þörf á að fara mjög nákvæmlega út í það, því að þetta er mál bændastéttarinnar, á að vera það og að mínum dómi er það eingöngu, — með þeim sjálfsagða stuðningi, sem Alþ. hlýtur að veita málinu.

Í fyrsta lagi er það, að þessi tvö sambönd hafa myndað hlutafélag eða samvinnufélag um að reisa húsið, Búnaðarfélag Íslands að 2/3 hlutum og Stéttarsamband bænda að 1/3 hluta. Þetta er stórhýsi, það er rétt, eins og öll þau hús, sem verða reist þarna kringum Hagatorg. Þetta er hús í kringum 1000 m², á að verða í kringum 7 hæðir, a. m. k. 6 með einhverri þakhæð, ef svo vill verkast, og auk þess eru útbyggingar, svo að öll stærð byggingarinnar getur orðið um 25 þús. rúmmetrar. Nú er búið að steypa kjallara, og eins og áður hefur komið fyrir í okkar ágæta landi, þar lentum við á óbilgjarnri klöpp, en það varð að rjúfa klöppina í ákveðna dýpt samkv. byggingarsamþykkt Reykjavíkur, og var það dýrt og mikið verk.

Nú er búið að steypa kjallarann, og er verið að enda við 1. hæðina. Fjárfestingarleyfi hafa þegar verið gefin alls fyrir um 3.7 millj. kr., en þess ber að gæta í því sambandi, að við höfum nokkur undanfarin ár safnað efni og eigum miklar birgðir af efni fram yfir það, sem enn er búið að nota í það, sem byggt er, járn, timbur, rafmagnsleiðslur o. fl. Þessu höfum við safnað af þeim sjóði, sem þessi samtök hafa haft að undanförnu. Ég get ekki sagt náttúrlega, hve langt það hrekkur til þess að steypa þetta upp, en það er a. m. k. mjög gott búsílag, það er óhætt að segja það, og ber því að draga það frá þessum 3.7 millj., sem nú er búið að veita fjárfestingarleyfi fyrir. En það munu alltaf vera allmörg hundruð þús. kr., sem liggja í efnisbirgðum nú.

En hvað þessi bygging muni kosta? Það er erfitt að gera áætlanir langt fram í tímann, eins og við vitum. En við skulum segja, að hún kosti 25—30 millj. kr., áætlunin var ekki svipað því eins há fyrir u. þ. b. 2—3 árum, en við skulum bara segja það. Það er mikið fé, það er alveg rétt. En að mínum dómi er það ekki mikið fé, ef landbúnaðurinn sjálfur tekur þetta á sig. Það hefur hann gert til þessa. Það hefur verið safnað milljónum, ég held milljónatug, það sé óhætt að segja það, í þessar byggingarframkvæmdir. Allt, sem búið er að gera, er byggt fyrir fé, sem búið var að safna áður, og við eigum því betur allmikið eftir af því enn. En við, sem að einhverju leyti berum ábyrgð á starfi Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, lítum svo á, að það sé sjálfsagt og rétt að koma þessari byggingu upp á þann hátt, að hún verði ekki allt of þungur baggi á eftirkomendunum, — að sjálfsögðu eiga að vera þarna verzlanir og fleira, sem verður leigt út og á að standa undir sér, og hægt að leigja út hitt og annað, — og þess vegna er það, sem þetta frv. er hér fram borið.

Ég hygg, að nú megi vænta, að ef væri samþ. það frv., sem hér er um að ræða og fulltrúar bændanna í landinu mæla ákveðið með, þá muni fást a. m. k. hálf önnur millj. kr. á ári. Við förum ekki fram á nema 4 ára leyfi til þess að innheimta þetta gjald, væru það þá 6 millj. Ég gæti trúað, að það yrði eitthvað meira, kannske einar 8 millj., en þá er líka tryggt, að búið væri að fá fé, sem ekki þyrfti að greiða vexti og annan kostnað af, sem næmi meir en hálfri byggingunni. Það er alveg tryggt, að það mundi vera. Og það er á þessum grundvelli, sem við höfum borið fram þetta frv.

Það getur vel verið, að einhverjir segi: Já, heimili bænda, landbúnaðarhöll, eða hvað það yrði kallað, á ekki að vera hér í Reykjavík, hún á að vera einhvers staðar úti á landi. — En ég hefði dálítið gaman af að sjá bændastéttina greiða atkv. um það, hvar úti á landi hún ætti að standa. Ég hef alltaf litið svo á, að við yrðum að viðurkenna Reykjavík fyrst og fremst sem höfuðborg okkar, eins og við höfum gert. Allt annað er bara þröngsýni og smásálarháttur. Og í öðru lagi hafa stjórnendur Reykjavíkur í þessu máli komið mjög vel fram, svo að ég sé fulla ástæðu, eins og ég hef sagt áður, til þess að þakka þeim fyrir það. Og það er ekki til neins fyrir okkur að vera að stritast við að halda því fram, að eigi að stofna einhverjar allsherjar miðstöðvar annars staðar en hér í okkar höfuðborg, eins og gert er, að ég held, í öllum löndum, sem búa við svipað stjórnarfar og við gerum.

Verkefni fyrir svona hús, þótt stórt sé í sniðum, eru alveg ótæmandi, og ég ætla ekki a. m. k. fyrir fram að fara að telja það upp. En við, sem höfum starfað í Búnaðarfélagi Íslands að undanförnu, þekkjum það mjög greinilega, hve það háir starfsemi félagsins að hafa ekki nokkru rýmra húsnæði. Það má alltaf segja, að hægt sé að fá húsnæði, en það er bara út í hött að segja slíka hluti. Það er allt annað að búa út húsnæði, við skulum segja fyrir sýningarsali, — og það er eitt af því, sem þetta hús á að gera, það á að hafa þar sýningarsali, þar sem hægt er að sýna hitt og annað, kvikmyndir um landbúnað o. fl. alls staðar utan úr heimi, og margt annað í slíku sambandi. Og það er ótrúlega mikið, sem hægt er með mikilli byggingu að undirbúa og koma í framkvæmd á þennan hátt. Og það er það, sem fyrir okkur vakir. Þótt ýmsir telji, að hér sé verið að reisa sér hurðarás um öxl, byggja miklu stærra

hús en þörf er fyrir, þá er það að mínum dómi ekkert annað en þröngsýni og skilningsskortur. Þegar húsið var reist, Lækjargata 14, fyrir 55 eða 56 árum eða hvað sem það er, þá þótti það mikil bygging og það þótti ekkert vit í því, að Búnaðarfélag Íslands hefði með þetta að gera, enda leigði það út mikinn hluta af húsinu til að byrja með. En nú höfum við orðið, eins og ég tók fram áðan, að byggja útibú úti um allan bæ og ekki sízt vegna þess, sem Alþ. hefur lagt á herðar okkar. Það er a. m. k. erfiðara fyrir þann, sem á að heita framkvæmdastjóri í slíku fyrirtæki, að hafa þetta ekki á sama stað. Og samstarf innan stofnunarinnar verður auðvitað miklu erfiðara og verra, ef þarf að dreifa þessu allt of víða.

Það eru einhverjar bollaleggingar um, að eftir 20—30 ár verði Íslendingar orðnir helmingi fleiri en þeir eru nú. Ég býst við, að fjölgi þá hérna á suðvesturhorninu eitthvað töluvert rækilega af því fólksmagni, og ég hygg einnig, að það hljóti að verða verkefni fyrir forráðamenn landbúnaðarins á þeim tíma ekki síður en nú að reyna að hindra það, að fólkið þyrpist allt hér á tiltölulega lítinn blett, en byggi ekki landið út til yztu annesja, eins og áður hefur verið gert.

Ég er ekki að segja þessi orð hér af því að ég búist við nokkurri andstöðu við þetta frv. Mér dettur slíkt alls ekki í hug. En ég vildi nota tækifærið, þar sem ég er nú framkvæmdastjóri fyrir Búnaðarfélagið, til þess að láta hið háa Alþ. vita, hvernig ég lít á þetta mál og hve mikla þörf ég tel á, að þessari húsbyggingu verði hrundið í framkvæmd sem allra fyrst.

Ég skal að lokum geta þess, og það er kannske rétt að gera það, að þetta er stórhýsi, eins og ég hef áður tekið fram, og mér þykir mjög sennilegt, að þegar þessari hæð verður lokið nú fyrir jólin, sem nú er verið að enda við, þá verði tekin ákvörðun um það, að steyptur verði upp rúmlega helmingur af húsinu og það verði farið að vinna að því strax á næsta ári að gera hann færan til afnota fyrir skrifstofur og annað, sem okkur liggur langmest á.

Það er nú, eins og eðlilegt er, erfitt að fá fjárfestingarleyfi, en ég er ekkert að kvarta um það, það hefur gengið, eins og það gengur yfirleitt, með erfiðleikum og semingi. En þetta þætti mér mjög sennilegt að yrði gert, og væri þá hægt eftir hálft annað ár eða svo að fara að taka hluta af húsinu í fulla notkun fyrir okkur.

Ég skal einnig geta þess, af því að ég tel, að við höfum ekkert að dylja í þessu efni, að það er samningur á milli Reykjavíkurbæjar og Búnaðarfélags Íslands um það, að Reykjavíkurbær kaupi gamla húsið okkar, Lækjargötu 14, eftir mati, sem að vísu er ekki búið að gera og ég efa ekki að verði samkomulag um, eins og hefur verið við bæjaryfirvöldin um annað, sem snertir þetta mál. En sennilega mun þarna eiga að verða autt svæði síðar meir.

Ég hef nú, held ég, nefnt þau atriði, sem ég taldi ástæðu til að taka fram um þetta mál hér, en ég legg að sjálfsögðu til, að frv. verði vísað til 2. umr. og til hv. landbn. Og það skal ekki standa á upplýsingum. Ef einhverjir óska eftir því að fá frekari upplýsingar um þetta mál, þá skal ég sjá um, að þær liggi fyrir í nefndinni.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Eins og getið var um hér áðan, er þetta ekki nýtt mál hér í d., því að frv. samhljóða þessu var flutt hér á síðasta Alþ., en dagaði þá uppi, án þess að á það reyndi, hvort það hefði fylgi hér í hv. d. Og með því að frv. dagaði uppi á þann hátt, hugsaði ég, að það kæmi ekki aftur fram á þessu þingi.

Hv. frsm. og 1. flm. frv. lýsti því hér áðan, að það hefði í fyrra verið álitið, að það vantaði nokkuð upp á nauðsynlegan undirbúning í málinu. Og vissulega hefði það verið gott, ef hv. flm. frv. hefðu notað þann tíma, sem liðinn er, síðan frv. var borið fram síðast, til þess að fá þann undirbúning, sem ég tel að vanti fyrir þessu máli enn í dag. En sá undirbúningur er að leita umsagna bændastéttarinnar í heild um þetta mál. Það þarf að spyrja bændurna. Vilja þeir taka á sig þessar byrðar? Og svari þeir játandi, þá skal ég ekki standa hér upp í Alþ. og mæla gegn því, að frv. verði samþykkt. En ég vil, áður en ég greiði þessu máli atkv., vita, hvað bændur vilja í málinu, vegna þess að það er um það að ræða að leggja á bændur nýjan skatt. Eins og lögin um búnaðarmálasjóð eru núna, er lagt á selda landbúnaðarvöru ½% gjald, og þetta ½% gefur án efa um 2 millj. kr. og e. t. v. meira nú með vaxandi framleiðslu og nokkuð hækkuðu afurðaverði. Með því að samþykkja þetta frv. verður álagður skattur a. m. k. 4 millj. á ári.

Nú munu e. t. v. flm. og fleiri segja: Það er þröngsýni, það er skilningsleysi á málefnum bændastéttarinnar að mæla á móti því, að það sé lögfest hér á hæstv. Alþ., að bændur greiði þetta gjald. — Og hv. frsm. sagði hér áðan, hann sagðist ekki trúa því, að Alþingi yrði til þess að banna bændum að leggja á sig slík stéttargjöld. Það mun hv. Alþ. vissulega aldrei gera, enda er það allt annað að banna bændum að gera slíkt eða beinlínis að lögfesta, að þeir skuli gera það, enda þótt upplýsingar skorti um það, að bændurnir sjálfir, meiri hluti bændanna vilji taka á sig þessa kvöð. Það er það, sem um er að ræða hér.

En mér fannst hv. 1. flm. frv. eyða óþarflega mörgum orðum að því áðan að færa rök að því, að Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda þyrftu á auknu eða nýju húsnæði að halda. Ég þekki ekki nokkurn mann hér á hæstv. Alþ., og ég hygg, að það sé erfitt að finna þann mann utan þings líka, sem efast um það, að Búnaðarfélag Íslands þarf nýtt og aukið húsnæði og það fyrir löngu. Og þegar um það er að ræða, að Búnaðarfélagið er í 55 eða 56 ára gömlum timburhjalli

við Lækjargötu, sem þótti gott á sínum tíma, þá verður mér og mörgum að undrast, að það skuli ekki fyrr vera búið að byggja yfir Búnaðarfélagið, og má þar kannske þakka eða kenna hófsemi þeirra manna, sem stjórnað hafa þessum málum.

Ég tel sjálfsagt, að Búnaðarfélagið og bændasamtökin í landinu fái myndarlegt húsnæði fyrir starfsemi sína, og ég hygg og reyndar veit, að bændastéttin í heild vill það. Ég hygg líka, að bændastéttin telji sjálfsagt, að þetta húsnæði sé hér í Reykjavík, vegna þess að Reykjavík er miðstöð, sem ekki verður fram hjá gengið, og af öllum ástæðum eðlilegt, að þetta húsnæði sé hér. Þess vegna tel ég, að í svo augljósu máli þurfi ekki að greiða atkv. um það. En af því að hv. frsm. sagði hér áðan, að sér þætti gaman að því, að bændur fengju tækifæri til þess að greiða atkv. um staðarval fyrir miðstöð fyrir landbúnaðinn, þá tel ég það alveg óþarft. En ég vil þá óska þess, að hv. frsm. vilji einnig gleðjast yfir því, að bændur fái tækifæri til þess að greiða atkv. um það, hvort þeir vilji greiða þann nýja viðbótarskatt, sem þetta frv. hefur í för með sér. Og það er ekki annað, sem ég fer fram á, heldur en það, að bændum verði gert mögulegt að segja sitt álit á þessu máli. Það þarf ekki að tefja fyrir málinu, þótt bændum sé gefinn kostur á þessu, og þarf ég ekki að kenna búnaðarmálastjóranum ráð til þess að koma málinu þannig á framfæri við bændur, að af því verði ekki töf, sem skaðar. Það er ekkert annað eðlilegra en að stjórnum hreppabúnaðarfélaganna verði sent málið til umsagnar. Fundur verður svo haldinn í hverju hreppabúnaðarfélagi á landinu og atkv. látin fram fara um þetta mál. Ég er reyndar alveg viss um það, að hv. 1. flm. málsins og aðrir góðvinir mínir, sem flytja málið, eru svo sanngjarnir, að þegar þeir hugsa út í málið frá þessu sjónarmiði, muni þeir telja þessa leið sjálfsagða. Það er eðlilegt, að það sé gert, því að hér er a. m. k. um 2 millj. kr. skatt að ræða á bændastéttina.

Ég veit, hvaða rök mundu fram koma gegn þessu, ef þau annars koma fram. Þeir, sem vilja færa rök gegn því, að bændur fái að greiða atkv. um þetta mál, munu segja: Bændur hafa talað. Aðalfundur Stéttarsambands bænda hefur samþykkt, að þetta skuli gert. Búnaðarþing hefur líka samþykkt, að þetta skuli gert. — Ef einhver mundi verða á móti því, að bændur fengju sjálfir að tala, þá mundi hann færa þetta fram sem ástæðu fyrir því, að það væri ekki þörf á því að spyrja bændurna. En ég tel, með allri virðingu fyrir þessum stofnunum, aðalfundi Stéttarsambands bænda og búnaðarþingi, að þá séu ekki sannanir fyrir því, að meiri hluti bændastéttarinnar sé á þessu máli, þótt aðalfundur Stéttarsambandsins og búnaðarþing hafi samþykkt það að meiri hluta. Ég veit a. m. k. um það, að á síðasta þingi, eftir að þetta frv. var komið fram, komu mótmæli frá bændum úr því héraði, þar sem búnaðarþingsfulltrúinn hafði greitt atkv. með málinu. Það komu mótmæli úr héraðinu, sem voru algerlega á móti skoðun búnaðarþingsmannsins.

Hv. frsm. svaraði að nokkru þeim spurningum, sem ég bar hér fram á hógværan hátt í fyrra, þegar þetta mál var til 1. umr. þá, og þakka ég fyrir þær upplýsingar, sem fram komu. Ég skrifaði hér lauslega nokkur atriði í sambandi við það. Mér skilst, að húsið verði um 25000 rúmmetrar. Þetta er ákaflega skemmtileg bygging, og ég efast ekki um, að hún verður mjög falleg og praktísk að mörgu leyti. Arkitektinn, sem teiknaði húsið, hefur góðan smekk. En enda þótt húsið verði fallegt, munu bændur samt spyrja: Höfum við efni á því að vera að leggja fé í byggingu í Reykjavík, til þess að hún verði leigð út fyrir búðir, samkomur og annað fleira, sem ekki er landbúnaðinum skylt? Höfum við efni á því, á meðan okkur sjálfa vantar þægileg hús marga hverja, búshluti, sem taldir eru sjálfsagðir, a. m. k. í kaupstöðum, og við getum ekki veitt okkur sömu þægindi og margir kaupstaðarbúar gera?

Ég veit, að mörgum bóndanum finnst eðlilegt að líta fyrst í eigin barm og sinnar fjölskyldu. Ég veit, að mörgum bóndanum mundi finnast eðlilegra að kaupa heimilistæki til þess að létta konunni sinni störfin, heldur en borga skatt af seldri vöru búsins, til þess að hús bændastéttarinnar í Reykjavík geti verið svo stórt og glæsilegt, að það geti leigt sölubúðir, sýningarsali, kvikmyndasali og ýmislegt fleira, sem er ákaflega skemmtilegt, en bændurnir og bændakonurnar hafa svo ótrúlega lítið af að segja. Og þegar það er sagt, að húsin við Hagatorg verði að vera stór, þá má það vel vera rétt. En það eru talin stórhýsi á okkar mælikvarða, þótt þau séu ekki 25000 m³. Það eru talin stórhýsi á okkar mælikvarða jafnvel 5000 m³ hús, allmyndarlegar byggingar, ég tala nú ekki um 10000 m³ hús. Og ég er sannfærður um, að hvort heldur væri 5 eða 10 þús. m³ hús, sem væri teiknað af smekkvísi, það mundi sóma sér vel við Hagatorg, og einnig það, að mörg húsin, sem þar verða byggð, munu verða jafnvel minni að rúmmáli.

Ég ætla ekki að halda langa ræðu um þetta atriði. Ég taldi eðlilegt að vekja athygli á því, að bændastéttin í heild hefur ekki verið spurð, og ég tel, þegar um það er að ræða að leggja nýjan skatt á bændur, sem nemur a. m. k. 2 millj. kr. á ári, þá sé eðlilegt, að þeir séu spurðir að því, ekki síst vegna þess, að nú kreppir skórinn að bændum meira en áður, ekki síst vegna þess, að bændur eiga nú erfiðara en áður með að standa í skilum og greiða nauðsynlega úttekt til heimilisins. Ég held, að áður en við réttum upp höndina með þessu máli, með tilliti til allra aðstæðna, að þá eigum við að leita upplýsinga hjá bændunum sjálfum. Enda þótt búnaðarmálastjórinn hafði áðan svarað að nokkru þeim spurningum, sem ég varpaði hér fram í fyrra, þá er því enn ósvarað, hvort ekki er hægt fyrir bændastéttina að koma upp myndarlegu húsnæði, sem nægir starfsemi bændastéttarinnar,

Búnaðarfélagsins og Stéttarsambandsins, fyrir það fé, sem nú kemur árlega í búnaðarmálasjóð, en það eru a. m. k., eins og ég sagði áðan, 2 millj. kr. Það er eftir að svara því, og það er það, sem ég hygg að bændur vilji vita. Það er einnig eftir að svara því, hvort það mundi tefja fyrir því, að Búnaðarfélagið og bændasamtökin fengju viðunandi húsnæði, þótt þetta gjald yrði ekki á lagt, vegna þess m. a., að það hefur staðið á fjárfestingarleyfum undanfarið, og það eru fjárfestingarleyfin, sem kannske ákveða hraða á framkvæmdinni fremur en fjármálin.

Ég vænti þess, að hv. flutningsmenn taki vel í till. mína um það að senda hreppabúnaðarfélögunum málið til umsagnar og að stjórnir hreppabúnaðarfélaganna geri ráðstafanir til, að atkv. fari um málið í hverju búnaðarfélagi. Ef gengið verður í það nú þegar að skrifa stjórnum hreppabúnaðarfélaganna, getur niðurstaðan í þessu máli jafnvel verið komin fyrir jól. Þótt það verði ekki komið fyrir jól, þarf það ekki að tefja þetta mál, þar sem þinginu mun nú ekki ljúka fyrir þann tíma. En ég efast ekki um, ef búnaðarmálastjórinn skrifar formönnum búnaðarfélaganna og æskir þess, að málinu verði flýtt, eða gefur ákveðinn frest, að þá munu búnaðarfélögin taka vel máli hans og senda niðurstöðuna fljótt til baka.

Flm. (Steingrímur Steinþórsson): Ég skal nú mjög stytta mál mitt og ekki fara neitt að skattyrðast við hv. 1. þm. Rang. (IngJ), enda skildist mér á hans ræðu, að hann væri þessu meðmæltur í meginatriðum, og ég efa ekki, að því betur sem hann kynnir sér málið, þá verður hann því meðmæltari því og öruggara, að hann fylgi því.

En mér fannst þó koma fram í hans ræðu dálítið einkennilegur misskilningur að sumu leyti. Honum finnst, að það þurfi að leita umsagnar hvers einstaks bónda á landinu um þetta mál. En ég vil aðeins leyfa mér að spyrja: Til hvers erum við með slíkar stofnanir eins og Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda, sem hafa fundi árlega með kosningum með mjög fárra ára millibili, ef ekki á að taka neitt mark á því, sem fulltrúar þessara stofnana ákveða? Það vildi nú svo til, að Búnaðarfélagið — (Gripið fram í.) Já, já, það þarf ekki meira en þetta. En það vildi nú svo til, að það var síðasta búnaðarþingið, sem háð var í fyrra, áður en kosningar skyldu fara fram, og þá samþykkti búnaðarþingið því nær einróma að óska eftir, að þetta gjald yrði lagt á bændurna. Ég hef ekki séð, að þetta hafi haft áhrif á það, að þeir fulltrúar, sem fylgdu þessu á búnaðarþingi, hafi farið verr út úr kosningunum en aðrir.

Ég veit ekki, hvað Ingólfur Jónsson, hv. 1. þm. Rang., eiginlega meinar með því að hugsa sér, að það verði um hvert einstakt mál að fara til hvers einstaks félagsmanns. Þetta er alveg óhugsandi. Ég efast um, að hann geti framkvæmt þetta í sínu ágæta kaupfélagi þar austur frá. Að vísu veit ég það ekki. En það má vera mikil þrautseigja, ef hann um hvert einstakt mál getur fengið atkv. hvers bónda og hvers félagsmanns um það, hvað gera á í hverju einstöku máli.

Eftir þetta, að búnaðarþing gekk á þennan hátt frá þessu máli, eins og við erum auðvitað alveg sammála um, að það leikur ekki á tveim tungum, hvernig það var gert, þá var málinu frestað í fyrra, aðallega til þess að fá umsögn Stéttarsambandsins skjallega á borðið.

Stjórn Stéttarsambandsins var einhuga um málið. Hún leggur málið fyrir aðalfund Stéttarsambandsins í haust. Og það er afgreitt á stéttarsambandsfundinum á þann hátt, sem segir hér og ég skal ekki orðlengja að neinu leyti. Ég veit eiginlega ekki, hverjar sannanir hv. 1. þm. Rang. vill frekar en þetta. Ef ekki má taka gilt fulltrúaráð félaga eins og þessara, sem eru kosin á jafnlýðræðislegan hátt og búnaðarþingskosningar eru og kosningar til Stéttarsambands bænda, þá skil ég eiginlega ekki, hvernig á að fara að þessum málum. Við erum að vísu smáríki, en við erum þó of stórir til þess, að það sé hægt að skrifa hverjum einasta manni, sem er í þessum samtökum, og spyrja hann: Ert þú með eða móti? Þetta auðvitað hljóta allir að skilja. Og þetta skilur hv. 1. þm. Rang. vitanlega mjög vel. En það var þetta, sem ég var dálítið undrandi yfir, að hann skyldi vera að flagga með í þessu máli, að ekki væri búið að fá upplýsingar um vilja þeirra, er eiga að taka á sig þessi gjöld. Ég held, að búið sé að gera það, eins og mögulegt er. Og þess vegna vænti ég þess nú, að hv. þm., Ingólfur Jónsson, verði nú, þegar hann athugar þetta mál frekar, öruggur stuðningsmaður þess.

Hann var með einhverjar vangaveltur út af þeim upplýsingum, sem ég gaf um byggingarnar. Þær voru ekki tæmandi, enda er ómögulegt að gefa tæmandi upplýsingar um byggingu, sem er á þeirri leið eins og hún er nú. En hv. þm. er ungur maður, og hann getur kannske lifað 70 ár enn, því að þá verða menn sjálfsagt komnir á það stig að verða yfir 100 ára. Og þá vil ég bara segja honum það, að ég er alveg sannfærður um, að þessi höll, sem hann telur nú að sé ákveðin allt of stór fyrir stofnanir landbúnaðarins, hún verður þá talin allt of lítil. Hún verður þá talin eitthvað svipað því og við núna lítum á Lækjargötu 14 og hvað úrelt hún er orðin og erfið fyrir okkur. — Lifið er nú svona, og framvindan er þannig. Ég vildi auðvitað óska þess, að hv. 1. þm. Rang. lifði það að sannfærast um þetta af reynslunni. — Svo sé ég ekki ástæðu til að segja fleiri orð.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég þarf ekki mikið að segja. Það var rétt, sem hv. frsm. sagði hér áðan, að ég mundi fylgja þessu máli, þegar ég veit, að bændurnir eru reiðubúnir til þess að taka skattinn á sig. Og það er ekki sambærilegt, hvort hreppabún-

aðarfélögin eru spurð í þessu máli eða hvort í hverju einstöku tilfelli á að spyrja alla um það, hvað þeir vilja.

Hér er um dálítið sérstakt mál að ræða. Það er um það að ræða, hvort bændur eiga að borga nýjan skatt, sem nemur nú a. m. k. 2 millj., kannske 3—4 millj. eftir fá ár. Það er þetta, sem verið er að spyrja um. Ég er viss um það, eins og hv. frsm. sagði hér áðan, að eftir 70 ár þykir þetta hús, sem nú er fyrirhugað að byggja, ekki of stórt. Vonandi þykir það þá allt of lítið. Vonandi verður sú þróun í íslenzku þjóðlífi á næstu árum, að eftir 70 ár þyki það lítið og kotungslegt, sem okkur finnst stórt í dag. En ég spyr nú: Er það eðlilegt, að þeir bændur, sem nú framleiða mjólk og kjöt, borgi húsnæði til næstu 70 ára? Er ekki eðlilegra, að byggingarkostnaðinum sé dreift þannig á fleiri aðila, líka að einhverju leyti á þá, sem yngri eru og koma á eftir? Ég held, að þessari byggingu hefði mátt haga þannig að byggja nú fyrir næstu ár, sem var gott og nægilegt, en byggja með það fyrir augum, að það megi stækka og auka við, svo að vel fari, bæði hvað notagildi og útlit snertir.

Það kom að því, sem ég sagði áðan, þegar því er mótmælt, að bændur verði spurðir, að þetta mál verði sent til hreppabúnaðarfélaganna, þá er færð fram sú ástæða, að búnaðarþing og aðalfundur Stéttarsambandsins hafi mælt með því. Nú vil ég segja það, að síðast þegar kosið var til búnaðarþings, þá var ekki kosið um þetta mál. Þetta mál lá þá algerlega niðri, og mér er kunnugt um það, að vegna þess, að málið dagaði upp á síðasta þingi, án þess að á það reyndi, hvort það hefði fylgi, þá töldu ákaflega margir bændur, sem ég hef talað við, að það mundi ekki aftur verða sýnt, vegna þess að þess væri ekki brýn þörf, það væri mögulegt að koma upp góðu húsnæði fyrir Búnaðarfélagið og stéttarsamtökin með þeim peningum, sem koma í búnaðarmálasjóð eftir gildandi lögum. Það er þess vegna, sem þetta mál hafði engin áhrif á síðustu búnaðarþingskosningar.

Þótt þetta mál hefði verið á dagskrá, þá eru svo ótal mál önnur á dagskrá, og þótt bóndinn sé á móti búnaðarþingsfulltrúanum í einu máli, þá gæti verið, að hann hefði samt kosið hann af öðrum ástæðum, vegna þess að þetta er, sem betur fer, ekki eina málið, sem bændastéttina varðar og hún ræðir um. Þetta eru því ekki rök hjá hv. frsm., að búnaðarþingi hafi verið vottað traust að þessu leyti, með því að flestir hinir sömu búnaðarþingsfulltrúar hafi komið nú aftur til þings. Og fulltrúar á aðalfundi Stéttarsambands bænda, þegar þeir voru kosnir á s. l. sumri, þá hygg ég, að þetta mál hafi ekki verið til umræðu, heldur miklu frekar verðlagsmál landbúnaðarins, sem aðalfundur Stéttarsambandsins venjulega fjallar um.

Ég segi þess vegna: Ef hv. flm. telja, að skoðun búnaðarþings og skoðun aðalfundar Stéttarsambands bænda sé í samræmi við vilja bændastéttarinnar, hvers vegna er þá ástæða fyrir þá að hafa á móti því til þess að fá samstöðu um þetta mál hér í Alþ. að skrifa stjórnum hreppabúnaðarfélaganna og láta atkvgr. fara fram um málið? Það er áreiðanlega eðlilegra, eins og málin eru, að þetta sé gert. Þetta er kostnaðarlítið og tefur á engan hátt fyrir málinu, ef bændur vilja láta það ganga fram. En vilji þeir ekki láta það ganga fram, þá á það ekki heldur að gera það, og þá veit ég líka, að hv. 1. flm. og aðrir flm. þessa frv. eru það góðir drengir, að þeir kæra sig ekki um að berja það fram, eftir að vilji bændastéttarinnar hefur sýnt, að þeir eru málinu mótfallnir.

Flm. (Steingrímur Steinþórsson): Það eru nú örfá orð aðeins og kannske ástæðulaust í sjálfu sér, því að það er nú fundið, að hv. 1. þm. Rang. er á hröðu undanhaldi um andstöðu við málið. — Ég skal endurtaka það, ef hv. þm. hefur ekki skilið, hvað ég sagði.

Nú á að flýja til þess að senda þetta í öll hreppabúnaðarfélög landsins. Ég held ég hafi nefnt það áðan, að þetta er ekkert annað en látalæti. Þá er miklu heppilegra fyrir þennan hv. þm. að vera algerlega á móti málinu.

Ég skil sannast að segja ekki, hvernig á að undirbúa málið betur frá hálfu bændastéttarinnar en gert er með þessu. Jú, hv. þm. segir, að það hafi ekki verið kosið um þetta mál til búnaðarþings, ekki eingöngu. En ég hef nú grun um, að einmitt Rangæingar hafi ekki leyft búnaðarþingsmanni, sem hefur setið með prýði á búnaðarþingi um langan tíma, að fara í framboð, og það var maður, sem mælti á móti þessu máli t. d., og voru þó aðeins mjög lítil mótmæli á búnaðarþingi gegn þessu. Ég held því, að það sé miklu betra fyrir hv. 1. þm. Rang. að hætta umræðum um þetta. Ég reyndi að leggja málið fram alveg hlutlaust, en þið skuluð ekki ætla, að það standi á mér að taka málið upp á öðrum vettvangi, ef þið óskið eftir því. Ég er alveg reiðubúinn til þeirra hluta. En ég eiginlega skil ekki, á hvern hátt hægt er að undirbúa betur mál en þetta hefur verið gert, og ummæli hv. 1. þm. Rang. um að fara nú að skrifa til allra hreppabúnaðarfélaga eru náttúrlega alveg út í hött. Ég hef nú verið við framkvæmdastjórn Búnaðarfélagsins í 25 ár, held ég, að vísu með nokkurri frátöf, þegar ég lenti í stjórnarráðinu, en hvað um það, ég veit vel, að það tekur minnst ár, og þessi hugmynd hv. 1. þm. Rang. um, að það væri hægt að fá svör fyrir jól, er algerlega út í hött. Fyrst og fremst vitum við það, að aðalfundir búnaðarfélaganna eru haldnir einu sinni á ári, og þetta eru ekki félög, sem halda fundi oft eða boða til aukafunda og kannske þá ekki frekar um svona mál en önnur, og þessir fundir eru haldnir einhvern tíma á áliðnum vetrum yfirleitt, svo að þetta er alveg fjarri lagi að mínum dómi. Það er miklu betra að vera hreinlega á móti málinu, því að þessi afstaða hv. þm. þýðir að mínum dómi ekkert annað en að hann sé á móti því, og hví þá ekki að segja það alveg hreinlega? Það

get ég metið eins og alla hreina afstöðu, en alls ekki þetta.

Það er ekki heldur rétt, að stéttarsambandsfundurinn hafi ekki vitað um, hvernig málið lá fyrir, því að það var búið að senda út ályktanir búnaðarþings til allra sambandanna og til allra, er sæti fengu á stéttarsambandsfundinum, og þar er einmitt þetta mál tekið fyrir. Mér þykir ótrúlegt, að hv. 1. þm. Rang. telji, að það þurfi að tyggja þetta eitthvað sérstaklega í bændur, að þeir geti ekki blaðað í gegnum 100 blaðsíðna bók eins og tíðindin frá búnaðarþingi eru og áttað sig á því, hvað þar hefur verið samþykkt. Það vissu allir, og það veit hv. 1. þm. Rang. líka, að á þessum stéttarsambandsfundi yrði þetta mál tekið til ákvörðunar og úrskurðar. Það var alveg ljóst, vegna þess að málið kom hér fyrir Alþingi í fyrra, og það varð samkomulag milli Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda um, að ýta ekki á framgang málsins, fyrr en búið væri að vita með vissu, hvað Stéttarsambandið vildi um það segja.

Hv. þm. sagði nú lítið um bygginguna sjálfa, enda vildi ég ekki fara að ræða um það. Ég get metið það að mörgu leyti, þó að eitthvað sé fundið að framkvæmdinni út af fyrir sig. En við réðum til þess að vera aðalbyggingarmeistara mikilsmetinn mann, Halldór Jónsson, og við höfðum ekki önnur úrræði, — ég segi fyrir mig: ég er ekki byggingafróður, — en að hlíta hans forsjá í þessum efnum. Og hvort þetta hús kostar einum 2 eða 5 millj. kr. meira eða minna, þegar það kemur upp, það er í mínum augum algert aukaatriði. Hitt er aðalatriðið, að húsið sé við hæfi þessara stofnana og að þetta geti orðið. — Ég skal viðurkenna, að ég hef kannske áætlað aldur hv. 1. þm. Rang. of háan, að hann lifði 70 ár enn. Það kann að vera, að það mætti eitthvað minnka þetta. En hvað um það, þó að mætti eitthvað minnka það, þá er ég eins viss um, að landbúnaðurinn á Íslandi fyllir þetta hús innan stundar, svo að ég segi ekki meira um það.

Annars tel ég nú ástæðulaust að vera að karpa um þetta, því að ég hef enga trú á, að nokkur hafi á móti því, að þetta mál fari í nefnd, landbn., eins og ég hef lagt til, og þar eru auðvitað öllum hv. þm. og þá ekki síst hv. 1. þm. Rang. opnar dyr til þess að flytja fram sín sjónarmið um það, hvernig nefndin kann að taka á málinu. Ég skal svo ekki segja meira um þetta.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það er nú ekki mikil ástæða til athugasemdar. Ég get vel unnt hv. 1. flm. þess, ef hann er þeirrar skoðunar, að ég sé á undanhaldi í þessu máli. Ég býst við, að aðrir, sem hafa hlýtt á okkar mál, séu á allt annarri skoðun. En mér virtist hv. ræðumaður helzt vera að reyna að vera ósanngjarnari nú í sinni þriðju og síðustu ræðu en í tveimur hinum fyrri, og það fer honum miklu verr. Hv. 1. þm. Skagf. fer vel, þegar hann ræðir mál af hófsemi og sanngirni, og ég hygg, að þegar hann notar þann hátt, verði bezti árangurinn hjá honum af hans ræðumennsku. En að fara að færa þessar umræður út á annað svið, eins og hann talaði um, og að það skyldi ekki á sér standa, þá gæti ég sagt hið sama. Það skal ekki heldur á mér standa, ef ástæða þætti til þess. En ég hef nú reynt að haga mínu máli þannig hér í dag, að það gæfi ekki tilefni til annars en hófsemdar í ályktunum og orðum, sem þetta mál varða. Svo má alltaf deila um það, hvort það er sæmra fyrir menn að þegja eða tala. Menn verða að hafa sína skoðun á hlutunum um það, og það eru aðeins lítilmenni, sem láta slíkt á sig fá, jafnvel þótt einhver segi, að það sé sæmra að þegja.

Annars undrast ég það, að hv. frsm. þessa máls skuli fara með mál eins og hann gerði hér áðan, þegar hann var að tala um, að það tæki minnst eitt ár að spyrja hreppabúnaðarfélögin og fá svör frá þeim. Þau héldu sína aðalfundi einu sinni á ári. (Gripið fram í.) Þau haldi sína aðalfundi einu sinni á ári. Er ekki hægt að taka þetta mál upp nema á aðalfundum hreppabúnaðarfélaganna? Og hvað þýðir að vera að vitna í það, sem gerðist fyrir 20 árum, á meðan samgöngurnar í þessu landi, bæði póstsamgöngur og sími, voru þannig, að menn áttu mjög erfitt með að hittast eða ná saman? Nú er sú breyting á orðin, að póstur berst næstum daglega víðast, og ég er sannfærður um það, að ef stjórn Búnaðarfélags Íslands skrifar stjórnum hreppabúnaðarfélaganna og óskar eftir því, að þetta mál verði tekið til meðferðar og atkvæðagreiðslu á fundum í félögunum, þá gengur það fljótt fyrir sig. En einmitt þetta, þegar frsm. mælir gegn því, að bændur séu spurðir, sýnir, að hann er hræddur um, að þeir verði á móti málinu, og þá finnst mér málstaður hv. ræðumanns fara að verða vafasamari og verri en ég hafði haldið að hann vildi vera láta. Ég segi það, að ef því verður neitað að spyrja þannig, sem ég hef nú lagt til, eða á annan hátt, sem gefur þeim kost á að svara, þá verð ég á móti þessu máli alveg ákveðið, og ég býst við, að það verði fleiri.

Mér fannst það ekki heldur smekklegt hjá hv. 1. þm. Skag., þegar hann fer að tala um það, að Rangæingar hafi stjakað til hliðar vini mínum og vini okkar fleiri hér inni, Guðmundi Erlendssyni á Núpi, vegna þess að hann hafi greitt atkv. gegn þessu máli í fyrra. Ég get upplýst það hér, þótt það sé óskylt þessu máli, að þessum heiðursmanni var ekki stjakað til hliðar. Hann er 75 ára gamall, og hann óskaði eftir því að verða ekki í kjöri aftur. Ég get þá á sama hátt spurt að því: Hvernig var það með búnaðarþingsfulltrúann hjá framsóknarmönnum í Rangárþingi? Var honum stjakað til hliðar? Ég veit ekki betur en þeir hafi líka skipt um fyrsta mann. Þetta er mál, sem er þessu algerlega óviðkomandi, og hefði verið heppilegast fyrir hv. 1. þm. Skagf. að minnast ekki á það, svo óskylt sem það er, og er algerlega tilgangslaust að vera að gefa í skyn, að þeim heiðursmanni, Guðmundi Erlendssyni hreppstjóra á Núpi, hafi verið stjakað til hliðar. Hann vildi ekki fara, þar sem

hann er 75 ára, þótt hann líti ekki út fyrir það. Það skal ég taka undir, að þessi búnaðarþingsfulltrúi stóð sig vel á búnaðarþingi, og hann var í andstöðu við meiri hlutann, þegar meiri hl. búnaðarþings gekk á móti hagsmunum fjölda bænda, svo sem kunnugt er, og hv. búnaðarmálastjóri, hv. 1. þm. Skagf., þekkir það mál og veit vel, við hvað ég á.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem mig langaði til að segja hér í sambandi við það, að hér hefur komið fram till. um að senda þetta mál að nýju, áður en það fengi afgreiðslu hér á Alþingi, heim í sveitirnar og leita enn á ný álits bændanna um afstöðu þeirra til þess. Út af þessu þykir mér rétt að benda á, að þetta mál hefur fengið alveg sérstakan undirbúning að því er það snertir, að fyrir liggur á réttan og eðlilegan hátt álit bændanna á þessu máli. En frv. felur ekkert annað í sér, eins og hér hefur verið lýst, en það, að Alþingi veiti fast form þeim skatti, sem bændurnir vilja leggja á sjálfa sig til þess að byggja upp félagsskap sinn. Þetta er eðli málsins. En þetta mál hefur fengið, eins og ég sagði, alveg sérstakan undirbúning. Áður en það er nú að þessu sinni lagt fyrir Alþingi, hafa tvö aðalfélagssamtök bændanna, sem eru brjóstvörn þeirra út á við, þ. e. Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda, eða réttara sagt aðalfundur Stéttarsambands bænda, sem fulltrúar af öllu landinu kjörnir af þeim mæta á, — þessar stofnanir báðar hafa að heita má einróma mælt með því og óskað eftir því, að Alþ. létti þannig fyrir um innheimtu þessa skatts, sem bændurnir vilja leggja á sjálfa sig og verja til þess að byggja upp með myndarlegum hætti þeirra félagssamtök, sem veiti þeim í félagsmálabaráttu sinni stoð og styrk, bæði nú og í framtíðinni. Hér er lagður grundvöllur að byggingu, sem ekki einasta á að þjóna deginum í dag eða næsta dag, heldur kemur þar fram stórhugur bændanna í því að reisa myndarlega byggingu yfir starfsemi sína, er sýni stórhug þeirra og framsýni.

Ég vil þess vegna segja með tilliti til þessa sérstaka undirbúnings, að ég teldi það vera móðgun við bændastéttina og lítilsvirðing á þeim félagsstofnunum, sem sagt hafa álit sitt um þetta mál og álit bændanna á því, ef Alþ. tæki upp þann hátt að hafa að engu tillögur þeirra og óskir í þessu máli og færi að senda það aftur heim til bændanna. Það væri móðgun við bændastéttina, ef Alþ. léti sig henda slíkt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til landbn. með 18 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., 6. jan., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Nd., 8. jan., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 75, n. 127 og 152).

Frsm. meiri hl. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um ½% hækkun á búnaðarmálasjóðsgjaldinu næstu 4 árin, var flutt af landbn. Nd. á síðasta Alþingi. Var frv. rætt við 1. umr., en frestað að afgreiða málið að svo búnu. Var það gert í samráði við þá menn, sem að því stóðu. Ástæðan til frestunarinnar var, að þingmenn, sem voru hlynntir frv., töldu á það skorta í undirbúningi þess, að frv. hefði ekki verið borið undir aðalfund Stéttarsambands bænda, en meðan það hefði ekki verið gert, væri ekki fullséð um vilja bændastéttarinnar eða mikils meiri hluta hennar. Nú hefur verið bætt úr þessu. Bæði búnaðarþing og aðalfundur Stéttarsambands bænda hafa lýst yfir eindregnu fylgi sínu við frv. með yfirgnæfandi meiri hluta atkvæða.

Nú, þegar þetta liggur fyrir, er þess krafizt af andmælendum frv., að enn sé farið af stað, og nú á að bera frv. undir alla bændur í búnaðarfélögum um land allt. Vitanlega er þetta fram borið í þeim tilgangi að tefja fyrir afgreiðslu málsins, því að þegar lögin um búnaðarmálasjóð voru lögfest 1944 og þar með ½% gjald af söluvörum landbúnaðarins, þá var talið fullnægjandi, að fyrir lá samþykki búnaðarþings á frv. Þá talaði enginn um nauðsyn almennrar atkvgr. bænda um það frv.

Hliðstætt búnaðarmálasjóðsgjaldinu fyrir landbændur er útflutningsgjaldið af sjávarafurðum fyrir útvegsmenn og sjómenn. Árið 1947 var útflutningsgjaldið hækkað um 3/4% og um ½% lagt á saltfisk. Engar kröfur komu fram um, að leita þyrfti samþykkis útgerðarmanna um land allt, áður en þessi hækkun væri lögfest. Sama er að segja 1957, er útflutningsgjald af saltfiski var hækkað um 2%. Er nú svo komið, að tekið er 2½% gjald af verði allra útfluttra sjávarafurða, er gengur til að efla stofnanir sjávarútvegsins og starfsemi þeirra, þ. á m. til húsbyggingar Fiskifélagsins.

Ég hef hér bent á hliðstæðu við búnaðarmálasjóðsgjaldið og meðferð þeirra mála á Alþingi. Með svipuðum rökum mætti krefjast þess, að Alþingi afgreiddi ekki meiri háttar tolla- eða skattahækkanir án þess, að þær hefðu fyrst verið bornar undir þjóðaratkvæði. Enn þá hefur engin krafa heyrzt um það, og hefði þó ef til vill ekki síður verið ástæða til þess. Mergurinn málsins er, að bráðabirgðahækkun á búnaðarmálasjóðsgjaldinu um ½% næstu fjögur árin er ekki það stórmál, miðað við mörg önnur mál, að ástæða sé til að láta það sæta annarri meðferð en hliðstæð mál fyrr og síðar. Meiri hl. n. sér því ekki ástæðu til að sinna slíkum till.

Ég skal þá þessu næst snúa mér að byggingunni við Hagatorg, sem Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda hafa þar í smíðum, en aðalmótbáran gegn frv. og að bændur leggi fram þann skerf til þessarar byggingar, sem þar er lagt til, er, að byggingin sé óhæfilega stór og þar af leiðandi óþarflega dýr. Það er því rétt að athuga þetta nánar. Þegar stærð hússins var endanlega

ákveðin, voru eftirfarandi atriði einkanlega höfð í huga:

1) Þegar bæjaryfirvöld Reykjavíkur sýndu bændastéttinni þann mikla velvilja að úthluta aðalfélagssamtökum bænda lóð undir byggingu þeirra við Hagatorg, á einum glæsilegasta staðnum í Reykjavík, þá fylgdi það með sem afleiðing af skipulaginu, að þarna má aðeins reisa stórar og myndarlegar byggingar.

2) Búnaðarfélag Íslands hefur haft aðalbækistöð sína í meira en hálfa öld í gömlu timburhúsi, sem félagið kom þó upp af þeim stórhug, að lengi framan af leigði það helming húsrýmisins. Nú er þetta hús fyrir löngu orðið langtum of lítið, svo þó að þrengt sé að starfsfólkinu, svo sem framast má verða, verður Búnaðarfélag Íslands að leigja húsnæði í þrem stöðum úti í bæ fyrir starfsemi sína. Það er líka viðurkennt af öllum, er til þekkja, að þessi vöntun á góðu húsnæði á einum stað stórháir allri starfsemi félagsins og hefur gert það í mörg ár. Búnaðarfélag Íslands þarf því miklu rýmra húsnæði en það hefur nú, þótt leiguhúsnæðið sé með talið, og varð að sjálfsögðu að taka tillit til þess.

3) Tillit varð að taka til þess, að Alþingi og ríkisstjórn hafa frá öndverðu falið Búnaðarfélagi Íslands *ný og ný* viðfangsefni, nú síðast yfirumsjón með útrýmingu minka og refa. Engin skynsamleg ástæða er til að ætla, að breyt. verði á þessu. Þvert á móti, hinar miklu og öru breyt. á íslenzkum landbúnaði hafa í för með sér ný viðfangsefni, sem krefjast úrlausnar. En allt slíkt krefst aukinna starfskrafta og venjulega mjög aukins húsrýmis. Fyrir þessu varð því að sjá í hinni nýju byggingu.

4) Eins og kunnugt er, þá er búnaðarþing *nú háð árlega*. Verður ekki hjá því komizt að ætla því sómasamlegt húsnæði og vinnuskilyrði, meðan það situr að störfum. Í mörg ár hefur búnaðarþing orðið að hrökklast úr einum stað í annan. Hentugir fundarstaðir liggja ekki á lausu. Venjulega eru þeir bundnir til afnota fyrir þau félög, sem yfir þeim ráða. Búnaðarþing hefur því iðulega orðið að fresta fundum sínum, jafnvel að fella alveg niður fundi, af því að aðrir þurftu að nota húsið, sem áttu rétt á því. Þetta er með öllu óþolandi *og hefur stórtafið störf búnaðarþings*. Það er því öllum ljóst, er til þekkja, að ætla verður búnaðarþingi sómasamlegt húsrúm í hinni nýju byggingu til þinghaldsins og annarra starfa, er því tilheyra. Þetta varð byggingarnefndin einnig að hafa í huga, þegar hússtærðin var ákveðin.

5) Þá er það alkunnugt, að bændur og annað sveitafólk, sem kemur til Reykjavíkur til að reka erindi sín, á oft örðugt með að fá húsaskjól nema helzt á rándýrum gististöðum, og gisting fæst þar oft ekki heldur. Ef þetta fólk á ekki ættingja eða vini, sem skjóta skjólshúsi yfir það og troða því inn hjá sér, oft meira af vilja en mætti, verður það að sofa í bifreiðum eða liggja úti að sumrinu. Þörfin fyrir að ráða bót á þessu ófremdarástandi fer vaxandi. Bættar samgöngur innanlands leiða til fjölgunar bæði beinna ferða og viðskipta sveitafólks víðs vegar af landinu við fólk og stofnanir í höfuðstaðnum. Allt þetta kallar eftir, að úr þessu verði bætt. Það orkar því ekki tvímælis, að engum er skyldara að leysa úr þessum vandræðum sveitafólksins en Búnaðarfélagi Íslands og Stéttarsambandi bænda með aðstoð bændanna sjálfra. Á Norðurlöndum átti sveitafólkið við sömu örðugleika að etja, er það kom til bæjanna. Norskir bændur leystu úr þessu þannig, að félög þeirra reistu í öllum stærri bæjum Noregs hin svokölluðu bændahús eða bændaheimili, þar sem sveitafólk getur fengið gistingu og greiða fyrir hóflegt gjald. Í byggingunni við Hagatorg er nokkurt rúm ætlað til þessara nota. Með því á að gera tilraun til að bæta úr vandræðum sveitafólksins og því ófremdarástandi, sem hér hefur verið lýst, og byggja í því efni á langri reynslu frænda okkar, Norðmanna.

6) Stéttarsamband bænda og framleiðsluráð landbúnaðarins eru ungar stofnanir. Samanborið við Búnaðarfélag Íslands eru þær eins og börn í reifum. Nú þegar eftir fá ár eru þessar stofnanir að sprengja utan af sér það húsnæði, er þær hafa haft. Ýmis verkefni bíða og vaxandi og fjölþættari starfsemi en verið hefur *og* þá fyrst og fremst hagfræðilegar rannsóknir varðandi landbúnaðinn og hag bændastéttarinnar. Það kemur því ekki annað til mála en að ætla þessum stofnunum húsnæði, sem væri við vöxt.

Ég hef nú í stórum dráttum gert grein fyrir þeim ástæðum, er voru þess valdandi, að byggingarnefnd og stjórnir beggja félaganna, Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda, féllust á þá uppdrætti og till., sem húsið er byggt eftir. Hús félaganna við Hagatorg er byggt við vöxt, á sama hátt og þegar núverandi búnaðarfélagshús var byggt um og eftir síðustu aldamót. Nú eins og þá verður fyrst um sinn leigður út sá hluti, sem félögin þurfa ekki nú þegar að nota vegna starfsemi sinnar.

Um stærð húsa má lengi deila. Einn vill skera allt við nögl, annar miðar stærðina við líðandi stund og klastrar svo við húsið ef til vill á næstu árum, og þriðji vill byggja við vöxt. Reynslan er á þá leið, að þeir, sem fjárráð hafa, velja síðasta kostinn. Þannig hefur Fiskifélagið, sem er eins konar systurfélag Búnaðarfélags Íslands, verið að byggja stórhýsi upp á 6 hæðir fyrir starfsemi sína við hliðina á húsi félagsins, er þar var fyrir og byggt var fyrir um 20 árum. Þetta stórhýsi er byggt fyrir fé, sem tekið hefur verið af útgerðarmönnum og sjómönnum með útflutningsgjaldi af útfluttum sjávarafurðum og er hliðstætt búnaðarmálasjóðsgjaldinu. Þessi bygging, sem er upp á 6 hæðir, eins og áður er sagt, er byggð svo við vöxt, að Fiskifélagið hefur nú þegar leigt ríkisútvarpinu rúmlega hálfa þriðju hæð í þessu nýja húsi fyrir starfsemi þess og að því er sagt er til næstu 10 ára. Þetta er talin í alla staði hyggileg ráðstöfun, og engin rödd hefur heyrzt til mótmæla frá þeim, sem leggja fram féð. Af þessu er ljóst,

að það eru a. m. k. fleiri félagsstofnanir en Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda, er telja hyggilegt, eins og nú hagar til, að byggja nokkuð við vöxt, þegar byggt er á annað borð, og leigja heldur það verðmætasta af húsrúminu, meðan þess er ekki þörf fyrir starfsemi félagsins.

Þá hefur verið reynt að koma því inn hjá bændum, að verið sé að byggja stórhýsi fyrir fé búnaðarmálasjóðs, sem ekki eigi sinn líka í þessum bæ. Í því sambandi tel ég rétt að benda á, að nú er verið að byggja hér stórhýsi, sem verður nær því helmingi stærra að rúmmáli en umrætt hús félagsins, sem nú er í smíðum við Hagatorg. Hið fyrirhugaða hús félaganna við Hagatorg er 25000 m³, á móti 44700 m³ í hinu umrædda húsi. Að húsinu við Hagatorg standa félagssamtök um 6000 bænda, sem byggja yfir starfsemi þeirra. En stærra húsið er byggt af einstökum atvinnurekanda hér í bænum. Og svo virðast stöku menn ætla að rifna af vandlætingu yfir því óhófi að félög um 6 þús. bænda skuli leyfa sér að byggja byggingu, sem er nær helmingi minni en sambærileg bygging einstaks manns.

Í framhaldi af þessu er reynt að gera byggingarkostnað hússins að ægilegri grýlu í augum bænda með því að hrópa upp um margra milljónatuga byggingarkostnað. Í þessu sambandi er hyggilegt fyrir alla og ekki síst fyrir okkur, sem fæddir erum allnokkru fyrir síðustu aldamót, að hugleiða, hvað 1 millj. kr. er raunverulega nú á dögum, og minnast þá þess um leið, að í bernsku okkar var t. d. framgengin ær að vorinu almennt seld á 10—12 kr., en nú á 800 kr. og ekki dæmalaust, að þær fari upp í 900—1000 kr.

En hvernig sem litið er á þetta mál, þá er það staðreynd, að byrjað var á byggingunni sumarið 1956, og byggingin er komin það langt áleiðis, að nú verður ekki snúið aftur. Byggingin kemst upp, hvað svo sem hver segir. Það eina, sem menn geta áorkað með því að fella frv., er að tefja fyrir byggingunni og því, að þær fjárhæðir, sem bændur hafa þegar lagt til byggingarinnar, komi stofnunum bændanna að notum þegar á næstu árum. Með slíkri töf væri þá það unnið að skaða bændastéttina í heild um allmiklar fjárhæðir.

Ég læt svo þessa grg. nægja fyrir afstöðu meiri hl. landbn. til frv. Frá mér persónulega vil ég bæta þessu við:

Það er til nokkuð, sem heitir metnaður. Ég hef hingað til ekki verið talinn útausandi á almannafé. En sem bónda er mér það mikið metnaðarmál, að úr því að bændastéttin byggir yfir sig í höfuðstaðnum á annað borð á þessum glæsilega stað, þá sé það gert með þeim myndarbrag, sem elztu stétt landsins er samboðið, og um leið af þeim stórhug, að ekki þurfi að klastra við bygginguna á næstu áratugum, þó að það kosti okkur bændur nokkra upphæð árlega um næstu fjögur ár.

Frsm. minni hl. (Jón Pálmason): Herra forseti. Ég hef ekki getað verið sammála eða samferða meiri hl. landbn. um afgreiðslu þessa máls, eins og fram kemur í nál. mínu á þskj. 152, og liggja til þess þær orsakir, sem þar eru greindar.

Í raun og veru þarf ég ekki að bæta mjög miklu við það, sem ég segi í þessu nál. En bæði af tilefni þeirrar ræðu, sem vinur minn, frsm. meiri hl., flutti hér, og öðru leyti af þeim umr., sem um þetta mál hafa farið fram, þykir mér þó ástæða til að fara nokkru fleiri orðum um þetta stóra mál, því að því verða menn að gera sér grein fyrir, að hér er stórmál á ferðinni.

Í fyrsta lagi vil ég þá segja, að það er í samræmi við mína skoðun frá upphafi, að ég tel það einhvern allra ósanngjarnasta og fráleitasta skattagrundvöll, sem farið er inn á, að leggja prósentugjald á vörur, framleiðsluvörur eða á umsetningu, eins og sums staðar var gert. Ég var á móti þessari leið upphaflega, þegar búnaðarmálasjóðsgjaldið var sett á. Og ég hef frá upphafi verið á móti því að leggja útflutningsgjald á sjávarafurðir og tel það eitt hið vitlausasta, sem hægt er að hugsa sér að gera. Þetta er af því í báðum þessum greinum, að eins og sakir standa, verður hið opinbera að gefa tugi, ja, hundruð millj. með þessum vörum, þessum bjargræðisvörum þjóðarinnar, til þess að það sé mögulegt að framleiða þær, og þó eru þær, a. m. k. landbúnaðarvörurnar, enn þá þrátt fyrir þetta framleiddar með halla.

Þetta er það sjónarmið, sem ég get aldrei hvikað frá, að ég tel hreina fjarstæðu að fara inn á þessa skattaleið, hvenær sem það er gert. Dálítið hliðstætt þessu er hið svokallaða veltuútsvar, sem lagt er á víðs vegar um land og er hrein óhæfa að skuli vera í lögum og lagt á alveg án tillits til þess, hvort atvinnureksturinn þolir það, hvort hann ber sig eða er rekinn með stórum halla og í botnlausum skuldum eða ekki. Þetta er stórt mál, sem grípur mjög yfir þetta atriði, sem hér er farið fram á, og þó að með þessu frv. sé lofað, að þetta skuli ekki standa nema í fjögur ár, þá hef ég enga trú á því, að það sé nokkurn hlut eftir því farið, ef þetta skattgjald yrði á annað borð lögfest. Við þekkjum svo mörg dæmi um það, þegar búið er að lögleiða skatta, að þeir eru framlengdir endalaust, og þegar við höfum með húsbyggingu að gera, sem kostar með núgildandi verðlagi, eins og ég tek fram, aldrei undir 30—35 millj. kr., og vitað er, að rekstrarhalli verður á byggingunni, þegar þar að kemur og hún er fullkomlega komin upp, þá dettur mér ekki í hug, að þetta skattgjald verði afnumið.

Það er þess vegna alveg út í hött að tala um það við mig, að það sé í ósamræmi við annað, að ég skuli ekki geta fallizt á að leggja þetta prósentugjald á afurðir bændastéttarinnar.

Þá er hitt atriðið, sem er þýðingarmikið í þessu sambandi og er deilumál, hvort bændastéttin yfirleitt sé þessu samþykk eða ekki samþykk. Það er í því sambandi engan veginn sönnun fyrir vilja bændastéttarinnar í heild sinni, þó að það fengist meiri hluti á búnaðar-

þingi og stéttarsambandsfundi fyrir þessu frv. Þar eru í fyrsta lagi að miklu leyti sömu menn á báðum stöðum, og auk þess hefur verið þar mjög mikill ágreiningur og ekki sízt hjá Stéttarsambandi bænda, sem hélt sinn aðalfund nú á s. l. hausti.

Ég veit ekki eins vel og skyldi um álit bænda í öðrum landsfjórðungum, Vestfirðingafjórðungi, Austfirðingafjórðungi og Sunnlendingafjórðungi. En ég tel mjög sterkar líkur til, að í mínum landsfjórðungi, Norðlendingafjórðungi, sé mikill meiri hluti bænda á móti þessu skattgjaldi. Í fyrsta lagi er það að segja um þær sýslur, sem standa mér næst, sem eru báðar Húnavatnssýslur og Skagafjarðarsýsla, að úr þessum sýslum voru 6 fulltrúar á síðasta aðalfundi Stéttarsambands bænda. Af þeim voru 2 með þessu máli, en 4 á móti. Og þetta fór engan veginn eftir flokkum, því að af þeim 4, sem á móti skattgjaldinu voru, voru 3 framsóknarmenn og 1 sjálfstæðismaður. En af þeim 2, sem samþykktu þetta, var annar sjálfstæðismaður, hinn framsóknarmaður.

Þetta sýnir nú dálítið svipinn fyrir utan það, sem við þekkjum til um álit manna á þessu máli í þessum héruðum. Og eru þó enn þá gleggri upplýsingar, sem fyrir liggja úr Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum, því að í þeim héruðum eru til bændafélög, sem héldu fundi sína á s. l. vetri og sendu harðorð mótmæli gegn þessu máli og að því er virtist samþykkt með shlj. atkv.

Ég hitti nýlega einn merkan mann og gamlan bónda úr Norður-Þingeyjarsýslu, sem hefur verið fulltrúi árum saman hjá Stéttarsambandi bænda. Hann var eindregið á móti þessu skattgjaldi og sagði, að þar væri mjög mikil andstaða gegn því að leggja þetta á.

Þá er það í þriðja lagi um þessa fyrirhuguðu byggingu, að hún er að grunnfleti til tvisvar sinnum stærri en búnaðarbankahúsið og á að verða eftir áætlun 25 þús. m³. Nú er það í sjálfu sér ekki deilumál milli neinna manna, að Búnaðarfélag Íslands þarf á öðru húsnæði að halda en það hefur haft. Til þess hafa verið mörg tækifæri á undanförnum árum og eru enn að greiða úr því máli varðandi skrifstofubyggingu Búnaðarfélagsins án þess að leggja í stórfyrirtæki eins og þarna er um að ræða. Búnaðarfélag Íslands átti kost á því fyrir nokkrum árum að fá eina hæð í húsi Búnaðarbankans, og virtist það vera mjög eðlileg lausn á þessu máli og hefði verið að mínu áliti mjög góð. Sumir menn vildu taka því, aðrir ekki. En það, sem hér er aðaldeilumál, er að blanda saman við skrifstofubyggingu Búnaðarfélagsins og Stéttarsambandsins stórkostlegri verzlunarbyggingu og hótelbyggingu, sem ég tel alveg óþarft að blanda þarna inn í.

Annars er það frá mínu sjónarmiði ekki aðalatriði í málinu með þessa húsbyggingu. Ég hef ekki komið nálægt því máli á neinn hátt. Það hefur ekki verið undir mig borið, og ég ber enga ábyrgð á þeim áætlunum, sem þarna eru í gangi. Hitt er aðalatriðið frá mínu sjónarmiði, að ég tel skattlagningar-aðferðina, sem hér er farið fram á, algerlega óhæfilega.

En varðandi það, sem sagt er til samanburðar við aðrar byggingar, eins og hv. frsm. meiri hl. var að tala um, og allt er rétt, þá vil ég segja það, að frá mínu sjónarmiði er okkar þjóð þar á svo mikilli öfgaleið, að það er ekki á neinu viti byggt með þessar opinberu byggingar hér og þar í tugatali, opinberar og félagslegar byggingar, sem í flestum tilfellum eru byggðar af hreinum öfgum. Og ég vil segja, ef nokkuð ætti að stöðva, sem verður að gera, eins og fjárhagsástandið er nú orðið í okkar þjóðfélagi, þá á þessu að fresta eða stöðva það fyrr eða síðar og því fyrr, því betra. Og ég verð að segja það, að mér þykir það ákaflega hart, að margir af mínum stéttarbræðrum og þingbræðrum skuli telja fært að leggja í svona tugmilljóna byggingu fyrir bændastéttina, samtímis því sem það er kunnugt, að það er fjöldi jarða víðs vegar um land, sem ekki eru í vegasambandi, og ég vil segja, að vegasamband og brúargerðir, sem á vantar enn, eru lífsbjargarmál, — það er blátt áfram lífsbjargarmál fyrir byggðirnar úti um landið, og það á að sitja fyrir að mínu áliti öllu öðru og ekki sízt svona kostnaðarsamri byggingu, því að ég tel það ekki á neinu viti byggt, að bændastéttin fari að stuðla að því að leggja tugi millj. í verzlunarhús og hótelbyggingu hér í Reykjavík.

Annað vil ég nefna í þessu sambandi, sem ríður miklu meira á en þessu og bændastéttin almennt, þar sem ekki er úr greitt, hefur sterkan áhuga á og sterkari en flestu öðru, og það eru rafmagnsmál sveitanna. Það kom fyrir á síðasta sumri, að hæstv. fyrrv. ríkisstj., sem er sú fjáreyðslusamasta, sem nokkurn tíma hefur starfað á þessu landi, stöðvaði margar rafmagnsframkvæmdir, sem búið var að samþykkja í raforkuráði og búið var að lofa af raforkustjórninni. Ég held, að það hefði verið miklu nær fyrir þá hæstv. ríkisstj. að stöðva eitthvað af opinberum byggingum heldur en bera þarna niður, eða a. m. k. er það af hálfu bændastéttarinnar miklu meiri nauðsyn og miklu meira áhugamál að hraða þeim framkvæmdum og bjarga þar með þeim þægindum, sem bændurnir leggja mest upp úr, heldur en að fara að hamast í því að taka þátt í kapphlaupi um stórbyggingar hér í Reykjavík með þessari hallarbyggingu, sem þarna er um að ræða.

Hv. frsm. meiri hl. vék að því, að það hefði komið fram till. um að vísa þessu máli heim til búnaðarfélaganna til umsagnar, og náttúrlega er það ekki fjarstætt, þótt till. komi frá hv. 1. þm. Rang. hér við 1. umr. Ég geri nú ekki neina till. um þetta, því að ég veit það mikið um ágreining bændastéttarinnar um þetta mál, að ég tel það ekki þurfa, og þess vegna legg ég til, að málinu sé vísað frá með þeirri rökstuddu dagskrá, sem er í mínu nál., og á þeim grundvelli, að ég tel það ósanngjarnt, — ekki sízt þegar svona óhæfilega leið í skattamálum er verið með, þá tel ég það ósanngjarnt, að skattaálöguvald Alþingis sé

notað til þess að gera upp ágreiningsmál innan bændastéttarinnar með því að lögfesta það gjald, sem hér er farið fram á. Stéttarsamband bænda eða meiri hluti þess og búnaðarþing getur þá haft það í hendi sinni að innheimta gjald hjá þeim hluta bændastéttarinnar, sem hefur áhuga fyrir því að leggja þetta á sig og umfram það og telur það nauðsynlegra en allt annað, sem fyrir liggur í þeirri fjárþröng, sem fram undan er.

Ég hef enga tilhneigingu til þess að þræta mikið hér um þetta mál. Ég hef hér greint eindregið frá minni skoðun um það og ætlast til þess, að hv. þm. hugsi sig um, áður en þeir samþykkja að leggja þetta skattgjald á. Málið liggur tiltölulega ljóst fyrir, svo að það ætti að vera vandalaust fyrir hv. þm. að greiða um það atkv., þegar að atkvgr. kemur. Þess vegna læt ég þetta nægja, ef ekki gefast einhver sérstök tilefni til þess að bæta þar við.

Frsm. meiri hl. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Ég þarf í raun og veru ekki að svara hv. þm. A-Húnv., því að það kom ekkert nýtt fram í ræðu hans. Aðeins vildi ég vekja athygli á því, að þm. A-Húnv. virtist leggja sérstaka áherzlu á, að það væri meiri þörf á því að verja fé til að byggja vegi og brýr og annarra nauðsynlegra hluta, og skal ég sízt af öllu mæla móti því, að það séu þarflegir hlutir. En hann hefur sýnilega ekki fylgzt fyllilega með, því að eitt af því, sem kom fram t. d. á síðasta stéttarsambandsfundi frá skoðanabræðrum hans, andmælendum þessa máls, var, að það væri ríkissjóður, sem ætti að byggja þetta hús Búnaðarfélagsins, félagið væri það mikið ríkisfyrirtæki, að það væri sanngjarnt, að ríkið legði fram fé til þessarar byggingar. En því fé a. m. k., sem ríkið legði fram til þeirrar byggingar, verður þó ekki varið til þess að byggja vegi eða brýr.

Umr. frestað.

Á 54. fundi í Nd., 12. jan., var fram haldið 2. umr. um frv.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls, sem hér er á dagskrá, frv. til l. um breyt. á l. um búnaðarmálasjóð, gerði ég það að till. minni, að þetta frv. yrði sent í búnaðarfélögin, hreppabúnaðarfélögin á landinu, til umsagnar, þannig að bændum gæfist kostur á því að segja til um það, hvort þeir vildu taka á sig þann skatt, sem hér um ræðir, til þess að hann yrði síðan notaður til húsbyggingar hér í Rvík, ekki til þess að fullnægja þörfum Búnaðarfélags Íslands eða bændanna, heldur til þess að leigja út, vegna þess að það hefur komið í ljós, að þær tekjur, sem búnaðarmálasjóður hefur núna samkv. gildandi lögum, mundu nægja til þess að byggja gott og myndarlegt hús yfir Búnaðarfélag Íslands og yfir bændasamtökin í heild.

Ég held, að það efist enginn um það, sem hefur kynnt sér þessi mál, að þær 2 millj. kr. eða allt að 3 millj. kr., sem tekjur búnaðarmálasjóðs nú eru árlega samkvæmt gildandi lögum, að þeir peningar, sem þannig koma, væru nægilegir til þess að byggja myndarlegt hús yfir bændasamtökin í landinu. En það er vegna þess, að flm. þessa frv. og talsmenn þessa frv. láta sér nægja að byggja það, sem er nauðsynlegt fyrir bændasamtökin í nútíð og náinni framtíð, að talið er nauðsynlegt að bera þetta frv. fram, sem fer fram á það, að lagt verði ½% gjald á söluverð landbúnaðarvara, eða eykur tekjur búnaðarmálasjóðs árlega um allt að 2 millj. kr. með því framleiðslumagni, sem nú er á landbúnaðarafurðunum, og með því verði, sem nú er. Vonandi vex þessi upphæð með vaxandi framleiðslu og hækkandi verðlagi á landbúnaðarvörum í samræmi við dýrtíðina í landinu. Gert er ráð fyrir, að þessi lög gildi í fjögur ár, en vitað er, að ef samþykkt verður að byggja samkvæmt þeirri teikningu, sem fyrir hendi er, þá nægir ekki tekjuöflun í fjögur ár, það verður að framlengja þessi lög um ótiltekinn tíma, og er bændum þá gert að greiða um langa framtíð þennan skatt, sem gengur til þess að byggja verzlunarhús hér í Rvík, sýningarsali og fundarhús til þess að leigja út, sem á að verða fyrir bændastéttina, að sagt er, gróðafyrirtæki, en þó ekki fyrr en eftir langan tíma. Það getur vel verið, að samkvæmt þessu megi segja, að þeir, sem gerast talsmenn fyrir þessu, séu að berjast fyrir fagurri hugsjón, þeir séu að berjast fyrir metnaði bændastéttarinnar, þeir séu að berjast fyrir því, að bændastéttin sýni mátt sinn og afl sitt með þeim samtakamætti, sem speglast í þessu frv. og þeim lögum, ef að lögum verður, sem á þessu frv. eru byggð. En ég hygg, að bændastéttin hafi sýnt ótvírætt án þess að reisa hér hús, að hún er þess virði í þjóðfélaginu, sem hvern þjóðfélagsþegn verður að meta, og bændastéttin hefur ekki þörf á því að sýna metnað sinn á þann hátt, sem þetta frv. fer fram á, því að hún hefur sýnt það með störfum sínum í þjóðfélaginu, að hún hefur metnað, að hún hefur þann tilverurétt í þjóðfélaginu, sem enginn sanngjarn maður efast um.

Þetta frv. hefur verið borið saman við það, að Fiskifélag Íslands hefur byggt hús fyrir nokkuð af því fé, sem hefur komið inn samkvæmt lögum um útflutningsgjald af seldum sjávarafurðum. Þetta er náttúrlega að mörgu leyti mjög ólíkt því, sem hér er farið fram á vegna bændastéttarinnar, vegna þess að fiskifélagshúsið er byggt aðeins fyrir lítið brot af þeim tekjum, sem inn koma vegna útflutningsgjalds af sjávarafurðum, en með þessu frv. er farið fram á að leggja aukaskatt á bændur eingöngu til þess að byggja hús, sem vitað er fyrir fram að bændastéttin sjálf hefur ekki brúk fyrir. Í öðru lagi er þetta ólíkt að því leyti, að útflutningsgjaldið er ekki tekið af sjómönnunum, það er ekki tekið af verkamönnunum, sem vinna að framleiðslunni, það mun einhver segja, að það sé tekið af útgerðarmönnunum, en ég spyr: Borga útgerðarmennirnir þetta gjald úr eigin vasa? Ég spyr: Er ekki hliðsjón höfð af þessu út-

flutningsgjaldi, þegar krafa er gerð um styrk frá ríkissjóði eða útflutningssjóði til útgerðarinnar, eða hvernig ættu útgerðarmenn að borga þetta fé úr eigin vasa, ef þeir eru alltaf að tapa árlega, eins og sagt er? Ég hygg, að með því fyrirkomulagi, sem nú er á útgerðarmálum okkar Íslendinga, megi segja, að þetta gjald sé greitt af því opinbera. Það er ólíku saman að jafna, útflutningsgjaldi af sjávarafurðum og gjaldi samkv. búnaðarmálasjóðslögunum á landbúnaðarafurðir. Ef það ætti að vera líku saman að jafna, ætti útflutningsgjaldið að vera tekið af sjómönnunum, vera tekið af verkamönnunum, sem vinna að sjávaraflanum. Útflutningsgjald af sjávarafurðum er ekki kauplækkun á sjómenn eða verkamenn, sem vinna að sjávarafurðum, en gjald það, sem á að leggja á bændastéttina samkv. þessu frv., er beinlínis lækkun kaupgjalds bændunum til handa.

Það er tekið af kaupi bændanna í þetta hús. Og það er það, sem ætlazt er til að hv. Alþingi lögfesti nú, það er kauplækkun handa bændum að þessu leyti. Og ég spyr nú hv. alþm.: Vilja þeir ekki vera lausir við að gera slíkt? Væri ekki eðlilegt, að þeir bændur, sem telja nauðsynlegt að sýna metnað bændastéttarinnar í því að byggja veglega höll hér í höfuðstaðnum, legðu þetta gjald á sig af frjálsum vilja? Til þess eru ótal leiðir, að þeir bændur, sem vilja og hafa efni á að taka á sig þetta gjald, geri það án þess, að um það hafi farið fram lagasetning á Alþingi.

Nú munu sumir halda því fram, að bændur skorti skilning á þessum málum til þess að gera slíkt af frjálsum vilja, enda þótt þeir hafi fullkomlega efni á því að láta þetta gjald af hendi. Ég er þeirrar skoðunar, að stór meiri hluti bændastéttarinnar sé á móti þessu frv. og þeirri lagasetningu, sem hér er fyrirhuguð. Ég hef einnig ástæðu til þess að halda, að þeir, sem berjast fyrir þessu máli, séu sömu skoðunar og ég í þessu efni, vegna þess að ef þeir hefðu ekki verið hræddir um, að meiri hluti bændanna snerist á móti málinu, þá hefðu þeir getað fallizt á till. þá, sem ég lýsti hér við 1. umr. málsins, að bera málið undir bændur. Það vildu þeir ekki gera af ótta við, að það kæmi greinilega í ljós, að bændastéttin væri á móti málinu. Sú viðbára, sem kom fram, að það tæki heilt ár að spyrja bændastéttina í þessu máli, er vitanlega blekking ein. Með þeim samgöngum, sem nú eru, og aðstöðu allri til þess að ná til manna er hægt að gera slíkt á einum mánuði. En þessu var hafnað. [Frh.]

Umr. frestað.

Á 56. fundi í Nd., 15. jan., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Ingólfur Jónsson [frh.]: Herra forseti. Í fyrri hluta ræðu minnar sýndi ég fram á, að það væri ósambærilegt það gjald, sem lagt er til að lagt verði á búvörur bænda, og útflutningsgjald sjávarafurða, vegna þess að ósennilegt er, að útgerðarmenn sjálfir greiði útflutningsgjaldið, eins og nú er háttað öllu fyrirkomulagi með útgerð. Sennilegra er, þegar krafa er gerð um auknar bætur útflutningnum til handa, að þá sé sú prósenta, sem útflutningsgjaldinu nemur, höfð til hliðsjónar og ríkissjóður og útflutningssjóður greiði því hærri styrk til útgerðarinnar, sem útflutningsgjaldinu nemur. Ef útflutningsgjaldið væri tekið af launum sjómanna eða verkamanna, sem að aflanum vinna, þá væri það hliðstætt því, sem lagt er til að gert verði við bændastéttina. Enginn hefur viljað koma með slíkt frv. inn í Alþingi, sem gengur í þá átt að taka hluta af launum verkamanna og sjómanna og ráðstafa með löggjöf. Miklu frekar hafa verkamenn, þegar þeir hafa hugsað sér að koma upp húsnæði yfir sjálfa sig, viljað koma því inn í samningana, að atvinnurekendur greiddu vissan hluta í því skyni. Og veit ég, að hv. alþm. muna allir um það, og skal enginn dómur á það lagður hér annar en sá, að verkamenn hafa álitið, að þeir væru ekki það vel launaðir, að þeir hefðu efni á því að láta hluta af sínum launum í því skyni. En þá er spurningin þessi, hvort bændur eru það vel launaðir almennt, að þeir geti misst hluta af sínum launum, ekki aðeins til þess að byggja nauðsynlegt húsnæði yfir Búnaðarfélagið og bændasamtökin, heldur til þess að byggja hér sýningarsali og verzlunarhús, til þess að leigja út, því að það hefur ekki verið vefengt, að tekjur búnaðarmálasjóðs, eins og þær eru nú samkv. lögum, eru nægilegar til þess að byggja stórhýsi hér í bænum, stórhýsi, sem nægir fyrir Búnaðarfélag Íslands og bændasamtökin í heild. Það hefur ekki verið vefengt, að þetta frv. er flutt eingöngu vegna þess, að bændasamtökin ætla að byggja stærra húsnæði en bændasamtökin og Búnaðarfélagið þurfa, það er vegna þess, að bændasamtökin ætla að byggja húsnæði til þess að leigja út, verzlanir, sýningarsali, hótel og skrifstofur. Þetta hefur beinlínis verið upplýst í þeim ræðum, sem flm. þessa frv. hafa flutt hér í hv. deild.

Ef bændur væru almennt það vel launaðir, að þeir hefðu fé aflögu til þess að leggja fram í þessu skyni, þá væri ekkert við því að segja. En því miður er þessu ekki þannig farið. Sem betur fer, eru nokkuð margir bændur, sem hafa það rífleg fjárráð, að þeir geta leyft sér þetta, en meiri hluti bændastéttarinnar berst í bökkum, eins og kallað er, og hefur ekki fjármagn aflögu, en verður hins vegar, eins og kunnugt er, — og ég veit, að margir hv. þm. þekkja það, — að fjöldinn verður að neita sér um ýmisleg þægindi, sem talin eru sjálfsögð öllum almenningi til handa hér í Reykjavík. Ég hef ferðazt víða um landið, og það er ekki frekar í mínu kjördæmi en í öðrum landshlutum, sem þetta blasir við, að þrátt fyrir allar framfarir síðustu ára, þrátt fyrir miklar byggingar í sveitum landsins síðustu árin, þrátt fyrir aukna véltækni og framfarir á ýmsum sviðum, þá blasir það við víða, þar sem maður kemur, að á heimilin vantar það, sem hér í Reykjavík a. m. k. er talið til brýn-

ustu þæginda. Það vantar ýmislegt í heimilin, sem mætti prýða þau og gera þau þægilegri, það vantar vélar, það vantar tæki, það vantar betri byggingar, og það vantar ýmsar framkvæmdir enn í sveitum landsins, sem kalla að og nauðsynlegt er að koma í framkvæmd, til þess að fólkið uni þar betur hag sínum en verið hefur undanfarið, og það er þess vegna, sem þessir bændur, sem ég tala nú um, hafa ekki efni á því að missa hluta af sínum launum, til þess að það fari í óþarfa fjárfestingu hér í bænum. Bændur þurfa að nota allar sínar tekjur í eigin heimili og fyrir fjölskyldu sína.

Það hefur oft verið talað um flutning á fjármagni úr sveitunum til Reykjavíkur. Er ekki með þessu frv. verið að stuðla að því að flytja fjármagn úr sveitunum, sem þær ekki mega missa, hingað til höfuðstaðarins? Það getur vel verið, að ýmsir kaupstaðarbúar haldi, að það sé svo vel búið að bændastétt landsins, að hana muni ekkert um það, sem hér er um að ræða, það séu slíkir smámunir, að hana muni ekkert um það, það sé svo vel búið að bændastéttinni í verðlagningu afurðanna, að hún geti vel misst þetta. Og þegar það kemur til, að ýmsir ágætir forustumenn bænda flytja frv. eins og þetta, þá væri eðlilegt, að þeir, sem ekki eru kunnugir staðháttum í sveitum, tryðu því, að bændur hefðu fjármagn aflögu til slíkra framkvæmda eins og hér er talað um. Í öðru lagi geta ýmsir kaupstaðarbúar trúað því, að vel sé að bændastéttinni búið, vegna þess að þeir sjá, að útsöluverð á landbúnaðarvörum er, a. m. k. að þeirra dómi, mjög hátt. En það er fróðlegt fyrir kaupstaðarbúann að gera sér grein fyrir því, hvað bóndinn fær í sinn hlut af söluverði landbúnaðarvaranna. Það er kunnugt, að raunverulegt söluverð á mjólk í dag er kr. 5.82 lítrinn, að hann er seldur í búðum núna á kr. 3.40, en niðurgreiðslan er kr. 2.42. Hins vegar veit ég, að mörgum kaupstaðarbúanum finnst það ótrúlegt, að bóndinn fái ekki í sinn vasa nema sem svarar kr. 3.30 í mesta lagi. Og þannig er það með fleiri landbúnaðarvörur, t. d. kjötið. Þótt betur sé ástatt með það en með mjólkina, þá er vitanlega ákaflega mikill munur á því, sem neytandinn borgar fyrir kjötið, og því, sem bóndinn fær.

Það er merkilegt, hvað mikil tilhneiging er til þess að plokka utan af því, sem bændur fá fyrir erfiði sitt við að framleiða landbúnaðarvöruna. Við höfum t. d. haft grænmetisverzlun í 30 ár, Grænmetisverzlun ríkisins, en hagur hennar er svo bágborinn, að hún á engar geymslur fyrir kartöflur eða annað grænmeti, og hinn nýi forstjóri Grænmetisverzlunar ríkisins hefur fundið það ráð að taka 10 kr. af hverjum poka, sem hann tekur á móti, í gjald, sölugjald, sem lagt verður í byggingarsjóð hjá Grænmetisverzlun ríkisins til þess að koma upp kartöflugeymslu. Ég segi þetta ekki forstjóranum til lasts, það má kannske miklu frekar segja honum það til hróss, ef hann sér engin önnur ráð til þess að koma upp kartöflugeymslum, því að þetta fyrirtæki getur vitanlega ekki starfað án þess að hafa ráð á slíkum geymslum. En það er eigi að síður staðreynd, að það er hvað eftir annað höggvið í sama knérunn. Það segja e. t. v. sumir: Hvað munar bóndann um 10 kr. á poka? — En hvað kostar að framleiða 100 poka af söluhæfum kartöflum? Hvað þarf bóndinn oft og hans skyldulið að beygja bakið til þess, og hvað þarf hann til þess að kosta beinlínis í peningum, í áburðarkaup og annað slíkt? En þetta er eigi að síður 1000 kr. gjald af 100 pokum, sem af bóndanum er tekið í þessu skyni. Þetta er aðeins eitt dæmi um það, hvað af bændunum er plokkað. Og ég spyr: Eru ekki fleiri en ég fróðir um það, að meiri hluti bændanna má ekki við þessu, að meiri hluti bændastéttarinnar í dag býr við þau kjör, að stéttin á fullt í fangi með að standa í skilum með lífsnauðsynjar sínar? Ef til vill ættu a. m. k. þeir, sem mesta sök eiga á því, hvernig hag bændastéttarinnar er komið, að hafa gert sér grein fyrir þessu, því að það eru vitanlega þeir, sem lögðu hina þungu skatta á allar rekstrarvörur og brýnustu nauðsynjar núna síðustu tvö árin.

Það er vitað mál, að með bjargráðalögunum frá s. l. vori voru aðfluttar vörur hækkaðar um hvorki meira né minna en sem svarar 40%, og þær vörur mest, sem tilheyra rekstri atvinnuveganna og þá ekki síst landbúnaðarins, þær vörur, sem fram að þessu hafa verið taldar til brýnustu lífsnauðsynja. Og þetta kemur vitanlega þyngst niður á bóndanum, vegna þess að hann þarf á rekstrarvörunum að halda. Fóðurbætirinn hækkar um 50—80%, áburðurinn, ef till. okkar verður ekki samþykkt, sem hér var til umræðu í gær, um 40%, vélar, áhöld og aðrar brýnustu nauðsynjar eftir þessu. Þegar þessi lög voru til umræðu á s. l. vori, var talað um, að það væri réttmætt að hækka fóðurbæti, hækka áburð og rekstrarvörur til þess að draga úr framleiðslunni, vegna þess að framleiðslan væri orðin of mikil hjá landbúnaðinum. Ég býst við því, að þetta ráð dugi nokkuð, vegna þess að að óbreyttu munu margir verða að gefast upp og hrökklast frá jörðum sínum. Eða hvernig er ætlazt til þess, að bændur mæti þessum hækkunum? Hefur hlutur þeirra verið bættur að sama skapi? Hvað hafa landbúnaðarvörurnar eða kaup bændanna m. ö. o. hækkað á móts við þá hækkun, sem þeir hafa orðið að mæta með hinum gífurlegu sköttum? Það er vitað mál, að það, sem von er til að landbúnaðarvörurnar hækki í vasa bændanna, verður um 8—10%, en það, sem þeir kosta til búrekstrarins á sama tíma, hækkar um allt að 40%.

Þegar þetta dæmi er athugað, held ég, að mönnum ætti að vera ljóst, að á undanförnum tveimur árum og þá sérstaklega á s. l. ári hefur verið þannig kreppt að bændastéttinni, að hún getur ekki litið björtum augum til framtíðarinnar. Hún sér fram undan margs konar erfiðleika, og eina vonin er það, að hennar hlutur verði réttur af skilningsbetri mönnum en þeim, sem stjórnuðu þessum aðgerðum á síðasta ári og síðustu tveimur árum. Að

öðrum kosti er ekki um annað að ræða fyrir marga bændur en hætta því, sem kallað er búrekstur í sveit.

Ég held, að það sé eðlilegt, að menn geri sér grein fyrir því, á hvaða vegi bændastéttin er stödd í dag, áður en það er samþykkt að lækka kaup hennar og taka hluta af kaupi hennar til þess að leggja í höll hér í Reykjavík, sem bændastéttin sjálf ætlar sér ekki að nota. Ég gerði till. um það við 1. umr. þessa máls, að bændur yrðu spurðir að því, hvort þeir væru samþykkir því, að þannig væri tekinn hluti af þeirra kaupi. Og það var auðvelt, eins og ég áður hef sagt, að gera það með því að senda þetta frv. til umsagnar hreppabúnaðarfélaganna. Það gat tekið stuttan tíma, og ef bændastéttin í heild hefði samþykkt að leggja á sig þessar álögur, þá hefði ég vitanlega og fleiri, sem erum á móti þessu frv., ekki talið ástæðu til þess að vera að tala gegn því. En vegna þess, að ekki hefur verið fallizt á það að spyrja bændur, og vegna þess, að ég veit fyrir fram, að meiri hluti bændanna er á móti skattlagningu, tel ég skyldu mína að vera á móti þessu máli. Ég tel það skyldu mína vegna þess, að hlutur bændanna hvað það snertir að koma yfir sína eigin starfsemi húsnæði hér í bænum tefst ekki, því að þeir hafa fé í búnaðarmálasjóði nægilegt til þess að byggja stórt hús, sem gerir meira en að fullnægja þeirra eigin þörfum. Og ég vil biðja menn að athuga það, að bændastéttin, Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda, mun ekki, þegar þetta hús er byggt, ef það verður byggt eins og ætlað er, nota þriðja partinn sjálf af húsinu. Það munu a. m. k. 2/3 hússins verða leigðir út fyrir verzlanir, skrifstofur, samkomusali og annað fleira. Og er nokkur hér í hv. d., sem telur, að það sé eðlilegt, að bændur, sem hafa ekki fé til þess að veita sér og sínum brýnustu þægindi, séu að leggja hluta af sínum launum í slíka framkvæmd? Er nokkur hv. þdm. þannig hugsandi, að hann telji þetta eðlilegt?

Þeir, sem standa að flutningi þessa frv., hljóta að telja þetta eðlilegt. En ég bið þessa hv. flm. frv. að endurskoða afstöðu sína. Ég vil biðja þá að endurskoða afstöðu sína og athuga það gaumgæfilega, hvort þeir sækja ekki þetta mál meira af kappi en forsjá og hvort þeir hafa hugsað út í það, hvað þeir raunverulega eru að gera. Það má segja, að það sé dálítið djarft að spyrja svo reynda og þjálfaða þingmenn og virðulega, sem að þessu frv. standa um þetta, — menn, sem eru bændastéttinni velviljaðir, ekki efast ég um það, en menn, sem bændur ekki skilja að þessu leyti. Og það hafa margir bændur spurt mig um það, hvernig standi á því, að þessir menn, sem þeir hafa treyst til margs góðs, leggja það til, að þeir fari að láta hluta af sínum lágu tekjum í hús til þess að leigja kaupmönnum eða öðrum atvinnurekendum hér í Reykjavík. Meðan þeir geta ekki byggt sæmilega yfir sig, meðan þeir geta ekki látið það eftir sér að kaupa nauðsynleg húsgögn og heimilistæki, þá er ætlazt til þess, að það sé tekinn hluti af þeirra launum til þess að byggja hús í Reykjavík til þess að leigja út. Og það er einmitt vegna þess, að flm. þessa frv. eru virðulegir, reyndir og hafa verið góðgjarnir menn í garð bændastéttarinnar, sem bændurnir furða sig á því, að þetta frv. skuli vera flutt af þeim. Ég segi það, að ég er einn í þeirra tölu, sem ekki skilja það, að frv. eins og þetta skuli vera komið frá þessum mönnum. Ég skil það, að þeir vilja fá hús yfir Búnaðarfélagið, þeir vilja fá húsnæði fyrir Stéttarsamband bænda, og það hefði átt að vera komið fyrir löngu. Það er ekki deilt um það, að Búnaðarfélagið þurfi að fá hús. Það er ekki heldur deilt um það, að möguleikar til þess að byggja yfir Búnaðarfélagið og Stéttarsambandið án þess að leggja á nýja skatta hafa verið þangað til í dag, — ég veit ekki, hvað verður sagt hér á eftir. Menn hafa verið sammála um það þangað til í dag, að tekjur búnaðarmálasjóðs, eins og þær eru í dag, væru nógar til þess að byggja 5 hæða hús, sæmilega stórt og vel stórt fyrir Búnaðarfélagið og stéttarsamtökin. Og menn hafa verið sammála þangað til í dag um það, að þetta frv. er til orðið vegna þess, að það á að fara að byggja verzlunarhús, sýningarsali og skrifstofuhúsnæði til þess að leigja út. Og þegar menn gera sér grein fyrir því, og ef menn gefa sér tíma til að hugsa um það, þá hygg ég, að grundvöllurinn fyrir því að samþykkja þetta frv. sé með öllu horfinn. Ég bið menn að hugsa um þetta mál af sanngirni, en ekki af því kappi, sem flm. virðast hafa haft sérstaklega í baksýn, hugsa um það hlutlaust, og þá er ég sannfærður um, að frv. verður fellt eða því vísað frá, eins og minni hl. hv. landbn. hefur lagt til.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Ræður falla nú hér á þá lund og einkum og alveg sérstaklega sá hluti ræðu hv. 1. þm. Rang., sem ég hlustaði nú á og hann var að ljúka, að hér sé ærinn voði á ferðinni. Það er hvorki meira né minna en það, að hér er verið að stefna bændastéttinni í slíkan háska, að hún geti ekki litið björtum augum til framtíðarinnar, ef að henni verður búið með slíkum hætti sem felst í þessu frv.

Mér þætti ákaflega vænt um, ef hv. þm. vildi strax draga í land. Mér hálfheyrðist, að framtekt hans væri nokkurt merki þess. En þvílík gífuryrði og fjarstæða sem þetta, að bændastétt landsins gæti ekki litið björtum augum til framtíðarinnar, þótt þeir láti þetta fé af höndum, að þetta skuli falla af vörum fulltrúa bænda í landinu í sambandi við þetta mál, það sætir furðu. Er það virkilega svo, að framtíð bændastéttarinnar hangi á slíkum bláþræði frá hans sjónarmiði séð? Mín skoðun er aftur á móti sú, að ef nokkur stétt í þessu landi geti litið björtum augum til framtíðarinnar, og það geta þær vissulega allar gert, þá er það bændastéttin með þeim verkefnum, sem hún hefur með höndum í landi sínu, og með þeim framfarahug og úrræðum, sem hún býr yfir, bæði á sviði atvinnulífs og

félagsmála. Fjárframlag það, sem hér um ræðir, er nauðsynlegur þáttur í uppbyggingu hinnar félagslegu starfsemi bændanna. Hér eru þess vegna algerlega höfð hausavíxl á hlutunum, og það gætir undraverðs skilningsleysis hjá hv. 1. þm. Rang., að þetta mál sé þáttur í því að hnekkja bændastéttinni og hrekja hana út af bjartri braut framtíðarinnar.

Mér hefur verið sagt, að í fyrri hluta ræðu hv. 1. þm. Rang. hafi verið að því vikið, að það gjald, sem sjómenn og útgerðarmenn hafa lagt fram til stórbyggingar þeirrar, sem þeir hafa reist á vegum Fiskifélags Íslands, sé ósambærilegt þessu gjaldi. Og mér virtist, að hv. 1. þm. Rang., er hann nú hóf mál sitt, færi nokkuð enn inn á þessa braut. Hv. 2. þm. Skagf., sem hélt mjög rökfasta framsöguræðu í þessu máli, gerði samanburð á þeirri aðstöðu, sem fyrir hendi er hjá Fiskifélagi Íslands til þess að byggja upp stofnun hjá sér fyrir fé fiskimanna og útvegsmanna, hún væri alveg samstæð við þá aðferð, sem lagt væri til að hér væri farin, að bændur legðu sjálfir fram með sama hætti og sjómenn og útgerðarmenn fé til þessarar byggingar.

Ég þarf ekki að lýsa því frv., sem hér liggur fyrir um þetta efni. Það er öllum kunnugt. Þar er eingöngu farið fram á það eitt, að Alþingi setji lög, þar sem ríkisvaldinu er falið að nota innheimtukerfi sitt til þess að innheimta þetta ½% gjald, jafnframt því sem lögákveðið er, að það skuli á lagt.

Um það fé, sem Fiskifélagið hefur haft til umráða í þessu efni, hefur verið farið alveg eins að. Ég hef, til þess að ég væri ekki einn til frásagnar um þetta, beðið fiskimálastjóra að gefa á því skýringu, hvernig þetta er til komið og hvernig þetta er gert. Og sú skýring er á þá lund, að með bráðabirgðaákvæði í lögum um stofnlánadeild sjávarútvegsins 1946 var svo ákveðið, að 1/8% af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum, sem áður hafði runnið til Fiskveiðasjóðs Íslands, skyldi renna til þess að standa straum af stofnkostnaði við byggingu rannsóknarstofnunar fyrir sjávarútveginn á vegum Fiskifélags Íslands. Þetta ákvæði skyldi fyrst um sinn gilda til ársloka 1949, en var síðan framlengt. Loks var svo ákveðið með lögum frá 4. júní 1957, um breyt. á lögum 5. júní 1941 um útflutningsgjald af sjávarafurðum, að eitt útflutningsgjald skyldi leggja á allar sjávarafurðir, 2¼% af verði afurðanna, og var þetta gert í samráði við stofnanir sjávarútvegsins, sem annast útflutning afurðanna, og enn fremur í samráði við fiskiþing og Fiskifélag Íslands. Þetta var gert samkvæmt tillögum þeirra, sem voru hér í forustu fyrir útvegsmenn og sjómenn. Þetta gjald var svo lagt á og jafnframt ákveðið, að það skyldi renna til sjávarútvegsins, og skiptingin átti að vera á því eins og hér segir: Til fiskveiðasjóðs áttu að renna 74% teknanna, til þess að standa straum af kostnaði vegna byggingar rannsóknarstofnunar sjávarútvegsins á vegum Fiskifélags Íslands 4%, til Landssambands íslenzkra útvegsmanna 4% og til fiskimálasjóðs 18%.

Þannig hefur frá upphafi vega frá 1946 verið ákveðin í löggjöf viss prósenta af útflutningsgjaldi sjávarafurða, sem átti að renna til Fiskifélags Íslands til byggingar í þarfir sjávarútvegsins hér í Reykjavík. Þetta er þess vegna algerlega og nákvæmlega hliðstætt við það, sem hér er farið fram á, að bændurnir leggi fram lítinn skatt til byggingar búnaðarfélagshúss á vegum Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda. Hér er enginn munur á. Þörf þessara höfuðatvinnuvega landsins fyrir að eiga slíkar byggingar í Reykjavík fyrir starfsemi sína er alveg hliðstæð og framlag til þeirra sömuleiðis. Og ég minnist þess ekki, þegar lögin um þetta voru sett 1946 og aftur 1957, að þar kæmi fram nein viðkvæmni, hvorki hjá hv. þm. A-Húnv. né hv. 1. þm. Rang., fyrir því að vera að leggja þennan skatt á fiskimenn og útvegsmenn til þess að byggja stórhýsi í Reykjavík. Þeir tala mjög mikið um það að byggja stórhýsi. Og hér hefur verið byggt stórhýsi á vegum Fiskifélags Íslands, sem er upp á 6 hæðir. Áður hafði Fiskifélagið — fyrir 30 eða 40 árum — byggt yfir starfsemi sína, þ. e. a. s. skrifstofustarfsemi sína hérna í Reykjavík. Og þegar það hús var byggt, var það svo vel við vöxt, að það var leigður út helmingurinn af því til tekjuauka fyrir Fiskifélagið, sem voru vitanlega drjúgar tekjur fyrir það til þess að standa undir þeim þörfum og þeim framkvæmdum, sem Fiskifélagið hafði á hendi fyrir fiskimennina og útvegsmennina í landinu.

Þróunin hjá Fiskifélagi Íslands hefur verið sú, eins og ég áður lýsti, að það notar nú allt gamla húsið, en þeim margháttuðu rannsóknum í þágu sjávarútvegsins, sem það rekur, hefur verið komið fyrir í hinni nýju byggingu. En þetta stórhýsi er vel við vöxt, því að félagið er þegar búið að leigja út 2½ hæð í byggingunni einni ríkisstofnun hér, sem er ríkisútvarpið. Og þetta er gert með þeim hætti, að ríkisútvarpið hefur lagt fram 3 millj. kr. nú þegar til þess að innrétta þessar hæðir, sem það svo borgar með leigugjöldum samkvæmt þeim samningi, sem um þetta hefur verið gerður. Ég hef ekki heyrt einn einasta mann í sjómannastétt eða útgerðarmannastétt hneykslast á því eða telja það vera nokkurt hneykslunarefni, þó að forráðamenn fiskimanna og útgerðarmanna hafi farið svona að í sínum byggingarmálum. Þvert á móti líta þeir svo á, að í þessu felist hvort tveggja í senn fyrirhyggjusemi og framsýni.

Þegar maður svo ber þetta saman við það, sem er að gerast hjá Búnaðarfélagi Íslands, þá er alveg sama upp á teningnum nema það, að Búnaðarfélagið og Stéttarsambandið, — það eru félög, sem eru í fararbroddi fyrir félagsmálum bændanna, — þau hafa orðið hér seinni til, og bændunum hefur þótt miður, að þeir skyldu dragast hér aftur úr.

Hv. 1. þm. Rang. segist tala hér í nafni

bændastéttarinnar, þegar hann er að mótmæla framlagi hennar til byggingarinnar. En ég vil spyrja — (Gripið fram í.) Er hann þá líka að draga í land í því? Hann sagði þetta. — Ég sagði, að hann hefði sagt, að hann segðist tala hér í nafni bændastéttarinnar, og nú vona ég, að þetta hafi borizt til eyrna hv. 1. þm. Rang. En ég vil bara spyrja hann: Í hvers umboði talar hann? Hvar er umboðið, sem hann hefur til þess að tala hér fyrir bændastéttina, nema þá kannske einhverja fáeina Rangæinga, — ég veit það ekki, — en hvar er umboðið? En okkur, sem stöndum að þessu máli, telur hann umboðslausa og telur það ákaflega eðlilegt, að við skulum ekki heldur hafa umboð til þess að vinna slíkt skemmdarverk fyrir bændastéttina eins og í þessu frv. felist. En ég hef fært að því full rök, að við höfum umboð, sem flytjum þetta mál. Ég þarf náttúrlega ekki að vera að endurtaka það hér, það hefur svo oft verið sagt, að búnaðarþing hefur eftir tillögum frá Búnaðarfélagi Íslands og Stéttarsambandi bænda samþykkt, að frv. þetta skuli borið fram á Alþingi, og það hefur samþykkt það svo rækilega, að það voru aðeins tveir menn, sem greiddu atkvæði gegn því. Ég held kannske, að annar þessara manna hafi verið Rangæingur, og máske er það umboðið, sem hv. 1. þm. Rang. þykist hafa til þess að tala hér fyrir meiri hluta bændastéttarinnar, — þetta eina atkvæði úr Rangárvallasýslu, sem féll á móti samþykkt málsins á búnaðarþingi.

Á stéttarsambandsfundinum, þar sem fulltrúarnir eru eitthvað um 80, — hvað voru það margir þar, sem greiddu atkvæði á móti þessu frv.? Þeir voru sex, sem greiddu atkvæði á móti málinu á þessum fjölmenna fundi. Og svo ber hv. 1. þm. Rang. fram hér, að það hafi enginn annar en hann og máske hv. þm. A-Húnv. (JPálm) umboð til þess að tala fyrir bændurna hér á Alþingi í þessu máli.

Það er ekki einasta það, að þessar félagsmálastofnanir bændanna hafi samþ. þetta svona eindregið og samhljóða, því að við kosningar til búnaðarþings, sem eru nýafstaðnar, voru þeir menn allir endurkosnir, sem að máli þessu stóðu og á annað borð voru í framboði við þessar kosningar, og var þetta mál þó að sjálfsögðu rætt á búnaðarsambandsfundunum, þar sem þessi kosning fer fram. Sama er um kosningar á stéttarsambandsfundinn. Hvað felur þetta í sér annað en samþykki og eindrægni bændastéttarinnar fyrir því, að þetta gjald skuli á lagt til þess að hrinda áfram þeirri byggingu, sem nú er verið að reisa hér í Reykjavík?

Hv. 1. þm. Rang. hefði átt að athuga, áður en hann talaði, hvar hann stóð í þessu máli og hvar við, sem flytjum þetta mál hér á Alþingi, stöndum, að því er tekur til vilja og álits bændastéttarinnar í málinu.

Það er nú of seint séð fyrir hv. þm. að gera þetta að vísu. En hann á þó enn eftir leið til þess að viðurkenna, hvernig þetta mál stendur og alveg sérstaklega hve höllum fæti hann stendur í málinu.

Ég skal nú ekki lengja mitt mál mikið úr þessu, því að málið er búið að koma oft fyrir og þarf að fá hér afgreiðslu. En ég get aðeins sagt það í sambandi við þann stórhug bændastéttarinnar, sem fram kemur í þessari byggingu, að það er engin eftirherma fiskimanna og útvegsmanna í þeirra framkvæmdum í þessu hliðstæða máli, heldur er þetta rétt spegilmynd og lýsing af hug bændastéttarinnar almennt á Íslandi til félagsmálastarfsemi sinnar. Aðalstofnanir félagsmálastarfseminnar eru hér í Reykjavík, og þær hafa verið það frá upphafi vega. Hér var reist um aldamótin hús fyrir þessa starfsemi, sem þá var óþarflega stórt fyrir starfsemina, eins og hún var þá. En hún hefur nú þróazt það, að þessi starfsemi er löngu búin að sprengja utan af sér það húsrými, sem þá var byggt mjög vel við vöxt, og ég býst við því, ef hv. 1. þm. Rang. hefði verið uppi á þeim tíma og haft aðstöðu hér á Alþingi og eitthvað slíkt borið hér fyrir, ætli það hefði þá ekki verið svipaður söngur, sem hann hefði sungið um óþarfar byggingar og stórhýsi á vegum bændastéttarinnar í Reykjavík? Ég býst við því. Og það náttúrlega var miklu afsakanlegra, þó að slíkt kæmi fram á þeim tímum, heldur en að slíkur söngur birtist nú, eins og ástatt er með þjóð vorri og öllum þeim framförum, sem hér hafa orðið á verklegu sviði og félagsmálastarfsemi í þessu landi og bændur eru síður en svo eftirbátar í. Þetta hús, sem verið er að byggja núna, það er alveg rétt, það er nokkuð umfram þörf þessara félagsheilda, eins og hún er nú. En við sjáum vel það langt fram í framtíðina, að hér verður breyting á, þróun í þessu efni, svipuð og hún hefur verið á undanförnum áratugum, og það er ekki af rasandi ráði gert, að ákveðið hefur verið að taka nokkurn hluta í þessu húsi og leigja til verzlunar og einnig máske til gistihúsahalds eða veitinga, — þetta er allt að fullkomlega yfirveguðu máli gert.

Bæjarstjórn Reykjavíkur, — og á borgarstjórinn mikinn hlut í því, — hefur sýnt bændastéttinni þann velvilja og fyrirgreiðslu í þessu efni að úthluta henni til byggingar á þessu húsi einhvern fegursta og bezta framtíðarstað í þessum bæ, þar sem þegar er orðin allmikil bygging í kring, en eykst óðum. Og á slíkum stað, miðað við alla staðhætti hér í Reykjavík, er auðvitað alveg sjálfsagt að nota út í yztu æsar þá aðstöðu, sem bæjarstjórnin hefur veitt bændunum hér, um það að hafa aðstöðu til þess í þessu húsi, að hægt sé að hafa þar verzlunarrekstur á neðstu hæð og einnig að áætla eina hæð, sem hægt væri að leigja til gistihússrekstrar. Og meiningin er að fara að með byggingu þessa á líkan hátt til þess að létta kostnaðinn og gera hægara í vöfum að koma byggingunni upp eins og Fiskifélag Íslands hefur gert, að leigja út þessar hæðir, þegar þær eru fokheldar, gegn því, að þeir, sem taka þær á leigu, leggi fram það fé, sem þarf til þess að koma þeim í það horf, sem nota á þær til í sambandi við væntanlegan rekstur.

Þetta er sú hyggilega aðferð, sem bændurnir eða forráðamenn þeirra hyggjast hafa um þetta og til þess að létta þeim gönguna við að koma þessu upp. Þess vegna er það, að bygging þessara hæða er gerð í því skyni að tryggja fjárhagsrekstur þessa húss í framtíðinni, því að það þekkja allir, sem nokkuð þekkja til hér í Reykjavík, að slíkt húsnæði gefur góðar tekjur, auk þess sem það er trygg og góð eign. Hér kemur þess vegna einnig fram fyrirhyggja og framsýni þeirra manna, sem að þessum málum standa f. h. bændastéttarinnar, og bændastéttin hefur með samþykki sínu fyrir þessari byggingu, sem ég hef nú lýst, viðurkennt það og lýst því yfir, að hún er sammála því og samþykkir það, að svona skuli farið að. Það er með hennar samþykki gert, að svona skuli farið að, og hún á sannarlega ekki heldur eftir að iðrast þess að hafa gert það. Þeir menn, sem leggjast á móti þessari ráðstöfun, sem þó væntanlega verður ekki til þess að hindra framgang málsins, enda væri það illa farið, — þeir eiga eftir að iðrast, og þeir eiga bæði lifandi og dauðir eftir að standa bændastéttinni reikningsskap af þessu framferði sínu.

Ég get nú að mestu lokið máli mínu. Ég vil aðeins benda á, að það er sýnilega gert til að villa mönnum sýn í þessu máli, sem fram kemur í nál. minni hl., hv. þm. A-Húnv., þar er sagt, að þessi bygging sé fyrirhuguð hér í Reykjavík. Hvað þýðir það að vera „fyrirhuguð"? Ber ekki að skilja það svo, að talað hafi verið um eða ákveðið að gera einhvern hlut? Hér er þetta mál miklu lengra á veg komið. Máske hefur hv. þm. ekki vitað betur um þetta. Það er nefnilega búið að byggja hér kjallarann og neðstu hæðina, steypa hana upp. Svo segir hann, að „fyrirhugað" sé að gera þetta. Ég veit það vel, og ég fylgist alveg eins með þessari byggingu og hef gert mér alveg eins ljósa grein fyrir henni og framhaldi hennar og hv. þm. A-Húnv., það getur hann verið alveg viss um.

Hann sagðist ekki bera neina ábyrgð á þessu. Þetta er alveg rétt. Hann ber enga ábyrgð á þessu, ekki neina. Hann hefur ekki heldur haft aðstöðu til að taka á sig neina ábyrgð í sambandi við þetta mál. Hvenær hafa bændurnir falið honum nokkra þátttöku í sinni félagsstarfsemi? Aldrei, svo að ég viti til. Það kann vel að vera, að hann sé framarlega í félagsskap bænda heima í sínu héraði, ég þekki það ekki, þó held ég, að hann sé ekki einu sinni í stjórn búnaðarsambandsins. Hv. þm. leiðréttir það, og ég skal taka þá leiðréttingu strax til greina, ef ég fer ekki hér með rétt mál. En hitt er vitað, að honum hefur ekki verið falin nein þátttaka í þeim félagsskap bændanna, sem að byggingunni stendur, sem betur fer, liggur mér við að segja. Aldrei hefur hann verið í stjórn Búnaðarfélags Íslands, aldrei hefur hann, eða ekki a. m. k. síðan ég kom að þeim málum, verið á búnaðarþingi, aldrei hefur hann verið í stjórn Stéttarsambandsins eða framleiðsluráðs. Hann hefur þess vegna ekki haft neina aðstöðu til að bera neina ábyrgð á þessu. Og ég get sagt honum, að þó að hann gangi frá, þá eru nógu margir menn í bændastétt til þess að bera ábyrgð á þessari framkvæmd. Ekki svo að skilja, að ég hefði ekki gjarnan viljað þiggja hans góða lið í þessu máli og hefði talið, að hans hlutskipti væri allt annað og miklu betra, ef hann hefði veitt þessu máli lið, heldur en að snúast gegn því.

Sama má segja um hv. 1. þm. Rang. Hann hefur ekki heldur haft neina aðstöðu til þess að bera neina ábyrgð á þessu og þykir það víst gott, að hann hefur ekki haft það, — ég skal ekkert segja um það, en hann hefur ekki heldur haft hana. Honum hefur aldrei verið falið að standa fyrir neinni slíkri félagsmálastarfsemi á vegum bændanna hér. Hann var einhvern tíma í kjötverðlagsnefnd og vann sitt starf þar vel, að vísu ekki til þess kosinn af bændunum, heldur falið það af stjórnarvöldum, og það starf vann hann vel og dyggilega.

Ég þarf ekki neinu við það að bæta, sem ég sagði hér áðan um það, að sá skattur eða hvað menn nú vilja kalla það, sem lagður er á fiskimenn og útvegsmenn til að afla fjár til ráðstöfunar fyrir Fiskifélag Íslands í byggingar, er alveg hliðstæður og með sama hætti til orðinn og sá skattur á bændurna, sem felst í þessu frv. Það er með samþykki og ósk þessara aðila, bæði sjávarútvegsmanna og bænda, sem skatturinn er til orðinn. Það kann náttúrlega að hafa átt sér stað, að einhverjar einstakar raddir hafi ekki verið sem ánægðastar með þetta, en þeirra hefur hvergi gætt og hvergi bólað á þeim, að þessi skattur yrði lagður á sjávarútvegsmenn, en í báðum tilfellunum er skatturinn tekinn af framleiðslunni. Það er viss hlutfallstala eða prósent af framleiðslunni, fiskframleiðslu sjávarútvegsins og kjöt- og mjólkurframleiðslu landbúnaðarins. Þar er ekkert, sem á milli skilur.

Ég skal svo ljúka máli mínu. Hv. 1. þm. Rang. hélt hér mjög langa ræðu áðan um kartöflur, um mjólk og kjöt og annað, sem mér í sjálfu sér fannst ekki koma þessu máli við. En það gerir ekkert til. Hann hóf þ. á m. mikla gagnrýni á það, hvernig búið hefur verið að landbúnaðinum núna undanfarin ár, og átti það víst að vera gagnrýni á fyrrv. stjórn. Ég get sjálfsagt tekið undir margt af því, sem hann sagði um þetta. En ég held nú, eins og þessum málum er núna komið, þá megi helzt segja, að það sé að leggjast á náinn.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það er ekki þörf á því fyrir mig að tala langt mál hér eftir þennan lestur hv. þm. Borgf. En það var sérstaklega eitt atriði, sem kom mér til að biðja um orðið aftur, þegar hann talaði um það, að ég hefði ekkert umboð hér til þess að tala í nafni bænda um þetta mál. Það má vera, að hv. þm. Borgf. efist um það, að ég hafi kunnugleika af högum bændastéttarinnar í heild. Það má vel vera, að hann efist um það, að ég tali við bændur í mínu kjördæmi og víða annars staðar um landið. En hafi

hann efazt um það, þá vil ég upplýsa það, að ég hef hitt tugi og hundruð bænda, ekki aðeins í minu kjördæmi, heldur víða um land, og þetta mál ásamt öðrum málum, sem landbúnaðinn varða, hefur þá komizt á dagskrá. Ég verð líka að segja hv. þm. Borgf. það, að bændur hafa kosið mig á Alþingi, og um leið og ég er skyldugur að fara eftir sannfæringu minni í hverju máli, þá er einnig ætlazt til þess, að ég sé hér á hæstv. Alþingi tilbúinn til varnar gegn hvers konar árásum á bændastétt landsins.

Ég lýsti því hér áðan, að bændur furðaði það, að svo góðir og gegnir menn sem sumir flm. þessa frv. eru skuli hafa flutt þetta mál hér inn í Alþingi, sem leiðir eingöngu til þess að taka hluta af kaupi bændastéttarinnar til þess að byggja hér í Reykjavík, ekki fyrir þeirra starfsemi, heldur miklu fremur til þess að leigja öðrum, eins og hv. þm. Borgf. viðurkenndi hér áðan. Hann sagði beinlínis, að það væri ekki nema lítill hluti af þessu húsi, sem bændastéttin kæmi til með að nota sjálf í náinni framtíð. (Gripið fram í.) Hann var að tala um það, að eftir 50 ár yrði þetta ekki of stórt. Ég vona það, að framvindan í íslenzkum landbúnaði verði svo ör, þrátt fyrir þá svartsýni, sem sækir margan heim nú, að það þurfi ekki 50 ár til þess jafnvel, að þessi höll verði fullnotuð af landbúnaðinum. En ég spyr: Er það sjálfsagt fyrir þá bændur, sem núna strita fyrir brauði sínu, að byggja hús, sem bændastéttin ætlar sér að nota eftir 50 ár? Verður ekki að ætlazt til þess, að hver kynslóð leggi fram sinn skerf til þeirrar uppbyggingar, sem nauðsynleg er atvinnulífinu hverju sinni? Og ég segi það: Hver segir um, hvernig heppilegast er að byggja eftir 50 ár? Eigum við ekki að láta framtíðina um það og þá, sem stjórna búnaðarmálunum eftir 50 ár, hvernig þeir telja heppilegast að byggja yfir sig?

Ég talaði um það hér áðan, að margir bændur væru svartsýnir nú vegna þeirra aðgerða, sem í frammi voru hafðar, sérstaklega á síðasta ári, í sambandi við skattpíningu og verðlagningu á ýmsum þeim vörum, sem þeir nauðsynlega verða að nota í sambandi við búrekstur inn, og hafi hv. þm. Borgf. ekki orðið var við kvíða hjá bændum út af þessu, þá verð ég að segja, að hann talar ekki eins oft við bændur og ég hafði búizt við, — eða veit ekki hv. þm. Borgf., að ef þannig væri haldið áfram eins og á síðasta ári með að hækka nauðsynjavörur og rekstrarvörur, þá hefði öllum atvinnurekstri hér í landi, landbúnaði og öðrum atvinnurekstri, verið gert ómögulegt að starfa? Ef t. d. 400 millj. kr. hefðu verið lagðar á um þessi áramót, eins og til stóð, í nýjum sköttum, það hefði verið lagt á nauðsynjavöruna, hvernig hefði þá verið hugsanlegt fyrir bændur að halda áfram sínum búrekstri? Það hefði verið sagt, að þeir hefðu átt rétt á hækkun á framleiðsluvörunni í samræmi við það. En að hvaða gagni kemur bóndanum, þótt hann megi hækka útsöluverðið á vörunni, ef alltaf fer stöðugt hækkandi hundraðshluti í kostnað vegna verðbólgunnar og kostnaðarins við það að dreifa vörunni? Ef vel hefði verið að bændastéttinni búið, þá má vel vera, að það hefði ekki tekið því að vera að tala um þennan skatt, sem hér er rætt um. En mælirinn verður of fullur, þegar stöðugt er vegið í sama knérunn, þegar stöðugt er verið að taka utan af því, sem framleitt er, t. d. eins og kartöflunum, sem ég nefndi áðan, og þegar stöðugt fer meira og meira í kostnað við það að dreifa vörunni vegna dýrtíðar og verðbólgu.

Hv. þm. Borgf. talaði um, að það væri alveg hliðstætt útflutningsgjald á sjávarafurðum og búnaðarmálasjóðsgjaldið, það væri hvort tveggja lagt á með lögum. Það er rétt. En aðalatriðið í þessu máli er það, hverjir borga þetta gjald. Hafa sjómenn og verkamenn, sem vinna að sjávaraflanum, borgað þetta gjald? Það hafa þeir ekki gert. Þetta gjald er ekki lagt á þá, það er lagt á útfluttar sjávarafurðir. En ég varpaði því hér fram áðan í spurnarformi, og hv. þm. Borgf. hliðraði sér hjá að svara því, — ég varpaði því fram í spurnarformi: Borga útgerðarmenn þetta gjald úr eigin vasa? Er ekki tekin hliðsjón af þessu gjaldi, þegar um það er rætt, hversu styrkur til útgerðarinnar skal vera hár? Og einmitt vegna þess, að það hlýtur að vera tekin hliðsjón af þessu gjaldi, þegar ákveðinn er styrkur úr útflutningssjóði, þá borga útgerðarmenn þetta gjald ekki úr sínum vasa, og sjómenn hafa ekki borgað það úr sínum vasa og ekki heldur verkamenn, sem að aflanum hafa unnið. En það gjald, sem á að leggja á landbúnaðarvöruna, er tekið af bændunum, það verkar sem kauplækkun hjá þeim. Þess vegna er þetta ósambærilegt. Þess vegna er ég hissa á því, að jafnskýr maður og hv. þm. Borgf. skuli bera þetta fram. Hvers vegna ekki að játa hreinskilnislega, að það er tekið hér af kaupi bændanna, sem er ekki hliðstætt því, sem hefur verið gert við sjómenn? Hvers vegna ekki viðurkenna það? (**PO:** Þetta er alveg hliðstætt.) Það er ekki viðurkennt, vegna þess að mönnum er ætlað að trúa öðru en sannleikanum í þessu máli, og það sæmir ekki jafnvirðulegum manni og hv. þm. Borgf. að vera hér með blekkingar. Hann á að segja hreinskilnislega eins og er: Vegna þess að við, sem stjórnum búnaðarsamtökunum, eigum sæti á búnaðarþingi, á stéttarsambandsfundinum, vegna þess að við viljum byggja þrefalt stærra hús í Rvík en bændasamtökin þurfa að nota, þá þurfum við að innkalla þetta gjald, sem er hluti af launum bændanna. — Þótt búnaðarþing hafi samþykkt þetta, þótt aðalfundur Stéttarsambandsins hafi samþykkt skattinn, að vísu ekki einróma, þá höfðu þeir ekki umboð til þess. Það hefur komið í ljós, að samþykktir úr mörgum héruðum hafa verið sendar til Alþingis, til Búnaðarfélagsins, til stjórnar Stéttarsambandsins, samþykktir, sem hafa skorað á þessa aðila að falla frá því að leggja þennan skatt á bændur, og það hefur komið úr þeim héruðum, sem búnaðarþingsfulltrúinn og fulltrúi á stéttarsambandsþingi greiddu atkvæði

með því, og þar með hefur það sannazt, að bændurnir hafa verið í andstöðu við fulltrúa sína, bæði á búnaðarþingi og á aðalfundi Stéttarsambandsins.

Þegar þetta er aðgætt, er ekkert undarlegt, þótt flm. þessa frv. hafi ekki viljað fallast á tillögu mína að bera þetta undir bændur, sem var auðvelt, að senda frv. til umsagnar í hreppabúnaðarfélögin og láta atkvgr. fara fram um það þar, hvort bændur væru reiðubúnir að taka á sig þessa kvöð. Ef flm. þessa frv. hefðu trúað því, að meiri hluti bænda fylgdi frv., hefðu þeir orðið við tillögu minni. En af því að þeir vissu, að meiri hluti bændanna var á móti málinu, var nauðsynlegt að þeirra áliti að knýja það fram hér í gegnum deildina, án þess að bændur væru spurðir um það, og það er einsdæmi í íslenzkri löggjöf að bera slíkt á borð eins og þetta, sem hér er um að ræða, án þess að gefa bændunum kost á því að segja álit sitt um það. Ég geri ráð fyrir því, að flm. frv. eigi eftir að finna, að bændur þakka fyrir slíkar aðfarir á viðeigandi hátt. Ég sé, að þeir, sem hafa verið í forsvari fyrir málið, hafa tekið þann kostinn að hverfa hér út úr hv. deild, og skal ég þess vegna láta máli mínu lokið, þar sem ég geri ráð fyrir því, að aðrir, sem hér eru inni, hafi skapað sér skoðun um þetta mál og þeir ljái ekki atkvæði sitt með því að níðast á bændastéttinni, greiða atkvæði með álögum á stéttina, án þess að bændur í heild hafi verið spurðir að því, hvort þeir vilji við það una.

Umr. frestað.

Á 58. fundi í Nd., 19. jan., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Jón Pálmason): Herra forseti. Sú deila, sem hér hefur orðið um milljónaskattinn og afurðir sveitanna í búnaðarfélagshöllina, er ekki flokksleg eða persónuleg. Hún er skoðanaleg deila um þýðingarmikla aðferð í skattamálum og um það, hvað það sé, sem mestu varðar af þeim framkvæmdum, sem menn óska að koma í verk. Ég ætlaði mér ekki að gera þessa deilu lengri en orðið var á undan atkvgr. við 2. umr. hér í hv. d. En sú æsingaræða, sem vinur minn og flokksbróðir, hv. þm. Borgf., hélt hér á dögunum, gerir það að verkum, að ég hlýt að taka málið allt nánar fyrir og segja betur til um það en áður, hvað því veldur, að ég hef frá upphafi verið því andvígur. Ég var það á síðasta Alþingi og eins enn. Í því efni skipta mig engu brigzlyrði, hótanir eða ögranir annarra manna og það án tillits til þess, hverjir það eru, — hvort það eru flokksbræður mínir og vinir eða einhverjir aðrir, skiptir mig ekki sem neitt aðalatriði. Málið er í mínum augum fráleitt öfgamál, og það er mér næg ástæða til þess að vera því andstæður.

Í fyrsta lagi er þá þess að geta, sem ekki hefur farið dult, að ég tel öll „prósentugjöld" á seldar afurðir hina fráleitustu heimsku sem skattagrundvöll og hef verið þeim gersamlega andvígur frá upphafi. Í því efni er í eðli sínu sama, hvort slík gjöld eru lögð á sjávarafurðir eða landbúnaðarframleiðslu. Þau eiga í mínum augum engan rétt á sér. Og það var eins og fleira hreint rugl hjá hv. þm. Borgf., að ég hafi ekki verið andstæður útflutningsgjöldum á sjávarafurðir. Ég hef verið á móti þeim öllum, frá því að ég kom fyrst hér á Alþingi. Eins og nú er komið, er það líka hlálegri heimska en flest annað að leggja prósentugjöld á útsöluverð þeirra afurða frá landi eða sjó, sem ómögulegt er að framleiða nema gefa með þeim hundruð millj. kr., sem ýmist er tekið að láni eða lagt á allan landslýð með óhóflegum sköttum og tollum. Og þrátt fyrir allar þær meðgjafir og niðurgreiðslur er það a. m. k. svo um aðalframleiðslu landbúnaðarins, að hún er stunduð með verulegum rekstrarhalla, sem kemur á bændur og þeirra fólk. Tók þó steininn alveg úr í því efni, eftir að ósköpin dundu yfir í s. l. maímánuði frá fyrrverandi ríkisstj., sem að eðlilegum hætti urðu hennar banabiti, þó að nokkur dráttur yrði á því, að hún yrði borin til grafar. En nú á með þessu frv. að bæta 2 milljóna árlegum skatti ofan á rekstrarhalla bændanna, og það er reynt að fleka menn til fylgis við þetta mál með því, að þetta eigi ekki að standa nema fjögur ár. En við, sem höfum um langan tíma verið hér á Alþingi, þekkjum það sem næstum undantekningarlausa reglu um alla tolla og skatta, að þetta er framlengt æ ofan í æ og ár eftir ár. Á sama hátt mun fara með þetta, ef svo ógæfulega vildi til, að það fengist lögfest. Og þótt þetta séu ekki nema 2 millj. kr. á ári, miðað við núgildandi verðlag, hlýtur það að verða miklu meira, þegar það mikla gengisfall okkar krónu kemur til framkvæmda, sem allar líkur benda til að óhjákvæmileg afleiðing verði af þeirri glæframennsku, sem fyrrv. ríkisstj. leiddi yfir þjóðina.

Þá er að minnast á höllina, sem þessi milljónaskattur bændanna á að fara í. Þetta er fyrirhugað 25 þús. m³ hús. Það er tvisvar sinnum stærra að grunnfleti en hús Búnaðarbankans og á að vera miklu stærra en háskólinn. Nokkur hluti af því á að vera skrifstofuhús fyrir Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda. En meginhlutinn á að verða verzlunarbygging og veitingahús. Ég verð nú að segja það eins og er, að hér í Reykjavík er á öðru meiri þörf en fleiri og stærri verzlunarhúsum og fleiri og stærri veitingahúsum og gleðisölum umfram það, sem er. Vissulega eru líka takmörk fyrir því, hve lengi er hægt að græða á verzlun og veitingasölu hér í Reykjavík og annars staðar. En þótt áfram væri hægt að hafa hagnað af þvílíkri starfsemi og bændur teldu sér hagfellt að gerast miklir aðilar að samkeppninni við aðra á þessu sviði, þá lít ég svo á, og það munu fleiri gera, að þeir hafi annað þarfara við sína fjármuni að gera en að gerast spekúlantar á þessu sviði, hve mikil löngun sem ríkir í því efni hjá búnaðarþingi og meiri hluti þeirra

manna, sem mæta á fundi Stéttarsambands bænda.

Í þessu sambandi hlýt ég líka að minnast á það, sem ekki er hægt að komast hjá að nefna, að mér hefur á síðustu árum, einkum seinustu árunum, sárnað það mjög, hve lítið fé hefur fengizt til vega- og brúargerða úti á landsbyggðinni, miðað við allt það gífurlega sukk, sem hefur átt sér stað í ríkisstarfseminni að öðru leyti. Þar er þó um að ræða bein lífsbjargaratriði fyrir mörg byggðarlög. Samtímis hlýt ég líka að minna á það, að á árinu 1958 felldi fyrrv. ríkisstj. niður að standa við ákvarðanir raforkuráðs og gefin loforð raforkumálastjórnarinnar um raforkuframkvæmdir víða um land. Á því sviði er þörfin gífurleg og hvarvetna um landið óskir og vonir ríkjandi um það að fá á nálægum tíma að njóta þeirra lífsþæginda, sem meiri hluti þjóðarinnar hefur þegar fengið.

Þörfin á nýjum vegum, nýjum brúm á árnar og rafleiðslum út um landið er svo brýn, að það eru áreiðanlega fleiri en ég og hv. 1. þm. Rang., sem á því telja meiri þörf en því að leggja 40—50 millj. kr. í þessa hallarbyggingu hér á Reykjavíkurmelum.

Hv. þm. Borgf. var hér á dögunum með miklar glósur og brigzl um það, að ég og hv. 1. þm. Rang. hefðum ekkert umboð til að tala fyrir bændur, þeir hefðu aldrei treyst okkur til að mæta á stéttarsambandsfundi eða búnaðarþingi og við hefðum jafnvel aldrei starfað í félagssamtökum bænda. Mér datt í hug, þegar þetta kom, hvort ævintýrahöllin væri fyrir fram búin að leiða þennan virðulega þingmann út af línu vitsmunanna eða hvað væri ella að. Sjálfs mín vegna sárnaði mér þetta ekki neitt, því að svona rök gera mér ekkert til. En ræðumannsins vegna sárnaði mér að sjá hann svona langt leiddan.

Ég hef starfað í félögum bænda frá bernsku, var um skeið formaður í elzta búnaðarfélagi landsins, upphafsmaður að stofnun Búnaðarsambands Húnavatnssýslu, sem þá náði yfir báðar Húnavatnssýslur, og formaður þess fyrstu 14 árin, og fleira mætti nefna. En ég hef aldrei lagt neinn hug á það að mæta á fundum Stéttarsambands bænda eða búnaðarþingi, því að bændurnir í mínu héraði hafa falið mér annað þýðingarmeira umboð, sem er fulltrúastarf hér á Alþingi, og sama er að segja um hv. 1. þm. Rang., sem auk þess er kaupfélagsstjóri í voldugu og vel reknu kaupfélagi og auðvitað fyrir félagssamtök bændanna. Allt grobb þm. Borgf. á þessu sviði er því ómerkilegt, og svo langt er ekki komið enn, sem betur fer, að Stéttarsamband bænda og Búnaðarfélag Íslands geti lagt milljónaskatta á bændur landsins. Það getur Alþ. gert og enginn annar, hvað sem líður kröfum, hótunum og grobbi.

En hvað er svo um vilja bændanna almennt? Um það hefur verið deilt, hvort meiri hluti þeirra væri með eða móti þessu máli. Undir búnaðarfélögin hefur það ekki verið borið og ekki heldur búnaðarsamböndin, þar sem ég þekki til. Flm. hafa heldur ekki getað lagt fram neinar samþykktir frá búnaðarsamböndum eða búnaðarfélögum. En ég skora nú á þá að koma með þær og leggja þær fram á Alþingi, ef þær eru nokkrar til.

Ég hef ekki gengið lengra en það að lýsa því yfir, að allar líkur benda til þess, að meiri hluti bænda í Norðlendingafjórðungi sé andstæður þessu máli. Ég byggi það á þessum atriðum auk almennra viðræðna við bændur:

1) Á stéttarsambandsfundi í haust voru báðir fulltrúarnir úr Vestur-Húnavatnssýslu á móti þessu máli, annar fulltrúinn úr Austur-Húnavatnssýslu og annar fulltrúinn úr Skagafjarðarsýslu. Af 6 fulltrúum úr þessum þremur sýslum voru 4 á móti, en 2 með.

2) Á síðastliðnum vetri sendu bændafélögin úr Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslu harðorð mótmæli gegn þessu máli, og auk þess hef ég þær fregnir bæði bréflega og munnlega úr báðum Þingeyjarsýslum, að þar sé mikil andstaða gegn málinu.

Hv. þm. Borgf. færir það sem sönnun um vilja margra bænda í þessu máli, að gamlir búnaðarþingsmenn, sem því voru meðmæltir, hefðu sigrað í kosningum á s. l. sumri. Ég held, að þetta séu haldlaus rök. Á þetta mál mun lítið eða ekki hafa verið minnzt í þeim kosningum af þeirri einföldu ástæðu, að menn héldu það dautt, vegna þess að það var stöðvað á síðasta þingi fyrir atbeina minn og fleiri manna. Draugurinn var svo vakinn upp á stéttarsambandsfundi í september, þegar kosningar voru víðast afstaðnar. Það kom flestum úti um land á óvart.

Flm. þessa máls hafa brugðið okkur, sem erum því andvígir, um skort á víðsýni og frjálslyndi og þá einkum skort á stórhug og metnaðargirni fyrir hönd bændastéttarinnar. Meira að segja gekk hv. þm. Borgf. svo langt, að hann hótaði mér og 1. þm. Rang. með mikilli hegningu hér í lífi og annars heims, rétt eins og hann hefði ráð á æðri máttarvöldum. Hefur þetta að vonum orðið mikið hlátursefni og gott, ef það á ekki eftir að verða efni í leikritsþátt.

Ég verð nú að segja það, að ég ann þessum mönnum alls góðs hlutar og heiðurs fyrir sinn mikla stórhug og metnað og víðsýni. En skyldurnar verða þá að fylgja heiðrinum, og það ætti að vera auðvelt verk. Þeir þykjast hafa búnaðarþing í vasanum og Stéttarsamband bænda í hinum vasanum, jafnvel búnaðarsamböndin í hinum þriðja. Hví eru þeir þá að leita til Alþingis? Hví eru þeir að koma til okkar, sem þeir segja að bændur hafi ekki gefið umboð? Ég skal ekkert spilla því, að þeir geri það, sem þeir eiga að gera. Þeir eiga að njóta heiðursins og metnaðarins, og þeir eiga að innheimta sjálfir peningana hjá bændunum, þessum víðsýnu og frjálslyndu, þessum stórhuga og metnaðargjörnu mönnum, sem telja milljónahöllina meira virði en allt annað. Þeir geta notað búnaðarþingið og Stéttarsambandið. Þeir hafa þar frjálsar hendur og þurfa ekkert að miða við toll á afurðir. En þeir eiga að láta okkur, þessa þröngsýnu og

metnaðarlitlu, í friði. Engu af þessu skal ég mótmæla. Hinu mótmæli ég, og ég mótmæli því harðlega, að skattaálöguvald Alþingis sé notað til þess að kúga þann hluta bændastéttarinnar, sem er á móti þessu máli, til þess að leggja fram gegn vilja sínum háar fjárhæðir til greiðslu á þeim öfgum, sem hinir hafa stofnað til án heimildar.

Við skulum ekki fara lengra á hvoruga hlið en svo að gera ráð fyrir, að bændastéttin skiptist í jafna helminga um þetta milljónafyrirtæki. Þeir, sem eru hlaðnir grobbi, eins og hv. þm. Borgf., um sína víðsýni, frjálslyndi, stórhug og metnað, þeir eiga að njóta þess. En ofan á öll önnur sligandi útgjöld hafa þeir engan rétt til þess að fá því framgengt að kúga hinn helming bændastéttarinnar til þess að bæta enn milljónasköttum ofan á þann hallarekstur, sem ríkisvaldið er búið að setja landbúnaðinn í.

Mennirnir hafa til þess allan rétt að gera upp innanstéttar ágreiningsmál, þar sem það á við, bæði um þetta mál og önnur. En vald Alþingis á ekki að nota til þess að gera upp slík deilumál á þann hátt, að annar helmingurinn geti kúgað hinn, — ef ekki þá hitt, sem er allt eins líklegt, að minni hlutanum sé hjálpað til þess að kúga meiri hlutann. Á þessum grundvelli hef ég flutt mína rökstuddu dagskrá á þskj. 152. Og á þessum grundvelli vil ég mega vænta þess, að meiri hluti hv. þdm. samþykki hana.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 59. fundi í Nd., 20. jan., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 152 felld með 24:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJóh, IngJ, JPálm, KGuðj, EOl.

nei: PÞ, PO, PP, RH, SkG, StgrSt, SvbH, ÁÞ, ÁkJ, ÁB, BG, BBen, BÓ, EirÞ, EmJ, EystJ, GíslG, GÞG, TÁ, HS, HV, JS, LJós, ÓB.

MJ greiddi ekki atkv.

5 þm. (SÁ, GÍG, JóhH, KJJ, ÓTh) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 23:4 atkv.

2. gr. samþ. með 23:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23:4 atkv.

Á 60., 61., 62., 67. og 68. fundi í Nd., 22., 23., 26. og 30. jan., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Nd., 2. febr., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 75, 177).

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér brtt. við þetta frv. í tveim liðum. Brtt. er á þskj. 177. Fyrri liður er um það, að við ákvæði til bráðabirgða bætist ný málsliður, svo hljóðandi: „Gjöld þessi teljast með framleiðslukostnaði landbúnaðarvara, og skal tekið tillit til þess við verðlagningu þeirra.“

Vegna þess að við umr. um þetta mál hefur oft verið vitnað í Fiskifélagið og gjald, sem lagt hefur verið á útflutning sjávarafurða, þykir mér tilhlýðilegt að flytja brtt. í þessu formi, vegna þess að það er alls ekki sambærilegt, þetta búnaðarmálasjóðsgjald, nema till. í þessu formi verði samþykkt við frv.

Það er kunnugt, að verkamenn og sjómenn, sem vinna við sjávaraflann, borga ekkert af sínu kaupi vegna útflutningsgjaldsins. Það er einnig vitað, að þegar útgerðarmenn gera sínar kröfur og eru í samningum við ríkisstj. um verðið á afurðunum og styrkinn úr útflutningssjóði, þá er útflutningsgjald sjávarafurða reiknað þar með. Það eru þess vegna hvorki útgerðarmennirnir, sjómennirnir né verkamennirnir, sem borga útflutningsgjaldið úr sínum vasa.

Eins og frv. um búnaðarmálasjóð er, þá er það alveg ósambærilegt við það, sem gildir um gjald á útfluttar sjávarafurðir. Það verður sambærilegt, ef þessi fyrri tillöguliður minn verður samþykktur. Og ég vil minna hv. alþm. á það, að eins og frv. er nú, þá er beinlínis verið að taka vissan hundraðshluta af launum bænda. Það er tekið af söluverði afurðanna, eftir að búið er að verðleggja þær, og það eru bændurnir sjálfir, sem greiða þetta gjald, alveg í mótsetningu við það, sem gildir um útflutning á sjávarafurðum. Ég er dálítið undrandi yfir því, ef hv. Alþingi ætlar sér með lögum að lækka þannig kaupgjald bændastéttarinnar, án þess að hún hafi haft tækifæri til þess sjálf að lýsa skoðun sinni á því, hvort hún vill taka á sig þessa kröfu.

Ég hef til vara flutt till. á sama þskj., lið 2, þar sem segir svo: „Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal Búnaðarfélag Íslands hlutast til um, að fram fari um þau almenn atkvgr. í öllum hreppabúnaðarfélögum landsins. Þau taka gildi, ef meiri hluti þeirra bænda, sem þátt taka í atkvgr., er þeim samþykkur“.

Að sjálfsögðu er till. nr. 2 óþörf, ef fyrri liðurinn verður samþykktur, því að þá tel ég, að það sé ekki verið að leggja kvöð á bændur, þeir fái það bætt í verðlaginu, sem af þeim er tekið í útflutningssjóð. En verði fyrri liður till. felldur, tel ég ósæmandi annað en bændum verði með almennri atkvgr. í hreppabúnaðarfélögunum gefinn kostur á því að segja hug sinn allan í þessu máli.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta, en það verður eftir því tekið, hvort hér á Alþingi verður lögbundinn skattur á bændastéttina, án þess að hún fái hann að nokkru bættan, eða þá það, að þeim verði einnig meinað að segja til við almenna atkvgr. í hreppabúnaðarfélögunum um það, hvort þeir eru þessari skattlagningu samþykkir.

Frsm. meiri hl. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Það er búið að ræða svo mikið um þetta mál, að ég sé ekki ástæðu til að ræða það frekar. Ég vildi aðeins tjá deildinni, að

meiri hl. landbn. óskar eftir, að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það er.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Hv. 1. þm. Rang. (IngJ) hefur talað nokkuð oft í þessu máli. Og aðaluppistaðan í hans ræðum hefur verið sú, hvað meiri hl. landbn. og flm. þessa frv. vilji bændastéttinni illa, að þeir vilji leggja gjald eða skatt á bændurna, að mér skilst án þess að nokkur hlutur komi í staðinn fyrir þann skatt. Í hans augum er búnaðarfélagsbyggingin svo lítils virði, að hún er ekkert framlag á móti þessu ½%, sem hv. þm. hefur hér margsinnis rætt um. En þarna eru bændur að byggja yfir sínar stofnanir, Búnaðarfélagið og Stéttarsambandið, á nákvæmlega sama hátt og Fiskifélagið og ýmsar aðrar opinberar stofnanir, þannig að þeir, sem við landbúnaðinn starfa, hafi nokkurn veginn sambærileg kjör að þessu leyti. Á þennan hátt eru bændur að tryggja framtíð og rétt sinna samtaka í landinu og þar með að stuðla að eflingu landbúnaðarins, aukinni ræktun, byggingum og tækni, ásamt hagsýni í sölumálum og verðlagsmálum landbúnaðarins. Hér er um að ræða ½%, sem á að leggjast á seldar landbúnaðarafurðir á næstu 4 árum. En þetta telur hv. 1. þm. Rang. eftir.

En hvað gerði þessi sami hv. þm. fyrir nokkrum dögum? Hvað gerði hann ásamt fleirum? Ja, þá þurfti ekki hv. 1. þm. Rang. neitt umboð. Hann hafði af bændastéttinni með sinni handaupprétttingu hér í þingi um breyt. á lögum um niðurfærslu verðlags o. fl. nákvæmlega hliðstæða upphæð á hálfu ári og bændastéttin á samkvæmt þessu frv. að greiða á fjórum árum. Ég held, að þessum hv. þm. farist nú ekki mikið að segja. Þessi saga segir til sín. — Hann var að tala um það áðan, að það væri verið að hafa af launum bænda. En hvað gerði þessi hv. þm. þá? Ég held, að það sé bezt fyrir hann að segja sem minnst, því að svo ber er hann orðinn gegn sínum eigin orðum sjálfur í sínum aðgerðum hér á þingi.

Ég vil aðeins benda á þetta nú, en það er hægt að benda á ýmislegt fleira, og vafalaust mun ég gera það, ef frekara tækifæri gefst til.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Það var leitt, að hv. þm. Dal. (ÁB) sagði ekki fleira. Hann hefði átt að gera það. Og sem betur fer gefst honum tækifæri til þess hér á eftir, þegar hann er að tala um það, að ég með handaupprétttingu um daginn hafi gengið á móti hagsmunum bænda, ég hafi meinað þeim að fá á sjö mánuðum jafnháa upphæð og þeim er gert að greiða með þessu frv. um búnaðarmálasjóð á 4 árum. Ég ætla að segja þessum hv. þm. Dal., að það var ekki tækifæri fyrir nokkrum dögum að bæta fyrir þær syndir, sem Framsfl. ber ábyrgð á gagnvart bændastéttinni á þessum tveimur og hálfa ári, sem hann hafði stjórnarforustu. Og ég get gert það fyrir hv. þm. Dal., vegna þess að hann hefur sýnilega ekki gert sér grein fyrir því, hvernig vinnubrögð voru í garð bændastéttarinnar, að upplýsa hann um það, og við skulum ekki taka tvö og hálft ár, við skulum aðeins taka hálft ár, árið 1958.

Hvað gerðist þá? Hvað hækkaði dýrtíðin mikið? Það er einn mælikvarði, sem er alveg augljós, og það er það, að fiskverðið í landinu mun hafa hækkað í útsölu um 55%, ekki vegna þess, að fiskurinn hafi hækkað á útlendum markaði, heldur vegna þess, að kostnaðurinn við verkunina og öflun fisksins hafði hækkað sem þessu nemur, — aðeins 55%. Og þessa dýrtíð fengu útgerðarmenn bætta með því að hækka fiskinn á sama hátt og gert var. En hver var hlutur bænda? Hann var sá, að allar nauðsynjavörur bænda voru stórum hækkaðar í verði, brýnustu nauðsynjar, — sem þeir þurftu að nota til síns rekstrar. Þeir urðu að taka á sig alla dýrtíðina alveg á sama hátt og útgerðin. Bændur urðu að borga sama kaup sem gilti við útgerðina. En hvað fengu þeir í staðinn? Þeir munu fá 9—10% í afurðahækkun á s. l. ári að tilstuðlan framsóknarmanna, á meðan fiskurinn hækkar um 55% í verði, sem er framleiðsluvara útgerðarmanna og sjávarútvegsins. Ég ætla ekkert að fullyrða um það, nema útgerðin hafi þurft að hækka fiskinn svona mikið. Ég get alveg búizt við því, að hún hafi þurft þess. En hafi það verið, þá er ekki nóg fyrir bændur að fá 9—10% hækkun, þegar þeir taka á sig alla dýrtíðina hliðstætt útgerðinni. Það má þess vegna segja, að framsóknarmenn hafi stuðlað að því á síðasta ári að snuða bændur um 20—30% með því að leggja þennan háa skatt á allar brýnustu rekstrarvörur landbúnaðarins án þess að sjá um það, að bændum væri að nokkru leyti bætt í því eins og útgerðarmönnum. Og það er raunalegt, ef formaður hv. landbn. hér í Nd., þm. fyrir landbúnaðarkjördæmi, hefur ekki gert sér grein fyrir þessu. Og það er óforskammað af honum að vera að tala um það, að ég hafi níðzt á bændum með atkvgr. minni um daginn. Sannarlega mun verða gripið tækifærið og leiðréttur hlutur bændanna, þegar tími vinnst til. En það var ekki endilega augnablikið, þegar verið var að samþykkja lög um allsherjarlækkun á kaupgjaldi og niðurfærslu, að hækka við bændur. Og menn skulu taka eftir því, að það var ekki fyrr en farið var að ræða þetta frv., sem hv. framsóknarmenn orðuðu það að fá greidda þá kröfu, 2% af verði landbúnaðarvara, sem ekki var gjaldfallin fyrr en á næsta hausti. Það var ekki fyrr en þá. Af hverju beittu framsóknarmenn aldrei áhrifum sínum, á meðan þeir fóru með landbúnaðarmálin, til þess að bændur mættu leiðrétta afurðaverðið oftar en einu sinni á ári eða aðeins á haustin? Af hverju reyndu þeir aldrei að fá þessu breytt? Af hverju þurftu þeir að fara úr ríkisstj., til þess að hlutur bænda væri leiðréttur að þessu leyti? En eins og kunnugt er, þá er það nú komið í lög, að bændur mega leiðrétta verðlagið, hafi vísitalan hækkað um 2 stig eða meira. Framsóknarmenn

hafa reynt að gera mikið úr því, að það skuli vera bundið við 2 stig. En menn úr framleiðsluráði hafa sagt mér, að þeir óskuðu ekki eftir því að færa verðið til eða breyta því við hvert vísitölustig, það gæti orðið til þess, að það þyrfti að breyta verðinu við hver mánaðamót. Það getur líka orðið til þess, að ef vísitalan lækkaði um 1 stig, þá yrði að lækka vöruna, og framleiðsluráðið óskar ekki eftir því, að breyting á landbúnaðarverðinu gerist við minni tilfærslu á vísitölunni en þetta.

Þá er það einnig komið í lög, sem ekki hefur verið áður, að ef grunnkaup hækkar, þá geti bændur hækkað afurðaverðið. Það hefur ekki verið samþykkt að krefjast þess, að 2%, sem gjaldfalla á næsta hausti, væru greidd strax, einfaldlega vegna þess, að frv. miðaði að því að lækka verðlag og kaupgjald, og bændur bíða til haustsins með þessi 2%, enda þótt þeir hafi vissulega haft þörf fyrir hækkunina strax og það miklu meira, aðeins vegna þess að með dýrtíðarlögunum frá s. l. vori voru rekstrarvörur landbúnaðarins skattlagðar miskunnarlaust, án þess að það væri tryggt, að þeir fengju bætur á móti. Þetta er það, sem bændur vita, þetta er það, sem menn átta sig á og þreifa á, og það er þess vegna, sem bændur þakka framsóknarmönnum ekki fyrir frammistöðuna í landbúnaðarmálunum, á meðan þeir voru í stjórn. Það er ekki von á góðu, að framsóknarmenn vinni fyrir landbúnaðinn, ef skilningur flestra eða allra þeirra er eitthvað svipaður því, sem lýsti sér hjá hv. þm. Dal. hér áðan.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Hv. 1. þm. Rang. (IngJ) skaut sér algerlega undan markinu. Hann fór að ræða allt annað mál en hér er til umræðu, og þetta m. a. sýnir það bezt, hve hans aðstaða er veik. Hann veit það sjálfur, að hann hefur sjálfur vangert sinn hlut við landbúnaðinn núna fyrir nokkrum dögum, eins og einn maður frekast getur. Ég ætla ekki að fara að ræða núna frv. til l. um útflutningssjóð, en það mál verður á dagskrá hérna innan nokkurra daga, og þá skal ég ræða það, bæði varðandi landbúnaðinn og svo annað, sem hv. 1. þm. Rang. sagði í vor s. l., og ýmislegt annað í því sambandi.

Það hefur hvarflað að mér, hver ástæðan mundi vera fyrir því, að hv. 1. þm. Rang. er svona mikið á móti þessu frv. um þetta aukagjald í búnaðarmálasjóð. Ég held, að það eigi rætur sínar að rekja til þess, að þegar Stéttarsamband bænda var upphaflega stofnað, mun hv. 1. þm. Rang. ekki hafa viljað nein bændasamtök til að fara með verðlagsmálin í landinu, heldur hið gagnstæða, hann vildi hafa stjórnskipað búnaðarmálaráð. En ég er þeirrar skoðunar, að það sé höfuðhagsmunamál bændastéttarinnar að fara sjálf með sín verðlagsmál, eins og bændastéttinni er frekast auðið, og ég er líka þeirrar skoðunar, að til þess að svo megi verða, þá verði bændastéttin að hafa það gott húsaskjól fyrir þá, sem starfa að þessum málum, að það þurfi ekki að vera neitt til fyrirstöðu að því er þá hluti varðar.

Og það er nú að sýna sig og mun eiga eftir að sýna sig frekar í framtíðinni, að það mun vera meiri þörf á því fyrir höfuðstofnanir landbúnaðarins að verja sig og sína menn og vera betur á verðinum en kannske oft hefur verið fyrir mönnum með svipað hugarfar og hv. 1. þm. Rang. hefur, því að þegar hann heldur, að hann geti komizt upp með það að hafa af bændastéttinni jafnmikla peninga, svo að lítið beri á, þá dettur honum ekki í hug annað en gera það. En ef hv. 1. þm. Rang. heldur, að hann geti núið öðrum um nasir, að verið sé að hafa peninga af bændastéttinni, þá gerir hann það, þótt það sé vitað mál, að það hefur verið leitað til bændastéttarinnar og henni er þetta mál um búnaðarsjóðinn ljóst fyrir mörgum árum. En svo hefur þessi hv. þm. jafnháa, ef ekki hærri upphæð af bændastéttinni, og það á örskömmum tíma. Þessu er hann talsmaður fyrir. Honum datt ekki í hug annað en viðurkenna, að það væri réttlátt að setja bændurna skör lægra en aðrar stéttir í þjóðfélaginu, þegar um verðlagsmál er að ræða, því að með því að hv. 1. þm. Rang. tók þessa afstöðu um daginn, þá er hann sjálfur búinn að skipa bændunum skör lægra en öðrum stéttum. Og mér finnst, að hv. 1. þm. Rang. farist hvorki að núa bændastéttinni um nasir eða framsóknarmönnum innan bændastéttarinnar og þeim, sem hafa starfað í Stéttarsambandinu með verðlagsmál o. fl., að þeir hafi ekki staðið vel á verðinum, því að sjálfur stendur þessi hv. þm. ekki vel á verðinum, ef hann heldur, að hann geti gert eitthvað í laumi.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Mér nægir áreiðanlega athugasemd, því að hv. þm. Dal. sveikst um að segja meira, eins og hann var að lofa áðan. Hann sagði nefnilega ekkert nýtt og ekkert, sem raunverulega þarf að svara. Hann segir aðeins, að ég hafi hjálpað til þess að hafa af bændum það, sem þeim bar að fá. Vissulega hefði bændum borið miklu meira en þessi 2%, sem um var að ræða, en þau var ekki löglega hægt að krefja fyrr en í haust. Og hv. þm. Dal. og framsóknarmenn, á meðan þeir fóru með landbúnaðarmálin, létu það viðgangast, að bændur gætu ekki verðlagt vöru sína nema einu sinni á ári. Það var ekki leiðrétt, fyrr en þeir fóru úr stjórn. Hann segir, að bændur séu settir skör lægra en aðrir með þessum lögum. En hvers vegna stöðvuðu framsóknarmenn þá ekki þetta frv. í Ed., úr því að verið var að níðast á bændum? Þeir gátu fellt frv., en þeir gerðu það ekki. Þeir létu það líðast, að níðzt væri á bændum. Hver tekur svo mark á því, sem þessir menn eru að segja og fullyrða?

Hv. þm. segir, að ég hafi rætt um annað mál áðan en búnaðarmálasjóðinn. Þegar þessi hv. þm. er að núa mér því um nasir, að ég sé að níðast á bændum, þá getur hann ekki undrast það, þó að bent sé á þær augljósu

staðreyndir, sem fyrir liggja, að Framsfl. hefur snuðað bændur raunverulega um 20—30% með bjargráðalögunum á s. l. ári, með því að skattleggja brýnustu nauðsynjar bænda án þess að tryggja, að þeir fái það bætt, eins og t. d. útgerðin. Þetta liggur fyrir, og undan þessu geta hv. framsóknarmenn á engan hátt komizt. Og hv. þm. Dal. er svo blindur í sinni trú, að hann vill líkja fiskifélagsbyggingunni við búnaðarfélagshúsið. Hann gerir sér ekki grein fyrir því, að útgerðarmenn og sjómenn hafa ekkert borgað frá sjálfum sér í fiskifélagshúsið, heldur hefur það opinbera beinlínis byggt þetta hús. Hann gerir sér ekki grein fyrir því, að með þessu frv. er verið að setja bændur skör lægra en sjómenn og útgerðarmenn, því að þeim er gert með þessu frv. að greiða úr sínum vasa byggingarkostnaðinn.

Þá segir hv. þm., að með því að byggja þetta hús séu bændur að tryggja framtíð sína, félagssamtök og framfarir, ræktun og annað slíkt. Ja, skyldi nú ekki þessi höll, þegar hún kemur hér upp, auka ræktunina í sveitunum, skyldi hún ekki verða til þess að ýta undir nauðsynlegar framkvæmdir? Hvernig stendur á því, að hv. þm. Dal., bóndi og bóndasonur, er svona blindur á augljósar staðreyndir, — blindur á það, að verið er að flytja fjármagn úr sveitunum í hallarbyggingu hér í Reykjavík, verið er að leggja að óþörfu skatt á bændastéttina, vegna þess að það liggur fyrir og það hefur verið viðurkennt af forsvarsmönnum þessara mála, að Búnaðarfélagið og Stéttarsambandið hafa nóg fé í sjóði til þess að byggja stórhýsi hér í bænum, sem gerir miklu meira en nægja bændasamtökunum. Það liggur fyrir staðfest, að það er verið með þessu frv. að leggja nýjan skatt á bændur, af því að það á að byggja helmingi stærra hús en þörf er fyrir til þess að halda uppi sæmd bændastéttarinnar, til þess að geta leigt út verzlunarhús, sýningarsali, bókaherbergi og skrifstofuherbergi. Það er þess vegna, sem er verið að leggja á nýjan skatt, en ekki vegna þess, að það séu ekki peningar fyrir hendi með þeirri tekjuöflun, sem búnaðarmálasjóður nú hefur, til þess að byggja stórt og vandað hús yfir bændastéttina. Ég segi það, að ef hæstv. Alþ. vill ekki gera annað hvort, að taka þennan skatt inn í verðlagið eða bera málin undir bændur við almenna atkvgr. í búnaðarfélögunum, þá er verið að níðast á bændum, og það er Alþingi til skammar að afgreiða málið á þann hátt.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Ég sagði hv. 1. þm. Rang. það áðan, að ég ætlaði ekki að fara að ræða um frv. til l. um útflutningssjóð við hann hér á þessum vettvangi, vegna þess að það liggur fyrir á næstu dögum, að það mál komi til umræðu. En ég vil bara taka það fram, að hv. þm. heldur því fram, að bændastéttin sé einráð um það, hvers konar húsrúm hún byggir hér í höfuðborginni. En það er síður en svo, allra sízt við Hagatorg í Reykjavík, þar sem eru fyrirhugaðar eingöngu stórar byggingar. Og mikið má vera, ef þetta hús, þó að kannske verði einhverjir örðugleikar á að koma því upp í bili, á ekki eftir að borga sig í framtíðinni. Það getur stundum borgað sig að láta nokkrar krónur til félagsmála, því að þær koma venjulega margfaldar þaðan aftur og miklu frekar en þótt maður notaði þær til einhverra smávægilegra hluta heima fyrir. Og ég held, að hv. 1. þm. Rang. hljóti að hafa komið auga á það, að ræktun, bæði í Rangárvallasýslu og annars staðar á landinu, væri ekki jafnmikil, ef Búnaðarfélag Íslands hefði ekki á sínum tíma haft þá aðstöðu, sem það hefur nú, hefur haft og mun vonandi hafa í framtíðinni. Og það er með þessi félagssjónarmið fyrir augum, sem við, er stöndum að þessu frv., viljum, að það nái fram að ganga, því að við vitum, að það, sem verður lagt af mörkum af hálfu bændanna til þessara mála, kemur margfaldlega til þeirra aftur.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að benda hér aðeins á eitt atriði, sem hefur verið dregið fram af hv. samþingismanni mínum með svipuðum röksemdafærslum og hann venjulega hefur. Það er það, að bændur hafi verið skaðaðir mjög með því, að þeir hafi ekki fengið bættar upp verðhækkanir, sem urðu á fóðurbæti og áburði. Með þessum áróðri, sem hann er búinn að reka lengi austur í Rangárvallasýslu og sjálfsagt víðar, er hann búinn að stórskaða marga bændur, ég gæti trúað jafnvel eins mikið og það framlag, sem bændurnir hér óska sjálfir eftir í sínum samtökum að leggja fram til sinna framfara.

Ég mundi ekki vera með þessu frv. nema vegna þess, að samtök bændanna, bæði á búnaðarþingi og stéttarsambandsþingi, hafa eindregið samþykkt þetta. Þau óska að leggja þetta á til sinna eigin framkvæmda. Það er ekki verið að taka neinn skatt til almenningsþarfa. Það er sá mikli munur, sem er á að skattleggja sjálfa sig til þess að gera framkvæmdir fyrir sjálfa sig ellegar fá skatta á sjálfa sig til þess að borga til allt annarra hluta. Þetta á ekkert skylt, ekki hið allra minnsta.

En það, sem ég ætlaði aðallega að minnast á, var áróður hv. þm. um, að það hefði verið haft af bændum stórlega, þar sem þeir hafi ekki fengið að hækka afurðaverð fyrir hækkun áburðar- og fóðurbætiskaupa. Þetta er rangt. Það er alveg jafnhagstætt fyrir bændur að kaupa fóðurbæti núna og var s. l. ár, alveg jafnhagstætt, því að það er búið að taka allan áburðinn, sem fluttist inn á þessu verðlagi, og líka fóðurbætinn og setja hann inn í verðlagsgrundvöllinn, og þeir fá hann í hækkuðu verði á vöru. En einmitt fyrir þennan misskilning og þennan áróður, sem hv. þm. hefur rekið, hafa sumir bændur hætt að kaupa fóðurbæti og hafa bakað sér stórtjón af því. Og meira að segja nokkrir hafa komið til mín og sagt frá þessum hlut. Nei, það þarf helzt að segja bændum rétt frá og

hverjum sem er, ef maður er að starfa fyrir þá. (Gripið fram í.) Það er leitt að þurfa að vera yfirleitt og það við samþingismann sinn að leiðrétta slíkan skakkan málflutning, sem hefur verið hafður. Mér leiðist það, því að mér er heldur vel við manninn. Þó að ég þekki vel, hvernig hann hagar sínum vinnubrögðum, þá hefði ég heldur viljað leiða hann á rétta leið í þessu en hann væri áfram að skaða bændurna með skökkum málflutningi. Það er þeim engu síður hættulegt en að greiða atkvæði með því, að þeir skuli vera annars flokks menn í kjörum gagnvart hinu opinbera. Það er þeim engu síður skaðlegt. Að flytja þeim skakkan málflutning um þeirra eigin hagi er stórkostlegur háski, bæði fjárhagslegur og efnalegur og líka félagslegur fyrir bændurna, og það hefur verið gert í þessu.

Það verður ekki um deilt, að það eina, sem hægt er að segja að bændurnir hafi ekki fengið bætt, sé frá 1. júní, eftir að lögin gengu í gildi, fram til 1. sept., þ. e. a. s. þeir bændur þá, sem nota fóðurbæti á sumrin. Hver mælir með því, að þeir eigi að gera það? Ekki ég. Ég hef aldrei gert það, og ég hef engum ráðið til þess. Þegar búið er að leiðrétta verðlagsgrundvöllinn, eru þeir búnir að fá alveg nákvæmlega sömu aðstöðu með þetta og áður. Þetta er svo augljóst mál, að mig furðar á því, að nokkur þingmaður skuli bera slíkar firrur fram eins og hér hefur verið rætt um.

Ég ætla að geyma mér að tala um úflutningssjóðinn, þangað til hann kemur til umr., en ég skal minnast á það þá, þar sem það hefur átt sér stað líka núna í sambandi við niðurgreiðslurnar og aðstoð til bændanna þar, hvernig farið hefur verið að. Það er ekki aðeins, að þeir hafa verið skaðaðir um margar milljónir, heldur hefur þeim verið sýnd vanvirða, og það sviður mig miklu meira, og ég veit, að bændunum sárnar það líka, að þeir fá ekki að sitja við sama borð og aðrar stéttir í þjóðfélaginu. Ég býst við, að öllum sé vandara jafnvel um heiður sinn en peninga nema einstaka manni.

Ég skal ekki fara mörgum orðum um þetta, að ekki mátti heldur fara með réttar tölur um það. Þetta er eins og vant er ævinlega, og ég má sjálfsagt leiðrétta það nokkrum sinnum, áður en lýkur, hvað bændur hafi fengið að hækka. Þegar hækkun þeirra launa gekk í gildi í fyrra, hækkuðu þau strax fyrir kostnaði. (Gripið fram í.) Þau hækkuðu strax fyrir kostnaði sínum, en því er sleppt. Og þeir hækkuðu ekki um 10%, heldur hækkuðu þeir — að ég held — um 12% í verðlagsgrundvellinum í haust, og með því hvoru tveggja áttu þeir að vera komnir nokkurn veginn jafnhliða, ef ekki yrðu aðrar breytingar.

Það er þessi óvandaða málsmeðferð, sem er umbjóðendum og öllum í landinu stórháskaleg, að geta ekki einu sinni farið með réttar tölur eða skýrt rétt frá, hvernig mál standa fyrir þá, sem eiga að njóta eða búa að þeim ákvæðum, sem sett eru. Að villa mönnum sýn, það er ekki starf okkar þm., það á heldur að vera að skýra sem bezt hlutina fyrir mönnum.

Þetta búnaðarmálasjóðsgjald er eftir ósk samtaka bændanna sjálfra til þeirra eigin framkvæmda og á ekkert skylt við það, sem haft hefur verið af þeim á öðrum sviðum og með annarri löggjöf og hv. samþm. minn því miður hefur stuðlað að, að þeir hafa orðið að búa við, eins og við afgreiðslu laganna um niðurfærslu verðlags og kaupgjalds.

Frsm. minni hl. (Jón Pálmason): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls gerði ég það glögga grein fyrir minni afstöðu til þess, að ég þarf ekki mikið að endurtaka af því, sem ég sagði þá, því að afstaða mín í því efni er algerlega óbreytt við það, sem þá var. En það kom í ljós við þá atkvgr., að það var verulegur meiri hl. hv. þdm. með því að samþykkja þennan milljónaskatt, sem með þessu frv. á að leggja á bændastéttina, og þá verðum við náttúrlega, sem í minni hl. erum, að hlíta því. En ég mun greiða atkv. með till. hv. 1. þm. Rang. um það, að þetta gjald sé tekið inn í verðlagið, til þess að í því sé samræmi við það, sem gerist hjá sjávarútveginum. Og verði sú till. felld, sem mér þykir furða ef verður eftir það, sem á undan er gengið, þá mun ég greiða atkv. með hans síðari till., enda þótt betra hefði verið að komast hjá því að fara að vísa þessu máli heim í búnaðarfélögin.

En út af þessu kvaddi ég mér nú ekki sérstaklega hljóðs, heldur vegna þess, að hér hafa verið dregin inn í þetta mál önnur stærri atriði varðandi hag og aðstöðu íslenzku bændastéttarinnar, og það skýtur heldur skökku við frá því, sem áður hefur verið, þegar hér rísa upp tveir framsóknarmenn, sem hafa staðið að því, hvernig hefur verið búið að bændastéttinni á undanförnum árum í verðlagi, og koma nú úr allt annarri átt og með mikilli kröfuhörku að því er virðist, þegar þeirra flokkur er kominn úr ríkisstj.

Ég hef verið þeirrar skoðunar lengi og einkum síðustu árin, að verðlag landbúnaðarvara, þó að mörgum þyki það hátt, þá sé það langt frá því að svara þeim tilkostnaði, sem við framleiðsluna er, og oft hafi verið misbrestur í því efni hvað verðlag snertir, þannig að það væri hægt að reka landbúnaðinn hallalaust. Þó tók alveg steininn úr í því efni haustið 1957, þegar eftir 2 ára verðhækkanir, ný launalög með gífurlegri hækkun, stórhækkun á öllu kaupgjaldi og annað, þá var verðgrundvöllur landbúnaðarafurða aðeins hækkaður um 1.8%. Meira hnefahögg hefur aldrei verið rétt til íslenzkra bænda en þá var gert. Þetta var að vísu nokkuð leiðrétt á síðasta hausti og þó engan veginn nóg til þess að fullnægja því, sem fullnægja þarf, að rekstur landbúnaðarins geti verið hallalaus. Og svo er það náttúrlega að athuga, sem eðlilegt var að margir héldu fram þá eftir alla hækkunina, að það er okkur bændum ekki nóg og engan veginn trygging fyrir öruggri afkomu,

þó að verðið sé alltaf hækkað, því að salan er ekki örugg fyrir því. Ef salan væri örugg á framleiðslunni með eðlilegu verðlagi, væri náttúrlega ekki um neitt að sakast.

En af því að þetta mál var dregið inn í þessar umr. sérstaklega varðandi þá till., sem var hér til meðferðar á dögunum snertandi frv. um niðurfærslu verðlags og kaupgjalds, þá verð ég að taka það fram, að ég taldi, að þessar misfellur, stórkostlegu misfellur, sem hafa verið á verðlagsgrundvelli landbúnaðarafurða, að það væri ekkert tækifæri til þess að leiðrétta þær í sambandi við það frv., — frv., sem er eiginlega fyrsta alvarlega og heiðarlega tilraunin, sem gerð er til þess að stöðva dýrtíðarskrúfuvitleysuna, sem vísitalan hefur orsakað og er hér allt að keyra í kaf. Og það var alveg réttilega skýrt hjá hæstv. forsrh., að ef væri farið inn á það að ætla sér að fara að leiðrétta verðgrundvöll landbúnaðarvara með þessu frv., þá væri þessu máli ýtt út á hála braut og þá færi allt spilið úr böndunum. Hitt var þó talsvert verulegur vinningur frá því, sem áður hafði verið, að í því frv. er ákveðið, að það megi þó breyta verðlagi landbúnaðarvara 4 sinnum á ári, sem aldrei hefur áður verið. Og sú aðferð var ákveðin varðandi afurðir sjávarútvegsins. Það má náttúrlega segja, að hvort tveggja sé ekki sem allra skynsamlegast, ef litið væri á það frá sjónarmiði þjóðfélagsheildarinnar, að útfæra vísitöluvitleysuna alveg yfir framleiðsluna líka. En ég var ekkert hikandi við að greiða þessu atkv., því að ég álít það eitt bezta ráðið til þess, að þessi höfuðvitleysa íslenzkra fjármála springi algerlega sjálf. Og ef það hefði verið búið að koma þessu á fyrir 10 árum, þá væri þessi sápukúla vitleysunnar áreiðanlega sprungin fyrir löngu, því að þá væri ekki hægt, eins og gert hefur verið ár eftir ár með öllum skattahækkunum og launahækkunum, að níðast jafnmikið á framleiðslunni til sjávar og sveita og gert hefur verið og koma því til leiðar, að það er ómögulegt að reka hana nema með svo miklum halla, að það verði að bjarga því með mörg hundruð millj. framlögum frá því opinbera.

Þetta vildi ég taka hér fram að gefnu tilefni, að ég greiddi atkv. gegn þeirri till. á þeim grundvelli, að það væri með öllu óverjandi að ætla sér að eyðileggja tilraun hæstv. ríkisstj. með því að fara að setja inn í það sprengitillögur, enda þótt á því væri full þörf að leiðrétta hinn fyrri verðlagsgrundvöll og þótt það verði að gerast.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka þátt í þessum umr., sem eru orðnar alllangar, enda þótt oft hafi gefizt tækifæri til þess, þar sem inn í þetta mál hefur verið dregið stórpólitískt mál. En af vissum ástæðum höfum við samt ekki farið inn á þá braut, framsóknarmenn, að fara út í almennar umr. í þessu sambandi. En þegar þau tækifæri hafa verið margendurtekin, er nokkur ástæða til þess.

Um málið í heild vil ég segja það, að ég tel það skyldu mína sem fulltrúa úr sveitakjördæmi að fylgja þessu frv., þar sem landssambönd bændastéttarinnar, bæði Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda, hafa með miklum meiri hluta óskað eftir því, að þetta mál næði fram að ganga, og hefur af hálfu flm. verið gerð svo glögg grein fyrir málinu í heild, að ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það.

Ég hélt því, að það væri þess vegna ekki ástæða til fyrir hv. 1. þm. Rang. að fara að ræða meira um samanburð á húsi Fiskifélagsins og Búnaðarfélagsins, því að svo skörulega hrakti hv. þm. Borgf. þessa firru hv. 1. þm. Rang. um daginn, að það hefði átt að nægja honum.

En í tilefni af till. á þskj. 177 vildi ég mega spyrja hv. þm. A-Húnv., forseta Sþ., hvað hann segði nú um virðingu þessarar ágætu stofnunar, ef lög ættu því aðeins að taka gildi, að þau væru samþ. við almenna atkvgr., eftir að þau hefðu verið afgr. hér frá hæstv. Alþ. Mér sýnist nú, þrátt fyrir það að ég kunni ekki nema takmörkuð skil á afgreiðslu mála hér á hæstv. Alþ., þar sem ég hef átt hér stutta setu, að hér væri þó farið inn á braut, er mundi vera hæpin, og ég held, að þessi virðulegi forseti ætti ekki að standa að því, að svo yrði gert.

Út af því, sem þeir hv. þm., bæði hv. 1. þm. Rang. og hv. þm. A-Húnv., segja um verðlag á landbúnaðarvörum, vil ég bara segja það, að um verðlagningu á landbúnaðarvöru giltu lögin um framleiðsluráð frá 1947. Þar hefur engu verið breytt og á engan hátt verið gengið á rétt bændanna. Og ég vil segja það, að stjórn Stéttarsambands bænda og framleiðsluráðið hafa kunnað til þessa að fara svo giftusamlega með mál bændastéttarinnar, bæði þessi haust og önnur, að það er ástæðulaust að vera að sneiða að þeim hér á hv. Alþ. Ég vil líka segja það, að tvö s. l. haust hefur betur verið séð fyrir kostnaði við útsölu landbúnaðarvara en gert var áður, svo að hið raunverulega verð mun vera nær því að nást þessi síðustu haust en áður vegna þessa ákvæðis. Þetta atriði olli nokkrum deilum í fyrrv. ríkisstj., eins og mönnum er kunnugt um, en það er sízt ástæða til fyrir þá, er telja sig fulltrúa bændastéttarinnar, að fara að ásaka þá, sem fyrir því stóðu að fá þetta leiðrétt.

Þá vil ég í sambandi við það, þegar þessir hv. þm. eru að tala um, að nú eigi í fyrsta sinn að verðleggja oftar en einu sinni á ári, benda á, að það er í beinu sambandi við það, að þetta er gert við sjávarútveginn, sem ekki hefur verið áður, og var þess vegna eðlilegt, að þetta fylgdist algerlega að, en væri ekki sett sem undantekningarákvæði, eins og gert hefur verið í samþykkt á l., sem afgr. voru hér fyrir helgina.

Ég vil svo segja það í sambandi við það, sem hv. 1. þm. Rang. kastaði hér fram, að við framsóknarmenn lýstum því yfir við afgreiðslu frv. um niðurfærslu verðlags og kaupgjalds, að við mundum ekki fara að taka upp þá óábyrgu stjórnarandstöðu, sem flokkur hv. 1. þm. Rang. hafði hér, þegar fyrrv. ríkisstj.

sat að völdum, og þess vegna mundum við ekki spilla fyrir framgangi málsins, jafnvel þó að málið hefði ekki fengið þá afgreiðslu, sem við óskuðum. Þeim var það ekki of gott, þessum herrum, að taka það til baka, sem þeir höfðu lagt á sig að koma hér fram til þess eins að fella fyrrv. ríkisstj. Og það var bezta sönnunin fyrir þeirra vinnubrögðum, að þeir skyldu nú sjálfir fara með það heim.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég skal nú ekki fara að taka hér upp í sambandi við þetta mál almennar umr. um verðlagsmál landbúnaðarvara né heldur umr. almennt um efnahagsmálaráðstafanir fyrri eða síðari ríkisstj., heldur langaði mig til þess að segja aðeins örfá orð um málið sjálft, eins og það liggur fyrir, meira til þess að skýra afstöðu mína til málsins.

Þegar frv. þetta var hér til 2. umr., greiddi ég ekki atkv. um rökst. dagskrána, sem þá lá fyrir, þess efnis, að frv. væri vísað frá með skírskotun til þess, að almenn atkvgr. um efni þess hefði ekki farið fram innan búnaðarfélaganna eða búnaðarsambandanna víðs vegar um allt land. En að öðru leyti tók ég ekki afstöðu til málsins þá efnislega.

Ég skal taka það fram, að það er að minni hyggju mjög mikið álitamál, hvort fært sé að leggja þær kvaðir á bændastéttina, sem hér er gert ráð fyrir í sambandi við þessa húsbyggingu. En það út af fyrir sig getur þó ekki ráðið afstöðu manna hér til þessa máls, vegna þess að atvikin að öðru leyti eru þess eðlis, að það verður að líta á þetta frá nokkuð öðrum sjónarhóli einnig. Það má auðvitað segja sem svo, að það gjald, sem nú er greitt í búnaðarmálasjóð og rennur til umræddrar húsbyggingar, sé nægilegt til þess að þoka þessari byggingu áfram. Það hafa verið deilur um það, hvort rétt væri að byggja það stórhýsi, sem hér um ræðir. Og það er engum efa bundið, að meðal bænda hefur verið mikill ágreiningur um þetta og margir verið því mjög andsnúnir að rétt væri að fara út í þessa framkvæmd. Hins vegar stöndum við andspænis því í dag, að það er byrjað á þessu húsi, og það er ekki um annað að ræða en reisa það, og þá er aðeins spurningin hin, hvort það sé skynsamlegt að draga þá framkvæmd helmingi lengur en auðið væri, ef eitthvað meira fé væri til þess lagt. Og ég hygg, að það liggi nokkuð ljóst fyrir, að ef það á annað borð þyki fært að verja meira fé til byggingarinnar, þá sé það öll skynsemi, sem með því mæli að reyna að koma húsinu sem fyrst upp og fara að hafa arð af því. Það er, að mínu áliti, fyrst og fremst skylda samtaka landbúnaðarins og þá sér í lagi Stéttarsambands bænda, sem fer með kjaramál bændastéttarinnar, að meta það í þessu efni, hvað bændastéttinni sé farsælast. Og enda þótt ég sé ekki reiðubúinn til þess að lýsa því yfir, að ég telji í öllum tilfellum, að það hljóti ætíð að vera rétt, sem þau virðulegu samtök gera, þá hygg ég samt, að það sé nokkuð erfitt um vik í afstöðu til þessa máls að byggja á öðru en þeirri samþykkt, sem þar liggur fyrir. Hefði þar verið um að ræða samþykkt, þar sem hefði verið lítill munur atkv., finnst mér, að það hefði ekki getað verið afgerandi um það, að menn hefðu átt að ljá fylgi sitt við þá ósk, sem hér er fram borin af hálfu þessara samtaka og búnaðarþings. En þar sem hins vegar svo yfirgnæfandi meiri hluti fulltrúa á þessari stéttarsamkundu og einnig á búnaðarþingi hefur óskað eftir því, að Alþingi veitti brautargengi sitt til þessarar ráðstöfunar, þá verð ég að lýsa því sem minni skoðun, að ég tel illgerlegt að neita að ljá máls á því að veita það samþykki til þess, sem hér er farið fram á. Það er yfirleitt venja, þegar um er að ræða óskir frá stéttarsamtökunum í ýmsum efnum, bæði frá útvegi, iðnaði og annars staðar frá, að það er byggt á því, sem heildarsamtök þessara aðila leggja til, því að í flestum tilfellum er mjög erfitt um vik og nærri ógerlegt að efna til allsherjar atkvæðagreiðslu um það, hvað gera skuli í þeim tilteknu efnum.

Ég er því þeirrar skoðunar, að eins og þetta mál liggur fyrir hér, sé ekki fært að neita að verða við þeim tilmælum, sem þessir fulltrúar bændastéttarinnar bera fram, og sé hér óhæfilega að bændastéttinni gengið með álögur, þá hljóti að vera á ábyrgð þessara samtaka að meta það, því að þau hljóta bezt að vita um það sjálf.

Með hliðsjón af þessum atvikum málsins mun afstaða mín markast hér við lok afgreiðslu þess í þessari hv. d. En ég vil jafnframt lýsa því yfir, að ef það sýnir sig, að slík ákvörðun hafi almenna andúð bændastéttarinnar, þannig að það komi síðar fram, enda þótt þessi samþykkt hafi hér verið gerð og lögfest, miðuð við þetta tiltekna árabil, þá tel ég það ekki útiloka, að þessi heimild yrði úr gildi numin fyrir þann tíma. En eins og sakirnar standa í dag með hliðsjón af því mikla meirihlutafylgi, sem þessi ákvörðun hefur innan þessara samtaka landbúnaðarins, þá sé ég ekki, að það sé frambærilegt að neita að fallast á afgreiðslu málsins í því formi eins og það liggur hér fyrir, en þessi stéttarsamtök verði að svara til saka fyrir bændastéttina um þessa ráðstöfun, ef það þykir sakarefni, þó að þetta mál verði lögfest hér.

ATKVGR.
Brtt. 177,1 felld með 19:2 atkv.
Brtt. 177,2 felld með 16:6 atkv.
Frv. samþ. með 16:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 62. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 64. fundi í Ed., 5. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Á 78. fundi í Ed., 3. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 75, n. 292, 294).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa langa framsögu fyrir þessu máli, mönnum er það svo kunnugt. Ég skal minna á það, að málið er um það eitt, hvort bændasamtökin í landinu eigi að fá stuðning ríkisvaldsins í því og leyfi til þess að leggja ½% viðbótargjald á þeirra söluafurðir og renni það í búnaðarmálasjóð, sem aftur greiði það til Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélagsins til húsbyggingar hér í Reykjavík yfir sína starfsemi. Þetta er efni frv.

Ég skal minna á það, að 1946 var samþ. að leggja sams konar gjald á sjávarútveginn og láta ⅛% af því renna til húsbyggingar fyrir félagsstarfsemi hans. Það var síðan hækkað árið eftir upp í ¾% og seinna upp í 2%, og fyrir það hefur verið byggt hús yfir Fiskifélag Íslands og starfsemi þess.

Ég skal minna á það, að bannað er að breyta íbúðarhúsnæði í Reykjavík til annarrar notkunar. En þörfin fyrir húsnæði fyrir félagsstarfsemi einstakra félaga hefur verið það mikil, að Alþingi hefur tvívegis leyft að breyta íbúðarhúsnæði og taka það undir félagsstarfsemi félaga, og núna á þinginu munu liggja fyrir eitt eða tvö frv. um það sama.

Allt þetta sýnir, að félagsstarfsemin í ýmsum myndum og hjá ýmsum stofnunum og félögum hefur brýna þörf fyrir það að hafa hús fyrir sína starfsemi. Þegar Búnaðarfélag Íslands var stofnað 1899, hafði það vitanlega ekkert húsnæði. Þá gaf frú Þóra Melsteð þá lóð, sem félagið síðan byggði á hús, sem þá þótti ákaflega mikið ofviða fyrir starfsemi félagsins, enda var það þá, allt nema 2 stofur, leigt út til annarrar starfsemi. Meðal annars voru þar efnarannsóknarstofur ríkisins á annarri hæðinni um margra ára skeið. En starfsemin hjá Búnaðarfélaginu hefur smám saman færzt í aukana eins og hjá öðrum félagsstofnunum í landinu yfirleitt, og þetta hús, sem ekki var notað nema hér um bil að einum fjórða, þegar það var byggt, af Búnaðarfélaginu sjálfu, og þó ekki einu sinni 1/4, það er nú orðið svo lítið, að Búnaðarfélagið er með leiguhúsnæði á þrem stöðum úti í bæ, og býr þó alls staðar við svo þröngar aðstæður, að það stendur því fyrir þrifum.

Bændasamtökin, sem eru „representeruð" hér af búnaðarþinginu, þar sem sitja 25 menn kosnir af búnaðarsamböndunum, hefur óskað eftir því með mikið til samhljóða atkv, — það voru 2 á móti, — að lög um þetta efni yrðu samþykkt og bændunum gert kleift að innheimta þetta gjald hlutfallslega jafnt af bændum eftir því, hvað framleiðsla þeirra væri mikil. Það er það, sem í frv. felst. Það er borgað af framleiðslunni, ½% af henni, og kemur þess vegna jafnt niður á þá, miðað við, hvað framleiðslan er mikil. Stéttarsambandsfundur bænda á s. l. sumri tók svo málið líka fyrir og samþykkti með shlj. atkv. móti 8 að mæla með því, að frv. væri samþykkt. Þetta eru æðstu samtakastofnanir bændanna, annars vegar á faglega sviðinu og hins vegar á stéttarsambandssviðinu, og sýnir þetta þess vegna greinilega hug þeirra. Það, sem frv. fer svo fram á, er ekki annað en þetta, að Alþingi leyfi þeim með lögum að jafna gjaldinu niður eftir sölumagni hvers eins og rukka það þannig inn.

Við erum sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt, en einn nm. er með fyrirvara og gerir grein fyrir honum, þar sem hann flytur brtt. við frv.

Ég skal ekki hafa þessi orð lengri, ég álít þess ekki þurfa. En þó kann að vera, að eitthvað gefi mér tilefni til að tala aftur.

Sigurður Ó. Ólafsson: Herra forseti. Ég hef ekki getað orðið sammála meðnm. mínum í landbn. um afgreiðslu þessa máls. En það er um það, eins og hv. frsm. landbn. gerði áðan grein fyrir, að á árunum 1958—61, að báðum meðtöldum, þ. e. í fjögur ár, skuli greiða ½% viðbótargjald af söluvörum landbúnaðarins og það gjald skuli renna til Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda og því varið til að reisa hús félaganna við Hagatorg í Reykjavík. M. ö. o.: það á að taka 1½—2 millj. króna á ári í fjögur ár af brúttóverði seldra landbúnaðarvara, hvort sem í hlut eiga ríkir eða fátækir bændur. Þetta er m. ö. o. nokkurs konar veltuskattur á seldar vörur, hvort sem sá, sem gjalda skal, hefur efni til þess eða ekki. Og síðan á að verja þessu fé til að flýta byggingu stórhýsisins við Hagatorg, — ég segi flýta og kem að því síðar.

Sú bygging, sem hér um ræðir, er um 1000 m² að flatarmáli, sjö hæðir auk útbygginga og getur orðið 25 þús. m³. Þessar upplýsingar gaf 1. flm. frv. í Nd., hv. 1. þm. Skagf. Ekkert liggur fyrir með vissu um það, hvað húsið muni kosta uppkomið, en það er talað um 20, 25 eða 35 millj. kr. Allt er í óvissu, hvað þetta verður mikil upphæð.

Í grg. fyrir frv. á þskj. 75 er lýst þörf Búnaðarfélags Íslands fyrir aukið húsrými. Þetta minntist frsm., hv. 1. þm. N-M., einnig á í sinni ræðu, starfsemi félagsins sé orðin svo umfangsmikil, en húsakynni gömul og lítil, að til vandræða horfi. Þetta viðurkenna allir að hafi við rök að styðjast, og allir, sem eru kunnugir þessum málum, vita það.

Þá er einnig bent á, að Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda höfðu fyrir nokkrum árum komið sér saman um að reisa í félagi hús fyrir starfsemi beggja þessara samtaka bændastéttarinnar. Nú er svo komið, að byrjað er á þessu húsi og búið að ákveða stærð þess og staðsetningu og annað slíkt. Þegar mál þetta er rætt og athugað, er eðlilegt, að spurt sé, hvort nauðsynlegt sé að byggja svo stórt sem hér á að gera. Eins og ég gat um, er hér um að ræða hús, sem er mikið stórhýsi, 1000 m², 7 hæðir og allt að 25 þús. m³. Það er viðurkennt, að bændasamtökin þurfa ekki á þessu húsrými að halda til sinna nota. Það hefur komið fram t. d., að gert er ráð fyrir, að á neðstu hæð verði verzl-

anir, veitinga- og sýningasalir. Gefur auga leið, að annaðhvort verður að selja þessa hæð eða leigja hana út, og svo mun verða um meira af húsinu, þegar allt er komið upp.

Það er af þessu ljóst, að þörf bændasamtakanna fyrir húsnæði krefst ekki þessa stórhýsis, enda hefur komið fram, að það liggur annað á bak við það, hvernig húsið er byggt og hvað það á að vera stórt og rúma mikið, — það liggur á bak við það, að staðurinn, sem það er staðsett á, gerir þessa kröfu eða skipulag þess staðar gerir þá kröfu til hússins, að þannig skuli það byggjast.

En hvað um það. Húsinu hefur verið valinn þessi staður, og það hefur verið gengið að þeim skilyrðum, sem honum fylgdu, og það hefur einnig verið byrjað á húsinu. Og ég er samþykkur þeim mönnum, sem halda því fram, að það verði ekki aftur snúið, enda er það ekki hugmynd mín, að hætt verði við þessa byggingu, og ég get sem sagt tekið undir með þeim mönnum, sem þannig líta á málið, og mig grunar, að sumir af þeim fylgi þessu máli vegna þess, að þeir hafa opin augu fyrir því, að á þessari braut er ekki hægt að snúa aftur, úr því sem komið er.

En það er annað, sem ég hef við þetta að athuga, og skal ég þá vekja athygli á því fyrst, hvort nauðsynlegt sé og rétt að skattleggja bændur á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir, til þess að koma húsinu upp í því formi, sem hugsað er. Það má geta þess hér, að raddir hafa komið fram frá einstökum bændum og bændasamtökum, þar sem skattlagningu þessari er harðlega mótmælt. Bent er á, að leita hefði átt eftir vilja bænda, áður en málinu var ráðið til lykta og flutt inn á Alþingi, en það hefði ekki verið gert. Ég segi, að þessu er haldið fram, bæði af einstaklingum og bændasamtökum, síðan þetta mál kom til meðferðar hér á Alþingi, og skal þetta sjónarmið fyllilega viðurkennt, því að auðvitað var auðvelt að bera málið upp í hreppabúnaðarfélögum landsins, áður en aðalfundur Stéttarsambands bænda var haldinn í byrjun september s. l., en þar var samþykkt till. um að fela stjórn sambandsins að koma þessu máli áleiðis. Og með því að bera þetta undir hreppabúnaðarfélögin mátti fá úr því skorið, hver vilji bændanna væri yfirleitt í þessu máli. Ef hann hefði verið jákvæður, þá væri ekki um nein eftirköst að ræða. En vegna þess, að þetta var ekki gert, nema þá með örfáum undantekningum, hefur málið orðið að leiðindaþrætumáli, bæði hér á Alþingi og eins meðal bændastéttarinnar. Þessum staðreyndum verður ekki neitað.

Ég skal svo ekki gera það að umræðuefni, hve réttlátt það er, að bændur séu með lögum skyldaðir til að láta af hendi 1½—2 millj. kr. á ári af takmörkuðu rekstrarfé sínu og það fjárfest í húsbyggingu í Reykjavík. Það er mál út af fyrir sig. En ég vil víkja aftur að því, hvort þörf sé og nauðsyn á þessari skattheimtu. Eins og þegar er fram tekið, er húsbyggingin þegar hafin, kjallarinn hefur verið steyptur og lokið við fyrstu hæðina, — ja, mér er líklega óhætt að segja fyllilega að steypa hana með lofti yfir.

Þetta, sem lokið er við af húsinu, er greitt með peningum, sem til voru í byggingarsjóði, þegar verkið var hafið. Og eftir þeim upplýsingum, sem fengizt hafa, eru um 2 millj. kr. enn til í byggingarsjóði. Þá verða á þessu yfirstandandi ári vitanlega til ráðstöfunar þau árlegu tillög, sem Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsambandið leggja í byggingarsjóðinn. Ekki hef ég upplýsingar um, hvað það nemur mikilli fjárupphæð. En sýnilegt er af þessu, að byggingin er ekki nú eins og stendur í þeirri fjárþröng, sem ætla mætti, ef haft er í huga, með hve miklum ákafa mál þetta er rekið hér á hæstv. Alþingi. En nú skyldum við samt sem áður setja svo, að fyrirsjáanlegt væri, að byggingin stöðvaðist vegna fjárskorts síðar á þessu ári. En í því sambandi má benda á, að hús, stór og smá, hafa verið byggð hér í Reykjavík á þann hátt, að uppsteyptar hæðir þeirra, t. d. kjallarar og næsta hæð, hafa verið seldar eða leigðar með þeim skilmálum, að leigutaki taki að sér að sjá um innréttingu og kostnaður við það kæmi upp síðar í leigunni. Eftir því sem fram hefur komið, er húsið á einhverjum bezta og glæsilegasta stað hér í höfuðborginni. Þetta er viðurkennt og fram tekið við umr., sem fram hafa farið um þetta mál. Eru nú ekki einhverjir aðilar, sem nú þegar vildu tryggja sér athafnapláss, t. d. á neðstu hæð hússins, og greiða fyrir það nú þegar, þó að ekki væri nema um leigu að ræða? Væri þá ekki mögulegt á þann hátt að nota það fé, sem þannig fengist, til áframhaldandi byggingar á næstu hæð eða næstu hæðum? Ég minntist á þetta undir meðferð málsins í landbn., en meðnm. mínir hv. vildu ekki neitt um þessa hlið málsins ræða. En ég fæ ekki betur séð en að á þennan hátt væri hægt að koma húsinu áfram án þess að taka af bændum 2 millj. kr. á ári í næstu fjögur ár.

Ég kemst þá að þessum athugunum loknum að þeirri niðurstöðu m. a., að bændasamtökunum er nauðsyn á að fá viðunandi húsnæði fyrir starfsemi sína, að ekki er annað að gera en halda áfram með byggingu þá, sem þegar er hafin. Að þessu leyti er ég öðrum landbn.-mönnum sammála. En að mínu áliti liggur alls ekki fyrir, að nauðsynlegt sé að skattleggja bændur á þennan hátt, sem frv. gerir ráð fyrir, nú strax og í fjögur ár til þess að koma húsinu upp. Það mundi komast áfram upp án þess að innheimta þennan skatt. Eins og margtekið er fram, segir í frv., að á árunum 1958—61 skuli ½% gjald tekið af brúttóverði landbúnaðarvara. Það er í fjögur ár 1½—2 millj. kr. á ári. Samkv. því, sem ég þegar hef sagt, get ég ekki verið með frv. óbreyttu, en ég vil heldur ekki ganga algerlega á móti því, eins og komið er, eða leggja til, að það verði fellt. Ég flyt því brtt. á þskj. 294, þess efnis, að í stað þess að ákveða nú að taka þetta gjald í fjögur ár, verði það aðeins tekið í eitt ár, og að mínu áliti er það nokkru skaplegri afgreiðsla en að samþykkja frv. eins

og það liggur fyrir. Ef till. mín yrði samþykkt, mætti t. d. fyrir næsta aðalfund Stéttarsambands bænda leita álits hreppabúnaðarfélaga landsins um það, hvort framlengja bæri skattheimtuna í fleiri ár, og ef það þá sýndi sig betur en nú er, að það væri óhjákvæmilegt til að koma húsbyggingunni áfram, þá væri ekkert um það að segja. Ef meiri hluti félaganna samþykkti að greiða þetta gjald og slík samþykkt lægi fyrir næsta aðalfundi Stéttarsambands bænda, mundi öðruvísi horfa en nú gerir, kæmi málið aftur til kasta Alþingis.

En sem sagt, eins og málið stendur nú, er ekki að mínu áliti rétt, svo að ekki sé fastar að orði kveðið, að samþykkja frv. óbreytt. Ég mun því, ef brtt. mín verður felld, greiða atkv. á móti frumvarpinu.

Umr. frestað.

Á 79. fundi í Ed., 5. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Mér finnst hlýða að fara nokkrum orðum um málið almennt, sérstaklega vegna þess, hve fáir voru við í fyrradag, þegar við, ég og hv. 2. þm. Árn., ræddum um málið.

Ég vil nú leyfa mér að minna fyrst á það, að 1946 var rætt um það hér á Alþingi að setja útflutningsgjald á sjávarafurðir, og varð það að lögum 1947. Það frv. var flutt í neðri deild af sjútvn. eftir beiðni þáv. sjútvmrh., Jóhanns Jósefssonar. Þá var lagt visst prósent á allar útfluttar sjávarafurðir, og því var varið til ýmissa fyrirtækja, sem sjávarútveginum við kom, og 1/8 hluti af því var látinn ganga til að byggja hús yfir Fiskifélagið og starfsemi þess, en það átti þá milli 20 og 30 ára gamalt hús, sem var að verða of lítið.

Þetta gjald var síðan hækkað, bæði 1948 og 1957, smáhækkað og alltaf hluta af því varið til þessa húss. Enginn mælti þá á móti þessu. Enginn þm. mælti eitt orð um, að það væri óréttlátt að taka gjald af öllum útfluttum sjávarafurðum og verja því til að byggja við hús félagsins, enda þótt það væri ekki nema á milli 20 og 30 ára gamalt. Nú hefur þetta hús risið af grunni og risið af grunni sem framtíðarhús, því að til tíu ára eru tvær og hálf hæð í húsinu leigð — með tíu ára samningi. En fyrir það sama, af því að það hefur leigt það út til svona langs tíma fyrir ákveðið gjald, Fiskifélagið, þá hefur það fengið í gegnum þá leigu bæði fé til þess að standa undir viðhaldi hússins og gera því sjálfu miklu ódýrara að búa í því.

Nú er alveg á nákvæmlega sama hátt farið fram á það af bændanna hálfu að fá að leggja á sig gjöld, sem tekin séu alveg á sama hátt og þetta gjald af seldum landbúnaðarvörum, ekki bara útfluttum, heldur seldum landbúnaðarvörum, — það er sá munur, það er rétt: Fiskifélagið hefur fengið prósentur af útfluttum sjávarafurðum, en hér er ætlazt til, að það sé greitt af öllum seldum landbúnaðarvörum, og það er ætlazt til, að það sé ½%, eða ekki eins hátt og núna er lagt í húsið til Fiskifélagsins af útfluttum sjávarafurðum. Munurinn er líka sá, að þegar var ákveðið á Alþingi á sínum tíma að leggja svona til hússins handa Fiskifélaginu, þá lá ekki fyrir neitt um, að sjávarútvegurinn bæði um það. Það var bara sjútvmrh., sem flutti frv. og mun hafa stuðzt við almennt álit þeirra manna, sem að sjávarútveginum störfuðu, án þess að nokkuð sérstakt lægi fyrir um, að það væri þörf á því.

Núna aftur á móti liggur fyrir í fyrsta lagi, að meðan Fiskifélagshúsið var ekki nema 20—30 ára gamalt, þegar það þurfti að byggjast upp, eða réttara sagt byggja við það, — því að það stendur enn og er notað, — en nú er Búnaðarfélagshúsið nærri sextugt, ekki alveg sextugt, þegar talað var um að byggja það upp. Og meðan starfsemi Fiskifélagsins var öll í húsi þess, þegar ákveðið var að láta það hafa fé til að byggja það upp eða við það, þá er starfsemi Búnaðarfélagsins núna í leiguhúsnæði á þrem stöðum úti um bæ fyrir utan Búnaðarfélagshúsið. Það er búið að vaxa meira frá sínu gamla húsi, Búnaðarfélagið, heldur en Fiskifélagið, þegar enginn mælti á móti þörf þess til að fá fé til að byggja hús sitt upp.

Þar að auki er Búnaðarfélagshúsið búið að vera lengi á döfinni. Um svipað leyti og byrjað var á að leggja fé í Fiskifélagshúsið, var byrjað að ræða um að byggja Búnaðarfélagshúsið. Þá var öllum búnaðarfélögum landsins skrifað og skýrt frá þessari hugmynd og spurt um, hvort bændur vildu leggja fé í það. Því var yfirleitt tekið prýðilega vel af miklum meiri hluta búnaðarfélaganna, — ekki þó alveg öllum, — og þau töldu sig mörg vera fús til þess að gera það. En mörg af þeim sögðu: Þar sem málið er ekki komið lengra áleiðis, en bara er farið að tala um það, þá viljum við ekki gefa nein ákveðin loforð um að leggja fram hlutafé eða samskotafé, en það hvort tveggja var orðað í því bréfi, sem þeim var þá skrifað. Það mun hafa verið 1946.

Nú lenti í ýmiss konar vafstri, eins og gengur, þegar á að fara í framkvæmdir. Þarna varð að gera teikningar, það þurfti að fást lóð. Ríkissjóður gaf lóð, hún þótti of lítil, og skipulag bæjarins vildi helzt ekki láta byggja þar. Og endirinn á því öllu saman, sem tók nokkur ár, varð sá, að Búnaðarfélagið fékk lóð við Hagatorg, en þar er aftur á móti ætlazt til þess eftir skipulagi bæjarins að komi stórhýsi. Það er ætlazt til, að það verði eitt glæsilegasta torg bæjarins með stórhýsum í kring. Það var víst hugmyndin reyndar kannske, að það verði álitið glæsilegra torg hérna, þar sem við stöndum, ef það yrði úr, sem hugsað er, að ráðhúsið verði byggt út í tjörnina og öll hús frá því og að Austurvelli fjarlægð og sett stórt og mikið torg hér, sem ég veit ekki, hvort verður nokkurn tíma af, þó að það sé hugsað af sumum. Það er kannske hugsað, að það torg verði enn þá glæsilegra en Hagatorg, en annars er það ætlað fyrir mikið athafnasvæði, og eiga að vera við Hagatorg stórhýsi allt í kring.

Nokkru áður en þetta var, var búnaðarfélögunum skrifað aftur um málið. Það mun hafa verið árið 1951. Þá var búnaðarfélögum landsins öllum skrifað aftur um málið og heyrðar þeirra undirtektir, og þá lofuðu mörg að leggja fram fé, þegar að því kæmi, að þyrfti að byggja húsið. Og alls staðar voru undirtektirnar góðar. Það liggur þess vegna alveg hreint fyrir, að þá, á þeim árum, þegar var verið að skrifa búnaðarfélögunum um þetta, þá voru þau yfirleitt með því, að það hús væri byggt, og sum af þeim lofuðu fjárframlögum í það, þegar að því kæmi, en öðrum þótti ekki tímabært að taka neinar slíkar ákvarðanir.

Nú er horfið að því í staðinn fyrir að fara samskotaleiðina til búnaðarfélaganna, sem reyndar var nú nokkuð upplagt að fara að einhverju leyti eftir þær undirtektir, sem þau höfðu gefið, — þá er horfið að því ráði að fara sömu leið og hafði verið farin með Fiskifélagshúsið, heimila, að lagt væri gjald á bændur, jafnt á þá, eftir því, hve mikla vöru þeir hefðu að selja, ½% af seldum vörum þeirra, til þess að fá fé til húsbyggingarinnar, og áætlað, að það þyrfti þó ekki að vera lengur en fjögur ár.

Um þetta var flutt frv. í fyrra, sem þá varð ekki útrætt og dagaði uppi í Nd. Áður en það frv. var flutt, hafði búnaðarþingið, en á því sitja bændur kosnir af búnaðarsamböndunum, — þá hafði það tekið málið fyrir og talið þessa leið langheppilegasta og mælt ákveðið með því, að svona lög yrðu sett. Tveir menn á því voru þó á móti því af 25, sem þar eiga sæti. Kosið var síðan til búnaðarþings árið eftir, og það er ekki að sjá, að þeir bændur, sem voru með því að leggja þetta gjald á bændurna, hafi á nokkurn hátt misst atkvæðafylgi við það. Í einu kjördæminu, Austur-Húnavatnssýslu, kom það mjög greinilega fram, þar sem annars vegar var Hafsteinn Pétursson í framboði, sem var einn ákveðinn fylgismaður þess, að þetta gjald væri lagt á bændur og húsinu komið upp, og hins vegar Halldór Jónsson, sem var ákveðinn á móti því, — og sigraði Hafsteinn með miklum meiri hluta, hér um bil tvöföldu atkvæðamagni á við það, sem Halldór fékk. Bændurnir þar sögðu því alveg ótvírætt til um það. Annars staðar mun það ekki hafa borið neitt verulega á góma og kannske ekki haft nein áhrif á kosninguna. Vera má, að svo hafi líka verið í Austur-Húnavatnssýslunni, þó að öllum væri kunn afstaða þessara tveggja manna til málsins þar, þegar kosið var.

Nú er spurningin, hvort þetta Alþingi og við hér í þessari hv. d. viljum vera með því að samþykkja þetta frv. Við í meiri hl. leggjum það til. Stéttarsambandsfundur bænda, sem haldinn var í sumar í Bifröst, hafði málið til meðferðar, enda er ætlazt til, að bústaðurinn sé fyrir bæði þessi félög, Stéttarsambandið, sem er sá vettvangur, sem bændurnir sækja sín baráttumál í gegnum, og Búnaðarfélagið, sem er það faglega samband bændanna í búnaðinum. Og stéttarsambandsþingið, sem á sitja 2 menn úr hverju sýslufélagi og þar að auki einn frá Vestmannaeyjum, 47 menn alls, og það var alveg setið, — það samþykkti með 39:8 atkv. að mæla með því, að lögin væru samþykkt. Þannig liggur það fyrir alveg ótvírætt í fyrsta lagi, að meðan talað var um málið dálítið óákveðið og verið að leita fyrir sér, hvort bændur vildu með samskotum leggja í það fé, annaðhvort sem beint framlag eða sem hlutafé, þá var mikill meiri hl. búnaðarfélaganna í landinu, mjög mikill meiri hl. búnaðarfélaganna í landinu með því, að byggt væri, og sum lofuðu þátttöku í kostnaðinum. Eftir að horfið var frá þessu ráði og horfið að hinu ráðinu, að reyna að innheimta það hlutfallslega jafnt hjá öllum bændum eftir því, hve miklar afurðir þeir hefðu að selja, þá liggur fyrir, að samtök bændanna, bæði þau faglegu gegnum búnaðarþingið og þau beint félagslegu gegnum stéttarsambandsþingið, eru með því að miklum meiri hl. Hins vegar er náttúrlega ekki vafi á því, að einhverjir bændur eru á móti því. Það er ekki vafi á því. Það er nákvæmlega sama og þegar við erum að leita álits í verkalýðsfélögunum. Þó að t. d. alþýðusambandsþingið, sem við ættum að skoða sem sambandsþing verkalýðsfélaganna í landinu yfirleitt, sé með einhverju og ákveðið með einhverju, þá er náttúrlega ekki víst, að einstök verkalýðsfélög séu með því, og því síður víst, að einstakir menn séu með því, sem yfirstjórn þess gerir eða samþykkir. Eins getur verið hér. En ég verð að halda því fram alveg ákveðið, að þegar yfirþing eða stofnun margra félagssamtaka er með einhverju, þá verði að skoða það sem vilja samtakanna yfirleitt, a. m. k. mikils meiri hluta þeirra. Ég vil halda því ákveðið fram. Og ég held, að það sé ekki hægt annað en að gera það.

Einn nefndarmaðurinn, 2. þm. Árn., vill samþykkja frv. um eins árs skeið, til þess að hægt sé að koma byggingunni áfram, en mér skilst, að hann vilji svo reyna að fá í millitíðinni álit búnaðarfélaganna, — honum nægi ekki þetta, sem fyrir liggur um heildarsamtökin, stjórn heildarsamtakanna, bæði þeirra faglegu og eins þeirra sérhagsmunalegu, heldur vilji hann fá álit hvers einstaklings. Allir bændur landsins eru í búnaðarfélagi, en honum er ekki nóg að vita álit þeirra, hann vill vita vilja hvers bónda. Þetta er alveg nýtt. Það hefur aldrei komið fyrir áður í þingsögunni, að það hafi verið spurt um það, hvort einstakir gjaldendur að þessu eða hinu gjaldi, sem Alþingi hefur samþykkt að leggja á menn, væru með því. Það dettur engum í hug að spyrja um það, þegar lagt er útflutningsgjald á sjávarútvegsvörurnar. Það er ekki imprað á því af nokkrum manni, og það mælti enginn í móti því 1946. Það var flutt af sjútvn. í Nd., þar hafði Jóhann Hafstein framsögu og urðu ósköp stuttar umræður og var samþ. með samhljóða atkvæðum. Hingað í deildina kom það svo og var flutt hér af núv. ráðherra, Guðmundi Í. Guðmundssyni, sem hafði framsögu í því, og voru því allir samþykkir

hér í deildinni líka. Ég benti á, að það ætti að vera dálítill annar háttur þá á þessu máli en á búnaðarmálasjóðnum, sem þá var líka til meðferðar á þessu sama þingi, þar sem ýmsir sjálfstæðismenn vildu setja hann undir stjórn, sem bændurnir réðu ekki yfir, heldur ríkisstj., — en að öðru leyti var ég með málinu og aðrir, sem hér töluðu. Og það varð að lögum.

Og núna veit ég ekki betur en 2. þm. Árn. flytji frv. um að leggja 5 kr. gjald á alla menn í landinu, til þess að mynda, — ja, annar meðflutningsmaður að því vildi kalla það sparisjóð, — ég kallaði það banka um daginn, — til þess að geta lánað hreppsfélögunum, ef þau gætu ekki fengið lán í bönkunum, sem fyrir eru í landinu. Og ég hef ekki heyrt nokkurn mann minnast á, að það ætti að bera það undir almenning, hvort þeir vildu borga þetta gjald eða ekki, ekki hið minnsta. Og þar er þó ekki verið að tala um gjald til fjögurra ára. Það er náttúrlega ekki hátt. Sveitafólkið núna er ekki nema kringum 29 þús. í landinu, svo að 5 kr. á mannsbarn þar eru ekki há upphæð á ári, samanborið við það, sem hér er um að ræða, því að hér er — miðað við, hvað það var 1957 — um að ræða 1 millj. og 600 þús. kr. á ári. Það var það fyrir árið 1957. Hvað þetta muni verða fyrir árið 1958, veit ég ekki. Það verður sjálfsagt eitthvað hærra og þó ekki mikið, — jú, eitthvað hærra, því að mjólkin hefur vaxið og kjötþunginn var meiri í haust, sem stafar að nokkru leyti af því, að sauðfénu var aftur fækkað vegna minni heyja.

Ég hef ekki heyrt neinn mann minnast á það, og ég hef aldrei heyrt minnzt á það hér í Alþingi, að t. d., — ja, ég man ekki, hvað þau eru mörg skattafrv., sem við erum búnir að framlengja, — það hefur engum manni dottið í hug að fara að spyrja þá, sem eiga að borga skattana, hvort þeir væru með því eða ekki, — ekki nokkrum lifandi manni dottið það í hug. En þegar þetta mál kemur fram, þá dettur mönnum það í hug, og þó er það skattur, sem lagður er á, ekki til ríkisins beint — og þó reyndar óbeint til ríkisins — en ekki til ríkisins beint, því að það á að renna til húss, sem bændasamtökin eigi á eftir, enda þeir einir, sem í það fórna. En óbeint er það fyrir ríkið samt sem áður, því að mikill hluti, ákaflega mikill hluti af þessum stofnunum báðum, Búnaðarfélagi Íslands og Stéttarsambandinu, er vinna, sem Alþingi eða ríkisstj. yrði að láta gera, ef þessi félög væru ekki, t. d. útreikningur allra jarðabótanna og mæling á þeim, sem Alþingi hefur lagt á Búnaðarfélagið að gera, t. d. að hafa umsjón með eyðingu refa og minka, sem Alþingi hefur lagt á Búnaðarfélagið að gera, t. d. að mæta á öllum búfjársýningum, sem Alþingi hefur lagt fyrir Búnaðarfélagið að gera. Og hvað Stéttarsambandið snertir, þá hefur það útreikning á öllum niðurgreiðslunum, sem annars væri allt hjá ríkisstjórninni. Þetta hús verður þess vegna að töluvert miklu leyti óbeint notað af ríkisstj. eða starfsemi, sem hún yrði að gera, ef þessi félagsskapur væri ekki til og væri ekki viðurkenndur og falið að vinna þetta og þetta starf fyrir ríkisstj.

Það er talað um, að þetta hús, sem á að byggja, sé stórt. Það er mikið rétt, en það er Fiskifélagshúsið líka. Það hefur sem sagt byggt það við vöxt, og það hefur séð, að það þarf ekki að halda á öllu húsnæðinu fyrr en eftir a. m. k. 10 ár, því að í 10 ár hefur það leigt 2½ hæð til annarra. Bæði félögin eiga sammerkt í því, annað að hafa byggt húsið sitt við vöxt og fengið til þess fé að þessari leið, nákvæmlega sömu leiðinni og hér er farin, og hitt ætlar sér að gera það. Ég sé þess vegna ekki mun á því, sérstaklega ef menn viðurkenna þörfina á því að byggja hús yfir starfsemi Búnaðarfélagsins. En hvort menn viðurkenna það, fer mikið eftir því, hvort menn álíta rétt, að Búnaðarfélagið fari með þau mál, sem það núna fer með eftir sérstökum lögum í umboði ríkisstj. Ég veit vel, að það eru til menn, þó að það hafi ekki komið fram hér í Alþingi, ekki mér vitanlega a. m. k. og ekki í efri deild, en það eru til þeir menn, sem álíta að það sé vitleysa að haga þessu svona, það rétta sé að hafa það eins og það er orðið í nágrannalöndum okkar, að fara með það beint í stjórnarráðið og vera ekki að fela Búnaðarfélagi Íslands að fara með þessi störf, gera ráðunautana, sem eru núna hjá Búnaðarfélagi Íslands, beint að ríkisráðunautum, og láta meginið af allri þeirri starfsemi fara fram í gegnum stjórnarráðið og á ríkisstjórnarskrifstofunum. — Det kongelige Selskab for Danmarks Vel, sem var á sínum tíma fyrirmynd að Búnaðarfélagi Íslands og starfaði á sínum tíma nákvæmlega eins og Búnaðarfélag Íslands, byrjaði á tilraunum, byrjaði á sýningunum, byrjaði á ráðunautunum o. s. frv. Það stendur núna eftir eins og gamall steingervingur, hefur sína stjórn, sínar litlu tekjur frá félagsmönnunum og ekkert starf úti um landið, það er allt komið beint undir ríkið. Þeir menn, sem vilja þetta skipulag á hlutunum, og ég skal viðurkenna, að ég hef nú töluverðan „tendens“ í þetta skipulag, en það hefur aldrei haft neinn byr, þegar rætt hefur verið um það, neins staðar hjá íslenzkum bændum eða íslenzkum mönnum yfirleitt, og hefur það þó dálítið verið rætt, — en þeir menn, sem vilja láta Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsambandið fara áfram með þau mál, sem í eðli sínu heyra til ríkisstj., þeir geta ekki annað en verið með því að leyfa bændunum að byggja það á þennan hátt, sem þeir nú fara fram á, eins og Fiskifélaginu á sínum tíma.

Þó gætu verið til menn, sem segðu, og það má rökstyðja það sjónarmið töluvert: Ja, Búnaðarfélag Íslands — eftir þess lögum út af fyrir sig — hefur ekkert að gera með þetta húsnæði. Það þarf þetta húsnæði, af því að það vinnur fyrir ríkið, og það er þess vegna eðlilegast, að ríkið byggi húsið og kosti það að öllu leyti. — Þessir menn gætu verið til, og þetta sjónarmið mætti að nokkru leyti

réttlæta. En ég held nú ekki, að menn vilji það, og sú krafa er ekki komin fram. Búnaðarfélag Íslands hefur aldrei sett skilyrði fyrir neinu slíku, þegar því hefur verið falið þetta eða þetta starf með sérstökum lögum, sem annars að eðli sínu heyrir undir ríkisstj., og ég held, að það sé ekki ástæða til þess, enda hefur enginn talað fyrir munn þessara manna hér á Alþingi. En það gæti ég þó skilið, svona sjónarmið gæti ég skilið.

Ég held þess vegna, að málið liggi það ljóst fyrir, að það sé alveg, — ja, ég vil nú eiginlega kalla það skyldu Alþingis eftir því, hvernig það hefur snúizt við byggingu Fiskifélagshússins, og eftir því, hvernig það hefur snúizt við að láta önnur félagssamtök hafa húsnæði, þar sem þeim er leyft að taka íbúðarhúsnæði í Reykjavík undir félagsstarfsemi. Ég man ekki betur en það væri leyft tveimur félögum í fyrra, og ég held það séu annaðhvort ein eða tvenn lög, sem eru hér líka í gangi á þessu þingi, kannske búið að samþykkja þau. Að öllu athuguðu sé ég ekki annað en það sé eiginlega ekki hægt með nokkurri sanngirni að vera á móti því. — Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar, en ég vona, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Sigurður Ó. Ólafsson: Herra forseti. Ræða sú, sem hv. 1. þm. N-M. hefur nú flutt hér, gekk í svipaða átt og sú ræða, sem hann flutti hér í fyrradag í sambandi við þetta mál. Mér þykir rétt vegna þess tilefnis, sem hann drap einnig á í byrjun sinnar ræðu núna, að fara nokkrum orðum um málið, sem verður þá á svipaðan hátt og ég gerði í fyrradag, þegar ég flutti mína framsöguræðu og mælti fyrir minni brtt. við frv.

Hv. frsm. landbn. lagði áherzlu á tvennt í þessu máli í þessari ræðu sinni. Það var í fyrsta lagi, að bændasamtökum þeim, sem hér um ræðir, væri þörf á húsnæði, nýju húsnæði, auknu húsnæði, og í öðru lagi lagði hann áherzlu á það, að óþarfi væri að spyrja þá, sem vegna þessa ætti nú að skattleggja, hver afstaða þeirra væri til málsins, vegna þess að það væri ekki síður, þegar hv. Alþingi legði á skatta og ákvæði gjöld, að vera að spyrja þá, sem gjalda ættu, heldur réði Alþingi fram úr því máli án þess að vera að spyrja. En hv. þm. var þó búinn að segja það áður í sinni ræðu, að búnaðarfélögin hefðu verið spurð. Af hverju voru þau þá spurð, ef það var óþarfi? Hv. þm. hefur tjáð mér, að hann hafi á fundum í sínu kjördæmi einmitt rætt þetta mál við sína kjósendur þar. Hann sagði síðar við mig, að hann hefði gert það sem þingmaður, en það er alveg sama. Þetta sýnir bara það, að í þessu tilfelli hefur honum þótt rétt að skýra bændum frá þessu máli og heyra álit þeirra um það. Ef hann hefði álitið það vera algerlega óþarft að tala við bændurna um þetta, þá hefði hann vitanlega aldrei gert það. Þá leggur hann líka áherzlu á það, að Stéttarsamband bænda hafi samþykkt þetta gjald með miklum meiri hluta atkvæða. Þetta er alveg rétt hjá hv. þm. En það má benda á, að síðan hafa komið fram mótmæli úr ýmsum áttum og það allhörð, bæði frá samtökum bænda úti um land og einstaklingum, þar sem þeir mæla harðlega á móti þessu gjaldi.

Hv. þm. minntist í þessu sambandi á frv., sem hv. þm. S-Þ. og ég flytjum um bjargráðasjóð. Hann segir, að þar leggjum við til, að tekið verði gjald af bændum, og spyr, hvort þeir hafi verið nokkuð spurðir um það. Þetta er nú náttúrlega nokkuð annað mál. En ég veit ekki til, að það hafi enn sem komið er komið nein mótmæli fram á móti þessu frv. Það getur skeð, að þau eigi eftir að koma, en þau hafa ekki komið enn.

Það er nauðsyn á auknu húsnæði fyrir bændasamtökin. Ég lýsti því í minni framsöguræðu um þetta mál, að ég viðurkenndi það. Auðvitað er það öllum kunnugt, að þetta er sjálfsagt, og ég viðurkenndi það líka, að úr því sem komið væri, þá væri ekki annað að gera en að halda áfram við byggingu á þessu stóra húsi, sem byrjað er á, sem ég sýndi einnig fram á að ekki er byggt svona stórt vegna þarfa bændasamtakanna, sem að því standa, heldur vegna þess, að það er byggt á þeim stað, þar sem skipulagið ákveður, að svona skuli byggt og öðruvísi ekki. Þetta er staðreynd. En ég viðurkenndi einnig, að það væri ekki um annað að gera héðan af en að halda þessu áfram. En það, sem spurningin stendur um frá minu sjónarmiði, er þetta, að þegar spurt er um, hvað húsið sé komið langt á leið, hve mikið fé sé til, til þess að halda áfram að byggja, þá hlýtur það að vera undir því komið, hvað þá kemur í ljós, hvort nauðsynlegt sé að leggja 1½ millj. kr. til 2 millj. kr. á ári í næstu 4 ár á bændur með beinum skatti af söluvörum þeirra til þess að koma húsinu áfram. Stöðvast það, ef þetta gjald verður ekki innheimt?

Það er þetta, sem mér finnst vera aðalspurningin í þessu máli, eins og nú stendur. Og hvað kemur svo í ljós, þegar spurt er um það, hvað búið sé að byggja mikið af þessu húsi? Það kemur í ljós, að búið er að byggja kjallara og fyrstu hæð, að til eru í byggingarsjóði um 2 millj. kr., fyrir utan ýmislegt af byggingarefni, sem til er, að von er á tekjum á þessu ári frá Búnaðarfélagi Íslands og Stéttarsambandinu. Þetta venjulega tillag, sem þessi bændasamtök leggja í byggingarsjóð á hverju ári, það er von á því, en hvað það er mikið, hef ég ekki fengið vitneskju um. En þegar þetta liggur fyrir, þá verður maður að halda, að það hafi ekki nein úrslitaáhrif á framgang byggingarinnar, hvort þessi nýi skattur verður innheimtur. Húsið mun ekki stöðvast vegna þess. Nú veit enginn enn þá, hve mikil fjárfestingarleyfi verða gefin fyrir þessu húsi í þetta sinn. Ég hef það frá áreiðanlegum heimildum frá því í gær, að það hefur ekki verið veitt fjárfestingarleyfi fyrir húsinu enn þá, það er ekki búið að afgreiða það. Nú veit enginn um það enn,

hvað fjárfestingarleyfið verður hátt, e. t. v. ekki nema fyrir þeirri upphæð, sem til er núna.

En nú vil ég ekki gera neitt til þess, að byggingin stöðvist, þó að ég viðurkenni það, eins og ég segi, að húsið þarf að komast áfram, og það þýðir ekki, úr því sem komið er, að reyna að breyta því. Mín tillaga er því sú til þess örugglega að stöðva ekki bygginguna vegna fjárleysis á þessu ári að innheimta þetta gjald, 1½—2 millj. kr., í eitt ár. Að því loknu verði athugað frekar en enn hefur verið gert, hvort nauðsyn verði á að framlengja þessa skattheimtu. Þá verði málið lagt fyrir búnaðarfélög landsins á næsta sumri, svo að álit þeirra geti legið fyrir á aðalfundi Stéttarsambands bænda á næsta hausti. Ég álít vera rétt að spyrja búnaðarfélögin um álit þeirra á þessu máli. Ef í ljós kemur, að meiri hluti þeirra gefur jákvætt svar við því, að gjaldið skuli innheimt, eða svarar ekki, þá skal ég ekki vera á móti málinu. En því verður ekki neitað, að eftir minni till. stöðvast húsið ekki, þ. e. a. s. ekki byggingin þetta ár, og ef til vill ekki einu sinni næsta ár, einkanlega ef yrði farið eftir því, sem ég benti á í framsöguræðu minni og hv. 1. þm. N-M. benti líka á í sambandi við Fiskifélagshúsið, að það hefur verið leigt og að mér skildist leigt fyrir fram og þeir peningar notaðir til þess að halda áfram að byggja. Þetta var einmitt það, sem ég benti á í minni framsöguræðu, að þetta væri leið, sem ætti að fara í þessu tilfelli. En þó að þetta yrði ekki gert, þó að húsið haldi áfram, eins og nú er, og verði byggt fyrir það fé, sem til er og von er á á þessu ári, og einkanlega að viðbættri þessari 1½—2 millj. kr., ef mín till. yrði samþykkt, þá er alveg öruggt, að það tefst ekki nokkurn skapaðan hlut. En með því að fara og spyrja búnaðarfélögin, leggja þetta fyrir búnaðarfélögin, er hægt að koma í veg fyrir það leiðindabref, sem orðið er um þetta mál, bæði hér á hæstv. Alþingi og eins úti um land. Þá er það algerlega slegið niður.

Ég sé ekki, að ég þurfi að hafa um þetta fleiri orð, en ég vænti þess, að hv. dm. sjái þetta og skilji, hvað fyrir mér vakir. Það vakir fyrir mér að binda ekki þetta gjald á bændurna í fjögur ár, ef það skyldi vera óþarfi. En ég stöðva ekki málið með minni brtt., að gjaldið skuli innheimt á þessu ári og féð verða þess vegna handbært til þess að halda áfram að byggja alveg stanzlaust þetta ár og e. t. v. eitthvað fram eftir næsta ári og kannske alveg næsta ár, án þess að þetta gjald sé framlengt.

ATKVGR.
Brtt. 294 felld með 11:3 atkv.
1. gr. samþ. með 11:1 atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 82. fundi í Ed., 10. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 317).

34. Bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði 1959 (í apríl).

Á 88. fundi í Ed., 19. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um framlenging á gildi l. nr. 73 1958, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959 [132. mál] (þmfrv., A. 332).

Á 89. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfði og samþ. með 9 shlj. atkv.

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. Þetta frv. er flutt af meiri hl. fjhn. Einn nm. var ekki á fundi, þegar nefndin samþykkti að taka að sér flutning frv., og annar nm., hv. 8. landsk., taldi sig ekki viðbúinn að taka afstöðu til málsins.

Efni frv. er að heimila ríkisstj. bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959 til 1. maí. Þegar sams konar lagafrv. lá hér fyrir á milli jóla og nýárs og var samþykkt, hafði ríkisstj. ekki farið fram á þessa heimild til lengri tíma en til 1. febr. Ég benti þá þegar á, að þetta mundi reynast of stuttur tími. En frv., eins og það var lagt fyrir, varð þá að lögum. Í lok janúarmánaðar fór svo hæstv. ríkisstj. aftur fram á að fá heimild til að greiða úr ríkissjóði lögboðnar greiðslur til 1. marz. Þá benti ég enn á, að það mundi reynast of stuttur tími, og varð það til þess, að skilaboð komu frá hæstv. fjmrh., að hann væri sízt á móti því, að heimildin yrði veitt til 1. apríl, og var svo borin fram brtt. um það og hún samþ. En nú er það fyrirsjáanlegt, að þetta er ekki nægilegt, því að það sjá allir nú, að fjárlög verða ekki afgr. fyrir 1. apríl. Er því hér farið fram á að framlengja þetta enn um einn mánuð. Mundi mega vænta þess, að ekki þyrfti oftar að setja lög um þetta atriði hér á yfirstandandi Alþingi.

Ég get ekki látið hjá líða í sambandi við þetta frv. að spyrjast fyrir um það, hvað líði afgreiðslu fjárlaga. Ég hefði gjarnan viljað, að hæstv. fjmrh. hefði verið hér viðstaddur og getað svarað einhverju um það, en hann er nú ekki viðstaddur. Hér er aftur á móti hæstv. dómsmrh. og gæti kannske einhverjar upplýsingar gefið, og hér er a. m. k. einn maður úr hv. fjvn. Það fer að verða mjög bagalegt, að afgreiðsla fjárlaga dragist öllu lengur,

því að eins og allir vita, þá hefur þingið ekki átt annríkt nú undanfarið. Og ég sé ekki annað t. d. hér í hv. d., en að minnsta kosti eftir morgundaginn liggi hér ekkert mál fyrir, sem hægt er að afgreiða. Að vísu liggur fyrir eitt mál, sem nál. er til um, en ýmis atvik valda því, að fjhn., sem hafði það mál til meðferðar, mun óska eftir því, að það verði ekki tekið fyrir fyrr en eftir páska, og þá er hér algert atvinnuleysi eftir morgundaginn.

Björn Jónsson: Herra forseti. Eins og hv. frsm. fjhn. gat um, var í árslok síðasta árs veitt bráðabirgðaheimild til fjárgreiðslna úr ríkissjóði til 1. febr., og sú ástæða var þá færð fram fyrir þeirri beiðni, að vegna mikilla anna ríkisstj., vegna samninga við útgerðina og þess, að ný ríkisstjórn hefði tekið við völdum, væri ekki unnt að ljúka afgreiðslu fjárlaganna á þessum tíma. Ég hygg, að eftir atvikum hafi allir getað verið sammála um það, að til þess var naumast hægt að ætlast með sanngirni.

Næst gerðist það í málinu, að hæstv. fjmrh. ritaði fjhn. bréf, þar sem hann óskaði eftir því, að hún flytti frv. um, að heimildin yrði framlengd til 1. marz. Daginn eftir, þegar það mál var tekið fyrir hér í hv. d., sendi þessi sami ráðh. hraðboða inn í d., meðan á umr. stóð, til þess að æskja þess, að heimildin yrði enn þá framlengd um einn mánuð eða til 1. apríl, og var orðið við því. Ég held, að það hafi allir álitið, að þessi frestur væri svo rúmur, að engin ástæða væri til þess að ætla, að það þyrfti enn að fara bónarveg til þingsins um að framlengja greiðsluheimildina. En sú virðist ekki vera raunin á, og ég vil segja það í því sambandi, að þó að vera kunni einhverjar fullgildar ástæður til þess, að hæstv. Alþ. sé haldið hér viku eftir viku starfslitlu og verkefnasnauðu, eins og hv. formaður fjhn., forseti d., gat hér um, þá hefði verið full ástæða til þess, að hæstv. fjmrh. hefði heiðrað d. með nærveru sinni og gert grein fyrir því, af hverju þessi óeðlilegi dráttur stafar. Og það er sannarlega ekki smámál, þegar hvort tveggja er, að þinginu er haldið starfslitlu í bið eftir þessu máli og þriðjungur ársins á að líða án þess að landið hafi fjárlög, en samtímis er fé ausið úr ríkissjóði í gegndarlausara mæli en nokkur dæmi eru til. Mér finnst, að þegar svo stendur á, hefði verið viðkunnanlegra, að hæstv. ráðh. hefði verið hér viðstaddur og gert grein fyrir þeim ástæðum, sem til þess liggja. Mér er kunnugt um það af viðtali við formann fjvn. nú rétt áðan, að það stendur ekki á fjvn. eða störfum hennar. Hún hefði getað verið búin að ljúka sínu verkefni fyrir löngu og getur að hans sögn hvenær sem er, þegar ríkisstj. æskir þess, lokið störfum sínum á 2—3 dögum.

Í þessu sambandi má minna á það, að s. l. sunnudag hélt Alþfl. fund á Selfossi, og þar talaði hæstv. menntmrh. um afgreiðslu fjárl., og samkv. Alþýðublaðinu í gær skýrði hann svo frá á þessum fundi, að það mætti búast við afgreiðslu fjárl. innan hálfs mánaðar, þ. e. a. s., að fjvn. hefði skilað frv. til 2. umr. í síðasta lagi laugardaginn fyrir páska.

Það kom líka fram í ræðu hæstv. ráðh. við þetta sama tækifæri, að hæstv. ríkisstj. væri ekki í neinum vandræðum með afgreiðslu fjárl., og lýsti hann því í aðalatriðum, hvernig hún ætti að verða. Hann gat þess í þessari ræðu, að það yrði haldið fast við þá stefnu, sem ríkisstj. boðaði í upphafi ársins, þegar hún settist að völdum, þ. e. a. s., að engir nýir skattar yrðu lagðir á, en fjár til niðurgreiðslna og annarra aukinna útgjalda yrði aflað með sparnaði á fjárlögum. Meginverkefni ríkisstj. til þessa hefði verið að tryggja rekstur sjávarútvegsins og hindra stöðvun hans um áramótin. En það væri aðeins eftir, sagði ráðh., að standa undir kostnaðinum af niðurgreiðslunum. En sem sagt, að hans dómi var ekki við mikinn vanda að etja, það mundi verða haldið fast við þá stefnu, sem ríkisstj. hefði lýst yfir.

Nú vil ég spyrja: Þar sem ekki stendur á fjvn. um að afgreiða fjárlögin og einn ráðh. a. m. k. úr ríkisstj. lýsir því yfir, að það standi ekki heldur á ríkisstj., á hverjum stendur þá? Ég hygg, að það sé ekki til of mikils mælzt, að hæstv. ríkisstj. geri grein fyrir þessu, um leið og hún fer fram á það, að enn þá líði einn mánuður, sem landinu er stjórnað fjárlagalaust, og ef til vill ákveðin af ríkisstj. ný útgjöld. Það er vitað, að enn þá muni liggja fyrir þessu þingi stórmál, sem mun taka mjög langan tíma og samkv. öllu eðli sínu á að vera síðasta mál þingsins. Mér sýnist, að ef þessi heimild fæst og ef hún verður notuð til hins ýtrasta, að þá muni kosningar tæplega geta átt sér stað á eðlilegum tíma, og það er líka atriði, sem vert er að taka til greina.

Ég mun ekki greiða atkvæði á móti þessu frv., en ég óska eftir því við forseta, að hann fresti málinu og æski þess við hæstv. fjmrh., að hann mæti hér í d. og geri hv. þdm. fullnægjandi grein fyrir því, af hverju þessi óhæfilegi dráttur á afgreiðslu fjárl. stafar.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Það er nú í þriðja sinn, sem hæstv. ríkisstj. kemur til Alþ. með beiðni um framlengingu á þessari greiðsluheimild. Þegar síðast var verið með þetta mál hér, var hæstv. ríkisstj. boðið upp á að framlengja helmingi lengri tíma en hún þó fór fram á. Hún þáði þetta boð með þökkum, og henni hefur þó ekki enzt þessi tími. Nú sagði hv. frsm. meiri hl. fjhn. hér áðan, að líklega mundi mega vænta þess, að þessi tími nægði. En hvað hefur hv. frsm. fyrir sér í því? Mér finnst, að reynslan og allt, sem við höfum við okkur að halda í þessu máli, bendi til hins gagnstæða, að við getum ekki vænzt þess, að þessi tími muni nægja. Vinnuafköst hæstv. ríkisstj. eru með þeim hætti, að mér finnst vera full ástæða til að íhuga, hvort þessi tími muni nógu langur.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þetta, en ég vil mælast til þess við hæstv.

forseta, að hann frestaði umr. nú og kæmi þeim skilaboðum áleiðis til hæstv. fjmrh., hvort ekki væri vissara að veita heimildina til 1. júní.

Forseti (BSt): Ég sé nú enga ástæðu til þess að koma þeim skilaboðum til hæstv. ráðh., því að ég held, að það sé alveg nauðsynlegt að afgreiða fjárlögin í apríl og það hljóti að verða.

Eggert Þorsteinsson: Herra forseti. Það er að sjálfsögðu eðlilegt, að menn óski eftir upplýsingum um eina og aðra hluti, þegar um afgreiðslu mála er að ræða, og þá gildir það sama að sjálfsögðu um þetta mál og önnur. Ég átti nú á stundinni tal við hæstv. fjmrh., og mun hann hafa ætlað að vera viðstaddur þessar umr. hér, en af sérstökum ástæðum orðið að tefjast við störf í sínu ráðuneyti og átti þess ekki kost að mæta hér. Hann tjáði mér, að hann sé fús til þess að vera viðstaddur framhaldsumræður um málið og gefa þá þær upplýsingar, sem óskað er eftir.

Um hin atriðin, sem hv. 1. landsk. og hv. 8. landsk. þm. hafa hér sagt, þá er, eins og ég sagði áðan, eðlilegt, að menn óski upplýsinga um málið, en ég vil nú segja frá mér persónulega, að mér kemur það dálítið einkennilega fyrir sjónir, að þessum mönnum blöskrar nú svo mjög dráttur á afgreiðslu fjárlaga, þegar þess er gætt, að á s. l. ári dróst annar liður fjárhagsmála ríkisins fram á mitt sumar, án þess að þessir sömu menn hefðu nokkrar aths. við þá hluti að gera.

En eins og ég sagði í upphafi minna orða, þá er fjmrh. fús til þess að vera viðstaddur framhaldsumræður hér um málið og er samþykkur því, að málið verði ekki afgr. úr d. að honum fjarverandi.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það hafa komið fram óskir um það, að þessari umr. yrði frestað, þar sem hæstv. fjmrh. getur ekki verið viðstaddur. Hindrar það málið nokkuð, þótt orðið sé við þessari ósk? Ég get ekki séð það. Það hefur ekki tekið langan tíma hér áður að afgreiða frv. eins og þetta, og ég skil ekki, að það þurfi neitt að hindra afgreiðslu málsins. Ég vil taka undir þessar óskir, að þessari umr. sé frestað, þar til hæstv. ráðh. geti verið við.

Umr. frestað.

Á 90. fundi í Ed., 20. marz, var fram haldið 1. umr. um frv.

Utanr.- og fjmrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. forseta og hv. fjhn. fyrir fljóta og góða afgreiðslu á þessu máli. Svo óheppilega vildi hins vegar til, að þegar málið var tekið fyrir hér til umræðu í gær í hv. deild, gat ég ekki mætt á fundi deildarinnar. Þegar gengið var frá dagskrá fyrir reglulegan fund þessarar deildar í gær, var þetta mál ekki komið til deildarinnar, og var það þess vegna ekki á dagskránni, og átti ég þess vegna ekki von á, að málið yrði tekið fyrir í gær. Hins vegar var haldinn aukafundur um málið, en þegar til þess fundar var stofnað, hafði ég ráðstafað tíma mínum, þannig að ég gat ekki mætt á fundi deildarinnar.

Það, sem ég hef hins vegar að segja um þetta mál, er ákaflega lítið. Ég hafði gert mér vonir um það, þegar gengið var frá framlengingunni á heimild til bráðabirgðafjárgreiðslna úr ríkissjóði til marzloka þetta ár, að fyrir þann tíma mundi vera búið að afgreiða fjárlög, þannig að ekki þyrfti á frekari bráðabirgðaheimild að halda. Hins vegar hefur það komið í ljós við framkvæmd málsins, að allur undirbúningur í sambandi við fjárlögin var tímafrekari og erfiðari en maður bjóst við í upphafi. Fyrir tæpum tveim vikum var málið þó það langt komið af minni hálfu, að ég tjáði hv. formanni fjvn., að ég væri tilbúinn til þess að taka þátt í afgreiðslu málsins í fjvn., og óskaði ég eftir því, að nefndin gengi í það fyrir sitt leyti að afgreiða þá þegar tekju- og útgjaldaliði fjárlaganna af sinni hálfu, þannig að hægt væri að sjá, hversu mikil útgjöld ríkissjóðs yrðu að áliti fjvn. Ég óskaði eftir því, að þá þegar yrði farið í að afgreiða öll þau erindi, sem n. höfðu borizt, og gera upp þá aðra liði fjárlaga, sem sérstaklega þyrfti að athuga og útgjaldamegin voru. Fyrir mitt leyti var ég reiðubúinn til þess að taka afstöðu bæði til erindanna og einstakra liða. Ég tilkynnti þá jafnframt formanni fjvn., að þegar ég sæi útgjaldatölurnar og heildarútgjaldaupphæðina, mundi ég leggja fram mínar till. að því er varðar tekjuliðina og mundu þær verða tilbúnar, um leið og útgjaldaliðin lægi fyrir. Því miður stóð þannig á, að um þetta leyti voru að hefjast tvö stór flokksþing hér í bænum, og voru fjvn.-menn — eins og margir aðrir þm. — svo uppteknir við þessi þing, að störf n. féllu niður á meðan, en strax að þeim loknum byrjaði fjvn. að vinna að málinu, og veit ég ekki betur en hún sé enn að fjalla um útgjaldaliðina og það sé langt komið. Af minni hálfu er bráðabirgðauppgjörið fyrir 1958 tilbúið, og till. mínar um tekjuáætlun samkv. því, hvernig málin standa í dag, eru tilbúnar og munu fara til fjvn. í dag. Samhliða því er unnið að og mjög langt komið að ganga frá þeim áætlunum, sem þarf í sambandi við útflutningssjóðinn, og ætti það mál ekki að þurfa að tefja afgreiðslu í fjvn., þannig að eins og málið horfir við nú, er ekkert því til fyrirstöðu, að n. haldi áfram af fullum krafti að afgreiða fjárlögin, og ætti ekki að þurfa að verða neinn verulegur dráttur á því hér eftir, að málin skýrist, svo að hægt verði að ganga frá þeim í n. og leggja fyrir sameinað Alþingi. En engu að síður er það staðreynd, að það er vonlaust, að hægt sé að ljúka þessu fyrir mánaðamótin, og þess vegna óhjákvæmilegt að fara fram á, að heimildin til bráðabirgðagreiðslna úr ríkissjóði verði framlengd út næsta mánuð.

Ég leyfi mér því að leggja til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr., og vildi vænta þess, að hægt væri að afgreiða það sem fyrst út úr d., vegna þess að það er varla um meira en einn dag að ræða eftir páska fyrir mánaðamót, ef það verður þá fundur á þeim degi.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: FÞ, GTh, JJós, KK, PZ, SB, SÓÓ, SE, BjörgJ, EggÞ, BSt.
AG, BjörnJ greiddu ekki atkv.
4 þm. (HermJ, JK, FRV, FS) fjarstaddir.

Á 91. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 97. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Utanr.- og fjmrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Þegar ég á sínum tíma óskaði eftir því, að heimildin til bráðabirgðafjárgreiðslna úr ríkissjóði yrði framlengd til loka þessa mánaðar, þá var það í trausti þess, að fyrir þann tíma mundi afgreiðslu fjárlaga verða lokið. Nú hefur hins vegar komið í ljós, að undirbúningur og afgreiðsla málsins hefur reynzt miklu tímafrekari en búizt var við í upphafi, þannig að vonlaust er, að hægt sé að ljúka málinu fyrir lok þessa mánaðar. Bráðabirgðauppgjöri á reikningum ríkissjóðs fyrir árið 1958 er nýlega lokið, og verður það afhent fjvn. nú í dag. Sömuleiðis hef ég gengið frá mínum till. í sambandi við tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir 1959 til bráðabirgða, og munu þær till. einnig verða afhentar fjvn. um leið. Ég hef enn fremur fyrir nokkru óskað eftir því við hv. fjvn., að hún taki fyrir til afgreiðslu þau erindi, sem hjá n. liggja, og útgjaldaliði fjárlaga. Að þessu vinnur hv. fjvn. nú, en því verki mun ekki vera lokið. En afgreiðslu eða undirbúningi afgreiðslu fjárlaga af ráðuneytisins hálfu er nú svo langt komið, að það á ekki að þurfa að taka langan tíma héðan í frá að ljúka málinu þannig, að fjárlagafrv. geti fljótlega eftir páskana komið til 2. umr. En engu að síður er óhjákvæmilegt að fá heimild til bráðabirgðagreiðslna úr ríkissjóði framlengda til loka næsta mánaðar. Þess vegna er þetta frv. hér fram borið, og vildi ég leyfa mér að óska eftir því, ef nokkur tök væru á, að frv. yrði afgreitt út úr d. í dag.

Ég leyfi mér því að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Það hefur allmikið verið um það rætt manna á meðal, hvað hafi dvalið afgreiðslu fjárlaga svo langan tíma sem raun er á orðin. Ég held það hafi verið síðast í desember eða byrjun janúar, að þá óskaði hæstv. fjmrh. eftir að fá frest á afgreiðslu fjárl. til 1. febr. s. l. Eins og þá stóð á, má segja, að ósk um frest væri eðlileg. Næst gerist það svo, að enn er farið fram á frest og þá til 1. marz. Sú heimild var enn fremur samþykkt, en með þeirri breyt., að heimildin skyldi gilda til 1. apríl n. k. Og enn liggur fyrir hér frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. um bráðabirgðagreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959, sem skuli taka gildi 1. maí n. k.

Á fundi, sem hæstv. menntmrh. hélt s. l. sunnudag að Selfossi, segir blaðið Tíminn og birtir þar ummæli eftir hæstv. menntmrh. innan gæsalappa, og ég tel, að það megi hafa það eftir, að hæstv. menntmrh. hafi gert ráð fyrir því, að fjárlög yrðu afgreidd innan hálfs mánaðar. Nú væri ekki ófróðlegt að spyrja um það, í hvers umboði hæstv. menntmrh. hefur gefið slíkar upplýsingar. Það virðist sem ekki gæti fyllsta samræmis í þessari yfirlýsingu hans og því, sem nú liggur fyrir hér í frv.-formi um það, að fjárl. verði frestað, eða réttara sagt liggur fyrir frv. um leyfi fyrir ríkisstj. að greiða fé úr ríkissjóði til 1. maí. Nú leyfi ég mér að spyrja hæstv. fjmrh., hvað það er, sem hefur tafið afgreiðslu fjárl. svona langan tíma. Á hverju hefur staðið? Hefur staðið á hæstv. fjmrh., eða hefur staðið á fjvn.? Mér finnst, að alþm. og aðrir eigi alveg skilyrðislausan rétt til þess að fá að vita hið rétta í málinu. Það er ákaflega óvanalegt, að það sé þrisvar á sama þingi beðið um slíkan frest, eins og hér liggur fyrir. Ég minnist þess a. m. k. ekki þann tíma, sem ég hef setið hér á hinu háa Alþingi, að farið hafi verið jafnoft fram á frest til afgreiðslu fjárlaga eins og nú.

Ég tel, að þessi sífelldi dráttur og frestur á afgreiðslu fjárlaga sé lítt forsvaranlegur. Alþingi er látið sitja hér dag eftir dag, viku eftir viku og jafnvel mánuði, án þess að nokkuð sé að gera og án þess að nokkuð sé afgreitt af málum, svo að teljandi sé.

Ég skal ekki fjölyrða meira um þetta. Ég vil bara endurtaka það, sem ég hef sagt hér, að ég óska eftir því, að hæstv. fjmrh. gefi

glögg og greinargóð svör við því, hvað það er, sem er þess valdandi, að farið er fram á þennan sífellda drátt á afgreiðslu fjárl. Hefur staðið á honum, eða er það fjvn., sem hefur ekki hraðað þessum málum eins mikið og nauðsynlegt hefði verið? Þetta er það, sem ég óska eftir að fá upplýsingar um, og ég tel, að ég mæli fyrir munn margra, bæði utan þings og innan. Það er lítt forsvaranlegt að láta þingið sitja hér vikum saman, mánuðum saman, án þess að nokkuð sé gert, og ég held, að það sé sízt af öllu til þess að auka á virðingu þessarar ágætu stofnunar, ef slík vinnubrögð eiga að vera áframhaldandi eins og þau hafa verið hér undanfarnar vikur og mánuði.

Utanr.- og fjmrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Út af fsp. hv. seinasta ræðumanns vil ég til skýringa taka fram, að það, sem beðið hefur verið eftir og tafið hefur málið hvað mest, er það, að nauðsynlegt var að ganga frá bráðabirgðauppgjöri um útkomu á reikningum ríkissjóðs fyrir árið 1958. Það tók talsverðan tíma, en er þó lokið fyrir þó nokkru. Sömuleiðis þurfti að ganga frá og gera upp útflutningssjóðinn og gera sér grein fyrir því, hvaða tekjur hann þyrfti að hafa, en frá því var ekki hægt að ganga, fyrr en séð varð til fulls, hvaða útgjöld mundu á hann falla og þá ekki hvað sízt í sambandi við niðurgreiðslur. Þetta er einnig tilbúið fyrir nokkru. En strax og nokkuð var séð um, hvernig þessir hlutir mundu standa, bæði að því er afkomuna 1958 varðaði og útflutningssjóðinn, sneri ég mér til formanns fjvn., — það var fyrir tæpum tveim vikum, — og skýrði honum frá því, að ég óskaði eftir því, að fjvn. færi í gegnum þau erindi, sem hjá n. lægju, svo og útgjaldaliði fjárl. og tæki afstöðu til þeirra, og jafnskjótt sem séð væri, hvernig útgjaldahliðin liti út, eftir að fjvn. væri búin að láta uppi sína skoðun, mundi ég gera grein fyrir og koma með mínar till. að því er varðaði tekjuhliðina.

Því miður stóð svo á, þegar ég ræddi um þetta við formann fjvn., að þá voru að byrja hér í bænum tveir fundir, sem margir þm. voru bundnir við, og af mjög eðlilegum ástæðum gat n. ekki haldið áfram störfum á meðan. En strax og þessum fundum var lokið, mun fjvn. hafa tekið til starfa og er sjálfsagt langt komin með erindin og útgjaldaliði fjárl., og ég mun þá verða tilbúinn með það, sem að mér snýr, strax og ég heyri frá fjvn. um þessa hluti.

Sá dráttur, sem orðið hefur á afgreiðslu fjárlagafrv. til þessa, stafar því af eðlilegum og alveg óviðráðanlegum atvikum.

Ég vil benda hv. síðasta ræðumanni á það, að til þessa eru það ekki einungis fjárlögin, sem hafa tafið þingið og haldið mönnum hér. Hér hefur verið unnið að mörgum nauðsynlegum málum, sem mikið hafa verið rædd í þinginu. En auk fjárl. er enn eitt stórmál ekki fram komið í þinginu, frv. um stjórnarskrárbreytinguna, og það má segja, að það séu því bæði fjárlögin og þetta stjórnarskrármál, sem beðið hefur verið eftir, en væntanlega eru bæði þessi mál nú að komast á lokastig.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.
Fellt með 12:6 atkv. að vísa frv. til fjhn.

Á 98. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 99. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 337).

---

35. Skipun prestakalla (frv. HÁ og EystJ).

Á 26. fundi í Nd., 21. nóv., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla [51. mál] (þmfrv., A. 85).

Á 28. fundi í Nd., 25. nóv., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er, eru allir hreppar Úthéraðs í Norður-Múlasýslu að viðbættum Jökuldalshreppi tvö prestaköll. Það eru Hofteigsprestakall, sem samanstendur af Hofteigs-, Eiríksstaða-, Sleðbrjóts- og Möðrudalssóknum, og Kirkjubæjarprestakall, en til þess teljast Kirkjubæjar-, Eiða- og Hjaltastaðasóknir.

Hofteigsprestakall hefur nú samfleytt verið prestslaust í meira en þrjátíu ár og því ætið verið þjónað af Kirkjubæjarpresti. Sumarið 1956 hætti þáv. Kirkjubæjarprestur störfum fyrir aldurs sakir. Viðtakandi prestur vildi þó ekki setjast að á Kirkjubæ, og mun hvort tveggja hafa ráðið, ófullnægjandi prestsseturshús, en það er gamalt og úr sér gengið timburhús, og svo eins hitt, að prestinum

ásamt ýmsum fleiri áhrifamönnum í prestakallinu þótti mjög æskilegt, að presturinn ætti sæti að Eiðum, en þar er, eins og kunnugt er, fjölmennur alþýðuskóli, og auk þess er nú verið að byggja þar barnaskóla fyrir Eiða- og Hjaltastaðahreppa. Eiðar eru því að sjálfsögðu miðstöð Kirkjubæjarprestakalls, og þar eru búsettir um 40 manns, auk þess sem á veturna eru þar 100—150 börn og unglingar. Það er eðlilegt, að ungur og áhugasamur prestur óski eftir að fá búsetu á þessum stað, og niðurstaðan varð sú, að hann fékk bráðabirgðaleyfi kirkjumálastjórnarinnar til þess að sitja að Eiðum.

Síðan hefur það verið vandamál íbúa Kirkjubæjarprestakalls og einnig íbúa Hofteigsprestakalls, sem um áratugi hafa notið prestsþjónustu Kirkjubæjarprests, hvernig þessum málum skyldi skipað til frambúðar. Skv. lögum ber núv. presti að sitja að Kirkjubæ, en fyrir liggur, að hann muni segja af sér og flytja burt, ef hann fær ekki heimild til þess að sitja að Eiðum. Mætti þá svo fara, að hið víðlenda og erfiða Kirkjubæjar- og raunar líka Hofteigsprestakall yrðu algerlega prestslaus um stund.

Mál þetta hefur nú verið til vandlegrar íhugunar hjá ráðamönnum og áhugamönnum heima í prestaköllunum um tveggja ára skeið, og er nú fengin einróma og yfirlýst ósk hlutaðeigenda um breytingu á umræddum prestaköllum á þá lund, sem frv. það fer fram á, sem hér er til umr. og er borið fram af mér og hv. 1. þm. S-M. með samþykki allra söknarnefnda í hlutaðeigandi prestaköllum.

Frv. gerir ekki ráð fyrir fjölgun prestakalla og kallar því ekki á nein ný útgjöld. Gert er hins vegar ráð fyrir, að Kirkjubæjarprestakalli verði skipt og stofnað verði nýtt prestakall austan Lagarfljóts, sem nefna skal Eiðaprestakall, og tilheyra því tvær fjölmennustu söknir núv. Kirkjubæjarprestakalls, þ. e. Eiða- og Hjaltastaðahreppar. Og prestssetrið skal vera að Eiðum.

Lagt er svo til, að Hofteigsprestakall verði lagt niður og söknir þess lagðar til Kirkjubæjarprestakalls. Þar skal áfram sem áður vera prestssetur Kirkjubær, en bætt við heimild fyrir kirkjumálastjórnina að flytja prestssetrið til innan Kirkjubæjarsóknar, ef henta þætti síðar. Bak við það ákvæði er sú hugsun, að þegar að því kemur, sem er í athugun og vafalítið kemst fyrr eða síðar í framkvæmd, að sameiginlegur barnaskóli verði byggður fyrir norðursveitir Úthéraðs, þá þykir trúlegt, að skólanum verði valinn sá staður, sem einnig kann þá að þykja vel henta sem prestssetur fyrir hið fyrirhugaða Kirkjubæjarprestakall.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þetta mál að svo komnu. Ég vil aðeins geta þess til viðbótar, að þetta frv. er samið og flutt í samráði við biskup Íslands. Ég vænti þess, að hæstv. Alþ. taki málinu vel og afgr. það fljótlega. Að lokum vil ég geta þess, að núv. Kirkjubæjarprestur lítur svo á, að prestakallalögin frá 1952 heimili sér, ef af þessari breytingu verður, að kjósa sér það prestakall, sem hann óskar að þjóna, án undangenginna umsókna og kosninga. Ég geri ráð fyrir, að presturinn skilji umrædd lög rétt, en vil þó óska þess, að sú hv. n., sem fær málið til meðferðar, skoði þetta atriði. Ef svo er, að þetta álit prestsins styðst ekki við lög, virðist eðlilegt, að ákvæði um þetta atriði verði bætt inn í frv.

Ég legg svo til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til menntmn. með 19 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Nd., 10. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Nd., 12. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 85, n. 241, 249).

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Menntmn. mælir með því, að frv. þetta verði samþykkt, en þrír nm. skrifa þó undir nál. með fyrirvara.

Með frv. þessu er ekki stefnt að því að fjölga prestsembættum frá því, sem ákveðið er í gildandi lögum, heldur er stefnt að því að lögfesta skipan, sem orðin er í framkvæmd, þannig að prestur, sem þarna á hlut að máli, hafi aðsetur á skólastaðnum Eiðum, en jafnframt á að nema úr lögum, að Hofteigur skuli vera prestssetur, en á þeim stað hefur prestur ekki búið nú um alllanga hríð. Um leið og þessi breyt. á prestssetrum er gerð samkv. frv., verður ein kirkjusókn, Kirkjubæjarsókn, færð á milli prestakalla. Með þessum breyt. er komið til móts við óskir manna í hlutaðeigandi héruðum. Það er stefnt að því að taka til greina óskir þeirra, sem þarna eiga hlut að máli. En allar söknarnefndir í þessum prestaköllum, sem hér um ræðir, munu hafa komið sér saman um að óska þess og leggja það til, að sú lagabreyting verði gerð, sem hér er farið fram á. Það er einnig stefnt að því að taka til greina óskir prestsins, sem þarna á í hlut og hefur nú aðsetur á skólastaðnum Eiðum og vill fá tryggingu fyrir því, að hann megi sitja þar áfram. Það mælir einnig með þessu frv., að nauðsyn ber til að reisa prestsseturshús á þeim stöðum, sem hér koma til greina, áður en langt líður. Húsakynni í Hofteigi munu vera þannig, að þau séu tæpast íbúðarhæf, og ef þangað ætti að koma prestur, yrði jafnhliða eða fyrir fram að reisa þar prestsseturshús. Í Kirkjubæ í Hróarstungu mun og vera mjög gamalt hús, sem presti er ætlað að búa í, en áður en ráðizt er í framkvæmdir á þessu sviði, er nauðsynlegt, að það liggi fyrir lögfest, á hvaða stöðum prestssetrin eiga að vera til frambúðar. Og verði frv. þetta samþ., verður úr því skorið og hægt að haga byggingarframkvæmdum samkv. því.

Það mæla því full rök með samþykkt þessa

frv., og menntmn. mælir með frv. í því skyni að taka þau rök til greina.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja brtt. við þetta frv., sem er að finna á þskj. 249, og í henni fer ég fram á það, að þegar næst verða prestaskipti í því prestakalli, sem nú heitir Æsustaðaprestakall, þá verði preststsetrið fært að Auðkúlu. Þetta prestakall var að fornu þrjú eða jafnvel fjögur prestsumdæmi. En um marga tugi ára að undanförnu voru það tvö prestaköll, Bergsstaðaprestakall og Auðkúluprestakall. En þegar þau voru sameinuð við síðustu lagabreytingu, var séra Gunnar Árnason prestur á Æsustöðum, en sá staður er enginn kirkjustaður og hefur ekki verið preststsetur nema um skamman tíma. En það þótti þó ekki gerlegt og var ekki að hans vilja að færa preststsetrið að Auðkúlu, sem eðlilegt má telja, einkum vegna þess, að samgöngur voru þá lakari þangað en að Æsustöðum.

Nú gerðist það fyrir tveimur árum, að síðasti prestur, sem var á Auðkúlu, séra Björn Stefánsson, fyrrverandi prófastur, sem nú er látinn, beitti sér mjög rækilega fyrir því að fá preststsetrinu breytt og þannig, að það yrði fært á hið fornhelga preststsetur Auðkúlu, sem er elzt af preststsetrum á þessu svæði, og hann skrifaði um þetta rækilegt bréf bæði til kirkjuráðs og biskups, sem ég fékk afrit af.

Bæði kirkjuráðið og biskupinn mæltu með því, að þetta yrði gert, og sömuleiðis prófasturinn í Húnavatnssýslu, en þó því aðeins, að presturinn, sem nú er þar starfandi, hefði ekkert á móti því. En það kom í ljós, þegar til hans var leitað, að hann vildi heldur vera kyrr á Æsustöðum en færa heimili sitt yfir á Auðkúlustað, og þess vegna frestaðist þetta mál.

Ég hef ekki talið mér fært að fara fram á það í minni brtt., að preststsetrið verði fært á hinn eðlilega stað, fyrr en næst verða prestaskipti. En nú er svo komið, að þangað eru jafngóðar samgöngur og alls staðar annars staðar í prestakallinu og ekkert til fyrirstöðu, að preststsetrið sé fært þangað, þegar prestaskipti verða. Nú skal ég taka það fram, að það veit auðvitað enginn, hvenær það kann að bera að höndum. Núv. prestur er ungur maður og góður prestur og á vonandi langa framtíð fyrir höndum. En það er eins með hann og marga aðra embættismenn, presta sem aðra, að hann getur sótt í burtu þá og þegar, það veit maður ekkert um, og ýmissa hluta vegna þykir mér réttara, úr því að breyting er gerð á prestakallalögunum, að þessi till. komi þá einnig til athugunar. Vil ég mega vænta þess, að henni verði vel tekið hér í hv. d. Annars væri það kannske eðlilegt, eins og sakir standa, af því að hún kemur svona seint fram, að þessari umr. væri frestað, svo að hv. n. fengi tækifæri til þess að athuga þessa till. og hafa samband við kirkjuráð og biskup, því að ég hef ekki nein skilríki hér frá þeim. En ég læt sem sagt hæstv. forseta um það, hvort hann heldur umr. áfram eða mundi verða við óskum hv. n., ef hún vill heldur fresta því, að atkvgr. fari fram um þessa till. Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um það mál fleiri orðum.

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Eins og hv. þm. A-Húnv. tók fram, er skammt síðan brtt. hans á þskj. 249 var útbýtt hér í d. Menntmn. hefur að sjálfsögðu ekki athugað efni hennar né leitað umsagnar biskups um till. En mér virðist efni till. vera þannig, að hér muni ekki um stórt ágreiningsefni vera að ræða. Ég vil því beina þeim tilmælum til flm. brtt., að hann taki hana aftur til 3. umr., en hægt sé að ljúka 2. umr. um frv. nú og atkvgr. Menntmn. mun þá athuga efni brtt. á milli umr., og gæti hún þá komið til úrslita hér í d. við 3. umr. málsins.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hv. þm. A-Húnv. flytur hér brtt., sem hann nú hefur gert grein fyrir, en í ræðu hans kom ekkert fram um það, hver mundi vera vilji íbúa prestakallsins þessu viðkomandi. Mér hefði fundizt æskilegt, að það kæmi eitthvað fram um það, hvað íbúar prestakallsins vilja í þessu efni, hvort þeir vilja, t. d. íbúar Bergsstaða- og Holtastaðasókna, að preststsetrið verði fært, eins og lagt er til í þessari brtt. Mér finnst það vera nokkurt atriði í málinu og gott, að slíkt lægi fyrir um vilja manna þar í prestakallinu, áður en við greiðum atkv. um þessa till.

Jón Pálmason: Herra forseti. Ég skal að sjálfsögðu verða við þeim tilmælum frá hv. formanni menntmn. að taka þessa till. aftur til 3. umr., svo að n. gefist kostur á að athuga hana, og þá getur hún aflað sér þeirra upplýsinga, sem hún óskar eftir.

Varðandi það, sem hv. þm. V-Húnv. gat um, að það lægi ekki fyrir í sambandi við þetta mál, hverjar væru óskir sóknarnefndanna í viðkomandi sóknum, þá er það að vísu rétt, og þegar málið var til umr. og athugunar núna fyrir tveimur árum, eins og ég gat um, eftir tilmælum séra Björns, þá kom það í ljós, eins og raunar má við búast og víða er, þegar svona stendur á, að það er ekki alls kostar samkomulag um það milli allra aðila, enda þótt hér sé mjög sterk ástæða til þess, að presturinn sé á hinu elzta og virðulegasta preststsetri, sem á þessu svæði er. Þegar margar sveitir eiga hlut að máli í sama prestakalli, vilja þær gjarnan hafa góðan gjaldanda hjá sér, svo sem er hver embættismaður, eins og nú standa sakir, svo að það er ekki alveg víst, að þeir séu allir sammála um þetta mál. Það þarf ekkert að ganga gruflandi að því, að það geti orðið um það ágreiningur. En ég lít svo á, að eins og sakir standa, þá sé langeðlilegast, úr því sem komið er, að presturinn sitji á hinu forna höfuðbóli, Auðkúlu, enda þótt fallizt sé á það samkv. þessari till. og væri fallizt á það af öllum yfirvöldum, að núv. prestur hefði leyfi til þess, á meðan hann er, að vera kyrr á Æsustöðum.

Ég skal svo ekki um þetta fjölyrða meira, en vænti þess, að hv. menntmn. taki þetta til athugunar og mæli með tillögunni.

ATKVGR.
Brtt. 249 tekin aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 77. og 79. fundi í Nd., 16. og 19. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 80. fundi í Nd., 23. febr., var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 85, 249, 265).

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Hv. þm. A-Húnv. varð við þeim tilmælum að taka aftur til 3. umr. brtt., sem hann hafði flutt á þskj. 249. Á milli umræðna leitaði menntmn. umsagnar biskups um það efnisatriði, sem brtt. fjallar um, og nefndinni hefur borizt umsögn frá biskupi um þetta efni, og er hún svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Hv. menntamálanefnd neðri deildar Alþingis hefur beiðzt umsagnar minnar um brtt. við frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

Ég var einn í nefnd þeirri, er undirbjó löggjöf þessa fyrir Alþingi, og lagði ég þar til, að Auðkúluprestakall fengi að haldast með prestssetri á Auðkúlu, svo sem verið hefur á liðnum öldum frá upphafi kristninnar á Íslandi. Þessi till. mín náði ekki fram að ganga.

Á flutningi prestssetursins frá Æsustöðum að Auðkúlu eru annmarkar. Mundi nokkur hluti safnaðarins mjög andvígur honum. Enn fremur stendur fyrir dyrum stækkun og endurbót prestsseturshússins að Æsustöðum, og er hún miðuð við það, að prestur sitji á komandi tímum á Æsustöðum".

Með tilliti til þessarar umsagnar biskups og enn fremur með tilliti til þess, að þeirri venju hefur verið fylgt í löggjöf um skipun prestakalla, að þegar gert er ráð fyrir að flytja prestssetur frá einum stað til annars, þá séu þau ákvæði í heimildarformi kirkjustjórninni til handa, leggur menntmn. til, að meginmáli tillögunnar á þskj. 249 verði breytt þannig, að þetta ákvæði verði í heimildarformi, og flytur menntmn. brtt. um þetta á þskj. 265.

Nefndin hefur rætt þessa breytingu við hv. þm. A-Húnv. og hefur ástæðu til að ætla, að fullt samkomulag sé um þessa meðferð málsins.

Jón Pálmason: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls, þegar ég talaði fyrir minni brtt., tók ég það fram, sem raunar mættu allir sjá, að hún er flutt frá því almenna sjónarmiði, að það sé eðlilegast, að prestssetrin séu á kirkjustöðum, og í öðru lagi vegna þess, að prestssetrið Auðkúla er eitthvert elzta prestssetur landsins og að sumu leyti virðulegasti staður á þessu svæði. En það, sem gerði að verkum, að presturinn var ekki þar, þegar prestaköllin voru sameinuð, var það, að þá voru þangað lélegar samgöngur.

Nú er það eins og kom fram frá minni hálfu við 2. umr., að í þessu efni er viss ágreiningur milli sveita um þetta mál. Hér er ekki farið fram á annað en að breytingin verði gerð, þegar næst verða prestaskipti. Og ég skil það ákaflega vel, eins og hv. menntmn. hefur tekið fram, að breyt. á prestssetrinu getur auðvitað ekki orðið nema með samþykki kirkjustjórnarinnar. Þess vegna get ég verið þakklátur hv. menntmn. fyrir hennar till. Hún fullnægir í sjálfu sér þeim tilgangi, sem fyrir mér vakir, og ég get þess vegna gengið að því að mæla með því, að brtt. hv. menntmn. verði samþykkt, og þar með tek ég aftur mína aðaltill. á þskj. 249.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál nú. Það er, eins og ég tók fram um daginn, mjög mikið áhugamál margra manna á þessu svæði, að breytingin verði gerð, en aðrir eru því hins vegar nokkuð andsnúnir.

ATKVGR.
Brtt. 249 tekin aftur.
Brtt. 265 samþ. með 19 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 74. fundi í Ed., 24. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 276).
Á 75. fundi í Ed., 26. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 276, n. 316).

Frsm. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Frv. þetta um breyt. á l. um skipun prestakalla er komið frá Nd. Um það leyti, sem það var flutt, og þó öllu fyrr flutti hv. 1. þm. N-M. frv. hér í þessari hv. d. um breyt. á l. um skipun prestakalla. Þessi tvö frv. eru í aðalatriðum um sama efni. Ég hafði samráð um það við hv. flm., 1. þm. N-M., að frumvarp hans biði í vörzlu menntmn., þar til lokið væri afgreiðslu frv. frá Nd. og var hann ásáttur um það.

Þetta frv., sem hér er til umr., snertir 2 prestaköll í Norður-Múlaprófastsdæmi. Það eru Hofteigsprestakall og Kirkjubæjarprestakall. Í Hofteigsprestakalli eru fjórar sóknir: Hofteigssókn, Eiríksstaðasókn, Sleðbrjótssókn og Möðrudalssókn, en í Kirkjubæjarprestakalli eru þrjár sóknir: Kirkjubæjarsókn, Eiðasókn og Hjaltastaðasókn. Prestssetur í Hofteigs-

prestakalli er Hofteigur samkv. gildandi lögum. En þar hefur ekki verið prestur í allt að 30 ár. Prestssetur í Kirkjubæjarprestakalli er Kirkjubær.

Þær breyt., sem ráðgerðar eru með þessu frv., eru í stuttu máli þessar: Hofteigsprestssetur verður lagt niður, en allar fjórar sóknir Hofteigsprestakalls verða sameinaðar Kirkjubæjarprestakalli, og auk þess verður fimmta sóknin þar með, Kirkjubæjarsókn, svo að 5 sóknir verða þá í hinu nýja Kirkjubæjarprestakalli. Prestssetrið verður Kirkjubær, eins og nú er. Hins vegar verða 2 sóknir, sem nú tilheyra Kirkjubæjarprestakalli, skildar frá, Eiðasókn og Hjaltastaðasókn, og myndað nýtt prestakall, sem á að heita Eiðaprestakall, með prestssetri að Eiðum. M. ö. o.: allar sóknirnar austan Lagarfljóts verða þá sameinðar í Kirkjubæjarprestakalli, en hinar tvær sóknirnar tilheyra þá Eiðaprestakalli.

Hvað fólksfjölda snertir samkv. manntali 1957, hef ég fengið þær upplýsingar hjá biskupsskrifstofunni, að í Kirkjubæjarprestakalli verði 556 manns, en í Eiðaprestakalli 373.

Menntmn. hefur fengið erindi frá öllum sóknarnefndum sóknanna austan Lagarfljóts, þ. e. öllum sóknarnefndum í hinu nýja Kirkjubæjarprestakalli, og eru þær allar sammála því, að þessi breyt. verði gerð. Erindi frá hinum tveimur sóknunum hafa engin komið, sem ekki er heldur ástæða til, þar sem þær tvær sóknir eiga nú að fá sérstakan prest og eru að sjálfsögðu ánægðar með það. Það er því sýnt, að það er enginn ágreiningur heima fyrir um þessa skipan, sem frv. gerir ráð fyrir. Menntmn. mælir því með því, að þessi skipan verði samþ. hvað snertir þessi tvö prestaköll, það er a- og b-liður frv., eins og það er nú. En í a-liðnum er þó þess að geta, að samkv. frv. er kirkjustjórninni gert heimilt að flytja prestssetrið á annan stað í Kirkjubæjarsókn, þ. e. flytja það frá Kirkjubæ og á annan stað, ef hentara þykir, en þó innan sóknarinnar.

Þá var samþ. í Nd. sú viðbót við frv. frá því, sem það var flutt, að heimilt skuli kirkjustjórninni að flytja prestssetrið frá Æsustöðum í Húnavatnsprófastsdæmi að Auðkúlu, það er c-liður frv. Um þetta er ágreiningur heima fyrir, og barst menntmn. erindi frá þremur sóknarnefndum í prestakallinu, þar sem mótmælt er þessu ákvæði. Í þessu prestakalli eru fimm sóknir, þrjár austan Blöndu og tvær vestan Blöndu. Það eru sóknirnar austan Blöndu, sem mótmæla þessu ákvæði. Það er stefna menntmn. í þessu að fara sem næst því, er söfnuðirnir vilja í hverju prestakalli, bæði um prestssetur og um skipan prestakallanna. Hún hefur því í nál. sínu mælt með því, að þessi heimild um flutning prestssetursins frá Æsustöðum verði samþykkt með þeirri viðbót, að til komi samþykki meiri hl. safnaðarmanna í prestakallinu. — Með þeim hætti telur n. sig fara sem bezt að vilja safnaðarmanna, þeirra manna, sem eiga að sjálfsögðu að njóta starfa prestsins.

Þá flutti hv. þm. S-Þ. á síðasta Alþingi frv. um breyt. á l. um skipun prestakalla, og var efni þess að heimila kirkjustjórninni að flytja prestssetrið frá Vatnsenda í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi á hentugri stað í prestakallinu. Þegar þetta mál lá fyrir n. í fyrra, taldi hún sig þurfa nánari upplýsingar heiman að úr prestakallinu, svo að hún gæti sem bezt gert sér grein fyrir skoðunum safnaðarmanna yfirleitt þar. Fól hún þá biskupsskrifstofunni að afla þeirra upplýsinga. Nú hafa þær borizt, og það kemur fram í þeim gögnum, sem fyrir n. hafa legið, að það er ágreiningur heima fyrir um málið. Að vísu bendir margt til þess, að ágreiningurinn sé ekki mjög mikill, en hann er þó einhver. Menntmn. hafði sama hátt á um afgreiðslu þessa máls og um flutning prestsseturs frá Æsustöðum, að láta vilja safnaðarmanna fyrst og fremst ráða í þessu efni. Þess vegna flytur n. viðbótartill. við þetta frv. á þskj. 316 á þá leið, að heimilt skuli að flytja prestssetrið frá Vatnsenda á hentugri stað, ef fyrir liggur samþykki meiri hluta safnaðarmanna í prestakallinu. Er þetta sams konar afgreiðsla og er um flutning prestssetursins frá Æsustöðum.

Menntmn. leggur því til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem fluttar eru á þskj. 316, þ. e. annað orðalag á c-lið í frv. og viðbótartillaga um Vatnsendaprestakall.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Út af fyrir sig þarf ég ekkert við því að segja, þó að þetta frv. komi nú sem frv. frá Nd., en ekki það frv., sem hér er lagt fyrir fyrr í Ed. Það skiptir engu máli. En það eru einstök atriði í þessu máli, sem ég vildi benda á og jafnvel leyfa mér að vænta þess, að hv. n. í sambandi við hæstv. kirkjumrh. tæki þau atriði til athugunar á milli umr. Ef ekki verður tekið neitt tillit til þeirra, mun ég við 3. umr. koma með brtt.

Það fyrsta, sem mig langar þá til að spyrja um, er þetta: Það mun vera alveg ákveðið að gera við íbúðarhúsið á prestssetrinu á Æsustöðum, og það mun vera búið að lofa, að það sé gert í sumar. Ef það liggur fyrir, að hægt geti verið að flytja prestssetrið þaðan og að Auðkúlu, næst þegar prestaskipti verða, er þá nokkurt vit í því að standa við það, sem stjórnarráðið er búið að lofa, að fara að gera við húsið á Æsustöðum nú í sumar? Öll hús á Æsustöðum eru góð. Prestsseturshúsið er orðið dálítið gamalt. Jörðin var prýðilega setin af séra Gunnari og líka af þeim presti, sem er þar núna, og vitanlega á prestssetrið að vera þar áfram, og vitanlega á að gera þar við húsið í sumar. Það liggur undir skemmdum. Þess vegna er ekkert vit í því að samþykkja á Alþingi að bíða með að ákveða, hvar prestssetrið eigi að vera, þangað til næstu prestaskipti verða, og trassa að gera við húsið, — eða gera við húsið og eiga síðan á hættu, að presturinn fari þaðan og það þurfi að byggja yfir hann á Auðkúlu, en þar eru engin hús nú. Það, sem mig langar til

þess að spyrja um fyrst í þessu sambandi, er þetta: Telur ekki hæstv. ráðh. sig skuldbundinn að gera við húsið á Æsustöðum í sumar? Og ef hann telur það, vill hann þá ekki, þrátt fyrir það, þó að eigi ekki að afgera þetta eftir frv. fyrr en næst, þegar verða prestaskipti, láta þegar í sumar ganga til atkv. um það? Þá getur hann staðið við það að gera við húsið á Æsustöðum og dubbað það upp, ef atkvgr. fellur þannig. Annars lætur hann það eiga sig. Hann fer þá að byggja upp fyrir nokkrar millj. kr. á Auðkúlu. Mér finnst ekki vera hægt að afgreiða þetta svona. Eins og málið liggur fyrir þarna, verður að ganga út frá því strax, á hvorum bænum prestssetrið eigi að vera, vegna þess að það þarf að gera við húsið á Æsustöðum. Það verður gert allt öðruvísi við það af ríkisstj. fyrir væntanlegan prest heldur en bóndi mundi gera, sem keypti jörðina, ef presturinn væri strax settur á Auðkúlu. Það eru gerðar hærri kröfur til húsnæðis hvað prestinn snertir. Þess vegna held ég, ef þetta á að afgreiðast svona, að hæstv. stjórnarráð eigi, þrátt fyrir það þó að það eigi ekki að flytja fyrr en um prestaskipti, að heimta núna strax atkvgr. um það í sóknunum, á hvorum staðnum þeir vilji hafa prestssetrið, svo að það sé hægt að standa við það loforð, sem búið er að gefa Æsustaðapresti, að gera við húsið nú í sumar. Þetta var það fyrsta, sem ég vildi benda á.

Annað var það, að n. hefur ekki séð sér fært að taka upp neina af þeim brtt., sem ég var með í mínu frv. Hún sér sér ekki fært að ákveða, að presturinn, sem núna situr á Staðarhóli og er talinn sitja á Hvanneyri að lögum, en Staðarhóll er sérstök jörð, sérmetin, þar er byggt prestsseturshús, þar situr presturinn, og þar á hann að sitja, — nei, hún lætur Hvanneyri samt standa, þó að hann sitji á Staðarhóli, Staðarhóll hafi verið afhentur af ríkinu sem jörð handa prestinum, sé sérmetinn í fasteignamati að öllu leyti, — þá lætur hún samt Hvanneyri standa. Þar á hann að vera, þó að hann hafi alltaf búið á Staðarhóli og sé búið að byggja yfir hann þar og það sé sérstök jörð, sérmetin í fasteignamati. Þetta er ekkert annað en leiðrétting, bókstaflega leiðrétting, sett inn í lögin upprunalega í hugsunarleysi, þar sem Staðarhóll var hjáleiga frá Hvanneyri, en nú hefur hún fengið sérstök landamerki og er sér í sínu mati og er sérjörð, og þar situr presturinn. Þetta er ekkert annað en leiðrétting, sem vitanlega var alveg sjálfsagt að taka upp og leiðrétta.

Í öðru lagi lét ég af, — ja, hvað eigum við að segja, — af tilhliðrunarsemi við hæstv. ríkisstj., þá setti ég, að presturinn skyldi búa: „eða á Torfastöðum". Þegar lögin voru sett, þá var sett í lögin, að hann skyldi búa í Skálholti. Síðan er nýr prestur kominn í sóknirnar, hann er látinn búa á gamla prestssetrinu, Torfastöðum, og ekki fluttur í Skálholt, þó er þar hús, sem stendur tómt. N. hefur þótt betra að láta hann sitja á Torfastöðum í trássi við guð og menn og með einskis manns leyfi heldur en að sitja þar, sem hann átti að sitja eftir lögum. Ég fór svo vægt í þetta, að ég tiltók, að hann skyldi sitja í Skálholti eða á Torfastöðum, af því að hann hefur alltaf setið á Torfastöðum, síðan hann kom, þessi nýi prestur. Vitanlega á hann eftir l. að sitja í Skálholti, verði lögunum hlýtt. N. hefur þótt betra að láta hann sitja á Torfastöðum í trássi við lög og með einskis manns leyfi, heldur en laga það svoleiðis, að hann gæti þó setið löglega á Torfastöðum. Hún hefur ekki séð neina ástæðu til þess að taka tillit til þess, hvað í lögum stendur.

Ég gerði tillögu um prestinn, sem á að sitja á Hvítanesi í Ögur- og Eyrarsóknum. Það hefur verið hálfgert í eyði og gengið úr sér, síðan Vernharður fór þaðan. Síðan kom prestur, sem ekki hefur verið þar, hefur setið úti í Súðavík fast og rólega, þó að lögboðið sé, að hann sitji í Hvítanesi. Ég flutti prestssetrið í Súðavík, þar sem hann er. Ég gerði ekki ráð fyrir að hann settist á húsalitla, hálfgerða eyðijörð, eins og nú er komið í Hvítanesi. N. hefur enga ástæðu séð til þess að laga það. Hún vill láta hann vera í gamla túninu á Hvítanesi, þó að þar séu engin hús eða neitt fyrir hann að vera í þar, en ekki í Súðavík, þar sem hann hefur verið og á að vera vitanlega.

Ég vil biðja n. að athuga þetta allt saman. Það er sérstaklega þetta þrennt af þessum brtt. mínum, hinar skal ég láta ósagt um. Ég vildi láta setja: „á Setbergi eða í Grundarfjarðarkauptúni" — prestinn þar, sem byggist á því, að vitanlega vill hann vera þar. Hann er svo að segja búlaus maður. Ég man ekki, hvort hann hefur eina kú og 30 kindur eða eitthvað svoleiðis. Jörðin er ekki setin, og allt er að ganga úr sér, og hann vill náttúrlega fara inn í þéttbýlið inn í Grundarfjörð. Ég gerði möguleika til, að hann væri á hvorum staðnum sem vera vildi, opnaði þann möguleika. N. hefur ekki séð neina ástæðu til þess að skipta sér af því.

Ég vil enn fremur benda á það, að eins og sakir standa núna, þá má telja alveg víst, að það komi ekki prestur í Kirkjubæ. Húsið á Kirkjubæ er gamalt, mjög stórt timburhús, byggt fyrir heimili, sem þá var mjög stórt, líklega 1911 eða 1910 eða um það leyti, og ákaflega gisið orðið, og það kemur ekki prestur í það, nema byggt sé þar upp. Auk þess að vera byggt yfir heimilisfólkið á Kirkjubæ, eins og það var þá, þegar þetta stóra timburhús var byggt, þá var líka byggður og hafður í norðurendanum á því samkomusalur, sem átti að vera þingstaður hreppsins, þvert yfir húsið, sem nú er hætt að nota fyrir löngu, af því að hann var svo kaldur, að það var ómögulegt að nota hann. Það er þess vegna alveg víst, að Kirkjubæjarprestur kemur ekki fyrr en eitthvað er gert til þess, að hann geti einhvers staðar komizt inn. Ég lagði til í mínu frv., að það væri aðallega hugsað um Stóra-Bakka sem prestssetur, og ég gerði það af því í fyrsta lagi, að það er jörð, sem landnámssjóður á og hefur ráð á, er þess vegna nokkurs konar ríkiseign, í öðru lagi af því,

að það er sá staður, þar sem fyrirhugaður barnaskóli fyrir Kirkjubæjarhrepp og Jökulsárhlíð hefur verið hugsaður, og síðan ég bjó mitt frv. til, hefur það skeð, að náðst hefur samkomulag milli hreppsnefndanna í þessum tveimur hreppum og fræðslumálastjórnarinnar um það að fá Stóra-Bakka leigðan fyrir barnaskóla. Það hefur verið dubbað þar upp á húsið, sem var sæmilegt á bændamælikvarða talið, og barnaskólinn er þar í vetur, heimavistarbarnaskóli. Ég er þess vegna ekkert viss um, hvort breytingin er til bóta hvað þetta snertir, því að ég er sannfærður um, að prestur kemur ekki í Kirkjubæ, fyrr en búið er að byggja, og ég er sannfærður um, að það verður ekki gert í Kirkjubæ. En þetta er nú mín skoðun, það má kannske deila um hana.

Enn fremur er það, að meðan sú skipan helzt, verður Eiðaprestur náttúrlega, eins og hann hefur gert, látinn þjóna Kirkjubæjarsóknum líka. Þá er mér spurn, hvort hann þarf að fá laun sem ákveðinn kennari með greiðslu fyrir alla kennslutíma eftir stundakennarakaupi hér í Reykjavík og hvort á ekki að gera hann að kennslupresti, eins og ég lagði til. Sem kennsluprestur verður hann að því leyti eins og hann hefur verið, að hann kemur til með að hafa sitt Eiðaprestakall, auk þess kemur hann til með að hafa hálft Kirkjubæjarprestakall og fær þar með hálf önnur prestslaun. En með því að vera kennsluprestur fær hann þó ekki nema hálf prestslaun þar við og er þá kominn upp í tvöföld prestslaun, en þeir ætla honum auk þess laun sem kennara eftir tímafjölda, sem hann kennir. Ég hefði viljað gera hann að kennslupresti, eins og ég legg til í mínu frv. ákveðið. Það er sparnaður fyrir ríkissjóð og ekkert illa farið með manninn, því að hann hefur hærri laun en prestar yfirleitt hafa og miklu hærri þrátt fyrir það.

Þetta vil ég nú biðja nefndina að athuga. Ég mun ekki koma með neina brtt. núna við frv. En komi ekki brtt. frá nefndinni, þá kem ég með brtt. um ýmislegt viðvíkjandi þessu, fyrst og fremst það að skylda ekki prestinn til að búa á Hvanneyri, heldur á jörðinni, sem honum er lögð út sem prestssetursjörð og er sérmetin jörð og allt í lagi með. Í öðru lagi um það að leyfa prestinum að vera kyrrum á Torfastöðum, án þess að það þurfi að vera beint lögbrot, ef menn vilja ekki hafa hann í Skálholti, eins og menn ákváðu á sínum tíma. Og fleira þess háttar mun ég koma með. Ég geri það ekki núna, en vil lofa n. að athuga málið nánar, og sérstaklega vil ég biðja nefndina að athuga þetta vel með Ásustaðina. Ef það á að bíða eftir næstu prestaskiptum með því að vita vilja sóknarnefndanna um það, hvar presturinn eigi að sitja, þá er heimska að leggja, hvort sem það eru 100 eða 200 þús. kr., í viðgerð á húsinu á Ásustöðum. Ef aftur eru búin þannig út lögin, að það sé hægt að ganga úr skugga um þetta strax með atkvgr., þá verður annaðhvort gert við húsið á Ásustöðum eða það látið eiga sig og ráðizt í að fara að byggja á Auðkúlu og flytja prestinn þangað og selja aftur Ásustaði. En það þarf að vera þannig um hnútana búið, að það sé þó hægt fyrir stjórnarráðið að gera það, en það er ekki hægt, eins og greinin hljóðar, þegar ekki á að athuga það fyrr en við næstu prestaskipti.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil flytja hv. menntmn. þakkir mínar fyrir það, að hún hefur orðið við þeim óskum mínum að taka upp í till. sínar till., sem ég flutti hér í hv. deild í fyrra um heimild handa kirkjustjórninni til þess að selja prestssetrið Vatnsenda í Ljósavatnshreppi og flytja prestssetrið á hentugri stað. Allt það, sem hv. frsm. n. sagði um þetta mál, var laukrétt, og ég hef síðar en svo við það að athuga, þó að nefndin hafi bætt við tillöguna ákvæði um það, að samþykki meiri hluta safnaðarmanna þurfi til, að heimildin sé notuð. Ég hef alls engan áhuga og hef ekki haft neinn áhuga fyrir því, að Vatnsendi verði seldur og annað prestssetur valið, ef það væri á móti vilja meiri hluta safnaðarmanna, og ég hygg nú, að meiri hlutinn sé fyrir hendi, þó að það sé hins vegar alveg rétt, að þar liggur ekkert skjallega fyrir og þarf því að kannast betur, ef þetta ákvæði verður að lögum. Ég vænti þess, að hv. deildarmenn geti fallizt á þessa tillögu, eins og hún nú liggur fyrir, og tel málið vel afgreitt með henni.

Frsm. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Ég get leitt hjá mér að ræða sérstaklega um Ásustaði, því að hv. 1. þm. N-M. beindi því ekki til mín eða nefndarinnar, sem hann sagði um það prestssetur. Hann greindi frá því, að það þyrfti viðgerð á íbúðarhúsinu í sumar og að það sýndist full þörf á því að láta þá atkvæðagreiðslu fara fram nú þegar, hvort söfnuðirnir vildu flytja prestssetrið, svo að ekki væri farið að gera við húsið, ef svo til þess kæmi að flytja prestssetrið. Þetta er atriði, sem ég læt hlutlaust. Ég vil benda honum á það, að jafnvel þó að þessi atkvgr. færi fram nú strax, er hún heldur ekki bindandi um flutning á prestssetrinu. Þetta er aðeins heimild fyrir kirkjustjórnina að flytja prestssetrið. Hún er ekki bundin við það.

En hann nefndi nokkur atriði úr frv. því, sem hann flutti um breytingar á prestssetrum, og biður nú nefndina að taka þær til athugunar. Nefndin er búin að athuga þessar till. Hún er mótfallin þeim. Nefndin hafði umsögn biskups um þetta frv. hv. 1. þm. N-M., en í þessu frv. ætlaðist hv. flm. til, að flutt verði nokkur prestssetur. Það er á 7 stöðum, sem hann ætlast til að flutt verði prestssetrin á þá leið, að þar verði um tvo staði að ræða, prestur megi sitja á þessum eða öðrum stað, sem hann greinir í frv. Um þetta atriði segir biskup í umsögn sinni:

„Ekki er ljóst af frv., hvort ætlazt er til þess, að kirkjumrh. skuli ákveða hverju sinni, hvar presturinn skuli sitja í þeim prestaköll-

um, sem hafa tvö prestssetur, eða hvort prestur sjálfur segi til um það, á hvorum staðnum hann kjósi að hafa aðsetur, né heldur er það ljóst, hvort eða hve oft sami prestur megi skipta um þá tvo aðsetursstaði, sem ákveðnir eru í umræddum prestaköllum. Mundi slíkt fyrirkomulag leiða til þess, að tvö prestssetur þyrftu jafnan að vera tilbúin og laus úr leigu eða ábúð, þegar prestur teldi sig þurfa á að halda, og tel ég slíkt bæði vera dýrt og óheppilegt. Svipuðu máli gegndi, þó að val á aðseturstað yrði eingöngu bundið við prestaskipti. Sé það aftur á móti ætlunin, að prestar eða kirkjumrh. ákveði í eitt skipti fyrir öll, að prestssetur skuli endanlega flutt frá fornum höfuðbólum og í nærliggjandi kauptún og að staðirnir hverfi þar með til fulls undan kirkjunni og yfirráðum kirkjustjórnar, þá verð ég að telja slíkt með öllu fráleitt. Samkv. framansögðu hlýt ég því að mæla gegn a-, b-, e-, f-, h- og i-liðum nefnds frv." — þ. e. frv. hv. 1. þm. N-M.

Biskup leggur því gegn þessum tilfærslum prestssetra, sem fólust í frv., og með þeim rökum, sem ég hef nú lesið. En hann segir sérstaklega um Hvanneyri, með leyfi hæstv. forseta:

„Liður g, — þ. e., að í staðinn fyrir Hvanneyri komi Staðarhóll, — er smáatriði, sem ekki skiptir máli, þar sem hér er aðeins um að ræða nafn á því húsi, sem reist hefur verið sem prestssetur í landi Hvanneyrar."

Ég sé, að hv. þm. brosir. Hann telur þetta kannske ókunnugleika hjá biskupi. Ég vil ekkert um þetta segja, en þessar upplýsingar fékk n., og af þeim ástæðum gat n. ekki fallizt á að taka þessa liði upp í frv. það, sem hér er til umr. N. sýndist þetta vera nokkur rök hjá biskupi um þessi tvö prestssetur í hverju prestakalli. Og ég vil segja alveg sérstaklega frá mínu sjónarmiði: ég tel það bókstaflega fráleitt að vera með tvö prestssetur í sama prestakalli. Mér sýnist, að biskup hafi þarna full rök að mæla, og það er vægast sagt mjög óheppilegt, að prestar skuli geta svo að segja hringlað til um aðsetursstað, prestar, sem eiga að búa á jörð uppi í sveit, geti farið í næsta kauptún og setzt þar að, látið jörðina vera í eyði. Svo ganga húsin úr sér, og svo vill enginn koma þangað, þó að einhver nýr prestur væri tilbúinn að setjast að í sveit á hið forna prestssetur, af því að það er orðið ónothæft, vegna þess að það hefur verið í eyði, af því að annar, sem átti að vera þar, var þar ekki. Ég kann ekki við þetta fyrirkomulag, og ég segi fyrir mig: ég er alveg á móti þessum tveimur prestssetrum í einu og sama prestakalli. En út af þessu, sem hv. þm. sagði, þá féllst n. á, að biskup hefði rök fyrir sér í þessu, og af því voru ekki þessir liðir teknir upp í frv., sem hér er til umr.

Að lokum minntist hv. þm. á Kirkjubæ og segir, að íbúðarhúsið í Kirkjubæ sé ekki í því ástandi, að þangað muni koma prestur, eins og er. Þetta getur verið alveg rétt. Við höfðum enga aðstöðu til að dæma um það, og þó að við hefðum vitað það, þá veit ég ekki, hvort það hefði breytt neinu. En í frv. hv. 1. þm. N-M. stóð, að prestssetur skuli vera Stóri-Bakki eða þar, sem sameiginlegur barnaskóli fyrir Hlíðar- og Tunguhrepp verði byggður. Við gátum ekki fallizt á að fara að ákveða prestssetur einhvers staðar, sem enginn veit, hvar verður. Það er þó vægast sagt, að það verður að nefna staðinn. Það er ekki farið að byggja neinn barnaskóla þarna. Það getur vel verið, að þessi staður væri heppilegri fyrir prestssetur, Stóri-Bakki heldur en Kirkjubær. En það er áreiðanlegt, að það þarf að gera þar framkvæmdir, ekki minni en á Kirkjubæ, til þess að það geti orðið prestssetur. Það er ekki svo fyrirhafnarmikið að breyta lögum um eitt eða tvö prestssetur, að það þurfi að hafa þann háttinn á, að prestar skuli vera annaðhvort „þarna" eða „hérna". Ef samkomulag er um það heima fyrir í söfnuðunum að flytja prestssetur, þá fullyrði ég, að það tekur ekki mjög langan tíma á Alþingi að fá slíkt samþykki. Og væri heppilegra að halda sig við þá reglu, að það skuli aðeins vera eitt prestssetur í hverju prestakalli í landinu og prestarnir verði að vera þar og séu ekki annars staðar. Sé svo þörf á því og fullt samkomulag heima fyrir um að flytja prestssetur, þá eru engin vandkvæði á því að fá það samþykkt á Alþingi, að ég hygg.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Má ég benda hv. nefnd á og biðja hana að koma því til biskupsins, að það er óleyfilegt að kalla hús, sem byggt er á jörð, sem hefur að lögum nafnið Staðarhóll og ákveðin landamerki, Hvanneyri. Staðarhóll er að lögum ákveðin jörð í Borgarfjarðarsýslu, og þar er prestssetrið. Þetta er gömul hjáleiga frá Hvanneyri, sem alltaf hefur verið sérmetin og sérstök, og að byggja hús þar og ætla sér að láta prestinn búa þar og kalla húsið Hvanneyri, það er óleyfilegt. Það er staðfesting á ókunnugleika biskups, sem m. a. lýsir sér í því, þegar hann þekkir ekki annað en að hreppaskil og sóknamörk séu þau sömu um allt land, eins og liggur fyrir í frv. hér á Alþingi. Úr því að búið er að byggja hús á Staðarhóli, þó að það sé gömul hjáleiga frá Hvanneyri, en sérstök jörð, og búið að byggja þar hús fyrir prestinn og ríkisvaldið búið að afhenda honum þá jörð til ábúðar og hann býr á henni, þá á vitanlega að segja, að hann sé á Staðarhóli, en ekki á Hvanneyri. Það er sjálfgefinn hlutur. Það er svo sjálfgefinn hlutur eins og að kalla Ásmund Ásmund, en ekki Munda eða Ása eða eitthvað annað þess háttar, það er svona álíka. Það er lögbýli, sem byggt er yfir prestinn á, og þar situr hann. Og það nafn á vitanlega prestssetrið að hafa.

Nákvæmlega sama er að segja um Ögurþing. Þegar prestakallalögin eru sett, liggur fyrir, að presturinn ætlar ekki að vera í Hvítanesi og það á seinna að ákveða stað eftir lögunum. Svo situr hann í Súðavík og hefur setið þar síðan, þó að nú sem stendur sé þar prestslaust. Og vitanlega á hann að sitja þar

áfram, en ekki að fara að byggja upp yfir hann á hálfgerðri eyðijörð.

Hitt er rétt hjá frsm. og biskupi, að það er náttúrlega óheppilegt að hafa tvö prestssetur í sömu sókn. Þetta hefur nú biskupinn sjálfur lagt til. Hann lagði sjálfur til, að prestssetrið væri í Hraungerði eða Selfossi, á öðrum hvorum staðnum. Nú er hann kominn að Selfossi og Hraungerði því ekki prestssetur.

Allir þessir staðir, sem ég nefni hérna, eru staðir, sem — ja, ekki ég, því að ég er kominn á áttræðisaldurinn, en þeir, sem lifa svona 10 ár enn, sjá allir prestana flytjast á þá staðina, sem ég vil hafa þá á, af stöðunum, sem þeir eru á núna, það megið þið vera viss um, og sumir af þeim eru þar þegar. Hvort þeir eru með einhver leyfi frá einhverjum til að vera þar, það veit ég ekki. Ég veit ekki, hvort t. d. presturinn í Vatnsenda hefur haft biskupsleyfi til þess að sitja aldrei á prestssetursjörðinni, en alltaf annars staðar, og ekki á sama stað, heldur sitt á hvað. Ég veit það ekki. Mér er sagt, að hann hafi það ekki, — hann hafi fengið biskupsleyfi til þess, en ég held, að það hafi aldrei komið til stjórnarráðsins. Þó þori ég ekki að fullyrða þetta, en mér er sagt það.

Nei, það segir sig alveg sjálft, að þegar maður sér, hvert stefnir í þessum málum, þegar maður sér prest eftir prest hringla af prestssetrinu, halda því ekki við, gera það svo lítt, stundum alveg óbyggilegt og á öðrum stöðum sama sem óbyggilegt, þá á ekki að vera að pína þá til að vera þar að nafninu til. Þegar þeir eru annars staðar, á allt öðrum stöðum, þá á að lofa þeim að fara þangað, sem þeir vilja vera, og byggja yfir þá þar og sleppa hinu, það er alveg gefinn hlutur, eins og t. d. núna Setberg. Hérna í þingdeildinni get ég gjarnan sagt það, að presturinn, sem var á Setbergi, var mér eiginlega afar reiður um tíma, þegar hann var á Setbergi, þegar ég var að tala um, hvað prestssetrið væri illa setið o. s. frv. og að það væri hyggilegra að hafa það í kauptúninu o. s. frv. En í fyrrasumar kom hann til mín: „Í guðs bænum haltu nú áfram með þetta. Nú er verið að eyðileggja Setberg alveg hreint.“ Já, þá vildi hann láta mig halda áfram með það, þegar hann var sjálfur kominn af Setbergi og hættur að sitja þar og það sæmilega og kominn þangað annar prestur, sem var nýr þar.

Annars er það þetta, þetta flökt prestanna frá prestssetrunum og á allt aðra staði en þeir eiga að sitja á, og sá kostnaður, sem ríkið hefur af því að fara svo að dubba upp handa þeim annaðhvort alveg nýja bústaði ellegar að gera við þá eldri, sem eru komnir í hrun, það er alveg óþolandi, — og nú er kirkjumrh. ekki við, en hann var við áðan, — það er alveg óþolandi, og það á kirkjumálastjórnin ekki að líða: þó að biskupinn leyfi þeim að hringla þannig til, þá á kirkjumálastjórnin ekki að líða það. Ég sé heldur ekki, — við skulum taka sem dæmi prestinn, sem á að sitja í Skálholti að lögum, en situr á Torfastöðum. Í hvers leyfi situr hann þar? Og hví má ekki ákveða með lögum, að hann skyldi sitja á öðrum hvorum staðnum, ef menn geta ekki komið sér saman um að láta hann sitja þar, sem hann á að vera að lögum? Ég sé ekkert á móti því, ekki nokkurn hlut. Hitt skal ég viðurkenna, að það er óheppilegt að hafa standandi alltaf tvö prestssetur í sama prestakallinu, það skal ég viðurkenna, enda var það ekki hugsað þannig af mér, þó að það megi skilja það kannske þannig. En það gildir a. m. k. ekki um Staðarhól og ekki um Súðavík, því að það er ekkert „eða“ hjá mér við það, það eru staðir, sem presturinn raunverulega situr á, en ekki þar, sem hann er staðsettur að lögum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 86. fundi í Ed., 16. marz, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 316,1 samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 316,2 samþ. með 9 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 88. fundi í Ed., 19. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 324, 325, 326).

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég hreyfði því hér við 2. umr. þessa máls, að mér fyndist ástæða til að breyta nokkru í þessu frv., eins og það lá fyrir, og mæltist til þess, að n. athugaði málið á milli umræðna. Tekið var heldur óstinnt upp, að það yrði gert. Ef ég man rétt, var talið, að það væri hún búin að gera og svo rækilega, að það þyrfti ekki um það frekar að binda. Ég sagði þá, að ég mundi að líkindum koma með brtt. við 3. umr., og þær liggja nú fyrir á þskj. 325. Ég skal fara um þessar brtt. nokkrum orðum og þá jafnframt frv. í heild að nokkru leyti.

Það er hér horfið inn á nýja braut, sem aldrei hefur verið farið inn á áður hér á landi, með þessum brtt., og skapast með því ákveðið fordæmi, sem ég er nú ekki að öllu leyti viss um, hvort er rétt, en það er það, að sóknarmennirnir í kirkjusóknunum eða prestaköllunum eigi að fá að ráða því, hvar prestssetur er, hvar prestur situr í viðkomandi prestakalli. Ég er ekki viss um, að þetta sé að öllu leyti rétt. Ég viðurkenni fúslega, að þetta er spor áfram í lýðræðisátt, að lofa sóknarbörnum prestsins að ráða, hvaða jörð er tekin undir prestssetrið og hvar hann á að sitja. Ég viðurkenni það. En á hinn veginn má ganga út frá því, að það geti orðið ríkinu nokkuð miklu dýrara en ef ríkið ákveður sjálft, hvar prestssetrið er, og að því leyti er ég ekki alveg viss um, hvort stefnubreytingin, sem er í þessu frv., sé til góðs. Við

sjáum það í hendi okkar með eitt af þessum prestssetrum, sem hér er talað um, Æsustaði eða Auðkúlu. Ef það skyldi vera meiri hluti sóknarinnar, sem vildi hafa prestssetrið á Auðkúlu, — sem er nú næsta ólíklegt, — en ef það skyldi vera meiri hlutinn, sem vildi hafa það á Auðkúlu, þá er annars vegar lagt niður prestssetur og seld góð jörð með sæmilegum húsakynnum, sem að vísu þarf að dubba upp á, líklega fyrir 80—120 þús. kr., til að gera við húsið, sem þar er nú. Það mundi kosta ríkissjóð að hafa prestssetrið áfram á Æsustöðum. Ef hins vegar meiri hlutinn vildi færa það yfir í Auðkúlu, þá er þar ekki einn kofi uppistandandi. Það á að flytja það á part úr gömlu Auðkúlu. Henni hefur verið skipt í nýbýli, og eitt af þessum nýbýlum, sem ekki er búið að byggja neitt upp á, á að verða prestssetur. Nú sýnir reynslan, að prestssetrshús, bæði fyrir prestinn og hans fólk og fyrir þann fénað, sem á jörðinni þarf að vera, er geysidýrt, svo að þetta mundi alltaf muna ríkissjóð, — ja, ég veit ekki hvað, líklega nær milljón króna, sem það yrði dýrara að hafa prestssetrið að Auðkúlu en að Æsustöðum. Og ég er ekkert viss um, hvort það er talið rétt að vinna það til til að auka lýðræðið að geta skapað slíka möguleika hér og þar um landið. Ég slæ engu föstu um það. Ég er ekki viss um það, en á þetta vil ég benda. En ég hef fallizt á þessa breytingu, aukninguna á lýðræðinu, að lofa söfnuðunum að ráða, hvar prestssetrið er. En þá finnst mér það eigi að vera samræmi, og það þýði ekki að lofa því að ráða í einu prestssetrinu, en ekki í öðru. Annaðhvort föllumst við á það, að þeir fái að ráða, þar sem ekki er fastákveðið prestssetur, ellegar þeir fái ekki að ráða, og ég fellst ekki á það að segja: Ja, þið megið nú ráða í þessu kallinu, hvar prestssetrið er, en í hinu ekki. — Annaðhvort gerum við það eða gerum það ekki. Við verðum að vera samkvæmir sjálfum okkur í því, hvað við gerum í þessu tilfelli, og ég hef, þrátt fyrir það þótt ég dragi mjög í vafa, hvort það sé rétt eða ekki, fallizt á þessa hugmynd að lofa söfnuðunum í prestakallinu að ráða, hvar prestssetrið er. En af því að ég vil vera sjálfum mér samkvæmur og gera þetta ekki bara á einum stað, heldur yfirleitt, úr því að farið er inn á þessa stefnu á annað borð, þá er mín fyrsta brtt. sú, að eins og þeir eigi að fá að gera þetta í Æsustaðaprestakalli, eins fái þeir að gera þetta í Kirkjubæjarprestakalli. Það er engin ástæða til að lofa þeim ekki að ráða líka, hvar prestssetrið er í hreppnum, úr því að þeir eiga að fá að gera það á Æsustöðum og annars staðar. Það er sjálfu sér samkvæmt að lofa þeim að ráða því líka, og þá er ég satt að segja í litlum vafa um, hvar það verður. En það er nú annað mál. Þetta var mín fyrsta brtt.

Önnur brtt. er sú, að það verði látin fara fram atkvæðagreiðsla um það, hvort presturinn á Torfastöðum eigi að sitja þar í trássi við lög og í trássi við leyfi stjórnarvalda eða hvort hann eigi að vera þar, sem prestssetrið er sett að lögum, í Skálholti, og þar sem nú stendur autt hús, sem ekkert er notað, a. m. k. s. l. ár, — hvort sem honum er ætlað það eða ekki, þá er hægt að láta hann hafa það. Ég sé enga ástæðu til þess að láta prest eftir geðþótta sitja annars staðar en hann á að gera að lögum, heldur láta þá söfnuðina skera úr um það, hvaða staður skuli vera hans framtíðarstaður, og hann síðan flytja þangað og búa þar. Það er mín önnur brtt.

Þriðja brtt. mín er um það, að úr því að presturinn frá Hraungerði er fluttur að Selfossi og setztur þar að, þá eigi Hraungerði að falla niður. Það stendur „annaðhvort eða" í lögunum núna. Það voru að vísu orð, sem biskupinn þoldi ekki að heyra, að prestssetrin væru tvö í sama prestakallinu og mætti velja um, hvort heldur væri, og ég get fallizt á, að það sé ekki heppilegt, og slæ þessu föstu, að hann megi búa þar, sem hann nú er, þó að hann sé á Selfossi, en ekki í Hraungerði.

Fjórða brtt. er um að kalla prestssetrið á Hvanneyri réttu nafni. Það á að heita, að presturinn sitji á Hvanneyri eftir l. Þó er Staðarhóll sérmetin jörð og hefur verið í öllum fasteignamatsbókum sérmetin, síðan jarðatal kom út. Staðarhóll var ein af mörgum hjáleigum frá Hvanneyri. Þær eru til enn þá, það eru enn þá byggðar Ausa og Kvígsstaðirnir og Staðarhóll. Kannske við eigum að kalla þær allar bara Hvanneyri, af því að þær tilheyrðu einu sinni torfunni, sem tilheyrði Hvanneyri. Búið er nú að leggja alveg niður Kistuna, Tungutún, Hamratún, Svíra og Ásgarð o. s. frv. Það er búið að leggja þær alveg niður og taka þær alveg saman við Hvanneyri. Þetta voru upprunalega 11 jarðir, en þrjár af þeim standa enn sjálfstæðar, og ein af þeim er Staðarhóll. En svo hræddur skildist mér biskupinn vera af bréfinu, sem formaður n. las upp frá honum, við virðingarleysi á prestunum, að af því að Hvanneyri er gamalt stórbýli, þá vill hann láta heita svo, að presturinn sitji þar, til þess að hann geti fengið einhverja gloríu af jörðinni. Ja, það er ekki treyst mikið á manndóm prestanna sjálfra, ef svo langt er sótzt til þess að reyna að skapa um þá gloríu. Vitanlega býr hann á Staðarhóli, þar hefur verið byggt yfir hann, þar situr hann, og það á vitanlega að kalla það sínu rétta nafni. Þar er prestssetrið, en ekki á Hvanneyri. Þetta er sérmetin jörð og meira að segja ekkert lágt metin í síðasta fasteignamati, og það á að kalla hann búa þar, sem hann býr. Ég held, að það hafi ekki nema einn prestur búið á Hvanneyri, a. m. k. ekki nú ákaflega lengi. Fyrsta árið, sem Tryggvi Þórhallsson var prestur í Hestþingum, þá sat hann á Hvanneyri, á meðan var verið að gera við húsið á Hesti. Annars hefur aldrei prestur setið á Hvanneyri. Þeir hafa setið á Hesti fyrst lengi og síðan á Staðarhóli. Það voru gerð skipti á jörðinni Hesti, sem atvinnudeild háskólans var látin hafa fyrir sauðfjárræktarbú,

og jörðinni Staðarhóli, hjáleigunni frá Hvanneyri, sem presturinn var látinn hafa til prestsseturs og atvinnudeildin borgaði svo á milli.

Það liggur þess vegna alveg fyrir, að ef hv. þd. telur, að enn eigi að standa Hvanneyri í staðinn fyrir Staðarhól, þá tekur hún undir með manninum, sem sagði: „Ja, það er nú samt meri brún“ — þó að hann riði á skjóttum hesti. Það er ekkert annað, sem þar gerist.

Þá hef ég gert enn eina breyt. viðvíkjandi Ögur- og Eyrarsóknum. Þar hefur núverandi prestur alltaf setið í Súðavík, en ekki á prestssetrinu Hvítanesi. Það er ekki heldur vafi á því, að eins og Hvítanes er nú komið, — og reyndar hefur það alltaf verið illa sett, — en eins og það er nú komið, þá er óhætt að fullyrða, að þó að það sé talið prestssetur, þá kemur þangað aldrei prestur. Og það er líka nokkurn veginn víst, að presturinn mun alltaf sitja í Súðavík. Það er eini kaupstaðurinn í prestakallinu og eina fjölbýlið í prestakallinu, þar getur hann haft áhrif á flesta menn með minnstri fyrirhöfn, ef hann hefur áhuga á því að hafa áhrif á breytni manna og siðgæði, eða þá trú þeirra, og þar getur hann haft áhrif á flesta menn með minnstri fyrirhöfn, og þar á hann að sitja, enda langbezt settur þar, eins og samgöngurnar eru við utanvert Djúp, þar sem hann er prestur. Um það ber, held ég, öllum saman, og reynslan sýnir það líka, að þar hefur presturinn verið látinn sitja. Þess vegna vil ég ákveða með lögum, að hann sitji ekki á Hvítanesi, — en þangað hefur þessi prestur líklegast aldrei komið, nema ef hann hefur þurft að skíra hjá fólki eða eitthvað svoleiðis, aldrei að öðru leyti. Þeir húsvitja nú ekki, blessaðir, flestir, — og vitanlega á hann að vera í Súðavík, en ekki í Hvítanesi.

Og þá er loks síðasta breyt., sem er um Æsustaði og gengur út á það, að ríkisstj. skuli, strax og þessi lög verða samþykkt, láta ganga til atkv. um, hvort prestssetrið skuli vera á Æsustöðum eða Auðkúlu. Og það er gert með tilliti til þess, sem ég sagði síðast, að það þarf að gera við húsið á Æsustöðum, það er búið að lofa að gera við það í sumar. Það er ástæðulaust að gera við það, ef prestssetrið á að flytjast til Auðkúlu, því að það verður öðruvísi gert við það hús, ef bóndi kaupir jörðina og setzt að á Æsustöðum, heldur en gert yrði við það af ríkinu til að gera það að framtíðarprestssetri. Það yrði öðruvísi gert við það af bóndanum, og hins vegar liggur húsið undir skemmdum, svo að það þarf að gera við það, og þess vegna á ekki að bíða eftir því, að prestaskipti verði þarna einhvern tíma, enginn veit hvenær í framtíðinni, með að ganga úr skugga um það, á hvorum staðnum prestssetrið eigi að vera. Ef meiri hl. er með því að hafa það áfram á Æsustöðum, þá þarf að gera við húsið strax í sumar, eins og búið er að lofa. Ef meiri hl. er hins vegar með því að hafa það að Auðkúlu, þá þarf að fara að hugsa um byggingar þar, bæði á útihúsum og íbúðarhúsi, og því þarf kirkjustjórnin að vita sem fyrst, á hvorum staðnum það á heldur að vera, en ekki að bíða eftir einhverju ártali, þegar prestaskipti verða í brauðinu.

Öðrum brtt., sem gætu komið til greina, sem voru í mínu frv. upprunalega, hef ég sleppt, ekki af því, að þær séu ekki réttmætar, heldur af því, að ég fellst á þá röksemd biskups, að það sé óheppilegt að hafa tvö prestssetur í sama prestakalli, en það mátti túlka það þannig, þegar ég t. d. sagði, að presturinn skyldi sitja á Borg eða í Borgarnesi. Vitanlega flyzt hann í Borgarnes. Það vita allir. Og eftir að hann er fluttur þangað, verður hann þar, en flytur ekki aftur að Borg. Svo er það á hinum stöðunum líka, sem ég tók þar með. En ég get vel fallizt á að breyta því ekki, heldur láta skeika að sköpuðu. Ætli það verði það hörð kirkjustjórn, þegar þessi breyt. verður og presturinn vill fara frá Borg, t. d. ofan í Borgarnes, — ætli það verði þá það hörð kirkjustjórn, að hún ekki lofi honum þá bara að fara frá Borginni og niður í Borgarnes og láta Borgarjörðina einhverjum til byggðar á leigu? Ég geri ráð fyrir því, af því að svona hefur þetta verið. Og þetta er einmitt eitt af því, sem þarf að fyrirbyggja. Það er lítt fyrirgefanlegt að láta prest ár eftir ár sitja annars staðar en á prestssetrinu, prestssetrið níðast niður, leigja það bónda frá ári til árs, sem ekkert gerir — sem ekki er eðlilegt, því að hann getur farið strax árið eftir, — og níða þannig hvert prestssetrið niður á fætur öðru, svo að það verði lítt búanlegt á þeim, þegar loksins er ákveðið, að prestur skuli ekki vera þar, heldur annars staðar. Það var með tilliti til þess að fyrirbyggja í framtíðinni að slíkt kæmi fyrir, sem ég vildi hafa þetta annaðhvort eða, að annaðhvort gæti presturinn verið á prestssetrinu, sem lögboðið er, eða á öðrum stað, sem er vitað að hann muni flytjast á, til þess að strax og hann flytti á þann stað, væri hægt að leggja hitt niður og ákveða hið nýja prestssetur og jarðir þyrftu ekki að níðast niður í millibilinu, sem þær væru prestslausar og leigðar frá ári til árs. Það var til þess, sem ég kom með þessar till. í mínu upphaflega frv. Ég get látið þær allar saman bíða og ekki tekið fleira upp núna en ég hef gert í þessu þskj. 325. Ég held, að ég hafi ekki tekið inn í það neitt, sem ekki sé í alla staði sanngjarnt og sjálfsagt að samþykkja. Sumt af því má segja að sé ekki annað en leiðréttingar, eins og það að breyta nafni og ætla prestinum að sitja á jörðinni, sem hann situr og hefur setið á, en ekki á Hvanneyri, þar sem hann hefur aldrei setið. Sama má segja um Súðavík og Hvítanes. Það eru ekki heldur annað en bara breytingar á nöfnum og að færa lögin til samræmis við það, sem er í framkvæmdinni. Og úr því að fallizt er á að láta söfnuðina fá að ráða, hvar prestssetrin séu, vil ég færa það út alveg og lofa söfnuðinum að ráða um það ekki bara á einum eða tveimur stöðum, heldur alls staðar, þar sem um það er að ræða og

um það er deilt, hvar prestssetrið eigi raunverulega að vera.

Frsm. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. N-M. flytur allmargar brtt. við þetta frv. á þskj. 325 og hefur nú talað fyrir þeim brtt.

Hann byrjaði mál sitt á því að segja, að ég hefði fyrir hönd n. tekið heldur illa undir það, að n. athugaði þær till. nánar, sem hann hafði flutt í öðru frv. en því, er nú liggur hér fyrir. Þessar till. hans gat n. ekki athugað, áður en hún afgreiddi sitt nál., af því að þær voru ekki komnar fram og komu ekki fram fyrr en fyrir tveim dögum. Ég átti þá tal við tvo nm., sem ég náði til, um það, hvort þeim sýndist ástæða til, að ég boðaði fund í n. að nýju til að athuga þessar brtt., en þeir töldu það ekki aðkallandi, og ég verð að segja það líka, að mér finnst það ekki hafa verið aðkallandi, vegna þess að n. var búin að taka afstöðu til málsins áður og þar með til þessara tillagna.

Það er misskilningur hjá flm., að menntmn. vilji innleiða nýja stefnu eða nýja aðferð, þá aðferð, að söfnuðirnir eigi alveg að ráða þessu, hvar sé prestssetur. Það er alls ekki svo í frv., eins og það liggur fyrir núna, heldur hitt, að þegar kirkjustjórninni er veitt heimild til að flytja prestssetur, þá skal liggja fyrir samþykki meiri hluta safnaðarmanna í tveim prestaköllum, sem nefnd eru í frv., eins og það liggur núna fyrir, Æstustaðaprestakalli og Vatnsendaprestakalli. En ekki er neitt á slíkt minnzt af okkar hálfu um Kirkjubæjarprestakall eða fyrrv. Hofteigsprestakall. Hvernig stendur á þessu? Það stendur nefnilega þannig á því, og það tók ég ýtarlega fram um daginn, að af því að n. hafði gögn heiman úr héruðunum um, að það er ágreiningur heima í þessum tveimur prestaköllum um flutninginn, þá taldi n. ástæðu til, að meiri hluti safnaðarmanna þyrfti að samþykkja flutninginn, áður en kirkjustjórninni yrði heimilt að flytja prestssetrið. Hins vegar er engin vissa fengin fyrir því, hvort prestssetur verður flutt, þó að slíkur meiri hluti safnaðarmanna óski þess. Kirkjustjórnin hefur það alveg á valdi sínu eftir sem áður. Nei, það er ekki svo að skilja, að n. sé að innleiða þá stefnu að fá þetta alfarið í hendur söfnuðunum. Það er alveg rétt, að n. var þeirrar skoðunar, að söfnuðirnir ættu að ráða miklu um þetta. Hins vegar datt n. aldrei í hug að fara að innleiða eða fyrirskipa atkvgr. í einstökum prestaköllum um flutning prestsseturs, jafnvel þó að ekki ein einasta ósk hafi komið fram um það heiman úr prestakallinu, að prestssetrið skuli flutt. Það datt n. aldrei í hug, ekki heldur að fara að fyrirskipa atkvgr. um prestssetur, þar sem menn eru alveg sammála um, hvert á að flytja það, eins og er um Kirkjubæjarprestakall, sem um ræðir í þessu frv. Til hvers að vera að hafa atkvgr. um það? Það lágu fyrir hjá n. gögn frá öllum sóknarnefndum í hinu væntanlega Kirkjubæjarprestakalli, þar sem allir eru sammála um að flytja prestssetrið. Okkur datt ekki í hug að fara að leggja til, að þar yrði fyrirskipuð nein atkvgr., heldur aðeins í þessum tveimur prestaköllum, þar sem vitað var, að ágreiningur var um málið. Og þó er kirkjustjórnin ekkert bundin við að fara eftir því.

Ég skal víkja að einstökum till. hv. 1. þm. N-M. Sú fyrsta er um prestssetrið Kirkjubæ. Hann leggur til, að kirkjustjórnin láti fara fram atkvgr. um það, hvar prestssetrið verði. Ég hef skýrt frá því og gerði það við 2. umr. líka, að um þetta er enginn ágreiningur þar heima fyrir. Og þar af leiðandi sé ég enga ástæðu til að vera að efna til slíkrar atkvgr. þar. Það er full eining um málið. Ég get því ekki mælt með þeirri till. En svo vil ég auk þess benda hv. 1. þm. N-M. á það, að ég sé ekki betur en ef þessi till. hans verður samþ., þá verði ekkert prestssetur í þessu prestakalli, þangað til þessi atkvgr. hefur farið fram. Og ef það kynni nú að dragast eitthvað lengi, kannske árum saman, þá er ekkert prestssetur þar, því að hann leggur til, að það verði felld niður orðin „prestssetur Kirkjubær", en í staðinn komi: „Kirkjustjórnin skal láta fara fram atkvgr. meðal safnaðarmanna í sóknunum um það, hvar prestssetrið skuli vera."

Verði þetta samþykkt, verður þarna ekkert prestssetur, þangað til atkvgr. hefur farið fram. Ég er ekki að segja, að það geri mikið til. Ekki kann ég samt við að hafa lög þannig úr garði gerð að hafa prestakall með fimm sóknum, en ekkert prestssetur, þó að það sé skamman tíma.

Ég vil benda hv. flm. á annað atriði í þessu, ef þetta yrði samþykkt. Það er ekkert nefnt, hve mikill hluti atkv. á að falla með þessu væntanlega prestssetri, ekki, að það skuli vera meiri hluti safnaðarmanna, sem sameinast um ákveðið prestssetur, ekki heldur, að sá staður skuli vera prestssetur, sem fær flest atkv. Það er ekkert á þetta minnzt. Og hvernig á að fara að, ef það fengju t. d. tveir staðir eða fleiri jafnmörg atkv., t. d. einn staður í hverri sókn, fimm staðir, allir jöfn atkvæði? Hvar á prestssetrið að vera? Ég veit það ekki. Ég get ekki séð, að það sé hægt að samþykkja þetta svona, en þar að auki, eins og ég sagði áðan, algerlega óþarft, af því að það er full eining um þetta þar fyrir austan.

Þá kem ég að a-lið í 2. till. hv. þm. Það er Skálholtsprestakall. Hann leggur til, að kirkjustjórnin láti fram fara atkvgr. meðal safnaðarmanna í sóknunum um það, hvort prestssetrið skuli heldur vera í Skálholti eða á Torfastöðum. Nú er prestssetrið Skálholt, en alls ekki Torfastaðir. Það er ekki, eins og um önnur prestaköll, þar sem eru tvö prestssetur tilnefnd. Þarna er það eitt, það er Skálholt. En þegar þetta prestsembætti var auglýst laust síðast, var það gert með því fororði, að hinn væntanlegi prestur yrði fyrst um sinn að sitja á Torfastöðum, og þess vegna situr hann þar. En þetta mun vera vegna þess, að uppi eru ýmsar ráðagerðir um það, hvað verði gert við Skálholt. Það er hv. 1. þm. N-M. kunnugt um, að ýmsar till. hafa verið fluttar um það

atriði, m. a. á síðasta Alþingi var flutt till. um að flytja þangað biskupinn. Vegna þessara ráðagerða um ráðstöfun á Skálholti mun það vera, að kirkjustjórnin hefur tekið þessa ákvörðun að láta Skálholtsprest sitja fyrst um sinn á Torfastöðum.

En nú leggur hv. þm. til, að það skuli efna til atkvgr. um það í Skálholtsprestakalli, hvar prestssetrið eigi að vera. Ég er hræddur um, að þetta geti valdið árekstri við fyrirætlanir manna um Skálholt. Ekki hefur nein ósk komið um þetta heiman úr Skálholtsprestakalli. Og samkv. því, sem ég hef áður sagt um skoðun menntmn., þá vill hún kynna sér fyrst, hvaða skoðanir eru uppi í viðkomandi prestakalli um það, hvort eigi að flytja prestssetrið og þá hvert eigi að flytja það. Það hefur ekki bólað á neinum slíkum óskum þaðan að heiman, og meðan það er ekki, mun ég mega segja það fyrir hönd n., að hún telur ekki ástæðu til að fara að fyrirskipa þar neina atkvgr. um þetta atriði.

Þá kem ég að b-lið, það er Hraungerði. Þar eru tvö prestssetur nefnd í núgildandi lögum, Hraungerði eða Selfoss. Eins og mönnum er kunnugt, situr núverandi prestur á Selfossi. Hv. 1. þm. N-M. segir, að þessi till. sín sé í fullu samræmi við till. frá hv. 2. þm. Árn. á þskj. 326. Þetta er alger misskilningur. Hann flytur enga till. um það að breyta til um prestssetur. (Gripið fram í.) Það er öðru nær. Hann er að flytja till. um að nefna Laugardælasókn öðru nafni, nefna hana Selfosssókn. Hann hreyfir ekki við prestssetrinu. Og ég get þá um leið minnzt á till. hv. 2. þm. Árn.

Það er svo, að Hraungerðisprestur er setztur að á Selfossi. Jafnframt er búið að flytja kirkjuna frá Laugardælum að Selfossi, og Laugardælasókn er svo að segja ekkert annað en Selfoss. Þess vegna flytur hv. 2. þm. Árn. till. um að breyta um nafn á sókninni, og hann hefur í dag afhent mér bréf frá formanni sóknarnefndar Laugardælasóknar, Degi Brynjólfssyni, — bréfið er dags. í gær og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á aðalsafnaðarfundi Laugardælasóknar í Árnesprófastsdæmi, sem haldinn var s. l. haust í Selfosskirkju, var vakið máls á því, að æskilegt væri að breyta nafni á sókninni úr Laugardælasókn í Selfosssókn, þar sem kirkjan væri flutt frá Laugardælum að Selfossi og allt safnaðarstarf færi nú þar fram, enda safnaðarfólk nær allt búsett á Selfossi, en þar eru um 1600 manns. Voru allir fundarmenn á einu máli um, að rétt væri að kenna söknina við þann stað, þar sem kirkjan væri staðsett, en ekki eins og hér væri gert, síðan kirkjan var flutt frá Laugardælum að Selfossi, að kenna söknina við Laugardæli, því að nú væru þeir kirkjulaus staður og í öðrum hreppi en þeim, sem kirkjan er nú í og nær allur söfnuðurinn býr. Af því, sem að framan er sagt, leyfi ég mér að vænta þess, að nafnbreyting þessi nái fram að ganga.“

Þarna er komið erindi frá formanni sóknarnefndar, og auk þess er hv. flm. þessarar till. safnaðarfulltrúi þessarar sóknar, svo að mér sýnist full ástæða til að taka þetta til greina. Þetta er ekki breyting á prestssetri. Þetta er engin breyting á prestakallinu, heldur aðeins nafnbreyting á sókn, sem er eðlileg vegna þeirrar þróunar, sem þarna hefur átt sér stað, og vænti ég þess, að hv. 1. þm. N-M. hafi ekkert á móti þessari breyt. Ég legg því til, þótt ekki hafi verið hægt að hafa fund í menntmn., að þessi brtt. hv. 2. þm. Árn. sé samþykkt.

Þá kem ég að c-lið, það er Hvanneyri. Hv. þm. leggur til, að prestssetrið heiti Staðarhóll, en ekki Hvanneyri, og minni ég á það, sem ég sagði við 2. umr., að n. barst bréf frá biskupi, umsögn hans um það frv., sem hv. 1. þm. N-M. flutti í vetur, þar sem þessi till. var einnig. Biskup segir í því bréfi, að Staðarhóll sé aðeins nafn á húsi. Nú hef ég aflað mér upplýsinga um þetta hjá landnámsstjóra, og hann staðfestir í öllum atriðum það, sem hv. 1. þm. N-M. segir. Þetta er ekki nafn á húsi. Þetta er lögbýli. Þetta er jörð, sem heitir Staðarhóll, með íbúðarhúsi, skepnuhúsum og landi, alveg eins og jarðir gerast. Og þar situr presturinn, og þangað var presturinn fluttur frá Hesti. Mér sýnist því, að þessi till. hv. þm. eigi fullan rétt á sér og sé alveg hliðstæð leiðrétting á nafni og ég legg til að verði samþ. um Laugardælasókn, að breyta henni í Selfosssókn. Þessar báðar till. eru ekkert annað en leiðrétting á nafngift. Sé ég ekkert á móti þessari till. Hún snertir ekkert hagsmuni prestsins eða safnaðarins eða neinna annarra.

Ég skal geta þess, þó að það skipti ekki miklu máli, að þótt samþ. verði þessi nafnbreyt. á prestssetrinu í Hvanneyrarsókn, þá heitir sóknin Hvanneyrarsókn og prestakallið Hvanneyrarprestakall eftir sem áður, en prestssetrið Staðarhóll. Nú hef ég litið yfir þetta í l., hvort það er ekki föst regla, að prestakallið sé kennt við prestssetrið. Það má heita svo. Það er reglan, að prestakallið er kennt við prestssetrið, en ekki alls staðar. Það eru nokkur prestaköll í landinu, sem eru ekki kennd við prestssetrið. Í Norðfjarðarprestakalli er prestssetrið Neskaupstaður, í Hofsprestakalli í Öræfum er prestssetrið Sandfell og í Ögurþingaprestakalli er prestssetrið Hvítanes. Þetta er því ekki algild regla, og það er sjálfsagt á fleiri stöðum, sem svona er, svo að það rekst ekki á neina reglu, þó að í Hvanneyrarprestakalli sé prestssetrið Staðarhóll.

Þá kem ég að d-lið, það er Ögurþingaprestakall. Þar leggur hv. flm. brtt. til að fari fram atkvgr. um, hvar prestssetrið skuli vera. Ef þessi till. yrði samþ., fer eins þarna og í Kirkjubæ, að það verður ekkert prestssetur í prestakallinu, þangað til þessi atkvgr. fer fram. Ég bendi aftur á það, að það tel ég ekki viðhlítandi. Hann sagði hér áðan, hv. flm., að presturinn sæti í Súðavík og hefði aldrei verið í Hvítanesi. Nei, hann situr ekki

í Súðavík, því að það er ekki einn einasti prestur þarna núna. Þetta er prestslaust prestakall, svo að hann situr þar ekki heldur. En það er rétt, að hann sat í Súðavík, og það er í lögum heimild fyrir kirkjustjórnina að flytja þetta prestssetur til Súðavíkur, ef á að flytja það á annan hentugri stað frá Hvítanesi. En kirkjustjórnin hefur ekki notfært sér þessa heimild. Það hefur engin ósk borizt um það heiman úr héraði að breyta þarna til um prestssetur, og af þeirri ástæðu get ég ekki lagt með þessari till. samkv. þeirri skoðun, sem var ríkjandi í menntmn., að vera ekki að efna til atkvæðagreiðslu um flutning prestsseturs, þegar engar óskir koma fram um það heiman frá, eða ef menn eru alveg sammála um það heima fyrir, þá þarf ekki heldur atkvgr. um það. Ég get því ekki mælt með þeirri till.

Þá er það loks Æsustaðaprestakall. Þar leggur hann einnig til að fari fram atkvgr. nú þegar um það, hvort prestssetrið skuli flutt að Auðkúlu, og það er af sérstökum ástæðum, sem hann leggur til, að þetta sé gert. Það er vegna viðgerðar á prestshúsinu á Æsustöðum. Það er alveg rétt hjá hv. flm., að það er óheppilegt að fara að kosta miklu til viðgerðar á prestshúsinu á Æsustöðum, ef á að flytja það til Auðkúlu. En ég held, að kirkjustjórnin geti kynnt sér skoðanir heimamanna á annan hátt en að fara að fyrirskipa almenna atkvgr. Það er næsta auðvelt fyrir kirkjumrn. að spyrjast fyrir um það hjá viðkomandi sóknarnefndum, hvort fyrirhuguð er atkvgr. um flutning á þessu prestssetri. Það getur nefnilega vel verið, að það detti engum manni í hug heima fyrir að láta slíka atkvgr. fara fram, því að þessi ósk um flutning þessa prestsseturs er ekki komin heiman frá. Það er aðeins till. frá hv. þm. þessa kjördæmis að flytja þetta prestssetur, en óskir engar komnar heiman frá. En þegar frv. var komið til hv. Ed. og við fórum að athuga það í n., komu mótmæli til okkar gegn þessum breytingum. Af því setti n. þetta ákvæði inn í frv., að það skuli þurfa meiri hluta atkvæða safnaðarmanna, ef á að heimila kirkjustjórninni að flytja prestssetrið. Komi ekki til þess, að nein ósk komi um þennan flutning heiman frá, þá get ég ekki ímyndað mér, að kirkjustjórninni detti í hug að fara að flytja það, enda hefur hún ekki heimild til þess. Það er enginn vandi fyrir kirkjustjórnina að kynnast því, hvort þessi flutningur stendur til, án þess að vera að efna til atkvgr.

Ég held, að það sé ekki fleira, sem ég þarf að taka fram um þetta, en ég vil endurtaka það, að það var ekkert tækifæri til þess að fara að ræða þessar brtt. aftur í menntmn., það eru ekki nema tveir dagar, síðan till. komu fram, og auk þess brjóta þær í bága við þær skoðanir, sem voru uppi hjá n., að undanteknum þeim tveim till., sem ég hef nefnt, sem ég fyrir mitt leyti vil leggja með að verði samþykktar. Það er till. um Staðarhól í Hvanneyrarprestakalli, og það er till. hv. 2. þm. Árn. um nafnbreytingu á Laugardælasókn.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég vil svara nokkru frsm. nefndarinnar. Ég vil fyrst benda honum á það, að ég ætlaðist ekki til þess og hef aldrei ætlazt til þess, að hæstv. n. gæti farið að athuga till. mínar, áður en þær kæmu fram þannig, að hún sæi þær endanlega. En við 2. umr. málsins lýsti ég skoðun minni á þessum efnum, sem till. hljóða um, og spurði n., hvort hún vildi athuga það á milli umræðna, og því var tekið fálega. Öðru þarf ég ekki að svara því.

Viðvíkjandi því, sem nefndarformaðurinn segir nú, að það eigi ekki að vera nein algeng regla að spyrja sóknarbörnin, hvar prestssetur skuli vera, og þess vegna séu sumar till. mínar rangar, af því að ég byggi þær á röngum forsendum, þá skulum við aðeins líta svolítið nánar á þetta. Það stendur hjá nefndinni:

„Heimilt er kirkjustjórninni, þegar prestaskipti verða, að flytja prestssetrið að Auðkúlu, enda liggi fyrir samþykki meiri hluta safnaðarmanna í prestakallinu."

Hvernig á sá meiri hluti að liggja fyrir, ef ekki með atkvæðagreiðslu? Skrifleg áskorun með undirskriftum er kannske nokkuð sama og atkvgr.

Hvað Kirkjubæ snertir segir hann: „Heimilt er kirkjustjórninni að flytja prestssetrið á annan stað í Kirkjubæjarsókn, ef hentara þykir." Þar á ekki að spyrja um það. (**SE:** Þeir eru sammála þar.) Þeir eru ekki sammála um það, það er langt frá því. Þar á ekki að spyrja um það, þar á bara kirkjustjórn alveg að ráða því. Ég sagði þess vegna áðan, að ég vil vera samkvæmur sjálfum mér, og ef ég leyfi þeim að greiða atkvæði um það á einum stað, hvar prestssetrið á að vera, og það er lýðræðislegt og getur vel verið, að það eigi að fallast á það, — ég er þar sammála þeim, — en ég benti á það áðan, að það gæti oft orðið kirkjustjórninni miklu dýrara að gera það heldur en gera það ekki.

Þess vegna getur farið þannig við slíka atkvgr., að það sé ákaflega vafasamt, hvort á að veita það lýðræði, að það geti kostað ríkissjóð mikið.

En ég fór inn á það með n. að veita lýðræðið, en vildi þá bara láta ganga jafnt yfir, — úr því að væri verið að segja um það í Vatnsendasókn og segja um það í Æsustaðaprestakalli, í hvorum tveggja staðanna, hvar þeir vilji hafa prestssetrið, þá yrði fólkið og að segja um það annars staðar líka. — Hann segir, að það sé engin þörf á því að láta segja um það t. d. í Súðavík eða í Ögurþingum, það sé engin þörf á því þar. Ja, hví sat presturinn alveg þangað til núna, að hann fór fyrir stuttu, — hví sat hann í Súðavík, en ekki á Hvítanesi? Var ekki ágreiningur um það, á hvorum staðnum hann ætti að sitja? Hefði enginn ágreiningur verið, þá hefði hann verið í Hvítanesi. En það er ágreiningur. Kirkjustjórnin vill láta hann eða hann sjálfur a. m. k. vill sitja annars staðar en á prestssetrinu og gerir það að öll-

um fornspurðum. Þá á að spyrja sóknina, úr því að maður vill fara að láta söfnuðina ráða, hvar prestssetrið er, á hvorum staðnum söfnuðurinn vildi heldur hafa það, og alveg eins í Kirkjubæjarsókn, úr því að þeir segja: „Heimilt er kirkjustjórninni að flytja prestssetrið á annan stað í Kirkjubæjarsókn, ef hentara þykir.“ Hví eru þeir með þetta, ef enginn kærir sig um að hafa það annars staðar en í Kirkjubæ? Hvað á þá að gera með þetta ákvæði í lögunum? Nei, það eru óskir um, að hann sitji annars staðar en í Kirkjubæ, og þess vegna á að fá að ganga til atkvæða um það þar alveg eins og annars staðar. Hitt er svo annað mál, hvort þetta er heppileg stefna. Það má deila um það. En það á að gerast á einum staðnum eins og á öðrum. Það á að gerast alls staðar, og yfirleitt ætti ekki að líða kirkjustjórninni að láta prest árum saman sitja annars staðar en á hinu löglega prestssetri. Prestssetrin fara í niðurníðslu og alla vega ganga úr sér með leiguábúð frá ári til árs eða þá alauð eins og stundum er. Það eru núna þannig prestssetur á landinu, sem um er sagt: Presturinn situr allt annars staðar, kemur ekki á þau, og þau eru að verða óbyggileg fyrir alla, sem kynnu að vilja eða hugsa sér að setja þau í ábúð aftur. — Og líklegast yrði að taka þau upp sem nýbýli aftur og veita nýbýlastyrk til að koma þeim aftur í lag, eins og búið er að fara með sum þeirra.

Þetta ýtir Alþingi undir með því að láta afskiptalaust, þó að prestur sitji á Torfastöðum, þegar hann á að vera í Skálholti, og prestur situr í Súðavík, þegar hann á að vera í Hvítanesi, o. s. frv., þó að hann sitji á þessum staðnum þetta árið og á öðrum staðnum hitt árið, eins og Vatnsendapresturinn hefur setið, o. s. frv. Þetta á ekki að líðast, og þetta á að reyna að fyrirbyggja. Úr því að kirkjustjórnin hefur ekki þann manndóm í sér að geta látið vera að veita mönnum leyfi til að vera svona hér og þar, annars staðar en þeir eiga að vera að lögum, þá á Alþingi að grípa til og lofa söfnuðunum að ráða, hvar prestssetrið er, geta valið um það og presturinn sitji síðan þar.

Ég heyrði það á frsm., að hann er sammála mér í því, að það sé ekki bein nauðsyn á að lofa þeim presti, sem þjónar Hestþingum, að skreyta sig með Hvanneyrarbústað, eins og biskupinn hélt að honum væri svo mikill plús að fá þá skrautfjöður í hattinn, að það væri rétt að láta heita svo, að hann væri á Hvanneyri, þótt hann ekki sæti þar og ætti þar ekki heima, — kalla samt, að prestssetrið væri Hvanneyri. Ég heyri, að hv. þm. er sammála mér í því, og vonandi þá líka, að hann ætlist til þess, að prestarnir hafi það til brunns að bera frá sjálfum sér, að þeir þurfi ekki að hafa svoleiðis skrautfjaðrir til að reyna að punta sig með, þó að biskupinn haldi hið gagnstæða.

Ég held nú, að ég hafi ekki meir um þetta að segja. Það er nokkuð greinilegt, að n. hefur ekki krufið málið til mergjar. Henni mundi vera ákaflega auðgert t. d. að lofa prestssetrinu að vera áfram í Súðavík, en ekki í Hvítanesi, ef hún þekkti til, og lofa sóknarmönnunum að ráða, á hvorum staðnum það væri. Úr því að presturinn situr ekki á prestssetrinu, er ágreiningur um það. Þegar presturinn situr annars staðar en á prestssetrinu, er ágreiningur um, hvar hann á að sitja, ágreiningur milli Alþingis, sem ætlar honum að sitja þar, sem prestssetrið er, og milli kirkjuyfirvaldanna, sem sjaldan hafa nú gefið leyfi til þess, heldur liðið það svona hinsegin, stundum meira að segja að sitja mjög langt frá prestssetrinu, eins og þegar prestur sat í Bolungavík og seinna á Ísafirði, en þjónaði Stað í Grunnavíkurhreppi, og það ekki í eitt ár, heldur áratugi. Á þessum leyfum þarf að taka hart og ekki láta slíkt líðast alveg umtalslaust og bótalaust.

Frsm. (Sigurvin Einarsson): Herra forseti. Ég get verið fáorður um þetta mál að þessu sinni. — Það er þá fyrst um atkvæðagreiðsluna um prestssetur á Æsustöðum, sem hv. þm. vill láta fara fram nú þegar. Ég benti honum á, að það væri auðvelt fyrir kirkjustjórnina að kynnast því, hvort söfnuðirnir óskuðu eftir þessum flutningi eða ekki, án þess að fara að fyrirskipa almenna atkvgr. um það, og ég held, að hv. þm. hljóti að sjá, að það er hægt. En eins og frv. er, segir: „Heimilt er kirkjustjórninni, þegar prestaskipti verða, að flytja prestssetrið, enda liggi fyrir samþykki meiri hluta safnaðarmanna“. M. ö. o.: ég skil þetta svo, að kirkjustjórnin sé ekki nauðbeygð til að láta þessa atkvgr. fara fram, fyrr en kemur að næstu prestaskiptum. Hv. þm. ber fjárhag ríkissjóðs fyrir brjósti, og það er fallega gert að vera ekki að kosta upp á prestsbústað á Æsustöðum, ef presturinn á að fara þaðan í burtu. En hann á alls ekki að fara þaðan, fyrr en prestaskipti verða. Þetta er ungur prestur og ekkert ólíklegt, að hann geti enzt í ein 20—30 ár. Það er ekki heldur útilokað, að þessi viðgerð á íbúðarhúsinu verði uppétin fyrir tímans tönn á því tímabili, svo að henni er ekki alveg á glæ kastað. Ég sé enga nauðsyn á því að fara að fyrirskipa þessa atkvgr. eins og sakir standa, þar sem þessi flutningur prestssetursins á ekki undir neinum kringumstæðum að koma til framkvæmda, þó að hann yrði samþykktur, fyrr en við næstu prestaskipti.

Þá ræddi hv. 1. þm. N-M. nokkuð um, að það væri ekki samræmi í till. n. hvað snerti Kirkjubæjarprestssetur við það, sem n. leggur til um Æsustaði og Vatnsenda. Ég skal endurtaka það aftur: N. leggur þetta til um þessi tvö prestssetur aðeins vegna þess, að það er ágreiningur um málið heima fyrir. Ef ágreiningurinn hefði ekki verið, hefði aldrei komið til, að n. legði þetta til. En hann heldur hinu fram nú um Kirkjubæ, að það sé ágreiningur um prestssetur þar. Flutti hann ekki sjálfur frv. um, að prestssetrið skyldi vera í Kirkjubæ eða Stóra-Bakka? Mig minnir það. Var hann að flytja till. um prestssetur að Kirkjubæ, ef ágreiningur er um það? Það lágu fyrir

n. bréf frá sóknarnefndum allra sóknanna, Möðrudalssókn, Eiríksstaðasókn, Hofteigssókn, Sleðbrjótssókn og Kirkjubæjarsókn. Allir voru sammála því, að prestssetrið, sem var á Hofteigi, skyldi flutt að Kirkjubæ. Þó var í einhverri af umsögnunum, mig minnir í þeirri frá Kirkjubæjarsókn, að það mætti vera á öðrum hentugri stað, innan sóknarinnar. M. ö. o.: það mátti ekki setja það á annan stað utan Kirkjubæjarsóknar, heldur yrði það að vera innan sóknarinnar. Ég held, að það sé alveg eining um þetta fyrir austan. Ég held, að þetta sé eitthvert rangminni hjá hv. þm. Og af því að þetta lá fyrir n. frá öllum þessum sóknarnefndum, taldi hún enga ástæðu til að leita frekar eftir vilja safnaðanna þarna fyrir austan, og ég álit, að það sé engin þörf á því að fyrirskipa þessa atkvgr.

Hv. 1. þm. N-M. segir, að það hafi verið ágreiningur um prestssetrið að Hvítanesi í Ögurþingaprestakalli. Ég veit ekkert um það. N. hefur engar upplýsingar fengið um neinn ágreining þar og engar óskir um það frá söfnuðunum þar vestra, að prestssetrið verði flutt, og því tók n. ekkert upp í frv. um þetta prestssetur. Hv. þm. segir: Presturinn sat í Súðavík, það sýnir, að það hafi verið ágreiningur um það. — Það er ekki víst, að það hafi verið nokkur ágreiningur um það hjá söfnuðunum, það getur verið, að presturinn hafi heldur viljað sitja í Súðavík, og það er heimild í lögum að flytja prestssetrið þangað. Kirkjustjórnin getur gert það, hvenær sem hún vill. En ég er aftur á móti alveg sammála hv. þm. um, að það er alveg óhæft að vera með tvö prestssetur í sama prestakalli. Samt flutti hann till. um þetta í sínu frv., ég held í einum sex prestaköllum, að hafa prestssetrin tvö. En hann hefur fallið frá því og viðurkennir alveg þau rök, sem menntmn. hefur flutt í þessu efni. Ég er alveg sammála honum um, að það er óþolandi, að prestarnir séu á allt öðrum stöðum en þeir eiga að vera, þ. e. á prestssetrunum, og ég gat þess við 2. umr. þessa máls, að það mundi mörg jörðin, sem er prestssetur, hafa níðzt niður fyrir það, að presturinn, sem átti að vera þar, var þar ekki. Þarna erum við alveg sammála. Ég er því síður en svo á móti því, að prestssetrið verði flutt frá Hvítanesi með lagabreytingu til Súðavíkur, en ég vil bíða eftir því, að einhverjar óskir komi um það heiman frá, eða a. m. k. að það liggi fyrir vitneskja um það, hvað söfnuðirnir segja um það, en ekki fara að fyrirskipa atkvgr. um málið.

Hann minntist enn á Hvanneyri. Þar erum við alveg sammála. Ég legg til, að þessi till. hans verði samþykkt um Staðarhól, og hann segir, að ég sé sér sammála um það, að presturinn skreyti sig ekki lengur með Hvanneyrarnafni. Ég hef ekkert sagt um það, að presturinn sé að skreyta sig með Hvanneyrarnafni, heldur er sú ein ástæða fyrir því, að ég er þessu samþykkur, að það er rétt, að prestssetrið er á Staðarhóli, Staðarhóll er lögbýli og þess vegna á að leiðrétta þetta í lögum. Það er ekkert annað. Ef presturinn skreytir sig með Hvanneyrarnafni, hef ég ekkert um það að segja. Prestssetrið heitir Hvanneyrarprestakall eftir sem áður, svo að hann getur víst skreytt sig með nafninu. Sóknin heitir Hvanneyrarsókn. Það er ekki fyrir það að synja, að hann geti skreytt sig með þessu nafni. Ég held, að ágreiningurinn á milli okkar sé minni en kemur fram í þessum ræðum. Hann er þá helzt sá, að hv. flm. þessara till. vill fyrirskipa atkvgr. í prestaköllum um staðsetningu prestsseturs, án þess að nokkrar óskir komi um það heiman frá söfnuðunum og án þess að um neinn ágreining sé þar að ræða. Menntmn. telur enga ástæðu til þess að vera að efna til slíkrar atkvgr., nema um ágreining sé að ræða heima fyrir, og það var aðeins á þessum tveimur stöðum, hvað snertir Æsustaðaprestakall og Vatnsendaprestakall.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 89. fundi í Ed., s. d., var fram haldið 3. umr um frv.

ATKVGR.
Brtt. 325,1 felld með 8:2 atkv.
— 325,2.a felld með 7:2 atkv.
— 325,2.b felld með 8:2 atkv.
— 326 samþ. með 9 shlj. atkv.
— 325,2.c samþ. með 9 shlj. atkv.
— 325,2.d felld með 7:3 atkv.
— 325,3 felld með 7:2 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 96. fundi í Nd., 20. marz, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 333).

Á 100. fundi í Nd., 2. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að fara þess á leit við hæstv. forseta, að þetta mál verði tekið út af dagskrá að þessu sinni. Ástæðan til þess, að ég fer fram á frestun málsins, er sú, að ef til vill mun verða óskað eftir því, að ég flytji brtt. við þetta mál. Það mun verða afráðið um næstu helgi, og ég vænti því, að þetta mál verði ekki tekið hér á dagskrá fyrr en í næstu viku. Ef til vill er eðlilegast, að það gangi því aftur til hæstv. menntmn., og mun ég hafa samráð við hana um málið strax eftir helgina. Ég mun sjá um, að það verði ekki töf lengur en ég fer hér fram á, en óska eftir, að því verði frestað að sinni.

Umr. frestað.

Á 101. fundi í Nd., 6. apríl, var fram haldið einni umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 348).

36. Vöruhappdrætti Sambands íslenzkra berklasjúklinga.

Á 25. fundi í Sþ., 11. febr., var útbýtt frá Nd.:
Frv. til l. um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga [105. mál] (þmfrv., A. 245).

Á 75. fundi í Nd., 12. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Nd., 13. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 1. þm. S-M., hv. 3. þm. Reykv. og hv. þm. Hafnf. að flytja hér frv. á þskj. 245 um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenzkra berklasjúklinga.

Það var árið 1949, að sett voru lög hér á Alþingi um rétt til handa Sambandi íslenzkra berklasjúklinga til að stofna og reka happdrætti. Þessum lögum hefur tvívegis verið breytt, fyrra skiptið 1952 og í síðara skiptið 1956, eins og nánar greinir í grg., er frv. fylgir. Þessi réttindi SÍBS til handa áttu að gilda í tíu ár. Þau eru því úr gildi fallin á þessu ári. Meginefni þessa frv. er að framlengja þau í 10 ár.

Fjárþörfin, sem fyrir hendi er og frv. er ætlað að standa undir, sprettur fyrst og fremst af þrennu: Í fyrsta lagi því, að SÍBS hefur í hyggju og hefur þegar hafið undirbúning að því að færa út starfsemi sína með almennri öryrkja-aðstoð. Í öðru lagi af því, sem raunar líka er útfærsla á starfseminni, að SÍBS hefur nýverið tekið upp ýmiss konar aðstoð við skjólstæðinga sína umfram það, sem áður var gert. Í þriðja lagi er svo tilgangurinn sá að halda áfram, færa út og efla þá starfsemi, sem í öndverðu vakti fyrir þeim mönnum, sem stofnuðu og stjórnað hafa SÍBS.

Varðandi það, er ég nefndi fyrst, vil ég aðeins skýra frá því, að það er nú ætlun SÍBS að stofnsetja vinnustofur til þess að greiða fyrir öryrkjum, sem ekki hafa vist á sjúkrahúsum eða heilsuhælum. Það er ekki ætlunin, að þessi fyrirgreiðsla nái eingöngu til þeirra, sem eru öryrkjar vegna berklaveiki eða afleiðinga af berklaveiki, heldur til öryrkja almennt. Ég vil aðeins minna á það til þess að undirstrika nauðsyn þá, sem hér er um að ræða, að í Reykjavík einni munu vera 1100 öryrkjar á bótum hjá Tryggingastofnun ríkisins. Nú er tilgangurinn sá, eins og ég sagði, að opna vinnustofur, þar sem þessir menn geta fengið atvinnu við sitt hæfi. Er þá jafnframt haft í huga, að þegar þeir hafa lært þar störfin og kannske eflzt að heilsu, þá geti þeir sjálfir leitað sér atvinnu annars staðar og án aðstoðar eða fyrirgreiðslu SÍBS. Ég veit, að allir hv. alþm. gera sér grein fyrir, þvílíkt þjóðfélagslegt tap það er, að í okkar fámenni skuli vera jafnvel þúsundir manna, sem ekki geta aflað sér neinna tekna né neins starfs vegna meiri eða minni örorku. Þetta er mjög mikið fjárhagslegt tjón, en hitt þó enn verra, að þessum mönnum líður að sjálfsögðu ákaflega illa. Það vita allir, að iðjuleysi manna, sem langar til að vinna, er þeim þungbær kvöl, og það vita einnig allir, að einmitt þessir öryrkjar eiga óvíða skjóls að leita, svo að ég segi ekki meira. Það hlýtur því að vera alþm. mikil gleði að eiga þess kost að stuðla að því með atkv. sínu hér á þingi, að greidd verði gata þessara manna. Ég efast ekkert um, eftir því sem ég þekki þá menn, sem hér eiga sæti, að allir vilja leggja þessu máli lið. Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta verkefni SÍBS, en vísa að öðru leyti til þess, sem í grg. segir.

Varðandi hið annað viðfangsefni, sem ég nefndi, þ. e. a. s. fyrirgreiðslu fyrir skjólstæðingum SÍBS á öðrum sviðum en hingað til hefur verið aðalhlutverkið, skal ég aðeins skýra frá því, sem menn kannske hafa einnig séð í grg., að þar er átt við, að SÍBS greiði fyrir skjólstæðingum sínum bæði um að útvega þeim atvinnu og með því að vera málsvarar þeirra gegn hinu opinbera og gegn ýmsum fyrirtækjum og yfirleitt að greiða fyrir þeim í hvívetna, þar sem áhrif SÍBS ná til. Einnig hefur SÍBS unnið það þarfaverk nú að undanförnu að aðstoða þessa miður settu menn í baráttunni fyrir daglegu brauði um útvegun sómasamlegs húsnæðis og hefur orðið þar nokkuð ágengt. Mig minnir, að það séu á annað hundrað fjölskyldur, sem með lánum og lánsfjárútvegunum eru nú að ljúka byggingu eigin íbúða, en engan kost hefðu átt á þessu án aðstoðar SÍBS. Og auk þess eru 27 fjölskyldur, sem eru berklaöryrkjar og hafa komizt úr algerlega heilsuspillandi húsnæði og í sæmilegar og hollar vistarverur fyrir atbeina SÍBS.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta tvennt.

Varðandi þriðja atriðið, sem er beint áframhald af þeirri starfsemi, sem í öndverðu var grundvöllur undir stofnun SÍBS og það höfuðhlutverk, sem SÍBS tók að sér að inna af höndum, er ætlanin nú sú að halda áfram og stækka byggingarnar á Reykjalundi. Mér er tjáð, að þar sé margt óunnið enn þá, það sé t. d. eftir að reisa að verulegu leyti ýmsar byggingar, sem þó er alger nauðsyn fyrir starfsemina að komið verði upp. Ég nefni þar til, að það er ekki nema hálfbyggður vinnuskáli fyrir járnsmíðar, og einnig munu óbyggðar eða vera í byggingu og hvergi nærri lokið bæði vörugeymslur, skrifstofur, kennslustofur, þvottahús o. m. fl., sem ekki verður komizt af án. Þá er og enn allmikill skortur á því, að útvegaðar hafi verið þær vélar, sem þessi mikla og gagnlega starfsemi þarf á að halda. Og eftir því sem þeir skýra okkur frá, sem þessum hnútum eru kunnugastir, þá mun vanta um 10 millj. kr. til þess, að hægt verði

að ljúka þessum byggingum og kaupa nauðsynlegar vélar.

Þá hafa og forustumenn SÍBS tjáð okkur, að undanfarin 10 ár hafi vistmenn í Reykjalundi, en þeir hafa alls verið um 500, unnið þar 1 millj. og 200 þús. vinnustundir. Greidd vinnulaun hafa verið 15 millj. kr., en andvirði seldrar framleiðsluvöru hefur verið 45 millj. Þessar tölur tala svo skýru máli, að ég þarf ekki að bæta þar neinu við.

Ég segi þó aðeins frá því, að fyrir utan þetta mikla verk, sem þarna hefur verið innt af hendi, hefur einnig verið rekinn þar iðnskóli. Þar hafa 150 menn lokið þriðja eða fjórða bekkjar prófi og með því undirbúið sig á allt annan hátt undir lífsbaráttuna, sem þeirra bíður fram undan.

Ég skal ekki nefna nöfn þeirra manna, sem heiðurinn eiga af þessum glæsilegu framkvæmdum. Þetta eru þjóðkunnir menn, og ég held, að þeir njóti trausts allrar þjóðarinnar. Þeir eru óvenjulega miklir hugsjónamenn og auk þess bæði ærðnir og hagsýnir. Mér er nær að halda, að það sé ekki algengt, að saman fari þessir miklu kostir, og má þó við bæta fórnfýsi, ráðdeild og heiðarleik þeirra, sem hér hafa markað stefnuna og stýrt förinni.

Ég er meðal þeirra mörgu, — ja, ætli við séum það ekki allir, — sem dá verk þessara manna. Og við erum ekki einir um það. Þjóðin er öll sammála okkur. Og við erum ekki einir, Íslendingar, um þetta, heldur vitum við það sjálfsagt, sem hér erum inni, að þessi starfsemi er eitt af því, sem mest er rómað af gerðum þessarar litlu þjóðar, sem þó þrátt fyrir okkar mörgu galla nýtur mikils álits og það að verðugu í augum þeirra manna, sem einhverja aðstöðu hafa fengið til að kynnast okkur. En eins og ég segi, þrátt fyrir margt, sem okkur er fært til ágætis, er þetta kannske öðru fremur nefnt sem glæsilegt vitni um framtak, mannkærleika og manngæzku Íslendinga.

Ég skal ekki fjölyrða um það, að þeir sem koma af sjúkrahúsum og hafa kannske átt þar sæmilega vist, vegna þess að þeir hafa eins og samlagazt andrúmsloftinu, sem þar ríkir, og beðið eftir batanum með tilhlökkun, verða oft fyrir miklum vonbrigðum, þegar þeir koma úr sjúkrahúsunum og eiga að fara að njóta gæða lífsins sem sæmilega heilbrigðir menn. Þá er kannske oft skammt um liðið, frá því að dyr sjúkrahúsanna lokuðust á eftir þeim, að þeir nærri mundu helzt óska sér, að þessar dyr opnuðust aftur. Margir af þessum mönnum eru staddir á jökuldal lífsins. Það er eins og enginn vilji við þeim líta, enginn skilji þá, enginn hlaupi undir bagga með þeim. Þessi starfsemi, sem SÍBS hefur innt af hendi, er því kærleiksverk, ekkert síður, nema fremur sé, heldur en það er hagsýnisverk. Það, sem hrífur marga okkar mest, er áreiðanlega ekki fjárhagshlið málsins, þótt hún sé mikils virði, heldur hitt, að þessir utangarðsmenn ná fótfestu að nýju. Þeim opnast aftur innsýn í veröld gæfunnar og gleðinnar. Þeir öðlast nýja trú á lífið og með því þá hamingju, sem allir þrá. Þetta er það, sem mestu varðar. Hugsjón SÍBS er því fögur og göfug.

Ég segi það, um leið og ég dái verk forustumannanna, sem hér hafa verið að verki, og færi þeim áreiðanlega fyrir hönd okkar margra miklar þakkir fyrir þeirra störf, þá veit ég, að okkur er ánægja, eins og ég áðan sagði, að geta átt nokkurn þátt í að greiða götu þeirra áfram við þetta mannkærleika- og þarfaverk, sem þeir hafa nú staðið að og vilja enn standa að. Ég fer engum óvirðingarorðum um okkur þm. né þær ríkisstj., sem setið hafa í landinu að undanförnu, þó að ég dragi fullkomlega í efa, að við mundum hafa af eigin rammleik tekið að okkur að leitast við að leysa þetta verkefni, sem hér hefur verið innt af höndum. Ég segist draga það í efa. Hitt dreg ég aftur á móti ekki í efa, að enda þótt við hefðum borið gæfu til að reyna að leysa það, þá hefði okkur aldrei farnazt eins vel í þeim efnum og þessum mönnum, sem hér hafa verið að starfi.

Ég veit, að það hefur vaknað sú hugsun hjá mönnum, sem að öðru leyti unna þessu málefni og vilja því allt gott, hvort ekki væri óhætt að taka nokkurn hluta af arðinum, sem fellur af happdrætti SÍBS, og nota hann til að byggja upp vissa menningarstarfsemi í landinu. Það hefur verið skoðun annarra, að það væri ekki rétt. Við segjum: Ég vil ekki fyrir mitt leyti ganga inn á að vera meðflutningsmaður eða rétta upp höndina með frv., sem leggur eins eyris skatt á þessa starfsemi. Við höfum sagt: Við viljum ekki byggja upp menninguna í landinu á kostnað mannúðarinnar.

Minnzt hefur verið á að skerða tekjur SÍBS í því skyni að byggja listasafn. Við höfum svarað, að engin list sé eins fögur og sjúkur vesalingur, sem hefur öðlazt nýja trú á lífið, nýja andlega og líkamlega orku og ný sjónarmið, sem gera honum lífið unaðslegra og hann sjálfan að gagnlegri þjóðfélagsborgara.

Ég gæti sjálfsagt staðið hér og hlaðið lofi mennina, sem að þessu standa, og hugsjónirnar, sem þeir hafa barizt fyrir. En það er óþarfi, af því að við erum sjálfsagt allir svo sammála um þetta, og ég vil ekki heldur gera það þannig, að það þyki ósmekklegt. En ég vil hins vegar mega treysta því, líka af því, að ég þekki þá menn, sem hér eru að verki, að við getum allir orðið sammála um að greiða fyrir þessu máli á sérhvern þann veg, sem auðið er, og af okkur er nú ekki heimtað annað en að láta þá í friði með starfsemi sína.

Um minni háttar breyt., sem hér eru á ferðinni, vísa ég til grg., en ég held, að þetta séu meginatriðin, sem ég hef leyft mér að skýra frá hér og sumpart tekið beint upp úr grg. og raunar að mestu.

Ég vil svo, hæstv. forseti, leyfa mér að vænta þess, að þessu frv. verði að lokinni umr. vísað til hv. fjhn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Nd., 2. marz, var tekið til 2. umr. (A. 245, n. 287).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Það er efni þessa frv. að veita Sambandi íslenzkra berklasjúklinga heimild til þess að reka vöruhappdrætti sitt um næstu tíu ár. Eins og kunnugt er, hefur þessi félagsskapur rekið þessa starfsemi, vöruhappdrættið, síðan 1949. Ágóðanum af happdrættinu hefur félagið varið til vinnuheimilisins að Reykjalundi. Alkunnugt er, að þar er mesti myndarbragur á öllum framkvæmdum, og um það munu ekki skiptar skoðanir, að starfsemi þessa félagsskapar hafi orðið til mikils gagns og bæði félaginu sjálfu og þjóðinni allri til sæmdar.

En nú að undanförnu hefur Samband íslenzkra berklasjúklinga haft á prjónunum undirbúning að því að færa út starfssvið sitt. Er það ætlun sambandsins að koma upp vinnustofum fyrir öryrkja, aðra en berklasjúklinga, en þörf er að bæta aðstöðu þess fólks til þess að nota þá starfskrafta, sem það hefur.

Fjhn. sendi Tryggingastofnun ríkisins þetta frv. og óskaði umsagnar hennar um málið. Svarbréf barst frá Tryggingastofnuninni til n., dags. 25. febr., og vil ég, — með leyfi forseta, — lesa hér upp kafla úr því bréfi. Þar segir svo m. a.:

„Starfsemi eins og sú, sem SÍBS hefur rekið á undanförnum áratugum, hefur þjálfað þá sambandsmenn, sem virkan þátt hafa tekið í henni, til starfa á félagsmálasviðinu, og telur Tryggingastofnun ríkisins, að SÍBS hafi m. a. þess vegna betri skilyrði til þess að færa starfsemi sína út fyrir hin upphaflegu takmörk og hafa afskipti af málum annarra öryrkja, sem ekki hafa stofnað virk samtök með sér.

Tryggingastofnun ríkisins hefur verið ljóst, að þróun heilbrigðismála í landinu á undanförnum áratugum gefur tilefni til að vona, að hið upphaflega verkefni sambandsins að veita berklasjúklingum aðstoð geti farið minnkandi, og í viðræðum við sambandsmenn lagt á það áherzlu, að sambandið ætti að taka til athugunar að láta starfsemi sína taka til annarra öryrkja, eftir því sem ástæður leyfðu."

Síðar í bréfinu er einnig að því vikið, að á 11. þingi SÍBS, sem haldið var 4.—6. júlí 1958, hafi stjórn sambandsins verið heimilað að koma á fót vinnustofum fyrir almenna öryrkja, og í bréfinu segir enn fremur, að erfðafjársjóður, en hann er í vörzlu Tryggingastofnunarinnar, hafi þegar ákveðið stuðning við fyrstu vinnustofu sambandsins í Reykjavík, „sem væntanlega tekur til starfa um n. k. mánaðamót". Það er því útlit fyrir, að þessi vinnustofa sé að taka til starfa nú um þessar mundir. Og í niðurlagi bréfsins frá Tryggingastofnuninni segir á þessa leið: „Tryggingastofnun ríkisins vill því eindregið mæla með því, að nefnt frv. verði samþykkt."

Það kemur fram í grg. með frv., að enn sé ólokið ýmsum framkvæmdum í Reykjalundi, er kosta allmikið fé. Það er líka vitað, að það nýja verkefni, sem SÍBS er nú að taka að sér, að koma upp vinnustofum fyrir öryrkja almennt, mun kosta veruleg fjárframlög í stofnkostnað, svo að gera má ráð fyrir því og raunar telja víst, að sambandið hafi fulla þörf fyrir ágóðann af happdrættinu næstu tíu ár.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða um mál þetta, en eins og fram kemur í áliti fjhn. á þskj. 287, leggur n. einróma til, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Á 85. fundi í Nd., 3. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 78. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 80. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Í þessu frv. til laga um happdrætti Sambands ísl. berklasjúklinga eru engin ákvæði, sem ég ætla að andmæla, og fer því mjög fjarri. Hins vegar gæti ég hugsað mér eitt eða tvö ákvæði til viðbótar þeim, sem fyrir eru, og þess vegna kveð ég mér hljóðs nú. Hér er um að ræða vandasama og mjög mikilvæga starfsemi, og hér er einnig um að ræða geysimikla fjármuni. Það er því full ástæða til að huga vel að og gera frv. þannig úr garði, ef unnt er, að sem bezt verði fyrir öllu séð.

Samband ísl. berklasjúklinga hefur áunnið sér traust bæði ríkisvalds og almennings. Þetta samband hefur haft frumkvæði og framtak og unnið stórvirki, sem hinu opinbera eiginlega bar að vinna. Fyrir þetta hefur sambandinu hlotnazt viðurkenning og traust og enda margs konar fyrirgreiðsla af hálfu stjórnarvalda. Má segja, að milli þessara aðila hafi verið góð samvinna, enda þarf hún að vera bæði mikil og náin, ef vel á að fara. En mér finnst ekki nægilega séð fyrir þeirri samvinnu í frv., og mætti að mínu áliti auðveldlega bæta úr því með örlítilli breyt. í 3. gr., þar sem kveðið væri fastar að orði um

eðlileg og sjálfsögð tengsl milli félmrn. og sambandsins um allar framkvæmdir.

Það er í raun og veru lagður mikill vandi á herðar Sambands íslenzkra berklasjúklinga. Því eru ekki aðeins ætlaðar vandasamar framkvæmdir, heldur einnig lögð á það sú þunga ábyrgð að fara með mikið fjármagn, sem nálgast að vera almannafé. Því veltur á miklu, að með það fé verði farið af fullri gætni og að þannig sé um hnútana búið, að hvenær sem er sé unnt að gera full skil reikningslega, ef einhvern tíma kynnu að rísa upp grunsemdir eða aðdróttanir um ógætilega meðferð þessa fjár.

Mér finnst vanta í frv. ákvæði, er verndi sambandið fyrir óréttmætum aðdróttunum í framtíðinni. Það ákvæði gæti verið á þann veg, að ársreikningar happdrættisins skyldu endurskoðaðir, t. d. í endurskoðunardeild fjmrn., og síðan birtir í Lögbirtingablaðinu. Slíkt gæti girt fyrir, að skæðar tungur síðar meir ynnu þessu góða málefni tjón.

Ég er viss um, að hv. flm. eru síður en svo mótfallnir því, að gerðar verði á frv. breyt., sem miða til bóta. Ég á einnig von á því, að sú hv. n., sem málið fær til athugunar, ljái eyra þessum ábendingarorðum mínum og öðru því, sem orðið getur til framdráttar þessu mikilsverða máli.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Ed., 17. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 245, n. 314, 315).

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Frv. það, sem liggur hér fyrir um vöruhappdrætti Sambands ísl. berklasjúklinga, hefur verið samþ. í Nd. og rætt í fjhn. þessarar hv. d. Hún hefur orðið á einu máli um að mæla með samþykkt frv. Einn nm. var fjarstaddur, þegar ákvörðun var tekin.

Nú hefur, síðan málið var afgr. frá n., borizt erindi frá félagsskap einum, sem gerir aths. miklar við viss ákvæði þessa frv., og ætla ég, að rétt sé, áður en lengra er haldið með þetta mál, að 2. umr. verði frestað, svo að fjhn. geti fjallað um þetta erindi, og ef hæstv. forseti féllist á þá málsmeðferð, þá mundi ég fresta að sinni framsögu minni í málinu, þangað til það kæmi aftur til 2. umr.

Umr. frestað.

Á 94. fundi í Ed., 3. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að bera þá ósk fram við hæstv. forseta, að hann fresti umr. um þetta mál fram yfir helgi. Ástæðan til þessarar beiðni minnar er sú, að þegar fjhn. ræddi málið síðast á fundi, sem hófst kl. 11.30 í morgun, var lögð fram mjög ýtarleg grg. varðandi þetta mál frá ýmsum færustu mönnum okkar, sem hafa um þessi mál fjallað, og vannst ekki tími til þess fyrir nm. að kynna sér þessi ýtarlegu gögn, sem þarna lágu fyrir, en ég tel a. m. k. mér það nauðsynlegt til þess að ákveða afstöðu mína í málinu að hafa tækifæri til þess að athuga þessi gögn, sem borizt hafa. En að sjálfsögðu, þar sem þau hafa verið lögð svo seint fram í fjhn., hafa ekki verið tök á því að gera það. Auk þess er því svo við að bæta, að boðaður er þingflokksfundur í þingflokki okkar Alþýðubandalagsmanna. Af þessum tveim ástæðum vil ég vænta þess, að forseti verði við beiðninni.

Páll Zóphóníasson: Ef umr. um þetta mál skyldi verða frestað, herra forseti, þá langar mig til að benda hérna á eitt atriði sérstaklega, sem ég held að þurfi að athugast. Það er ákveðið í 1. gr., að hlutatalan megi ekki fara fram úr 65 þús. Þegar þetta happdrætti var stofnað 1949, fyrir 10 árum, var hún ákveðin 50 þús. Svo var hún hækkuð og aftur hækkuð. Þessu er ætlað að gilda til 1969, ein tíu ár, og á þeim árum fjölgar þjóðinni svo, að það mun láta nærri, að hún verði í kringum 200 þús. eftir tíu ár. Og þá er alveg gefið, að þessi tala, 65 þús., er of lág. Þess vegna hygg ég, að það sé ástæða til að athuga það, hvort eigi ekki að hækka þessa tölu.

Það var þetta, sem ég vildi benda á til athugunar sérstaklega, ef málinu verður frestað og n. tekur það til frekari athugunar.

Forseti (BSt): Vill hv. frsm. n. nokkuð segja? Út af beiðni hv. 8. landsk. þm. vil ég taka það fram, að þar sem hann á sæti í fjhn. og var ekki viðstaddur, þegar n. afgreiddi málið á sínum tíma, þá þykir mér rétt að gefa honum tækifæri til að gefa út nál., ef hann kynni að vera okkur hinum nm. ósammála að einhverju leyti, eða bera þá fram brtt. Og þó að mér þyki það í raun og veru slæmt að fresta þessu eina máli, sem nú er á dagskrá, einkum með tilliti til þess, að ég tel nú víst, að í næstu viku fari Alþingi að hafa nóg að gera við hin stærri mál, sem að vísu enginn sér enn, en hljóta að koma fram, t. d. eins og fjárlögin, þá verð ég þó að taka þessa beiðni til greina og vænti þá, að óhætt muni vera að taka málið á dagskrá á mánudag. Ég vil biðja hv. 8. landsk. þm. að hafa sína tillögu til þá.

Umr. frestað.

Á 95. fundi í Ed., 6. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv., sem er komið frá Nd., fjallar um vöruhappdrætti fyrir Samband ísl. berklasjúklinga, og efni þess er í stórum dráttum það, sem nú skal greina:

Fyrir 10 árum tæpum fékk Samband íslenzkra berklasjúklinga heimild að lögum til þess að reka vöruhappdrætti, og var sú heimild bundin við 10 ár og rennur út nú í lok þessa árs. Vegna þess að þeim margvíslegu og mikils-

verðu verkefnum, sem Samband ísl. berklasjúklinga hefur með höndum í Reykjalundi, er enn ekki lokið og vegna fyrirætlana um framtíðarstarf óskar það eftir, að framlengd sé þessi lagaheimild um vöruhappdrætti til 10 ára. Það er aðalefni þessa frv., að heimildin verði framlengd til ársloka 1969. Enn fremur eru gerðar smærri breytingar frá gildandi lögum, svo sem um það, að hluti megi selja í heilu og hálfu lagi, í stað eldra ákvæðis um, að aðeins megi selja í heilu lagi, og enn fremur að vinningar, sem nú skulu vera að verðmæti samtals a. m. k. 40% af iðgjöldum, skuli nema að verðmæti a. m. k. 50% o. s. frv.

Þegar Samband ísl. berklasjúklinga hóf þessa starfsemi með vöruhappdrætti, var í fyrstu um litinn hagnað af því að ræða, og ætla ég, að fyrsta árið eða fyrstu árin hafi hagnaður verið 200—300 þús. kr. á ári. En svo vel hefur tekizt að vinna upp þetta happdrætti og afla því vinsælda með skynsamlegum vinnubrögðum og áróðri þeirra, sem að því stóðu, að ágóðinn af því hefur mjög aukizt, svo að síðustu árin hefur ágóðinn orðið 2 og jafnvel upp í 3 millj. kr. á ári.

Því fé, sem orðið hefur afgangs af þessum happdrættisrekstri, hefur verið varið til þess að reisa byggingar í Reykjalundi, og eru þær mjög vel á veg komnar. Ekki þarf orðum að því að eyða, að sú starfsemi, sem þar er rekin af hálfu SÍBS, er til fyrirmyndar, ekki aðeins hér á landi, heldur hefur vakið athygli víða um lönd og þykir eitt með því allra merkasta, sem í þeirri grein hefur verið gert. Fyrir það fé, sem kemur inn af happdrættiságóða á næstu árum, ef þetta verður framlengt, er ætlunin fyrst og fremst að halda áfram framkvæmdum í Reykjalundi, byggja þar áfram upp þá merku miðstöð til hjálpar hinum bágstöddu, fyrst og fremst berklaöryrkjunum, en svo um leið, eins og ég kem nánar að síðar, öðrum öryrkjum, — að byggja upp þessa miðstöð og skapa henni sem bezt skilyrði.

Í grg. frv. er frá því sagt, að enn sé allmargt ógert þar og mikið skorti á, að staðurinn sé fullbyggður. Þar er þess getið, að vinnuskála til járnsmíða sé ólokið, það hús aðeins komið undir þak. Hús, sem rúma skuli vörugeymslur, skrifstofur, þvottahús, kennslustofur o. fl., eru tæplega að hálfu byggð. Margs konar vinnuvéla er þörf. Margt, sem lýtur að ræktun lands og staðarprýði utan dyra, er óunnið. Áætlað er, að enn skorti um 10 millj. kr., miðað við núverandi byggingarkostnað, til þess að Reykjalundur sé fullbyggður, en þá á staðurinn að vera orðinn vel búið og afkastamikið iðjuver fyrir öryrkja.

Um þá starfsemi, sem þegar hefur verið unnin þar, er einnig getið stuttlega í grg., frá því sagt, að í Reykjalundi hafi dvalizt um lengri eða skemmri tíma rúmlega 500 vistmenn, þeir hafi innt af höndum um 1 millj. og 200 þús. vinnustundir, að andvirði seldra framleiðsluvara sé ca. 45 millj., en greidd laun til vistmanna um 15 millj. kr. Um allmargra ára skeið hefur starfað iðnskóli á staðnum með fullum réttindum, og 150 nemendur hafa lokið þar ýmist þriðja eða fjórða bekkjar prófi.

Það er sem sagt aðaltilgangurinn eða fyrsta verkefnið með ágóða af happdrættinu, ef framlengt verður, að byggja upp Reykjalund og halda áfram í stærra stíl þeirri mannúðar- og hjálparstarfsemi, sem þar hefur verið rekin fyrir berklasjúklinga.

Ég vil taka það fram í sambandi við brtt. á þskj. 315, 2. till., um það, að endurskoðunardeild fjmrn. skuli falið að annast endurskoðun ársreikninga happdrættisins o. s. frv., að um þetta vöruhappdrætti gildir sérstök reglugerð, sett af ríkisstj., frá 9. jan. 1957. Í þeirri reglugerð er svo fyrir mælt, að fjmrn. skipar tvo endurskoðendur og að enn fremur skipar fjmrn. þriggja manna happdrættisráð, sem hefur eftirlit og aðgang að öllum bókum og skjölum. Vegna þessara ákvæða í reglugerðinni og eins og þessi mál hafa verið framkvæmd, þá sé ég ekki ástæðu til að vera að setja um það frekari ákvæði í þessi lög. Það virðist fyllilega tryggt með þessum ákvæðum, að ríkisvaldið hafi nægilegt eftirlit með öllum fjárreiðum fyrirtækisins.

En auk þeirrar starfsemi, sem SÍBS hefur haft með höndum á undanförnum árum og mun halda áfram, er nú svo ráð fyrir gert, að sambandið færi nokkuð út kvíarnar og skapi möguleika til þess að veita vinnuþjálfun og kennslu fleiri öryrkjum en þeim einum, sem eru öryrkjar af völdum berklaveiki. En í sambandi við þessi öryrkjamál vildi ég aðeins segja nokkur orð almennt.

Það liggur ekki fyrir enn þá nákvæmlega, hversu margir öryrkjar eru hér á landi, en með öryrkjum er átt við þá, sem hafa skerta vinnugetu af einhverjum ástæðum. Og vitanlega koma hér mjög til matsatriði, hversu háa prósenttölu á að miða við, þegar talað er um öryrkja, en Tryggingastofnunin og læknar hafa myndað sér nokkuð ákveðnar hugmyndir um það. Um heildartölu öryrkja hér á landi liggja ekki fyrir neinar ákveðnar upplýsingar. Hins vegar eru það um 1100 öryrkjar, sem fá bætur frá Tryggingastofnun ríkisins í Reykjavík. En það er hvort tveggja, að utan Reykjavíkur er auðvitað fjöldi öryrkja og auk þess eru öryrkjar hér í Reykjavík með verulega skerta vinnugetu, án þess að þeir séu allir bótaþegar hjá Tryggingastofnuninni. Það er því enginn efi á því, að tala öryrkja á landinu er a. m. k. hátt á annað þúsund, en eins og ég gat um, þá liggja ekki fyrir fullkomnar upplýsingar um það.

Ef hins vegar athugað er, af hverju stafar örorka þeirra 1100 öryrkja, sem hafa bætur hér í Reykjavík, hefur það verið flokkað niður í 16 hópa, og vildi ég lesa hér þetta yfirlit, til þess að menn átti sig á því nánar.

Af þessum 1100 öryrkjum eru 15.8% berklaöryrkjar, og er það stærsti hópurinn, öryrkjar vegna taugaveiklunar 14.5%, vegna hjartasjúkdóma 13.7%, vegna geðveiki 10.1%. Þessir fjórir flokkar eru þeir langfjölmennustu. — Síðan koma vangefnir 7%, gigt 6.8%, liðagigt 3.4%, astma 2.9%, krabbamein 1.1%, maga-

sjúkdómar 2.2%, hormónasjúklingar 1.5%, heilablæðing 2.6%, flogaveiki 2.7%, lömunarveiki eða polio 2.5%, ýmsar bæklanir 7.6% og blindir 2.2%.

Nú vil ég geta þess, að eftir upplýsingum frá SÍBS eru þarna auk berklasjúklinga þrír hópar aðrir, sem leita mjög til SÍBS, og þeirra örorka að ýmsu leyti skyld, en það eru þeir, sem þjást af hjartasjúkdómum, liðagigt og astma. En þegar þessir fjórir flokkar eru teknir, þá er þetta orðinn rúmur þriðjungur allra öryrkja eða tæplega 36%.

Nú er það eitt af allra þýðingarmestu viðfangsefnum þjóðfélagsins að koma til hjálpar þeim, sem skerta vinnugetu hafa í landinu, bæði á þann hátt að veita þeim þá lækningu og heilsubót, sem unnt er, en einnig að útvega þeim vinnu, þannig að þeir geti séð sjálfum sér og sínum farborða eftir föngum. En um leið er þetta mikilsvert þjóðfélagsvandamál, því að þjóðfélagið hefur mikinn hag af því og í rauninni brýna nauðsyn að nýta vinnugetu þessara manna sem allra bezt. Þegar lög voru sett um almannatryggingar 1946, var svo ákveðið í þeim lögum, að Tryggingastofnunin skuli gera heildartillögur um, hvar elliheimilum og stofnunum fyrir öryrkja skuli komið upp. Enn fremur hefur þetta verið ítrekað síðar, t. d. er það í ákvæði til bráðabirgða með breytingu á tryggingalöggjöfinni frá 1956. Þar segir svo: „Ríkisstj. lætur í samráði við Tryggingastofnun ríkisins og öryrkjafélögin í landinu fara fram á því athugun, á hvern hátt hagkvæmast verði fyrir komið að nota sem bezt starfsorku öryrkjanna, t. d. með stofnun og rekstri öryrkjaskóla, öryrkjaheimila og öryrkjavinnustöðva, þar sem öryrkjunum yrðu sköpuð viðunandi lífsskilyrði á borð við aðra þegna þjóðfélagsins, og skulu niðurstöður þeirra athugana liggja fyrir ásamt till. fyrir lok yfirstandandi árs“ — þ. e. a. s. fyrir lok ársins 1956.

Því miður hefur niðurstaðan eða árangurinn af þessum tveim lagaákvæðum frá 1946 og frá 1956 ekki orðið sem skyldi, þannig að því miður liggja ekki enn fyrir neinar heildartillögur um lausn þessara mála. Til viðbótar skal ég geta þess, að fyrir sjö árum eða árið 1952 voru sett lög um erfðafjársjóð, og er þar svo ákveðið, að stofna skuli erfðafjársjóð og skuli honum varið til lána og styrkveitinga til þess að koma upp vinnuheimilum, vinnustofum og vinnutækjum fyrir öryrkja og gamalmenni í því skyni, að starfsgeta þeirra komi að sem fyllstum notum.

Nú hefur einnig svo til tekizt um þennan sjóð, að tiltölulega litlu af því fé, sem hann hefur til umráða, hefur verið varið í þessu skyni, þannig að ég ætla, að það skipti nokkrum millj. kr. það fé, sem er í erfðafjársjóði óráðstafað, en í rauninni bíður þess, að ákvarðanir verði teknar af opinberri hálfu um að verja þessu mikla fé á skynsamlegan hátt til aðstoðar öryrkjum í landinu.

Það er á því enginn vafi, að hér þarf að láta hendur standa fram úr ermum, og ríkisvaldið verður að koma því í verk að láta gera heildartillögur um þessi mál. Og því hefur það verið rætt í fjhn. þessar hv. d., hvort ekki ætti að flytja um það till. í Alþingi, að skipuð verði n. manna til þess að hrinda þessu í framkvæmd, með rannsókn á málinu og upplýsingum frá hinum fróðustu og reyndustu mönnum í þessum efnum að koma sér niður á heildartillögur og áætlun, sem síðan yrði hægt eftir að vinna. Og ég vil enn minna á það, að þó að mörgum kannske hrjósi hugur við þeim mikla kostnaði, sem trúlega verður af því að koma þessum málum í gott horf, þá liggja hér fyrir í þessum erfðafjársjóði milljónir, — ég mundi ætla, að það séu 4—5 millj. kr., sem þar ættu að vera til ráðstöfunar, og í þann sjóð kemur árlega töluvert fé.

Nú er það svo, að í þessum öryrkjamálum eru verkefnin margvísleg, og það er hér eins og oftar um viðkvæm og vandasöm verkefni, að þeir, sem hafa mest um þau fjallað og kynnt sér þau, eru ekki á einu máli um lausn þeirra. Á því er enginn vafi, að það er brýn nauðsyn, og um það hljóta allir að vera sammála, að hefja hið fyrsta nána talningu og skráningu með fullkomnum upplýsingum um alla öryrkja í landinu. Það er auðvitað brýn þörf á því, að stofnun eða stofnanir hafi með höndum rannsókn á vinnugetu hvers einstaks öryrkja til þess að reyna að mynda sér skoðun um það og gera tillögur á þeim grundvelli, hvaða vinnu sé heppilegast að bjóða slíku fólki. Og til viðbótar því að hafa slíka rannsóknarstofnun, þar sem að sjálfsögðu þyrftu að vera bæði læknar, sálfræðingar og aðrir sérfræðingar, þá þarf að hafa þjálfunar- og kennslustofnun eða stofur til þess að ganga úr skugga um það, til hvers öryrkjarnir treysti sér, hvers þeir séu megnugir og hvað liggi bezt fyrir þeim.

Nú vil ég geta þess, að af hálfu hins opinbera hefur að sjálfsögðu ekki verið algert aðgerðaleysi í þessu efni, heldur þvert á móti. Það hefur margt verið gert, bæði af hálfu ríkisvaldsins, félmrn., Tryggingastofnunar, bæjar- og sveitarfélaga, þó að því miður hafi svo til tekizt, að þessar heildartillögur, sem ég gat um og lög hafa beinlínis fyrirskipað að gera skyldi, liggi ekki fyrir. T. d. var fyrir rúmum 4 árum ráðinn til þess sálfræðingur, sem sérstaklega hafði kynnt sér þessi mál úti í Noregi, Kristinn Björnsson, — hann var ráðinn til þess af þremur aðilum, félmrn., Tryggingastofnun ríkisins og Reykjavíkurbæ, að afla sem beztra upplýsinga um öryrkja og rannsaka möguleika á því að hagnýta starfskrafta örorkulífeyrisþega og örorkustyrkþega. Hann hefur síðan starfað að þessu sem sagt í rúm 4 ár, nú síðustu árin á vegum Tryggingastofnunarinnar og Reykjavíkurbæjar, og aflað að sjálfsögðu mjög mikilvægra upplýsinga um atvinnumöguleika fjöldamargra öryrkja. Í ýtarlegum skýrslum, sem Kristinn Björnsson hefur samið um sitt starf, bæði ýmsum till., sem hann gerði, áður en hann tók við starfinu, og árlegum skýrslum um hans athuganir, er auðvitað ákaflega mikinn fróðleik að finna.

Ég vil skjóta hér inn einu atriði, sem ég

veit að víða hefur valdið mikilli óánægju og er að ýmsu leyti óheppilegt, og það er, að í tryggingalöggjöfinni eða framkvæmd þessara mála eru vissir hlutir þannig, að þeir síður en svo hvetja öryrkjana til þess að afla sér vinnu eða þeirra fjölskyldu, heldur jafnvel letja. Þess eru dæmi, — ég skal nefna hér eitt, sem er tiltölulega nýlegt, héðan úr Reykjavík, — að maður fatlaðist og varð öryrki á bezta aldri og var algerlega frá vinnu og fékk náttúrlega örorkubætur. Til þess að fleyta fram heimilinu fór kona hans, sem hafði þó ærið að starfa við heimilisstörfin, að vinna úti til að fá nokkrar aukatekjur, en niðurstaðan varð auðvitað sú, að þegar það vitnaðist til Tryggingastofnunarinnar, voru örorkubætur mannsins skornar niður, sem því nam. Slík viðbrögð eða viðurlög af hálfu hins opinbera til þessa fólks, þegar það er að reyna að bjarga sér og leggja kannske á sig miklu meira starf en jafnvel er hægt með sanngirni að ætlast til, eru náttúrlega ákaflega óheppileg. Þessar bótaskerðingarreglur, eins og þær eru framkvæmdar, þurfa vissulega endurskoðunar við, þó að ég viðurkenni, að hér er töluvert mikill vandi á höndum, en hina verstu agnúa á þessum bótaskerðingarreglum þarf að afnema.

Eins og ég gat um, er það nú m. a. ásetningur SÍBS að færa út kvíarnar og hefja starf einnig fyrir aðra öryrkja en berklasjúklinga, og á 11. þingi samtakanna í júlí s. l. var samþykkt heimild fyrir sambandsstjórnina til að setja á stofn og reka vinnustofur fyrir almenna öryrkja. Sambandsstjórnin hefur ákveðið að nota þessa heimild og hefja framkvæmdir þegar í stað. Fyrst í stað verða stofnaðar tvær vinnustofur í Reykjavík, og eru undirbúningsstörf hafin. Ég skal taka það fram, að fjhn. hafa borizt bréf bæði frá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra, enn fremur frá Sjálfsbjargarfélögunum, sem eru félög fatlaðra, og á fund n. hafa komið bæði fulltrúar frá SÍBS og frá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra til upplýsinga og viðræðna um málið. Þar hefur komið fram nokkur skoðanamunur um það, hvort það sé rétt stefna að koma á fót sérstökum vinnustofum og verkstæðum fyrir öryrkja eða hvort eigi að forðast slíkt og koma öryrkjunum beint út í hið frjálsa athafnalíf. Í n. spurðum við m. a. hinn ágæta og reynda yfirlækni í Reykjalundi, Odd Ólafsson, sem hefur kannske meiri reynslu í þessum málum en nokkur annar Íslendingur, um sjónarmið hans í þessu, og sjónarmiðin voru í stuttu máli þau, að það væri alveg nauðsynlegt að hafa slík verkstæði og vinnustofur fyrir öryrkjana og reynslan væri sú, að þar þyrftu þeir að vera yfirleitt eða til jafnaðar eitt til tvö ár til þess að fá endurþjálfun, kennslu og tilsögn, en vitanlega væri rétt að stefna að því, eins og gert hefði verið, að eftir þann reynslu-, kennslu- og þjálfunartíma gætu sem flestir þeirra farið út í hið frjálsa atvinnulíf, — en slíkar vinnustöðvar og verkstæði með þjálfun og kennslu væru nauðsynlegar, bæði til þess að kanna til hlítar, hvers öryrkjarnir væru megnugir og hvað bezt lægi fyrir þeim, en auk þess væri alltaf nokkur hópur öryrkjanna, sem hefði það litla vinnugetu, að þeir gætu ekki farið út í hið venjulega frjálsa athafnalíf, heldur yrðu að vera áfram að staðaldri og jafnvel sumir ævilangt á slíkum vinnustöðvum, sem sérstaklega væru ætlaðar fyrir öryrkja. En þessi mun einnig vera stefnan í okkar nágrannalöndum, eins og segir í grg. frv.: „Í nágrannalöndum okkar rís nú hver vinnustofan upp af annarri, og eru þær ríflega styrktar af almannafé".

E. t. v. er ekki heldur, þegar nánar er skoðað, svo ýkja mikill munur á þessum skoðunum. En ég býst við, að allir séu sammála um, að æskilegast sé, að eftir kennslu og endurþjálfun geti sem allra flestir öryrkjar farið til eðlilegra starfa í hinu frjálsa athafnalífi.

Nú er það svo, að í Reykjalundi, þar sem aðallega hafa verið berklasjúklingar, eru nokkrir öryrkjar, sem hafa ekki verið berklasjúklingar. Og ég vil taka það skýrt fram, að þessi aukna starfsemi SÍBS til annarra en berklasjúklinga er gerð fyrir sérstaka beiðni, ég vil segja þrábeiðni hins opinbera hvað eftir annað, sem hefur óskað þess, að SÍBS færði þannig út kvíarnar. En því hefur verið varpað fram, hvort hér væri nokkur smithætta á ferðum, að aðrir öryrkjar en berklasjúklingar væru þarna á sama stað, en það er upplýst einnig af Oddi Ólafssyni, að á Norðurlöndum annars staðar hefur nú um nokkurt skeið verið tekin upp sá háttur að hafa aðra öryrkja einnig á slíkum vinnustöðvum eða hressingarheimilum fyrir berklasjúklinga, þannig að ekki þurfi að stafa nein hætta af því.

Í sambandi við þetta mál má einnig geta þess, að það er ákaflega þýðingarmikið, að þær opinberu stofnanir, sem hafa með höndum vinnumiðlun í landinu, taki sérstaklega mál öryrkjanna til meðferðar. Árið 1954 gerði bæjarstjórn Reykjavíkur breytingu á reglugerð um ráðningarstofu bæjarins á þá lund, að henni var sérstaklega falið að leitast við að útvega öryrkjum og öðrum mönnum með skerta starfsorku, sem eigi geta stundað hvaða vinnu sem er, hentuga atvinnu við þeirra hæfi, og sá sálfræðingur, sem að þessum málum hefur starfað, Kristinn Björnsson, sem ég nefndi hér áðan, hefur svo haft náið samstarf við ráðningarstofu bæjarins um þessi efni. Tveimur árum síðar var sett reglugerð um vinnumiðlun, þ. e. a. s. af félmrn., sem gildir fyrir allt landið, og er þar einnig tekið upp svipað ákvæði um það, að vinnumiðlunarstofur skuli veita öryrkjum aðstoð eða finna vinnu við þeirra hæfi og láta athuga og meta líkamlega og andlega hæfni öryrkja til starfa og aðstoða þá við að fá endurþjálfun. Hér er auðvitað um mikilsverð mál að ræða, og er hin mesta nauðsyn á, að allar vinnumiðlunarskrifstofur, hvar sem þær eru, hafi þetta sérstaklega í huga.

Nú eru hér á landi starfandi nokkur félög sem félög öryrkja. Stærst þeirra og fjölmennast og með mesta reynslu er Samband ísl. berklasjúklinga. Auk þess er Styrktarfélag

lamaðra og fatlaðra, sem starfað hefur í sjö ár með ágætum og látið mjög mikið og gott starf af sér leiða. Enn fremur eru félögin Sjálfsbjörg, sem stofnuð eru á nokkrum stöðum, félög fatlaðra, sem eru tiltölulega ný af nálinni og hafa skrifað fjhn. um sína starfsemi. Þá eru enn fremur til blindrafélög, Heyrnarhjálp og e. t. v. einhver fleiri. Nú væri það að vísu mjög æskilegt, ef hægt væri að koma á bandalagi eða samtökum allra öryrkjafélaganna, og í lagaákvæðinu frá 1956, sem ég nefndi, er jafnframt gert ráð fyrir því, að það sé reynt. Hafa verið gerðar tilraunir til þess, að ég ætla bæði af hálfu Sambands ísl. berklasjúklinga og af hálfu félmrn., en því miður ekki borið árangur.

Ég skal ekki fara frekar út í þetta mál hér að sinni, en vil aðeins taka það fram að lokum, að eftir að n. hefur kynnt sér eftir föngum sjónarmið manna í þessu, leggur n. til, þ. e. a. s. 4 nm. leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt. Um leið hefur n. til athugunar, eins og ég gat um, að stuðla að því, að sett verði n., mþn. eða stjórnskipuð n., til þess að gera heildartillögur um lausn þessara vandasömu mála. Um leið og n. telur ekki rétt að taka einhverja hluta af ágóða af vöruhappdrætti SÍBS og ráðstafa því til annarra félaga, vill n. lýsa eindregnum stuðningi sínum og samúð með starfsemi þessara félaga annarra, öryrkjafélaga, og er reiðubúin til þess að veita þeim fyrirgreiðslu, eftir því sem unnt er. En meðal annars vegna þess, að SÍBS hefur riðið á vaðið með þessa fjáröflunarleið um vöruhappdrættið og unnið það upp um tíu ára skeið með sérstökum myndarskap, þá sýnist ekki sanngjarnt og í rauninni ekki koma til mála að fara nú að taka af þeim þetta vöruhappdrætti, sem þeir þannig hafa unnið upp, taka það af þeim að einhverju leyti eða verulegu leyti. Hins vegar ef önnur öryrkjafélög óska eftir aðstoð almannavaldsins eða leyfi til sérstakra fjáröflunarleiða, sem þeim kynnu að detta í hug, þá verður því vafalaust vel tekið.

Ég vildi hér í þessari framsögu aðeins reifa nokkuð almennt þetta þýðingarmikla og vandasama mál og svo aðeins endurtaka að síðustu tvö meginatriði í afstöðu nefndarinnar, annað, að frv. verði samþykkt, eins og það liggur fyrir, og hitt, að hraðað verði heildarendurskoðun á þessum málum og sett í það n. að gera till. um lausn þeirra í heild sem allra fyrst.

Umr. frestað.

Á 96. fundi í Ed., 7. apríl, var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 245, n. 314, 315, 351).

Afbrigði um brtt. 351, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Björn Jónsson: Herra forseti. Meginefni þessa frv. er það að veita Sambandi ísl. berklasjúklinga áframhaldandi um 10 ára skeið sams konar sérleyfi til fjáröflunar í formi happdrættisrekstrar og sambandið hefur haft nú að undanförnu í áratug. Þessu meginefni frv. er ég eindregið fylgjandi. Hins vegar tel ég, að breyta hefði mátt 3. gr. frv. til bóta frá því, sem nú er, en mun þó ekki flytja um það brtt., þar sem það kynni að raska þeirri samstöðu um málefni SÍBS, sem verið hefur hér á hv. Alþingi um langt skeið, og gæti því fremur spillt en bætt samvinnu allra flokka og allra þm. um málefni berklaöryrkja og annarra öryrkja í landinu framvegis, en á slíkri samvinnu tel ég ríka nauðsyn, ef hennar er nokkur kostur, svo margt sem ógert er og vanrækt í málefnum þeirra þúsunda landsmanna, sem búa við skerta starfsgetu vegna sjúkdóma, slysfara eða meðfæddra vanheilinda. Á hinn bóginn tel ég rétt eftir atvikum að láta hér koma fram nokkrar athugasemdir, sem snerta þetta mál, bæði beint og óbeint, og láta í ljós efasemdir mínar um það, að með þeim breytingum, sem nú eru ráðgerðar á lögum um þetta vöruhappdrætti, sé stefnt í rétta átt. Því fremur tel ég þetta rétt, sem álit mitt í þeim efnum kemur að verulegu leyti a. m. k. heim við stefnu fjölmennra samtaka almennra öryrkja og áhugamanna, sem nú eru starfandi í landinu og ekki verða til lengdar sniðgengin af hæstv. Alþingi fremur en Samband ísl. berklasjúklinga varð lengi sniðgengið hér á sínum tíma, enda þótt það þá væri ekki orðið það stórveldi, sem það nú er orðið.

Þau málsatvik, að verið er að tryggja fjárhagsgrundvöll fyrir SÍBS næsta áratuginn og ætlunin er með löggjöf að víkka út starfssvið þess, gefa einnig tilefni til þess að leiða hugann að því, hvar við stöndum nú í viðureigninni við það mikla félagslega verkefni, sem leysa þarf í málefnum allra öryrkja í landinu, og hvaða þætti þessa verkefnis beri sérstaklega að leggja áherzlu á á næstu tímum, bæði með tilliti til mannúðarsjónarmiða og efnahagslegra viðhorfa. Því meiri ástæða er til slíkra athugana einmitt nú í sambandi við þetta mál, sem ótvírætt er, að mikilvæg reynsla hefur fengizt í baráttunni við berklaveikina og afleiðingar hennar á undanförnum áratugum, reynsla, sem væri óheppilegt að notfæra sér ekki til hlítar til lausnar á þeim vandamálum, sem stafa af öðrum sjúkdómum eða af slysum.

Flestir erum við hér það gamlir, að við munum a. m. k. að einhverju leyti, hvernig ástandið var í berklavarnarmálum á árunum milli heimsstyrjaldanna. Hundruð og jafnvel þúsundir landsmanna hrundu niður af völdum þessa skæða sjúkdóms. Ófullnægjandi heilsugæzla, lélegur húsaskortur og fátækt réðu úrslitum um það, að mikill hluti þeirra, sem tóku berklaveiki, átti sér enga lífsvon, og sú almenna skoðun ríkti, að berklasjúklingur væri í rauninni dauðadæmdur maður. Jafnvel þeir, sem áttu því láni að fagna að útskrifast af berklahælum, áttu takmarkaða lífsvon. Fátæktin rak þá flesta til að freista þess að leita sér lífsframfæris við erfiðisvinnu á sjó eða landi, sem þeir voru ófærir um að gegna, og ný hælisvist tók við og jafnvel hver af annarri, unz yfir lauk.

Nú er mikil breyting á þessu orðin. Enginn

telst nú lengur dauðadæmdur, þótt hann smitist af berklaveiki. Langsamlega flestir eiga fulla og rökstudda von um bata og um að verða hlutgengir þjóðfélagsþegnar. Margt hefur að sjálfsögðu stutt að þessari breytingu: aukin heilsugæzla, framfarir í læknisvísindum, aukinn viðnámsþróttur vegna bætts efnahags og þar af leiðandi betri húsakosts, fæðis og klæða og síðast, en ekki sízt það stórfellda og aðdáanlega átak, sem félagssamtök berklaöryrkjanna sjálfra, Samband ísl. berklasjúklinga, hafa gert til þess að tryggja árangurinn af starfi heilsuhælanna og læknisvísindanna með því að brúa bilið á milli hælisvistarinnar og athafnalífsins í þjóðfélaginu.

Með starfi sínu hefur Samband ísl. berklasjúklinga ekki aðeins átt sinn mikla og ómetanlega þátt í þeim stórsigrum, sem unnizt hafa í viðureigninni við berklaveikina og afleiðingar hennar, heldur jöfnum höndum sparað þjóðfélaginu stórfelld milljónaútgjöld og aflað því raunverulegra milljónatekna, bæði beint og óbeint. Framsýnn læknir sagði um SÍBS um það leyti, sem það var stofnað, að það mundi verða eitt mesta „gróðafyrirtæki" hér á landi. Þetta hafa reynzt orð að sönnu. Öll sú opinbera aðstoð, sem þetta samband hefur hlotið fjárhagslega, hefur án vafa skilað sér margfaldlega aftur, beint peningalega. Á þetta minni ég hér m. a. vegna þess, að ég tel, að um nákvæmlega jafngóða fjárfestingu geti verið að ræða varðandi önnur öryrkjasamtök í landinu. Þó að afrek SÍBS til björgunar á lífi og heilsu og lífshamingju, sem þó er að sjálfsögðu aðalatriði, væri ekki metið, þarf því enginn að líta með eftirsjá þá fjármuni, sem því hefur verið trúað til að fara með. Fullyrða má, að þjóðfélagið hefði ekki haft efni á því að synja sambandinu um eðlilega aðstoð á sínum tíma.

Starfsemi SÍBS hefur frá upphafi verið miðuð við þarfir berklaöryrkjanna einna, en þeir hafa verið einna fjölmennasti öryrkjahópurinn í landinu, þótt þeim, sem betur fer, fari fækkandi. Í sambandi við það vil ég þó taka það fram, að ég tel, að tölur þær, sem hv. 6. þm. Reykv. fór hér með í gær, gefi ekki alls kostar rétta mynd af þessu atriði málsins. Þessar tölur, sem hann fór með, munu út af fyrir sig vera réttar, fengnar frá Tryggingastofnun ríkisins, en við þær er það að athuga, að langsamlega nákvæmastar heimildir eru til um berklaöryrkja og miklu ýtarlegri en um allar aðrar tegundir örorku. Stafar það m. a. af því, að fram hefur farið í landinu allsherjar berklaskoðun, og má því reikna með, að nokkurn veginn fullkomlega komi til skila öll berklatilfelli, sem um er að ræða. Það, að hann taldi, að lömunaröryrkjar væru aðeins 2%, mun vera algerlega villandi, þegar þessar tölur eru bornar saman, m. a. vegna þess, að tölurnar eru eingöngu miðaðar við styrkþega Tryggingastofnunarinnar, en lömunarsjúklingar eru einmitt margir á unga aldri, en hins vegar nálega engir berklaöryrkjar eða berklasjúklingar á aldrinum frá 0—16 ára. Og það kemur heim við það, sem Haukur Kristjánsson læknir bendir á í sínu merka erindi, sem hefur fylgt með erindi Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra til fjhn., að ýmiss konar lamanir og bæklanir muni vera langalgengasta orsökin til örorku. Menn hefðu getað fengið rangar hugmyndir með því að taka þessar tölur, sem hv. 6. þm. Reykv., frsm. fjhn., fór hér með, allt of bókstaflega, og því geri ég þessa aths.

Samband ísl. berklasjúklinga hefur frá upphafi verið hugsað sem félagsleg samtök öryrkjanna sjálfra, en ekki sem líknarstofnun. Og á þetta hefur verið lögð rík áherzla frá fyrstu tíð. Það hefur verið hugsað sem tæki til sjálfsbjargar fyrir þá sjálfa, sem að því stóðu. Það var stofnað í þeirri trú, að berklaöryrkjarnir sjálfir vissu bezt, hvar skórinn kreppti, og gætu valdið því verkefni, sem hvorki hið opinbera né neinar líknarstofnanir höfðu nægilegan áhuga, getu eða hæfni til að leysa og hafði verið vanrækt að mestu leyti frá fyrstu tíð.

Hvað sem liðið hefur trú manna á þessi samtök í upphafi, þessi samtök berklaöryrkjanna, þegar félausir og heilsuveilir áhugamenn hófu merki þess fyrir rúmum 20 árum, þá er svo mikið víst, að nú getur enginn efazt um, að rétt stefna var tekin í upphafi og að enginn aðili annar hefði náð viðlíka árangri í því starfi, sem samtökin helguðu sér frá því fyrsta. Margvísleg reynsla hefur fengizt af starfi sambandsins, en þó er það mín skoðun, að einmitt þessi staðreynd, að það voru sjálfir öryrkjarnir, sem lyftu Grettistakinu, rísi hærra en flestar aðrar staðreyndir í sambandi við þetta mál. Og hér er ég þá kominn að kjarna þess, sem ég vildi segja um afstöðu mína.

Ég dreg það mjög í efa, að rétt sé stefnt með þeirri breyt., sem felst í 3. gr. frv., en hún þýðir m. a., að það á að breyta að nokkru leyti eðli Sambands ísl. berklasjúklinga og gera það að líknarstofnun fyrir almenna öryrkja, í stað þess að til þessa hefur það eingöngu verið félagsskapur berklasjúklinganna sjálfra, sem eingöngu miðast við þeirra eigin þarfir. Ég held, að þessi breyt. sé hæpin, bæði frá sjónarmiði berklasjúklinganna og einnig frá sjónarmiði þeirra öryrkja, sem með þessu á að hjálpa, og ber margt til þess. Í fyrsta lagi er ekki unnt að segja, að enn hilli undir fullan sigur í baráttunni við berklaveikina. Enn eru berklaöryrkjar mjög fjölmennir. Enn smitast menn af þessum þunga sjúkdómi, og enginn getur nú fullyrt um, að rénun sjúkdómsins verði stöðug héðan í frá, þótt ástæða sé til að vona, að svo verði. Og þó að starfsemi Sambands ísl. berklasjúklinga að Reykjalundi sé með hinum mestu ágætum, svo að þjóðarsómi er að á ýmsan hátt, þá er hitt þó vitað og bezt af forustumönnum samtakanna sjálfra, að fjárhagur þess hefur ekki leyft enn sem komið er, að gert væri jafnvel við berklasjúklingana og berklaöryrkjana og gert er með þeim þjóðum, sem lengst eru komnar í þessum efnum. Sé því málið skoðað frá sjónarmiði berklasjúklinganna einna, orkar það tvímælis að beina nú þegar verulegum hluta af tekjum sambandsins að öðrum verkefnum fyrir

almenna öryrkja. Sú skýring er líka gefin af hálfu forráðamanna SÍBS á samþykki þeirra varðandi þessa breyt., að þar komi fyrst og fremst til þrábeiðni stjórnarvalda. „Við höfum legið undir þrábeiðni stjórnarvalda varðandi þetta mál", hafa forustumenn sambandsins sagt í viðtölum við fjhn., og þessi þrábeiðni hefur farið fram á sama tíma og upplýst er, að milljónasjóðir eru til í vörzlu Tryggingastofnunar ríkisins, sem ætlaðir eru til þeirra sömu hluta og hér er um að ræða. Forustumenn Sambands ísl. berklasjúklinga hafa því sýnilega ekki átt frumkvæðið að þessari fyrirhuguðu breyt. á starfsemi samtaka sinna, og lái ég þeim það ekki.

Enn má því við bæta, að sýnilegir agnúar eru á því að blanda um of saman starfsemi berklaöryrkja og annarra öryrkja, t. d. þeir, að engir þurfa nákvæmari og betri aðbúnað og vinnuskilyrði en berklaöryrkjar og oft og tíðum slík, að engin þörf er á fyrir öryrkja eða fatlað fólk af öðrum ástæðum. Það er því óhætt að segja, að ef ekki er viðhöfð ýtrasta aðgát, gæti svo farið, að hinar almennu kröfur til handa öryrkjunum yrðu ekki jafnstrangar og æskilegt væri fyrir berklaöryrkjana eina, m. a. vegna þess, að slíks væri ekki þörf fyrir aðila, sem ef til vill ynnu á sömu vinnustofu eða dveldust saman á vinnuhælum. Mætti þó ýmislegt fleira nefna í þessu sambandi.

Frá sjónarmiði hinna almennu öryrkja, annarra en fyrrverandi berklasjúklinga, horfir þetta þannig við, að þeir hafa sjálfir að undanförnu verið að byggja upp sín eigin samtök á nákvæmlega sama hátt og SÍBS hefur gert að sínu leyti og eru vel á veg komnir með það starf. Skipulag sitt og tilgang hafa þeir mótað í samræmi við þá góðu reynslu, sem fengizt hefur af sjálfsbjargarsamtökum berklasjúklinganna. Langþreyttir á vanrækslu þjóðfélagsins eru þeir nú að rísa upp gegn þeim örlögum, sem þjóðfélagið býr þeim, alveg á sama hátt og hinir framsýnu og hugrökku foringjar SÍBS gerðu fyrir tveim áratugum. En þeirra aðstaða er að því leyti betri nú, að þeir geta byggt á mikilli reynslu og auk þess á betri efnahag almennings en þá var. Ég hygg, að í stuttu máli geti ég ekki gert því betri skil, hvert viðhorf öryrkjasamtakanna er til þessa máls, en með því að kynna fyrir hv. dm. erindi, sem samtök þeirra, Sjálfsbjargarfélögin, hafa sent fjhn. og ekki hefur verið útbýtt meðal hv. dm., en erindið er svo hljóðandi:

„Í sambandi við frv. til laga um vöruhappdrætti Sambands ísl. berklasjúklinga, sem nú liggur fyrir Alþingi, vil ég í umboði Sjálfsbjargarfélaganna, sem nú starfa í landinu, leyfa mér að vekja athygli á eftirfarandi:

Í 3. gr. l. er ákveði um, að ágóða af happdrættinu skuli m. a. varið til að byggja og reka vinnustofur fyrir öryrkja. Ef hér er átt við fólk, sem hlotið hefur líkamleg örkuml af völdum slysa, lömunarveiki eða öðrum orsökum en berklaveiki, en þannig er greinin almennt skilin, þá er rétt að vekja athygli á því, að þetta fólk hefur á s. l. ári myndað samtök til að vinna að lausn atvinnu- og félagsvandamála sinna á sama hátt og berklasjúklingar og blint fólk hefur áður gert með ágætum árangri. Samtök þessi heita Sjálfsbjörg, félag fatlaðra. Á síðasta ári voru stofnuð 5 Sjálfsbjargarfélög: á Siglufirði, Reykjavík, Ísafirði, Akureyri og Selfossi. Þau telja nú samtals 474 meðlimi. Félögin hafa flest haldið uppi reglulegum fundarhöldum í vetur og fjölþættri félagsstarfsemi hvert á sínu félagssvæði, m. a. safnað í félagssjóði sína fé, sem nemur nú nokkuð á annað hundrað þús. kr. samtals. Í bæjunum úti um land, þar sem félögin starfa, er svo að segja allt fatlað fólk félagsbundið. Í Reykjavík fer félagsbundnu fólki einnig ört fjölgandi. Nú hafa Sjálfsbjargarfélögin ákveðið að stofna með sér landssamband og boða til stofnþings fyrstu dagana í júní n. k. Þá er elzta félagið ársgamalt.

Það er ætlun samtakanna að leysa atvinnumál fatlaðs fólks á félagslegan hátt, eftir því sem þörf krefur og aðstæður leyfa, með því að koma upp verkstæðum og vinnustofum í sambandi við félagsheimili samtakanna. Þessar vinnustöðvar verði jafnframt vinnuskóli, því að það er álit samtakanna, að fræðsla og félagsstarf sé fötluðu fólki ekki síður nauðsynlegt en öflun tekna, því að fáir þurfa að yfirvinna jafnmargar hindranir til þess að geta orðið þátttakendur í félagslegum málum eins og fatlað fólk.

Það veldur nú almennri óánægju innan Sjálfsbjargarfélaganna, að sá skilningur er ríkjandi, að með því ákvæði, er að ofan greinir, ef að lögum verður, sé verið að fela óviðkomandi aðila atvinnumál fatlaðs fólks, en ganga fram hjá þess eigin samtökum, og skiptir þar ekki máli, hvort sú stofnun, sem þetta er falið, heitir Samband ísl. berklasjúklinga eða eitthvað annað, þar sem ekki er gert ráð fyrir, að þeir öryrkjar utan berklasjúklinga, sem vinnu þiggja á væntanlegum vinnustöðum þess, hafi nein félagsréttindi innan þeirra samtaka. Öll reynsla í málefnum öryrkja hér á landi síðustu áratugina bendir til þess, að atvinnu- og félagsmál þeirra verði bezt leyst af samtökum þeirra sjálfra með nauðsynlegri aðstoð hins opinbera. Á þetta jafnt við um samtök blindra og berklasjúklinga, sem bæði hafa leitt félags- og atvinnumál meðlima sinna, svo að til fyrirmyndar er.

Fatlað fólk, sem nú er að bindast samtökum innan Sjálfsbjargarfélaganna, er langfjölmennasti hópur öryrkja í landinu, og eru líkur til þess, að því fjölgi í framtíðinni fremur en fækki vegna vaxandi slysahættu í sambandi við aukna notkun vélknúinna tækja. Það er þess vegna ekki lítils um vert, að reynt verði að finna hina beztu lausn á atvinnulegum og félagslegum vandamálum þess. Að svo stöddu er ástæðulaust að efast um, að fötluðu fólki takist að leysa viðfangsefni sín til aukinnar hagsældar og hamingju fyrir þá einstaklinga, sem tapað hafa meira eða minna af líkamsorku sinni og það ætti að vera hlutverk hins opinbera að hvetja þessi samtök til dáða, þótt

ekki væri af öðrum orsökum en þeim, að það gæti orðið til þess að spara þjóðfélaginu í framtíðinni mikil útgjöld. Nú eru það mjög eindregin tilmæli fatlaðs fólks, sem bundizt hefur samtökum innan Sjálfsbjargarfélaganna, að samtök þess fái að njóta sömu réttinda og fyrirgreiðslu af hálfu þess opinbera og önnur öryrkjasamtök í landinu og að hið háa Alþingi afhendi ekki málefni þess öðrum samtökum eða stofnunum til ráðstöfunar, eins og áformað virðist vera með áðurnefndu frumvarpsákvæði, án samráðs við samtök þess. Skrá yfir meðlimatölu, styrktarfélaga, ævifélaga og sjóðseignir Sjálfsbjargarfélaganna fylgir, og er rétt að minna á í því sambandi, að félögin voru öll stofnuð á s. l. ári og hafa aðeins starfað 6—8 mánuði.

Fyrir hönd Sjálfsbjargarfélaganna á Siglufirði, Akureyri, Ísafirði, Reykjavík og Selfossi."

Og síðan koma undirskriftir.

Með tilliti til þess, sem ég nú hef sagt, og einnig með hliðsjón af erindi Sjálfsbjargarfélaganna hefði ég talið eðlilegt og æskilegt, ef rétt reynist, að SÍBS muni hafa meiri tekjur af happdrætti sínu en nauðsynlegt er og sanngjarnt að það fái til þeirrar starfsemi, sem það hefur haft með höndum, og slíkum umframtekjum er varið til þarfa almennra öryrkja, að þá verði slík starfsemi öll undir sameiginlegri stjórn viðkomandi öryrkjafélaga, en ekki aðeins eins þeirra, eins og gert er ráð fyrir í frv. Það felst ekkert vanmat á SÍBS í þeirri afstöðu, heldur trú á það, að aðrir öryrkjar muni og geti fetað í fótspor þess og náð hliðstæðum árangri að sínu leyti. Ég tel líka, að slíkt ákvæði hefði stutt að auknu samstarfi þessara samtaka og e. t. v. að stofnun allsherjarsambands öryrkjafélaga síðar í landinu að dæmi grannþjóða okkar, en þar starfa slík landssambönd með góðum árangri.

Ef hugsað er til þess, sem hlýtur að vera lokatakmarkið hjá Sambandi ísl. berklasjúklinga og öllum, sem berjast gegn berklaveikinni, að henni verði með öllu útrýmt, á sama hátt og tekizt hefur að útrýma öðrum hættulegustu sjúkdómum, sem herjað hafa þjóðina, þá liggur það í hlutarins eðli, að félagssamtökin, Samband ísl. berklasjúklinga, verða ekki heldur lengur til, og ef farið er út á þá braut, að aðrir gerist að nokkru leyti hluttakendur í starfseminni, þá tel ég líka eðlilegt, að um leið sé stefnt að því, að þau mannvirki og þær framkvæmdir, sem Samband ísl. berklasjúklinga hefur komið á fót, komist undir stjórn þeirra, sem hjá slíku fyrirtæki ynnu, og tel ég einmitt, að reynslan af starfsemi SÍBS sanni bezt, að það sé nauðsynlegt.

Eins og ég gat um áðan, hef ég þó ekki tekið þann kost að flytja um þetta brtt. Ég hefði talið þessa breyt. æskilega, ef um hana hefði getað orðið samstaða, m. a. í fjhn., en svo varð ekki. Ég hef líka látið þetta hjá líða vegna þess, að hv. meðnm. mínir í fjhn. hafa allir látið í ljós góðan vilja sinn til þess að styðja á einhvern hátt að því, að Sjálfsbjargarfélögunum verði veittur stuðningur hins opinbera, og vil ég ekki efast um, að það hafi verið af fullum heilindum mælt.

Ég get ekki skilizt svo við þetta mál, að ég minnist ekki á annað félag, sem mjög hefur komið við sögu þessara mála á undanförnum árum, en það er Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra. Hv. dm. hafa allir fengið í hendur mjög ýtarlegt erindi ásamt grg. frá hinum færustu sérfræðingum varðandi starfsemi þessa félags, þessa áhugamannafélags, en tilgangur þess hefur frá upphafi verið sá að starfrækja miðstöð til þjálfunar lömunarsjúklinga, að hjálpa lömuðu og fötluðu fólki til að læra iðnir og gera það fært um að sjá sér farborða og í þriðja lagi að styrkja og greiða fyrir öryrkjum. Höfuðáherzluna hefur félagið lagt á þjálfun sjúklinga og á það að stemma á að ósi varðandi börnin, sem liðið hafa af lömun, kannske frá fæðingu, þannig að þau fengju rétta meðhöndlun frá fyrstu tíð og væri þannig tryggt, að þegar þau vaxi upp, verði þau ekki eins og eitthvert úrhrak eða byrði á þjóðfélaginu.

Ég held, að þessar grg., þó að ég ætli ekki að fara langt út í það, sýni betur en flest annað, á hvaða stigi við stöndum í þessum málum. Þótt okkur hafi tekizt að ná mikilsverðum árangri varðandi berklaveikina og jafnvel farið þar fram úr ýmsum menningarþjóðum, þá stöndum við, eins og prófessor Snorri Hallgrímsson segir í sínu glögga bréfi, enn á miðaldastigi varðandi það, sem við gerum fyrir öryrkja almennt og þá sérstaklega fyrir lömunarsjúklinga. Það er bent á það sem dæmi, að engin sérdeild fyrir bæklunarsjúklinga sé til við sjúkrahús landsins. Það er bent á það, að sjúklingar þurfi að liggja mánuðum eða jafnvel árum saman í rúminu vegna þess, að nauðsynlegar umbúðir eða gervilimir, jafnvel skór, séu ekki fyrir hendi. Það er bent á það, að fyrir börn, sem fædd eru með lamastjarfa, spastískt lömuð börn, sem munu nema um 3—4‰ af öllum börnum, sem fæðast í landinu, hafi ekkert verið gert, bókstaflega ekkert, fyrr en Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra tók til starfa, og er þó sú aðstaða, sem þar er til þeirrar starfsemi í hjálparstöð þess, algerlega ófullnægjandi. Mér sýnist á þessum erindum og af því, sem við blasir í þessum efnum, að þjóðfélagið sé að fara nákvæmlega eins að nú gagnvart öryrkjunum, hinum lömuðu og fötluðu, og gagnvart berklasjúklingunum á sínum tíma, þangað til þeir stofnuðu sín samtök og tókst að brúa bilið milli vistarinnar á heilsuhælum og athafnalífsins í þjóðfélaginu.

Ég held, að það hljóti öllum að vera ljóst, að þessi mál þarf að taka fastari tökum en gert hefur verið. Og það verður að sjálfsögðu ekki gert með því að stilla einu félagi á móti öðru og halda því fram, að eitt félag sé svo gott, að fyrir það verði allt að gera, það verði að greiða götu þess, en önnur geti beðið enda-

laust. Það hafa aldrei þótt góð heimili á Íslandi, sem áttu aðeins eitt uppáhaldsbarn, en mismunuðu hinum að öllu leyti.

Ég held, að þetta verði fyrst og fremst gert með því að stilla saman átök allra þeirra, sem vilja vinna að þessum málum: þjóðfélagsins, sem ber fyrsta skyldan, áhugamannanna um þessi efni og síðast en ekki síst öryrkjanna sjálfra. Ég held, að það sé svo mikið ógert, að það megi enginn af þessum aðilum skerast úr leik, heldur verði þeir allir að leggjast á eitt. Í sambandi við þetta mál hefur Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra lagt það til, að skipuð yrði mþn. í þessi mál, sem hefði það hlutverk að láta fara fram ýtarlega rannsókn á ástandi öryrkjamálanna í þjóðfélaginu, eins og þeir segja í erindi sínu, og koma með till. um, hvernig unnið skuli til lausnar á þeim í náinni framtíð. Sú n. þarf að kynna sér álit hinna færustu sérfræðinga, innlendra og erlendra, og afstöðu öryrkjasamtakanna og miða síðan tillögur sínar til úrbóta við þær niðurstöður. Ég hefði talið, að það væri bæði fljótlegasta og öruggasta aðferðin til þess að fá þessa n. skipaða að bæta bráðabirgðaákvæði um það aftan við þessi lög. Með því hefði verið tryggt, að málið dagaði ekki uppi á þeim stutta tíma, sem Alþingi á nú eftir að sitja. En um það varð ekki samkomulag í n., og taldi meiri hl. rétt að flytja það mál sérstaklega, og vona ég, að samkomulag geti orðið um það og því verði tryggður framgangur, þó að það hafi ekki verið gert á þann hátt, sem mér fannst að ýmsu leyti eðlilegastur.

Það hefði mátt skilja niðurlagsorð hv. 6. þm. Reykv. svo í framsöguræðu hans hér í gær, að minni hl. fjhn. hefði viljað leggja það til að taka eitthvað af tekjum SÍBS, að minnsta kosti er þannig sagt frá ræðu hv. þm. í flokksblaði hans nú í dag. Ég ætla af því, sem ég hef hér sagt, að þetta sé ekki rétt. Ég hef aldrei lagt það til, að neitt væri tekið af Sambandi ísl. berklasjúklinga. Ég álít, að því veiti alls ekki af sínum tekjum, og hef engar till. flutt um það, hvorki í fjhn. né annars staðar, að það verði svipt neinu af þeim.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í sambandi við tvær brtt., sem ég flyt á þskj. 315.

Það athyglisverðasta í þessu frv. er, að eftirleiðis skal ágóðanum af happdrætti berklasjúklinga ekki eingöngu varið til að byggja vinnuheimili á Reykjalundi, en svo hefur verið ákveðið í lögum til þessa. Nú skal ágóðanum einnig varið til að reisa og reka vinnustofur fyrir öryrkja almennt, einnig aðra en berklasjúklinga, og til annarrar félagsmálastarfsemi sambands berklasjúklinganna. Þetta er meginbreytingin frá því, sem verið hefur, og hún er vissulega íhugunarverð. Það er eðlilegt þess vegna, að þessi hv. d. hafi staldrað nokkuð við og talið ástæðu til að athuga málið nánar.

Með frv. er þessi starfsemi til hjálpar öryrkjum aukin mjög og færð langt út fyrir svið berklasjúklinganna. En þá vaknar sú spurning eðlilega: Ber að fela þessu sambandi berklasjúklinga einu þá starfsemi alla? Þessi spurning vaknar því frekar, sem til er annað félagasamband öryrkja, Sjálfsbjörg, auk Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, að því ógleymdu, að fjölmennir hópar öryrkja hafa engan fastan félagsskap að styðjast við. Þetta finnst mér sérstök ástæða til að hugleiða í sambandi við afgreiðslu frv., jafnvel þótt meira verði ekki að gert í þetta sinn en hugleiðingin ein.

Það er auðvelt að koma því svo fyrir, að öryrkjafélagið Sjálfsbjörg og Styrktarfélag lamaðra verði ekki með öllu sett hjá, þegar ákveða skal hverju sinni um framkvæmdir á sviði öryrkjamálanna í samræmi við þetta frv. Það er vafalaust langheppilegast, að félmrn. hafi alla þræði þessara mála í hendi sér og leiti álits hinna ýmsu samtaka um úrlausn verkefna á hverjum tíma. Með því verður bezt tryggt, að alhliða verði á málið litið, að engra hlutur verði fyrir borð borinn og að allar framkvæmdir komi að fullum notum. Fyrir slíkri tilhögun er nokkurn veginn séð í fyrri brtt. minni á þskj. 315. Þar er verksviðið nokkuð víkkað og greinilega fram tekið, að ekki skuli ráðast í framkvæmdir, nema ráðh. telji þeirra þörf. Á ráðh. þá þess kost að ráðfæra sig við fleiri aðila en samband berklasjúklinga eitt.

Það er nauðsynlegt að hafa það í huga, þegar þessi málefni öryrkjanna eru rædd, að stofnun vinnuheimilis og vinnustofu handa öryrkjum er engan veginn eitt og allt í þeim málum. Vinnuheimili og vinnustofur öryrkja eru þrautalendingin, og þar eiga eins fáir öryrkjar að vera og mögulegt er. Öryrkja á að þjálfa og fá þeim síðan störf við hæfi mitt á meðal heilbrigðs starfandi fólks í landinu. Að þessu á víðtæk félagsmálastarfsemi fyrst og fremst að stefna. Í frv. er þeirri starfsemi markaður of þröngur bás, aðeins miðaður við samband berklasjúklinga. En úr þeim annmarka er dregið í fyrri brtt. minni á þskj. 315.

Um síðari brtt. get ég verið fáorður. Hún miðar að því, að lögfest verði sem fullkomnast eftirlit með fjárreiðum þessa happdrættis, og með því er reynt að girða fyrir, að nokkru sinni vakni grunsemdir um óreiðu, en slíkt gæti skaðað þessa ágætu starfsemi og sært saklausa menn, er að því standa. Tel ég rétt, að sams konar eftirlit verði upp tekið og haft um önnur meiri háttar happdrætti og skyld fyrirtæki héðan í frá.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram eina smábrtt., sem ég reyndar var búinn að segja frá að ég hefði í huga áður. Mér virtist í fyrstu, þegar ég leit yfir þetta, að þar sem þjóðinni fer ört fjölgandi og vonandi heldur henni áfram að fjölga og starfsemin undanfarið hefur sýnt, að þurft hefur að breyta fjölda þeirra seðla, sem happdrættinu er leyft að selja, á síðustu tíu árum tvívegis, þá mundi vera réttara að hafa í frv. möguleika til þess, að ekki þyrfti

þess vegna að breyta l. á þeim tíu árum, sem þau ættu að gilda. Þess vegna legg ég til, að a-liðnum í 1. gr. verði breytt þannig lagað, að á árinu næsta, 1960, verði gefin út sú hlutatala, sem í l. segir, 65 þúsund, síðan megi hún fjölga um 6/17 af fólksfjölguninni á hverju ári. Þá verður alltaf sama hlutfall á milli miðanna, sem eru til sölu, og fólksfjöldans í landinu. Ég legg þetta þó undir leyfi ríkisstj. hverju sinni, því að þannig getur staðið á, að það séu ekki ævinlega verðbólgutímar, heldur geti komið verðhjöðnunartímar, peningar orðið litlir á milli manna og þá ekki ástæða til að hafa það hærra en undanfarið ár. Það þyrfti því hverju sinni leyfi frá ríkisstjórninni til þess að bæta við hlutatöluna.

Þessar umræður, sem ég hef hlustað á hér, bæði hjá frsm., hans ýtarlegu ræðu, og hjá 8. landsk., lúta að því, að það séu fleiri öryrkjar en berklaöryrkjar, og hér í þessu frv. er ætlazt til þess, að eitthvað af þeim öryrkjum fái vinnu og útgöngudyr úr sinni örorku út í starfandi athafnalíf í gegnum Reykjalund, en það sé ekki einhlítt, það séu aðrir sjúklingar, sem þurfi að koma þar til greina líka og önnur samtök, sem vilji hjálpa þeim og þurfi á styrk að halda. Það kom greinilega fram í ræðu frsm., að n., sem hefur haft þetta mál til athugunar, hefur hug á því, hvort sem af því verður, — það dregst nú stundum hjá n. að koma í framkvæmd, — hún hefur hug á því að koma með einhvers konar rökst. dagskrá, sem reyni að ýta á eftir því að finna leiðir til þess arna og reyni að samræma þetta starf meira en gert hefur verið, eins og þeir áttu að gera með tryggingalögunum. Þó þykir mér nú líklegast við fljóta athugun, að það muni koma samband milli þeirra félagssamtaka, er hjálpa vilja öryrkjunum, og þá notast þau húsakynni, sem þegar eru komin á Reykjalundi og þar koma í viðbót eftir þessum lögum. Það eru ein fimm eða sex ár, síðan ég fór með búnaðarþingi upp að Reykjalundi, og okkur var gefið kaffi í félagshúsinu í sveitinni, sem er þar rétt skammt frá, og þá var nú mikið talað um það, að berklaveikin í landinu sé að verða búin, og þegar ég þá þakkaði fyrir okkur, búnaðarþingið og búnaðarþingsfulltrúana, sem þar voru, þá sagði það, að þó að það yrði nú fljótlega, að vísindin ynnu þann sigur að geta útrýmt berklunum hér á landi, þá væru nógir aðrir öryrkjar, sem mundu hafa gott af þeim byggingum, sem þar væru upp komnar, og geta fengið þaðan útgöngudyr út í hið starfandi líf í landinu.

Ég held, að það sé svo, að það eigi að sameina það, sem fyrir er, og reyna að gera það, sem hægt er, til að veita öryrkjunum þá möguleika, sem þeir þurfa að fá til þess að geta orðið þátttakendur í sjálfu atvinnulífinu, og það er mín trú, að það sé betur gert með því að hlynna vel að á einum stað heldur en að byrja einhverja vísa á mörgum stöðum. Séð frá því sjónarmiði, að ég tel líklegast, að það verði frekar unnið að því að efla Reykjalund heldur en búa til aðrar stofnanir við hliðina á honum, sem standa undir stjórn annarra samtaka til hjálpar öryrkjum, tel ég ástæðu til þess að lofa happdrættismiðunum að fjölga, eftir því sem fólkið eykst og salan fyrir þá á markaðinum vex.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Hv. frsm. fjhn. hefur að vísu gert mjög skýra grein fyrir skoðunum meiri hl. n. í þessu máli, og þarf ég í sjálfu sér engu við það að bæta. Það var svo vel fram sett að mínum dómi. Síðan hafa fleiri hv. þm. talað hér, og má segja, að þar hafi hver ræðan verið annarri betri og virðulegri og í rauninni allar af fullum góðvilja til þessa máls. Ég álít samt skylt að viðurkenna með þakklæti ræðu hv. 8. landsk. þm. og get að öllu leyti tekið undir hans ummæli um það, hversu samtök berklaveikra sjúklinga, sem fyrir 20 árum munu fyrst hafa fengið stuðning, þótt óbeint væri, af Alþingi, hversu þau hafa gefizt vel og þeirra starf hefur verið blessunarríkt, ef ég mætti svo að orði kveða, til ánægju fyrir alla landsmenn og mikils gagns fyrir berklasjúklinga.

Eigi síður vil ég votta hv. 8. landsk. þm. þakklæti fyrir það, að hann lýsti yfir því, að þrátt fyrir það, þótt hann hefði gjarnan viljað hafa einhverja breyt. fram, þá liti hann á, að nauðsyn samvinnu í málum berklasjúklinganna væri svo mikil, að hann vildi ekki trufla þá samstillingu, sem verið hefði hjá Alþingi, með flutningi á brtt. við þetta frv. Þetta þótti mér af hálfu hans vera mjög drengilega mælt.

Að lokum vildi ég segja það, að hv. 8. landsk. þm. fór rétt með, þegar hann lýsti, að við aðrir í hv. fjhn., sérstaklega þeir, sem meiri hl. skipa, hefðum tjáð okkur fúsa til þess að leggja lið félagi annarra öryrkja eða félögum á þann hátt að fá gerða samþykkt á Alþingi, annaðhvort hér í hv. d. eða annars staðar, til að hjálpa þeirra starfsemi og þar með létta byrði öryrkja yfirleitt. Þessu var að vísu lýst yfir í ræðu hv. frsm. fyrir okkar hönd, meiri hl. n., en að gefnu tilefni hjá hv. 8. landsk. þm. vil ég endurtaka þá yfirlýsingu, sem við gáfum í n. að þessu lútandi.

Loks vil ég viðurkenna og þakka hv. þm. fyrir þá brýningu, sem hann flutti til hv. deildar um að láta hendur standa fram úr ermum, að því er snerti þann stuðning, sem um var rætt í hv. fjhn. Þeirrar brýningar ætti að vísu ekki að vera þörf fyrir þá af okkur, sem sátum nefndarfundinn, en það er svo góð vísa, að hún verður aldrei of oft kveðin, og Alþingi þarf vissulega að hefjast skjótt handa um það að styðja þá sjálfsbjargarviðleitni, sem fram kemur hjá félögum þessara manna, þessara þegna þjóðfélagsins, öryrkjunum, hvort sem þeir heita nú Sjálfsbjörg eða Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra.

Ég vil, að hv. flm., þeir sem að brtt. standa, geri sér það ljóst, að þó að meiri hluti fjhn. hafi ekki viljað fallast á að flytja brtt. við frv. á þessu stigi, þá er það ekki af því, að við höfum á nokkurn hátt viljað amast við rétt-

mætum stuðningi til félaga fatlaðra og lamaðra, heldur liggur sú hugsun að baki, sem hv. 8. landsk. þm. lýsti, að enginn okkar vildi trufla þá samstillingu, sem verið hefur hjá Alþingi í málefnum berklasjúklinganna, og þar með töldum okkur verða að leggjast gegn breytingum á frv., og fyrir því leggjum við áherzlu á, að það verði samþykkt óbreytt.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það er fátt, sem ég þarf að bæta við orð mín í gær. — Hv. 1. þm. N-M. flytur brtt. á þskj. 351 um það, að hækka megi hlutatölu í happdrættinu úr 65 þús., ef landsmönnum fjölgar, og þá í vissu hlutfalli þar við. Nú er það svo, að Samband ísl. berklasjúklinga hefur sjálft farið fram á töluna 65 þús., sem er nokkur hækkun frá því, sem nú er, og mér finnst ekki ástæða til þess að fara að hækka þetta eða veita heimild til frekari hækkunar, það getur komið á sínum tíma. M. a. er það svo um happdrætti háskólans, að þar hefur jafnan frá upphafi verið ákveðin hámarkstala, og ef sala hefur gengið svo vel, að ástæða þætti eða líklegt til árangurs að hækka töluna, þá hefur stjórn happdrættisins snúið sér til Alþingis, sem jafnan hefur orðið við beiðnum í þá átt. Ég sé því ekki ástæðu til þess að mæla með samþykkt þessarar tillögu og fara að hrekja málið milli deildanna af þeirri ástæðu.

Varðandi brtt. á þskj. 315, þá minntist ég nokkuð á hana hér í gær og benti á það, að í reglugerð, sem ríkisstj. hefur sett um þetta vöruhappdrætti, er skýrt tekið fram, að af ríkisins hálfu eða fjmrn. skuli tilnefndir tveir endurskoðendur og þriggja manna stjórn happdrættisins er einnig skipuð af ríkisstj., og ætti þetta að vera fyllilega nægilegt eftirlit.

Hv. 8. landsk. þm. minntist á skrá um 1100 öryrkja, sem eru á bótum hjá Tryggingastofnun ríkisins, en þessi skrá um sundurliðun á þessum 1100 öryrkjum eftir orsökum örorkunnar er frá Tryggingastofnuninni, og las ég hana hér í gær. Hann taldi, að sú skrá væri, svo langt sem hún næði, rétt og gæfi þó ekki alveg rétta mynd af tölu öryrkjanna. Ég gat þess sjálfur, að öryrkjar væru miklu fleiri en 1100, — þetta eru aðeins þeir, sem eru á bótum hjá Tryggingastofnuninni hér í Rvík, — og taldi, að öryrkjarnir mundu samtals vera a. m. k. hátt á annað þúsund. Auk þess er það við þessa skrá að sjálfsögðu að athuga, eins og kom fram í hans ræðu, að ýmsir eru þar ekki taldir, m. a. börn, sem fengið hafa lömun. En sem sagt, skráin er óvefengjanlega rétt um það, hvernig þessir 1100 öryrkjar skiptast.

Nú mátti skilja það svo á ræðu hv. 8. landsk., og jafnvel hafa sumir dregið þá ályktun líka af bréfi því, sem Sigursveinn Kristinsson skrifaði f. h. Sjálfsbjargarfélaganna til nefndarinnar, að Sjálfsbjargarfélögin væru í rauninni fulltrúar fyrir alla eða svo til alla öryrkja í landinu nema berklasjúklinga. Það er langt frá því, að þetta sé rétt, enda býst ég alls ekki við, að það hafi verið ætlun Sjálfsbjargarfélaganna eða þess, sem skrifar þetta bréf, né heldur að það hafi verið ætlun hv. 8. landsk., en ég hef orðið var við þennan misskilning. En svo er mál með vexti, að þeir öryrkjar, sem heyra undir félög fatlaðra, Sjálfsbjargarfélögin, eru aðallega tveir flokkar, það er lömunarveikisjúklingar og svo ýmsar bæklanir, og þeir eru eftir skránni frá Tryggingastofnuninni rúm 10% af öryrkjunum. Nú má vera, að gigtarsjúklingar komi þarna t. d. að einhverju leyti til, en tæplega aðrir öryrkjaflokkar, a. m. k. ekki að neinu ráði. Ég tel rétt, að þetta komi fram. Um leið og við að sjálfsögðu viljum veita sem mestan atbeina til þess, að Sjálfsbjargarfélögin og Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra geti notið sín og gegnt sínu þýðingarmikla hlutverki, þá er þó rétt að gera sér grein fyrir því, að það eru mjög fjölmennir hópar öryrkja, sem alls ekki eru í þeim félögum og ekki falla undir þau.

Það féllu svo orð hjá hv. 8. landsk. hér áðan, að svo mætti ekki fara, að samtök öryrkja — og átti hann þar við Sjálfsbjargarfélögin — væru sniðgengin af Alþingi. Ég tel þetta ástæðulaus og jafnvel ómakleg orð, því að ég veit ekki til þess, að óskir þeirra félaga, Sjálfsbjargarfélaganna, hafi á nokkurn hátt verið sniðgengnar af Alþingi. Það hafa ekki komið beiðnir frá félögunum enn þá til Alþingis um aðstoð eða leyfi til fjáröflunar mér vitanlega eða leyfi fyrir sérstökum tekjustofnum, og ég tel víst, að því muni verða mjög vel tekið, ef slík beiðni kemur hingað. Ég tel hins vegar æskilegt, að öryrkjafélögin reyni sjálf að benda á einhverja tekjustofna, eins og SÍBS gerði á sínum tíma. Þegar SÍBS hóf sitt starf, gerði sá félagsskapur það ekki með þeim hætti að ætla að ganga inn á tekjustofna annarra líknarfélaga, sem fyrir voru, og ég vænti þess líka, að sá hugsunarháttur og sá andi sé enn ríkjandi, að önnur líknarfélög ætlist ekki til, að farið sé að skerða þann tekjustofn, sem SÍBS hefur unnið upp, og taka hluta af honum til annarra.

Nú er það svo varðandi þau félög, sem hér hafa verið nefnd, Sjálfsbjargarfélögin og Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, að eins og ég gat um í gær, tel ég mikla nauðsyn að veita þeim sem mestan stuðning, og ég vil sérstaklega benda á það, að sá sjóður, sem ég nefndi hér í gær að stofnaður var með lögum frá 1952, erfðafjársjóðurinn, er sérstaklega til þess ætlaður að veita lán og styrki til þess að koma upp vinnuskólum, vinnuhælum, vinnuheimilum, kaupa vinnutæki o. s. frv. Ég vil nefna sérstaklega, að það, sem talið er hjá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra einna mest aðkallandi af öllu, er að koma hér upp fullkomnum umbúðaverkstæðum, en mjög skortir á, að það verkstæði, sem fyrir er, geti annað eftirspurninni. Hér þarf auðvitað nokkurt fé, og ég segi það sem mína skoðun persónulega, að ég teldi mjög eðlilegt, að erfðafjársjóður styrkti slíka starfsemi. Í erfðafjársjóði voru um síðustu áramót 5.3 millj. kr., eign sjóðsins, en af því mun búið að lána út um 800 þús.

M. ö. o.: þarna eru 4½ millj. kr., sem ekki hefur enn þá verið ráðstafað, fé, sem ætti að vera tiltækt til þess að styðja þessi félög öryrkjanna öll, bæði SÍBS eftir þörfum eða Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, Sjálfsbjargarfélögin, blindrafélögin, Heyrnarhjálp, en þessi eru þau öryrkjafélög, sem mér er kunnugt um hér í landinu.

Ég ætla, að það séu ekki fleiri atriði úr þeim ræðum, sem hér hafa verið haldnar um málið, sem ástæða er til að rekja, en að sjálfsögðu vil ég taka undir þær óskir, sem hér hafa komið fram, að unnt verði, áður en langt um líður, að stofna bandalag eða samtök allra öryrkjafélaganna. Það mundi vafalaust verða til góðs fyrir félögin og á marga lund auðvelda Alþingi og ríkisstj. alla fyrirgreiðslu í þessum efnum, ef þar væri einn aðili, sem hefði innan sinna vébanda öll þessi ágætu og ötulu félög.

Björn Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð varðandi ræðu hv. 6. þm. Reykv., í fyrsta lagi varðandi það, sem hann sagði, að félagslið Sjálfsbjargarfélaganna mundi aðeins vera um 10% af öryrkjum í landinu. Ég veit ekki, hvernig hv. þm. fer að fá þetta út, en hið sanna í málinu er, að samkvæmt lögum þessara samtaka geta allir orðið þar meðlimir, sem hafa glatað einhverju af starfsorku sinni vegna örorku, og félagsskapurinn er hugsaður sem félagsskapur allra öryrkja annarra en þeirra, sem þegar hafa myndað sín samtök, þ. e. a. s. annarra en berklaöryrkja og blindra manna. Þessi fullyrðing hv. þm. er því fjarri öllum sanni. Ég hef haft lög þessa félags undir höndum, og man ég þetta áreiðanlega rétt, að þannig eru lög þessa félagsskapar og þannig er hann byggður upp. Mér er líka kunnugt um það, að sums staðar úti á landi, m. a. á þeim stað, þar sem ég er kunnugastur, eru því nær allir öryrkjar í þessum félagsskap. Það er því alrangt að gefa þá hugmynd, að þarna sé aðeins um að ræða tíunda hlutann af öryrkjum í landinu. Þarna er um að ræða miklu meira, jafnvel þótt þessi samtök hafi ekki fullkomlega lokið því að byggja upp sinn félagsskap enn þá, enda er þess naumast að vænta, þar sem félögin eru ekki mynduð fyrr en fyrir rúmlega hálfu ári.

Hv. þm. endurtók mér til mikillar ánægju þau ummæli sín frá í gær, að það væri öruggt, að því yrði mjög vel tekið, þegar þessi samtök færu fram á að fá fjárhagslega aðstoð Alþingis, og það væru ómakleg orð, sem ég hefði viðhaft, þar sem ég sagði, að ég teldi að þessi félagssamtök yrðu ekki sniðgengin í framtíðinni. Ég skil nú að vísu ekki, að í þessu felist nein aðdróttun til þingsins. En hins vegar mun það geta sannazt, áður en margar vikur eða margir dagar líða, hvernig Alþingi tekur á þessum málum, bæði á málum Sjálfsbjargarfélaganna og eins málefni Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, því að erindi hafa bæði þessi samtök sent til fjvn., og mun koma til gerða þingsins að taka ákvörðun um þau erindi, þannig að hv. þm. og aðrir, sem kynnu að telja að ég hefði viðhaft einhver móðgandi orð um þetta, sem ég held að sé ekki, munu geta afsannað allar slíkar getsakir, frá hverjum sem þær kynnu að koma fram.

ATKVGR.
Brtt. 351 felld með 8:1 atkv.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 315,1 felld með 8:4 atkv.
3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 315,2 felld með 8:4 atkv.
4.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 97. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 360).

37. Fjölbýlishús í sameign.

Á 43. fundi í Ed., 29. des., var útbýtt:
Frv. til l. um sameign fjölbýlishúsa [75. mál] (þmfrv., A. 147).

Á 46. fundi í Ed., 6. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Eggert Þorsteinsson): Herra forseti. Á þskj. 147 flytur heilbr.- og félmn. d. frv. til l. um sameign fjölbýlishúsa samkv. beiðni fyrrv. félmrh., Hannibals Valdimarssonar, en hann hafði samkv. þáltill., samþykktri 13. marz 1957, falið þeim Inga R. Helgasyni héraðsdómslögmanni og Jóni S. Ólafssyni stjórnarráðsfulltrúa að semja frv. á grundvelli fyrrnefndrar þál., er ég var á sínum tíma flm. að. Frv. þetta er ávöxtur af starfi þessara manna.

Ástæðan til þess, að fyrrgreind þáltill. var flutt á sínum tíma, var fyrst og fremst sá mikli vandi, sem þá var óðum að skapast um félagslega sambúð fólks í fjölbýlishúsum, sem þá ruddu sér mjög til rúms og hafa síðan verið byggð í enn ríkara mæli. Eins og fram kemur í grg. frv.-smiðanna, höfðu íbúar margra fjölbýlishúsa gert sér sameignarsamninga og sett ýmsar reglur um umgengni og nýtingu sameignar sinnar. Hins vegar hefur mjög á það skort, að nauðsynlegs samræmis hafi gætt við setningu þessara reglna. Þetta ósamræmi, sem stafar af því, að fyrirmynd eða rammi fyrir slíkar reglugerðir hefur ekki verið fyrir hendi, hefur svo aftur leitt af sér mikil deilumál milli þessa fólks innbyrðis, deilumál um rétt eigenda til þessara eða

hinna afnota húsnæðisins, sérstaklega þó um þann hluta húsanna, sem er og verður að vera sameign allra þeirra, er í húsinu búa. Þessi deilumál enduðu oft í málaferlum með þeim afleiðingum, að óbætanleg sár urðu á sambúð fólks, án þess að vitað væri, að nokkuð hefði borið í milli áður.

Þegar þess er gætt, að slíkar byggingar sem fjölbýlishús eru af fróðustu mönnum í þessum efnum taldar miklum mun hagkvæmari fyrir bæjarfélögin en einstöku húsin eða einbýlishúsin og útheimta minni aðra fjárfestingu en felst í sjálfri byggingunni, og ætla má, að í framtíðinni verði mikið byggt af slíkum húsum, þá vona ég, að ágreiningur sé ekki um nauðsyn þess, að einmitt slík lög verði sett, ef þau mættu að einhverju leyti koma í veg fyrir ósamkomulag og ósætt á helgustu stöðum íslenzkra þjóðfélagsþegna og gætu varðveitt heimilisfriðinn. Ég segi, að Íslendingum sé sérstök nauðsyn á friði við og á heimilum sínum, vegna þess að engin þjóð í nágrenni okkar og þótt víðar væri leitað eyðir jafnmiklum tíma á heimilum sínum og við Íslendingar gerum. Tel ég það kost, en ekki löst í fari þjóðarinnar.

Læt ég svo útrætt um ástæðurnar, sem til flutnings þessa frv. liggja.

Semjendur frv. telja, að lítið hafi verið hægt að styðjast við erlend gögn við samningu frv. sjálfs, en þau muni hins vegar koma að góðu haldi við samningu nauðsynlegra reglugerða, eftir að málið hefur hlotið endanlega afgreiðslu héðan frá hæstv. Alþ.

Við fljótlega athugun á frv. virðast semjendur þess gera ráð fyrir, að öll hin smærri atriði eða minni háttar, sem þó geta orðið viðkvæm, yrðu sett í reglugerðir. Þegar um slíka frumsmíð er að ræða eins og hér er, verður það að teljast kostur, því að reynslan ein verður að teljast raunbezta undirstaða laganna í framtíðinni.

Ég hef lítillega orðið var við, að ýmsir hafa borið nokkurn ugg í brjósti í sambandi við lagasetningu þessa og að hún gæti komið við viðkvæman eignarrétt manna, en það gæti myndað óþarfa andstöðu við málið. Ég tel, að í frv. þessu sé ekkert það atriði, sem gefi ástæðu til slíks ótta. Frv. gerir langtum fremur ráð fyrir, að skýrari línur séu dregnar um eignarrétt hvers einstaks íbúðareiganda, rétt hans og skyldur um óhjákvæmilega sameignarhluta viðkomandi húss.

Hugmyndir þær, er að baki fyrrnefndri þáltill. lágu, virðast með örfáum undantekningum vera túlkaðar í till. þeim, er í frv. felast. Persónulega kann ég því fyrrv. félmrh. og semjendum frv. beztu þakkir fyrir þeirra störf að málinu. — Eins og fram kemur í upphafi grg., hafa allir nm. óbundnar hendur um afgreiðslu málsins, eða til einstakra brtt., er fram kunna að koma.

Þar sem málið er flutt af n., tel ég óþarft að óska eftir því, að því verði til hennar vísað, en vil fyrir hennar hönd lýsa því yfir, að n. mun fyrir 2. umr. málsins athuga málið nánar og afla umsagna um það. Slíka athugun var ekki unnt að framkvæma fyrir flutning þess, þar sem frv. barst n. ekki fyrr en örfáum dögum fyrir jól með ósk um, að það yrði flutt þá þegar.

Ég vænti þess því, að hæstv. forseti taki málið ekki til 2. umr., fyrr en n. hefur gefizt kostur á að láta fyrrgreinda athugun fara fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Ed., 6. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 147, n. 234).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Eggert Þorsteinsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. hefur nú á milli umræðna yfirfarið frv. þetta á allmörgum fundum og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess með þeim þrem brtt., sem n. flytur einróma á þskj. 234.

Um aðdraganda málsins og málatilbúnað allan er óþarft að vera fjölorður. Fyrir minni persónulegu skoðun gerði ég grein við 1. umr. málsins og vísa því til þeirra orða minna þar hvað því við kemur.

Í grg. frv. eru rakin þau atriði, er urðu til þess, að frv. þetta var samið, svo og ummæli frumvarpssemjenda um meginefni frv. Frv. skiptist í fjóra kafla, er bera heitin: Gildissvið laganna, Um skiptingu sameignarinnar, Um réttindi og skyldur sameigenda og Um sambýlisháttu.

1. kaflinn kveður svo á, að lögin nái til allra þeirra húsa, sem í eru fleiri íbúðir en tvær, að svo miklu leyti sem sameigendur hafa ekki samið á annan veg en frá greinir í 3. kafla laganna.

2. kaflinn kveður svo á, að gerður skuli skiptasamningur um öll fjölbýlishús, og nánar frá greint, hver ákvæði þess samnings skuli vera, um hvaða hluta eignarinnar skuli sérstaklega fram tekið og eins hvað teljast skuli í óskiptri sameign.

Í 2. gr. er, eins og áður er sagt, gefinn möguleiki til þess að semja sig frá ákvæðum 3. kaflans um réttindi og skyldur sameigenda, enda er megintilgangur frv. sá að koma í veg fyrir sífelldar þrætur og málaferli í sambúð og sameign manna í fjölbýlishúsum, sem ekki hafa gert þar um sérstakan samning. Hin stórfellda aukning á byggingu húsa, sem fleiri en einn eigandi er að, knýr á um, að sett sé slík löggjöf sem þessi til þess, ef mögulegt reyndist, að tryggja sem bezt þá félagslegu sambúð, sem þar verður að vera.

Nefndin hefur að lokinni athugun leyft sér að flytja þrjár brtt. á þskj. 234, sem að mestu skýra sig sjálfar og eru að mestu til frekari glöggvunar. 2. brtt. okkar, við 5. gr., fjallar um nánari aðgreiningu hins skiptilega og óskiptilega hluta íbúðarinnar til þess m. a. að koma í veg fyrir, að einn eða fleiri íbúðareigendur verði þvingaðir til þátttöku í kostnaði

við þá hluta hússins, sem þeir hafa engin afnot af. 1. og 3. brtt. eru nánast orðalagsbreytingar.

Nefndin sendi frv. til umsagnar allmargra aðila, eins og frá greinir á fyrrnefndu þskj., 234, sem hún taldi að málið snerti. Enginn þessara aðila hefur séð ástæðu til að svara, og er þó liðinn alllangur tími, síðan málið var til þeirra sent. Þetta afskiptaleysi þessara aðila teljum við í n. benda ótvírætt til þess, að á frv. þessu séu ekki taldir vera þeir agnúar, sem nauðsynlegt sé að gera athugasemdir við. Þögn þeirra verður því að gilda sem samþykki, a. m. k. hlutleysi.

Eins og áður er fram tekið, eru ákvæði frv. nokkuð rúm og gert ráð fyrir setningu reglugerða til nánari fyrirmæla. Ástæðurnar, er til þess liggja, eru fyrst og fremst þær, að hér er um frumsmíð að ræða, því að erfitt var að fá fyrirmyndir erlendis frá, er samrýmdust íslenzkum staðháttum, og svo hitt, að rétt þykir að fá nokkra reynslu af lagasmíð þessari og endurskoða síðan í ljósi reynslunnar.

Viðstaddir nm. voru allir sammála um að mæla með samþykkt frv. með áðurgreindum brtt. Einn nm., hv. 11. landsk., var fjarstaddur afgreiðslu málsins í nefndinni.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég var að líta yfir þetta frv., og ég er ekki alls kostar ánægður með þær breytingar á því, sem n. leggur til að gerðar verði. Ég er heldur ekki viss um, að það, að enginn af þessum aðilum, sem frv. var sent til umsagnar, hafi svarað, sé merki þess, að þeir séu ánægðir með það. Það getur verið merki þess, að þeir hafi ekki nennt að lesa það, ekki náð saman fundum til að ræða það í þeim félagssamtökum, sem það hefur verið sent til, eða stafað af venjulegri íslenzkri deyfð og drunga að koma frá sér svörum, þegar spurt er. En ég ætla ekki að koma með neina brtt. við frv. Ég ætla að benda á nokkur atriði, sem ég vildi mjög gjarnan að n. athugaði fyrir 3. umr.

Ég vil fyrst benda á það, að þar sem sameign er á lóð og sums staðar allstórri lóð, sem fylgir þessum húsum, þá getur verið nauðsynlegt að hafa heimild til a. m. k., að henni sé skipt, þannig lagað, að menn geti komið þar upp blómagörðum, sem það vilja. Það er ákaflega algengt, bæði hér í Rvík og annars staðar, að íbúarnir vilja gjarnan koma sér upp blómagarði, og þar sem fylgir stór lóð, eins og er um margt af þessum blokkum, þá sé ég ekkert athugavert við það, þó að henni væri einhvern veginn skipt, svo að skapaðir væru möguleikar fyrir, að íbúarnir gætu komið sér upp blómagörðum. Ég held þess vegna, að það eigi að vera einhver heimild í 5. gr., sem ákveður, að lóðin skiptist sem sameign í sama hlutfalli og menn eiga í húsunum. Ég held, að eigi að vera einhver heimild þar, sem skapi möguleika fyrir því, að það sé hægt að skipta lóðinni, til þess að menn geti komið sér upp garðlöndum þar, ef menn vilji.

Þetta er það fyrsta, sem ég vil benda á og biðja n. að athuga, hvort hún ekki gæti fallizt á það. Það þarf kannske ekki að skipta allri lóðinni, það getur hagað svo til, að þurfi að vera inngangur að húsunum, t. d. meðfram húsinu að endilöngu, sem væri algerlega sameign, þó að skipt væri parti af henni, svo að ekki væri útilokaður þessi möguleiki.

Þá hef ég tekið eftir því í framtölum manna, sem eiga svona hús, að það er ekki nærri alltaf, sem þeir, sem telja sig eiga vissan hluta af húsinu, t. d. 3/5 af húsinu, telji sig líka eiga 3/5 af rúmmáli hússins. Það kemur greinilega fram í framtölum manna, að verðmætinu í húsinu er ekki eingöngu skipt eftir rúmmáli, heldur hvar það er í húsinu. Það er sýnilega oft virtur lægra rúmmetrinn bæði niðri í kjallara og eins uppi á hæsta lofti heldur en í íbúðunum á hæðunum. Þess vegna held ég, að það sé varhugavert mjög að ákveða, að eignarhlutirnir skuli skiptast eftir rúmmáli, eins og gert er í 6. gr. Ég er ekki svo fróður í byggingarfræði, að ég þori að segja, hvernig þessi skipting á að fara fram. Líklega væri eðlilegast að skapa með frv. skyldu á húseigendur almennt, sem eiga saman hús, til þess að mynda húsfélag og skipa því ákveðna stjórn, og það komi sér saman um eignarhlutina í húsinu, hvort það eigi að vera sama eign í einum rúmmetra í kjallara eða einum rúmmetra uppi í kvisti og á hæðunum. Líklega væri það skást. En að leggja rúmmetratöluna eina til grundvallar fyrir skiptingunni á verðmætinu, sem hver á, það held ég áreiðanlega að sé rangt. Ég er búinn að sjá svo marga eign í svo mörgum húshlutum, sem menn telja sig eiga í sameignarhúsi, og sé, að það er tiltölulega sjaldan, sem því er fylgt.

Enn fremur held ég, að það sé nauðsynlegt að setja inn í frv. ákvæði um það, að ef búið sé að koma sér saman um svona skiptingu á eignunum í húsunum, þá eigi að þinglýsa því. Það hefur komið fyrir oftar en einu sinni, að eigendum að húshlutum ber ekki saman um, hver húshlutinn er. Og þegar ekki liggur fyrir þinglesið, hver hann er, þá er oft erfitt að vita, hverjum á að fylgja. Það er tiltölulega stutt síðan ég var með skattaframtal, þar sem vantaði eftir framtölum mannanna, sem í húsinu bjuggu, annars vegar tíu þúsund af heildarmatinu og í hitt skiptið var 10 þúsundum meira en heildarmatið, og það var af því, að mönnunum bar ekki saman um, hvað þeir ættu í húsinu hver einstakur. Þess vegna held ég, að það sé nauðsynlegt að láta þinglesa eignarhluta hvers einstaks í húsunum, þegar búið er að koma sér saman um hann. Og ég held, að það eigi að koma sér saman um hann á þann hátt að lögþvinga alla eigendur hússins til að mynda eitt félag, kjósa því löglega stjórn og hún komi sér saman um eignarhlutann í húsinu, kannske með hliðsjón af rúmmáli hverrar íbúðar, — ég skal ekki segja, hvernig það á að vera, — ég þori ekki að segja, hvernig það á að vera. En ég er viss um, að það er ekki rétt að skipta alveg eftir rúmmetrastærð hverrar íbúðar, heldur eftir því, hvar það er í húsinu. Ég er viss um það. Og ég get líka búizt við því,

að þó að sé þarna í einhverri gr. ákvæði, að það sé innan árs frá því að húsið var byggt, — er það ekki? — já, og skal þinglýsa því eigi síðar en ári eftir, að húsið varð fokhelt, — það er í 3. gr., — það er spurning, hvort það nær til húsa, sem búið er að byggja fyrir fimm árum, sex árum, sjö árum, — og aldrei hefur verið gerður neinn samningur um, — hvort það verður að orða það öðruvísi. Þetta er fullnægjandi fyrir ný hús, sem margir eiga, en fyrir gömlu húsin, sem aldrei hefur verið gert neitt um og sífellt er rifizt um, hvernig sé, þá er það mikil spurning, hvort það er fullnægjandi fyrir þau, eins og greinin er orðuð núna. Þess vegna held ég, að það þurfi að kveða frekar á um það.

Þetta var nú sérstaklega það, sem ég vildi benda á. — Og ég skil nú ekki, hvers vegna n. leggur til að fella aftan af 17. gr., hvernig eigi að nota sameiginlegar þvottavélar í þvottahúsi o. s. frv. Ég skil það ekki. En ef það væri sett sú skylda, að félag eigendanna myndaðist og því skipuð lögleg stjórn, þá náttúrlega kæmi það af sjálfu sér, hvort sem væri í greininni eða ekki þetta, sem sleppt er, ef þeir kæmu sér saman um að kaupa sameiginlega þvottavélar t. d. eða sameiginlega vélar, sem allir hefðu aðgang að, eins og er í nokkuð mörgum þeirra.

Ég vil því óska eftir því, að n. athugi þetta nánar, athugi, hvort á ekki beinlínis að lögskipa, að í hverju húsi, sem er í sameign margra manna, skuli vera félagsskapur húseigenda, sem sé löglega stofnaður. Það er nú t. d. á einum stað talað um, að meiri hl. skuli ráða, svo að það er ætlazt til a. m. k., að það séu haldnir fundir um málin. Einnig sé gert mögulegt, skapaður möguleiki, — ég segi ekki, að það þurfi að vera, — til þess að skipta lóðinni, hafa hana ekki sameiginlega, heldur megi skipta henni, — ef einhver þeirra óskar eftir því til að koma þar upp garði, þá megi þeir skipta henni, kannske bara til að rækta í henni kartöflur. Það eru til garðar hér við hús, sem þær eru ræktaðar í. En ef lóð er óskiptileg, þá hefur enginn leyfi til þess, þótt stór lóð sé. Og eins er viðvíkjandi þinglestri á þessu, svo að það fari ekki á milli mála, hvað hver sameigandinn á. — Þetta var sérstaklega það, sem ég vildi benda á, og ég vona, að nefndin athugi þetta til 3. umr. Ef ég veit, að hún gerir það, þá skipti ég mér ekkert af því, en ef nefndin gerir það ekki, þá getur verið, að ég sjóði saman tillögu og reyni að koma með hana við 3. umr. Þá vona ég, að ég geti haft samband við n. til að heyra, hvort hún vill þá taka tillit til till. minnar eða ekki.

Frsm. (Eggert Þorsteinsson): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð vegna þessara athugasemda hv. 1. þm. N-M. Hann gat þess í upphafi, að það væri alls ekki víst, að það bæri að skoða þetta áhugaleysi þeirra aðila, sem frv. hafa fengið til umsagnar, svo, að þeir væru frv. samþykkir. Ég get að ýmsu leyti fallizt á það sjónarmið hans, að það kunni að geta verið ýmsar aðrar orsakir, sem til þess liggja, heldur en beinlínis samþykki á frv. En sá tími, sem liðinn er, síðan þessir aðilar fengu frv. til umsagnar, er nú orðinn svo langur, að það er engin afsökun frá þeirra hendi að hafa ekki nennt að lesa frv. eða þó að íslenzkri deyfð og drunga sé þar um að kenna, enda veit ég, að hv. 1. þm. N-M. er það aðgangsharður í sínum nefndum, að hann mundi ekki gefa þessum aðilum lengri tíma en þeir eru búnir að hafa til umsagnar um frv.

Það, sem mér fannst veigamest af hans aths. og sjálfsagt að verða við óskum hans um að taka til athugunar, eru möguleikar á því, að væntanlegir sameigendur geti skipt lóðum sínum, þannig að þeir geti öðlazt aðstöðu til þess að gera þar á framkvæmdir, sem annar vill, en hinn vill ekki, og hver á sínum lóðarbletti. Ég tel, að í frv., eins og það er, sé gert ráð fyrir því, að þetta sé mögulegt. Í 2. gr. frv. segir svo orðrétt: „Lög þessi skulu gilda um sameign manna í fjölbýlishúsum, að svo miklu leyti sem sameigendur hafa ekki samið á annan veg um þau atriði, er fjallað er um í 3. kafla laganna.“ Og í þessum 3. kafla l., í 11. gr., er m. a. talað um skipulag lóða. Þess vegna tel ég, að ef sameigendur koma sér saman um einhvern annan hátt á en frá er greint í þessum 3. kafla, þá sé það í fullu gildi, þrátt fyrir ákvæði 3. kaflans. Það eru, eins og ég tók fram í minni framsöguræðu, möguleikar fyrir húseigendur að semja sig frá ákvæðum 3. kaflans. Þess vegna held ég, að þessari athugasemd hans, — sem vissulega er þörf á og getur verið mjög viðkvæmt mál, því að mönnum sýnist sitt hvað um það, hvað gera skuli á þessum heimablettum sínum, — en ég tel, að þessu sé fullnægt með þessari undanþágu frá ákvæðum 3. kaflans og sé gert ráð fyrir því í 11. gr. þessa kafla frv.

Þá taldi hv. 1. þm. N-M., að það gæti orkað nokkuð tvímælis, hvort rétt væri að hafa rúmmetrann sem það endanlega mark, þegar meta skal verðgildi hússins eða verðgildi hverrar eignar í hinni sameiginlegu byggingu um sig. Ég er honum fyllilega sammála um það og veit, að hann er manna kunnugastur því í sambandi við sín störf í ríkisskattanefnd, að það er mjög misjafnt rúmmetraverðið eftir því, hvar staðsetning íbúðarinnar er í þessum fjölbýlishúsum, og eftir því misjafnara e. t. v., sem þessi fjölbýlishús eru stærri. En mér finnst, að meining frv.-semjenda hafi verið sú, að það væri mjög erfitt í löggjöf að skera þarna úr um, þess vegna yrði það að vera nokkuð komið undir samkomulagsvilja hinna væntanlegu sameigenda. En það er hér til athugunar, eins og hann benti á, að gera þeim að skyldu að hafa með sér slík félög, enda er, eins og fram kom í hans ræðu, víða að því vikið, að það mundi heppilegast, þótt hvergi sé það beint látið í ljós í frv. Ég er því mjög hlynntur, að n. athugi þessa ábendingu hans fyrir 3. umr.

Um þinglesningarskylduna, sem frá greinir í 3. gr., þá er þar svo ákveðið, að sé um nýbyggingu að ræða, þá skal skiptasamningur

gerður og honum þinglýst eigi síðar en húsið er fokhelt, ella innan eins árs frá gildistöku þessara laga. Og undir það mundu að sjálfsögðu koma öll hin eldri hús, sem ekki eru í byggingu við gildistöku l. Ég efast um það, eins og hv. 1. þm. N-M., að það verði framkvæmt, jafnvel þótt svo sé ákveðið hér, en við í n. komum ekki auga á aðra skynsamlegri leið í þessu, um það að ná inn undir ákvæði l. þeim húsum, sem eru fjölbýlishús og eru fulltilbúin fyrir gildistöku l. En það er annað af þessum atriðum, sem ég tel að við getum vel að nýju fjallað um í n., en við komum ekki auga á aðra hentugri leið til þess að koma hinum eldri húsum undir ákvæði laganna.

Þá kvað þm., að sér kæmi það ókunnuglega fyrir sjónir, hverja nauðsyn bæri til að fella niður síðari hluta 17. gr. Það var ekki ætlun okkar, og ég tel, að orðalagið á brtt., eins og hún er á þskj. 234, gefi ekki tilefni til þess að ætla að við höfum meint það. Við erum að breyta fyrri málslið þeirrar greinar, og er þar aðeins um orðalagsbreytingu að ræða. Við ætlumst til, að síðari málsliður gr. haldi sér, og tel ég þess vegna, að þar sé fullnægt hans óskum og að það standi áfram í gr. En varðandi hin tvö atriðin, þá teldi ég, að það væri ekkert úr vegi, að n. athugaði þau fyrir 3. umr. og reynt yrði að hafa samráð um það við hv. þm., hvort þar væri hægt að gera nokkru gleggri ákvæði um.

Að öðru leyti tel ég ekki þörf á að ræða þetta. Hann benti á þessi fjögur atriði. Tveimur af þeim tel ég vera fullnægt í frv., eins og það er, en tvö af þeim þyrftu þá frekari athugunar við, og er ég reiðubúinn til þess að taka þátt í þeim umræðum í nefndinni.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 234,1 samþ. með 11 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 234,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
6.—7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
8.—16. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 234,3 samþ. með 11 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
18.—20. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
21. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., 10. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 243).

Frsm. (Eggert Þorsteinsson): Herra forseti. Við 2. umr. málsins gerði hv. 1. þm. N-M. nokkrar aths. við frv. og óskaði eftir því, að n. tæki til athugunar þar ákveðna hluti og þá sér í lagi einkum tvennt, sem okkur í nefndinni þótti rétt að sérstakrar athugunar þyrfti við. Var það í sambandi við 3. gr., þar sem svo er ákveðið, að þinglýst skuli skiptasamningi eigi síðar en einu ári eftir að lög þessi öðlast gildi. Þetta þótti þm. geta orkað tvímælis og taldi, að nauðsynlegt væri, að eldri húsin kæmu undir þetta fljótar en þar er ákveðið.

Í stuttu máli er það að segja, að eftir að n. hafði rætt við annan af tveim semjendum frv., var talið, að það þyrfti a. m. k. eitt ár, svo sem ákveðið er í 3. gr., til þess að koma undir lögin þeim fjölbýlishúsum, sem þegar höfðu verið tekin í notkun, og ekki fært að hafa þann frest styttri en þar frá greinir. Þess vegna hefur n. talið rétt, að 3. gr. yrði óbreytt hvað þessu viðvíkur.

Í öðru lagi ræddi hv. 1. þm. N-M. um möguleika á því, að það yrði lagt á vald félaga, sambýlisfélaga í viðkomandi húsi, hvert verðgildi hinna einstöku hluta hússins skyldi vera, og hann færði því máli sínu það til stuðnings, að það væri vitað, að í söluverði húsa væri gerður nokkur greinarmunur á verði rúmmetra, t. d. í kjallara og risum húsa, miðað við hinar almennu íbúðahæðir í húsum.

Það hefur komið í ljós við athugun hjá n., að það, sem frumvarpssemjendurnir þarna töldu rétt, að það yrði miðað við rúmmetrann almennt í húsinu, var fyrst og fremst af þeim ástæðum, að fasteignamatið mun hafa þessar reglur og hefur aðeins eina undantekningu frá því, að svo sé. En það er ekki á þeim forsendum, sem þm. benti á, hvar þessi rúmmetraeign er í húsinu, heldur með tilliti til íburðar í viðkomandi íbúð, og kemur það þá ekki heim við þær röksemdir, sem þm. flutti máli sínu til stuðnings. Að sjálfsögðu má bera svo og svo mikið í íbúð hússins í kjallara, þó að allir viti, að þær séu lægstar á söluverði, þegar húsið er upphaflega selt. Þess vegna telur n. einnig rétt að halda sig við þetta rúmmetramark, sem í frv. er ákveðið, og telur, að þær röksemdir, sem til þess liggja, séu svo veigamiklar, að það sé ekki ástæða til á þessu stigi málsins að breyta þar um, og leggur til, að um það gildi þau ákvæði, sem þegar eru í frv.

Þá minntist hv. þm. einnig á, sem ég vék lítillega að í svarræðu minni við ræðu hans við 2. umr. málsins, að það þyrfti að gefa frekari heimild en honum virtist vera í frv. til þess, að íbúðareigendum eða sameigendum viðkomandi húss væri gert mögulegt að skipta lóðum eftir eignarhluta sínum í húsinu. Ég tók það fram þá þegar við 2. umr. málsins, að ég teldi þá heimild vera þegar í frv. Ef samkomulag er í viðkomandi fjölbýlishúsi um, að sá háttur skuli á hafður að skipta lóðum upp í reiti eftir eignarhluta í íbúðarhúsinu, þá er það mögulegt samkv. ákvæðum 2. gr. frv., þar sem gefinn er möguleiki á því að semja sig frá 3. kafla þessa frv., ef samkomulag er um annað, en þar er m. a. ákveðið um skipulag lóða og annað, sem í 11. gr. frv. er upp talið.

Í fáum orðum sagt: n. þótti ekki ástæða til

eftir þessa athugun að gera till. um breyt. á frv. frá því, sem það var afgr. við 2. umr. málsins.

Nefndin leggur einróma til, að frv. verði samþ. eins og það er og hefur verið útbýtt nú eftir 2. umr. hér í hv. deild.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég heyri það, að n. hefur ekki viljað taka tillit til minna tillagna, og ég er nú ekki tilbúinn að koma með brtt. En ég tel frv. og vil fylgja því úr hlaði með því, sem ég reyndar er búinn að segja áður, mjög svo gallað. Það, sem hér ríður langmest á í þessum lögum, er í fyrsta lagi að koma því skipulagi á, að alls staðar sé húsfélag og stjórn, þar sem fleiri menn eiga hús sameiginlega. Það er númer eitt. Það er ekkert gert af því hér í þessum lögum. Annað, sem ríður á, er að sjá um, að það liggi skýrt fyrir í veðmálabókum og annars staðar, hvað hver maður á í húsunum. Hér eru 10—20 ára gömul fjölbýlishús, sem hvergi er stafur fyrir, hvað hver maður á mikið í. Ekkert hefur verið þinglýst og liggur ekkert fyrir nema hjá eigendunum sjálfum um það, hvað hver á. Og meira að segja, ef maður leggur saman í sumum húsum húsnæðið, sem þeir telja sig eiga, hver einstakur, sem í húsinu er, þá fær maður ekki út sömu tölu að krónutali og húsið allt er talið mikils virði. Svo gallað er þetta núna. Það er ekki reynt á neinn hátt að koma á móts við að laga þetta. Ég tel, að það hefði þurft miklu meiri athugunar við en hefur verið gert.

Svo er og alrangt, að við fasteignamatið á íbúðunum sé farið eftir teningsmetrum. Það dettur ekki neinum fasteignamatsmanni í hug að meta teningsmetra í íbúð niðri í kjallara á sama verði og íbúð á fyrstu hæð. Það er ekki til, að þetta sé metið þannig. Hitt er aftur rétt, eins og fasteignamatið yfirleitt hefur verið framkvæmt núna hérna í Reykjavík, þar sem brunabótamatið er lagt til grundvallar og tekin viss prósenta af því í fasteignamatið, þá verður þetta oft og er oft ónákvæmt. Auðvitað getið þið spurt t. d. Einar Kristjánsson, hvort honum detti í hug að meta á sama verði íbúð í kjallara og íbúð á annarri hæð, — hann er annar fasteignamatsmannanna, og honum dettur það ekki í hug. En þeir fylgja mikið brunabótamatinu, og það er á húsinu í heild oftast nær, þó er það ekki nærri ævinlega, og ef það er ekki á húsinu í heild, þá er það líka misjafnt eftir því, hvar er í húsinu, en ekki jafnt á teningsmetra, en fasteignamatsmennirnir skoða ekki alls staðar, — númer eitt er að reyna að þvinga fram, að húseigendurnir geri með sér félag, þar sem þeir eru a. m. k. fleiri en tveir, og komi sér saman um eignahlutföllin. Og þá geta lögin komið á móti og hjálpað þeim til með því, að þeir geta haft til hliðsjónar brunabótamat eða fasteiganmat. Þetta er númer eitt. Og að þetta, sem þeir koma sér saman um, verði þinglesið, það er númer tvö. Þetta er það, sem hið opinbera getur fyrst og fremst gert til að laga það ólag, sem hérna er, og hvorugt af þessu er í frv. Það er vikið að því í frv., að ef meiri hluti húseigenda sé með þessu eða hinu, t. d. viðvíkjandi bílskúr, þá er eins og allt í einu detti þeim í hug, að það sé líklega bezt að láta húseigendurna ráða þessu sjálfa, en ekki það, að stofna eigi sérstakt félag, — nei, heldur geti þeir þá bara hlaupið saman á skyndifundi til að ákveða um þá hluti. Ég tel lög um þetta efni alveg nauðsynleg. En ég er á móti frv., eins og það er nú, og tel það koma að sáralitlu gagni, þótt samþykkt verði.

Frsm. segir, að það felist í 3. gr., að öll eldri hús skuli þinglesin. Ég vil leyfa mér að draga það mjög í efa, þó að ég sé ekki neinn íslenzkumaður, að það sé rétt. Greinin hljóðar svo:

„Gera skal skiptasamning um öll fjölbýlishús. Sé um nýbyggingu að ræða, skal skiptasamningur gerður og honum þinglýst eigi síðar en húsið er fokhelt ella innan árs frá gildistöku laga þessara.“

Þetta á við nýbyggingu, sé um nýbyggingu að ræða, en alls ekki við gömlu húsin. „Gera skal skiptasamning um öll fjölbýlishús,“ það gildir um þau öll, en ef er um nýbyggingu að ræða, þá á að þinglýsa, þegar það er fokhelt, ella innan eins árs. En um gömlu húsin er ekki einn stafur um, að það eigi að þinglýsa, eins og greinin er orðuð. Eins og ég sagði, er ég ekki íslenzkumaður, en ég hélt, að þetta ætti að skiljast á þennan veg, eins og gr. er orðuð hérna, og skil ekki, að það sé hægt að gera það á annan hátt. Ég mun þess vegna greiða atkv. á móti till., þar sem ég ekki hef tíma til að koma með neinar brtt. Ég bjóst við, að n. mundi taka málið til athugunar og nenna að leggja í það svolitla vinnu. En þar sem hún hefur ekki gert það, þá mun ég greiða atkv. á móti því. (**Forseti:** Hv. þm. óskar kannske eftir því, að umr. sé frestað til þess að gera brtt.?) Mér er alveg sama.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 74. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 75. fundi í Nd., 12. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 22 shlj. atkv.

Á 103. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 243, n. 354).

Frsm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Frv. þetta um sameign fjölbýlishúsa er alger nýjung í íslenzkri löggjöf, enda er bygging fjölbýlishúsa í stórum stíl nýlega tilkomin í landinu og þau vandamál, sem frv. á að bæta úr, því ný af nálinni.

Frv. þetta hefur fengið afgreiðslu í Ed. og

hefur nú verið til umræðu hjá heilbr.- og félmn. Það virðist vera augljóst, að vegna þess, að engin reynsla er fyrir hendi um slíka löggjöf, sé skynsamlegt að láta allmörg atriði, sem þarf að setja nánari ákvæði um, verða fyrst um sinn a. m. k. reglugerðarákvæði. Ég get bent á það sem dæmi, að slíkt muni þurfa að gera um skiptingu hitakostnaðar milli íbúða í sambýlishúsum, og hefur n. prentað sem fskj. með áliti sínu grg., sem hún fékk frá Verkfræðingafélagi Íslands um það efni. Verkfræðingunum er ljóst, að það er erfitt að setja nánari ákvæði um slíka hluti inn í sjálfa löggjöfina, og þeir eru þeirrar skoðunar, að setja beri um það reglugerð á eftir.

Með þeim skilningi, að þessi lög, eins og þau eru óbreytt, heimili það, að ráðh. gefi út reglugerðir um nánari ákvæði þessara laga, eftir því sem málin þróast og reynslan gefur tilefni til, þá er heilbr.- og félmn. sammála um að mæla með samþykkt frv. óbreytts.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
3.—7. samþ. með 21 shlj. atkv.
8.—17. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
18.—20. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
21. gr. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 104. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 362).

38. Sala Bjarnastaða í Unadal.

Á 72. fundi í Nd., 6. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að selja jörðina Bjarnastaði í Unadal [101. mál] (þmfrv., A. 236).

Á 73. fundi í Nd., 9. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 23 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Steingrímur Steinþórsson): Herra forseti. Við þm. Skagf. flytjum hér á þskj. 236 þetta litla frv., en það er um það, að ríkisstj. sé heimilt að selja Hofshreppi í Skagafjarðarsýslu eyðijörðina Bjarnastaði í Unadal fyrir það verð, sem dómkvaddir menn meta. Í grg. er þess getið, að hreppsnefnd Hofshrepps hafi óskað eftir því við okkur þm. Skagfirðinga, að við flyttum frv. um þetta efni, og þarf í raun og veru litlu við þetta að bæta. Við þingmennirnir teljum, að það sé algerlega rétt og sjálfsagt, að Hofshreppur fái eignarhald á þessari eyðijörð. Hún hefur verið í eyði frá því 1948, eins og fram kemur í bréfi hreppsnefndarinnar, og það eru ekki líkur til þess, að hún verði tekin í byggð fyrst um sinn. Þetta er dalur, sem liggur upp í fjöllin beint upp af Hofsós, og fyrst verður í öllu falli að koma þar á miklu betra vegasambandi en enn er orðið, áður en jarðirnar þar uppi í dalnum byggist að nýju. Og í öðru lagi, þótt svo væri, að þess væri ekki mjög langt að bíða, að hægt væri að byggja þessa jörð að nýju, þá er engum aðila betur til þess trúandi en hreppsnefnd Hofshrepps að sjá um slíkt, og hefur hún vitanlega áhuga á því, að svo geti orðið. Þannig er háttað þarna, að tvær jarðir í nágrenni, litlu neðar, geta haft nokkrar nytjar jarðarinnar. Það er tún þar frá eldri tíð, sem þær geta fengið nokkurn heyskap frá. En hreppsnefnd Hofshrepps þarf nauðsynlega að hafa umráð á slíku og geta miðlað því innan hreppsins.

Þess skal getið, að jörð þessi er í opinberri eign. Hún er í eign jarðakaupasjóðs ríkisins, en við flm. frv. erum sammála hreppsnefnd Hofshrepps um, að það sé eðlilegast, að umráð jarðarinnar fari nú í hendur hreppsnefndarinnar í Hofshreppi, hún hafi umráð yfir henni. Og ég veit það vel af náinni kynningu við hreppsnefndina, að hún er mjög ákveðin í því, að strax og ástæður leyfa, verði reynt að koma upp byggð á þessari jörð, sem var í fyrri tíð og það ekki fyrir mjög löngu talin tiltölulega góð jörð, en er nú komin út úr byggðinni vegna vöntunar á vegasambandi og öðrum slíkum hlutum.

Ég vildi því leyfa mér að óska þess, að hv. Nd. vildi fallast á þær röksemdir, sem við þm. Skagf. færum í þessu máli, og vildi samþykkja það, að frv. þetta yrði samþykkt. Ég vil svo leyfa mér að óska þess, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. landbn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Á 87. fundi í Nd., 6. marz, var frv. tekið til 2. umr. (A. 236, n. 301).

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Landbn. hefur athugað þetta frv. og leitað um það álits og tillagna bæði forstjóra jarðeignadeildar ríkisins og landnámsstjóra, sem báðir mæla með frv. Landbn. hefur því að þessari athugun lokinni orðið ásátt um að leggja til við Alþingi, að það samþykki frv. óbreytt. Ég sé ekki ástæðu til að ræða frekar um frv., því að við 1. umr. málsins gerði fyrri flm. þess svo rækilega grein fyrir því, að ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það, óska aðeins eftir, að málinu verði vísað til 3. umr.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 84. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 85. fundi í Ed., 13. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Ed., 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 236, n. 340).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þetta frv. var flutt í Nd. af þingmönnum Skagf. Það fer fram á að heimila ríkisstj. að selja jörð, sem ríkið á, heitir Bjarnastaðir og er fremsti bær í Unadal í Hofshreppi í Skagafjarðarsýslu. Þetta er eyðijörð, er búin að vera það í nokkur ár, og ég tel og ég held landbn. öll, enda þótt einn nefndarmaður væri ekki viðstaddur á fundinum, þegar málið var afgreitt, að það sé rétt að gera þetta. Jörðin byggist ekki aftur, heldur á að fara undir afrétt, hún liggur upp að afréttinni og í þröngum, litlum dal, og hreppinn vantar tilfinnanlega upprekstrarland.
Nefndin mælir þess vegna með því, að heimilt sé að selja jörðina.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 98. fundi í Ed., 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 367).

---

39. Firmu og prókúruumboð.

Á 81. fundi í Nd., 24. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 13. nóv. 1903, um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð [117. mál] (þmfrv., A. 278).

Á 82. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Gunnlaugur Þórðarson): Herra forseti. Á þskj. 278 flyt ég frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 13. nóv. 1903, um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð.
Forseti tók áðan fyrir samtímis þau tvö mál, sem eru á dagskrá varðandi leyfi d. til að fá þau tekin til meðferðar, og vil ég einnig, með leyfi hæstv. forseta, fjalla hér um frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 15. júní 1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl., á þskj. 279.
Fyrirhugaðar breyt. á nefndum l. eru einungis í því fólgnar, að við núgildandi lög um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð er í 8. gr. bætt við svo hljóðandi setningu: „enda beri fyrirtækið íslenzkt nafn", og í breyt. á l. nr. 21 15. júní 1926, um veitingasölu og gistihúshald, er gert ráð fyrir, að við 5. lið 3. gr. bætist: „enda beri veitingastaðurinn eða gistihúsið íslenzkt nafn".
Í grg. er vikið að ástæðum fyrir flutningi þessara frv., og þarf ég litlu við að bæta. Það skal þegar tekið fram í upphafi, að þótt ég hafi í grg. vikið aðeins að einu veitingahúsi og að einu fyrirhuguðu gistihúsi hér í bæ, þá er það aðeins gert af því, að þessi dæmi eru einna nærtækust, þar sem hér er um ný nöfn að ræða. En þetta er hins vegar engan veginn gert fyrirtækjum þessum til hnjóðs né til þess að beina skeytum að þeim sem slíkum, enda er af nógu að taka í þessu efni.
Eins og vikið er að í grg., hefur Alþingi verið mjög strangt varðandi nöfn þeirra erlendra manna, er fengið hafa íslenzkan ríkisborgararétt. Sama er að segja, þegar jarðeigendur hafa viljað breyta um nafn á jörðum sínum eða þegar stofna skal nýbýli. Engar slíkar nafnbreytingar eða nafngiftir eru leyfðar, án þess að sérstök nefnd, örnefnanefnd, hafi fjallað um þær áður. Hins vegar hefur Alþingi látið sig einu gilda, þótt hvers konar fyrirtæki beri hvaða nafnskrípi sem er.
En þó er mála sannast, að nafn einstaks manns eða bóndabýlis varðar almenning miklu minna en nafn fyrirtækis, sem e. t. v. auglýsir nafn sitt með gríðarstóru ljósaskilti og lætur það klingja í eyrum hlustenda í auglýsingaþætti ríkisútvarpsins dag eftir dag. Að mínum dómi er nafngift fyrirtækis menningaratriði, sem ekki má virða að vettugi. Og kominn er tími til þess, að Alþingi stemmi stigu fyrir því menningarleysi, er átt hefur sér stað í þessu efni.
Sumar þessar nafngiftir gefa til kynna furðulegt sambland af vanmetakennd og oflátungs-

hætti. Íslenzkan virðist að dómi þessara manna ekki nógu fínt mál til þess að geta séð fyrir nöfnum á fyrirtækjum þeirra. Erlendar stórborgir eða merkisstaðir verða þá fyrir valinu í þessu efni, og er mér einna minnisstæðast nafn á veitingastað, ómerkilegum veitingastað, sem rekinn var fyrir nokkrum árum og hét Café Broadway.

Skylt er að geta þess, að íslenzkir veitingamenn eða kaupsýslumenn eru ekki allir undir sömu sök seldir, og eru þeir allmargir, sem skírt hafa atvinnutæki sín þjóðlegum nöfnum. Má í því sambandi nefna Hótel Borg, en eigandi þess veitinga- og gistihúss hafði áratugum saman dvalizt með erlendum þjóðum og kunni þess vegna e. t. v. betur en ella að meta þjóðleg verðmæti, enda varð bær Egils Skallagrímssonar fyrir valinu, þegar hann gaf fyrirtæki sínu nafn. Enn fremur má nefna nöfn eins og veitingahúsið Röðull, Vík, Hressingarskálinn, verzlanirnar Gullfoss, Feldur, Markaðurinn, verksmiðjurnar Vífilfell, Frón, Esja o. s. frv.

Tel ég óþarft að fjölyrða frekar um þessi tvö frv., sem hér eru á dagskrá. Vil ég víkja að einu framkvæmdaratriði. Nú kann að vera álitamál, hvort tiltekið nafn getur talizt íslenzkt, og að sitt sýnist hverjum. Tel ég bæjarfógetum, sýslumönnum og lögreglustjórum treystandi til þess að skera úr í þessu efni og legg því ekki til, að komið verði á fót sérstakri stofnun til þess að skera úr um það, en einnig mætti þó hugsa sér að færa út valdsvið örnefnanefndar að þessu leyti.

Þá vil ég ítreka tilmæli um, að hlutaðeigandi stjórnarvöld hlutist til um, að gerð verði heildarskrá yfir firmanöfn, sem lögskráð hafa verið, og að tilmælum verði síðan beint til hlutaðeigandi um, að erlendum nöfnum verði breytt í samræmi við tilgang þessa frv.

Að endingu legg ég til, að máli þessu verði vísað til hv. allshn., þessum tveim frumvörpum.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 19 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 93. fundi í Nd., 16. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 278, n. 319).

Björn Ólafsson: Herra forseti. Ég hef framsögu í þessu máli vegna þess, að formaður n., sem var í forföllum aðalþingmannsins, hefur nú horfið af þingi.

N. leitaði umsagnar hjá nokkrum aðilum um þá breyt., sem lagt er til að gerð verði á frv. Leitað var til heimspekideildar háskólans, verzlunarráðsins, Sambands ísl. samvinnufélaga og iðnrekenda. Frá heimspekideildinni kom sú till., að nokkur breyt. yrði gerð, eins og kemur fram í nál. á þskj. 319, að í stað orðanna „enda beri fyrirtækið íslenzkt nafn" komi: „enda beri fyrirtækið nafn, sem samrýmist íslenzku málkerfi að dómi skrásetjara". Hinir aðilarnir, sem leitað var til, mæltu með málinu, þegar þessi brtt. var fram komin. N. hefur því mælt með, að frv. verði samþykkt með þessari breyt., sem fram kemur á þskj. 319.

Margir telja, að nú beri fullmikið á því, að menn velji fyrirtækjum sínum erlend nöfn, sem að engu leyti samrýmast íslenzku máli eða málkerfi. Það væri illa farið, ef það færðist mjög í vöxt, að íslenzk fyrirtæki bæru erlend nöfn. Þess vegna voru yfirleitt þeir, sem við var talað, á einu máli um það, að æskilegt væri að stöðva þessa þróun, eftir því sem hægt væri.

Það, sem ég nú hef sagt, gildir einnig um annað mál á dagskránni, veitingasölu og gistihúshald. Í sambandi við það frv. var leitað til Sambands veitingahúsa- og gistihúsaeigenda, og mæltu þeir með frv. í þessu nýja formi, sem ég hef nú getið um.

ATKVGR.
Brtt. 319 samþ. með 19 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 328).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 89. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 90. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 100. fundi í Ed., 13. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 328, n. 363).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Eggert Þorsteinsson): Herra forseti. Eins og frá greinir í nál. allshn. á þskj. 363, hefur n. yfirfarið frv. þetta, sem að vísu er ekki veigamikið að sniðum, en upphaflega frv., sem flutt var í Nd., gerði ráð fyrir þeirri breytingu einni, að við 8. gr. gildandi laga um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð bættust orðin: „enda beri fyrirtækið íslenzkt nafn". Hv. Nd. gerði á þessu þá breytingu, að til viðbótar því, er flm. lagði til, komi svo hljóðandi ákvæði: „sem samrýmist íslenzku málkerfi að dómi skrásetjara. Ágreiningi, sem rísa

kann út af nafni, má skjóta til nefndar þeirrar, sem starfar samkv. lögum nr. 33 1953".

N. hefur, eins og ég sagði og frá greinir á fyrrnefndu þskj., yfirfarið þetta frv., haft samband við skrifstofu borgarfógeta um þetta efni og mælir að lokinni þessari athugun með samþykkt frv., eins og það kom frá hv. Nd. Hv. 1. þm. N-M. taldi, að þetta væri ekki fullnægjandi rannsókn á málinu og breytingar á lögum þessum þyrftu e. t. v. að vera fleiri, en meiri hl. n. taldi ekki þörf á því á þessu stigi. En að öðru leyti mun 1. þm. N-M. gera grein fyrir þessum fyrirvara sínum. N. mælir sem sagt með samþykkt frv., eins og það kom frá hv. Nd.

Páll Zóphóníasson: Ég eins og hinir nm. mæli með því, að frv. verði samþykkt óbreytt. Hins vegar vil ég nota þetta tækifæri til að benda á það, að mér líka ekki þessi vinnubrögð. Mér líkar það ekki um 56 ára gömul lög, sem flestir, sem hafa eitthvað haft með að gera, viðurkenna að þurfi að breyta, að það skuli vera tekin upp breyting á þeim á Alþingi, og ekki breytt nema einu einasta atriði af öllu því, sem breyta þarf. Þetta eru engin vinnubrögð. Það á ekki að vera að leika sér að því að breyta lögum að óþörfu. Það má segja, að þessi breyt. sé þörf að því leyti, að þau nöfn, sem á eftir eru gefin, verka sjálfsagt ekki málskemmandi á íslenzka tungu. Að því leyti er hún nauðsynleg, og að því leyti er ég með henni. En þá á vitanlega að leggja vinnu í það alveg í gegn: Hvað er það fleira í lögunum, sem þarf að breyta? Þarf einhver þm. á næsta ári að taka upp eina aðra grein og breyta henni og svo grein af grein og kannske aðra hverja grein, sem í lögunum er? Þess vegna hefði ég út af fyrir sig kunnað betur við það og hreyfði því í n., að það hefði bara verið skorað á ríkisstj. að láta endurskoða lögin öll og þetta koma þar inn í. En ég vildi ekki tefja málið með því, því að það gat dregizt, að það yrði gert, og þess vegna er ég með því að samþykkja þetta. En mér þykja óviðeigandi vinnubrögð að afgreiða málið svona og varla sæmandi Alþingi.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 102. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 389).

---

40. Veitingasala o. fl. (frv. GÞ).

Á 81. fundi í Nd., 24. febr., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 15. júní 1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl. [118. mál] (þmfrv., A. 279).

Á 82. fundi í Nd., 26. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 20 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Nd., 12. marz, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 93. fundi í Nd., 16. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 279, n. 320).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 320 samþ. með 18 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 3. umr. (A. 329).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 89. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 90. fundi í Ed., 20. marz, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 101. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 329, n. 364).

Frsm. (Eggert Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er flutt samtímis frv. því, sem mælt var fyrir hér til 2. umr. í hv. þd. í gær, um verzlunarskrár, firmu og prókúruumboð, og vísar flm. frv. til grg. þess frv. Það er sama um þetta frv. að segja og um hið fyrra var sagt hér við 2. umr. í gær, að eina breytingin, sem um ræðir og þetta frv. felur í sér á gildandi lögum, er, að veitinga-

staðir og gistihús hafi að dómi skrásetjara þau nöfn á fyrirtækjum sínum, sem samrýmist íslenzku málkerfi, en sami fyrirvarinn hafður á um úrskurð á ágreiningsatriðum í þessu efni, að skjóta má þeim til nefndar þeirrar, er starfar samkvæmt lögum nr. 33 frá 1953.

Allshn. hefur yfirfarið þetta frv., eins og á þskj. 364 segir, og mælir með samþykkt þess. Ég tel ekki á því þörf á þessu stigi að hafa frekari framsögu fyrir málinu, en ítreka það, að nefndin er sammála um að mæla með framgangi málsins.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég hef líka skrifað undir þetta nál. með fyrirvara. Sá fyrirvari er eins og um málið, sem við vorum með í gær, ekki byggður á því, að ég sé á móti þessu frv., heldur byggður á því, hvernig málið er látið bera að.

Það var lagt fram í Nd. snemma á þinginu mál nr. 34, sem var undirbúið af hæstv. ríkisstj. með milliþinganefnd, og það er um gistihúsahald og veitingasölu. Með þessu frv., 34. máli, er lögum um gistihúsahald og veitingasölu, sem frv. það, sem hér liggur fyrir sem 118. mál, er brtt. við, alveg gerbreytt. Það eru tekin upp í það frv., nr. 34, mörg alveg ný ákvæði og margt fleira. Þetta frv. kom hingað til d. og fór hér í n. 12. febr. og hefur legið þar síðan. Nú er ég ekki hrifinn af því frv. Ég álít, að það þurfi að breyta því ákaflega mikið, ef það á að samþykkjast, og að það geti verið réttast að láta það liggja óafgreitt. En meðan það er enn á ferðinni í þinginu, þá kemur annað frv. Það er sett í aðra nefnd, og þá fæst ekki einu sinni tækifæri til að koma þeim saman, þó að maður vildi. Og þegar það kemur hingað í d., þá er það líka sett í aðra n. en það frv. er í, sem í er aðalbreytingin á lögum um veitingasölu og gistihúsahald. Þetta nær ekki neinni átt, að mínum dómi, og náttúrlega væri í sjálfu sér réttast að láta þetta frv., sem nú liggur fyrir, bíða, þangað til séð væri, hvað gert væri við hitt. Nú er það búið að liggja svo lengi í n. og virðist hafa svo lítinn byr, þ. á m. hjá mér sjálfum, að ég get verið með því að afgreiða þetta mál, eins og hér er lagt til af n. allri, óbreytt, en vildi þó jafnframt taka alveg ákveðið fram og biðja samgmn., sem hefur mál nr. 34, sem er frv. til l. um veitingasölu og gistihúsahald, að taka þetta inn í það, þó að við samþykkjum það í dag eða næstu dagana sem lög, mál 118, sem breytir bara 3. gr. frv. gamla, — samþykkjum það núna í fullu trausti þess, að samgmn. taki þetta frv. inn í hitt, ef það heldur áfram eða á að ná fram að ganga, svo að það komi ekki tvenn lög á sama þinginu um breyt. á gömlu lögunum. Og þar að auki mundi nú þetta verða fellt úr gildi, ef hitt yrði samþykkt, því að síðasta greinin í frv. nr. 34 nemur gömlu lögin úr gildi, sem þetta frv. nr. 118 er brtt. við. Þess vegna greiði ég atkv. með þessu frv. í fullu trausti þess, að ef frv. á þskj. 34 verður samþykkt, þá sjái samgmn. um að taka þetta inn í það.

Frsm. (Eggert Þorsteinsson): Herra forseti. Ég vil aðeins undirstrika það, að hv. 1. þm. N-M. tók mjög skýrt fram um þessa afstöðu sína í n. Og ég sem núverandi nm. í samgmn. skal flytja n. þessar óskir hans, ef svo fer, að hið fyrrnefnda frv., sem hann skírskotaði hér til, heldur áfram göngu sinni í gegnum þingið.

Forseti (BSt): Út af þeim ummælum, sem fallið hafa, vildi ég spyrjast fyrir um það, hvort hv. n. óskaði eftir því, að t. d. 3. umr. þessa máls drægist.

Frsm. (Eggert Þorsteinsson): Eins og hv. 1. þm. N-M. tók fram, þá taldi hann, að engin tormerki væru á því, — og það er álit okkar nm. allra, — að þetta frv. nái fram að ganga, þó að ekki sé séð fyrir um endalok hins fyrrnefnda frv., en höfuðatriðið sé, að nái það fram að ganga hér í þinginu, þá verði það fellt inn í lagabálkinn, sem í þessu frv. felst. Það er því ekki ósk n., að 3. umr. um þetta mál verði frestað.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 102. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 390).

---

41. Sauðfjárbaðanir.

Á 52. fundi í Ed., 23. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um sauðfjárbaðanir [89. mál] (þmfrv., A. 184).

Á 54. fundi í Ed., 27. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég skal ekki fara langt aftur í sögu baðana hér á landi, en aðeins dvelja við þetta frv., sem hér liggur fyrir, og rekja ofur lítið gang þess máls.

Á búnaðarþingi 1947 flutti Benedikt H. Líndal, fulltrúi V-Húnv. þar, frv. til laga um sauðfjárbaðanir, og var í því sú höfuðbreyting frá því, sem áður hafði gilt, að þrifaböðun á sauðfé væri ekki lögboðin á hverju ári, eins og hún hefur verið nú um langt skeið,

heldur annað hvert ár. Þetta mál var rætt á búnaðarþinginu, og á endanum var sætzt á tillögu, sem var flutt af Benedikt Grímssyni, Garðari Halldórssyni og Jóni Gíslasyni og hljóðaði um það að senda málið heim í sveitarstjórnirnar til hreppsnefndanna til umsagnar og biðja svo ríkisstj. að öðru leyti að búa málið undir næsta búnaðarþing, sem fengi það þá til meðferðar. Þessi tillaga var samþ. með 11 atkv. gegn 9 á búnaðarþinginu. Síðan tók búnaðarfélagsstjórnin við málinu, skrifaði öllum hreppsnefndum í landinu, sendi þeim frv. og spurði um álit þeirra á því. Jafnframt var landbrh. beðinn að fá menn til að athuga málið og semja nýtt frv., eins og ástæða þætti til að fengnum tillögum hreppsnefndanna.

Landbrh. varð við þessari ósk, setti þá Steingrím Steinþórsson búnaðarmálastjóra og Pál Pálsson yfirdýralækni til þess að semja nýtt frv. að fengnu áliti hreppsnefndanna. 47 hreppsnefndir sendu svör, hinar ekki, en þær eru eitthvað liðlega 200, — ég hef ekki talið þær saman alveg nýlega, það er alltaf verið að smábreyta hreppum, en ætli þær séu ekki í kringum 215—218 núna eða eitthvað svoleiðis, — og af þeim sendu 47 svör. Þeir sömdu svo frv., sem landbrh. sendi landbn. Nd. á síðasta þingi. Þar var það tekið fyrir og sent búnaðarþingi til umsagnar, og búnaðarþingið mælti með því, eins og það lá fyrir, að því þó breyttu, að það lagði til, að breytt yrði tímabilinu, sem baðað væri á. Þeir búnaðarmálastjóri og yfirdýralæknir höfðu ætlazt til, að böðun væri lokið á hverjum vetri í febrúarmánuði, en þeir lengdu það fram til 15. marz. Að öðru leyti var því ekki breytt og mælt með því með 22 atkvæðum, meðan einn sagði nei og tveir sátu hjá.

Frv. kom svo hingað til d. seint á síðasta þingi, og þá var Nd. búin að breyta þessu frv. og búin að setja inn í það, að böðun skyldi fara fram á hverjum vetri eða á hverju ári, eins og það var þar til tekið.

Þetta kom seint á þinginu, og þegar við í nefndinni þá sáum, hver ágreiningur var um málið úti á meðal bænda, þá ákváðum við að láta málið daga uppi hjá nefndinni í fyrra, en spyrja sýslunefndir landsins um álit þeirra á því, hvort réttara væri að baða annað hvert ár, að lögskipa það, en þó að það væri gert, geta allir baðað á hverju ári, — eða hvort áfram skyldi lögskipað að baða á hverju ári. Sýslunefndirnar hafa svarað, og 16 hafa talið sig vera með því að baða aðeins annað hvert ár, 4 á móti því, og hinar hafa ekki svarað, svo að maður veit ekki um álit þeirra allra enn.

Jafnframt atvikaðist það svo vegna smábreytingar, sem gerð var á búfjárræktarlögunum í fyrravetur um að ekki skyldi kjósa forðagæzlumenn í hreppunum á almennum hreppsfundi, eins og áður hafði verið, heldur skyldi hreppsnefnd kjósa þá, að til þess að tilkynna oddvitum þetta skrifaði ég, sem hef með þessi mál að gera fyrir Búnaðarfélagsins hönd, öllum oddvitum landsins og benti þeim á þessa breytingu og sagði þeim jafnframt frá böðunarfrv. og bað þá að láta mig vita, hvert álit hreppsnefndarinnar væri á því.

Ég fékk svo í vor og sumar svar frá mörgum hreppsnefndum, og þegar ég núna fyrir fáum dögum lagði þetta frv. fram, var komið játandi svar frá 130 hreppsnefndum, sem vildu baða annað hvert ár, meðan 33 vildu hafa áfram í lögum, að baða skyldi á hverju ári.

Það gengur nú svona og svona að fá inn á réttum tíma á haustin, hvernig ástatt er með ásetninginn í landinu, og afleiðingin af því varð sú, að þegar á milli jóla og nýárs vantaði skýrslur frá gróflega mörgum ásetningsmönnum. Ég skrifaði þess vegna á ný öllum hreppsnefndum þá til að kalla eftir þessum skýrslum og minna þar á góðan ásetning og hvað hreppsnefnd bæri að gera, ef fóður vantaði, og þegar ég þá skrifaði þeim hreppsnefndum, sem ekki höfðu svarað mínu fyrra bréfi, þá minnti ég þær jafnframt á það að svara því. Ég hef síðan fengið svör frá Miðdalahreppi í Dalasýslu, sem vill baða annað hvert ár, frá Þingvallahreppi og Grafningshreppi í Árnessýslu, sem vilja baða annað hvert ár, og frá Hvolshreppi í Rangárvallasýslu, sem vill baða á hverju ári, svo að tölurnar, sem hérna eru prentaðar í grg. með frv., eru orðnar svolítið breyttar og geta líka breytzt hér eftir við það, að ég fái svör frá fleirum. En það sýnir sig samt greinilega mjög, að mikill meiri hluti hreppsnefndanna vill baða eða láta vera lögskilið að baða annað hvert ár. Hinir eru í miklum minni hluta.

Ég get lofað mönnum að sjá hjá mér, hvaða hreppar hafa svarað og hvernig hver hreppur hefur svarað, ef þeir óska þess, en ég sé ekki ástæðu til þess hér að fara að lesa það allt saman upp.

Hvað málið sjálft snertir svo, þá liggur það nú þannig fyrir, að alla leið frá því að ég var oddviti á árunum 1920—28 og átti sem oddviti að sjá um, að baðað væri í hreppnum, þá lenti ég á hverju einasta ári í kasti við einhverja, sem ekki vildu baða. Þeir höfðu engin óþrif í sínu fé og neituðu að baða. Og svo varð að vera samkomulag við þá og rifrildi, og einu sinni varð ég að láta sýslumann koma til, til þess að þeir hlýddu lögunum.

Alla leið síðan hefur þetta verið svona hingað og þangað um landið, og eftir að Gamatoxbaðlyfið kom til, sem er miklu betra baðlyf en öll önnur baðlyf, sem hér á landi hafa verið reynd, og ekki aðeins hér á landi, því að það er rannsakað og reynt, t. d. bæði í Ameríku og Englandi og notað þar orðið eitt allra baðlyfja, þá eru orðnar heilar sýslur, sem hafa ekki séð færilús í sínu fé og neita að baða, og svo langt gengur þessi vilji bændanna og þessi mótþrói móti því að baða á hverju ári, að t. d. núna, þegar yfirdýralæknirinn tók sér fram í því að reyna að láta nú vera baðað um allt land og það vel gert, þá eru til hreppar, sem hafa neitað því, og þegar þeir svo hafa verið skyldaðir til þess af sýslumanni eftir lögum, þá hafa þeir farið fram á það, að ríkissjóður greiddi þeim það,

sem þeir vegna böðunarinnar yrðu að eyða meira fóðri í féð. Svo mikill er mótþróinn á móti því að baða á hverju ári, að þegar á að hlýða lögunum, — á bara að hlýða lögunum, — þá heimta þeir, að ríkissjóður greiði þann aukakostnað, sem þeir hafa af því að þurfa að baða. Þetta sýnir, hvernig ástandið er og álitið er.

Nú er það meining þeirra, sem lögin sömdu, bæði búnaðarmálastjóra og yfirdýralæknis, að með því að baða annað hvert ár og gera það rækilega, séu miklu minni líkur fyrir, að menn baði ekki, hlýði ekki lögunum, heldur en áður var, og líka meiri trygging fyrir því, eins og lögin eru nú orðuð, að baðið sé sæmilega framkvæmt. Þegar einstaka menn samt sem áður vilja halda áfram að hafa lögskipað að baða á hverju ári, þá stafar það af því, að enn er til kláði í landinu. Að vísu er það svo, að með fjárskiptunum og þeim ráðstöfunum, sem gerðar voru í sambandi við þau, að reyna að útrýma kláða á Vestfjörðum, þaðan sem lömbin voru aðallega keypt, og reyna svo að baða með útrýmingarböðun lömbin fyrsta árið, sem þau voru í hinum nýju heimkynnum sínum, hefur slegið mjög á kláðann. Þó vitum við, að hann muni enn vera einhvers staðar til á Vestfjörðum, þó að ekki hafi, því miður, hafzt upp á, hvar hann er. Það er óttinn við útbreiðslu á kláðanum, sem gerir það að verkum, að enn eru nokkuð margar hreppsnefndir, 34, sem maður veit um, sem telja, að rétt sé að lögskipa þrifaböðun árlega.

Nú er ekki því að heilsa, að þetta frv. geri ekki ráð fyrir því, að kláðinn sé tekinn fastari tökum, alveg eins og var áður. Þetta frv. ætlast beint til þess, að ef kláða verður vart, þá séu þar framkvæmdar algerar útrýmingarbaðanir, og með útrýmingarböðunum er óhætt að fullyrða að hægt sé á tiltölulega mjög fáum árum að útrýma kláðanum alveg, enda þótt við vitum ekki með vissu, hvar hann sé í augnablikinu.

Þegar ég svo tók þetta frvv. til flutnings, breytti ég frv., sem lá fyrir þinginu í fyrra, ofur lítið, ósköp lítið, svo lítið, að það er eiginlega varla teljandi. Þó skal ég benda á það.

Ég breytti því á þann veg, að fyrir að það átti að vera annað hvert ár, sem átti að baða, þá setti ég annan hvern vetur, og það er af því, að sumir baða fyrir áramót og aðrir eftir áramót. Það er engin eiginleg eðlisbreyting, það er til þess að það komi ljóst fram.

Þá breytti ég líka annarri gr. Það var tekið fram, að þegar þyrfti að baða útrýmingarböðun til að útrýma kláða, sem kynni að koma upp einhvers staðar, þá skyldi ríkissjóður borga annað baðlyfið. Ég breytti þessu og læt ríkissjóð borga allt baðlyfið á því svæði, sem um er að ræða og útrýmingarböðun þarf að fara fram á, og ég tel það svo mikilsvert, að kláðanum sé útrýmt, að ef og þegar hann kemur upp á einhverju svæði og þurfi þess vegna að baða þar eitthvert fé útrýmingarböðun, fleira eða færra eftir atvikum, þá sé ekki álitamál, að ríkið eigi að greiða það baðlyf og á þann hátt að reyna að stuðla að því, að það verði samvizkusamlega og vel framkvæmt og menn verði ekki óánægðir með þá framkvæmd, sem því miður hefur oft borið á.

Öðru get ég ekki sagt að ég breytti. Það var breytt orðalagi á einni grein, 8. gr., það var breytt orðalagi á henni, en það er ekki nein efnisbreyting að neinu leyti. Það var í henni áður, að heimilt væri í reglugerð að setja ákvæði um dagsektir, ef fjáreigendur hafa eigi án lögmætra forfalla lokið böðun á fé sínu fyrir tilskilinn tíma, og svo var heimilt að taka féð og baða það á kostnað eigendanna, ef þeir hefðu ekki lokið böðun innan lögskilins tíma. Það var til þess að láta ekki koma þarna hvað á eftir öðru lögskilinn tíma, sem orðalaginu á greininni var svolítið breytt þarna aftast. En annars er frv. alveg í sama formi og það var samið af búnaðarmálastjóranum og yfirdýralækninum og lagt fram á búnaðarþinginu, sem mælti með því svo til einróma, þó að einn maður stæði þar á móti og tveir sætu hjá.

Ég vona, að þetta frv. fái góðar undirtektir og að það verði samþykkt, og legg til, að að lokinni þessari umræðu sé því vísað til landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., 13. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 184, n. 247, 248).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls rakti ég nokkuð feril þess. Ég sagði, að það hefði verið lagt fram á búnaðarþingi af fulltrúa frá Búnaðarsambandi Vestur-Húnavatnssýslu, sem vildi láta búnaðarþingið samþykkja það og koma því þaðan til Alþingis. Af því varð ekki. Búnaðarþingið var þá að vísu meðmælt frv., en samþykkti að fela stjórn Búnaðarfélags Íslands að leita álits hreppsnefndanna um málið og fá síðan stjórnarráðið til að láta semja frv. og leggja það fyrir Alþingi. Þetta var gert. Frv. var lagt fyrir Alþingi í fyrra. Það fékk meðferð í Nd. og var þar breytt, aðallega því atriði, að það var ákveðið, að böðunin skyldi vera á hverju ári, en í frv., eins og það kom inn í Alþingi og var í búnaðarþingi, var ákveðið, að baða skyldi annað hvert ár. Það frv. kom svo hingað til okkar í þessari nýju mynd í fyrra, og við létum málið daga uppi, en skrifuðum öllum sýslunefndum og báðum um álit þeirra.

Nú þegar hefur fengizt álit sýslunefndanna, og þær eru að miklum meiri hluta með því, þó ekki alveg allar, og sömuleiðis höfum við fengið álit hreppsnefndanna allflestra. Það eru komin núna álit frá í kringum 180 hreppsnefndum af 215, og mjög mikill meiri hl. af þeim er með því, að frv. sé samþykkt eins og það nú liggur fyrir, í aðalatriðum a. m. k., meðan liðugar 30 vilja ekki láta samþykkja það og vilja láta vera lögskipað að baða þrifaðanir á hverju ári.

Eftir þennan stutta inngang almenns efnis skal ég svo víkja að frv. og reyna að gera mönnum ljóst, hver munur er á því, ef það verður samþykkt, og þeim ákvæðum og lögum, sem nú gilda um þetta efni. Það er það, sem menn þurfa að átta sig á, og þá kem ég um leið að brtt. okkar, sem eru á þskj. 247, og skal ég aðeins benda á þær um leið.

Fyrsta breyt., sem gerð er í frv. frá núgildandi l., er sú, að saman eru færð í eitt tvenn lög, sem nú gilda. Það er útrýmt tvennum lögum um baðanir á sauðfé, önnur ákveða, hvernig fara skuli með þrifaböðun á sauðfé, og hin ákveða, hvernig fara skuli með kláðaböðun á sauðfé. Þessi lög eru ekki alveg samhljóða, þó að þau séu svipuð, og þau eru færð saman í eitt með þessum lögum. Ég hygg, að enginn maður í landinu hafi neitt á móti því út af fyrir sig, þótt það sé gert.

Annað ákvæði í þessum l., frábrugðið frá því, sem nú er, er það, að lengdur er tíminn, sem mönnum er ætlað að baða á, um mánuð, hálfan mánuð framan við og hálfan mánuð lengur fram eftir vetrinum en áður var. Það var ákveðið, að baða skyldi frá 1. nóv. til 15. jan., en þetta er lengt, bæði til þess að menn geti byrjað fyrr og seinna. Þetta er breytt frá því sem áður var, lengdur tíminn, og það er af því, að beitarskilyrði í landinu og not útbeitar í landinu eru ákaflega misjöfn í hinum ýmsu héruðum. Sumir vilja helzt baða að haustinu, áður en fé er tekið á hús. Aðrir vilja helzt ekki baða, fyrr en það er búið að standa inni nokkurn tíma, o. s. frv. og til að koma á móti mönnum og gera þeim mögulegt að baða á þeim tíma, sem þeir helzt vilja, hefur tíminn verið lengdur.

Þá er ákveðið, að það skuli baða annan hvern vetur, en eftir lögunum núna á þrifaböðun að fara fram á hverjum vetri. Ástæðan til þess, að horfið var að því að leggja þetta til, kann að vera eitthvað mismunandi hjá ýmsum mönnum, sem það gera. Svo að ég skýri frá, hvað ég tel að séu ástæðurnar fyrir því, þá er það fyrst og fremst mitt sjónarmið, og ég er ekkert viss um, hvort nm. eru þar allir með sama sjónarmið. Einn þeirra vill helzt baða á hverjum vetri, og hann mun gera grein fyrir því hér, en það geta samt legið fleiri ástæður til grundvallar.

Það fyrsta, sem gerir það, að ég vil baða annan hvern vetur, er það, að núna er ástandið orðið það í landinu og er búið að vera lengi, en er alltaf að versna ár frá ári, að þessum lögum um að baða á hverjum vetri er ekki hlýtt. Það eru heilir hreppar, ekki heil sýslufélög, en heilir hreppar og fjöldi af einstaklingum, sem dettur ekki í hug að baða á hverjum vetri, og það eru til menn nú orðið, sem vilja bara alls ekki baða. Seinasta bréfið, sem ég fékk um það frá hreppi á Austurlandi, fékk ég í gær, og þar sagði, að það ættu ekki að vera nein lög um baðanir, það ætti aldrei að baða. Þetta kemur af því annars vegar, að hin síðari ár hafa menn ekki orðið varir við færilús í fé og engin óþrif í fjöldamörgum héruðum, sem kemur af því, að baðlyfið, sem núna er notað, er svo gott, ekki bara að dómi manna hér á landi, heldur eftir vísindalegum rannsóknum, bæði í Englandi og Ameríku, að önnur baðlyf eru þar ekki notuð. Þó að samt sem áður hafi ekki alls staðar heppnazt að útrýma óþrifum af sauðfé, þá er það hins vegar vegna þess, að það er ekki nein skylda að nota þetta baðlyf nú. Það er skylda að nota það, ef það á að vera kláðaböðun, útrýmingarkláðaböðun, þá getur stjórnarráðið ákveðið, hvaða baðlyf á að nota, en ekki í þrifaböðun, og þess vegna eru enn þá menn nokkuð margir, sem lifa í þeirri gömlu trú, að önnur baðlyf séu betri en þessi, og hún er ekki eingöngu hjá smámönnum, hún hefur verið hjá landbrh., sem hafa tekið það upp hjá sjálfum sér, meira að segja hvað kláðaböðin snertir, að ákveða, að baða mætti líka úr öðrum baðlyfjum en þessu. Og hún er ekki bara hjá bændum, sem lifa í gamalli trú, hún er líka hjá öðrum mönnum, sem ættu að vita betur. Þar af leiðandi er það, að í sumum sýslum, sem þessi trú er almennust í og minnst hafa notað af þessu baðlyfi, eða tiltölulega flestir notað annað baðlyf, þar er meira um óþrif en annars staðar. Ég skal ekki núna a. m. k. fara neitt út í að nefna þær sýslur, en þó væri það ósköp vel hægt, ef maður vildi það við hafa.

Önnur ástæðan er sú, að ég tel, að það sé rétt að koma á móti mönnum með því að lofa þeim að sleppa við böðunina alveg annað hvert ár í von um, að þá verði hún betur framkvæmd hitt árið. Það gilda alveg sömu ákvæði, að það á að vera eftirlitsmaður með böðuninni í hverjum hreppi, baðstjóri, sem á að sjá um, að hún sé vel framkvæmd. Þetta á að vera núna. Það er kannske ekki alls staðar, en það á að vera núna eftir lögunum. En svo er sá reginmunur, að eftir lögunum, sem núna gilda, er 10 kr. lágmarkssekt fyrir að baða ekki og 500 króna hámark, ef það er ítrekað brot, en eftir frv. er það þó gert 1000 kr. lægsta sektin og upp í 10 þús. kr. Það er önnur breyting. Þegar baðlyfið í kindina kostar svolítið á aðra krónu fyrir utan vinnu og alla fyrirhöfn við það, þá er náttúrlega bóndi, sem ekki vill baða og er t. d. fjármargur, á 300, svo að ég tali ekki um, ef hann kemst upp í þá allra fjárhæstu, sem eiga um 800 fjár og líðlega það, — þá þykir honum hann hafa fundið fé með því að borga sína 10 kr. sekt, ef hann væri látinn borga hana, og baða ekki. En ég hef ekki heyrt talað um, að sektir fyrir að baða ekki hafi verið innheimtar, — og ég þekki hreppstjóra, sem eiga að sjá um, að lögunum sé hlýtt, sem ekki baða og það ár eftir ár. Þetta er önnur ástæðan til, að ég er með þessu. Ég vil koma á móti mönnum þarna, og ég vil lofa þeim að spara sjálfum sér og landinu þann gjaldeyri, sem í baðlyfið fer annað árið, og sjálfum sér þá vinnu, umstang og fyrirhöfn, sem er samfara böðun.

Þriðja breytingin er svo sú, að eftir lögunum núna á landbrh. í sambandi við forstöðumann atvinnudeildar háskólans að ákveða, úr hvaða baðlyfi skuli baðað, ef um kláðaböð-

un er að ræða. Nú á landbrh. líka að ákveða það, en í sambandi við yfirdýralækni. Núna eiga hreppsnefndirnar og landbrh. að tilnefna eftirlitsmenn með böðununum og sveitarstjórnirnar baðstjóra, hver í sínum hreppi. Þetta á að gera eftir tilmælum eða till. frá viðkomandi hreppsnefndum og sýslunefndum, ef um eftirlitsmenn með böðun er að ræða hvað fjárkláða snertir. Þessum mönnum er öllum haldið, þeir eru látnir líta eftir allri böðuninni, eins og nú, og þeir eru núna skipaðir í samráði við yfirdýralækni og viðkomandi sveitarstjórnir. Meðal annars komu dýralæknarnir þar ekki til greina áður, þeir voru ekki til, en þar sem dýralæknar eru starfandi í einhverri sýslu nú, eru þeir aðalumsjónarmennirnir og sjá um, að það séu til baðlyf og böðunarstjórarnir starfi vel og dyggilega. Þetta er líka breyting frá því, sem er í núgildandi lögum.

Þá er í lögunum um útrýmingu á fjárkláða núna ætlazt til þess, að ríkissjóður borgi annað baðlyfið. Það er gert ráð fyrir, að það sé tvíbaðað og ríkissjóður borgi annað baðlyfið. Hér er lagt til, að ríkissjóður borgi bæði baðlyfin. Þetta er líka breyt. frá því, sem nú er.

Og svo eru sektirnar hækkaðar, eins og ég áðan sagði. Þær eru hækkaðar úr 10 kr. lágmarkssektin upp í 1000 kr. og úr 500 kr. hámarkssektin og upp í 10000 kr. Þetta eru aðalbreytingar, sem frv. gerir á núgildandi lögum.

Við höfum svo gert við þetta nokkrar breyt., nefndin. Það eru allt saman smávægilegar breyt. og ekki neinar verulegar efnisbreytingar. Við bætum þarna einu orði inn í 2. gr. Það stendur núna: „ef fjárkláða verður vart eða mikilla óþrifa í sauðfé". Við bættum þarna inn í „annarra", til þess að það væri greinilegt, að þar væri ekki átt við kláðann út af fyrir sig, sem er talinn á undan.

Þá er það við 5. gr. Það var ætlazt til, að sá, sem ætti kind, sem fyndist með kláða, skyldi einangra hana og tilkynna hana réttum yfirvöldum. Við gerum ráð fyrir, að sá, sem finnur kindina, hvort sem hann er eigandi eða ekki, ef hún t. d. kemur fyrir af bæ og kemur þar að, þá á sá maður undireins að taka hana, einangra hana og tilsegja hana, í staðinn fyrir að annars var það eigandinn, og gat þá dregizt, að kindin væri tekin og einangruð og hún tilkynnt. — Nánast er það leiðrétting, að við setjum þarna lögreglustjóri í staðinn fyrir bæjarstjóra. Vitanlega á það að vera lögreglustjóri, sem á að sjá um það, að lögunum sé hlýtt og kindin einangruð o. s. frv., en ekki bæjarstjórinn á viðkomandi stað.

Þá er þarna ákvæði, sem við höfum breytt, viðvíkjandi 8. gr. Það kann að þykja nokkuð hart, en það sýnir, að okkur nefndarmönnunum öllum er það áhugamál, að sauðféð sé baðað, eins og tilskilið er í lögunum, annað hvert ár. Það er í gr., eins og hún er núna, að ef einhver vanrækir að baða, þá má setja hann í dagsektir, og svo er heimild til þess að taka féð og baða það á hans kostnað, en við segjum, að það skuli taka það og baða það á hans kostnað. Það getur vel verið, að menn vilji deila dálítið um þessa breytingu, því að ég skal viðurkenna, að það getur verið dálítið hart, en til þess eru lög að halda þau, og við eigum ekki að vera að leika okkur að því hér á Alþ. að búa til lög, sem við ætlumst til að séu brotin, og höfum því svo væg sektarákvæði, að menn sjái sér hag í að brjóta þau. Ég skal viðurkenna, að það er nú allt að því með því að setja lágmarkssektarákvæði á 1000 kr. Ég held, að það séu 890 fjár á því heimilinu, sem er fjárflest núna, og þá kostar baðlyfið í féð rétt álíka mikið og sektin, og ég veit ekkert nema það sé kannske heldur lágt að hafa sektina ekki hærri en hún er ákveðin í lögunum. Ég skal ekkert segja um það, en við leggjum samt ekki til, að hún sé hækkuð.

Ég vona, að þessar till. okkar í meiri hl. n., því að eins og fram kemur er hér einn nm. með sérstaka brtt., sem hann mun gera grein fyrir, fái góðar undirtektir og að að því loknu verði frv. samþykkt. En ég vildi helzt láta fleiri deildarmenn vera við en eru nú, þegar það kemur til atkvæða, en það getur verið, að það mæti fleiri í d. síðar, forseti vor sér, hvernig verður þá setinn bekkurinn, og hegðar sér eftir því.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að leiðrétta ummæli hjá hv. frsm. n. Hann skýrði frá því, að sektir fyrir að baða ekki sauðfé væru 10 kr. og að þær væru aldrei innheimtar. Að vísu eru sektarákvæði í núgildandi lögum mjög lág, það er rétt, þau eru frá 10 til 500 kr., en á það má bæta vísitöluálagi eftir lögum frá 1948, þannig að ég hygg, að engum dómara, sem á annað borð færi út í það að sekta menn fyrir að baða ekki sauðfé sitt, dytti í hug að sekta mann um 10 kr. Og að sektir þessar séu ekki innheimtar, — ja, mér er kunnugt um það, að menn hafa verið sektaðir um nokkur hundruð krónur fyrir að baða ekki, og þær sektir hafa verið innheimtar.

Að öðru leyti vil ég taka það fram, að landbn. hefur fjallað um þetta frv., en nm. hafa ekki orðið sammála um efni þess í öllum atriðum.

Það er til bóta að steypa tvennum lögum, sem nú gilda um þetta efni, saman í ein lög. Það er jafnan aðgengilegra og horfir til bóta.

Aðalbreytingin, sem gert er ráð fyrir að taki gildi samkv. þessu frv., er, að lögskipaðar sauðfjárbaðanir skuli hér eftir aðeins fara fram annan hvern vetur. Þetta nýmæli hefur víða valdið nokkrum ágreiningi. Ég er því andvígur og hef því undirritað nál. með fyrirvara og borið fram brtt. á þskj. 248 þess efnis, að lögskipaðar sauðfjárbaðanir skuli hér eftir sem hingað til framkvæmdar árlega.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, hversu erfiðlega hefur gengið að útrýma fjárkláða á Íslandi. Það hefur ekki tekizt enn, þrátt fyrir ákvæði laga um sauðfjárbaðanir árlega og sérstakar útrýmingarbaðanir. Hlýtur það þó að vera keppikefli allra sauðfjáreigenda og raunar

allra landsmanna. Hvort það tekst nú með því að lögleiða tilslakanir í þessum efnum, skal ósagt látið, en ósennilegt verður það að teljast.

Það er ein höfuðröksemd þeirra, sem nú vilja hverfa að því ráði að baða annað hvert ár, að núgildandi lögum hafi verið illa framfylgt, menn hafi komizt hjá því að hlýða lögunum. Þá á að gefa eftir. Hér er svipað að farið og ef foreldrar semdu um það við kjarkmikil, en fremur óstýrilát börn sín, að þau þyrftu ekki að þvo sér nema annan hvern dag, af því að þau nenntu ekki að standa í því að láta þau þvo sér daglega.

Þegar hin stórfelldu fjárskipti fóru fram á árunum 1944—52, mun hafa verið reynt eftir megni að útrýma fjárkláðanum, einkum á Vestfjörðum, en baðan voru líflömb keypt haust eftir haust og flutt víðs vegar um landið og dreift um fjárskiptasvæðin. Þrátt fyrir útrýmingarbaðanir og árlegar þrifabaðanir á þessu svæði, — sem mér er að vísu ókunnugt um, hvernig framkvæmdar hafa verið, — hefur gengið erfiðlega að halda fjárkláðanum í skefjum, og enn leynist hann einhvers staðar á Vestfjörðum. Að minnsta kosti hefur hann borizt til Dalasýslu með lömbum, sem þar voru keypt á síðustu árum.

Frv. þetta var sent til umsagnar sýslunefnda s. l. vor. Á aðalfundi sýslunefndar Dalasýslu var samþ. að mæla með frv. að öðru leyti en því, að rétt var talið, að þrifabaðanir færu fram árlega. Það má vel vera, að afstaða sýslunefndar Dalasýslu hefði orðið önnur, ef menn hefðu ekki rekið sig á, að þeir höfðu fengið þennan hvimleiða vágest í kaupbæti við síðustu lambakaup á Vestfjörðum, — einmitt af því svæði, sem átti að vera kjörið til að útrýma fjárkláða af með nútíma baðlyfjum, áður en líflömbum væri dreift þaðan víðs vegar um byggðir landsins. Það skal ósagt látið, hverjum hér er um að kenna, en menn verða að horfast í augu við þá staðreynd, að enn hefur ekki tekizt að hreinsa íslenzkan fjárstofn af þessum óþrifum, og meðan svo er, má ekkert tækfæri láta ónotað til að kveða þau niður fyrir fullt og allt.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég styð brtt. hv. 11. landsk. Ég tel það óráð að fækka þrifaböðunum sauðfjár í annað hvert ár. Ég tel það óráð, og mig satt að segja furðar rökin, sem hv. frsm. færði hér fram. Hann taldi, að ástæðan væri sú fyrst og fremst, að baðanir hafi verið svo mikið vanræktar og því verði að láta undan og sleppa böðun annað hvert ár.

Ég spyr nú: En verður betri útkoman, ef baðanir verða vanræktar eftir sem áður? Ég held, að það sé svo komið, að sauðalúsin sé talsvert mikið farin að gera vart við sig aftur sums staðar, og að það sé stórhættulegt að vanrækja þrifabaðanir.

Hv. frsm. sagðist hafa fengið bréf frá bónda á Austurlandi, sem taldi fráleitt að hafa nokkrar þrifabaðanir yfir höfuð. Hví ekki að hlýða þessu og afnema þær gersamlega? Það eru nákvæmlega sömu rök og hin, að af því að það hefur verið vanrækt að baða, þá skuli fella það niður annað árið.

Við skulum gera okkur ljóst, hvers vegna er verið að fyrirskipa þessar þrifabaðanir. Það er til að verja sauðkindina óþrifum, og ég tel allt, sem gert er til þess að lina þá vörn eða draga úr henni, vera til tjóns, ekki aðeins fyrir bændur sjálfa, heldur líka fyrir heildina. Ég fyrir mitt leyti er eindregið því fylgjandi að hafa baðanir árlega, eins og verið hefur.

Í sambandi við sektarákvæðin finnst mér það nokkuð mikið stökk að hækka lágmarkssektina upp í 1000 kr. og svo upp í 10 þús. kr. Það getur verið það lítils háttar brot, að það sé ósanngjarnt, að það varði 1000 kr. sekt. Mér fyndist sanngjarnara að hafa lágmarkssektina 500 kr. eða eitthvað þar um. Það þarf ekki að vera bein vanræksla, það geta verið einhverjar ástæður fyrir því, að maður hefur ekki séð sér fært að baða. Og að setja alveg skilmálalaust 1000 kr. sekt, ef ekki er baðað, hverjar sem ástæður eru, það tel ég ekki rétt. Það er réttara að hafa dálítið meira svigrúm niður á við en lagt er til í þessu frv.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég skil hv. tvo síðustu ræðumenn báða vel. Annar þeirra lifir aftur í fortíðinni, meðan færilýs skriðu á manni, ef maður rúði kind, — og maðurinn var klökkur sjálfur og hefur sjálfsagt ekki nærri kind komið til að rýja hana núna lengi og veit ekki, að færilús hefur ekki sézt í mörgum sýslum landsins, síðan farið var að baða úr Gamatox, en sést þar, sem er enn baðað úr öðru baðlyfi við hliðina af sumum fjáreigendum. Og það voru til í Mýrdal miklar birgðir af baðlyfi, þegar Gamatox byrjaði að flytjast til landsins. Ég skil þetta. Ég skil líka hræðsluna við kláðann, og hún er ekki ástæðulaus.

Það er alveg rétt, að það var tekin upp sú stefna að reyna að fyrirbyggja, að kláðinn kæmi upp í fénu, sem flutt var til í fjárskiptunum frá Vestfjörðum í önnur héruð. Hún var nú ekki tekin upp strax, því miður, en fljótlega var hún tekin upp, og þá var byrjað á því að reyna að útrýma kláðanum á Vestfjörðum með kláðaböðun. Þá voru teknir baðstjórar í öllum hreppum og eftirlitsmenn í hverri sýslu, sem áttu að hafa yfirumsjón með böðuninni í sýslunni með böðunarstjórana í hreppunum sér til aðstoðar.

Það er enginn vafi á því, að á þessu urðu mistök og að kláði kom upp aftur á einstaka stöðum. Þeir staðir voru teknir í gegn og reynt að útrýma kláðanum þar, og það mun hafa tekizt að verulegu leyti. En þó veit maður einmitt af tilfellinu, sem 11. landsk. nefndi, að það muni enn vera einhvers staðar á Vestfjörðum kláði, sem maður þó ekki veit hvar er. Við vitum um, að kláði kom frá Vestfjörðum með síðustu lömbunum, sem voru tekin þaðan í Bæjarhreppinn í Strandasýslu og part af Dalasýslunni, og við vitum líka, að kláðinn kom frá Vestfjörðum með lömbunum, sem flutt voru í Austur-Húnavatnssýsluna á sínum tíma. Þessi tvö tilfelli vitum við um. Og við vitum, að í

Húnavatnssýslunni er ekki enn búið að uppræta hann. Seinast í vetur komu fyrir tilfelli á þremur bæjum, allt út frá einum ákveðnum hrút, sem menn voru að leika sér að flytja á milli bæjanna, en annars staðar veit maður ekki núna til að kláða hafi orðið vart. Það hefur verið reynt í ár að sjá um, að það yrði baðað um allt landið, og hefur ekki gengið, menn hafa óhlýðnazt því, og núna er enn verið að reyna að sjá um, að það sé framkvæmt. Hvernig það endar, veit ég ekki, það hefur ekki tekizt enn að fá alla inn á að gera það, þó að það sé lagaskylda að gera það og nú ríkt gengið eftir, að hlýtt sé, og þess vegna er það, að kláðaskoðun, sem átti að fara fram jafnframt þessu í vetur, er ekki alls staðar lokið. En það hefur hvergi orðið vart við hann nema þarna í Austur-Húnavatnssýslunni út frá einum hrút á Orrastöðum.

Nú er ekki um það að tala, að þótt við teljum okkur vita margt og vera búna að rannsaka margt, þá vitum við enn þá tiltölulega lítið um kláðamaurinn. Við vitum, að það er vitleysa, sem bóndi sagði heima hjá mér í fyrradag, sem var á ferð, og er oddviti meira að segja. Hann vill baða á hverju ári. Hann sagði, að hann bara kviknaði af sjálfu sér, kláðinn. Við vitum, að það er vitleysa, einber vitleysa. Hins vegar hafa íslenzkir bændur haldið því fram alla tíð, að hann lifi í húsunum þann tíma, sem þau séu sauðlaus, en það er lengri tími en talið er í öllum fræðibókum að kláðamaur geti lifað utan kindarinnar. Hins vegar er mér sagt það af tveimur mönnum, sem voru á fyrsta eftirlitsnámskeiðinu, sem haldið var hér á landi, ég ætla 1906 eða 1907, að Magnús Einarsson hafi þá haft kláðamaur, sem hann hafi getað haldið lifandi í fimm mánuði utan kindarinnar. Mér er sagt það, og annar þeirra var Dalamaður, sem sagði mér það, og ég veit ekki annað en hann sé trúverðugur maður. Og hann taldi sig hafa séð þennan maur hjá Magnúsi.

Á allra síðustu árum hefur það sannazt, að kláðamaur getur lifað á nautgripum og ekki gert þeim neinn skaða árum saman, en ef hann er tekinn af kúnni og færður yfir á kind, útsteypist kindin.

Og enn var það, að Gísli sálugi Guðmundsson gerlafræðingur, sem var hér þekktur og duglegur og mikilsvirtur maður á sínum tíma, fékk lambhrút frá Eyrarbakka, Mundakoti, og hafði hann hjá sér í tvö ár, hann var útsteyptur í kláða, þegar hann fékk hann, og hann ýmist gaf honum, svo að hann komst í nokkurt eldi, og þá sást enginn kláði á honum, en maður gat fundið maurinn, ef maður leitaði, eða hann fóðraði hann verr, svo að hann fór aftur í afleggingu, og þá úthverfðist hann, — og þetta gerði hann sitt á hvað ein tvö ár með þennan hrút. Þess vegna vildi hann segja á sínum tíma, að kláðinn væri í og með nokkurs konar fóðursjúkdómur og kæmi fram við illa fóðrun. Það er að nokkru leyti rétt og að nokkru leyti ekki.

Þetta allt saman gerir það að verkum, að við vitum ekki enn, hvernig þetta er með kláðann. Hins vegar vitum við, að kláða hefur ekki orðið vart frá Skagafjarðarsýslu, að henni meðtalinni, og austur um land, alla leið hér að Hellisheiði, núna í mörg, mörg ár. Aftur hefur hann verið eða var viðloða alltaf annað slagið í Dalasýslunni og Húnavatnssýslunum, og það eru líka þær þrjár sýslur, sem vilja láta baða á hverju ári, og svo Gullbringu- og Kjósarsýsla, — þær eru fimm, og það stendur í sambandi við kláðahættuna.

Nú er bezt að segja ykkur það, að t. d. í Englandi er engin skylduþrifaböðun á sauðfé. En það er skylda að baða fé úr Gamatox núna einu sinni, ef kláði finnst, og talið er, að þar með sé hann búinn. Þess vegna verður að ætla, að kláðinn, sem kemur upp aftur og aftur, eftir að á að vera búið að útrýma honum, stafi að einhverju leyti af miður vandaðri böðun. Ég man það, að hann kom upp t. d., þegar baðað var í Strandasýslu, þá kom hann upp á vissum bæ norðan við Steingrímsfjörð, eftir að var búið að baða þar, og hann hvarf ekki frá þeim bæ, fyrr en yfirdýralæknirinn fór sjálfur vestur til að gá að, hvernig á þessu stæði, og stóð yfir, meðan baðað var. Síðan hefur hans ekki orðið vart þar.

Nú er það von þeirra, sem standa að þessu frv., og þ. á m. mín, að það líði ekki mörg ár, þangað til við getum sleppt alveg allri böðun. En ég vil til að byrja með fara inn á þessa braut, lögskipa böðunina annað hvert ár og um leið skoðun og leit að kláða, og ef kláða verður einhvers staðar vart, þá að taka það svæði, sem þar er um að ræða, og tvíbaða á því og þá undir strangara eftirliti, svo að öruggt sé, að baðað sé eftir settum reglum. Ég er alveg viss um, að ef þetta væri hægt að gera alls staðar á landinu, þá væri kláðinn horfinn eftir svona fimm, sex eða sjö ár. Ég er alveg viss um það, og þá kemur að því, að það verður ekki þörf á skyldu að baða fé, heldur mega menn ráða því sjálfir. Og við þá, sem endilega vilja láta baða á hverju ári, eins og sýslumann Skaftfellinga og þm. V-Sk., sem ekki vill heyra nefnt annað en að baða á hverju ári, vil ég segja það, að allar hreppsnefndirnar í Skaftafellssýslum og sýslunefndirnar báðar vilja láta baða annað hvert ár, nema ein hreppsnefnd og einn sýslunefndarmaður, svo að hann er ekki í samræmi við sína kjósendur þar. Það er aftur 11. landsk., því að sýslunefndin þar vill láta baða á hverju ári, og gott ef það er ekki líka meiri hluti hreppanna, — ja, þeir svara ekki allir, svo að það er ekki svo gott að segja, hvernig það er.

Ég held þess vegna, að sé farin þessi leið, sem mörkuð er með frv., að hafa skylduböðun annað hvert ár, láta þá fara fram rækilega kláðaskoðun, útrýmingarböðun, ef þá einhvers staðar finnst vottur af kláða, eða þar á milli, þá munum við komast alveg til lífs á kláðanum á a. m. k. næsta áratugnum og spara þó stórfé. Það á ekki að baða um allt landið af ótta við kláða og leggja í það fyrst og fremst yfir milljón krónur í gjaldeyri fyrir baðlyf, beint útlagða peninga, og svo alla vinnuna, sem því er samfara, gera það af ótta við

kláðann, í staðinn fyrir að láta skoða rækilega og reyna að koma inn hjá mönnum fullum skilningi á því, að þeir eigi ekki að leyna kláða, — það er því miður það, sem stundum hefur verið gert áður, — þá mundi það aldrei kosta nema sáralítið á hverju ári, kannske 10—20 þús., baðlyfið fyrir svæðið, sem þá þyrfti að baða á, og oftast ekkert. Það er þess vegna heildinni alla vega miklu ódýrara og miklu hagfelldara að baða bara annað hvert ár og svo kláðaböðun, þar sem kynni að þurfa, sem ég held að verði ekki víða, — það kann að vera þarna í Húnavatnssýslunni, það er ekki svo gott að segja, hvernig þetta liggur þar, og svo er það einhvers staðar á Vestfjörðunum. Dalasýslan er orðin hrein aftur og eins Strandasýslan af kláðanum, sem kom með lömbunum seinustu. Það finnst ekkert núna neins staðar þar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 70. fundi í Ed., 16. febr., var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.
Brtt. 248 felld með 10:2 atkv.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 247,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 247,2 samþ. með 14 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
6.—7. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 247,3 samþ. með 12 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
9.—10. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., 17. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 259).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Mér var bent á það í gær af þm. Barð., sem er einn maðurinn í n., að í þessum lögum er ekkert ákvæði um það, hvenær þau eigi að öðlast gildi. Ég tel nú í sjálfu sér, að þetta sé a. m. k. ekki gleymska hjá mér, heldur var það gert af því að ég taldi það óþarft. Ef ekkert er um það í l. sjálfum, þá öðlast þau gildi þrem mánuðum eftir að þau eru staðfest í ríkisráði. En eftir l. á þrifaböðun fyrst að fara fram á vetrinum 1960—1961, frá 15. nóv. 1960 til 15. febr. 1961, svo að það út af fyrir sig gerir ekki nauðsynlegt, að í lögin séu sett ákvæði um, hvenær þau öðlist gildi, þau verða alltaf komin í gildi áður. Hins vegar er eitt atriði í l., sem gæti haft áhrif á, hvort sett væri slíkt ákvæði í l. eða ekki. Og það er það, að sú breyting er gerð á með þessu frv., ef að lögum verður, að þegar á að baða vegna kláða, þá á að tvíbaða kindina, bæði eftir þessum og eldri lögunum, en í eldri l. átti þá ríkið að borga annað baðlyfið, en í þessu frv., sem nú liggur fyrir, er mælt svo fyrir, að ríkið borgi baðlyfin, bæði við fyrri og síðari böðunina. Og ef það kæmi upp kláði og þyrfti að útrýma honum einhvers staðar á þeim þrem mánuðum, sem líða frá því, að l. eru samþykkt í ríkisráði, og þangað til þau koma til framkvæmda, þá yrði þarna að fara eftir eldri l. og ekki þess vegna borgað af ríkinu nema baðlyfið í aðra böðunina. Ég held þess vegna, að það sé kannske réttara að setja í frv. ákvæði um, að lögin öðlist þegar gildi, og þá virðist mér, að það muni fara bezt að setja það framan við 10. gr. og láta hana hljóða þannig:

„Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt numin úr gildi lög nr. 90" o. s. frv.

Ég held, að það sé rétt, að ég leggi þessa brtt. fram. Hún er skrifleg og þarf tvöföld afbrigði náttúrlega, en annars skiptir, að mér finnst, litlu máli, hvort hún er samþykkt eða ekki, því að ég held, að kláði komi varla á því tímabili, er um ræðir, þó að náttúrlega gæti það komið fyrir.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 263) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Brtt. 263 samþ. með 10 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 26. fundi í Sþ., 18. febr., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 264).

Á 79. fundi í Nd., 19. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 80. fundi í Nd., 23. febr., var frv. aftur tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Á 103. fundi í Nd., 9. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 105. fundi í Nd., 11. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 264, n. 349).

Frsm. (Jón Pálmason): Herra forseti. Þetta frv. um sauðfjárbaðanir hefur verið til meðferðar hér á Alþingi á síðasta þingi og er svo aftur nú, og orsökin til þess, að hér er farið fram á breytingar á gildandi lögum í þessu efni, er sú, að það hefur komið fram krafa eða tillögur um það að breyta til frá gildandi lögum um þrifabaðanir á þá leið, að ekki sé lögskipað að baða nema annað hvert ár. Landbn. þessarar hv. d. hefur verið andvíg þessari skipan, og afgreiddi þessi hv. d. málið á síðasta þingi á þá leið að halda þessu ákvæði í sama horfi og verið hefur að undanförnu.

Nú hefur eftir till. frá hv. landbn. í Ed. verið leitað eftir áliti sýslunefnda og hrepps-

nefnda úti um allt land varðandi þetta atriði, og hefur þar komið í ljós, eins og við mátti búast, að um það er mjög mikill ágreiningur, en þó orðið á þá leið, að meiri hl. þeirrar n. hefur mælt með því að fara inn á þá leið að lögskipa böðun aðeins annað hvert ár. Og þannig hefur frv. verið afgreitt frá hv. Ed., og var þó ekki nema meiri hluti hv. landbn. í þeirri d. með þeirri skipan.

Nú vil ég taka það fram, eins og fram kemur í nál. landbn. á þskj. 349, að skoðun n. er óbreytt að þessu leyti frá því, sem verið hefur, en við í n. höfum orðið þess varir, að þessi ágreiningur hefur valdið því, að það er orðin nokkur vanræksla á því að framkvæma lögin eins og til er ætlazt, og þess vegna er mjög áríðandi, að þetta frv. sé afgreitt, svo að hér sé ekki um neitt vafamál að gera. Það hefur því orðið að samkomulagi í landbn. að slá undan í þessu efni, ef verða mætti til samkomulags við hv. Ed., og auðvitað byggjum við það á þeirri alkunnu setningu, sem hljóðar á þá leið, að sá verði að vægja, sem vitið hefur meira. En við gerum þá kröfu, að þó verði lögskipuð böðun tvo næstu vetur, þrifaböðun, vegna þeirrar óreglu, sem á þetta hefur komizt, og að þeim tíma liðnum verði ákveðið eða leyft að baða aðeins annað hvert ár.

Ég vænti þess, að með þessari till. geti orðið samkomulag um þetta mál, sem náttúrlega er engan veginn stórt, en nauðsynlegt þó að afgreiða, og væntum þess, að hv. þdm. geti fallizt á okkar sjónarmið í þessu efni.

ATKVGR.
Brtt. 349,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 349,2 (ný 2. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
3.—10. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 106. fundi í Nd., 13. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 371).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 100. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 103. fundi í Ed., 17. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þetta frv. er nú búið að vera tvö þing til meðferðar. Í fyrra var, eins og menn muna, það lagt fram í Nd. og þar samþ. að fyrirskipa sauðfjárbaðanir árlega sem skylduböðun. Þá strandaði málið hér í Ed.

Í millitíðinni voru sýslunefndir spurðar um sitt álit svo og allar hreppsnefndir, og svör hafa borizt frá þeim nokkuð mörgum. Það eru komnar yfir 150 hreppsnefndir, sem vilja láta baða annað hvert ár, og liðugar 30, sem vilja láta baða á hverju ári, en hinar hafa ekki svarað, þær eru liðlega 20.

Við gengum svo inn á það hér í d. og vorum sammála um það að hafa ekki lögskipaðar baðanir á hverju ári, nema þar sem óþrif í fé kæmu upp eða kláði, en annars skyldi böðun höfð annað hvert ár, og reyndum að búa svo um í lögunum, að því væri fylgt eftir, bæði með því að skipa ákveðna baðstjóra, sem reyndar áttu að vera áður, en hefur verið vanrækt að hafa hingað og þangað, og eins með því að hækka sektir, sem voru lágar áður og einskis virði í þessu sambandi.

Þannig fór málið til Nd., og Nd. hefur nú aftur sent okkur það og er nú komin inn á þá samkomulagsleið að láta næstu tvo veturna baða á hverju ári, en úr því annað hvert ár. Aðra breytingu gerði hún eiginlega ekki á frv. Hún breytti að vísu einni annarri gr. Við höfðum sett inn í, að það skyldi vera heimilt að láta fara fram skoðun og aukaböðun, ef mikilla óþrifa yrði vart í sauðfé, en þeir fella þetta „mikilla“ í burtu. Það hefur enga þýðingu í því sambandi. Þetta er eina breytingin.

Nú höfum við nm. ekki haldið fund, en ég hef talað við þá flesta, ég held alla nema einn, og okkur kemur saman um og ég mæli með því, að við samþ. frv. eins og það kemur frá Nd. Það verður þá að lögum, og þá verður þó eftir tvö ár komin á böðun annað hvert ár. Ég skal að vísu viðurkenna það, að ég er dálítið hræddur við það í þessu sambandi, — við höfum hækkað sektirnar dálítið, ekki neitt óskaplega, — og ég er hræddur um, að þessi tvö ár, sem þeir eru skyldir til að baða, þá verði einhverjir, sem brjóti og þyki sektirnar nokkuð háar í því sambandi, en það verður ekki við öllu séð, og sem sagt, ég legg til, að frv. verði samþ. eins og það kemur frá Nd.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 395).

---

42. Veiting ríkisborgararéttar.

Á 90. fundi í Nd., 9. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar *[126. mál] (þmfrv., A. 308).*

Á 91. fundi í Nd., 10. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Gunnlaugur Þórðarson): Herra forseti. Allshn. þessarar deildar barst fyrir nokkru frá dómsmrn. frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar. Í þessu frv. var lagt til, að 26 erlendum ríkisborgurum yrði veittur ís-

lenzkur ríkisborgararéttur, en um leið sendi dómsmrn. nefndinni — ásamt umsóknum fyrrnefndra 26 manna — umsóknir 5 manna um ríkisborgararétt hér á landi. Sú aðferð var höfð, eins og fram kemur í grg. fyrir frv., að nefndin kaus úr sínum hópi tvo menn, mig og hv. 2 þm. Reykv., sem ásamt tveim mönnum úr allshn. Ed. og skrifstofustjóra Alþingis fórum yfir umsóknir, bæði þær, sem teknar höfðu verið upp í frv. dómsmrn., og aðrar, og er niðurstaða þeirrar athugunar frv. það, sem hér liggur fyrir frá allshn. og er að efni til óbreytt eins og dómsmrn. hafði gengið frá því.

Í frv. þessu er fylgt þeim reglum, sem nokkur hefð hefur verið að myndast um að undanförnu, og er gerð ýtarleg grein fyrir þeim í grg. fyrir frv., og vísast til þess.

Í frv. er, eins og fyrr segir, gert ráð fyrir, að 26 manns fái ríkisborgararétt, og má gera eftirfarandi sundurliðun varðandi umsækjendur:

1) Einn maður er Íslendingur, sem gerzt hefur erlendur ríkisborgari, nr. 14 í frv.

2) Nr. 5 og 8 eru af íslenzku og dönsku bergi brotnir.

3) Nr. 9 og 10 eru af íslenzku og þýzku bergi brotnir.

4) Nr. 1, 6, 7, 12, 16, 22 og 24 hafa gifzt íslenzkum mönnum. Nr. 2 hefur verið gift íslenzkum manni í rúmt ár, en dvalizt hér í 10 ár. Nr. 3, 13, 15, 25 og 26 hafa kvænzt íslenzkum konum. Nr. 21 er danskur ríkisborgari.

5) Nr. 4, 17, 18, 19, 20 og 23 eru þýzkir ríkisborgarar.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um frv. þetta og legg til, að því verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 95. fundi í Nd., 19. marz, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 96. fundi í Nd., 20. marz, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 308, 327).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 327 samþ. með 18 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 101. fundi í Nd., 6. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 336, 344).

Pétur Pétursson: Herra forseti. Allshn. þótti rétt að gera brtt., sem hér er birt á þskj. 344, þess efnis að bæta við frv. nöfnum tveggja manna, sem hafa sótt um ríkisborgararéttinn nokkru síðar en hin erindin komu. Þessir menn uppfylla þau skilyrði að öllu leyti, sem n. hefur farið eftir og prentuð eru með frv., og því leggur n. til, að þessum tveimur nöfnum sé nú bætt inn á listann.

ATKVGR.
Brtt. 344 samþ. með 21 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 96. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 350).

Á 97. fundi í Ed., 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 101. fundi í Ed., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 350, n. 365, 374).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Þegar þetta frv. kom til n., lágu ekki fyrir neinar nýjar umsóknir um veitingu ríkisborgararéttar, og þegar n. tók það fyrir á fundi sínum, var það ekki heldur. Þetta var dálítið óvenjulegt, því að venjulega er það svo, að umsóknir um veitingu ríkisborgararéttar eru að berast alltaf, ekki kannske daglega, en alltaf annað slagið, meðan málin eru til meðferðar í þinginu, og eiginlega tefur það alla afgreiðslu málsins og ætti, eins og oft hefur verið tekið fram hér á Alþingi undir meðferð á frv. um ríkisborgararétt, að vera þannig, að allar umsóknir kæmu til stjórnarráðsins og að stjórnarráðið færi í gegnum umsóknirnar og sendi þær í einu lagi til Alþingis, eftir að það er búið að rannsaka réttmæti þeirra, en ekki vera að smápeðra þessu frá sér á löngum tíma, eins og venjan hefur verið. Og það er eiginlega merkilegt, að menn, sem síðar hafa orðið ráðherrar og hafa að þessu fundið með miklu sterkari orðum en ég geri, á meðan þeir voru þingmenn, þá hafa þeir þó vanrækt að gera það eða að sjá um, að þetta væri framkvæmt, þegar þeir urðu ráðherrar.

En síðan nefndin hafði málið til meðferðar og lagði til, að það yrði samþykkt óbreytt, hafa sem sagt borizt þrjár umsóknir um veitingu ríkisborgararéttar til n., sem ekkert er við að athuga, samanborið við aðra, sem inn í frv. eru komnir. Þess vegna hefur n. tekið þá upp og flytur brtt. á þskj. 374 um það, að þeir bætist inn í frv. í réttri stafrófsröð.

Líklega hefðum við ekki tekið þetta inn í frv. samt, ef ekki stæði svo sérstaklega á með þriðja manninn á brtt., sem er Þjóðverji, að hann þarf að fara til Þýzkalands í sumar, að hann sjálfur heldur fram, — hvort það er alveg nauðsynlegt, skal ég láta ósagt. Hann á að fá ríkisborgararéttinn eftir þeim reglum, sem nefndin hefur fylgt, 8. júlí í sumar og er hræddur við það, að ef hann fari til Þýzka-

lands án þess að hafa íslenzkan ríkisborgararétt, þá muni hann verða tekinn þar í herþjónustu. Sækir hann þess vegna nokkuð fast að fá réttinn núna, þó að hann sé seint á ferðinni með það.

Það hefur ekki verið haldinn formlegur fundur um þetta í n., en ég hef talað við nm., — líklega þó ekki einn, — um þetta, og þeir eru sammála mér um að taka þessa menn inn. Ég hef líka talað við bæði formann og þann, sem hefur haft aðallega með málið að gera í neðrideildarnefndinni, farið yfir umsóknirnar og aðgætt, hvort þeir, sem sæktu, uppfylltu þau skilyrði, sem Alþingi hefur komið sér saman um og eru í samræmi við þar til gildandi lög, og þeir telja, að þeir fyrir sitt leyti hafi ekkert á móti því, að mennirnir komi inn, og það mundi ekki verða neinn hörgull á, að frv. verði afgr. í Nd. fyrir því.

Ég mæli þess vegna fyrir hönd n. með því, að þessir menn verði teknir inn.

ATKVGR.
Brtt. 374 samþ. með 10 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 8:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EggÞ, JK, KK, PZ, SB, SÓÓ, SE, AG.
nei: FÞ, GTh, BSt.
6 þm. (FRV, FS, HermJ, JJós, BjörgJ, BjörnJ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Forseti (BSt): Á meðan íslenzk löggjöf leyfir Íslendingum að halda sínum ættarnöfnum, þykir mér þetta ákvæði harðleikið gagnvart útlendingum, sem fá íslenzkan ríkisborgararétt, og segi nei.

3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 102. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 379).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 109. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 110. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 398).

---

43. Almannatryggingar (frv. heilbr.- og félmn. Ed. um greiðslu læknishjálpar).

Á 79. fundi í Ed., 5. marz, var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar [124. mál] (þmfrv., A. 302).

Á 80. fundi í Ed., 6. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Alfreð Gíslason): Herra forseti. Árið 1956 voru gerðar ýmsar verulegar breytingar á lögum um almannatryggingar. Meðal þeirra var sú, að sjúkrasamlög skyldu ekki greiða að fullu læknishjálp utan sjúkrahúsa, eins og verið hafði, heldur skyldu samlagsmenn greiða ákveðið lágt gjald fyrir hvert viðtal og hverja vitjun. Áður var þessi læknishjálp sem önnur samlagsmönnum alveg að kostnaðarlausu. Ákvæði um þetta gjald er að finna í 52. gr. l. og gildir aðeins um samlagsmenn á fyrsta verðlagssvæði. Skulu þeir greiða 5 kr. fyrir hvert viðtal á lækningastofu og 10 kr. fyrir hverja vitjun. Hugmyndin með þessu ákvæði var sú, að ég hygg, að koma í veg fyrir eða draga úr, að fólk misnotaði aðstöðuna til að leita læknis í þéttbýlinu, og jafnframt að lækka lítils háttar tilkostnað sjúkrasamlaganna. Um leið og þessi breyt. komst á í ársbyrjun 1957, lækkuðu greiðslur samlaganna til lækna um 14%. Auk þess mun talið, að þessi breyt. hafi haft í för með sér einhverja lækkun á lyfjakostnaði sjúkrasamlaganna. Hvað læknana snertir, mun ekki vera um fjárhagslegan hagnað að ræða, enda var breyt. ekki til þess gerð. Og sé hún vinsæl hjá læknum, mun það vera af því, að þeir telja hana draga úr hreinni misnotkun réttinda.

Frv. það, sem nú er til umr., felur í sér víkkun þessa ákvæðis um gjaldskyldu sjúkrasamlagsfólks, þannig að ákvæðið nái einnig til kaupstaða og kauptúna á öðru verðlagssvæði, ef þar starfa fleiri læknar en héraðslæknir einn. Þó skal þetta háð ákvörðun sjúkrasamlagsstjórnar á hverjum stað og samþykki tryggingaráðs hverju sinni.

Hv. heilbr.- og félmn. flytur þetta frv. fyrir tilmæli Læknafélags Íslands. Ástæðan fyrir þeim tilmælum er sú, að sums staðar á landinu gætir óeðlilegs misræmis vegna þessa munar á greiðslum eftir verðlagssvæðum. Á nokkrum stöðum gegna sömu læknarnir störfum á báðum verðlagssvæðum, sem þá liggja hlið við hlið. Á öðru svæðinu er fólki gert að greiða aukagjald, en á hinu svæðinu ekki. Þetta er óeðlilegt. Þá er það kannske ekki alveg réttlátt, að ekki skuli gilda sama regla í þessu efni í öllum þéttbýlum læknishéruðum, og eru dæmi til, að risið hafi óánægja út af því.

Læknafélagið hafði borið þetta mál undir forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins og heilsugæzlustjóra, og voru báðir meðmæltir þeirri breyt., sem í frv. felst. Hv. heilbr.- og félmn.

leitaði umsagnar tryggingaráðs um frv., og mælir það einnig með samþykkt þess, og sjálf leggur n. einróma til, að frv. verði samþ.

Ég endurtek að lokum, að breyt., sem um er að ræða, verður hvergi framkvæmd nema þar, sem viðkomandi samlagsstjórn ákveður, og að samþykki tryggingaráðs er áskilið hverju sinni.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það er í sjálfu sér ekki til að tala um frv., sem ég kveð mér orðs — og þó. Ég hef ákaflega oft áður fundið að því, þegar á sama þinginu eru mörg lög til að breyta einum og sömu lögunum. Nú liggja hér fyrir tvö mál, 124. og 125., bæði um breyt. á sömu l. Annað er lagt fram í Nd., hitt í Ed. Þetta líkist ekki neinum vinnubrögðum, að verið er að koma með sex umr. um breyt. á sömu l., í staðinn fyrir að sameina þetta í eitt frv. um breyt. á l., þar sem á að breyta þeim á annað borð. Ég vil þess vegna mjög mælast til þess, annaðhvort að n. hér bíði, þangað til frv. kemur frá Nd., ellegar hæstv. ríkisstjórn sjái um það, að neðrideildarfrv. bíði í Nd., þangað til þetta kemur frá okkur, svo að það sé hægt að sameina þetta í eitt frv. og ekki þurfi að samþ. frá Alþingi nú tvö frv. um breyt. á sömu l. Það er bara eins og önnur sóun á vinnubrögðum og ekki nein hugsun í því, hvernig þingstörfin ganga, að vera að láta fara fram sex umr. í deild um tvö frv. um breyt. á sömu l., í staðinn fyrir að setja þau í eitt. — Ég vildi bara benda á þetta.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Ed., 2. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 96. fundi í Ed., 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 102. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 104. fundi í Nd., 10. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 23 shlj. atkv.

Á 109. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 110. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 302, n. 377).

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Þetta mál er komið frá Ed., var flutt þar að beiðni Læknafélags Íslands. Tryggingastofnun ríkisins hefur tjáð sig samþykka þessari afgreiðslu málsins, þar sem þetta er til samræmis, — þar sem aðstæður á öðru verðlagssvæði eru eins og á fyrsta verðlagssvæði, þá skuli heimilt að láta þessa reglu í b-lið 52. gr. gilda einnig á öðru verðlagssvæði, ef sjúkrasamlagið á hlutaðeigandi stað og tryggingaráð samþykkja. — N. mælir með, að þetta verði samþykkt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 111. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 113. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 427).

---

44. Bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Á 56. fundi í Nd., 15. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um breyt. á l. nr. 33 1929, um bæjarstjórn í Hafnarfirði [81. mál] (þmfrv., A. 165).

Á 57. fundi í Nd., 16. jan., var frv. tekið til 1. umr.
Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Forsrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þegar Hafnarfjarðarkaupstaður fékk kaupstaðarréttindi fyrir 50 árum rúmum, 1908, voru mörk lögsagnarumdæmis hans ákveðin. Síðan hefur þessum mörkum ekki verið breytt, nema hvað lög nr. 11 1936 ákváðu, að nokkur landsvæði utan hins eiginlega kaupstaðar skyldu einnig lögð undir lögsagnarumdæmið vegna þeirra afnota, sem Hafnfirðingar höfðu af þessum löndum.

Þegar lögin um kaupstaðarréttindi fyrir Hafnarfjörð voru samþ. 1908, átti kaupstaðurinn vitanlega ekkert af því landi, sem hann var byggður á, og mörk lögsagnarumdæmisins voru að segja má mjög þröngt ákveðin. Nú

hefur málum skipazt þannig á þeim 50 árum, sem síðan eru liðin, að kaupstaðurinn hefur eignazt nálega allt landið, sem hann er byggður á, og mikið land þar fyrir utan. Vöxtur bæjarins undanfarin ár hefur verið allör, og það er nú komið svo í dag, að byggðin er að komast út fyrir þessi gömlu kaupstaðarmörk. Það eru heil byggðarhverfi, sem eru þar í byggingu, og verður að leggja um þau vegi, vatnslagnir, holræsalagnir, rafmagn o. fl., og það verður náttúrlega kaupstaðurinn að gera, að svo miklu leyti sem það er innan hans takmarka. En fólk, sem er rétt utan við þessi takmörk eða er að byggja utan við þessi takmörk, þarf vitaskuld einnig að fá þessa fyrirgreiðslu, og þess vegna er þetta mál flutt nú.

Þessum nýju mörkum, sem hér er stungið upp á, er hagað þannig, að það eru ekki nema þrír bæir úr öðrum hreppi, sem á þennan hátt koma undir hið nýja lögsagnarumdæmi, en að öðru leyti er þetta alveg óhagnýtt land, sem er eign kaupstaðarins. Og þeirri meginreglu er fylgt við setningu hinna nýju marka yfirleitt, að fylgt er mörkum eignarlandsins nánast alveg víðast, en annars staðar mjög nærri því.

Við þessa breytingu lenda, eins og ég sagði, þrír litlir bæir úr Garðahreppi innan lögsagnarumdæmisins nýja, eins og það verður, það eru jarðirnar Ás, Stekkur og Þorlákstún, en að öðru leyti er hér um óbyggt land að ræða.

Ég vil vænta þess, að þar sem hér liggur talsvert á að greiða úr þessu vegna hinnar öru byggingarstarfsemi á mörkum lögsagnarumdæmisins nú, þá verði þessu máli hraðað og það fái fljótlega sína afgreiðslu í þessari hv. d. og á Alþ., enda sé ég ekki, að það ætti að þurfa að valda neinum ágreiningi.

Ég leyfi mér svo að leggja til, að þessu máli verði að lokinni umr. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 111. fundi í Nd., 18. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 113. fundi í Nd., 21. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 165, n. 388).

Frsm. (Pétur Pétursson): Herra forseti. Allshn. hefur haft þetta frv. til athugunar um nokkurn tíma, en það fjallar að meginefni til um stækkun lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar.

Það er vitað mál, að eftir að byggð hefur þanizt svo út sem raun ber vitni um í Hafnarfirði og óverulegar breytingar hafa verið gerðar, síðan kaupstaðurinn fékk réttindi sín samkv. lögum frá 1908, þá hefur bæjarstjórn Hafnarfjarðar talið nauðsynlegt að stækka lögsagnarumdæmið. Fljótlega kom upp nokkur ágreiningur á milli bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og hreppsnefndar Garðahrepps um það, hver mörkin skyldu verða, en eftir að þessir aðilar höfðu komið sér saman um, hvernig þessi merki skyldu verða, hefur allshn. flutt breyt., sem sýnd er á þskj. 388, en um þær till., sem þar eru fluttar, er algert samkomulag á milli þessara tveggja aðila, sem þarna eiga hlut að máli, og því leggjum við til, að þessar breytingar séu gerðar.

Gunnar Jóhannsson: Herra forseti. Í sambandi við frv. á þskj. 165, sem flutt er af hæstv. forsrh. um breyt. á lögum nr. 33 1929, um bæjarstjórn í Hafnarfirði, vil ég taka fram eftirfarandi:

Mér gafst ekki tækifæri til þess að ræða frv. á fundi hv. allshn. d., en til þeirrar n. hafði frv. verið vísað. Hins vegar var komið með nál. til mín til undirskriftar. Í nál. allshn. eru gerðar allverulegar breyt. frá því, sem frv. gerir ráð fyrir í upphafi. Breytingarnar munu vera gerðar í samráði við meiri hl. bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar og hreppsnefndar Garðahrepps. Einn af bæjarráðsmönnum Hafnarfjarðarkaupstaðar, Kristján Andrésson, var ekki samþykkur breytingunum og lét bóka eftirfarandi:

„1. Að ekkert liggur fyrir um afstöðu Alþ., er bendi til þess, að ekki verði fallizt á samþykkt bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar frá 2. des. s. l. um breytingar á lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, og því ástæðulaust að hvika frá þeirri samþykkt.

2. Þar sem í fram kominni till. felst, að mjög stórt og dýrmætt byggingar- og ræktunarland er afsalað til Garðahrepps.“

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar voru svo breytingar á frv. samþ. með 6:2 atkv., einn bæjarfulltrúi var ekki mættur á fundinum.

Það liggur því fyrir, að um fram komnar breyt. er ekki full samstaða í bæjarstjórn kaupstaðarins.

Ég taldi rétt, að þessar upplýsingar kæmu hér fram, þar sem undir umr. var ekkert á þetta minnzt og ekki heldur í nál.

Fjórir af fimm nm. allshn. hafa skrifað undir nál. athugasemdalaust og hafa þar með lýst sig sammála síðari samþykkt meiri hl. bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar og hreppsnefndar Garðahrepps. Af þeim ástæðum m. a. tel ég litlar líkur fyrir því, að frv. í sinni upprunalegu mynd fáist samþ., og mun því greiða atkv. með brtt. n., enda mun sú afstaða n. tekin í samráði við hv. flm.

Forsrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Það hefur nú orðið nokkur dráttur á afgreiðslu þessa máls, og liggja til þess þær ástæður, að skömmu eftir að frv. var fram borið, bárust andmæli gegn því frá hreppsnefnd Garðahrepps. Eftir að það varð ljóst, að ekki var fullt samkomulag á milli bæjarstjórnar Hafnarfjarðar annars vegar og hreppsnefndar Garðahrepps hins vegar um mörkin á milli lögsagnarumdæmanna, kom það í ljós, að æði margir alþm. ræddu við mig um það, að erfitt væri fyrir þá að afgreiða málið, án þess að samkomulag á milli þessara tveggja málsaðila lægi fyrir.

Það var þess vegna í það farið að freista

að ná þessu samkomulagi, og það tókst. Samkomulagið er á þá lund, að tvö lítil svæði, sem upphaflega voru tekin inn í frv. sem hluti af væntanlegu lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar, eru felld í burtu og verða áfram í Garðahreppi. Þessi svæði eru annað á vesturmörkum kaupstaðarins, en hitt á suðurmörkunum. Á vesturmörkunum liggja nú þegar nokkur hús, og þar búa nokkrir menn, sem hafa um skeið verið taldir til Garðahrepps, þó að það kunni að orka tvímælis, hvort þeir eigi þar að vera eða ekki. Til samkomulags var af meiri hluta bæjarstjórnar á það fallizt, að þetta svæði yrði áfram innan Garðahrepps. Hitt svæðið, á suðurmörkum kaupstaðarins, er ekki byggt af neinum, en um það er það að segja, að þar er nokkur ágreiningur um mörk á eignarlandi Hafnarfjarðarkaupstaðar, og til þess að blanda ekki þeim deilum inn í þetta mál, sem ekkert koma því við, var á það fallizt að breyta suðurmörkunum lítillega til þess að forðast deilur út af þessu atriði. En vitaskuld breytir það engu um kröfur Hafnarfjarðarkaupstaðar í sambandi við mörk eignarlandsins, sem er annað en takmörk lögsagnarumdæmisins, þannig að þó að nokkur hluti sé þar undanskilinn lögsagnarumdæminu, mun Hafnarfjarðarkaupstaður eftir sem áður halda fram sínum rétti til eignar á landinu. Þetta eru tveir litlir skikar, og má segja, að þeir hafi ekki mikla þýðingu til né frá í þessu sambandi.

En í 1. gr. frv. er sérstakur kafli, merktur b, sem líka hefur verið felldur niður, en það eru ræktunarlönd, sem Hafnarfjarðarbær á sínum tíma fékk á leigu hjá ríkissjóði með sérstökum lögum, og þar með heimild til þess að innlima þau lönd í lögsagnarumdæmið. Til þess að koma málinu áfram og firra vandræðum hefur nú verið fallið frá því að gera nú kröfu um innlimum þessa lands, heldur verður það áfram í Garðahreppi, þó að landið sé í umsjá Hafnarfjarðarkaupstaðar eða m. ö. o. hann hafi það á leigu frá ríkissjóði.

Ég fyrir mitt leyti tel, að það hafi verið skynsamlegt og eðlilegt að fallast á það samkomulag, sem gert hefur verið, frekar en að halda málinu óbreyttu til streitu, eins og hv. 6. landsk. þm. virtist vilja gera, enda meiri hl. bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, sem vildi vinna það til samkomulagsins og til þess að fá málið örugglega fram að láta af hendi þessa skika, sem gert er ráð fyrir í brtt. nefndarinnar.

Ég tel líka, að ef ekki hefði verið til samkomulagsins gengið, hefði verið stefnt í fulla tvísýnu um afgreiðslu málsins og kannske öllu meiri líkur til, að ekki hefði náðst meiri hluti fyrir samþykkt þess, a. m. k. eftir þeim upplýsingum, sem ég hafði um það hjá ýmsum hv. alþm., sem ræddu við mig um málið.

Ég tel þess vegna, að það hafi verið rétt og skynsamlegt að fara þessa samkomulagsleið, og er henni samþykkur. Ég vil þess vegna vænta nú, þegar þessum ágreiningi við Garðahrepp er rutt úr vegi og algert samkomulag um málið, að þá hljóti það héðan af skjóta afgreiðslu.

ATKVGR.
Brtt. 388 (ný 1. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 114. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 426).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 106. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 107. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 109. fundi í Ed., 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 426, n. 444).

Frsm. (Eggert Þorsteinsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er upphaflega flutt af hv. þm. Hafnf. (EmJ), núverandi forsrh. Mun það vera til komið vegna þess, að bæjartakmörkin í Hafnarfirði þóttu nokkuð óljós og þess jafnvel dæmi, að nýbyggingar í Hafnarfirði hafi lent á bæjarmörkunum og jafnvel utan þeirra.

Þetta frv. hefur legið alllengi fyrir hv. Nd., og þar hefur verið leitað umsagnar viðkomandi hreppa, sem áttu lönd að þessum landamerkjum, og frv., eins og það er komið nú frá Nd. og eins og það lá fyrir okkur hér í hv. allshn., er samkomulagsfrv. þeirra aðila, sem hlut eiga að máli.

Ég tel ekki þörf á því að fara nánar út í einstök atriði málsins, enda málið allmjög flókið hvað landamerkin snertir, en við í n. höfðum samráð um þetta og samstarf við hv. flm. málsins, og lét hann okkur í té kort, sem er hér í d. til sýnis þdm., sem óska eftir að vita nákvæmlega um, hvernig bæjartakmörkin verða skv. þessu frv.

Ég legg áherzlu á það, að n. er sammála um að mæla með samþykkt frv., og svo í öðru lagi, að samkomulag er milli hlutaðeigandi aðila um, að frv. nái, eins og það er nú, fram að ganga.

Ég tel ekki þörf á á þessu stigi málsins að hafa um þetta fleiri orð.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég klauf ekki n., en ég tel mjög vafasamt, hvort þetta

frv. eigi að ná fram að ganga. Ég hef talið frá því fyrir löngu, þegar Reykjavíkurbær var að leggja hér undir sig Mosfellssveitina og fyrst Skildinganesið, að það væri mjög hæpið, hvort ætti að taka svona í smááföngum þessar nærliggjandi sveitir og hvort ekki ætti að gera það í einu skrefi og gera Reykjavík, Hafnarfjörð og svæðið hérna á milli allt saman að einu og sameiginlegu lögsagnarumdæmi.

Nú er svo komið náttúrlega í Hafnarfirði, að þeir voru búnir að byggja úti á landi Garðahrepps á milli 20 og 40 hús, og uppgötvuðu fyrst, þegar þeir fóru að búa til kjörskrá og þessi hús voru talin í Hafnarfirði, en stóðu í Garðahreppi, að þeir, sem í þeim bjuggu, áttu alls ekki kosningarrétt í Hafnarfirði, þau væru í allt öðrum hreppi. Þá var það fyrst uppgötvað, og þá var farið að flýta sér að reyna að laga þetta með því að innlima þetta svæði og meira til inn í Hafnarfjörð. Svona yfirgangur gengur ekki. Það nær ekki neinni átt fyrir einn kaupstað að byggja á lóðum annars hrepps, þótt ónotaðar séu, láta borga lóðargjald til sín og setja mennina í útsvar og allt hjá sér, þegar þeir eiga heima í öðrum hreppi. Þetta líkist ekki neinu, þetta þarf að laga, og ég held, að það eigi að athuga þessi mál miklu betur og reyna að ná samkomulagi um miklu meiri samruna á þessu þéttbýli, sem er hér í kringum Reykjavík, heldur en gert er með þessu frv. Þar að auki kann ég ákaflega illa við það, ef menn líta á kortið, sem er þarna inni í stigaherberginu, að hafa land eins kaupstaðar sundurskorið í ótal parta og innan í því land úr öðrum hreppum. Innan í miðju Hafnarfjarðarlandinu er núna land frá Bessastaðahreppi, sem ekki er hægt að komast að nema fara í gegnum Hafnarfjörð, og svo á að gilda sama vatnsveita um allt svæðið fyrir Hafnarfjörð o. s. frv. Þetta er allt saman hálfhugsað og varla það, og ég mun ekki greiða frv. atkv., þó að ég klyfi ekki nefndina.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SB, SÓÓ, EggÞ, FS, FÞ, JJós, JK, KK, BSt.

nei: SE.

BjörnJ, FRV, PZ greiddu ekki atkvæði.

4 þm. (AG, BjörgJ, GTh, HermJ) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svo hljóðandi grein fyrir atkv. sínu:

Finnbogi R. Valdimarsson: Ég get á margan hátt tekið undir það, sem hv. 1. þm. N-M. (PZ) sagði um þetta mál. En þar sem mér skilst, að samkomulag sé milli viðkomandi sveitarfélaga um að óska eftir afgreiðslu málsins, eins og það liggur fyrir, mun ég ekki setja mig á móti frv. og greiði ekki atkv.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 110. fundi í Ed., 30. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 466).

---

45. Virkjun Sogsins.

Á 33. fundi í Ed., 9. des., var útbýtt:

Frv. til l. um viðauka við l. nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins [65. mál] (þmfrv., A. 121).

Á 36. fundi í Ed., 11. des., var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Virkjun Efra-Sogs er nú allvel á veg komin og framkvæmdir hafa gengið nokkru hraðar en áætlað hafði verið. Það hafði verið gert ráð fyrir því og ákveðið í verksamningi um byggingarvinnuna, að stöðin ætti að geta tekið til starfa 1. nóv. 1959. Hins vegar þurfti ekki öllu verkinu að vera lokið þá og m. a. átti ekki að fullgera stíflu fyrr en á árinu 1960. Nú hefur verkinu miðað betur áfram en gert var ráð fyrir og áætlað í upphafi, svo að nú eru horfur á því, að því verði heldur fyrr lokið og m. a. að stíflunni verði unnt að fullgera á næsta ári.

Kostnaðaráætlun, sem nýlega hefur verið endurskoðuð, fyrir virkjun Efra-Sogs er núna 192 millj. kr. Þar af er erlendur kostnaður 70 millj. rúmar, innlendur kostnaður rúmlega 91 millj. og tollar og önnur opinber gjöld 30 millj. Fjár hefur verið aflað fyrir erlenda kostnaðinum öllum og enn fremur fyrir innlenda kostnaðinum, öðrum en 30 millj., er ég gat um síðast.

Stjórn Sogsvirkjunarinnar hefur staðið í sambandi við seðlabankann og við ríkisstj. um fjáröflun þessa, og það frv., sem hér er flutt, er árangur af þeim viðræðum. Það er gert ráð fyrir að bjóða út skuldabréfalán að upphæð 30 millj. kr., og eftir uppástungu seðlabankans er farin sú leið að gera ráð fyrir verðtryggingu skuldabréfanna, og segir um það í 1. gr. þessa frv., að ákveða megi, að skilmálar bréfanna séu þannig, að upphæð endurgreiðslu og vaxta breytist í hlutfalli við breytingu rafmagnsverðs til neytenda í Reykjavík frá útgáfudegi verðbréfanna til gjalddaga.

Hér er sem sagt farið út á braut, sem áður hefur verið farin með útgáfu vísitölutryggðra bréfa, en í stað þess að miða við þá almennu vísitölu hér, er gert ráð fyrir að miða við rafmagnsvísitölu eða rafmagnsverðsvísitölu.

Seðlabankinn hefur heitið aðstoð og fyrirgreiðslu um sölu þessara bréfa. En það er hvort tveggja, að til þess að gefa út slík bréf þarf lagaheimild og auk þess ríkisábyrgð. Það,

sem þetta frv. fer fram á, er því að heimila stjórn Sogsvirkjunarinnar að taka þetta skuldabréfalán og að ríkissjóður og bæjarsjóður Reykjavíkur ábyrgist sameiginlega þessa skuldabréfaútgáfu, eins og þessir tveir aðilar, er eiga Sogsvirkjunina saman, bera sameiginlega ábyrgð á öllum hennar skuldbindingum.

Það var einróma samþykkt í fjhn. þessarar d. að beiðni fjmrn. að flytja þetta frv., og vænti ég þess, að það fái góðar undirtektir í þessari hv. deild.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég áttaði mig bara ekki á því, að frv. mundi ekki fara til n., og þess vegna bað ég ekki um orðið áðan. En að láta verðgildi bréfanna fara eftir því, sem bæjarstjórn Reykjavíkur þóknast að selja rafmagnið á á hverjum tíma, það nær ekki nokkurri átt. Bæjarstjórn getur einn góðan veðurdag sett svo mikið niður verðið á rafmagninu, að bréfin verði einskis virði, og þá getur hún keypt þau. Hún getur líka sett rafmagnsverð upp og með því aukið gildi bréfanna. Að miða við rafmagnsverðið og láta það þannig í hendur bæjarstjórnarmeirihlutanum, hver sem hann er á hverjum tíma, það nær ekki nokkurri átt, og þess vegna álít ég að ætti að láta nefndina athuga frv. betur.

Forseti (BSt): 1. umr. um málið var lokið, og veitti ég ekki þm. orðið til þess, að hann gæti talað efnislega um málið, því að það er tækifæri til þess bæði við 2. umr. og 3. umr. að gera það. En það er þá till. um að vísa málinu til fjhn., sem ber málið fram, og verður hún borin upp.

Fellt með 8:6 atkv. að vísa frv. til fjhn.

Á 37. fundi í Ed., 12. des., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 38. fundi í Ed., 15. des., var frv. aftur tekið til 2. umr.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 130) leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.

Björn Jónsson: Herra forseti. Eins og hæstv. forseti hefur lýst, hef ég leyft mér að flytja ásamt hv. 1. þm. N-M. brtt. við þetta frv. þess efnis, að 2. málsgr. 1. gr. falli niður, og eru til þess nokkrar ástæður, sem ég vil skýra ofur lítið.

Þetta mál snýst um það, hvernig afla skuli 30 millj. kr. lánsfjár til greiðslu tolla af innflutningi efnis til Sogsvirkjunarinnar. Ég tel ekki með öllu óeðlilegt eftir atvikum, að þessa fjár sé aflað með útgáfu skuldabréfa, eins og gert er ráð fyrir í 1. og 3. málsgr. 1. gr. frv., en er hins vegar algerlega andvígur þeirri aðferð, sem viðhafa á skv. 2. málsgr.

Þessi skuldabréf, sem þarna á að gefa út, eiga að vera verðtryggð, en þó ekki í samræmi við almennt verðlag í landinu, heldur í samræmi við rafmagnsverðsvísitölu. Það á ekki að verðtryggja þessi bréf í samræmi við framfærsluvísitölu, eins og verið hefur um þau einu skuldabréf, sem hingað til hafa verið gefin út verðtryggð í landinu, heldur verð á ákveðinni þjónustu, sem innt er af hendi. Ég held, að með þessu fyrirkomulagi væri farið út á mjög hálan ís, að ekki sé meira sagt, og skapað fordæmi, sem gæti leitt af sér margs konar vandkvæði, ef farið væri lengra út í svipaða sálma. Ég tel þetta vera mjög vanhugsað, og raunar hreina fásinnu.

Ég veit ekki, við hvað helzt mætti jafna þessu, — það væri þá kannske það, ef fyrirtæki eins og mjólkursamsalan þyrfti á lánsfé að halda til byggingar mjólkurstöðvar eða einhvers því um líks og gæfi þá út skuldabréf, sem væru miðuð við verð á mjólk. Síðan gætu önnur fyrirtæki komið með kjötvísitölu o. s. frv. endalaust. Ég held, að ef verðtryggja á innstæðufé eða lánsfé, verði að gilda um það sömu reglur í öllum tilfellum, en ekki mismunandi eftir því, til hvers féð á að fara.

Auðvitað er verðtrygging á lánsfé og innstæðufé mál út af fyrir sig, stórmál, sem ýmsir hafa verið að tæpa á að undanförnu vegna hinnar vaxandi verðbólgu og þeirra vandræða, sem hún skapar fyrir þá, sem eiga sparifé. En ef út í slíkt væri farið, þá held ég, að engum gæti blandazt hugur um, að það yrði að gilda ein og sama verðtrygging fyrir allt innstæðufé og allt lánsfé.

Í grg. þessa frv. er frá því skýrt, að viss fyrirgreiðsla, sem ekki er þó fyllilega skilgreind, af hálfu seðlabankans sé háð því, að þessi skuldabréf séu verðtryggð á þann hátt, sem í frv. er gert ráð fyrir. Ég held, að það leyni sér ekki af því, sem segir í grg., og af því, sem fram hefur komið á öðrum vettvangi, að þarna mun vera átt við það, að seðlabankinn muni kaupa verulegan hluta þessara skuldabréfa eða að minnsta kosti það, sem ekki selst á venjulegum verðbréfamarkaði.

Ég verð að segja, að mér finnst það algerlega óframbærilegt, að lánsfé seðlabankans verði fyrst verðtryggt af öllu lánsfé í landinu. Ég held, að það væri miklu meiri sanngirni og miklu meiri þörf í því, að aðrir yrðu þar á undan, t. d. almennir sparifjáreigendur. Það er vitað, að seðlabankinn tekur mikið fé, milljónatugi, af atvinnuvegum þjóðarinnar umfram þarfir, og ég tel þess vegna algerlega fráleitt, að hann verði settur skör hærra en allir aðrir, sem eiga fé, og að hans fé verði þannig tryggt umfram allt annað.

Enn er sú ástæða til þess, að ég er andvígur þessum hluta frv., að til þessa hefur aðeins ein stofnun í landinu notið þeirra forréttinda að mega gefa út vísitölutryggð eða verðtryggð skuldabréf, en það er húsnæðismálastofnunin eða Landsbankinn fyrir hennar hönd. Ég tel, að ef önnur stofnun á þarna einnig að koma með verðtryggð bréf inn á markaðinn, þá geti það ekki leitt til annars en þess, að þessi stofnun verði ófærari en ella um að sinna sínu ætlunarverki, þ. e. a. s. að ráða bót á húsnæðisleysinu og húsnæðisbölinu í landinu. Af þeirri ástæðu einnig er ég á móti þessari málsgr. frv.

Ég tel það líka algerlega óviðeigandi, að seðlabankinn, sem á að réttu lagi að vera undir stjórn ríkisstj. á hverjum tíma, setji Alþ. og ríkisstj. skilyrði um það, hvernig stofnanir, sem heyra undir ríkið, leiti sér lánsfjár. Ég tel miklu nær lagi, að ríkisstj. geti fyrirskipað seðlabankanum að lána fé með eðlilegum hætti, ef hann hefur það á annað borð handbært, til þeirra hluta, sem hér um ræðir, eða annarra. Ég held, að það sé ríkisstj., sem á að ráða seðlabankanum, en ekki öfugt. Ég hefði eftir atvikum talið, að eðlilegt væri, að þetta mál hefði beðið fyrirgreiðslu ábyrgrar ríkisstj. Það mun vera upplýst, að málið líður enga nauð og framkvæmdir við Sogsvirkjunina stöðvast ekki, og ríkissjóður mun heldur ekki bíða neitt óbætanlegt tjón af því, þótt þetta mál bíði um sinn, og væri það sæmra, ef ekki er hægt að leysa það með öðrum hætti en þeim, sem hér er lagt til.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Hv. 6. þm. Reykv. er frsm. n. í þessu máli. Það er eingöngu sökum þess, að hann kom hér ekki inn á fundinn fyrr en í lok ræðu hv. 8. landsk. þm., að ég kvaddi mér hljóðs.

N. hefur rætt þetta mál á tveim fundum eftir 1. umr., fyrir utan það, að hún athugaði málið og ræddi það nokkuð, þegar hún ákvað að flytja það fyrir hönd hæstv. fjmrh. Á fyrri fundinum, sem n. tók málið fyrir á, eftir að því hafði verið vísað til 2. umr., — en þar höfðu einmitt komið fram óskir um það, að n. athugaði málið nánar, — var mér falið að ræða við bankastjóra seðlabankans um 2. málsgr. 1. gr. frv. Þá þegar kom fram, að það var uppi sú skoðun í n., að ákvæði þessarar málsgr. væru óeðlileg og ekki heppileg.

Ég gerði þetta, ég átti tal við aðalbankastjóra seðlabankans. Hinn bankastjóri hans var ekki viðstaddur, hann var vestur á Ísafirði þá í erindum bankans. Það er í skemmstu máli frá því að segja, að bankastjórinn taldi, að það væri með öllu óhugsandi að selja skuldabréf nú, nema þau væru með einhverjum hætti verðtryggð. Og mér skildist á honum, að það væri fyllilega hugmynd bankans að selja almenningi svo mikið af þessum skuldabréfum sem mögulega væri hægt að koma út, og vitanlega alla þessa upphæð, ef kaupendur fengjust fyrir svo hárri fjárhæð. Þess vegna er það ekki rétt, að hér sé um að ræða lán seðlabankans til rafveitunnar, heldur frjálsa sölu skuldabréfa, sem bankinn, eins og venjulegt er að slíkar stofnanir geri, ætlar að hafa milligöngu um sölu á.

Ég sé ekki, að það komi neitt málinu við, þó að þetta fé eigi að einhverju leyti eða öllu að nota til þess að greiða áfallna tolla, því að tollar, sem Sogsvirkjunin þarf að greiða, eru kostnaður við hana, alveg eins og hvað annað, og er að því leyti alveg sama, hvort andvirði bréfanna rennur endanlega til ríkissjóðs eða eitthvað annað. Þar sé ég engan mun á.

Ég bar það undir bankastjórann, hvort það væri endilega nauðsynlegt að miða verðtrygginguna við rafmagnsverð, og sagði hann, að sér fyndist það í þessu tilfelli eðlilegast, en hann væri þó til viðræðu um að miða það við almenna vísitölu, kaupgjaldsvísitölu. Þetta fyndist honum einfaldast og eðlilegast í þessu tilfelli. Og um það, sem hér hefur komið fram, að þá hafi bæjarstjórn Reykjavíkur, að mér skilst, það á valdi sínu að hækka verð þessara bréfa með því að hækka verðlagstaxtann, þá er þess að gæta, að bæjarstjórn Reykjavíkur er fulltrúi æði margra manna, þar sem býr nú þriðjungur þjóðarinnar hér í Reykjavík eða um það bil, og auk þess er bæjarstjórn Reykjavíkur ekki sjálfráð um þetta, heldur er hér um sameign bæjarins og ríkisins að ræða, svo að það væri þá bæði ríkisstj. og bæjarstjórnin, sem ættu að hafa áhrif á það við stjórn Sogsvirkjunarinnar að fara að braska þannig. Ég held, að það sé tiltölulega lítil hætta á því, að fulltrúar almennings, sumpart allrar þjóðarinnar og sumpart þriðjungs þjóðarinnar, misnoti þannig trúnað sinn.

Að jafna þessu við það, að mjólkursamsalan fengi rétt til að gefa út tryggð skuldabréf og miða þar við verð á mjólk, það finnst mér hrein fjarstæða, því að mjólkursamsalan er aldrei annað en félagsskapur ákveðinna aðila og alls ekki að fulltrúar hennar séu jafnframt fulltrúar allrar þjóðarinnar eða höfuðborgarinnar í heild sinni.

Það má ræða um almenna verðtryggingu á innstæðufé, öllu innstæðufé. Og ég vil segja það út af því, sem fram kom í ræðu hv. 8. landsk. þm., að ég væri fyllilega til viðræðu um það að verðtryggja allt innstæðufé, og ég sé ekki annað en það verði að gera fyrr en síðar, ef ætlazt er til, að almenningur yfirleitt hafi lengur fé inni í bönkum og sparisjóðum og leggi þannig atvinnuvegum þjóðarinnar til starfsfé, því að það, sem er alltaf að gerast með aukinni dýrtíð, er það einkum og sérstaklega, að það er verið að ræna þá menn, sem eiga sparifé, eignum sínum. Og það fólk, sem á sparifé og leggur þannig þjóðinni til rekstrarfé, held ég að ekki séu stórlaxar þjóðfélagsins, sem stundum er talað um, — ég held, að það sé yfirleitt fólk, sem er ekki efnað, en er sparsamt og er að reyna að tryggja framtíð sína, ýmist að reyna að safna sér fé til að byggja hús eða ætlar að tryggja sig í ellinni með því að eiga nokkrar krónur í banka eða sparisjóði. En þótt það bæti árlega við þessar innstæður, þá geta þær aldrei vaxið raunverulega, svo að það er fyllilega ástæða til að fara að athuga það mál, sem hv. 8. landsk. vék að, að verðtryggja allt sparifé.

En ég hygg nú samt, þó að ég sé alveg með því, að slíkt sé gaumgæfilega athugað og framkvæmt, ef tæknilegar ástæður gera það ekki ómögulegt, þá tel ég víst, að það mál þurfi allmikinn undirbúning, áður en nákvæmar reglur verða settar um það, hvernig slíkt megi gerast. Og þess vegna held ég að það sé alveg fráleitt að láta þetta mál bíða eftir slíkum ráðstöfunum.

Ég býst við, að það sé nauðsynlegt að samþykkja þetta frv. og það fyrir áramót eða með

einhverjum hætti að útvega Sogsvirkjuninni þessa peninga, jafnvel þótt það væru aðallega tollar, sem þetta ætti að ganga upp í, því að ef Sogsvirkjunin greiðir ekki þessa tolla fyrir áramót, sem henni ber að gera, þá er hún komin í vanskil gagnvart ríkissjóði, sem ekki er tekið vægt á. Ég skal ekki segja nema í þessu tilfelli yrðu einhverjar ráðstafanir aðrar gerðar, en almennt er gengið ríkt eftir því, að slíkt sé greitt, svo að ég geri ráð fyrir því, að þeim aðilum, sem að þessu frv. standa, þyki mjög áríðandi, að frv. sé afgr. sem fyrst. Annars getur hv. frsm. n., hv. 6. þm. Reykv., betur upplýst það atriði en ég, hvort nauðsyn sé á skjótri afgreiðslu þessa máls.

Ég get ómögulega séð, að það hafi við rök að styðjast, sem hv. 8. landsk. þm. lét hér orð liggja að, að seðlabankinn sé að setja Alþ. skilyrði með þessu frv. Hann lætur það álit í ljós, að bréfin séu ekki seljanleg, nema þau séu verðtryggð með einhverjum hætti. Það tel ég ekki að setja Alþ. skilyrði. Auðvitað skiptir seðlabankinn sér ekkert af því, þó að Alþ. útvegi Sogsvirkjuninni 30 millj. kr. á einhvern annan hátt.

Að ríkisstj. geti skipað seðlabankanum að lána eitt eða annað, þá er það við því að segja, að bankalöggjöfin er ekki byggð þannig upp, að ríkisstj. geti gert slíkar fyrirskipanir, heldur eru bankarnir sjálfstæðar stofnanir. Að bíða eftir ábyrgri stjórn um afgreiðslu þessa máls, það gæti verið vit í því, ef hún kæmi á morgun eða allra næstu daga, — en veit hv. 8. landsk. þm. til þess, að þessi ábyrga stjórn sé að koma? Ef hann upplýsir það, þá væri ég fyrir mitt leyti fús til þess, að málið biði eftir því, ef t. d. mætti eiga von á þessari nýju stjórn við skulum segja á miðvikudag, fimmtudag. En óhætt fyndist mér nú samt að afgreiða málið til 3. umr., því að það mætti þá breyta því við 3. umr. að vilja þessarar ábyrgu stjórnar, ef hún verður þá fyrir hendi.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Mér finnst mjög eðlilegt, að stjórn Sogsvirkjunar óski eftir að verðtryggja skuldabréf sín í þeim tilgangi að greiða fyrir sölu þeirra. En ég verð að játa, að heimildarákvæðið í 2. mgr. 1. gr. þessa frv. kemur mér mjög undarlega fyrir sjónir, en það kann að vera af því, að ég skilji ekki út í æsar, hvert verið er að fara. Það á að miða upphæð endurgreiðslu og vaxta skuldabréfanna við rafmagnsverð í Reykjavík. Hvers vegna Reykjavík, en ekki t. d. Hveragerði eða Selfossi? Það veit ég ekki. Þetta á að vera verðtrygging og til þess gerð að greiða fyrir sölu bréfanna. Nú eru fordæmi fyrir því, að verðbréf séu tryggð og þá þannig, að greiðslur breytist með vísitölu framfærslukostnaðar. En hvers vegna er ekki sú leið farin hér, sem hefði þó verið eðlilegust og legið beinast við? Þykir hin leiðin, sú að miða við rafmagnsverð í Reykjavík, eitthvað líklegri til að greiða enn betur fyrir sölu bréfanna, — og þá hvers vegna?

Ég held, að svarið hljóti að liggja í því, að þetta rafmagnsverð muni að öllum líkindum hækka meira en sem svarar hækkun á vísitölu framfærslukostnaðar og þess vegna verði mönnum meiri hagur í að kaupa þessi bréf en önnur verðtryggð bréf.

Ef þessi heimild verður að lögum, þá verður það á valdi bæjarstjórnarmeirihlutans í Reykjavík, hve verðmæt skuldabréfin verða. Þessi meiri hluti, sem er skipaður mönnum úr einum stjórnmálaflokki, hefur það á valdi sínu að hækka eða lækka rafmagnsverð, eftir því sem við á, og gera þessi bréf eftir atvikum arðmikil eða arðlítil. En er nokkur ástæða til að leggja slíkt vald í hendur bæjarstjórnarmeirihlutans í Reykjavík? Ég sé það ekki, svo mikið er víst. Mér finnst þetta heimildarákvæði sem sagt mjög undarlegur hlutur og varhugaverður og til þess fallinn að skapa óheppilegt fordæmi. Í mínum augum ber það keim af spákaupmennsku og gróðabralli, sem er langt fyrir neðan virðingu hins opinbera að leggja út í. Þótt verðgildi peninga sé nú valt um þessar mundir og virðingin fyrir þeim harla lítil, þá mega opinberir aðilar ekki láta teymast út í ævintýramennsku af þeim sökum. Stæði þeim nær að stöðva hrun hins íslenzka gjaldeyris og verða þannig til að endurvekja traustið á honum.

En eins og ég tók fram í upphafi máls míns, finnst mér ekki óeðlilegt, að þessi væntanlegu skuldabréf verði verðtryggð. En mér fyndist þá eðlilegt, að það yrði á sama hátt og önnur verðtryggð bréf, að miðað yrði við vísitölu framfærslukostnaðar. Ég ætla að geyma mér rétt til þess að bera fram till. um það við 3. umr., ef ég sé ástæðu til þess þá.

Forseti (BSt): Mér hafa borizt eindregin tilmæli frá Sjálfstfl. um að halda ekki fundi lengur áfram vegna flokksfundar, sem flokkurinn ætlar að halda. Eins og á stendur og allir vita, þykir mér rétt að verða við þessum tilmælum. Er því umr. frestað og málið tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Á 39. fundi í Ed., 16. des., var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 121, 130).

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég get ekki látið með öllu ósvarað ræðu hv. 1. þm. Eyf. (BSt), sem hann hélt hér í gær til andmæla rökstuðningi mínum fyrir brtt. þeirri, sem ég hef flutt ásamt hv. 1. þm. N-M. Og hef ég þó raunar ekki ýkja miklu að svara, þar sem ræða hv. þm. snerti lítið kjarna þessa máls, heldur miklu fremur aukaatriði, eins og það t. d., hvaða skoðanir aðalbankastjóri seðlabankans hefði á þessu máli. Tel ég skoðanir þess manns ekki vera neinn óvefengjanlegan dómsúrskurð, eins og maður hefði getað freistazt til að álíta að hv. 1. þm. Eyf. teldi. **(Forseti:** Samþykkti ekki þingmaðurinn að fela form. fjhn. að tala við hann?) Ég held, að þessari hv. deild beri að taka afstöðu til bæði þessa máls og annarra alveg án tillits til einkaskoðana þessa ágæta manns, þó að ekkert sé á móti því að hafa, að hans álits sé leitað,

fremur en annarra, sem málsmetandi eru og eru kunnugir þeim málum, sem um er að ræða.

Hv. 1. þm. Eyf. kvað það alrangt hjá mér, að seðlabankinn hefði sett Alþ. og ríkisstj. nokkur skilyrði varðandi það, sem nefnt er aðstoð við sölu þeirra skuldabréfa, sem hér ræðir um. Ég held fast við ummæli mín varðandi þetta, enda sannar síðasta málsgr. grg. þeirrar, sem frv. fylgir, þau svo, að ekki er um að villast. Þar segir: „Mál þetta hefur verið undirbúið í samvinnu við seðlabankann, og hefur hann fallizt á að aðstoða við sölu bréfanna, ef þau verða gefin út með þeim skilmálum, sem um getur í frv. þessu". Sem sagt, seðlabankinn er að setja skilyrði og reyna að þvinga fram ákveðna lagasetningu hér á hæstv. Alþ. Um það er engum blöðum að fletta.

Hitt er svo sjálfsagt að upplýsa, að það er aðalbankastjóri seðlabankans einn, sem hefur tekið sér vald til þess að móta þessa afstöðu bankans. Stjórn seðlabankans eða bankaráð á þar ekki neinn hlut að. Aðalbankastjóranum hefur ekki þótt taka því að bera skilyrði sín undir stjórn bankans.

Stjórn Sogsvirkjunarinnar mun hafa leitað með bréflegu erindi til seðlabankans um lán, sem svarar þeirri upphæð, 30 millj., sem hér er rætt um. Erindi þetta var tekið fyrir í stjórn seðlabankans, en hefur ekki verið afgreitt þar, hvorki með játun né synjun. Á sama hátt hefur hæstv. fjmrh. láðst að bera frv. þetta undir samráðherra sína, a. m. k. suma þeirra. Þannig er undirbúningur málsins og er því naumast undrunarefni, þótt árangurinn sé ekki með neinum ágætum.

Þegar ég sagði hér í gær, að ekki hefði verið óeðlilegt, að lausn á þeim vanda Sogsvirkjunarinnar að greiða tolla í ríkissjóð hefði beðið úrræða ábyrgrar ríkisstj., þá átti ég m. a. við það, að ég teldi með ólíkindum, að nokkrir sex ráðh. gætu orðið sammála um það að sýna Alþ. slíkan vanskapnað sem þetta frv. er í sinni núverandi mynd.

Hv. 1. þm. Eyf. sagði, að hér væri ekki um að ræða lán af hálfu seðlabankans, ætlunin væri að selja almenningi bréfin. Ef svo er og sú er hugmyndin og sala tekst, mundi það óhjákvæmilega draga úr sölu hinna vísitölutryggðu skuldabréfa Landsbankans vegna húsnæðismálastofnunarinnar, eins og ég benti á í gær.

Ef reyndin yrði á hinn bóginn sú, að seðlabankinn keypti sjálfur verulegan eða mestan hluta bréfanna, tel ég, að um sé að ræða algerlega óhæft brask, sem engin skynsamleg ástæða sé til að styðja. Geti seðlabankinn lagt peninga í slíkt og geti hann lánað fé, sem verði tryggt með þessum frumlega hætti, hinni svokölluðu rafmagnsvísitölu, getur hann líka jafnauðveldlega keypt skuldabréf Sogsvirkjunarinnar eða lánað henni með eðlilegum kjörum, rétt eins og viðskiptabankarnir lána til margs konar rekstrar og framkvæmda hundruð millj. á hverju ári.

Hv. 1. landsk. þm. hefur til viðbótar því, sem ég sagði hér í gær, bent rækilega á nauðsyn þess, að frv. verði breytt á þann veg, sem við hv. 1. þm. N-M. leggjum til, svo að ég hef engu þar við að bæta umfram það, sem ég hef áður sagt um málið.

Ég vil aðeins að lokum leiðrétta þann misskilning, sem kom fram í ræðu hv. 1. þm. Eyf., að ég hefði talað hér sérstaklega fyrir almennri verðtryggingu á sparifé. Svo var ekki. Ég sagði aðeins, að almenn verðtrygging á innstæðufé væri mál út af fyrir sig, stórmál, sem ýmsir hefðu tæpt á sem nauðsynlegri gagnráðstöfun vegna verðbólgunnar. Og ég sagði líka, að verðtrygging á almennu sparifé væri nær lagi en verðtrygging á lánsfé seðlabankans. Þetta var allt, sem ég sagði um það, en ekkert þar fram yfir um það, að ég teldi slíka tryggingu nokkra sérstaka meinabót. Ég held þvert á móti, að fremur beri að ráðast á orsökina en afleiðinguna, það eigi að skapa sparifjáreigendum og félagslegum stofnunum, sem byggja á söfnunarfé, eins og t. d. lífeyrissjóðum og tryggingastofnunum, öryggi með því að ráðast gegn verðbólgunni og stöðva hana. Ef það yrði gert, mundi enginn láta sér til hugar koma nauðsyn á sérstökum verðtryggingum á geymslufé. Haldi verðbólgan hins vegar áfram, hygg ég, að lítið hald mundi reynast, þegar til lengdar léti, í öllum verðtryggingarhugmyndum, sem skotið hafa upp kollinum, enda sjálfsagt fullkominn vafi á, hver alvara er þar að baki.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég gat þess í gær, þegar ég tók til máls, að ég gerði það eingöngu vegna þess, að frsm. n. var þá ekki enn mættur á fundinum.

Út af því, sem hv. 8. landsk. þm. var nú að tala um, að ég hefði verið að segja frá skoðunum aðalbankastjóra seðlabankans á þessu máli, vil ég minna hann á, sem hann sjálfsagt man þó, að á fundi fjhn. 12. des., — það er nú fyrir örstuttu, — var gerð svo hljóðandi samþykkt með öllum atkv. út af þessu máli: „Samþykkt að fela formanni að ræða við bankastjóra seðlabankans og fjmrh. um frumvarpið." Undir þetta skrifa ég sem formaður n. og hv. 8. landsk. þm. sem ritari hennar **(BjörnJ:** Ég hef ekki rengt þetta.) Það, sem ég gerði, var aðeins að gera skyldu mína sem formaður fjhn., þegar ég skýrði frá skoðunum bankastjóra seðlabankans. Það er hv. þm. sjálfur og aðrir nm. í fjhn., sem kallað hafa á þessar skoðanir, beðið um þær, og ég flutti þær fyrst í n., og þar sem frsm. n. var ekki við, fannst mér það skylda mín að flytja þær einnig hér í d. og tel mig hafa farið rétt með og sé ekki, að ég eigi neinar ávítur skilið fyrir það, þó að ég framkvæmdi vilja n. í þessu efni.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég vil að mestu vitna til þess, sem hv. 1. þm. Eyf., formaður fjhn., sagði bæði nú og í gær um þetta mál. En ég vil aðeins til viðbótar taka það fram, að þegar stjórn Sogsvirkjunarinnar leitaði ráða hjá seðlabankanum um það, hvernig helzt væri unnt að fá að láni þessar 30 millj., sem vantar í Sogið, þá voru það ráð aðalbankastjóra seðlabank-

ans að gefa út skuldabréf, sem væru verðtryggð með þessum hætti, sem greinir í frv., þ. e. a. s., að endurgreiðsla þeirra skuli miðuð við verð á rafmagni á hverjum tíma. Hann taldi, að væri e. t. v. nokkur von að selja slík bréf, í stað þess að almenn skuldabréf án nokkurrar verðtryggingar væri vonlítið eða vonlaust að selja. Af þessum ástæðum er þetta ákvæði komið inn í frv., og ég geri ráð fyrir því, að ef brtt. hv. 8. landsk. og hv. 1. þm. N-M. verður samþykkt, þá sé málið að þessu leyti úr sögunni, þannig að þau fyrirheit, sem seðlabankinn hefur veitt um fyrirgreiðslu við þessa skuldabréfasölu, eru ekki fyrir hendi. Bankinn hefur sem sagt skýrt tekið fram, að hann telji vonlítið eða vonlaust að selja skuldabréf, sem væru án slíkrar verðtryggingar.

Ég vil því eindregið beina því til hv. dm., að þeir felli þessa brtt., af því að hún er stórt atriði í þessu, en hins vegar að sjálfsögðu nauðsynlegt að reyna að afla fjár til þessa hluta af kostnaði við Sogsvirkjunina.

Eins og ég gat hér um við 1. umr. þessa máls, er kostnaðaráætlun við virkjun Efra-Sogs nú rúmlega 190 millj. kr. Það er búið að afla fjár fyrir erlenda kostnaðinum, það er enn fremur búið að afla fjár fyrir innlenda kostnaðinum að öllu leyti nema þessum 30 millj., sem hér er um að ræða.

Ég vænti þess, að hv. dm. geti fallizt á að samþykkja frv. óbreytt.

Umr. frestað.

Á 40. fundi í Ed., 18. des., var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég vil taka það fram í samráði við formann fjhn., að fyrir 3. umr. mun fjhn. taka þetta frv. að nýju til umr. og meðferðar.

Ég vil taka það fram, eins og ég áður hef gert, að ég tel ekki fært, að niður sé felld með öllu verðtrygging þeirra skuldabréfa, sem hér er um að ræða, og að seðlabankinn, sem hefur heitið fyrirgreiðslu í þessu máli, telur, að með þeim hætti, þ. e. a. s. útgáfu almennra skuldabréfa, sé þýðingarlaust að fara í slíkt útboð.

Hins vegar mun n. fyrir 3. umr. taka til athugunar, hvort hugsanlegt væri að gera einhverjar breyt. á frv., eins og það liggur fyrir.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það gleður mig að heyra af munni frsm. fjhn., að nefndin hefur séð, að hún þarf að athuga frv. Það er framför, því að hún leggur það hér fyrir í byrjuninni athugasemdalaust að öllu leyti og ætlast til þess, að það sé gleypt við því eins og einhverjum lostætum bita, sem við ættum að renna niður.

Ég hygg þannig vera með þetta mál, að það þurfi ákaflega mikillar athugunar við, og vona nú, fyrst nefndin ætlar að athuga það fyrir 3. umr., að hún láti þá athugun fram fara. Þetta mun vera í annað sinn, sem Alþingi samþykkir lög um slík lán sem þessi til einstakra stofnana. Í fyrra skiptið mun það hafa verið til húsnæðismálastofnunarinnar til að afla fjár til útlána til húsabygginga, og að því stóð ríkið að nokkru leyti. Nú er það til að afla láns til að ljúka eða hafa nægilegt fé til að geta lokið virkjun Efra-Sogsins, og það er sjálfstætt fyrirtæki, Efra-Sogsvirkjunin, sem ríkið og bærinn eiga sinn helminginn í hvort og stjórnað er af sérstakri stjórn.

Nú er það út af fyrir sig spurning í mínum augum, hvort þetta fordæmi, sem hér er farið inn á og var reyndar farið inn á áður við húsnæðislögin, er rétt, hvort það er rétt að veita einstaka stofnunum, þó að þær séu að hálfu leyti ríkiseign, heimild til þess að útvega sér lán á þennan hátt. En ég held nú, þó að það sé vafasamt, hvort það sé rétt almennt séð, að þetta skapi ekki fordæmi beint, af því að hér stendur sérstaklega á. Að vísu skal ég viðurkenna, að það má alveg eins hugsa sér að semja slík lög fyrir Akureyri til þess að geta lokið virkjun Laxárfossanna. Það má líka hugsa sér að setja sams konar lög fyrir Reykjavík til þess að afla fjár í stóra og góða höfn hér í höfuðstaðnum. Og víða og víða um landið eru sumpart hafnar framkvæmdir og á öðrum stöðum aðrar fyrirhugaðar framkvæmdir, sem menn mundu verða hrifnir af að fá heimild til að útvega fé til með svona löguðum lánum. En sem sagt, þó að mér þyki þetta nú vera til athugunar, þá tel ég, að vegna þarfar á að klára Sogsvirkjunina, bæði vegna allra þeirra, sem rafmagn fá frá henni, en sérstaklega vegna áburðarverksmiðjunnar og sementsverksmiðjunnar, sem fá rafmagn frá henni, þá sé þetta svo sérstætt, að það sé rétt að reyna að stuðla að því, að þessi stofnun fái svona lán, enda þótt það sé ekki gert almennt.

Mér þykir það galli á gjöf Njarðar strax í 1. mgr. frv., að það skuli ekkert vera um það, til hve langs tíma lánið er, hve mikið af bréfum á að dragast inn á hverju ári né með hvaða grunnvöxtum bréfin eigi að vera. Ég minntist á þetta við borgarstjórann í Reykjavík, 6. þm. Reykv., um daginn, og hann sagði, að það væri ekki venja í svona lánsheimildum að setja slíkt. Ja, ég veit ekki, hvað er venja, því að þetta er í annað skipti, sem svona er gert. Það stendur heldur ekkert um, hver á að ráða því, hvort það er stjórn Sogsvirkjunarinnar eða ríkisstj. eða bæjarstjórnin eða sá, sem tekur að sér að reyna að útvega lánið. Það stendur ekki einn stafur um það. Það kann að vera, að þetta komi ekki að sök. En ég hefði talið eðlilegra, að eitthvað stæði um þetta í sjálfum l., úr því að löggjafinn gengur inn á þá braut að veita einstökum aðila heimild til að útvega sér svona lán, — þá væri búinn til um það einhver svolítill rammi, sem hann yrði að fara eftir, en það væri ekki alveg út í loftið, — eða a. m. k. ákvæði um, hver ætti að búa þann ramma til. Það stendur ekki heldur í frv.

Svo er ákveðið í 2. málsgr., að ákveða má, að skilmálar bréfanna séu þannig, að upphæð endurgreiðslu og vaxta eða annars hvors breyt-

ist í hlutfalli við breytingar rafmagnsverðs. Þá má annaðhvort tryggja verðgildi bréfanna, þegar þau eru dregin út, með tilliti til rafmagnsverðs, ellegar vaxtanna af þeim. Hví ekki að hafa ákveðið, hvort heldur á að vera? Og hver á að ákveða, hvort heldur á að vera? Mér virðist það vöntun í frv., að það er ekkert um það talað, og sé sjálfsagt að setja það inn. Annaðhvort eiga bréfin að hækka og lækka eftir því, sem rafmagnsverðið í Reykjavík hækkar eða lækkar, eða vextirnir af bréfunum að hækka eða lækka. Ég vil láta taka skýrt fram, hvort heldur er. Og svo á að miða þetta við rafmagnsverð í Reykjavík.

Nú er rafmagnsverð í Reykjavík reiknað eftir mörgum töxtum. Það er selt í gegnum mæli í húsunum, það er selt í gegnum hemil í húsunum, það er að nokkru leyti selt eftir herbergjatölu í húsunum, það er selt sem iðnaðarrafmagn, það er selt sem næturrafmagn o. s. frv. Eftir hvaða töxtum á að fara? Mér finnst vera alveg sjálfsagt að taka það fram, ef maður vill fylgja rafmagnsverðinu í Reykjavík, sem er mjög hæpið. Þetta lán er tekið til að fullgera Sogsvirkjunina, og hún er sjálfstæð stofnun. Hún selur rafmagnið við stöðvarvegg á því verði, sem er áætlað að það muni kosta á hverju ári, og má leggja á það 5%, sem hefur verið og er of lítið. Hún þyrfti að fá að leggja á það a. m. k. 10%, í staðinn fyrir 5%, eftir því sem mér skilst.

Það væri eðlilegast, ef á að miða við gangverð á rafmagni, að miða það við verðið á rafmagninu frá Sogsvirkjuninni, við stöðvarvegg í Soginu, það, sem sjálf stöðin, sem er að fá lánið, framleiðir, en ekki láta það vera undir geðþótta bæjarstjórnar Reykjavíkur, hvernig bréfin breytast að verðgildi eða vextirnir upp eða niður, eftir því sem bæjarstjórn Reykjavíkur ákveður rafmagnsverðið, þó með leyfi þess ráðh., sem þar hefur um það að segja.

Ef á að miða það við rafmagnsverðið, finnst mér miklu eðlilegra, að það sé miðað við verðið frá sjálfri Sogsvirkjuninni við stöðvarvegg, en ekki við verðið á rafmagninu í Reykjavík. En eigi að miða við verðið á rafmagni í Reykjavík, þá verður að tiltaka, við hvaða taxta. Það er tekið fram, að breyt. á verðgildi bréfa eigi að vera þannig, að þau breytist að verðgildi í hlutfalli við rafmagnsverð frá þeim degi, að bréfin eru gefin út, og til gjalddaga. Við það á að miða. Nú er það svo, að bréfin verða sjálfsagt dregin út einu sinni á ári, geri ég ráð fyrir, ég veit ekkert hvenær, við skulum segja seint á árinu. Ef bæjarstjórn Reykjavíkur fyndi nú upp á því að lækka rafmagnsverðið 2—3 dögum áður en á að draga bréfin út og þar með öll bréfin og spara Sogsvirkjuninni fé, á þá að miða við það, þó að það hafi verið hærra rafmagnsverð allt árið til þess tíma? Það á að miða við rafmagnsverðið, sem er þann dag, sem bréfin eru dregin út. Það er náttúrlega eins og hver önnur hringavitleysa. Það verður að miða við meðalrafmagnsverð á árinu, ef á að miða við rafmagnsverð, en ekki við þann dag, sem bréfin eru dregin út. Þá er hægt að lækka rafmagnið bara í eina viku, á meðan er verið að draga bréfin út, eða hækka það, til að hafa áhrif á verð bréfanna, upp eða niður. Þetta þarf þess vegna líka að athuga og breyta.

Ég held, að ef bréfin fást ekki verðtryggð gegnum almenna vísitölu á framfærslukostnaði, en menn vilja endilega halda sig við rafmagn, þá sé alveg sjálfsagt að miða það við rafmagnsverðið, eins og það er frá Soginu við stöðvarvegg. Þaðan fer það jafnt út á allar línurnar. Það er stöðin ein, stjórnin, sem hefur áhrif á það og ræður því að mestu, hvert verðið er, og það fer eftir tilkostnaði við framleiðsluna.

Ég held, að það verði þess vegna, ef á að miða verðgildi bréfanna, — hvort sem um bréfin sjálf eða vextina er að ræða, — ef á að miða það við verð á rafmagni, á það að vera á rafmagninu við stöðvarvegg við Sogið, en ekki gefa neinum óviðkomandi aðila eins og bæjarstjórn Reykjavíkur aðstöðu til þess að geta látið bréfin hoppa upp og niður, eftir því sem henni sýnist, með því að breyta verðinu á rafmagninu í bænum. Vilji menn hins vegar endilega halda sig við rafmagnsverð í Reykjavík, þá þarf að ákveða, hvaða taxta á að miða við, ef miða á við ákveðinn taxta, og ef á að taka meðaltal af nokkrum töxtum, þá af hvaða töxtum, en ekki hafa það allt óákveðið og eftir geðþótta þeirra, sem eiga um málið að fjalla.

Ég hef skrifað undir brtt. með 8. landsk. og lagt til í henni til bráðabirgða, að 2. mgr. 1. gr. falli niður. Það er ekki mín hugmynd með því, að ekki eigi þar að koma annað inn í staðinn. Og í sjálfu sér, — ég er ekki fyrsti flytjandi að till., en úr því að það er nú orðið vitað, að hv. fjhn. er búin að sjá, að þetta frv. þarf frekari athugunar og breyt. við, þá hefði mér fundizt eðlilegast, að við flm. — og ég fyrir mitt leyti er til með það — tækjum okkar breyt. aftur, þangað til við sæjum, hvað kæmi út úr þessari athugun, þegar nefndin fer að hugsa um málið. En það er alveg sýnilegt, að hún hefur ekkert um það hugsað enn. Hún hefur tekið við því hráu og borið það á borð hrátt fyrir deildarmenn, og það er ófyrirgefanlegt af nefndinni.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Það er óþarfi að svara hv. 1. þm. N-M. með mörgum orðum, sérstaklega þar sem hann leggur til, að till. sú, sem hann flytur og hv. 8. landsk., verði tekin aftur til 3. umr. Þó eru aðeins örfá atriði, sem ég vildi benda á.

Hann gagnrýnir það mjög, að í frv. sé ekki ákveðið um vaxtahæð og lánstíma. Ég hef bent honum á það utan funda, að slíkt sé ekki venja, og ég skal m. a. minnast á þá tegund skuldabréfa, sem hann hefur nefnt hér, skuldabréf húsnæðismálastjórnar, en hún hefur heimild til að gefa út vísitölutryggð bréf. Í l. þar um er hvorki minnzt á vaxtahæð né lánstíma, og þetta frv., sem hér liggur fyrir, er í samræmi við þau lög og mörg önnur varðandi lánsheimildir eða ábyrgðarheimildir, enda þykir eðlilegast, að sú bankastofnun, seðlabankinn í þessu tilfelli, sem ætlar að hafa milligöngu

og fyrirgreiðslu um lánsútvegunina, geri fyrst og fremst till. um það og meti það eftir lánsmarkaðinum á hverjum tíma, hvaða lánstími og vaxtakjör eru hentust.

Í öðru lagi vil ég taka það fram, eins og raunar hefur verið tekið fram áður, að ummæli hv. þm. um, að þetta mál sé hrátt og óhugsað, eru svo fjarri lagi sem frekast getur verið.

Þetta mál er þannig til komið, að bæði Sogsvirkjunarstjórnin, sem skipuð er fulltrúum bæði ríkis og Reykjavíkurbæjar, að seðlabankinn, að fjmrn., allir þessir aðilar hafa rætt þetta mál rækilega og komizt að þeirri niðurstöðu, að þessi leið, sem hér er á bent að uppástungu seðlabankans, sé hentugust, til þess að einhver von sé um, að skuldabréfin seljist. Og ég verð að segja það með allri virðingu fyrir hv. 1. þm. N-M., að ég trúi miklu betur t. d. seðlabankanum til að meta það, hvers konar bréf séu seljanleg nú, heldur en honum.

Það eru held ég ekki fleiri atriði í hans ræðu, sem ég tel þörf á að svara, öðru en því, að hann talar hér alltaf eins og rafmagnsverðið, sem endurgreiðsla skuldabréfanna á að miðast við, sé eingöngu eftir duttlungum og geðþótta bæjarstjórnarmeirihl. í Reykjavík, sem hann virðist ekki hafa ýkja mikið traust á. En ég vil endurtaka það, sem áður hefur verið bent á, að það eru tveir aðilar, sem ákveða rafmagnsverð í Reykjavík á hverjum tíma. Annar er bæjarstjórn Reykjavíkur og hinn er ríkisstjórn Íslands, sem þarf að staðfesta allar breyt. á rafmagnsverðinu.

ATKVGR.
Brtt. 130 felld með 9:3 atkv.
1. gr. samþ. með 12:2 atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., 22. des., var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Ed., 6. jan., var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 121, 143).

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Við fyrri umr. þessa máls hefur verið frá því skýrt, að seðlabankinn, sem hefur heitið fyrirgreiðslu um sölu skuldabréfa Sogsins að upphæð 30 millj. kr., teldi nauðsynlegt að hafa vísitölutryggingu í þessum bréfum, ef von ætti að vera til, að þau seldust á almennum markaði. Eins og form. fjhn., sem átti viðræður við aðalbankastjóra seðlabankans, hefur skýrt þessari hv. deild frá, taldi bankastjórinn, að vonlítið eða vonlaust væri um sölu almennra skuldabréfa án vísitölutryggingar.

Eins og frv. var lagt fyrir þessa hv. deild af fjhn. að beiðni hæstv. fyrrv. fjmrh., var í því ákvæði um, að vísitölubréfin eða endurgreiðslu þeirra skyldi miða við verð á rafmagni í Reykjavík. Þessi uppástunga um að miða við rafmagnsverð mun hafa verið komin frá seðlabankanum upphaflega. Í umræðum um þetta mál hefur komið fram tvenns konar gagnrýni. Annars vegar hafa sumir talið hæpið að ákveða nokkra vísitölutryggingu í þessum bréfum, og hafa tveir hv. þm. á þskj. 130 borið fram brtt. um að fella alveg niður þetta ákvæði, þannig að hér yrði um almenn skuldabréf að ræða. Þessi brtt. var felld við 2. umr. málsins. Hins vegar hefur einnig komið fram gagnrýni á því að miða við vísitölu eða verð á rafmagni, og sumir, sem hafa verið fylgjandi málinu að meginstefnu til og einnig því að hafa skuldabréfin vísitölutryggð, hafa heldur óskað eftir því, að miðað yrði við hina almennu framfærsluvísitölu.

Ég skýrði hér frá síðast, þegar málið var til meðferðar, að fjhn. mundi taka málið til umr. að nýju, og hefur hún nú gert það. Niðurstaðan varð sú, að meiri hluti n. ákvað að flytja brtt., sem er á þskj. 143 og er á þá lund, að í stað þess að miða endurgreiðsluverð bréfanna við verð á rafmagni, þá skuli miðað við vísitölu framfærslukostnaðar. Ég vænti þess, að hv. þdm. geti fallizt á þessa breyt. Hún hefur verið rædd við seðlabankann, sem hefur ekkert við hana að athuga, og hún hefur verið tekin til meðferðar í stjórn Sogsvirkjunarinnar, og var í henni samþ. með 4:1 atkv., að Sogsstjórnin gæti vel fallizt á þessa breyt., sem meiri hl. fjhn. leggur til.

Ég vænti þess því og mæli þar fyrir munn meiri hl. fjhn., þ. e. a. s. 4 nm., — einn, hv. 8. landsk. þm., var þessu ekki samþykkur, — þá vænti ég þess og mæli fyrir hönd meiri hl. n., að þessi brtt. á þskj. 143 verði samþ. og frv. verði þannig breytt afgr. áfram.

ATKVGR.
Brtt. 143 samþ. með 11 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 19. fundi í Sþ., 7. jan., var frv. útbýtt frá Nd. eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 151).

Á 52. fundi í Nd., 8. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Eysteinn Jónsson: Það eru aðeins örfá orð til þess að skýra þetta mál, vegna þess að ég var á sinni tíð riðinn við, að það var lagt fyrir hæstv. Alþingi í Ed.

Eins og menn vita, hafa verið tekin mikil lán til Sogsvirkjunarinnar erlendis, bæði til að greiða erlendan kostnað við virkjunina og sömuleiðis til að greiða nokkuð eða verulegan hluta af innlenda kostnaðinum. Á hinn bóginn hrekkur þetta fé ekki alveg fyrir kostnaðinum við virkjunina, og verður að leitast við að fá fé innanlands til viðbótar. Hefur það verið mjög til meðferðar undanfarið, hvernig með skyldi fara, og í þeim ráðagerðum hafa tekið þátt stjórn Sogsvirkjunarinnar, fjmrn. og seðlabankinn. Loks varð það að samráði þessara aðila að reyna þá leið, sem upp á er stungið í þessu frv. Hún er sú, að stjórn Sogsvirkjunarinnar gefi út skuldabréfaflokk, sem verði

verðtryggður flokkur, og síðan gangist seðlabankinn fyrir því að selja þessi bréf og ríkisábyrgð verði veitt.

Þetta er áætlunin samkv. frv., sem hér liggur fyrir. Ég sé ekki ástæðu til að útskýra málið nánar. Þótt það sé merkilegt, er það ekki flókið. Legg ég til, að málinu verði vísað til hv. fjhn. að lokinni þessari umr.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Mér þykir hlýða í sambandi við þetta frv. að athuga nokkuð um þá aðstöðu, sem Sogsvirkjunin er í, sem veldur því, að hún verður að leita láns, sem henni er sett að taka með þeim kjörum, sem greinir í þessu frv.

Ég á sjálfur sæti í stjórn Sogsvirkjunarinnar, og ég var á móti því, að farið yrði inn á þá leið að taka þetta lán með þeim kjörum, sem hér greinir í frv., að það eigi að endurgreiða það með vísitölu. Upphaflega hafði verið sett það skilyrði af aðalbankastjóra seðlabankans, að endurgreiða skyldi með vísitölu samkv. rafmagnsverði í Reykjavík, en eins og frv. var breytt í hv. Ed., er það svo nú, að greiða skuli samkv. framfærsluvísitölunni.

Ég held, að það sé nauðsynlegt í sambandi við þau skilyrði, sem Sogsvirkjuninni eru skömmtuð með þessu frv., eins og það nú er orðað, að athuga með nokkrum orðum almennt um þann aðbúnað, sem þessu mikilvæga fyrirtæki er búinn af hálfu ríkisvaldsins, og bera það nokkuð saman við þann ágóða, sem önnur hliðstæð fyrirtæki hafa í landinu. Ég held, að þeir erfiðleikar, sem valda því að stjórn Sogsvirkjunarinnar verður nú að leita eftir svona skuldabréfaláni, stafi af skorti á skilningi á mikilvægi Sogsvirkjunarinnar frá upphafi hjá ríkisvaldinu.

Þegar lokið var við Írafossvirkjunina 1953, lagði ég til fyrir mitt leyti hér á Alþ., að þá þegar yrði heimilað að taka lán, til þess að hægt væri að halda áfram, þannig að það yrði búið 1957, í síðasta lagi 1958, að virkja virkjunina við Úlfljótsvatn, sem ekki hefur fengið ákveðið nafn enn þá, og ég rökstuddi þetta með því, að það mundu vera orðin svo mikil vandræði hér á suðvesturhluta landsins, þegar kæmi fram á þennan tíma, að það veitti ekki af, að hægt væri að halda áfram þá, og hins vegar væri að öllu leyti langheppilegast, að það væri hægt að nota það sama vinnulið, sem starfaði við Írafoss, og þau tæki, sem þá voru til þar, til þess að halda áfram þá. Þessu var ekki sinnt.

Það var vitanlegt, að Sogsvirkjunin var fyrirtæki, sem mundi borga sig. Og það var vitanlegt, að Sogsvirkjunin var fyrirtæki, sem var alveg lífsnauðsynlegt fyrir önnur fyrirtæki hér, — fyrirtæki, sem ýmist voru þá þegar að komast í rekstur, eins og áburðarverksmiðjan, eða fyrirtæki, sem voru fyrirhuguð og verið var að undirbúa og áttu að vera komin upp um þetta leyti, eins og sementsverksmiðjan. Það mun hafa verið fyrirsjáanlegt, að árið 1958 mundu þegar vera orðin vandræði fyrir þessi stórfyrirtæki og fyrir neytendur almennt, ef ekki væri ráðizt í tæka tíð í að undirbúa þessa þriðju virkjun Sogsins.

Ég álít, þó að það sé nauðsynlegt að taka mikið tillit til þeirra þæginda, sem þarf að veita landsfólkinu og máske borga sig ekki frá fjárhagslegu sjónarmiði, þó að þau séu nauðsynleg, þá beri a. m. k. ekki að láta það sitja hjá, eins og í þessu tilfelli Sogsvirkjunina, sem bæði borgar sig og er lífsnauðsyn fyrir atvinnureksturinn, eins og bezt sést m. a. á því, að áburðarverksmiðjan verður nú þegar að minnka sína framleiðslu og sementsverksmiðjan að stöðvast yfir þessa tvo mánuði, desember og janúar.

Þessu var ekki sinnt þá. Það var í staðinn farið út í tíu ára áætlunina svonefndu, farið út í þær þrjár virkjanir, sem verið er að virkja víða úti um land, og leggja þær miklu línur um landið, sem nauðsynlegastar voru til þess að dreifa rafmagninu bæði frá þeim og öðrum.

Ég skal ekki lasta það, að lagt sé út í slíkt verk. Það er nauðsynleg aukning á þægindum fyrir það fólk, sem þar býr. En það þarf að gæta nokkurs hófs og taka tillit til tveggja hluta, þegar verið er að ráðast í þetta. Það er meiri hluti landsbúa, sem býr hér á svæði Sogsvirkjunarinnar, og sá meiri hluti borgar fullt verð fyrir það rafmagn og lætur þær stöðvar, sem þarna eru byggðar, standa undir sér. Og hann á kröfu á því, að ekki séu settar hjá hans þarfir eða settar til hliðar í þessu efni og þjóðarhagsmunir af þeim atvinnurekstri, sem byggist á þessari raforku. Þegar lagt er þess vegna í framkvæmd áætlunar eins og tíu ára áætlunarinnar, má það ekki vera á kostnað þess, að áætlun eins og við Sogsvirkjunina, sem var nauðsynleg, bar sig og hafði gífurlega þýðingu fyrir meiri hluta landsbúa, væri sett til hliðar.

Það eru yfir 20000 kw., sem á að virkja í Sogsvirkjuninni, sem nú er verið að ljúka og þarf að fá þetta viðbótarlán til, en það voru hins vegar um 6000 kw., sem átti að virkja í þeim virkjunum, sem ráðizt var í og nú hafa verið framkvæmdar samkv. tíu ára áætluninni. Kostnaðurinn af þeim virkjunum og dreifiveitunum í sambandi við þær er þegar yfir 300 millj. kr., og mikið af því eru dreifiveiturnar sjálfar, sem munu áreiðanlega kosta yfir 60 millj. kr., og meiri hlutann af því verður ríkið að afskrifa, þannig að um fyrirtæki er að ræða, sem illa standa undir sér og gefa taprekstur. Við það er út af fyrir sig ekki að athuga. Það getur verið oft nauðsynlegt vegna þeirra þæginda, sem menn vilja veita fólkinu í landinu, að leggja í slíkt. En það má ekki vera á kostnað þess, að á sama tíma sé sett til hliðar og látið bíða það, sem er lífsnauðsyn fyrir meiri hluta landsbúa, og það, sem er lífsnauðsyn fyrir önnur eins stóriðjufyrirtæki og þarna eiga í hlut.

Svo loks, eftir að ríkisstj. var mynduð 1956, er farið út í það að reyna að útvega lán til þessarar Sogsvirkjunar. Og þá eru tvennir möguleikar fyrir hendi að opnast, þegar farið er að athuga þetta. Það eru annars vegar þá möguleikar á að taka lán í Bandaríkjunum og hins vegar á lánum í Sovétríkjunum. Og það

er alveg rétt að gera sér ljóst, þegar við erum að ræða um lánsútveganir í sambandi við hluti eins og t. d. í þessu tilfelli Sogsvirkjunina, hvað við þurfum að hugsa frá landsins sjónarmiði, þegar við erum að taka ákvarðanir um lán. Þau lán, sem eftir allmikla umleitun var mögulegt að fá í Bandaríkjunum, voru í fyrsta lagi ófullnægjandi frá upphafi. Það var vitanlegt, að við mundum ekki fá þar lán fyrir öllu því, sem við þurftum. Það kom í ljós, þegar farið var að athuga um þetta, og sérstaklega var það sá hluti, sem mundi þurfa að greiða til ríkisins sjálfs sem tolla og annað slíkt, sem var óhugsandi að fá lán fyrir þar. Það var þess vegna vitanlegt, og það lagði ég sérstaka áherzlu á í þeim umræðum, sem fóru fram í stjórn Sogsvirkjunarinnar um þessi lán, að það sýndi sig, að það væru ekki næg lán, sem hægt væri að fá þar. Í öðru lagi kom það greinilega í ljós, að þessi lán, sem þar var hægt að fá, voru þjóðhagslega dýrari en þau, sem hægt var að fá í Sovétríkjunum, þegar við yrðum að greiða þessi lán til baka, væri það í dollurum, a. m. k. svo framarlega sem Bandaríkjastjórn krefðist þess. Það voru að vísu nokkuð flóknir samningar, sem ég get farið í, ef nauðsyn er, en þar sem þó, þegar öllu er á botninn hvolft, er sú ákvörðun, að ef Bandaríkjastjórn og lánveitandi krefst þess, þá er hægt að skylda okkur til að greiða það í dollurum.

Við vitum, hvernig er með það, sem við eigum að greiða í dollurum eða öðrum frjálsum gjaldeyri. Það er mjög óhægt fyrir okkur, og greiðslugeta okkar er erfið í því sambandi. Við höfum alltaf of lítinn frjálsan gjaldeyri. Jafnvel þótt það sé þannig, að við höfum yfirleitt of lítinn gjaldeyri, þá er þó alltaf svo, að við höfum of lítinn frjálsan gjaldeyri. Og hvað snertir greiðslujöfnuðinn við Bandaríkin, hefur það verið svo, a. m. k. ýmis undanfarin ár, að það hefur jafnvel munað svo miklu, að okkur hefur vantað kannske 100 millj. kr. upp á að hafa nægilegt til þess að hafa viðskipta- og greiðslujöfnuð. Að því leyti var ópraktiskt fyrir okkur að taka slíkt lán í Bandaríkjunum, að við urðum að greiða það með gjaldeyri, sem við áttum alltaf erfiðara með að útvega okkur, sem þýddi, að við urðum að taka þessar greiðslur frá þeim takmarkaða frjálsa gjaldeyri, sem við höfðum. Enn fremur var greinilegt, að þetta var dýrara. Að vísu voru þau lán, sem að lokum fengust í Bandaríkjunum, með tiltölulega vægari vöxtum en ýmislegt annað, sem við höfum fengið þar og annars staðar í þeim vestræna heimi. Þau voru með 3%, ef átti að greiða í dollurum, og 4%, ef átti að greiða í íslenzkum krónum, þannig að það væru sæmileg kjör hvað slíkt snertir, þó að þau væru ekki eins góð og þau, sem við gátum fengið í Sovétríkjunum. Jafnhliða var svo sett raunverulega það skilyrði, þó að það kæmi ekki alveg beint fram þannig, heldur væri smeygt inn í, að í sambandi við þetta yrði að leggja í sérstaka rafmagnsleiðslu til Keflavíkurflugvallar eftir 1960.

Ég hafði lagt það til í stjórn Sogsvirkjunarinnar og líka eftir að vinstri ríkisstj. tók við völdum, að það yrði, jafnhliða því sem leitað yrði eftir lánum í Bandaríkjunum, leitazt við að fá lán í Sovétríkjunum og það yrði athugað um möguleika í Sovétríkjunum og Tékkóslóvakíu um lán í þessu skyni og kaup á raforkutækjum þaðan. Þessi till. mín hlaut aldrei stuðning hjá neinum í stjórn Sogsvirkjunarinnar eða hjá meiri hluta ríkisstj. og það var aldrei rannsakað til fulls, hvað þarna væri um að ræða. Það hefur hins vegar komið greinilega í ljós, ef einhverjir kynnu að hafa borið brigður á, að þeir möguleikar væru fyrir hendi, það er nú þegar sannað með staðreyndunum, að þeir möguleikar voru fyrir hendi að fá lán eins og nægði til þess að virkja Sogið, ekki ófullnægjandi lán, heldur lán eins og nægði í Sovétríkjunum með 2½% vöxtum. Og ég held, að það sé vert fyrir okkur að muna það nú, þegar við stöndum hér á Alþ. frammi fyrir því að verða að taka ákvarðanir um þetta lán, að frá upphafi hafi þeir möguleikar verið til að fá fullnægjandi lán til þess að virkja Sogið með 2½% vöxtum og hafa möguleika á að greiða það til baka í okkar útflutningsvörum, í fiski.

Ég veit, að hvað vaxtaspursmálið snertir, þá gætir oft nokkurs sinnuleysis af hálfu þeirra manna, sem eru að taka lán á Íslandi, um hvað vextirnir séu. Og ég er hræddur um, að það sé eitt af því, sem verðbólguþróun undanfarinna áratuga hefur sljóvgað hug manna fyrir, hvert gildi hafi, vaxtaupphæðin. Það er vitanlegt, að hér á Íslandi, þegar tekin eru lán innanlands, þá er það nú, að mönnum finnst það engu máli skipta, hvort lán er tekið upp á 3%, 4%, 7% eða 8%. Og sannleikurinn er, að það skiptir náttúrlega ekki miklu máli, þegar verðgildi peninganna rýrnar um 50% á átta árum. Þá getur maður náttúrlega sagt, að það hafi í raun og veru ekkert að segja, þó að menn taki lán, hvort það er 7 eða 8% eða jafnvel 10 eða 12%, ef menn bara geta fengið það til nægilega langs tíma, til þess að lánið raunverulega afskrifist sjálft vegna verðgildisrýrnunar peninganna.

Þetta á ekki við, þegar við tökum lán erlendis. Þau verðum við að borga, ekki í íslenzkum krónum, heldur í erlendri mynt, þannig að þar hafa vextirnir alltaf sitt gildi. Og þegar um er að ræða lán til raforkufyrirtækja, þá verður alveg sérstaklega að vekja athygli á því, að það er bókstaflega grundvöllurinn fyrir allri framtíðarraforkuframleiðslu Íslands, að það sé skilningur af hálfu þeirra manna, sem taka ákvarðanir um þessa hluti, að lágir vextir eru aðalatriðið í sambandi við raforkuframkvæmdir, — bókstaflega aðalatriðið.

Ég skal taka fram t. d. hvað Sogsvirkjunina snertir, að í normalári, ég á við árið, þegar gengi eða verðgildi okkar peninga stendur tiltölulega fast, þá eru vextirnir raunverulega tæpur helmingur af öllum kostnaði við raforkuver. Ég veit, að þeir eru minni á reikningum okkar hjá Sogsvirkjuninni núna, t. d. síðast, þeir fara kannske niður í þriðjung, þegar þróunin í þjóðfélaginu er þannig, að verðbólgan vex tiltölulega ört, vegna þess að þá vex kostn-

aðurinn við viðhald, laun og annað slíkt það örar, að vaxtaupphæðin, a. m. k. þegar um er að ræða innanlandslán, minnkar þá hlutfallslega. En þegar um er að ræða eðlilega þróun í þjóðfélaginu, þá eru vextirnir þarna aðalatriði. Og þar sem það er á næstu áratugum höfuðatriði fyrir Ísland að geta lagt í stór raforkuver og geta fengið til þess ódýrt fjármagn, þá er vaxtaupphæðin í þessu sambandi það, sem ræður úrslitum, og ef við eigum að leggja í stór raforkuver hér á Íslandi, sem eiga að standa undir sér og eiga að standa undir stóriðju, sem á að keppa á alþjóðavettvangi, þá er það að taka lán upp á 2½% eða þar um kring úrslitaatriði í því, hvort við getum byggt upp sérstaklega stóriðju til útflutningsframleiðslu á grundvelli okkar raforku. Mér þykir þess vegna hafa verið illa farið, að það skyldu ekki hafa verið notaðir þeir möguleikar, þótt bara væri í sambandi við þessa litlu Sogsvirkjun okkar, sem fyrir hendi hafa verið til þess að slá því föstu, hvað þyddi fyrir okkur að fá lán til okkar raforkuframkvæmda með svo lágum vöxtum.

Ég hafði allan vara á viðvíkjandi minni afstöðu í þessu og lét bóka eftir mér á þeim fundum í stjórn Sogsvirkjunarinnar, þegar ákvarðanir voru teknar um þetta, mína afstöðu, og skal ekki fara nánar út í það hér, nema tilefni gefist til. En vegna þess að ekki var farið að mínum till. í upphafi um þetta, er nú svo komið, að það var tekið ófullnægjandi lán til Sogsvirkjunarinnar, dýrara lán en fáanlegt var og þjóðhagslega séð óhagstæðara. Og þess vegna stöndum við nú í dag í vandræðum, og þess vegna kemur þetta mál nú fyrir Alþ., okkur vantar þessar 30 millj. kr., sem hér er farið fram á að taka.

Og þá skulum við athuga, hvernig stendur á því, að það eru nú sérstaklega þessar 30 millj. kr., sem hér er talað um, og hvaða peningar það eru, sem Sogsvirkjunina vantar.

Þessar 30 millj. kr., sem hér er farið fram á að stjórn Sogsvirkjunarinnar sé heimilt að taka skuldabréfalán fyrir, eru eingöngu vegna tollgreiðslna til ríkisins. Þetta lán, sem hér er farið fram á að taka, er einvörðungu til þess að greiða tolla og önnur slík gjöld af vélum og fyrirtækjum við Sogsvirkjunina til ríkisins í sambandi við þessa virkjun. Það er aðeins skatturinn til ríkisins, sem þarna er um að ræða og hér er farið fram á.

Stjórn Sogsvirkjunarinnar hefur leitað til aðalbankastjóra seðlabankans í þessu sambandi og spurt hann um hans álit á þessum efnum, og það mun hafa verið hans till., að það yrði farið fram á að gefa út skuldabréf með rafmagnsvísitölu, sem ættu að greiðast sem sé með vísitölu, sem væri í hlutfalli við rafmagnsverðið í Reykjavík þann tíma, sem ætti að greiða bréfin. Ég vil hins vegar upplýsa það, að þetta mál hefur aldrei verið lagt fyrir stjórn seðlabankans. Bankastjórn seðlabankans hefur aldrei fjallað um þetta mál og aldrei tekið neina ákvörðun um það, og þessi vísitöluákvörðun hefur aldrei verið tekin á fundi í stjórn seðlabankans. Það er eingöngu aðalbankastjórinn, sem rætt hefur verið við um þetta. Og sú krafa, sem nú er komin fram af hálfu aðalbankastjóra seðlabankans um, að þetta lán megi ekki taka öðruvísi en með því að greiða vísitölu af því, er þess vegna eingöngu frá sjálfum aðalbankastjóranum og ekki neinum öðrum aðila. Og það, að stjórn Sogsvirkjunarinnar, meiri hluti hennar, hefur samþykkt að fara fram á þetta við Alþ., er eingöngu vegna þess, að meiri hluti stjórnar Sogsvirkjunarinnar stendur í þeirri meiningu, að Sogsvirkjunin fái ekki lánið nema ganga að þessu skilyrði. Þetta er ekki ósk meiri hluta stjórnar Sogsvirkjunarinnar, heldur nauðungaraðstaða, sem hún er sett í, en ég fyrir mitt leyti greiddi atkv. á móti að hún beygðist undir. Og nú skal ég gera nokkra grein fyrir, hvernig á því stendur, að ég var á móti því, að stjórn Sogsvirkjunarinnar eða Sogsvirkjunin ætti að sæta þessum kjörum.

Ég álít, að ríkið eigi að koma eins fram við alla þá aðila, sem það hefur með að gera í þessum efnum, menn eigi að hafa þar nokkurn veginn sama rétt, hvort það sé Sogsvirkjun, sem um er að ræða, eða t. d. Laxárvirkjun eða rafmagnsveitur ríkisins viðvíkjandi rafmagnsveitum í dreifbýlinu. Og nú skulum við athuga, hvort þetta er gert, hvort allir þessir aðilar eru látnir sitja við sama borð.

Eins og ég minntist á áðan, hafa rafmagnsveitur ríkisins verið núna undanfarin fimm ár að leggja rafveitur út um land í sambandi við 10 ára áætlunina. Það eru 330 millj. kr. til ársloka 1958, sem farið hafa í þetta, frá því að byrjað var 1954, af 616 millj. kr., sem áætlað er, miðað við verðið í júlí 1958, að 10 ára áætlunin eigi að kosta. Það, sem búið er að skapa nú þegar af orkuverum, gefur 5600 kw. Þær dreifiveitur, sem þarna hefur verið lagt í fram til ársloka 1958, eru upp á 62 millj. kr. (Gripið fram í.) Það, sem ríkið hefur afskrifað nú þegar af þeim. Þær kosta um 102 millj. af þessum 330 millj. kr., sem þegar hefur verið lagt í, og 62 millj. kr. er ýmist ríkið eða bændurnir sjálfir búnir af afskrifa af þessu. Þrátt fyrir það eru þær reknar með greiðsluhalla.

Hvernig var nú farið að til þess að útvega þessar 300 millj. kr., sem þarna var um að ræða, fé, sem er varið að vísu í gott málefni, þó að það málefni borgi sig ekki, þó að það standi ekki undir sér og þó að ríkið verði að afskrifa þetta, — hvernig er farið að því að lána þetta? Jú, bankar ríkisins eru látnir lána þetta og ríkið látið leggja fram fé til þess. Það er farið til Landsbankans, Útvegsbankans og Búnaðarbankans, ef ég man rétt, og lagt hart að þessum bönkum, að þeir láni hver um sig svo og svo margar millj. kr. á ári til þessa. Er þá af hálfu þessara banka gerð krafa um vísitölugreiðslu, þegar greitt sé til baka? Nei, það er ekki gerð nein krafa um neina vísitöluskuldbindingu, hvorki í rafmagnsverði né öðru. Hvernig er svo með Sogsvirkjunina hins vegar, fyrirtæki, sem ber sig, fyrirtæki, sem ríkið þarf ekki á fjárlögum að veita ákveðinn styrk á ári til þess að láta afskrifa tapið á því, fyrirtæki, sem er lífsnauðsyn fyrir meiri

hluta landsbúa að sé rekið og eðlilega stækkað og fyrir einhver stærstu iðjuver landsins að gangi með fullum krafti, — hvernig er búið að Sogsvirkjuninni á sama tíma? Hún fær ekki að halda áfram með þá virkjun, sem nauðsynleg varð strax eftir 1953, og ég hef þegar lýst því tjóni, sem af því hlýzt. Sementsverksmiðjan stendur kyrr nú, áburðarverksmiðjan minnkar sína framleiðslu, og jafnvel verður að kaupa útlendan áburð fyrir útlent fé í staðinn. Þegar Sogsvirkjunin svo fær loksins að fara af stað með ófullnægjandi lánum, hvað er þá sagt við hana, þegar hana vantar 30 millj. kr. til þess að greiða skatta til ríkisins? Það er sagt við Sogsvirkjunina: Þú færð ekki að taka þessi lán, nema þú borgir þau til baka með vísitölu, borgir þau til baka með allt öðrum skilmálum en öll önnur rafmagnsfyrirtæki ríkisins.

Þetta er í fyrsta lagi óréttlátt. Ríkið á að láta alla aðila þarna, alla opinbera aðila á þessu sama sviði, sitja við sömu kjör. Bankar ríkisins eiga að veita þessum aðilum sömu aðstoð og þá njóta sama réttar. En alveg sérstaklega verð ég að segja, að það fer að verða hálfhjákátlegt, þegar ástandið er orðið þannig, að til þess að borga ríkinu skatta er einu opinberu fyrirtæki ríkisins og Reykjavíkurbæjar, Sogsvirkjuninni, neitað um lán af öðru ríkisfyrirtæki, seðlabankanum, nema með því að það greiði þetta til baka með vísitölu, með allt öðrum kjörum en allir aðrir lánþiggjendur þurfa að gera. Sogsvirkjunin er nú að hálfu leyti fyrirtæki ríkisins, að hálfu leyti fyrirtæki Reykjavíkurbæjar, m. ö. o. alveg opinbert fyrirtæki, og að því leyti til getur maður sagt, að það er ríkið, sem að meira eða minna leyti knýr Sogsvirkjunina til þess t. d. að láta ódýrt rafmagn til eins fyrirtækis eins og áburðarverksmiðjunnar. Þá er þetta sem sé orðið þannig, að á vissan hátt er ríkið að setja sjálfu sér í formi Sogsvirkjunarinnar okurkjör til þess að greiða sjálfu sér skatta. Það er eins og hver höndin í sjálfum þeim opinberu framkvæmdum hér á Íslandi sé að reyta af annarri, kúga hver aðra, eitt ríkisfyrirtæki eins og seðlabankinn sé að reyna að kúga þarna Sogsvirkjunina, annað ríkisfyrirtækið, til þess að greiða þriðja ríkisfyrirtækinu skatta, og er að taka okurlán til þess að geta greitt þá.

En látum nú vera það hlægilega í þessu og þá óstjórn, sem kemur í ljós í sjálfum ríkisfyrirtækjunum hjá okkur, þegar svona er með þau. Það, sem mér finnst hart þarna, er, að það sé verið að gera upp á milli þeirra rafmagnsfyrirtækja, sem ríkið og það opinbera á. Ég vil spyrja: Á máske sérstaklega að refsa Sogsvirkjuninni fyrir það, að Reykjavíkurbær skuli eiga hlut í henni, eða er það máske þess vegna, sem á að skammta Sogsvirkjuninni verri aðstöðu en öðrum rafmagnsfyrirtækjum í landinu, öðrum opinberum rafmagnsfyrirtækjum? Ég vildi gjarnan fá upplýsingar um það, hvort menn álíta, að það sé nauðsynlegt, og hvort menn álíta, að ef Reykjavíkurbær á helming þarna á móti ríkinu, þá beri alveg sérstaklega að gera ráðstafanir til þess að okra á því fyrirtæki, á sama tíma sem öðrum rafmagnsfyrirtækjum, sem ríkið á sjálft, er raunverulega á ýmsan hátt stórhjálpað af ríkinu með fjárframlögum og af bönkunum með eðlilegum lánum. Sogsvirkjunin þarf ekki að fá styrk frá ríkinu. Það þarf ekki að borga neinar framkvæmdir hennar með ríkisfé að þriðjungi eða helmingi. Sogsvirkjunin sem fyrirtæki okrar ekki heldur á almenningi. Hún fær aðeins að leggja 5% á framleiðslukostnaðinn af sinni raforku. Allir þeir, sem kaupa af henni, geta lagt á, eftir því sem þeir vilja og fá leyfi til af verðlagsyfirvöldum, en Sogsvirkjunin fær aðeins að leggja 5% þarna á. Hún er þess vegna alltaf háð ríkinu um útvegun fjár til þess að geta haldið áfram sínum virkjunum. Sogsvirkjunin er af ríkinu og af útlendum bönkum, sem ríkið hefur ofurselt hana á vissum tíma, knúin til þess að selja þriðjunginn til helminginn af allri þeirri raforku, sem hún framleiðir, til eins fyrirtækis ríkisins, áburðarverksmiðjunnar, á verði, sem er hlægilega lágt, en á því lága verði, sem áburðarverksmiðjan fær rafmagnið frá Sogsvirkjuninni, byggist það yfirleitt, að áburðarverksmiðjan skuli vera rekin og skuli vera hægt að reka hana og hægt að reka hana þannig, að áburðurinn sé ekki dýrari en erlendis.

Sogsvirkjunin er þess vegna að miklu leyti rekin í þágu eins einasta ríkisfyrirtækis, áburðarverksmiðjunnar, sem ekki væri hægt að reka án Sogsvirkjunarinnar, og öll iðjufyrirtæki t. d. hér í Reykjavík og hér á suðvesturhluta landsins verða að sæta allt öðrum skilmálum en þetta ríkisfyrirtæki, áburðarverksmiðjan, þannig að maður gæti ekki ætlað, að ríkið hefði neina sérstaka ástæðu eða bankar til þess að ofsækja Sogsvirkjunina eða skammta henni verri kjör en öðrum fyrirtækjum í landinu. Ég álít þess vegna, að það sé ósvinna að ætla að skammta Sogsvirkjuninni lakari kjör en öðrum fyrirtækjum ríkisins á sviði raforkunnar hvað snertir lán frá bönkum ríkisins. Ég er ekki að fara fram á styrk til hennar, niðurborgun á rafmagni, afskriftir á kostnað ríkisins eða neitt annað slíkt. Þetta er fyrirtæki, sem algerlega stendur undir sér og er gott fyrirtæki, sem þjónar hagsmunum almennings og stóriðnaði í landinu og fær ekki, þótt við getum gjarnan sagt máske: á ekki einu sinni að græða sjálft, — en á þarna um leið undir ríkinu, að því sé sýnd full sanngirni, að það sé ekki sett við allt annað borð og sett skör lægra en allir aðrir í landinu á sama sviði.

Ég álít, að það eigi að afnema úr þessu frv. það ákvæði, sem skuldbindur stjórn Sogsvirkjunarinnar til þess að greiða þetta til baka í hlutfalli við breytingu á vísitölu framfærslukostnaðar. Máske vilja einhverjir hv. þdm. segja, að þetta sé nú ekki á okkar valdi, það sé aðalbankastjóri seðlabankans, sem hafi sagt þetta, og þá sé ekkert að segja, Alþingi hafi ekkert að segja. Ef ég man rétt, var verið að tala um það hér nýlega af einum háttsettum manni í voru þingi, að það ætti ekki að láta hin og þessi öfl utan þingsins ráða. Ég vil nú

spyrja hv. þdm.: Er meiningin, að einhverjir og einhverjir embættismenn ríkisins geti sagt Alþingi fyrir verkum í þessum efnum, embættismenn, sem eru settir samkvæmt lögum á þessu þingi og samkvæmt ákvörðunum þess, — er meiningin, að slíkir embættismenn eigi að fara að geta skipað okkur, hvernig þessir hlutir eigi að vera? Það er sitt hvað, hvernig Alþingi kann að álíta rétt og ríkisstj. þess að semja við samtök manna í landinu, verkamanna, bænda, atvinnurekenda eða annarra slíkra, en sína eigin embættismenn á Alþingi ekki að láta skipa sér fyrir, hvað eigi að gera. Og hér er um það að ræða, eins og ég hef upplýst, að stjórn seðlabankans hefur aldrei um þetta mál fjallað. Aðalbankastjóri seðlabankans hefur hins vegar látið þetta álit í ljós. Meiri hluti stjórnar Sogsvirkjunarinnar hefur beitt sér fyrir því, og því er þetta frv. komið þetta langt. Ég álít, að svo megi ekki fara að. Ég álít, að Sogsvirkjunin eigi að fá lán með venjulegum kjörum, og svo fremi sem það skyldi koma í ljós, þegar stjórn seðlabankans fjallar um þetta mál, að meiri hluti hennar væri á móti slíku, þá er Alþingi sú stofnun, sem getur lagt fyrir stjórn seðlabankans að lána með þeim kjörum, sem Alþingi ákvarðar. Það er þó a. m. k. Alþingi, sem er húsbóndi í heimilum ríkisins og ríkisstofnana landsins, sem eru til fyrir þess tilverknað og stjórnað eftir þess ákvæðum. Þeim getur Alþingi sagt fyrir verkum, og ég held það sé þá bezt, að Alþingi sýni, að það sé húsbóndi á sínu heimili hvað þetta snertir, og sé stjórn seðlabankans ekki reiðubúin til þess, þegar hún loks fær að fjalla um þetta mál, að breyta þessu ákvæði, þá leggi Alþingi svo fyrir, að seðlabankinn skuli lána a. m. k. helming þessa sjálfur, kaupa helminginn af þessum skuldabréfum sjálfur. Ég vil minna á það einu sinni enn: Til hvers er stjórn Sogsvirkjunarinnar að taka þetta lán? Til þess að borga ríkinu, til þess að borga fjmrh. Og mér væri nú næst að spyrja, ef nokkur ráðherranna væri við, hvað bankamálaráðherrann segði um það, hvort honum fyndist ekki sanngjarnt, hæstv. bankamálaráðherra, að seðlabanki ríkisins lánaði með eðlilegum kjörum fyrirtæki, sem heyrir undir hæstv. rafmagnsmálaráðherra, lánaði því með eðlilegum kjörum fé til þess að greiða hæstv. fjmrh. Því miður eru nú þessir þrír hæstv. ráðh., sem um þetta ættu að fjalla, ekki við sem stendur, en gott hefði verið, að þeir hefðu nú fjallað um þetta, hæstv. bankamálaráðherra og hæstv. rafmagnsmálaráðherra og hæstv. fjmrh., ekki sízt fyrst þeir eru nú allir saman úr sama flokki, hvort þeir gætu ekki komið sér saman um, á hvern hátt þessar 30 millj. kr. væru teknar úr einu fyrirtæki ríkisins, greiddar í gegnum annað fyrirtæki ríkisins og til þriðja fyrirtækis ríkisins. Maður getur stundum skilið, að það sé kannske dálítið erfitt að koma svona málum fyrir, þegar ráðh., sem hafa með þetta að gera, eru sinn úr hvorum flokki og halda fast hver í sinn enda kannske. Þegar þeir eru nú allir saman úr sama flokknum, ættu þeir nú a. m. k. að geta komið sér saman um þetta.

Ég held þess vegna, að það sé full nauðsyn á, að þetta frv., sem lagt hefur verið til að fari til fjhn., sem ég er fyllilega samþykkur, fái þá athugun í þessari nefnd, að það sé gengið úr skugga um það í fyrsta lagi, hvort stjórn seðlabankans setji það sem skilyrði fyrir lánum, þegar eitt ríkisfyrirtæki á að fá lán til þess að greiða ríkissjóði, að það eigi að greiðast til baka með vísitöluálagi, og svo fremi sem það kynni að sýna sig, þegar stjórn seðlabankans loksins fengi að fjalla um þetta mál, að slík krafa væri gerð, þá held ég, að það væri tími til kominn, að Alþingi tæki þá til athugunar, hvort það tekur ekki til sinna ráða og leggur fyrir stjórn seðlabankans, með hvaða hætti eigi að veita slík lán. Og ég vil segja það, að taki stjórn seðlabankans þannig á svona málum, þegar hún færi að fjalla um þetta, að það sé farið að setja einu fyrirtæki ríkisins og Reykjavíkurbæjar, sem vinnur á þann hátt, sem ég hef nú lýst, í almenningshag, skilyrði, sem engum öðrum eru sett, þá er fyllilega tími til kominn, að Alþingi taki seðlabankann og lögin um hann til endurskoðunar. Ég gerði mínar athugasemdir við þann banka og þau lög, þegar þau voru sett hér á þinginu, og ég held, að það væri þá fyllilega tími til kominn, að Alþingi tæki til athugunar, hvernig stjórnin á þeim banka hefði verið og er, og við fjölluðum þá betur um þetta mál, máske í sambandi við frv., sem kæmi þá fram viðvíkjandi stjórn seðlabankans. Ég vil þess vegna eindregið mælast til þess við þá nefnd, sem þetta mál nú fer til, að hún taki þetta mál til rækilegrar athugunar. Ég þykist hafa sýnt fram á, að það sé ekki sanngjarnt að taka stjórn Sogsvirkjunarinnar og Sogsvirkjunina sérstaklega út úr af öllum fyrirtækjum landsins til þess að láta það búa við lakari kjör en öll önnur, — að það sé sízt af öllu sanngjarnt að gera þetta, þegar um það sé að ræða að taka lán upp á 30 millj. kr. einvörðungu til þess að greiða skatta og skyldur til ríkisins, einvörðungu til þess að greiða tolla og gjöld til ríkisins af vélum og efni til þessarar Sogsvirkjunar, sem við nú stöndum í. Og ég vil ekki sízt leggja áherzlu á þetta vegna þess, eins og ég hef sýnt fram á, að það, að stjórn Sogsvirkjunarinnar verður að sækja um lán til þess að geta lokið Sogsvirkjuninni hvað þetta snertir, er vegna þess, að það var ekki hægt að fá það í gegn að nota þá möguleika, sem fyrir hendi voru, til þess að taka alveg fullnægjandi lán til Sogsvirkjunarinnar, þannig að aldrei hefði til þess komið, að hún hefði þurft að fara fram á það meira að segja við aðalbankastjóra seðlabankans að taka þessi lán, þessar 30 millj. kr., með þeim hætti, sem hér er áskilinn.

Ég vil þess vegna leyfa mér að vona, að þetta frv. verði endurskoðað þannig í þessari hv. d., að Sogsvirkjunin fái að sitja þar við sömu kjör og önnur rafmagnsfyrirtæki ríkisins, og heimta ég þó ekki, að þetta sé framkvæmt nema hvað

snertir vaxta- og greiðsluskilmála hjá bönkum ríkisins, því að ég er ekki að fara fram á, að Sogsvirkjunin fái sömu hlunnindi og ýmis önnur fyrirtæki ríkisins hvað afskriftir og eftirgjafir snertir.

Ég vil leyfa mér að vona, að hv. fjhn. endurskoði þess vegna þetta frv. vel og rækilega og breyti því og gangi úr skugga um það, máske líka með því að kalla stjórn seðlabankans á sinn fund, hvernig hér er málum háttað og hvort nauðsyn er á því og að nokkru leyti rétt að láta þetta mál halda áfram í þeim búningi, sem það nú er, hvort ekki sé hægt að kippa vísitöluákvæðinu alveg út úr því við meðferðina við 2. umr. í þessari hv. deild.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Á 117. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 151, n. 437, 438).

Frsm. meiri hl. (Pétur Pétursson): Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, er komið frá Ed. Í hv. Ed. hafði verið gerð sú meginbreyting á frv., eins og það var lagt fyrir upphaflega, að í stað þeirra skilmála væntanlegra skuldabréfa, að þau endurgreiðist í hlutfalli við breytingar á rafmagnsverði, var ákveðið, að þau skyldu greiðast í hlutfalli við breytta vísitölu framfærslukostnaðar.

Vegna þeirrar breytingar, sem þarna hefur á orðið í hv. Ed., tel ég rétt að fara nokkrum orðum um málið í heild.

Frv. var upphaflega flutt af hæstv. fyrrv. fjmrh. eða öllu heldur hv. fjhn. Ed. eftir ósk ráðh., en hann hafði aftur á móti hlutazt til um, að málið var flutt, eftir ósk stjórnar Sogsvirkjunarinnar. Málið liggur einfaldlega þannig fyrir, að fjármagn til virkjunar Efra-Sogs hefur verið útvegað, að undanskildum þeim 30 millj., sem hér er talað um að taka að láni eða veita heimild til að taka að láni, en eins og kunnugt er, þá er þessi framkvæmd öll talin kosta nær 200 millj.

Það fé, sem hér er farið fram á að fá heimild til að taka að láni, mun vera ætlað aðallega til að greiða tolla og söluskatt. Það mætti að vísu segja, að eigendur Sogsvirkjunarinnar, ríkissjóður og bæjarsjóður Reykjavíkur, ættu máske að leggja fram þetta fé, en þessir aðilar hafa ekki talið sér fært að gera það, nema þá með því að leggja á nýja skatta, og sjálfsagt vilja allir reyna að komast hjá því.

Meiri hl. fjhn. telur sjálfsagt að reyna að útvega þessar 30 millj. kr. að láni, og mér virðast raunar allir nm. vera sammála um það út af fyrir sig. Ágreiningurinn er fyrst og fremst um það, með hvaða kjörum þau lán skulu tekin, sem hér um ræðir.

Þess hefur verið farið á leit við seðlabankann, að hann ábyrgist sölu á þeim skuldabréfum, sem hér er um að ræða. Svo sem fram kemur í bréfi seðlabankans, sem meiri hl. hefur leyft sér að prenta á þskj. 437, treystir bankinn sér ekki til að tryggja sölu þessara bréfa nema með því skilyrði, að bréfin skuli endurgreiðast í hlutfalli við breytingu rafmagnsverðs í Reykjavík. Að sjálfsögðu má gera ráð fyrir, að rafmagnsverð hækki eitthvað, þegar hin nýja viðbót Sogsvirkjunarinnar tekur til starfa, og framkvæmdastjórn seðlabankans telur, að bréf með þeim skilmálum, að þau séu endurgreidd í hlutfalli við breytt rafmagnsverð, séu miklu seljanlegri til almennings heldur en ef þau væru tryggð með hinni almennu framfærsluvísitölu.

Spurningin er því í raun og veru um það, hvernig bréfin þurfi að vera, til þess að þau séu sem seljanlegust og mestar líkur til þess, að almenningur taki þátt í kaupum þeirra. Meiri hl. fjhn. telur raunar engan aðila hæfari til þess að meta það en seðlabankann. Kjarni málsins er, að Sogsvirkjunin þarf að fá það lán, sem hér er um að ræða, og hér er hægt að tryggja sölu tiltekinna bréfa, og allir hljóta að vera sammála um það, að ekki megi tefjast það verk, sem verið er að vinna við Sogið. Nú þegar er ástandið þannig í rafmagnsmálunum, að bæði áburðarverksmiðjan og sementsverksmiðjan geta ekki unnið full afköst vegna rafmagnsskorts. Framkvæmdum þessum verður því að halda áfram, ef þeim á að verða lokið á komandi hausti, eins og gert hafði verið ráð fyrir.

Meiri hl. fjhn. telur, að þar sem stjórn Sogsvirkjunarinnar hefur óskað eftir því að taka umrætt skuldabréfalán með þeim skilyrðum, sem upphaflega voru í frv., þegar það var lagt fyrir hv. Ed., þá sé rétt og eðlilegt, að frv. sé fært í sína upphaflegu mynd, og flytur brtt. þar að lútandi á þskj. 438.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég hef skrifað undir nál. meiri hl. fjhn., þar sem lagt er til, að frv. það, sem hér um ræðir, verði samþ., með fyrirvara, og vildi ég aðeins gera grein fyrir þeim fyrirvara.

Það er mín skoðun, að það sé tæplega heppilegt ráð til að gera skuldabréf, eins og hér um ræðir, seljanlegri til almennings að miða þau við rafmagnstaxtana, eins og seðlabankinn hefur lagt allt kapp á. Ég er þeirrar skoðunar, að fólk almennt muni að mjög takmörkuðu leyti geta áttað sig á því, hvað í vændum sé um hækkaða rafmagnstaxta, a. m. k. eins og verið hefur, sem gefi því alveg sérstakt eða aukið tilefni til þess að kaupa slík skuldabréf. Það hefur sjálfsagt hver sína skoðun um þetta, en ég vil láta þetta koma fram. Ég tel þetta töluvert hæpnar skoðanir, sem fram komu hjá seðlabankanum um þetta atriði.

Og loksins vildi ég í sambandi við þennan fyrirvara minn víkja að því, sem seðlabankinn í bréfi sínu hefur látið í ljós, að hann mundi ábyrgjast sölu á nokkrum hluta bréfanna eða e. t. v. öllum, eftir að hafa átt samráð og samstöðu við aðra banka um það. Seðlabankinn lýsir yfir sjálfur, að hann geti ekki keypt þessi bréf, m. ö. o. lánað í þetta, en víkur að því þarna, að hann muni e. t. v., eftir að hafa átt samráð og samstöðu við aðra banka, geta

hlaupið hér eitthvað undir bagga, þá væntanlega með því að hafa áhrif á þá til þess að kaupa þessi bréf. Þetta tel ég líka mjög vafasamt að gefa í skyn og það almennt, vegna þess að vitað er, að viðskiptabankarnir í landinu, sem áður lögðu af mörkum eftir samkomulagi við ríkisstj. ákveðnar fjárupphæðir til hinnar almennu rafvæðingar, hafa þurft að draga við sig þær lánveitingar nú að undanförnu, vegna þess að fjárskortur þeirra hefur verið svo mikill til þess að mæta hinni eðlilegu eða hinni stórauknu rekstrarlánsfjárþörf atvinnuveganna.

Ég er þess vegna þeirrar skoðunar, að það sé sem sagt tvennt athugavert við þetta, þótt ég styðji málið og vilji fylgja því, sem ástæða sé til að hafa fyrirvara um, að ég trúi ekki á þessa verðtryggingu sem verulegt agn til almennings, svo að hann fáist til þess að kaupa bréfin, og tel engar líkur til þess, eins og nú standa sakir, að aðrir bankar séu nokkuð fremur færir en seðlabankinn til að taka að sér sérstakar lánveitingar til þessara framkvæmda.

ATKVGR.
Brtt. 438 samþ. með 22:1 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 119. fundi í Nd., 29. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 122. fundi í Nd., 6. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 445).

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls ræddi ég nokkuð um afstöðu mína til þessara skuldabréfalána, og nú sé ég, að við 2. umr., eins og ég raunar bjóst við, af því að fjhn. hafði klofnað um málið, hefur nú verið gerð aftur sú breyting á þessu frv. að setja inn í 2. mgr. ákvæði, sem tryggja það, að þau bréf, sem stjórn Sogsvirkjunarinnar er heimilað að gefa út, skuli vera með verðtryggingu, sem megi miða við hvort heldur einstaka rafmagnstaxta í Reykjavík eða vísitölu nokkurra rafmagnstaxta.

Þetta er til komið þannig, að á fundi í fjhn. þessarar hv. deildar mætti aðalbankastjóri seðlabankans og tilkynnti þar, eins og líka er staðfest í bréfi framkvæmdastjórnar seðlabankans, sem birt er sem fylgiskjal með nál. meiri hl. fjhn., að seðlabankinn mundi ekki sjálfur ábyrgjast sölu á þessum bréfum, nema því aðeins að gengið væri að þeim kostum að setja þessa rafmagnsvísitölu á bréfin.

Ég hef áður rætt um það, að mér finnist það ekki rétt, að Sogsvirkjunin sé látin sitja við annað borð en aðrar rafmagnsframkvæmdir á landinu. Þegar um aðrar rafmagnsframkvæmdir er að ræða, leggur ýmist ríkið fram sjálft nokkurn styrk eða lán til þess eða skipuleggur það, að bankar landsins veita lán til allangs tíma og með sæmilegum vaxtakjörum til þess að gera mögulegt að koma þessum raforkuverum upp.

Sogsvirkjunin er ef til vill það raforkuver, sem þjóðfélagið á einna mest undir að starfi af fullum krafti og sé ekki látið dragast allt of lengi að koma því upp, og það eina, sem staðið hefur á viðvíkjandi lánum til Sogsvirkjunarinnar, er fyrir þeim 30 millj. kr., sem á að greiða til ríkisins sjálfs af þessari virkjun í tolla; þannig að það er þarna eingöngu um að ræða, að opinbert fyrirtæki þarf fé til þess að greiða tolla til ríkisins.

Eins og ég skýrði frá við 1. umr. málsins, var hægt að fá lán með betri kjörum en það lán, sem tekið var til Sogsvirkjunarinnar, líka til þess að greiða þessa tolla. Aðalbankastjóri seðlabankans og fleiri honum nákomnir komu í veg fyrir, að það var gert. Hann var sjálfur sendur út til að taka það lán, sem nú hefur verið tekið, og tókst ekki betur en svo, að þessar 30 millj. kr. vantaði upp á. Nú neitar svo seðlabankinn, eða réttara sagt framkvæmdastjórn hans, að lána þessa peninga, sem eiga að fara beint til ríkisins, — og ég býst við, að ríkið skuldi jafnvel seðlabankanum nokkuð, svo að það eru hæg viðskiptin þar á milli, — nú neitar seðlabankinn að lána þetta fé til Sogsvirkjunarstjórnarinnar, til þess að hún geti borgað þetta til ríkisins.

Fyrsta spurning, sem kemur upp hjá mér í sambandi við þetta, er: Er þetta vegna þess, að seðlabankinn geti þetta ekki? Ef menn lesa með athygli bréf seðlabankastjórnarinnar, sem birt er á þskj. 437, sjá menn, að það er ekki þess vegna. Seðlabankastjórnin segir þar, með leyfi hæstv. forseta: „Framkvæmdastjórn seðlabankans mundi hins vegar enn leggja því lið, að bankinn tæki á sig ábyrgð á sölu nokkurs hluta Sogsvirkjunarbréfa, væru þau með endurgreiðsluskuldbindingu í hlutfalli við hækkað rafmagnsverð.“ M. ö. o.: seðlabankinn er reiðubúinn til þess að leggja fram fé til þess að kaupa þessi bréf og taka ábyrgð á því, að þau seljist, og kaupa sjálfur, svo framarlega sem hann getur tryggt sér að græða svo og svo mikið á þessum bréfum. Það er vitanlegt, að um leið og nýja Sogsvirkjunin tekur til starfa, hækkar rafmagnsverð. Bréf, sem verða seld núna á næstu mánuðum, á að borga aftur eftir 1—4 ár eða lengri tíma, þá koma þau til með að hafa gefið nokkurn gróða af sér, og það, sem seðlabankinn er að heimta í þessu, eða réttara sagt framkvæmdastjórn hans er að heimta, það er, að þessi gróði sé látinn koma í hlut þeirra, sem kaupa þessi bréf, hvort heldur það eru einstaklingar eða seðlabankinn sjálfur, það, sem ekki megi gerast, sé, að það verði enginn aðili, sem græði á því að kaupa þessi bréf, heldur fái menn bara af því venjulega vexti.

Ég get ekki fellt mig við þetta. Ég get ekki fellt mig við það, að einn embættismaður ríkisins komi hér til okkar á Alþingi og segi við okkur: Ja, ég skal láta banka ríkisins kaupa bréf af ríkisstofnun til þess að borga

ríkinu tolla, til þess að koma af stað fyrirtæki, sem er lífsnauðsyn fyrir ríkið að koma af stað undireins, — ég skal gera það upp á þessa og þessa skilmála um, að svona og svona mikill gróði sé gefinn ýmist þeim, sem ég sel þessi bréf, eða seðlabankanum sjálfum.

Ég kann ekki við að láta segja Alþingi fyrir á þennan hátt og vil ekki taka þátt í því. Það var hægt að fá þessi lán með góðum kjörum og líka fyrir þetta. Seðlabankinn kom í veg fyrir það. Það er eins gott, að seðlabankinn fái sjálfur að kaupa þessi bréf. Hann hefur auðsjáanlega peninga til þess. Það upplýsir hann hér. Spurningin er bara um, hvort hann eða þeir, sem kynnu að kaupa bréfin, eigi að græða svo og svo mikið á þeim.

Þess vegna legg ég til, að 2. mgr. verði breytt á þessa leið, að 2. mgr. orðist svo: „Seðlabanka Íslands skal falið að annast sölu bréfanna. Skal bankinn sjálfur kaupa það af skuldabréfunum, sem ekki selst til almennings innan missiris frá útgáfudegi.“

Ég veit, að mönnum finnst það dálítið „drastískt“ að segja seðlabankanum fyrir verkum. Við höfum orðið að gera það áður hér á Alþingi, þegar um mikilvæg mál hefur verið að ræða. Við urðum að gera það, — og það var sami bankastjóri þá í Landsbankanum og nú er í seðlabankanum, — þegar um það var að ræða, að við vorum búnir að kaupa fyrir útlenda peninga alla nýsköpunartogarana 30, en það vantaði íslenzka peninga til þess að koma þeim út til bæjarfélaganna og einstaklinga á Íslandi, og við urðum að grípa til þess ráðs hér á Alþingi að skylda seðlabankann til að leggja þá peninga fram. Það tók hálft ár, mikla baráttu, en hafðist í gegn.

Ég held, að það verði að beita sömu aðferð nú. Ég held, að það sé rétt, að Alþingi sýni, hver sé húsbóndi í þessu þjóðfélagi, að það séu ekki einstakir embættismenn, heldur Alþingi sjálft. Ég vil þess vegna vonast til þess, að hv. deild geti fallizt á þessa brtt. mína.

Ég ræddi það ýtarlega um þetta mál við 1. umr. málsins, að ég ætla ekki að hafa það lengra nú, en vildi biðja hæstv. forseta annaðhvort að leita afbrigða fyrir þessari till. nú, af því að hún er skrifleg og of seint fram komin, eða þá, sem máske mætti nú eins verða, að málinu yrði frestað, ef erfiðlega gengur að ná afbrigðum í deildinni, þannig að hún gæti þá legið fyrir prentuð til atkvgr. á næsta fundi.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 483) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 123. fundi í Nd., 8. maí, var fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 483 felld með 16:5 atkv.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 114. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 115. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Sogsvirkjunin, sem er sameignarfyrirtæki ríkissjóðs og Reykjavíkurbæjar, hefur nú með höndum þriðju stórvirkjunina í Sogi, virkjun Efra-Sogs. Fjár hefur verið aflað að láni til virkjunarframkvæmda að öðru leyti en því, að enn vantar um 30 millj. fyrir innlendum kostnaði, þ. e. a. s. aðallega tollagreiðslum og söluskatti til ríkissjóðs.

Stjórn Sogsvirkjunarinnar hafði á s. l. ári samráð um þetta við hæstv. fjmrh. þáverandi og seðlabankann um leiðir til að afla þessa fjár. Varð niðurstaðan að gera tilraun um lánsútboð eða skuldabréfaútboð, og að ráði seðlabankans var ákveðið að leita eftir heimild Alþingis til þess, að slíkt lánsútboð mætti fara fram með þeim hætti, að endurgreiðsla og vaxtagreiðsla skuldabréfanna mætti breytast í hlutfalli við breytingu rafmagnsverðs til neytenda í Reykjavík frá útgáfudegi bréfanna til gjalddaga.

Frv. á þessa lund á þskj. 121 var síðan flutt af fjhn. þessarar hv. d. að beiðni hæstv. fyrrv. fjmrh.

Í meðförum Ed. kom fram nokkur gagnrýni á þessari leið, og var því ákveðið að breyta frv. á þá lund, að í stað þess að miða við vísitölu rafmagnsverðs skyldi miða við almenna vísitölu, þ. e. a. s. vísitölu framfærslukostnaðar.

Þegar málið kom til hv. Nd., var haldinn sameiginlegur fundur með fjhn. beggja d. um málið og fenginn þangað aðalbankastjóri seðlabankans til viðræðna um það og síðan óskað eftir skriflegri grg. bankans um málið. Sú grg. er birt á þskj. 437 með nál. fjhn. Nd. Framkvæmdastjórnin segir þar, með leyfi hæstv. forseta:

„Framkvæmdastjórn seðlabankans mundi hins vegar enn leggja því lið, að bankinn tæki á sig ábyrgð á sölu nokkurs hluta Sogsvirkjunarbréfa, væru þau með endurgreiðsluskuldbindingu í hlutfalli við hækkað rafmagnsverð.“

Bankinn telur því miklu meiri líkur fyrir því, að slík bréf seljist, ef þau eru miðuð við vísitölu rafmagnsverðs heldur en hina almennu framfærsluvísitölu. Af þessum ástæðum var frv. breytt aftur í hið upphaflega horf í Nd. og liggur því fyrir hér nú til einnar umr. nákvæmlega í því formi, sem það var, þegar málið var upphaflega lagt fyrir þessa hv. d. — Fjórir nm. í fjhn., þ. e. a. s. hv. 1. þm. Eyf. (BSt), hv. þm. Vestm. (JJós), hv. 4. þm. Reykv. (EggÞ) og ég, við mælum með því, að frv. verði samþ. óbreytt eins og það nú liggur fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 497).

46. Stjórnarskrárbreyting.

Á 105. fundi í Nd., 11. apríl, var útbýtt:
Frv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944 [144. mál] (þmfrv., A. 368).

Á 107. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 1. umr. (útvarpsumr.).

Forseti (EOl): Þessi útvarpsumr. fer fram á þann hátt, að það verða sem að vanda tvær umferðir. Flokkarnir tala í þessari röð: Fyrst Sjálfstfl., síðan Framsfl., svo Alþfl. og þá Alþb.

Fyrri umferðin verður 25—30 mín., síðari umferðin 15—20 mín.

Fyrstur tekur til máls fyrir hönd Sjálfstfl. fyrsti flm. frv., hv. þm. G-K., Ólafur Thors.

Flm. (Ólafur Thors): Herra forseti. Ég mun mæla hér aðeins örfá orð, m. a. vegna þess, að ég tel réttast, að það sé rödd sveitanna, sem nú hljómar í sölum Alþingis og ber bergmál sannleikans um víðan fjallasal og fram til fremstu flæða.

Þegar þrír svo óskyldir flokkar sem Sjálfstfl., Alþfl. og Alþb. hafa nú sameinazt um hið mikla mál, sem hér er fram borið, er það ekki eingöngu gæfumerki, heldur einnig vottur um svo augljóst réttlætismál, að sérstætt innræti þarf til þess að standa gegn því.

Efni þessa frv. um breytingu á kjördæmaskipan, sem hér er til umr., er orðið þjóðinni kunnugt. Hin nýja kjördæmaskipan, sem nú verður lögfest, mælir fyrir um, að landinu verði skipt í átta kjördæmi. Í fimm þeirra séu kosnir 5 þm., í tveimur 6 og loks í Reykjavík 12. Skulu þeir allir kosnir hlutfallskosningu. Uppbótarsæti verða 11. Þingmenn verða þannig alls 60.

Flm. frv. eru trygging fyrir því, að það verður samþykkt á þessu þingi.

Á þeim örfáu mínútum, sem ég hef hér til umráða, getur enginn vænzt þess, að mér takist að tilgreina öll rök, er að máli þessu hníga, né heldur að tæta rökvillur framsóknarmanna í sundur, svo sem maklegt væri og efni standa til. En aðalatriðin skal ég drepa á.

Kjördæmaskipan sú, sem við nú búum við, er svo óréttlát, að jafnvel framsóknarmenn treystast ekki til að mæla henni bót í orði. Í verki berjast þeir þó fyrir henni með því að benda á þær einar breytingar, sem jafnvel þeir sjálfir sjá að mundu auka, en ekki minnka ranglætið, og þeir einnig vita með vissu, að enginn ljær fylgi nema þeir einir og því bera dauðann í skauti sínu.

Við stuðningsmenn þessa frv. horfumst hins vegar í augu við staðreyndirnar. Á undanförnum áratugum hafa orðið eindæma miklir fólksflutningar frá dreifbýlinu til þéttbýlisins við sunnanverðan Faxaflóa. Fólkið, sem talið hefur sér bústaðaskipti til hagsbóta, neitar að skilja kosningarréttinn eftir í heimahögunum. Í nafni lýðræðis og þingræðis krefst það þess að njóta helgustu mannréttinda þrátt fyrir bústaðaskiptin. En þetta fólk hefur flutt átthagaástina með sér. Það gleymir ekki sveitinni sinni. Fyrir því játar það, eins og raunar flestir okkar, sem í þéttbýlinu búum, að svo sem þjóðhögum okkar er háttað, sé það nauðsynlegt, að sérhvert atkvæði í dreifbýlinu vegi þyngra en atkvæði þéttbýlisins. Þess vegna leggur það og við öll, sem að þessu frv. stöndum, til, að það þurfi allt að þrjú atkvæði þéttbýlisins til að jafngilda einu atkvæði dreifbýlisins. Við viljum að sönnu ekki láta hafa rétt okkar að háði. Þannig viljum við t. d. ekki una því lengur, að 8201 kjósandi fái að senda á þing 10 þm., eingöngu vegna þess að Framsfl. fékk þá alla, en 7515 kjósendur kjósi aðeins 1 þm., eingöngu af því að þeir kusu sjálfstæðismann, svo sem átti sér stað við síðustu alþingiskosningar. En við viljum með mestu ánægju draga fram hlut dreifbýlisins á kostnað okkar, sem í þéttbýlinu búum. Og þetta viljum við fyrst og fremst vegna þess, að við skiljum og metum hinn geysimikilvæga þátt dreifbýlisins og þá fyrst og fremst bændanna í atvinnu- og menningarlífi þjóðarinnar, og skiljum þess vegna vel, að það er sameiginlegur hagur allra Íslendinga, að við þéttbýlismenn afsölum okkur svo miklum hluta valds okkar til sveitanna til þess með þeim hætti að tryggja hag þeirra og velfarnað.

Þetta eru í stórum dráttum okkar sjónarmið, einföld, auðskilin og sönn.

Það er gegn þessum málstað lýðræðis, þingræðis og réttlætis, sem Framsfl. fer nú hamförum.

En berserksgangur getur aldrei komið í stað raka. Hvaða lifandi maður getur t. d. vænzt þess að vinna á lýðræðinu með þeim fullyrðingum, að kjördæmi megi aldrei breyta um nafn og þaðan af síður stækka. Núverandi kjördæmi eru ákvörðun danskra einvalda, en enginn helgidómur. Það er aumkunarverð fátækt að hampa svona barnaskap og kalla það höfuðrök í stærsta máli þjóðarinnar. Eða hvaða framsóknarmaður dirfist í alvöru að mótmæla endurreisn lýðræðisins með þeirri rökvillu, að eigi Hermann Jónasson eða Eysteinn Jónsson, hvor um sig studdur af fjórum þeim jafngildum þingmönnum, að gæta hagsmuna kjósendahóps, sem þó ekki er stærri en svo sem 3/4 hlutar kjósenda í því kjördæmi, sem mér einum hefur verið falinn þessi trúnaður fyrir í nær hálfan fjórða áratug, þá sé andlegum og veraldlegum velfarnaði þessara kjósenda Hermanns og Eysteins stefnt í voða? Ég segi bara: Veslings Hermann og aumingja Eysteinn! Það sýnir sannarlega ekki hágengi á þessum mætu mönnum í Framsfl., ef þetta eiga að vera aðalrökin. Sannleikurinn er sá, að því fer svo víðs fjarri, að hlutur kjósenda versni af þessu, að hann einmitt stórbatnar. Veldur þar um margt og þ. á m. það, að með þessari skipan getur hver og einn kjósandi dreifbýlisins valið milli 5—6 þingmanna um allan erindisrekstur. En fyrir heill kjördæmisins og hagsmuni alla varðar það þó mestu að eiga jafnan þingmann í flestum eða öllum

flokkum Alþingis og þannig ítök jafnt í stjórn sem í stjórnarandstöðu.

Fram að þessu hefur þetta tvennt: heiti og stærð kjördæmisins og að samband þingmanns og kjósenda muni rofna, átt að vera aðalrök fyrir málstað framsóknarmanna. Skyldi það ekki enda á því, að fjölgun þingmanna um átta eigi að verða stóra fallbyssan? En í hana vantar þó bæði kúluna og púðrið. Þegar Alþingi var endurreist 1845, voru Íslendingar um 58 þúsundir. Þingmenn voru þá 26, og kvartaði þó þjóðin sáran, svo að 17 bænaskrár bárust um fjölgun þingmanna, og stóð þá Jón Sigurðsson jafnan fremstur í þeirri fylkingu. Nú eru Íslendingar um 170 þúsundir. Ætti þá Alþ. í hlutfalli við fólksfjölgunina að vera skipað 76 mönnum, en ekki 60, en þjóðin þó að bera fram harðar kröfur um að fá 125 þingmenn.

Heyrzt hafa Framsóknarraddir um kostnaðaraukann, sem af fjölguninni muni leiða. Þeim til hugarléttis vil ég upplýsa, að 1942, þegar tala þingmanna var ákveðin 52, voru starfsmenn stjórnarráðsins að meðtöldum undirdeildum 70. Síðan hefur fjölgað ört í Framsóknarfjölskyldunni þar. Hópurinn hefur vaxið úr 70 í 142, þ. e. a. s. meira en tvöfaldazt.

En auk þess er rétt að benda á, að hin nýja kjördæmaskipun stóreykur líkur fyrir sterkri ríkisstjórn. Mætti vel af því leiða, að þinghald styttist um allt að helming. Það er því langsennilegast, að breytingin leiði til sparnaðar.

Staðhæfingunni um fjölgun smáflokka vegna stækkaðrar kjördæmaskipunar læt ég bæjarstjórn Reykjavíkur um að svara. Þar eru 15 fulltrúar, kjörnir hlutfallskosningu samtímis. Þar eru flokkarnir fjórir, þeir sömu og á Alþingi. Að sönnu krækti smáflokkur, sem heitir Framsóknarflokkur, sér í einn af þessum fulltrúum. En sama smáflokki áskotnuðust líka 17 af 52 þingmönnum vegna hróplegs ranglætis þeirrar kjördæmaskipunar, sem hann nú heldur dauðahaldi í.

Eru þá hroðnir allir drekar framsóknarmanna.

Það er aldrei sigurstranglegt að gerast málsvari ranglætisins. Framsóknarmenn munu sanna það í þessu máli. Mótbárur þeirra gegn till. okkar getur hvert mannsbarn tætt í sundur, og gera þó till. þeirra sjálfra hlut þeirra enn smærri og ömurlegri.

Þeir vilja það eitt að úthluta þéttbýlinu einum og einum þingmanni, en afnema jafnframt uppbótarþingmennina. Með þessu er svo hróplega gengið á rétt Alþýðuflokksins og Alþýðubandalagsins, að jafnvel römmustu andstæðingar þeirra, eins og við sjálfstæðismenn, getum ekki orða bundizt. Þannig mundu samkvæmt tillögu Framsfl. t. d. falla ógild fleiri atkvæði þessara tveggja flokka en samanlögð atkvæðatala Framsfl. sjálfs um gervallt Ísland var við alþingiskosningarnar 1956.

Og þegar forustumenn Alþfl. og Alþb. sýna fram á gerræðið í þeirra garð, svara framsóknarmenn með því að kalla þá „blinda foringja“ og bæta svo við, að þeir séu fullsæmdir af þessu, ef „vinstri menn sameinist“, eins og þeir orða það. Umbúðalaust þýðir þetta, að vilji þessir flokkar ganga í Framsóknarflokkinn, fái þeir þennan líka fyrirtaks kosningarrétt.

Margir kannast við söguna um landskunnan Framsóknarhöfðingja, sem í spaugi sagði, að ástæðulaust væri að fást um, þótt sérhver kjósandi framsóknarmanna hefði margfaldan rétt á við aðra kjósendur. Allir ættu þess kost að rétta hlut sinn og öðlast þennan sama rétt. Til þess þyrfti ekki annað en að ganga í Framsfl. Nú er þetta orðin alvara framsóknarmanna. Það er engu líkara en að feigð klíkuvaldsins sé þegar búin að yfirþyrma alla dómgreind þeirra.

Framsóknarmenn hafa kallað þessa kjördæmabreytingu byltingu í þjóðlífi Íslendinga, og vissulega má til sanns vegar færa, að íslenzkt lýðræði og íslenzkt þingræði mun nú bylta af sér því fargi, sem þröngsýnir sérhagsmunamenn um langt skeið hafa lagt á eðlilega og farsæla þróun íslenzkra þjóðmála. Þessi fámenni sérhagsmunahópur, sem misnotað hefur samvinnufélögin og ekki skirrzt við að tefla hagsmunum þeirra í tvísýnu til þess að tryggja sjálfum sér vald yfir málefnum Íslendinga, langt umfram það, sem vilji kjósenda landsins hefur staðið til, finnur nú, að sú spilaborg riðar til falls. Þeim skilst, að um leið og ranglætið verður látið víkja fyrir réttlætinu, víkur líka vald þeirra sjálfra fyrir vilja og valdi þjóðarinnar.

Í ljósi þessara staðreynda verða menn að dæma æðisgengin fjörbrot framsóknarmanna gegn þessu mikla frelsismáli. En lýðræðið verður endurreist á Íslandi, hvað sem sérhagsmunamennirnir segja.

Tími minn er nú á þrotum. Lokaorð mín í kvöld verða þessi:

1) Vegna hinna miklu fólksflutninga undanfarinna áratuga eru Íslendingar ekki lengur aðallega hvað þá eingöngu bændaþjóð.

2) Þungamiðja valdsins hlýtur hér sem alls staðar annars staðar að færast til með fólkinu sjálfu.

3) Af því leiðir, að ekki er auðið að standa gegn kjördæmabreytingu.

4) Vald sitt tryggja sveitirnar þess vegna bezt og raunar aðeins með því móti að gera Sjálfstfl. og aðra þá, sem mestu ráða í þéttbýlinu, sér bæði vinveitta og háða, — og þá jafnframt að forðast eftir föngum þá, sem með úlfúð og ýfingum hafa gerzt fjandmenn þéttbýlisins, svo sem framsóknarmenn hafa gert.

Hér við bæti ég svo aðeins því, að okkur sjálfstæðismönnum skilst til hlítar:

1) Hvort heldur sem litið er til menningarmála eða atvinnulífs þjóðarinnar, veltur á öllu að viðhalda blómlegum búskap í landinu.

2) Það er því aðeins auðið, að fólkinu, sem þar býr, verði tryggð lífskjör ekki verri en öðrum.

Þetta er leiðarljós okkar sjálfstæðismanna í leitinni að farsæld öllum Íslendingum til handa. Látið þið, hv. hlustendur, þá staðreynd verða ykkar leiðarstjörnu við þær kosningar, sem nú fara í hönd. — Góða nótt.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. Allir, sem hugsa alvarlega um það mál, sem hér er á dagskrá, játa, að hinir miklu innanlandsþjóðflutningar, sem átt hafa sér stað um langt skeið og hafa stórvaxið síðustu áratugina, hafa valdið mikilli röskun og skapað vandamál, sem verður að leysa m. a. með breytingu á kjördæmaskipuninni. Afleiðing þessa er, að núverandi ástand er orðið óþolandi, eins og bezt kom í ljós við síðustu alþingiskosningar, þegar við sjálft lá, að flokkar, sem fengu samtals aðeins 33% atkvæða, fengju meiri hluta á Alþingi.

Ég tel, að skynsamlegar breytingar á kjördæmaskipuninni hafi dregizt miklu lengur en hollt hefur verið fyrir okkur, sem í sveitunum búum. Með hverju ári, sem hefur liðið, hefur hlutfallið milli þeirra, er landbúnað stunda, og annarra landsbúa orðið óhagstæðara fyrir sveitirnar. Ef Framsfl. hefði t. d. í stað þess að berjast með öllum tiltækilegum vopnum gegn þeirri bráðabirgðabreytingu, sem gerð var á kjördæmaskipun og kosningalögunum 1942, tekið upp skynsamlega samninga um frambúðarkjördæmaskipun, var aðstaðan til samninga vegna sveitanna langtum sterkari en nú. Árið 1942 voru þeir, er landbúnað stunduðu, um 36 þús. Nú erum við að nálgast 20 þús. Það er engu líkara en forustumenn Framsfl. hafi stöðugt verið að bíða eftir, að samningsaðstaðan við fulltrúa þéttbýlisins yrði sem allra verst fyrir sveitirnar, og nú vilja þeir bíða enn til 1960 eða hver veit hvað. Og þetta er flokkurinn, sem telur sig forsjón bændastéttarinnar. Þrátt fyrir þessa samningsaðstöðu halda sveitirnar með hinni fyrirhuguðu nýju skipun sömu þingmannatölu og nú er, en það er áreiðanlega Framsfl. að þakkarlausu.

Þetta er þó ekki sprottið af því, að Framsfl. hafi ekki haft aðstöðu til samninga um málið. Hann hefur þvert á móti haft allra flokka bezta aðstöðu til að semja um lausn kjördæmamálsins, ef hann hefði viljað. Síðan 1947 hefur Framsfl. setið því nær óslitið í ríkisstjórn til ársloka 1958 og prófað samstarf við alla flokka Alþingis á þessu tímabili. Við stjórnarmyndun Hermanns Jónassonar 1956 var endurskoðun stjórnarskrárinnar tekin upp í stjórnarsáttmálann, sem þrír af fjórum flokkum Alþingis stóðu að. Allir vita um efndirnar. Nú upplýsa báðir samstarfsflokkar Frmsfl. í stjórninni, að Framsfl. hafi svikið þetta loforð gersamlega. Nefnd, kosin af öllum flokkum Alþingis, starfaði einnig fyrir nokkrum árum, en allt kom fyrir ekki. Aðalforustumenn Framsfl. hafa ekki verið til viðtals um neinar leiðir í kjördæmamálinu, jafnvel ekki um einmenningskjördæmi, fyrr en þeir vissu, að samstaða hafði náðst um aðra lausn. Vitað er þó, að ýmsir kunnir framsóknarmenn hafa verið þar á annarri skoðun og látið það óhikað uppi. Ef flokksforusta Framsfl. hefði í stað þessarar afstöðu lagt fram á samstjórnarárum Sjálfstfl. og Framsfl. sem samningsgrundvöll t. d. till. á borð við tillögur Gunnars Þórðarsonar frá Grænumýrartungu í kjördæmamálinu, þá tel ég ekki ólíklegt, að sjálfstæðismenn og framsóknarmenn hefðu getað samið um málið fyrir mörgum árum. Í þessu efni mega forustumenn Framsfl. sjálfum sér um kenna, ef þeim finnst, að þeir samningar, sem nú eru til umræðu, hafi farið verr en skyldi.

Aðalbrtt., sem fram hafa komið, eru þessar:

1) Að skipta landinu í tóm einmenningskjördæmi.

2) Að gera allt landið að einu kjördæmi að viðhafðri hlutfallskosningu.

3) Að fara þarna bil beggja og skipta landinu í 8 kjördæmi, einnig að viðhafðri hlutfallskosningu.

Þessi síðastgreinda till. gengur í sömu átt og till. Hannesar Hafsteins á sínum tíma og kjördæmaskipunin við kosningar til búnaðarþings, sem Framsfl. bar fram og fékk samþykkta fyrir rúmlega 20 árum og enn er í fullu gildi, t. d. á Suðurlandsundirlendi, og virðist gefast þar ágætlega.

Allar þessar aðferðir hafa bæði kosti og galla, þó mjög mismikla. Framsóknarmönnum verður t. d. mjög tíðrætt um hættuna, sem stafi af hlutfallskosningum, og vitna í því efni óspart til Þýzkalands á dögum fyrra lýðveldisins fyrir daga Hitlers og svo ástandsins á Frakklandi eftir síðustu heimsstyrjöld. Norðurlönd nefna þeir ekki, sem eru okkur næst og íbúar þeirra okkur skyldastir, en þar hafa hlutfallskosningar gilt um langt skeið, án þess að stjórnmálaflokkum hafi fjölgað þar umfram það, sem telja má eðlilegt í lýðfrjálsu landi. Þeir sneiða líka að vonum hjá þeirri reynslu, sem fengizt hefur hér á landi í þessu efni.

Í bæjarstjórn Reykjavíkur hafa nú um alllangt skeið verið kosnir 15 bæjarfulltrúar með hlutfallskosningu, eða 3 fleiri fulltrúar en ráðgert er að Reykjavík kjósi til Alþingis. Hver er reynslan af þessu? Hún er á þann veg, að bæjarstjórnin er enn skipuð sömu 4 flokkum og þar hafa setið, og aðeins einu sinni á þessu tímabili, sem liðið er, skeði það, að nýr flokkur kom að manni, sem valt svo út úr bæjarstjórninni við næstu kosningar. Þetta er reynslan hér á landi í fjölmennasta kjördæmi landsins. Líkur fyrir því, að nýir flokkar þjóti upp og nái fótfestu í öðrum kjördæmum, þar sem aðeins eru kosnir 5—6 þingmenn, eru því alveg hverfandi, vegna þess að þar þarf miklu hærri hlutfallstölu kjósenda í kjördæminu á hvern þingmann til þess að ná kosningu en í Reykjavík. Allt skraf Framsfl. um þann voða, sem þjóðinni stafi af því, ef hlutfallskosningar yrðu upp teknar við alþingiskosningar um land allt, er því ekkert annað en grýla, sem ætluð er til að hræða auðtrúa fólk, sem ekkert þekkir til.

Ég hef hugsað talsvert um þetta mál á undanförnum árum, ekki frá flokkspólitísku sjónarmiði, heldur eingöngu frá sjónarmiði bændastéttarinnar, með það í huga, hvað okkur hentaði bezt, eins og högum okkar er nú komið. Að gera allt landið að einu kjördæmi tel ég að ekki komi til greina. Það eru því einmenningskjördæmin og nokkur stór kjördæmi, sem hér koma til álita. Þegar velja á á milli þeirra, tel ég hiklaust og er sannfærður um,

eins og nú hagar orðið til, að stóru kjördæmin verða bændastéttinni miklu hagfelldari og því fremur er fram líða stundir. Þessa skoðun byggi ég á eftirfarandi rökum:

Í fyrsta lagi: Það er vitað og líka almennt viðurkennt, að kosningar eru hvergi harðvítugri en í fámennum einmenningskjördæmum, þar sem litlu munar á styrkleika flokkanna í kjördæmunum. Þetta er líka eðlilegt og auðskilið. Í fámenninu þekkir hver annan og sömuleiðis stjórnmálaskoðanir manna næstum eins og fingurna á sér. Það er því tiltölulega auðvelt að reikna sér til um styrk frambjóðendanna í slíku kjördæmi. Við þetta bætist, að í einmenningskjördæmi fær sá flokkur, sem sigrar, allt, en hinn eða hinir flokkarnir ekkert, þótt aðeins muni 1—2 atkvæðum, gagnstætt því, sem tíðkast í hlutfallskosningum. Eðlismunur þessara tveggja kosningaaðferða leiðir af sér, að miklu hættara er við, að kosningahitinn og harkan í einmenningskjördæmum gangi svo úr hófi, að öllum vopnum sé beitt til þess að ná síðustu vafaatkvæðunum. Þetta ætti að vera auðskilið hverjum meðalgreindum manni. Afleiðingarnar af slíkum átökum fyrir nauðsynlega samvinnu innbyrðis í sveitunum eru slíkar, að flesta mun fýsa, að slíkar eftirhreytur hverfi sem fyrst úr strjálbýlinu. Þar með er ekki sagt, að kapp geti ekki verið víðar í kosningum en í einmenningskjördæmum, en aðstaðan er þar önnur.

Loks verður að hafa það í huga, að þar sem þrír flokkar eða fleiri berjast um þingsæti í einmenningskjördæmi, getur svo farið, að þingmaður sé kosinn af minni hluta kjósenda, enda oft átt sér stað. Nái einn og sami þingflokkur þingsæti með slíkum hætti eða með örlitlum meiri hluta atkvæða í mörgum kjördæmum eða einum landshluta, er viðbúið, að það valdi hinu herfilegasta misrétti milli flokkanna. Gagnstætt þessu tryggja hlutfallskosningar rétt minni hlutans, ef hann er ekki því minni, og þá einnig rétt okkar sveitafólksins, ef svo ber undir.

Í öðru lagi: Með allstórum kjördæmum með 5—6 þm. hafa héruðin innan hvers kjördæmis miklu sterkari aðstöðu að öðru jöfnu til að koma fram áhugamálum sínum en með því að vera skipt í einmenningskjördæmi. Þetta liggur í því, að í stað eins þm. hefur sama kjördæmi 5—6 þm., sem ber skylda til að berjast fyrir nauðsynjamálum kjördæmisins á Alþingi. Auk þess verða þessir þm., eins og nú hagar til, venjulega úr þrem flokkum á Alþingi og hafa því aðstöðu til að vinna að framgangi málanna hver í sínum flokki. Þessu fylgir sá stóri kostur, að engin hætta er á, að þessi kjördæmi einangrist, eins og átt hefur sér stað með einmenningskjördæmin. Þegar þm. einmenningskjördæmis lendir í harðri stjórnarandstöðu, er ekki dæmalaust, að hann og kjördæmi hans sé látið gjalda þess hjá stjórnarflokkunum, þannig að hann komi engu máli fram á Alþingi. Slíkum refsingum er ekki hægt að koma við gagnvart 5—6 þm. kjördæmi, sökum þess að þegar hlutfallskosning er viðhöfð, mundi refsiaðgerðin bitna jafnframt á flokksmönnum stjórnarflokksins á Alþingi úr því kjördæmi. Þessi skipun er því að mínu áliti mjög sterk fyrir dreifbýlið. Styðst ég þar við 17 ára reynslu sem þingmaður kosinn hlutfallskosningu í tvímenningskjördæmi.

Því er mjög haldið á loft af framsóknarmönnum, að með hlutfallskosningu í stórum kjördæmum rofni núverandi persónutengsl milli kjósenda og þingmanna þeirra, þ. e. samflokksmanna þm. í kjördæminu. En hvað um þann fjölda kjósenda, sem telur sig ekki eiga neinn þingmann í sínu kjördæmi, heldur andstæðing, sem hann væntir einskis af og sízt til góðs fyrir sig og sín málefni? Tökum t. d. þá rúmlega 1600 sjálfstæðis-kjósendur, sem búsettir eru á svæðinu frá Eyjafjarðarsýslu til Vestur-Skaftafellssýslu og eiga engan samherja og málsvara á öllu þessu svæði, sem á setu á Alþingi. Er nokkur svo fávís, að hann trúi því, að það rofni einhver dýrmæt tengsl milli þessara 1600 sjálfstæðis-kjósenda og þingmanna úr þessum landshluta? Þvert á móti. Þeim munu þykja það áreiðanlega mikil og góð umskipti frá því, sem nú er, að fá sjálfstæðismann kjörinn, þótt í stóru kjördæmi sé, sem þeir geta snúið sér til með áhugamál sín. Eða halda framsóknarmenn, að það yrði einhver harmagrátur hjá framsóknarmönnunum í Norður-Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað og að dýrmæt tengsl þeirra við þá Sigurð Bjarnason og Kjartan J. Jóhannsson slitnuðu, ef framsóknarmenn í þessu kjördæmi fengju þingmann, sem væri samflokksmaður, þótt í stærra kjördæmi væri? Ég býst við, að þeim þætti bættur skaðinn. Þannig mætti nefna fleiri dæmi.

Af þessu er augljóst, að persónutengslin við kjósendur með núverandi skipulagi eru nú svo gloppótt, að hlutfallskosningar stórbæta þar um.

Vafalaust þykir ýmsum kjósendum Sjálfstfl. og fleirum í einmenningskjördæmum, sem lengi hafa haft samflokksmann fyrir þingmann, súrt í broti að geta ekki haft þingmanninn áfram einir út af fyrir sig. Þeir, sem þannig hugsa, hafa ekki komizt í þá raun að hafa andstæðing fyrir þm., t. d. mann, sem þeir hafa ekki getað snúið sér til og hefur af ráðnum huga unnið gegn pólitískum áhugamálum þeirra. Þeim, sem ekki hafa hugleitt þetta, er hollt að minnast þess, að gengi flokka eins og fleira er fallvalt, og fyrr en varir geta þeir, sem nú eru í meiri hluta, verið komnir í minni hluta í kjördæminu, og andstæðingur þeirra kominn á þing, er vinnur beinlínis gegn öllum þeirra flokkslegu áhugamálum, jafnt utan þings og innan. Hafið þetta hugfast og enn fremur, að stærri kjördæmi og hlutfallskosning er eina leiðin til að tryggja rétt og áhrif minni hlutans, svo sem unnt er, hvaða flokki sem hann tilheyrir.

Heyrt hef ég þá mótbáru, að í þessum stóru kjördæmum sé viðbúið, að einstakar, fámennar sveitir eða jafnvel heilar sýslur, þ. e. þær minni, gleymist þingmönnunum, þær verði út undan. Þetta er auðvitað eins og hver önnur firra. Er það trúlegt, að enginn af 5—6 þingmönnum kjördæmisins sjái sér leik á borði til

að afla sér aukins kjörfylgis í hinni afræktu sveit eða sýslu, ef hann yrði þess var, að samþingismenn hans ætluðu ekkert að skeyta um hana? Ég þori að fullyrða, að þingmenn verða þá öðruvísi gerðir hér eftir en þeir hafa verið hingað til, ef slík tækifæri verða látin ónotuð.

Loks hafa jafnvel lítil byggðarlög handhægt og áhrifamikið ráð, sem ég veit til að hefur verið beitt til að koma fram áhugamáli, sem fulltrúum byggðarlags þótti hafa dregizt um of, en það var að mynda almenn samtök og tilkynna þeim frambjóðendum, er mest áttu á hættu, að enginn kæmi þar á kjörstað, nema þeir skuldbyndu sig til að koma því fram, er þeir kröfðust. Þessu var að sögn lofað undir marga votta og síðan efnt. Í þessu sambandi er líka rétt að minna á, að í hlutfallskosningu getur eins og í öðrum kosningum oltið á einu eða tveimur atkvæðum. Kjósendur í lítilli sveit geta því hæglega orðið lóðið í vogarskálinni, sem á veltur.

Í þriðja lagi stuðlar stórt kjördæmi með hlutfallskosningum að því, að auðveldara verði að koma á þing mönnum búsettum í kjördæmunum. Í einmenningskjördæmi, þar sem maður stendur gegn manni og baráttunni hættir til að verða hörð og stundum illvíg, verður ávallt nokkur hætta á, að kappsfullir forustumenn flokkanna heima í héruðunum meti hæfni þingmannsins fyrst og fremst eftir því, hvort hann er harðvítugur bardagamaður, en aðrir hæfileikar koma svo fyrst síðar til álita. Þetta veldur því, að efnilegir heimamenn eru oft sniðgengnir, þeim er ekki treyst, eða þeir reynast ófáanlegir til að kasta sér út í þá baráttu, sem þessu fylgir, enda oft ójafn leikur, ef móti er þaulæfður stjórnmálamaður. Og endirinn verður, að sóttur er frambjóðandi til Reykjavíkur. Þetta er alkunn saga um land, sem endurtekur sig við hverjar kosningar.

Með hlutfallskosningum í stórum kjördæmum verður aðstaðan gerólík. Efsti maður hvers lista verður að líkindum oftast þingmaður, sem fyrst og fremst ber hitann og þungann í umræðunum. Í næstu sætum verða menn, sem minni stjórnmálaæfingar er krafizt af til að byrja með. Þeir á listanum, sem ná ekki kosningu, eiga síðar fyrir sér að þokast upp. Augljóst er, að aðstaða óreyndra manna á stjórnmálasviðinu til að byrja stjórnmálaferil verður allt önnur og miklu léttari með hlutfallskosningu en í einmenningskjördæmi. Af þessu leiðir, að með stórum kjördæmum og hlutfallskosningu verður unnt að fá efnismenn, búsetta í kjördæmunum, til að vera ofarlega á lista, hlédræga menn, sem almenningur treystir, þó að þeir aftaki með öllu að steypa sér út í tvísýna kosningabaráttu í einmenningskjördæmi. Og þessir menn koma svo í flestum tilfellum smám saman inn á Alþingi, þegar þeir, sem nú eru í kjördæmunum úti á landi, hætta þingmennsku. Við þetta bætist svo, að í stórum kjördæmum er úr fleiri hæfum mönnum að velja innan kjördæmisins en í litlum og fámennum kjördæmum.

Ég er líka sannfærður um, að núverandi kosningafyrirkomulag á á sama hátt sinn þátt í, að bændur eru á góðri leið með að hverfa af Alþingi. Síðan ég var fyrst kosinn á Alþing, 1919, hefur þingbændum fækkað stórkostlega. Eftir kosningarnar 1923 vorum við t. d. 16. Nú eru 6 búandi menn á Alþingi, og líkur til, að þeim fari heldur fækkandi. Þetta er vissulega mikið áhyggjuefni fyrir bændastéttina, sem vert er að gefa gaum. Ef stór kjördæmi og hlutfallskosningar yrðu til þess, sem ég tel mikla ástæðu til að ætla, að bændur verði fúsari til framboðs og líklegri til að ná kosningu en með núverandi skipan, sem ég tel fullreynda í því efni, þá væri vissulega mikið unnið fyrir bændastéttina.

Í fjórða lagi tel ég, að stór kjördæmi og hlutfallskosningar stuðli að því, er ég tel ef til vill mestu skipta fyrir sveitirnar, eins og nú er komið, en það er aukin samvinna og gagnkvæmur skilningur fólks til sjávar og sveita á högum hvors annars.

Þróun núverandi kjördæmaskipunar hefur verið á þá leið að greina á milli fólksins við sjávarsíðuna og í sveitunum. Þegar kaupstaðúr var orðinn allfjölmennur, hefur hann verið gerður að sérstöku kjördæmi, þannig hafa risið upp fleiri og fleiri hrein kaupstaðakjördæmi, þar sem eingöngu þarf að gæta einhliða hagsmuna sjávarsíðunnar og þéttbýlisins. Þessa þróun virðist Framsfl. vilja efla sem allra mest. Með till. hans um að skipta landinu í tóm einmenningskjördæmi er beinlínis að því stefnt að einangra sveitirnar frá þéttbýlinu, eftir því sem frekast er unnt. Er það í fullu samræmi við þá viðleitni flokksins fyrr og síðar að ala á tortryggni og óvild milli þessara aðila, sem þurfa svo nauðsynlega að vinna saman.

Með hinni fyrirhuguðu kjördæmabreytingu er dregið mjög úr þeirri hættu, að sveitirnar einangrist með sínar þarfir og sín sérstöku áhugamál, en á því hefur verið mikil og vaxandi hætta. Með breytingunni verða sveitirnar og kaupstaðirnir úti á landi samherjar. Bændur og kaupstaðarbúar verða að vinna saman og sömu þingmenn gæta hagsmuna beggja aðila. Þessi samvinna er jafnvel enn nauðsynlegri fyrir sveitirnar en kaupstaðina, þó að Framsfl. virðist ekki skilja það.

Í þessu sambandi verður ekki hjá því komizt að minnast á, að árið 1940 voru þeir, sem landbúnað stunduðu, samtals 37123. Árið 1950 vorum við orðnir 28692, og 1960 er talið, að við verðum komnir niður í um 20 þús. manns af um 170 þús., sem þá er gert ráð fyrir að verði búsettir hér á landi. Þetta eru því miður dapurlegar staðreyndir, sem við, sem í sveitunum búum, verðum að horfast í augu við, hjá því verður ekki komizt. Spurningin er: Hvernig á bændastéttin að snúast við þeim vandamálum, sem leiðir af þessari stórkostlegu röskun í þjóðfélaginu? Mitt álit er, að við verðum meðal margs annars að átta okkur á því, að það er til of mikils ætlazt, að 20 þús. manns geti sagt 150 þús. manns fyrir verkum. Og okkur notast það ekki heldur til framdráttar til langframa, að bændastéttin var einu sinni mikill meiri hluti þjóðarinnar og nær alls ráðandi.

Þessu þurfum við, sem í sveitunum búum, að gera okkur grein fyrir, um leið og við forðumst að vanmeta styrk bændastéttarinnar. En styrkur okkar felst í þroska og manndómi stéttarinnar og gildi landbúnaðarins fyrir þjóðfélagið. Bændastéttin hefur því þrátt fyrir mannfæðina allgóða aðstöðu, ef hyggilega verður haldið á málum hennar framvegis.

Ég hef ávallt talið, að keppa bæri að góðri samvinnu bændastéttarinnar og annarra stétta. Þörfin fyrir góða samvinnu verður skiljanlega því brýnni, sem við, er landbúnað stundum, verðum fáliðaðri. Þetta vænti ég að allir geti skilið. Þess vegna eigum við að taka vel og drengilega á sanngjörnum óskum þeirra, sem í þéttbýlinu búa, kjördæmabreytingum sem öðru. Ef við gerum það og bændastéttin gætir þess að láta ekki einangra sig, hvorki stéttarlega né á stjórnmálasviðinu, þá kvíði ég engu um framtíð hennar. Bændastéttin er og verður kjölfestan í þjóðfélagi okkar. Hennar þörfum hefur verið og verður áreiðanlega mætt af skilningi og velvild, það er mín reynsla. En hér getur líka svo farið, sem stundum vill verða, að okkur verði mælt í sama mæli og við mælum öðrum. Afstaða þeirra, sem í sveitunum búa, til kjördæmamálsins verður á vissan hátt prófsteinn á það, hvort sveitafólkið kýs að einangra sig í vonlausri baráttu eða það kýs drengilegt samstarf við þær stéttir, sem í þéttbýlinu búa. Þeir bændur, sem hugsa um þetta í alvöru án allra flokkssjónarmiða og gera sér grein fyrir núverandi aðstöðu bændastéttarinnar, geta tæplega verið í vafa um, hvorn kostinn þeir eiga að kjósa.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti, góðir hlustendur. Þegar þau tíðindi spurðust á jólaföstu, að oddvitar þriggja þingflokka hefðu orðið ásáttir um það sín á milli að leggja fram á Alþingi breytingu þá á 31. gr. stjórnarskránni, sem nú er til 1. umr., hygg ég, að ýmsum hafi farið eins og Njáli bónda á Bergþórshvoli, að þeir hafi látið segja sér það þrisvar, að slíkt og þvílíkt gæti átt sér stað: að það yrði í húmi einnar nætur afráðið á ábyrgð þriggja þingflokka að breyta af skyndingu einni grein stjórnskipunarlaganna og gera þar með þá byltingu á grundvelli þingræðisins að leggja niður 27 af 28 kjördæmum landsins en taka upp í þeirra stað stór kjördæmi með hlutfallskosningu.

Það er vel, að hv. þm. G-K., Ólafur Thors, skuli vera fyrsti flm. og formælandi þingræðisbyltingarinnar hér í kvöld. Þessi hv. þm. og samverkamenn hans í Sjálfstfl. hafa látið mjög til sín taka í þessum málum undanfarna mánuði, en sá tími hefur verið notaður til að vinna bug á þeirri andstöðu, sem fyrir hendi hefur verið innan þríflokkanna, og reyna að sætta flokksmenn víðs vegar um land við það, sem koma skyldi. Það þurfti líka að sefa þá, sem vildu hafa 7 þm. á austanverðu Norðurlandi og 7 á Suðurlandi. En jafnframt er hv. þm. G-K., Ólafur Thors, sá maður, sem allur almenningur hafði fulla ástæðu til að ætla sérstaklega ólíklegan til þess að leggja hönd að slíku verki. Sama er að segja um flokk hans, Sjálfstfl. Að því skal ég nú víkja.

Frá fyrrverandi form. Sjálfstfl., Jóni Þorlákssyni, eru frá árunum 1930 og 1931 skjalfestar í Alþingistíðindum greinargóðar yfirlýsingar um þetta mál. Jón Þorláksson mælti á þessa leið á Alþ. 1930:

„Landshagir eru víða svo hér á landi, að sum kjördæmi hljóta að verða miklu fjölmennari en önnur, og mér finnst mannfleiri kjördæmin ekki hafa yfir neinu að kvarta."

Árið 1931 mælti hann enn fremur í ræðu:

„Ég álít rétt að tryggja það, að fámennari, fjarlægari og afskekktari landshlutar séu ekki sviptir réttinum til að senda sína sérstöku fulltrúa á Alþ., því að þeir þurfa að eiga þar hver sinn fulltrúa til að tala sínu máli sérstaklega."

Jón Þorláksson stóð við þessi orð. Hann beitti sér að vísu fyrir fjölgun þingmanna í Reykjavík og lögfestingu uppbótarsæta handa flokkum, og hið síðarnefnda var mikil breyting og umdeild, en í stjskr. 1933 var ekki eitt einasta kjördæmi lagt niður.

Annar merkur sjálfstæðismaður, Gísli Sveinsson, síðar þingforseti og sendiherra, sagði á þingi 1942:

„Kjördæmin íslenzku eru ekki til orðin af neinni tilviljun. Þetta fyrirkomulag er rótfast frá byrjun stjórnskipunar þessa lands og hefur haldizt ótrúlega vel. Það sýnir, að það hentar oss bezt."

Ég hef enga ástæðu til að ætla annað en að þessi gagnmerki þingforseti sé enn sömu skoðunar.

Pétur Ottesen, hv. þm. Borgf., sem nú lætur af þingmennsku, eftir því sem Morgunblaðið segir, eftir langa og merka þingsögu, sagði á sama þingi, 1942:

„Að breyta landinu í eitt eða örfá kjördæmi með hlutfallskosningu tel ég ófært hér og andstætt þeim skilyrðum, sem við eigum við að búa."

Sumir virðingarmenn Sjálfstfl. kváðu þó fastar að orði. Þeir máttu ekki heyra það nefnt, að flokkurinn lægi undir grun um að vilja leggja niður kjördæmi, — slíkt væri ekki annað en rógur vondra manna, sögðu þeir, og kæmi ekki til mála. Fyrir þessar upplýsingar voru áreiðanlega margir sjálfstæðismenn þakklátir víða um land.

Ég hef enga tilhneigingu til að vera ósanngjarn við hv. þm. G-K. og hans menn eða kveða sterkt að orði um afstöðu þeirra þá og nú. En ég held, að það sé ekki ósanngjarnt, þó að ég segi, að það, sem hann og flokksmenn hans hafa sagt fyrr um þetta mál, verði, þegar upp er gert, að koma til frádráttar þeim rökum, sem hann og þeir nú telja gild í þessum málum. Það var eðlilegt, að menn yrðu hissa á jólaföstunni. Og mér finnst að öllu athuguðu ekki von, að það tæki minna en 3 mánuði að koma því í kring, að „flokkurinn þakki fögrum orðum fyrir það að gera þetta, sem hann þakkaði forðum, að þá var látið vera."

Hér er á ferðinni breyting á stjskr. lýðveldisins. Það er ekkert undrunarefni, að stjskr.

þurfi að breyta, en menn hafa ekki átt von á því lengst af, að breytinguna bæri að á þennan hátt, að ein grein af 80 í stjskr. yrði tekin út úr og snöggsoðin á leynifundum.

Stjórnarskrárbreytingin við stofnun lýðveldisins var bráðabirgðaráðstöfun. Þá þegar var ákveðið að endurskoða stjskr. í heild og í öndverðu settar til þess tvær nefndir, skipaðar samtals 20 mönnum. Nýsköpunarstjórnin hét því í október 1944, að endurskoðuninni yrði lokið á næsta vetri. Af því varð þó ekki. En árið 1947 var skipuð ný 7 manna nefnd í þetta mál. Formaður hennar var og er Bjarni Benediktsson, núverandi hv. 1. þm. Reykv. og form. þingflokks sjálfstæðismanna, lærður maður vel í stjórnfræðum. Þessi n. er enn til. Mér er ekki kunnugt um, að hún hafi beðizt lausnar eða verið leyst frá störfum. Einhvers staðar hefur verið imprað á því, að n. hafi orðið óstarfhæf, af því að einn nm. hafi sagt af sér. Þetta er fjarstæða, sem m. a. sannast á því, að n. var af form. talin starfhæf og kölluð til funda, eftir að það gerðist, enda auðvelt að fá mann skipaðan í stað hins. Þegar nefndin var síðast á fundi, lágu fyrir henni a. m. k. þrjár till., ein varðandi stjskr. í heild, að afgreiðsla hennar skyldi falin sérstöku stjórnlagaþingi, sem hefði ekki öðrum málum að sinna og þess vegna væri hægt að kjósa með tilliti til stjórnarskrármálsins eins, hinar tvær um breytingu á kjördæmaskipuninni. Þeim till. báðum kom form. n. á framfæri við n. sem umræðugrundvelli og kvað þær runnar frá nm. Sjálfstfl. Þessar tvær till. voru raunar hvor annarri andstæðar, en út í það fer ég ekki. Þetta var fyrir nokkrum árum, en form. hefur aldrei síðan kallað saman n. til að afgreiða þessar till. eða neitt annað.

Vissulega er þó fleira í stjskr. en kjördæmaskipunin, og áhugi hefur verið þar á ýmsum nýmælum. Í því sambandi má nefna yfirlýsingu nýsköpunarstjórnarinnar 1944, sem fjallaði um slík efnisatriði, og margnefndar tillögur fjórðungsþinga og stjórnarskrárfélaga. Ég veit, að form. afsakar sig með því, að áhugaleysi — sennilega allra flokka — um lausn kjördæmamálsins hafi haft sljóvgandi áhrif á endurskoðunina í heild. En snemma á þessum vetri var bersýnilega svo komið, að allir þingflokkar höfðu áhuga fyrir lausn kjördæmamálsins. Einmitt þá virtist hið þráða augnablik upp runnið, að stjórnarskrárnefndin gæti tekið til óspilltra málanna og bundið enda á starf sitt, t. d. á einu ári eða jafnvel á skemmri tíma. En sjálfur nefndarform. hefur haft n. að engu. Hann er sjálfur með í því að taka eina grein úr stjskr. og samþ. breytingu á henni einni sem stjórnarskrárbreytingu. Endurskoðunin, sem þjóðin hefur beðið eftir, síðan lýðveldið var stofnað, er eftir.

Ég spyr: Úr því að öll stjskr. varð að bíða eftir kjördæmamálinu í mörg ár, því mátti þá kjördæmamálið ekki bíða í eitt ár eftir stjskr. í heild? Þetta eru hvatvísleg vinnubrögð. Sem betur fer, er enn tími til að átta sig. Enginn vandi er leystur, þó að rokið sé nú í stjórnarskrárbreytingu af þessu tagi og kosningar út af henni með stefnulausa stjórnarflokka við stýrið, sem leggja út í þetta ævintýri með þriðja flokknum, sem þeir sjálfir í blöðum sínum telja nánast þjóðarplágu.

Út frá þessu sjónarmiði, að málinu beri að fresta um eitt ár, mun Framsfl. taka afstöðu við 2. umr. þessa máls. Hann telur enn sem fyrr, að afgreiðsla stjskr. á sérstöku stjórnlagaþingi sé heppileg lausn, þótt fleira komi til greina. En hvað sem því líður, ber nauðsyn til að bjarga stjskr. út úr þeim hráskinnaleik, sem undanfarið hefur verið leikinn af flokkum þeim, sem að frv. þessu standa.

Eins og ég vék að í upphafi, er meginefni þessa frv. að leggja niður öll kjördæmi í landinu utan Reykjavíkur og taka upp fá stór kjördæmi. Ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að í flestum eða öllum þessum kjördæmum hafi menn úr öllum flokkum í nálega þrjá undanfarna áratugi óttazt þessa breytingu og kviðið fyrir því, að hún yrði knúin fram, og jafnframt búizt við, að þess yrði þá skammt að bíða, að landið allt yrði eitt kjördæmi, sem líka má telja sennilegt.

Flutningsmenn þessa frv. leyfa sér í grg. þess að viðhafa þau orð, að kjördæmaskipunin hafi um langan aldur verið „undirrót misréttis og ranglætis í íslenzkum stjórnmálum og torveldað heilbrigða, lýðræðislega þróun í landinu". Samkv. íslenzkri málvenju hlýtur hér, þegar talað er um langan aldur, að vera átt við a. m. k. heila eða hálfa öld. Ég leyfi mér að spyrja: Hvað á svona sleggjudómur að þýða? Hefur ekki á þessum tíma verið lýðræði í landinu? Höfum við Íslendingar ekki verið taldir meðal elztu og fremstu lýðræðisþjóða heims, og erum við ekki taldir það í dag? Höfum við ekki á síðustu 50—100 árum endurheimt frelsi þjóðarinnar? Hefur ekki verið unnið að því að reyna að minnka hið þjóðfélagslega ranglæti og misrétti gagnvart þeim, sem minni máttar eru? Hefur hér verið einhvers konar harðstjórn, sem níðist á mannréttindum? Hvar er hin íslenzka ritskoðun? Hvar er hin íslenzka leynilögregla, sem hlustar á einkasamtöl manna og hirðir lausmálga í rekkjum sínum um óttuskeið? Hvar eru hinar íslenzku fangabúðir og píslartæki, sem kúgaðir menn fá að reyna hjá ríkisstj., sem flytjendur þessa frv. á víxl sjá í lýðræðisljóma og stundum ef til vill með réttu? Nei, þetta er ekki hér á Íslandi, og það verður varla á Íslandi, meðan við búum við þann þingræðisgrundvöll, sem nú er. Það fyrirkomulag verkar sem hamla á flokksræði og einræði, það verkar sem hamla á þá, sem ölvaðir af valdi missa ráð og rænu. Við skulum vona, að við þurfum aldrei að kynnast slíku, þó að breytt verði til frá því, sem nú er.

Ef eitthvert land í veröldinni er lýðræðisland með lýðræðisþróun, þá er það okkar land, Ísland. En þingræðið á Íslandi hefur til þessa dags byggzt á þjóðskipulagi fornu og hefðbundnum rétti byggðarlaga til takmarkaðs sjálfstæðis innan ríkisheildarinnar. Kjördæmin, sem nú á að leggja niður, eru að stofni til forn arfur þjóðveldisaldar. Sum þeirra

svara til hinna fornu þinga, sum til eins eða tveggja goðorða. En hvor tveggja, goðorðin og þingin, voru ríki í ríkinu. Ísland varð ríki, fámennt, en sjálfstætt þó. Það hefur nú sitt atkvæði á þingi hinna Sameinuðu þjóða, eins og önnur, sem eru mörgum sinnum fjölmennari. Byggðarlögin, kjördæmin, eiga líka að hafa sitt takmarkaða sjálfstæði. Þau hafa lengi haft það, þau eiga sögulegan rétt og þarfnast hans. Við viljum öll vera Íslendingar, ekki bara Evrópumenn eða heimsborgarar. Menn vilja líka vera Skagfirðingar, Snæfellingar, Ísfirðingar, Vestmanneyingar o. s. frv., jafnframt því sem við erum öll Íslendingar. Eitt meginatriði þessa takmarkaða sjálfstæðis er rétturinn til að eiga fulltrúa út af fyrir sig á Alþingi. Það var Íslandi mikils virði, að hér var oft haldið fast á landsréttindum. Hér er um að ræða landsréttindi byggðarlaganna, og hví skyldu þau af hendi látin?

Þegar Alþingi var endurreist á fimmta tug 19. aldar, var landinu skipt í 20 einmenningskjördæmi, þ. e. 19 sýslukjördæmi og Reykjavík. Ekkert þessara kjördæma hefur misst rétt sinn til þingmanns, en 6 af sýslunum eru tvímenningskjördæmi, og 3 sýslum hefur verið skipt í 2 einmenningskjördæmi hverri, bætt við 5 kaupstaðakjördæmum, en Reykjavíkurþingmönnum fjölgað úr 1 í 8. Grundvöllur kjördæmaskipunarinnar frá 1843 er því óbreyttur enn, sýslurnar og stærsti kaupstaðurinn, en aðrir kaupstaðir, þéttbýlislandnám nýs tíma, hafa fengið kjördæmaréttindi smátt og smátt frá 1903 til 1942 og höfuðstaðurinn nokkra fjölgun. Þetta er þróun byggðakjördæma á sögulegum grundvelli, og Framsfl. mun við síðari umræðu leggja til, að áfram verði haldið á þeirri braut nú á þessu þingi, ef málinu fæst ekki frestað um eitt ár, sem þó vonandi verður, því að það er öllum fyrir beztu. En ef frestunartill. verður felld, munum við leggja til, að Gullbringusýsla, Keflavík, Kópavogur, Kjósarsýsla og Akranes verði sérstök kjördæmi og að Akureyri hafi tvo þingmenn í stað eins nú, enn fremur að fjölgað verði um fjóra í Reykjavík. Til þess að reyna að vernda hinn íslenzka þingræðisgrundvöll höfum við framsóknarmenn til samkomulags viljað fallast á, að uppbótum sé haldið og að tala þingmanna verði allt að 60, enda þótt veruleg fjölgun þingmanna sé vart til bóta. Það hefur ekki verið neinum vandkvæðum bundið að ná samkomulagi við Framsfl. um breytingar, sem byggðar væru á þessum grundvelli.

Einhvers staðar hef ég orðið þess var, að það hefur verið borið fram í afsökunarskyni, að þingflokkur framsóknarmanna hafi ekki viljað standa við það, sem ákveðið var við myndun vinstri stjórnarinnar sumarið 1956, að reynt yrði að ná samkomulagi milli stjórnarflokkanna um breytingar á 31. gr. stjórnarskrárinnar, og ég held, að hv. þm., sem síðast talaði, hafi vikið að því áðan. En þegar í fyrravetur tilnefndi Framsfl. tvo menn til viðtala af sinni hálfu, þó að meira en helmingur væri eftir af kjörtímabilinu, en ekki venja að samþykkja stjórnarskrárbreytingu fyrr en á síðasta þingi fyrir kosningar. Þessir menn voru reiðubúnir til viðræðu, hvenær sem var. Ég var sjálfur annar þeirra og er þessu því nokkuð kunnugur. Viðtöl þessi hófust þó ekki fyrr en í byrjun nóvember sama ár, enda langur tími til stefnu, miðað við kosningar á venjulegum tíma 1960. Mér virtust þá nokkrar horfur á samkomulagi, þótt það færi á annan veg. Auðvitað þurftu þessi viðtöl, þótt þau hefðu borið árangur, ekki að fara neitt í bága við störf stjórnarskrárnefndar, ef einhver hefðu verið, en gátu þvert á móti hjálpað til að koma skriði á störf hennar.

Ég vil minna á það hér, sem kunnugt er og vikið var að áðan, að á árunum 1905 og 1907 voru eins og nú uppi á Alþingi till. um fá stór kjördæmi með hlutfallskosningum. Þær stönduðu vegna almennrar andstöðu í kjördæmunum. Alþingismenn þekktu þá ekki eins og nú þá galla á hlutfallskosningum, sem síðan hafa komið fram erlendis, að hætt er við, að þær auki sundrungu og grafi þannig undan lýðræðinu. Þessu má ekki gleyma. Ég mun ekki ræða hér um hlutfallskosningar sérstaklega, en þeim, sem hafa áhuga fyrir stærðfræðilegu réttlæti, vil ég benda á það, að þær eru engan veginn full trygging fyrir því, að meiri hluti þingmanna í kjördæmi hafi meiri hluta kjósenda á bak við sig, því valda hin svonefndu dauðu atkvæði, sem alltaf eru einhver og stundum mörg. Þetta geta menn athugað sjálfir með því að búa til dæmi á ýmsa vegu. Líkurnar fyrir stærðfræðilegu óréttlæti eru því meiri, sem flokkarnir verða fleiri, en þetta fyrirkomulag ýtir undir fjölgun flokka, eins og allir sjá. En ég var að tala um kjördæmatill. frá 1905 og 1907 og andstöðuna gegn þeim í kjördæmunum. Þá töldu menn sig þurfa að snúast til varnar. Ekki mun þess minni þörf nú, þegar litið er á það, hve þjóðinni veitist örðugt að gegna þeirri frumskyldu sinni við sjálfstæði sitt að halda landinu í byggð, því sem byggilegt er, og nytja gæði þess sem víðast til sjós og lands. Ég hef ekki tíma til að ræða ýtarlega þessa hlið málsins eða um þá mótspyrnuhreyfingu, sem nú er hafin í kjördæmunum og komið hefur fram á ýmsan hátt. Hv. flm. þessa frv. munu kynnast henni nánar síðar. En mér finnst það hart fyrir það fólk, sem er að reyna að byggja upp traust atvinnulíf í bæjum, þorpum og sveitum hér og þar um landið og aðrar framfarir til þess að tryggja byggðina og framtíðarafkomu sína og sinna þar að svipta það sínu hefðbundna sjálfstæði og sérstaka þingmannsrétti, eins og það sé höfuðmein þjóðfélagsins, að þetta fólk hafi of mikinn rétt. Mér finnst það nærri því grátlegt, þegar reykvískir ráðamenn, sem eru að braska við þetta mál, geta fengið sig til að nota sér hollustu flokksmanna sinna úti um land til þess að fá þá til að fylgja þessu máli hálfnauðuga og til skaða fyrir sig og sína nú og síðar. Þar er tryggð illa launuð.

Ég tel það litlu máli skipta, þótt þingmannatala eins eða annars flokks hækki eitthvað

eða lækki hlutfallslega í bili. Þessum málum á ekki að skipa með tilliti til flokka fyrst og fremst. Að því leyti sem þetta frv. kann að vera borið fram til að draga úr áhrifum Framsfl. í landinu, eins og aðstandendur þess hrósa sér stundum af, held ég, að þar verði þeir fyrir meiri vonbrigðum en þá grunar, og harma ég það raunar ekki. Sjónarmið þeirra að þessu leyti er mannlegt, en ekki stórmannlegt, og ekki meira um það. En að því leyti sem stefnt er að því að hnekkja hinu sjálfstæða valdi kjördæmanna og skammta þeim lífsmöguleika úr hnefa, er vissulega um þjóðmálastefnu að ræða, og sú stefna er málefnaleg, þótt ekki sé hún neinum holl að mínum dómi.

Þessi útvarpsumræða um frv. svo fljótt, í byrjun 1. umr. í þinginu, er nokkuð óvenjuleg. Mér er ljóst, að hún er ætluð til þess að koma á framfæri í skyndi afsökun af hálfu þeirra, sem að því standa. Þeim er ljóst orðið, að víða andar köldu til þessa máls. Við framsóknarmenn höfum ekki nema einn fjórða ræðutímans, og við því er ekkert að segja, það fer að lögum. Ég veit, að við berum hvort eð er ekki fram nema lítið brot af þeim andsvörum, sem hlustendur víðs vegar um landið hafa sjálfir á reiðum höndum og hafa alltaf haft og þeir nú bera fram, hver með sjálfum sér og sínum stað, þar sem afsakanirnar eru metnar jafnóðum og þær eru bornar fram hér við hljóðnemann. Ég skil, að hér þarf mikilla afsakana við og að mikið liggur á. Það þarf að afsaka pennastrik, sem dregin hafa verið yfir gömul heit og yfirlýsingar. Það þarf að afsaka meðferð þessa máls í sambandi við endurskoðun stjórnarskrárinnar, og það þarf að afsaka framkomuna gagnvart stuðningsmönnum flokka í kjördæmum, sem nú á að leggja niður. Það þarf að segja fámennu kjördæmunum það í fínum umbúðum, að þau séu alveg sérstaklega undirrót misréttis og ranglætis í landinu og hafi alltaf verið um langan aldur, sbr. ummælin úr grg., sem ég las áðan.

Ein afsökunin er sú, að það sé bara til bóta fyrir kjördæmin að afnema þau, hvert þeirra verði þá hluti af stóru kjördæmi og eigi sinn hlut í 5—6 þingmönnum. Það ætti þá að vera hentugra að flytja mál við fimm eða sex menn en einn eða tvo. En ef það er betra, hvers vegna hafa þá ekki legið fyrir óskir almennings í þessum kjördæmum um, að þau yrðu lögð niður og fengju að vera hluti af stóru kjördæmi? Ég veit ekki um slíkar óskir. Kannske vilja flm. prófa þetta með atkvgr. í hverju kjördæmi fyrir sig. Og væri þá ekki bezt, að landið væri eitt kjördæmi, svo að allir ættu hlut í 60 þingmönnum? En ég veit um mótmæli víða að, og þau kunna að verða fleiri, eftir að frv. er komið fram á Alþingi. Hér er of langt gengið. Það þýðir ekki að segja mönnum, að það sé þeim sjálfum til hagsbóta, sem allir sjá að er til tjóns. Það vita fylgismenn þessara flokka í kjördæmunum eins og aðrir. Þeir af þeim, sem fylgja þessu máli, gera það fyrir flokk sinn eða af því, að þeir halda, að þjóðarheildin þurfi á því að halda. Hitt dettur þeim víst fáum í hug, að það sé þeim eða kjördæmunum til hagsbóta. Þarna eru flokksvélar í gangi að þarflausu, af því að þær eru gangvanar.

Ég ann þeim að ýmsu leyti, mætum mönnum, sem að þessu frv. standa, betra hlutskiptis. Þess vegna m. a. leyfi ég mér að skora á þá að taka upp eðlilegri og heilbrigðari vinnubrögð í þessu máli, vinna með öðrum í nokkra mánuði að endurskoðun stjórnarskrárinnar, eins og lofað hefur verið af þeim og öðrum. Frelsinu, lýðræðinu og mannréttindunum í þessu landi stafar ekki hætta af hinum fornu kjördæmum. En því stafar mikil hætta af ýmsu öðru, sem gert er eða látið ógert, meðan menn dunda við að slá sig til réttlætisriddara og bíta í skjaldarrendur að óþörfu. Ég dreg ekki í efa, að það verði vígreif sveit, sem — ef til vill kemur — verður send fram á vígvöllinn í vor til að herja á ranglætið fyrir norðan, austan, sunnan og vestan, og að margir í þeirri sveit reynist vaskir og vel að heiman búnir. Þó held ég, að mörgum kjósandanum finnist fátt um, ef þeir hafa ekki aðra betri stefnu að bjóða en að leggja niður kjördæmin, sem eiga að koma þeim á þing. — Góða nótt.

Forsrh. (Emil Jónsson): Herra forseti, háttvirtu áheyrendur. Ég tel óþarft að rekja, a. m. k. að nokkru ráði, ástæðurnar fyrir því, að þetta frv. er fram borið. Þær ástæður eru öllum landsmönnum kunnar. Í stuttu máli má segja, að höfuðástæðan sé sú, að með núverandi löggjöf er landsins börnum skammtaður mismunandi réttur eftir því, hvar á landinu menn búa, sem hefur svo leitt af sér mjög mikið ósamræmi í fulltrúatölu flokkanna á Alþingi, miðað við kjósendatölu þeirra.

Hv. þm. N-Þ., Gísli Guðmundsson, sem hér var að enda sína málskrúðsræðu rétt í þessu, vildi að vísu halda því fram, að lýðræði á Íslandi væri ekki hætta búin af þessum ástæðum. Þó að hver kjósandi í einu kjördæmi hafi ekki nema tuttugasta hluta af þeim rétti, sem kjósandi hefur í öðru kjördæmi, þá er það að hans mati engin hætta fyrir lýðræði á Íslandi. Þetta voru hans orð, en ég geri ekki ráð fyrir, að það taki margir undir þau.

Á þessu kosningakerfi eða kjördæmakerfi okkar hefur oft þurft að gera breytingar, eftir því sem tímar liðu og tilfærsla varð í byggð landsins, og nokkrar breytingar hafa verið gerðar og yfirleitt í þá átt að draga úr misréttinu, þó að aldrei hafi það verið leiðrétt neitt nálægt því til fulls. Síðasta leiðréttingin var gerð 1942, og þá í síðari kosningunum komst fulltrúatala flokkanna á Alþingi næst því, sem hún hefur nokkurn tíma gert, svo að ég muni eftir, að vera í samræmi við atkvæðatölu flokkanna. En síðan 1942 hefur orðið mikil breyting á íbúaskiptingu og íbúatölu landsins, og er fróðlegt að athuga hana.

Á fimmtán ára tímabilinu frá árslokum 1942 og til ársloka 1957 hefur íbúatalan aukizt á Íslandi úr 123 þús. rúmum og upp í 164 þús.

rúm, eða um 41 þús. manns á öllu landinu, sem er réttur þriðjungur af því, sem íbúatalan var 1942. Þessi fjölgun er mjög mikil, að á 15 árum skuli fólksfjölgunin í heild í landinu hafa numið yfir 33%. En þessi fjölgun hefur fyrst og fremst orðið hér í nágrenninu: í Reykjavík, en þar hefur íbúatalan vaxið um nærri 27 þús. á þessu árabili, í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfirði samanlagt hefur íbúatalan meira en tvöfaldazt á þessu tímabili og vaxið um ca. 11 þús., þ. e. a. s. íbúafjölgunin á þessum tveim stöðum, í Reykjavík og á Reykjanesi með Hafnarfirði, hefur vaxið um 38 þús. af þessu 41 þús., sem íbúatala landsins hefur aukizt á þessu tímabili. Auk þessara staða hefur svo átt sér stað minni háttar fjölgun á Suðurlandi, Norðausturlandi og Miðvesturlandi. Þessi þróun gefur strax til kynna, hvar skórinn muni kreppa mest að og hvar sé mest þörf leiðréttingar, enda er frv. við það miðað að leiðrétta þá skekkju, sem hér hefur orðið á hlutfallinu á milli íbúatölu og fulltrúatölu á Alþingi.

Samkv. frv. er ætlað að fjölga um 4 alþm. í Reykjavík og um 3 í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfirði, einn á Norðausturlandi og einn á Miðvesturlandi. Þó að með þessu sé misréttið ekki að fullu leiðrétt, er þó hér um að ræða mikla lagfæringu til bóta. Ég tel raunar rétt, að það komi hér fram, vegna þess að á það hefur verið drepið í blöðum, að þessi lausn, sem hér liggur fyrir, er samkomulagslausn þriggja flokka, en auðvitað ekki eins og hver og einn einstakur þessara flokka vildi helzt vera láta, heldur hafa flokkarnir orðið að vinna það til samkomulagsins að slá meira og minna af kröfum sínum. Alþfl. vildi t. d. fjölga Reykjavíkurþingmönnum um 6, í stað þess að frv. gerir ráð fyrir 4. Hann vildi líka, að þingmenn í Norðausturlandskjördæminu yrðu 7 og í Gullbringu- og Kjósarsýslu 6, eða einum fleiri á hvorum stað en frv. gerir ráð fyrir. Og hann gat líka fallizt á, að í Suðurlandskjördæminu yrðu 7 í staðinn fyrir 6. Þingmannatalan í heild hefði þá orðið 65 í staðinn fyrir 60, en á þann hátt hefði fengizt mun meiri lagfæring á hlutfallinu milli kjósendatölu og fulltrúafjölda á Alþingi heldur en frv. gerir ráð fyrir. En þetta fékkst ekki samþykkt vegna andstöðu Alþb.

Uppbótarþingmenn verða samkv. frv. 11 eins og áður, og verður þeim skipt milli flokka á sama hátt og áður að öðru leyti en því, að ekki er gert ráð fyrir röðuðum landslista. Á þann hátt er fjölmennustu héruðunum einnig tryggð nokkur bót, þar sem helmingi uppbótarsæta er úthlutað á hæstu tölu.

Þá er loks að geta þeirrar breytingar, sem telja má veigamesta og þýðingarmesta, en það er að sameina kjördæmin gömlu í nokkur stærri og kjósa þar með hlutfallskosningu, en það er líka sú breyt., sem sætt hefur hvað mestri gagnrýni af hálfu andstæðinga málsins, framsóknarmannanna.

Afstaða Alþfl. til þessa máls þarf ekki að koma neinum á óvart. Alþfl. hefur alla tíð verið því fylgjandi, að hlutfallskosningafyrirkomulag yrði upp tekið, og lengi vel á því, að landið yrði gert eitt kjördæmi. Til samkomulags hefur Alþfl. þó breytt afstöðu sinni til þessa síðasta atriðis, að landið yrði eitt kjördæmi, og hefur á síðasta þingi flokksins, sem haldið var um mánaðamótin nóvember—desember s. l., samþykkt að halda sig að svipaðri eða sömu aðferð og hér er lagt til að verði viðhöfð, að skipta landinu í átta stór kjördæmi með hlutfallskosningum og úthluta uppbótarsætum til jöfnunar milli flokka.

Þetta er sú leið, sem mestar líkur virðist gefa á því, að nokkurn veginn réttlátt hlutfall fáist milli kjósendatölu og fulltrúatölu flokkanna á Alþingi.

Einmenningskjördæmi utan Reykjavíkur án uppbóta, eins og Framsfl. hefur gert ályktun um á sínu síðasta flokksþingi, bera í sér líkurnar til þess, að hið ferlegasta ranglæti ríki í þessum málum, þar sem svo getur þá farið, að flokkur, sem á mjög miklu fylgi að fagna um allt land, en hvergi hreinum meiri hluta, fái engan mann kosinn. Slíkt ástand mundi stríða svo gegn réttarvitund þjóðarinnar, að það yrði aldrei þolað til lengdar. Þegar vinstri stjórnin var mynduð 1956, var um það samið, að kjördæmaskipunin skyldi endurskoðuð. Hv. þm., sem síðast talaði hér, Gísli Guðmundsson, gat þess nú að vísu, að endurskoðunin hefði ekki hafizt fyrr en í nóvembermánuði s. l., og það er rétt, ef það er þá hægt að segja, að um endurskoðun hafi verið að ræða, því að það var eiginlega ekki byrjað á að ræða um þetta mál milli flokkanna, sem að stjórninni stóðu, fyrr en uppstytta var komin í stjórnarsamstarfið á s. l. hausti og þá mjög lauslega. En samþykktir síðasta þings framsóknarmanna um málið með einmenningskjördæmi sem meginreglu og enga uppbótarmenn skera úr um það, að málið var og er ekki leysandi með þeim og ekki leysanlegt með þeim frá sjónarmiði okkar Alþýðuflokksmanna. Slíkt fyrirkomulag eins og þar er stungið upp á getum við aldrei fallizt á.

Sjálfstfl. og Alþb. höfðu aftur á móti við ýmis tækifæri lýst sig fylgjandi svipaðri lausn á þessu mikilsverða máli og Alþfl. hafði ákveðið á sínu flokksþingi að fylgja. Var því eðlilegt, að þessir flokkar leituðu sameiginlega að einhverri þeirri endanlegri lausn, sem þeir gætu allir fallizt á og sameinazt um, og það hefur nú tekizt. Að vísu, eins og ég hef sagt áður, er þessi samkomulagslausn eins og allar slíkar lausnir, að allir aðilar hafa orðið að slaka til á sérstöðu sinni að einhverju leyti, og við því er ekkert að segja, ef það er innan þess ramma, sem viðkomandi aðili hefur sett fyrir sinni afgreiðslu. En út af þessu samkomulagi tel ég þó nauðsynlegt og rétt vegna blaðaskrifa um það, að sett hafi verið auðmýkjandi skilyrði, sem ríkisstj. hafi orðið að ganga að, til þess að fá málið samþykkt, taka fram það, sem nú fer á eftir:

Fyrsta og aðalkrafa þeirra Alþýðubandalagsmanna var sú, að ríkisstj. segði af sér, þegar er afgreiðslu fjárlaga væri lokið og framgangur kjördæmamálsins tryggður. Virtist því að-

eins mögulegt að fá þessa menn til að leggja hinu mikla réttlætismáli lið, að stjórn með þingræðislegan meiri hluta að baki beiddist lausnar. Þessu var svarað þannig, að Alþfl. teldi, að afgreiða bæri kjördæmamálið þegar í stað á Alþingi, og þess vegna væri ekki rétt að blanda saman umræðum um það og umræðum um myndun nýrrar meirihlutastjórnar, sem vissulega hlaut að taka langan tíma. Hins vegar var einnig svarað, að ríkisstj. væri að sjálfsögðu reiðubúin til að víkja á sömu stundu og hægt væri að mynda nýja meirihlutastjórn. Þessu skilyrði var því raunverulega hafnað, enda féll Alþb. frá því að halda í það.

Þegar það var út úr heiminum, voru af sömu aðilum borin fram fimm önnur skilyrði í staðinn: Í fyrsta lagi, að fé til flugvallagerðar yrði skipt á milli staða í fjárlögum, í öðru lagi, að benzínvegafé svokölluðu yrði einnig skipt í fjárlögum á milli staða, í þriðja lagi, að atvinnuaukningarfé yrði skipt með samkomulagi á milli flokka, í fjórða lagi, að fé, sem tekið væri að láni erlendis, yrði ráðstafað með samkomulagi flokkanna, og í fimmta lagi, að málskotsréttur einstakra stjórnarnefndarmanna innflutningsskrifstofunnar yrði afnuminn. Um þrjú fyrstu atriðin, þ. e. a. s. skiptingu á vegafé, fé til flugvallagerðar og atvinnuaukningarfé, er það að segja, að það var aldrei meining ríkisstj. að ráðstafa þessu fé upp á eindæmi, og ríkisstj. hafði enga tilhneigingu til að gera það. Þess vegna hafði um það verið talað, m. a. við Sjálfstfl., og út frá því gengið, að þessi háttur yrði hafður á. Afgreiðsla þessara þriggja mála var því ráðin, áður en skilyrði Alþb. um þau voru sett fram, og á þann hátt, sem þar var farið fram á. Um fjórða atriðið, erlendu lántökurnar, er það að segja, að til þess að mega taka lán þarf samþykki Alþingis, og getur það þá — og er það venja — sett þau skilyrði um notkun fjárins, sem því þykir eðlilegt. Í þessu var því heldur ekkert nýtt. En fimmta atriðið, málskotsréttur einstakra stjórnarnefndarmanna innflutningsskrifstofunnar, að hann yrði afnuminn, var aftur á móti nýmæli og raunverulega það eina nýja, sem í þessum svokölluðu skilyrðum Alþb. felst, og þarfnast því nokkurra skýringa.

Þegar Sjálfstfl. og Framsfl. fóru með stjórn landsins eftir 1950, voru tveir menn, einn frá hvorum, látnir úthluta leyfum. Ef þá greindi á, gat hvor þeirra sem var skotið málinu til ríkisstj., sem þá felldi úrskurð um, hvernig með skyldi fara. Sami háttur var hafður á, eftir að fjölgað var um tvo við úthlutun leyfanna. Hver þeirra um sig gat áfrýjað afgreiðslu hvaða máls sem var til ríkisstj. Þetta er svo ákveðið í lögum. Þetta er út af fyrir sig ekki óeðlilegt, þegar um samstjórn tveggja eða fleiri flokka er að ræða, og hafa málskot af þessu tagi oft verið notuð. En hins vegar má segja, að þegar ríkisstj. er skipuð öllum ráðherrum úr sama flokki, horfir þetta mál öðruvísi við, *sérstaklega þegar ríkisstj. hefur ekki að baki* sér úr eigin flokki nema tiltölulega fáa þingmenn. Þá væri hugsanlegur sá fræðilegi möguleiki, að samflokksmaður ríkisstj. í innflutningsskrifstofunni áfrýjaði öllum málum, sem hann kærði sig um að ráða, til ríkisstj. og hefði fyrir fram tryggt sér samþykki hennar og gæti hann því einn ráðið þar öllu. En þetta dettur náttúrlega engum heiðarlegum manni í hug að gera. Og til marks um það, hversu fjarlæg þessi hugsun hefur verið fulltrúa Alþfl. í innflutningsskrifstofunni og ríkisstj. í heild, er það, að síðan ríkisstj. tók við í desembermánuði s. l. og til þessa dags hefur þessi fulltrúi Alþfl. í innflutningsskrifstofunni ekki áfrýjað einu einasta máli, heldur hefur hann þvert á móti leitazt við að afgreiða þar málin með samkomulagi í n. En einhvern veginn hefur þessi hugsun ekki verið alveg fjarlæg þeim Alþýðubandalagsmönnum.

En á þessu máli er þó til önnur hlið, sem rétt er að athuga líka. Þarna eiga enn fjórir menn sæti til að úthluta leyfum. Ef atkv. falla þannig, að tveir eru með og tveir á móti, er hægt að hindra framgang allra mála, sem svo verður ástatt um, og ómögulegt fyrir fram að vita, hversu oft það gæti komið fyrir. Málskotsréttur í einhverju formi þarf því mjög nauðsynlega að vera til, og var því þessu skilyrði kommúnistanna algerlega synjað, að fella alveg niður málskotsréttinn.

Þá var fram borin sem varakrafa, að málskotsrétturinn yrði ekki notaður af fulltrúum þeirra flokka, sem að samkomulaginu standa, þegar um væri að ræða leyfi fyrir bílum, bátum og fjárfestingu, og á þetta var fallizt. Það þýðir að vísu, að leyfum þessum verður úthlutað nákvæmlega á sama hátt og áður, ef meiri hluti fæst fyrir hverri ákvörðun í nefndinni. En náist ekki samkomulag um meiri hluta fyrir leyfisveitingu, verður hún að bíða fram yfir kosningar, því að málskotsrétturinn um þessa málaflokka er ekki til. Og það getur þýtt, að bíða þurfi þá eftir afgreiðslu þeirra mála, sem þannig verður ástatt um, tvo til þrjá mánuði. Þetta er allt og sumt, sem um hefur verið samið á milli flokka. Komi fulltrúarnir í innflutningsskrifstofunni sér saman, gengur allt sinn gang óbreytt eins og áður.

Öll þessi mál, sem ég hef nefnt hér og gerð hafa verið að skilyrði fyrir framgangi kjördæmamálsins, eru óskyld afgreiðslu kjördæma*málsins sjálfs, og sýnir málsmeðferðin því*, að þetta mikla mál var reynt að gera að verzlunarvöru á vissan hátt til þess eins að koma höggi á Alþfl., sem þó tókst ekki betur en þetta.

Þetta taldi ég nauðsynlegt að taka fram vegna þess áróðurs, sem upp hefur verið tekinn, sérstaklega í blaðinu Þjóðviljanum, sem hefur verið að burðast við að reyna að taka þetta fram sem áróðursefni á ríkisstj. og Alþfl. sérstaklega. Niðurstöðunni er bezt lýst með orðum dagblaðsins Tímans um þetta á laugardaginn var. Hann segir orðrétt í fyrirsögn fyrir grein um málið: „Kommúnistar féllu frá öllum skilyrðum sínum, er verulegu máli skiptu.“

Alþfl. gerir sér ljóst, að með þessu frv. er ekki náð fullu jafnrétti allra þegna þjóð-

félagsins til þess að hafa áhrif á gang þjóðmála, sem þó hlýtur að verða stefnt að. Enn er ætlazt til, að heilir landshlutar hafi helmingi minni rétt en aðrir og ekki einu sinni það. Þó er þetta merkur og þýðingarmikill áfangi, þar sem enn miklu meira óréttlæti verður hrundið, — óréttlæti, sem mikill meiri hluti þjóðarinnar hefur átt við að búa og stríðir móti réttlætiskennd heilbrigt hugsandi manna og til lengdar verður aldrei unað við. Því fyrr sem þetta verður leiðrétt, því betra. Þetta óréttlæti hefur birzt á tvennan hátt: í fyrsta lagi í misjöfnum rétti héraða, og í öðru lagi í misjafnri aðstöðu flokka eftir því, hvar fylgismenn þeirra hafa verið búsettir á landinu.

Í því moldviðri, sem reynt hefur verið að þyrla upp í sambandi við afgreiðslu þessa máls, hefur því mjög verið á lofti haldið, að með leiðréttingu þessara mála væri hagsmunum dreifbýlishéraðanna stefnt í einhverja hættu. Þessu vil ég algerlega mótmæla. Mál á Alþingi eru ekki afgreidd á þann hátt, að héraðssamtök séu um afgreiðslu þeirra. Það eru flokkarnir, sem koma sér saman um hana. Það eru flokkarnir, sem ráða úrslitum mála, og í öllum flokkum eru fulltrúar bæði frá dreifbýli og þéttbýli. Að einn flokkur sé þar öðrum fremri, þannig að honum beri að veita forréttindi, er áreiðanlega ekki rétt.

Það, sem skeður með þessari breytingu úti á landsbyggðinni, er ekki það, að fulltrúum þessara héraða verði yfirleitt fækkað, heldur hitt, að fulltrúum eins flokks, Framsfl., verði fækkað, en hann hefur í krafti hinna mörgu smáu kjördæma haft forréttindaaðstöðu að þessu leyti. Þegar þess vegna mörgu smáu kjördæmunum verður slegið saman, skapast möguleiki til þess, að minni hlutarnir í öllum smáu kjördæmunum til samans geti líka fengið kosinn sinn fulltrúa. Þetta fullyrði ég að sé líklegra til að gefa sanna mynd af heildarvilja viðkomandi héraðs heldur en þó að einn flokkur slampist á að fá alla menn kosna í öllum smáu kjördæmunum, kannske með talsvert minna en helming atkvæðatölunnar, og getur þannig útilokað, að nokkur önnur rödd heyrist úr heilum landsfjórðungi eða landshluta en hans eigin. Þetta verður komið í veg fyrir með því að sameina smáu kjördæmin í færri stórum og viðhafa hlutfallskosningu, sem skapar fleirum en þeim, sem flest atkvæðin hefur, möguleika til þess að fá fulltrúa kosinn líka. Eftir því sem fleiri eru kosnir á þennan hátt með hlutfallskosningu, skapast möguleikar til þess, að fulltrúatalan skiptist réttlátlega á milli flokkanna í kjördæminu.

Ég veit, að Framsfl. leggur nú á það ofurkapp að fá til fylgis við sig og sinn málstað menn úr öðrum flokkum til þess, eins og hann segir, að bjarga málstað dreifbýlisins. En slíkt er hin mesta fjarstæða. Með því er ekki verið að bjarga neinu fyrir dreifbýlið, heldur verið með því að bjarga Framsfl. og tryggja það, að engar aðrar raddir heyrist frá þessum stöðum en raddir þess flokks, sem flest hefur atkvæði, minni hlutarnir verði gersamlega þurrkaðir út. En komið er í veg fyrir það með hinni nýju skipan.

Þegar núverandi ríkisstj. tók við í desembermánuði s. l., lýsti hún yfir því, að hún mundi beita sér fyrir lausn kjördæmamálsins á þeim grundvelli, sem hér hefur verið lagt til, og að þing mundi verða rofið og kosningar látnar fara fram í vor, hvort sem tækist að koma málinu fram eða ekki. Við þetta verður að sjálfsögðu staðið og mundi hafa verið gert, hvernig sem farið hefði um afgreiðslu málsins, þó að óneitanlega sé skemmtilegra að koma fram fyrir kjósendurna með málið leyst heldur en óleyst.

Kjósendur landsins koma þess vegna til með að fella úrslitadóminn í málinu við kosningar í vor, og efast ég ekki um út af fyrir sig, hvernig sá dómur muni verða. En á það vildi ég mega benda, að mörg önnur og þýðingarmikil mál bíða úrlausnar í okkar þjóðfélagi, sem tafizt hafa og torveldazt vegna átaka um þetta mál. Þess vegna er nauðsynlegt að koma því út úr heiminum. Ranglætið má sætta sig við um stundarsakir, en ekki verður það gert til langframa. Þess vegna er nauðsynlegt að fá þetta mál afgreitt nú, lagfæringu, þó að ekki sé hún fullkomin, þá mikla lagfæringu þó, framkvæmda og snúa sér síðan með fastari tökum að lausn þeirra vandamála, sem bíða. — Góða nótt.

Einar Olgeirsson: Herra forseti, góðir áheyrendur. Í frv. því til stjórnarskrárbreytingar, sem hér liggur fyrir til 1. umr., felst ekki aðeins mikilvæg lýðræðisleg réttarbót fyrir Íslendinga almennt, heldur sérstaklega þýðingarmikil réttarbót fyrir allan íslenzkan verkalýð. Samkvæmt manntalinu frá 1950 taldist réttur helmingur þjóðarinnar til verkamannastéttarinnar, ef talið var eftir atvinnustétt framfæranda, og 1/6 hluti þjóðarinnar til starfsmannastéttarinnar, þannig að samtals eru launþegastéttirnar rúmlega 2/3 hlutar allrar þjóðarinnar. Núverandi kjördæmaskipun er þannig, að þótt allur verkalýður Íslands, sem nú er meiri hluti þjóðarinnar, stæði sameinaður í einum verkalýðsflokki, eins og hann vegna lífshagsmuna sinna ætti að gera, þá hefði hann engan möguleika til þess að fá helming þingsæta, hvað þá meiri hluta á Alþingi, af því að hann er samþjappaður í bæjum og kauptúnum landsins og nýtur þar af leiðandi ekki fulls réttar á við aðra landsmenn. Svona er kjördæmaskipunin ranglát, svona er lýðræðið ófullkomið á Íslandi enn þá. Meira að segja þótt allir launþegar Íslands, 2/3 hlutar þjóðarinnar, stæðu sameinaðir í einum flokki eða einu kosningabandalagi, þá gæti svo farið, að þessir 2/3 hlutar þjóðarinnar fengju ekki meiri hluta á Alþingi. Það væri m. ö. o. hugsanlegt, að 1/3 hluti þjóðarinnar næði meiri hluta á Alþingi móti 2/3 hlutum þjóðarinnar, sem yrðu í minni hluta á þingi. Það þarf ekki að fara lengra aftur í tímann en til alþingiskosninganna 1956 til þess að sjá, að tveir flokkar, Framsfl. og Alþfl.,

gerðu beinlínis samsæri um að reyna að ná meiri hluta á þingi, þótt þeir hefðu samanlagt aðeins 33.9% eða ekki einu sinni 34% allra atkvæða, og það munaði minnstu, að það tækist, aðeins nokkrum atkvæðum.

Kjördæmaskipun, sem býður upp á það, að þriðjungur þjóðarinnar geti ráðið yfir meiri hlutanum, dæmir sjálfa sig úr leik. Íslenzkt lýðræði þolir ekki slíka skipan og hlýtur því að víkja henni til hliðar. En frá sjónarmiði verkalýðsins og allrar alþýðuhreyfingar Íslands er það beinlínis skilyrði fyrir vexti verkalýðshreyfingarinnar og viðgangi, fyrir möguleikum alþýðunnar til hagsmunabaráttu á Alþingi og til endanlegs sigurs fyrir málstað alþýðunnar á Alþingi Íslendinga, að kjördæmaskipunin gefi verkalýðnum hvort tveggja í senn, möguleika til þess að sameinast og meiri hluta á Alþingi, ef verkalýðurinn og bandamenn hans fá meiri hluta hjá þjóðinni.

Núverandi kjördæmaskipun gerir hvorugt. Í fyrsta lagi torveldar hún verkalýðnum að sameinast með því að skipta honum upp í 27 kjördæmi, þar sem hann víða klofnar fyrst og fremst milli tveggja borgaraflokka, og í öðru lagi gerir hún honum ómögulegt að fá meiri hluta á Alþingi, þótt verkalýðurinn þrátt fyrir þessar torfærur sameinaðist í einn flokk eða eitt kosningabandalag og hefði meiri hluta þjóðarinnar á bak við sig. Þess vegna hefur það frá upphafi verið baráttumál íslenzkrar verkalýðshreyfingar að fá landinu skipt í nokkur stór kjördæmi með hlutfallskosningum og landskjörna uppbótarþingmenn að auki.

Barátta verkalýðsins fyrir bættri kjördæmaskipun er barátta íslenzkrar alþýðu fyrir jafnrétti og lýðræði í landi voru. Þess vegna var það till. Sósfl. 1942, er núverandi kjördæmaskipun var upp tekin, að landinu yrði skipt í nokkur stór kjördæmi. Það féll í minn hlut að vera fulltrúi flokks míns í stjórnarskrárnefnd þessarar hv. d. 1942, og í nál. meiri hl. stjórnarskrárnefndar Nd., dags. 8. maí 1942, hef ég látið bóka álit mitt á, hvaða breytingu bæri þá að gera á kjördæmaskipuninni, á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Einar Olgeirsson lýsir því sem áliti sínu, að heppilegust mundi sú breyting á kjördæmaskipuninni, að landið yrði nokkur stór kjördæmi, t. d. 6, yrði þorri þingmanna, t. d. 38, eins og nú er, kosnir í þeim með hlutfallskosningum, og væri tala þingmanna í hverju kjördæmi í hlutfalli við kjósendatölu þess, en 11 uppbótarsæti yrðu auk þess, svo sem nú er. Slík skipun mundi í senn tryggja jafnrétti allra kjósenda og draga stórum úr skaðlegri hreppapólitík, en virða þó áhrifavald hinna einstöku landshluta og hindra ofræði flokksstjórna. En þar sem ekki er kostur á því að fá breytingu sem þessa samþykkta nú á þingi, telur hann þýðingarlaust að bera fram brtt. þessa efnis og fellst því á frv. með þeim brtt., sem meiri hluti nefndarinnar hefur orðið sammála um."

Hér lýkur tilvitnuninni í nál. 8. maí 1942.

Síðan þetta gerðist eru liðin 17 ár. Mér er það því mikil ánægja í dag að vera meðflm. ásamt hv. þm. G-K. og hæstv. forsrh. að því frv., sem hér liggur nú fyrir til umræðu og fer nærri því að skapa það form fyrir kosningabaráttu íslenzkrar alþýðu, er flokkur minn áleit henni heppilegast og þjóðinni réttlátast 1942. En þessi 17 ár, sem síðan eru liðin, og einkum þó síðasti áratugurinn hafa verið hættutímabil fyrir íslenzka alþýðu í kjördæmamálinu. Í 10 ár hefur sú hætta sífellt vofað yfir, að tveir stærstu þingflokkarnir, Sjálfstfl. og Framsfl., sameinuðust um að breyta kjördæmaskipuninni á þann veg að afnema landskjör og hlutfallskosningar og breyta öllum kjördæmum í einmenningskjördæmi, t. d. Reykjavík kannske í 17 einmenningskjördæmi, og torvelda þannig gífurlega alla pólitíska sigurvinninga verkalýðsins og gera þingið að skrípamynd af þjóðarviljanum. En svo mikil var gifta íslenzkrar alþýðu, að allan þennan áratug gátu þessir tveir flokkar aldrei sameinazt um slíkt samsæri gegn íslenzku lýðræði og alþýðuhreyfingu landsins, þótt þeir annars hefðu löngum helmingaskipti um allt annað, er íslenzkri þjóð var til ófarnaðar.

En hvernig stendur þá á því, að nú í dag skuli meiri hluti þings og þjóðar geta sameinazt um tiltölulega réttláta kjördæmaskipun og alþýðan losnað ekki aðeins við óttann af ranglæti eintómra einmenningskjördæma, heldur og við þá úreltu kjördæmaskipun, sem komið var á 1942?

Það liggur við, að rétt sé að segja, að slík eining þessara þriggja flokka sé fyrst og fremst yfirgangi Framsóknarforustunnar að þakka. Það gerðist svo: Í alþingiskosningunum 1956 hafði Framsókn líf Alþýðuflokksins í hendi sér. Hún lét hann þá mynda með sér Hræðslubandalagið alræmda. Með þrauthugsuðum klækjum þaulvanra reiknimeistara skyldu gallar núverandi kjördæmaskipunar misnotaðir til þess að gefa þessum flokkum, er höfðu 33% þjóðarinnar, meiri hluta á Alþingi. Það átti að nota núverandi kjördæmaskipun sem þjófalykil að Alþingi, og innbrotsþjófnaðurinn hafði næstum tekizt.

Með þessu atferli Hræðslubandalagsins dæmdi Framsfl. núverandi kjördæmaskipun úr leik. Eftir það, sem þjóðin þá sá framan í, var ekki hægt að viðhalda þessari kjördæmaskipan með þeim einmenningskjördæmum, er buðu misnotkuninni heim. Íslenzk alþýða og allt íslenzkt lýðræði hlaut að knýja fram gagngerðar breytingar, er firrtu þjóðina þeirri hættu, að svo mætti falsa þjóðarviljann sem fyrirhugað var 1956. Það varð að svipta afbrotaaðilana þjófalyklinum.

Þegar við Hannibal Valdimarsson, hv. 7. þm. Reykv., komum til fyrsta fundar við forustumenn Framsfl. í júlí 1956 til þess að hefja samninga um myndun vinstri stjórnar, tilkynntum við þeim, að það væri krafa Alþb. og verkalýðshreyfingarinnar, að á þessu kjörtímabili yrði kjördæmaskipuninni breytt í viðunandi lýðræðislegt horf. Við minntum þessa foringja Framsóknar á, að tvisvar á 25 árum hefði verkalýður Íslands orðið að leysa kjördæmamálið með íhaldinu, og báðum þá að sýna nú

þau pólitísku hyggindi og framsýni að knýja ekki íslenzka alþýðu til þess í þriðja sinn á 30 árum. Foringjar Framsóknar hétu góðu. Loforð um lausn kjördæmamálsins var tekið upp í stjórnarsáttmálann.

Við þingmenn Alþb. tókum mildum höndum á afbrotaflokkunum, er til kasta þingsins kom. Þeir höfðu lofað bót og betrun um að reyna ekki að brjótast inn í Alþingi aftur og lofað að láta eyðileggja þjófalykilinn. En svo kom til efndanna. Eftir ítrekaðar áminningar var loks skipuð nefnd í málið, en þá voru liðin rúm tvö ár, frá því að fyrirheitin höfðu verið gefin, og ekki var nefndin enn kölluð saman. Loks í nóv. 1958, þegar Framsókn hafði þegar afráðið að sprengja vinstri stjórnina, kom hluti nefndarinnar saman, en ekkert var gert, og Framsfl., sem hafði heitið því hátíðlega, að lokið yrði á starfstíma stjórnarinnar endurskoðun stjórnarskrár lýðveldis og kosningalaga, rauf vinstri stjórnina upp á sitt eindæmi 4. des. án þess að hafa nokkuð í þessu máli gert.

Í tvö og hálft ár hafði Framsfl. tækifæri til þess að leysa kjördæmamálið með íslenzkum verkalýð í vinstri stjórninni. Í 2½ ár hafði forusta Framsóknar möguleika á að bæta fyrir brot sitt gegn íslenzku lýðræði og íslenzkri alþýðu. En forusta Framsóknar sveik loforð sín og gerði Framsókn um leið að flokk hinna glötuðu tækifæra. Íslenzk stjórnmálasaga á fá dæmi slíks hroka og skammsýni sem forusta Framsóknar hefur sýnt í allri meðferð þessa máls, allt frá upphafi Hræðslubandalagsins til stjórnarslitanna 4. des., þegar afturhald Framsóknar hjó á böndin við íslenzka verkalýðshreyfingu í öruggri vissu um að geta myndað afturhaldsstjórn með íhaldinu um þá 8% lögboðnu launalækkun, sem Framsókn heimtaði þá af launþegum Íslands, eftir að hafa svikið þá um jafnrétti við aðra Íslendinga í kosningunum.

Menn skyldu nú halda, að eftir að sú von afturhaldsins í Framsókn brást að mynda nýja helmingaskiptastjórn með íhaldinu um launarán, hefði Framsóknarforustan séð eftir því að hafa drepið vinstri stjórnina og viljað nú eitthvað til vinna að friðmælast við verkalýð Íslands á ný, þó að almennt sé talið of seint að iðrast eftir dauðann. En því fór fjarri. Framsóknarforustan hafði ekkert lært og engu gleymt í 25 ár, hún bara forhertist. Hún kallaði saman flokksþing um miðjan marz, og þar lét hún samþykkja svo hljóðandi boðskap til alþýðunnar í kjördæmamálinu:

„Flokksþingið telur, að stefna beri að því að skipta landinu í einmenningskjördæmi utan Rvíkur og þeirra kaupstaða annarra, sem rétt þykir og þykja kann að kjósi fleiri en einn þingmann. Með hæfilegri fjölgun kjördæmakjörinna þingmanna falli niður uppbótarlandskjörið. Telur flokksþingið, að einmenningskjördæmi sem aðalregla sé öruggastur grundvöllur að traustu stjórnarfari.“

Þessi samþykkt Framsóknarforustunnar var ekki aðeins fjandskaparyfirlýsing við allt lýðræði, svipað og hjá fasistum Frakklands, og pólitísk blinda, slík að furðu sætir, heldur er hún og hnefahögg í andlit íslenzkrar verkalýðshreyfingar. Þetta er yfirlýsing Framsóknarforingjanna um, að þeir neiti eigi aðeins verkalýðnum um endurbætur frá því, sem nú er, og jafnrétti, heldur hóti líka að svipta hann öllu því, sem hann hefur áunnið í 25 ára lýðræðisbaráttu, landskjörinu og auknum hlutfallskosningum. Þetta er yfirlýsing Framsóknarforustunnar um, að hún vilji ekki við verkalýðinn semja, heldur aðeins knésetja hann og kúga. En íslenzk alþýða lætur ekki kúga sig. Um þann rétt, sem Framsókn neitar henni, semur nú verkalýðshreyfingin við sjálfan höfuðandstæðing sinn, flokk Reykjavíkurauðvaldsins, Sjálfstæðisflokkinn, í þriðja sinn á 28 árum á þeim grundvelli, sem við óskuðum eftir fyrir 17 árum. Þessa andstæðinga hefur nú Framsóknarforustan enn einu sinni barið saman í blindu sinni.

Það er vissulega tími til kominn, að bændur Íslands og vitrir menn í Framsókn rísi upp til að velta af sér þessari misvitru forustu. Íslenzkir bændur og ærlegir vinstri menn sveitanna verðskulda vissulega betri forustu en þetta glórulausa afturhald, sem aldrei getur lært. Það vantar aðeins eitt til þess að fullkomna þetta afturhald. Framsóknarforustan sagði 1944, að með nýsköpun atvinnulífsins og kaupunum á nýsköpunartogurunum, sem settu öruggan grundvöll undir atvinnulíf dreifbýlisins, væru kommúnistar að vinna markvisst að upplausn og eyðileggingu ríkjandi þjóðfélagsskipunar. Það vantar nú aðeins, að sama Framsóknarforustan segi, að nýja kjördæmaskipunin sé vélabrögð kommúnista til þess að eyðileggja jafnrétti, mannréttindi og lýðræði á Íslandi, — og sjáið þið til, það mun líka koma. Það er engin firra svo fáránleg, að rökþrota menn grípi ekki til hennar, þegar þeir þurfa að verja ranglæti sitt og forréttindi í þjóðfélaginu. Forréttindi Framsóknarforustunnar eru, að þrjú atkvæði með henni gilda eins og 8 atkvæði með Alþýðubandalaginu. Það er þetta ranglæti, sem Framsóknarforustan er að verja með blekkingum sínum, og það er þetta ranglæti, sem íslenzk alþýða ætlar ekki að þola lengur, hún ætlar að afnema það í ár.

En hvernig stendur á því, að Sjálfstfl., flokkur Reykjavíkurauðvaldsins, skuli reynast frjálslyndari í samningum við verkalýðinn í þessu máli en Framsfl.? Vart er það af hugsjónaást hans á lýðræðinu einni saman. Sjálfstfl. hefur vissulega undanfarinn áratug alveg eins og Framsókn ágirnzt að ná meiri hluta á Alþ. með minni hluta hjá þjóðinni. Kosningar eftir kosningar hefur Sjálfstfl. skorað á kjósendur að gefa sér meiri hluta á Alþ. með því að bæta við sig 300—400 atkv. í réttum kjördæmum, þá hefði hann meiri hluta á Alþ. með 40% kjósenda. Sjálfstfl. hefur líka á undanförnum áratugum verið að dekra við hugmyndina um eintóm einmenningskjördæmi á Íslandi, t. d. 17 einmenningskjördæmi í Reykjavík. Það var á tímum helmingaskipta hans og Framsóknar. Það átti þá að eyðileggja þingræðislega möguleika verkalýðsins, eins og nú er gert í Frakklandi. Það voru vissulega helmingaskipti milli Framsóknar og Sjálfstfl. um hugmyndir rang-

lætisins þá. En til allrar hamingju pössuðu helmingarnir aldrei saman. Og nú er Sjálfstfl. snúinn til betri vegar til fylgdar við hlutfallskosningar og stór kjördæmi. Af hverju? Ég held af því, að hann býst við að geta unnið meiri hluta á Alþ. án þess að hafa rangt við, — unnið meiri hluta þjóðarinnar til fylgis við sig. Í því liggur það, að Sjálfstfl. fylgir stefnu verkalýðshreyfingarinnar í þessu máli í dag, og í þessari von hans um að ná meiri hluta þjóðarinnar felst líka hættan, sem vofir yfir þjóðinni í dag. En þeirri hættu verður ekki afstýrt með því að viðhalda rangri og úreltri kjördæmaskipun. Sá, sem hefur meiri hluta þjóðarinnar, á að hafa meiri hluta á Alþingi.

Íslenzk alþýða sigrar ekki Reykjavíkurauðvaldið með því að hafa rangt við í þeim leikreglum borgaralegs lýðræðis, sem við nú heyjum baráttu vora undir. Íslenzk alþýða sigrar auðvaldið aðeins með því að vinna af því það fylgi alþýðustétta, sem það hefur aflað sér, aðeins með því að sameinast öll á móti því og reka djarfa og viturlega pólitík gegn því, þegar alþýðan getur haft áhrif á stjórn landsins. Þess vegna semur alþýða Íslands hiklaust við íslenzka auðvaldið í dag um að koma á réttum leikreglum í stað rangra í alþingiskosningum á Íslandi, í öruggri vissu um það, að að lokum verður það alþýðan, sem sameinast um lífshagsmuni sína í þeim átökum milli stéttanna, sem allar alþingiskosningar eru, og ber sigur af hólmi, af því að hún er yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar og málstaður hennar er málstaður framfara, frelsis og velferðar vinnandi stéttanna.

En hvað með Alþfl.? Af hverju stendur hann núna með stjórnarskrárbreytingunni? Alþfl. greip þó til ranglætisins og kosningasvindlsins til þess að reyna að bjarga sér inn á Alþ. í síðustu kosningum og sveik með því alla stefnu sína í mannréttindamálunum frá upphafi vega, en svikin reyndust honum samt flotholt þá. En nú dregur aftur að kosningum. Skuldadagarnir nálgast, og nú á þessi flokkur enn yfir höfði sér þá hættu að fá makleg málagjöld launalækkunarinnar með því að detta út úr þinginu, og þá sér hann á síðustu stundu, að réttlætið, sem hann sveik 1956, er það eina, sem getur bjargað honum inn. Og sjá, nú aðhyllist hann jafnréttið af sömu hvötum og hann braskaði í misréttinu 1956.

En er nú þessi kjördæmaskipun, sem nú skal upp taka, ekki óþjóðleg, eins og Framsfl. segir? Brýtur hún ekki niður dýrar erfðir og fornar venjur? Við skulum athuga það.

Fyrir 1030 árum skópu forfeður vorir hér á landi eitt merkilegasta stjórnskipulag mannkynssögunnar, löguðu hið forna, alþjóðlega ættarsamfélag að sérstökum staðháttum og þörfum hinnar ungu íslenzku þjóðar. Fyrir tæpum 1000 árum, líklega árið 965, tóku þeir upp skiptingu landsins í fjórðunga, og sú skipting hélzt allar aldir þjóðveldisins. Hver er sú skipting landsins, sem vér leggjum til að framkvæma nú, 1000 árum síðar? Höfuðdrættir skiptingarinnar í frv. því, sem hér liggur fyrir, eru þessir: Vestfirðingafjórðungur skal hafa 10 þm. í 2 kjördæmum. Norðlendingafjórðungur skal hafa 11 þm. í 2 kjördæmum. Austfirðingafjórðungur skal hafa 5 þm. í 1 kjördæmi. Sunnlendingafjórðungur skal hafa 11 þm. í 2 kjördæmum. Reykjavík sem tákn hins nýja Íslands borganna, er upp rísa, skal hafa 12 þm. í einu kjördæmi. Og 11 landsk. þm. skulu jafna metin milli flokka, stétta og skoðana, svo sem unnt er.

Hin nýja skipan styðst við það skipulag, sem traustast var í hinu forna þjóðveldi, fjórðungaskipunina, og það mun sýna sig, að fjórðungarnir og fólkið, sem í þeim býr, verður sterkara og samheldnara fyrir þessa skipan, sem nú verður tekin upp. En ekki nóg með það. Í hinu forna þjóðveldi gátu þm. kosið sér goða, hvar sem var innan sama fjórðungs, eða með nútíma orðalagi gátu kjósendur kosið sér þm., hvar sem var innan sama fjórðungs. Með þeirri skipan, sem nú er upp tekin, er stigið stórt spor í sömu átt. Kjósendur geta kosið sér þm. innan fjórðungs eða fjórðungshelmings, hvern er þeir vilja, en eru ekki bundnir við sýslur þær, sem á komust, eftir að þjóðveldið féll.

Það er því með þeirri stjórnarskrárbreytingu, sem nú er lagt til að gera, verið að stíga stór spor í áttina til þess að samræma kjördæmaskipunina því traustasta í vorri fornu þjóðarerfð, þjóðveldinu sjálfu, og kosningarréttinn þeirri kröfu til jafnréttis allra manna, sem einkennir lýðræðisstefnu nútímans.

En hvað er það í hinu nýja Íslandi, sem knýr oss fram til stærri heilda, þrýstir á að stækka kjördæmin, auk jafnréttiskröfunnar og möguleika stéttanna til sameiningar?

Stjórnin á Íslandi er fyrst og fremst orðin stjórn á þjóðarbúskapnum. Nútíma atvinnurekstur krefst víðast hvar sameiginlegs rekstrar í stórum stíl. Sýslur og bæir, hálfir og heilir fjórðungar þurfa að vinna saman af víðsýni og samheldni til þess að ráðstafa aukinni fjárfestingu í byggðarlögunum rétt, svo að þau bæti í sífellu lífskjör íbúanna. Nútíma stórrekstur þolir ekki fjötra hreppapólitíkurinnar. Samvinna fólksins í heilum og hálfum fjórðungum er það afl, sem mun tryggja byggðarlögin gegn landeyðingarstefnu Framsóknar og annarra hernámsflokka og lyfta fjórðungunum, sem eyðingin vofði yfir, með stórhuga nýsköpun atvinnulífsins upp til þeirrar velsældar, sem bíður alþýðu alls Íslands, ef þjóðarbúskapnum er stjórnað með hag fólksins sjálfs og fólksins alls fyrir augum.

Íslenzk alþýða! Þessi kjördæmabreyting skapar að vísu ekki fullt réttlæti, ekki fullt jafnrétti kjósenda alls staðar á landinu, en hún er stórt spor í áttina til þess að skapa verkamannastéttinni sem heild og íslenzkri alþýðu jafnrétti til áhrifa á við aðrar stéttir. Eftir að þessi kjördæmaskipun er komin á, þarf ekki lengur 8 verkamenn í Reykjavík eða annars staðar á Íslandi til þess að vega upp á móti 3 Framsóknarforstjórum. Starfandi stéttir Íslands til sjávar og sveita! Þessi nýja kjördæmaskipun gefur ykkur möguleika til að skapa með ykkur sterkari og meiri einingu en nokkru sinni fyrr. Þessi nýja kjördæmaskipun veitir ykkur jafnrétti á við aðrar stéttir, sem þið hafið ekki

notið hingað til. Fylkið ykkur þétt saman um þessa kjördæmaskipun. Hún er ykkur dýrmætt vopn í lífsbaráttunni, í frelsis- og mannréttindabaráttu vinnandi stéttanna, og um leið og þið aflið ykkur þessa vopns, þá sýnið, að þið kunnið að beita því.

Sameinizt gegn því launaráni, sem þegar er framkvæmt. Sameinizt gegn þeirri réttindaskerðingu, sem þið hafið verið beittar. Sameinizt gegn hernáminu og landeyðingunni. Sameinizt gegn þeirri gengislækkun og því atvinnuleysi, sem yfir vofir, ef sameiginleg stefna hernámsflokkanna þriggja nær fram að ganga. En umfram allt: Sameinizt um að knýja fram það jafnrétti, þau mannréttindi, sem í þessu stjskrfrv. felast. Gerið Ísland að ríki, þar sem verkamannastéttin er ekki sett skör lægra en allar aðrar stéttir hvað kosningarréttinn snertir.

Sigur þessa máls er mikill sigur mannréttinda og lýðræðis á Íslandi, og okkar dýru þjóðarerfð hefur aldrei stafað hætta af því, að allir menn væru metnir jafnt í þjóðfélaginu. Það er misréttið, en ekki jafnréttið, sem var Íslands ógæfuvaldur fyrr á öldum. En það er manngildið, jafnrétti allra Íslendinga, sem mun gera þjóð vora gæfusama í framtíðinni. — Góða nótt.

Jón Pálmason: Herra forseti, háttvirtu áheyrendur. Það er gömul saga og ný, þegar heit deilumál eru til meðferðar, að framsóknarmenn finna upp einhver slagorð og hamra á þeim alla daga, eins og þar væri sannleikurinn allur. Nú eru þau einkum tvö og á þessa leið: Það á að leggja niður öll kjördæmi landsins nema Reykjavík, og þetta á að gera, svo að hægt sé að minnka framkvæmdirnar í dreifbýlinu. — Hvort tveggja er ósatt. Það á að leggja niður aðeins eitt kjördæmi, Seyðisfjörð, þetta 400 kjósenda kjördæmi. Hvergi annars staðar á landinu verða þingfulltrúar færri en er og víða fleiri. Ef framkvæmdir um land allt verða minni á næstunni en verið hefur síðustu árin, þá er það ekki vegna kjördæmabreytingarinnar, heldur vegna viðskilnaðar vinstri stjórnarinnar. Sú stjórn hækkaði tolla og skatta á þjóðinni frá því, sem áður var, um 1200 millj. kr. og tók samtímis lán erlendis meira en 600 millj. kr., sem þýðir 1000 millj. skuldabagga með 55% viðbótargjaldinu. Það var því ekki þakkarvert, þó að hægt væri að hafa miklar framkvæmdir og næga atvinnu, á meðan þetta var að eyðast. En allir vita, að slíkri vitfirringu er ekki hægt að halda áfram. Þess vegna hrökklaðist vinstri stjórnin frá völdum 4. des. s. l. og þess vegna er hætt við, að framkvæmdir verði að minnka án alls tillits til þess, hvort kjördæmin verða stækkuð eða ekki.

Það er alkunnugt, að Framsfl. hefur alla sína tíð hagnazt einn allra flokka á núverandi kjördæmaskipulagi. Honum bar því sérstök skylda til að vernda það. En hann gerði annað. Hann gekk fram fyrir skjöldu í síðustu kosningum til að brjóta það niður. Þegar svo var komið, hlutu allir að sjá, að þá hlyti þetta gallaða skipulag að hverfa.

Þingflokkur sjálfstæðismanna hefur lengi verið ósammála um kjördæmamálið. Nú hefur hann þjappazt saman. Það er Framsfl. að þakka, og ég vil vona, að eins fari um alla kjósendur Sjálfstfl. í landinu. Ég veit, að þeirra hugarfar er þannig, að þeir vilja ekki láta bjóða sér það oft, að þrjá sjálfstæðiskjósendur þurfi gegn einum framsóknarkjósanda, eins og nærri stappaði að meðaltali í síðustu kosningum.

Það, sem gera á með þessu frv., er að lögleiða það, að héruðin hafi samvinnu í kosningum og um þingmenn eftir föstu skipulagi og miðað við eðlilega landshætti. En samvinna er ekki sama og dauði, heldur aukinn styrkur, og það eru meinleg örlög, að þeir, sem mest útmála ást sína á samvinnu, skuli nú hatast við það, að 3—4 sýslufélög kjósi þm. sameiginlega og í eðlilegum hlutföllum, þ. e. verði í samvinnu á áhrifamikinn hátt. Þetta eru varnarráðstafanir, en ekki hefnd. Hefndina annast örlögin sjálf. Og þetta er vel mögulegt nú orðið, af því að samgöngur og samgöngutæki hafa batnað svo á síðari árum, að nú er miklu þægilegra víðast hvar að ferðast um hin stóru kjördæmi en var um þau, sem nú eru, fyrir 20—25 árum.

Það er óhætt að segja, að fólkið í sjálfstæðiskjördæmunum og tvímenningskjördæmunum, sem hafa sinn þm. af hvorum flokki, þekkir ekki nema beztu hliðina á núverandi skipulagi. Fyrir því er greitt eftir föngum. En það er öðru máli að gegna með minni hlutann í sumum framsóknarkjördæmunum, og það er engin tilviljun, að sú rödd kemur af Austurlandi, sem birtist í hinni ágætu grein Páls hreppstjóra á Gilsárstekk fyrir skömmu. Þar talar maður, sem þekkir kúgunarvaldið, og því er ekki að leyna, að sumir sjálfstæðismenn í framsóknarkjördæmunum hafa sagt við mig: „Við vildum heldur, að okkar sýsla hefði engan þm. en þennan, sem er.“ Nú má ætla eftir breytinguna, að hvert kjördæmi hafi þingmenn úr tveimur eða þremur flokkum og hver kjósandi geti valið um fimm eða sex þm. síns kjördæmis til að greiða fyrir sínum málum. Það þýðir aukið frelsi, aukinn styrk.

Ég hef í 26 ár haft greinda og heiðarlega kjósendur, og svo er enn. Þeir hafa alltaf skilið mig rétt og staðið með mér hiklaust í baráttunni fyrir réttum málstað. En ég hefði haft enn sterkari aðstöðu, ef ég hefði haft að baki mér kjósendur í þremur sýslum heldur en einni. Þetta munu fleiri geta sagt, og svo mun verða. Það munu líka fáir trúa því, að ég væri nokkuð verri fulltrúi fyrir mína kæru Húnvetninga, þó að ég væri líka kosinn af vinum mínum í Vestur-Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu og Siglufirði. Því rugli trúir heldur enginn greindur maður, að heiðarlegir alþingismenn sinni síður vandamálum sinna kjósenda, þó að þeir séu kosnir hlutfallskosningu. Dæmin úr tvímenningskjördæmunum eru þar til sönnunar.

Af smáu kjördæmunum er ekki heldur glæsileg reynsla. Má þar til sönnunar nefna 9 fámenn kjördæmi úr síðustu kosningum, þar sem þó er eitt tvímenningskjördæmi. Í þeim öllum til saman komu fram 7520 gild atkvæði. Fékk Framsfl. af þeim 4100 atkvæði og alla þm., 10 að tölu. Sjálfstfl. fékk 2500 í þessum kjör-

dæmum og engan þm. kosinn, en að minnsta kosti 400 af atkvæðum Framsfl. í þessum kjördæmum voru lánuð frá Alþfl. Mundi nú ekki þessum 2500 kjósendum Sjálfstfl. í þessum kjördæmum finnast eðlilegra, að þeir fengju einhverja þm., þó að dreifðir séu?

En framsóknarmenn vilja svo gott sem taka atkvæðisréttinn af minni hlutanum. Þeir vilja skipta landinu í einmenningskjördæmi, þar sem þeir hafa von um fylgi, en hafa hlutfallskosningu, þar sem þeir hafa minnst traust, og uppbótarþm. vilja þeir enga til að forðast jöfnuðinn. En er það nú víst, að þessum mönnum sé eins mikil alvara og þeir láta? Ég er ekki viss um það. Öll þeirra æsing og læti í þessu máli er skiljanleg. Það er eðlilegt manneðli að grípa hvert hálmstrá, þegar voði er fram undan. Allur hamagangurinn gegn kjördæmabreytingunni er til þess gerður að leiða athygli fyrri kjósenda Framsfl. frá því allsherjar gjaldþroti og einangrun, sem flokkurinn hefur steypt sér í síðustu þrjú árin. E. t. v. tekst þetta að einhverju leyti. En mikil undur mega teljast, ef þessi flokkur getur haldið saman öllu sínu fyrra fylgi eftir allt, sem saga hans sýnir á þessum tíma. En nú hafa framsóknarmenn tækifæri til að flytja till. um sína meirihlutakosningaaðferð.

Landinu verður skipt í átta kjördæmi. Að hafa meirihlutakosningar í þeim öllum væri sannarlega áhættuminna en að hafa meirihlutakosningu uppbótalausa í t. d. 52 einmenningskjördæmum. Setjum svo, að þetta hefði gerzt í síðustu kosningum. Þá hefði Framsfl. fengið alla þm. í tveimur þessara kjördæma, en Sjálfstfl. í sex. Það er sama reglan um fulltrúakjör, sem gildir í verkalýðsfélögum og flestum kaupfélögum hér á landi, og sama reglan, sem gildir í miklu stærri kjördæmum í Bandaríkjunum við undirbúning forsetakjörs. En þessu hefði fylgt það, að tveir núverandi þingflokkar, Alþfl. og Alþb., hefðu engan þingmann fengið. Þessir flokkar fengu þó full 31 þús. atkv. alls. Framsóknarmenn vilja e. t. v. hafa þetta svo, en við sjálfstæðismenn erum ekki svona dráps-gjarnir. Við teljum meirihlutakosningu uppbótarlausa ekki sanngjarna. Við viljum vinna okkar sigra á málefnislegum grundvelli eins og hingað til.

Í þeim löngu viðræðum þeirra flokka, sem að stjórnarskrárfrv. standa, hefur enginn ágreiningur verið um hlutfallskosninguna og ekki heldur um kjördæmaskiptinguna, en það eru tvö aðalatriði þessa máls. Það, sem tafið hefur, er eðlilega deila um þingmannatölu, uppbótarsæti, úthlutun uppbótarsæta og ýmis smærri atriði. Þegar margir ólíkir aðilar þurfa að semja um svo viðkvæmt vandamál sem kjördæmamálið er, þá er engin furða, þótt ekki séu allir ánægðir með hvert atriði. Það ættu þeir bezt að skilja, sem aldrei koma sér saman um neina frambærilega tillögu og þess vegna hafa alveg einangrað sig. En málið verður að afgreiða. Það má ekki lengur standa í vegi fyrir heilbrigðu stjórnarfari, og nú er líka ætlazt til, að þetta mikla vandamál sé afgreitt til langrar framtíðar. Má telja mikils vert, ef sú deila er úr sögunni á næstu áratugum.

Menn tala sumir um það, að með hinu nýja skipulagi verði val frambjóðenda alveg á valdi flokksstjórna, þeir verði allir kaupstaðarmenn o. s. frv. Ég sé ekki, að þetta þurfi að vera frekar en er. Allt það tal er vantraust á sveitirnar og hæfileika bændastéttarinnar, því að auðvitað hafa þeir mesta möguleika til framboðs, sem hafa almennast traust á hverju svæði. Ekki fer þetta tal heldur vel í munni framsóknarmanna, þó að oft séu þeir að lýsa sinni bændavináttu. Af 17 þingmönnum þeirra eru 6 búsettir Reykvíkingar, 7 í öðrum kaupstöðum og kauptúnum, en aðeins 4 í sveitum. Sumir þessir menn hafa reynzt vel, aðrir illa, eins og gengur. Hitt er víst, að enginn flokkur á Íslandi hefur gengið eins langt og Framsfl. í yfirgangi yfir kjósendum með framboð og fleira. Meðal margs annars hafa þeir fyrirskipað sínum kjósendum í heilum héruðum að kjósa frambjóðanda annars flokks og fengið það samþykkt, löngu áður en kjósendurnir vissu, hver frambjóðandinn yrði. Þegar svo slíkir menn eru að ógna með flokksvaldi annarra, þá er það skoplegra en flest annað. Og það er samt víst, að um valdbeitingu flokksstjórnar mun Sjálfstfl. aldrei ganga slíkar Tímamannagötur, á meðan núverandi leiðtogar þess flokks eru lifandi.

Hv. þm. N-Þ. var með ýmsar ásakanir til sjálfstæðismanna, einkum til formanns flokksins, Ólafs Thors, og varaformannsins, Bjarna Benediktssonar, fyrir skoðanabreytingu og fleira. Því er til að svara, sem ég hef áður nefnt, að við sjálfstæðismenn höfum hreyft ýmsum leiðum til úrlausnar þessu vandamáli, en framsóknarmenn verið á móti öllum breytingum. Þó að þeir séu að ásaka stjórnarskrárnefnd og einkum formann hennar, Bjarna Benediktsson, hafa þeir allra manna sízt ástæðu til þess, því að það voru einkum þeir, sem þvældust fyrir starfi þeirrar nefndar. Og ég vil spyrja: Hvers vegna hafa þeir aldrei beðið um fund í þessari nefnd á margra ára tímabili? Sennilega er þetta af því, að þessir menn töldu þessa nefnd svo gott sem úr sögunni, og það er það, sem þeir vildu. Ásakanir hv. þm. N-Þ. eru því tilefnislausar. Skoðanir manna breytast á skemmri tíma en 15—20 árum. Og þegar um fleiri kosti er að velja, taka menn ævinlega þann bezta og þann, sem er þó framkvæmanlegur.

Varðandi sjálfan mig er það að segja, að afstöðu mína þarf enginn að undrast, því að fyrir rúmum 6 árum, þann 3. marz 1953, birti ég í Ísafold grein um kjördæmamálið og lagði til þá sömu kjördæmaskiptingu sem nú er ákveðin, að öðru leyti en því, að ég lagði til, að Reykjavík væri skipt í þrjú kjördæmi. Ég varð þess ekki var í kosningunum fáum vikum síðar, vorið 1953, að nokkurrar óánægju gætti í minu kjördæmi vegna skoðana minna í þessu vandamáli.

Þetta vandasama stórmál verður nú afgreitt hér á Alþingi, eins og vera ber, annaðhvort eins og það liggur fyrir eða lítið breytt. Að því standa, eins og komið hefur í ljós, þrír fjölmennustu stjórnmálaflokkar landsins. Þeir fengu samtals í síðustu kosningum yfir 66 þús.

atkvæði. Málið verður því raunverulega afgert á þessu þingi. Kosningarnar í vor verða, eins og áður hefur verið, um flokka, stefnur og menn. Afgreiðslu þessa máls geta þær ekki breytt. Það er af því, að svo margir af frambjóðendum þriggja flokkanna eru öruggir í þessum kosningum, að úrslit kosninganna í vafakjördæmunum geta engu breytt um afgreiðslu þessa máls. Í haust verður svo kosið aftur og þá eftir hinu nýja skipulagi. Þá fær hver flokkur þingmenn í réttum hlutföllum. Við skulum vona, að það gefist þjóðinni vel. — Góða nótt.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Jón Pálmason lýsti því hér yfir, að framkvæmdir verði að minnka. Hann kom með þá kyndugu blekkingu, að það væri vegna viðskilnaðar vinstri stjórnarinnar. Hvernig má slíkt ske, þar sem sú stjórn skilaði greiðsluafgangi? En það er gott, að þessi yfirlýsing kemur svona skýrt fram, og kemur hún heim við það, sem við höfum upplýst að til standi.

Nú heyrum við, að það þurfi að gerbreyta kjördæmaskipuninni vegna réttlætisins. Það þarf að breyta henni, en ekki gerbylta. Sjálfstæðismenn ættu ekki að vera að hæða sjálfa sig með því að minnast á réttlæti í sambandi við kjördæmamálið. Eftir 1953, þegar nærri lá, að *Sjálfstfl. fengi hreinan meiri hl. með 37%* atkvæða eða svo, var flokkurinn ánægður með kjördæmaskipunina, og ekkert vantaði á fullsælu og algert réttlæti annað en að örfáir menn í örfáum kjördæmum snerust með íhaldinu. En það bara gerðist ekki. Aftur á móti lá við borð næst, að Alþfl. og Framsfl. fengju hreinan meiri hluta, og þá kom annað hljóð í strokkinn, og það heyrum við núna. Sama er um Alþfl., hann ætti ekki að vera að tala um réttlætismál í sambandi við þetta mál, sem hér liggur fyrir. Færi ég ekki frekari ástæður að því, það er öllum landsmönnum ljóst.

Þeir, sem hér hafa talað um kjördæmamálið, tala eins og þeir séu að biðjast afsökunar á sjálfum sér og afsökunar á því máli, sem þeir nú leggja fyrir. Þeir tala eins og þetta sé eins konar neyðarkostur, af því að Framsfl. hafi verið staður í kjördæmamálinu. Það er tónninn. En Framsfl. hefur viljað fallast á breytingar á kjördæmaskipuninni, eins og skýrt hefur verið lýst yfir, og það var öllum flokkunum ljóst, — þær breytingar að fjölga kjördæmakjörnum þingmönnum, þar sem fólkinu hafði fjölgað mest, og halda uppbótarsætunum, ef það mætti verða til þess að bjarga gömlu kjördæmunum. Þessir flokkar hafa því enga afsökun fyrir því tilræði, sem þeir eru nú að gera í kjördæmamálinu. Og Einar Olgeirsson, sem talaði hér áðan um það, að Framsfl. hefði verið stirður í samningum í vinstri stjórninni um kjördæmamálið, *hann, sá sami maður, kom í* veg fyrir það, að samstarfsnefnd flokkanna í málinu gæti starfað, — kom í veg fyrir það í meira en hálft ár, af því að hann vildi ekki semja við Framsfl. í kjördæmamálinu, hann vildi vinstri stjórnina feiga, eins og allir landsmenn vita. Og hann vildi allt aðra lausn í kjördæmamálinu en þá, sem Framsfl. gat á fallizt. En afsökunartónninn í þessum umræðum sýnir, að það er beygur í þessu liði. Það segir sína sögu, að nærri stappar, að Sjálfstfl. feli foringja sína í kvöld, sem raunverulega ráða þó því, sem nú er ætlunin að gera í þessu efni, en *báðir eiga þeir þó sæti hér í deildinni. Annar* er hafður heima, og er það þó hinn víðfrægi formaður stjórnarskrárnefndarinnar. Hinn talar eins lítið og minnst er hægt að skammta. Það segir líka sína sögu, að þeir, sem tala og eiga að vitna um, að mönnum sé óhætt að leggja niður kjördæmi sín, eru annars vegar maðurinn, sem alltaf hefur gert allt fyrir flokkinn sinn og það þó að hann hafi þurft að gera það nauðugur — og hví þá ekki líka að draga lokur frá hurðum héraðanna. Og það segir líka þá sögu, að hinn talsmaðurinn er sá, sem hrifnastur var af ofsóknarráðstöfunum nýsköpunarstjórnarinnar í garð bændastéttarinnar.

Hv. 2. þm. Skagf. lét sér það sæma að viðhafa hér dulbúnar hótanir í þeirra garð, sem ekki vildu beygja sig í kjördæmamálinu, ef þeir einangruðu sig, eins og hann kallaði það. Ef menn ekki einangruðu sig, gæti þeim vel farnazt, annars mætti við ýmsu búast. Menn þekkja þessar hótanir. Þetta er tónninn frá árunum 1944—46. En það er mesti misskilningur að halda, að menn glúpni fyrir hótunum og dylgjum af þessu tagi.

Það frv., sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir því að leggja niður öll núverandi kjördæmi nema Reykjavík, lögleiða 8 kjördæmi og hafa hlutfallskosningar alls staðar og fjölga þingmönnum í 60. Get ég ekki í örstuttu máli rætt alla þætti málsins, en mun ræða þann þýðingarmesta, sem sé þá uppástungu að leggja niður öll kjördæmin nema eitt. Það gæti verið ástæða til að minnast á þann snoppung, sem Austfirðingum er réttur svona alveg aukalega fyrir utan stóra höggið með þessum tillögum, en ég hef ekki tíma til að ræða það í kvöld.

Frv. þessu er ætlað að verða upphaf að lokasókn í löngu stríði, sem staðið hefur undanfarna áratugi og stefnt hefur að því að leggja kjördæmin niður. Árið 1931 höfðu Alþfl. og Sjálfstfl. gert með sér samning um að innleiða fá, stór kjördæmi með hlutfallskosningum. Framsfl. hafði þingrofsvaldið þá, rauf þingið og skaut málinu til þjóðarinnar, og einmitt í dag er afmæli þessa þingrofs. Fólkið tók í taumana og stöðvaði framgang þessarar fyrirætlunar, og Alþfl. og Sjálfstfl. neyddust til að ganga inn á málamiðlun.

Hefðu þessir flokkar strax 1931 fengið vilja sinn fram um að leggja niður kjördæmin, hefði margt lítið öðruvísi út á Íslandi í dag en raun er á. Upp úr þessum átökum voru lögleidd uppbótarþingsætin, sem voru spor í áttina til þess, sem Alþfl. og Sjálfstfl. vildu, og 1942 var knúin *fram hlutfallskosning í tvímenningskjör*dæmum. Frá sjónarmiði þeirra, sem standa fyrir þeirri kjördæmabreytingu, sem nú á að knýja fram, og stóðu fyrir þessum breytingum þá, var þar um að ræða áfanga á leiðinni að því að leggja gömlu kjördæmin niður og innleiða hlutfallskosningar í fáum, stórum kjördæmum. Því var trúað, að uppbótarmennirnir og minni-

hlutamennirnir úr tvímenningskjördæmunum mundu verða liðtækir við að draga lokur frá hurðum, þegar tímabært þætti að hefja lokasóknina að héraðakjördæmunum. Og þetta ætlar að rætast.

Þetta var sagt fyrir þá, en mótmælt af þeim, sem fyrir því stóðu. En nú sést bezt á því frv., sem hér liggur fyrir og þrír flokkar hafa samið um, hversu mikið var að marka yfirlýsingarnar um, að ekki væri stefnt að því að leggja niður kjördæmin. Þau einu rök eru færð fyrir þeirri gerbyltingu, sem nú á að gera á kjördæmaskipun landsins og þar með á stjórnskipun þess, að jafna þurfi kosningarréttinn, þetta sé eina leiðin til þess, og jafnframt er sagt, að menn missi einskis í við að leggja kjördæmin niður og innleiða í staðinn örfá, stór kjördæmi með hlutfallskjöri. Athugum þetta svolítið. En ég vil biðja menn að taka eftir því, að þetta eru einu rökin, sem fram hafa komið fyrir þessu tilræði við héruðin.

Það er hægt að jafna kosningarréttinn frá því, sem hann er í dag orðinn vegna fólksflutninga í landinu, án þess að gerbylta kjördæmaskipuninni og leggja niður héraðakjördæmin. Það er hægt að fjölga kjördæmakjörnum þingmönnum, þar sem fólkinu hefur fjölgað mest. Þetta er till. framsóknarmanna, og fjölmargir aðrir munu á hana fallast. Þetta er hægt að gera án þess að taka réttindin af fólkinu í núverandi kjördæmum til þess að senda sérstaka fulltrúa á Alþing. Sumir segja, að þá sé eftir ósamræmi á milli gömlu kjördæmanna og að öllu þurfi um að bylta til þess að leysa það mál eftir reikningsstokksleiðinni. En því er til að svara, að hvergi á byggðu lýðræðisbóli munu þess dæmi, að öll kjördæmi séu jöfn að íbúatölu, og alls ekki að því keppt. Flestir virðast sjá nema þeir, sem standa að þessu frv., að það er ekki aðeins nauðsynlegt að taka tillit til fólksfjölda við skipun kjördæmanna, heldur einnig staðhátta. Skýrast verður, hvílík falsrök þetta eru fyrir nauðsyn þess að leggja niður héraðakjördæmin, þegar athugað er, að enginn hefur orðið var við, að meðal íbúa hinna stærri héraða væri hreyfing uppi um, að kjördæmin verði lögð niður, vegna þess að nágrannakjördæmið hafi of mikla íhlutun um skipan Alþingis. Eða hvenær hafa slíkar kröfur verið bornar fram af almenningi í Suður-Þingeyjarsýslu eða Árnessýslu, svo að dæmi séu nefnd? Það er því augljóst, að það fær alls ekki staðizt, að nauðsynlegt sé að leggja kjördæmin niður til þess að jafna kosningarréttinn, enda tryggja hlutfallskosningar engan veginn tölulegt samræmi í kosningum, fyrir utan aðra stórgalla, sem á þeim eru og gerðir hafa verið að umtalsefni. Áratugum saman hafa sjálfstæðismenn t. d. haft meiri hluta í bæjarstjórn Reykjavíkur, en minni hluta kjósenda að baki.

En hér liggur einnig allt annað á bak við. Í fyrsta lagi, að þeir, sem fyrir þessu standa, telja, að ef þeir fá því fram komið að slíta kjördæmaskipunina algerlega úr sambandi við héraðaskipunina, þá geti þeir úr því valtað og skaltað með þessi mál eins og þeim þóknast og eigi opna örugga leið úr því til að útþynna áhrifavald byggðanna eins og þeim sýnist, gera landið í reynd að einu kjördæmi, þegar þeim gott þykir, hvort sem það yrði að forminu til látið heita svo eða ekki. Og ég minni á margendurteknar yfirlýsingar forsrh. hér áðan um, að þetta væri aðeins áfangi, hér væri aðeins um áfanga að ræða, — og það er gaman fyrir Jón á Reynistað og aðra slíka að heyra það. Í þessu stjórnarskrárfrv. er stigið skref, sem ásamt öðru bendir til þess, sem þeir ætla sér að lokum. Það er ákvæðið um, að uppbótarsætum skuli úthlutað öllum, þótt ekki sé þörf á því að jafna á milli þingflokka. En hingað til hefur sú jöfnun á milli flokka verið það eina, sem notað hefur verið til rökstuðnings uppbótarsætum. Nú á samkv. þessu að úthluta þeim samt, og er það byrjunin á því að kjósa í einu lagi þingmenn fyrir allt landið.

Þá er önnur og aðalástæðan fyrir því ofurkappi, sem lagt er á að leggja héraðakjördæmin niður. Það er sú stefna að losa Alþingi við kapphlaupið um kjördæmin, eins og það heitir á máli þeirra hreinskilnu í þessu liði. Kemur þá um leið að þeirri fáránlegu fullyrðingu þeirra, að íbúar héraðakjördæmanna missi einskis í, þótt þau verði lögð niður. Í þessum kjördæmum þekkja þingmenn alla staðhætti út í æsar og flest vandamál til hlítar. Sambandið á milli fólksins og þingmannsins verður yfirleitt auðvelt og öruggt. Fólkið veit, hvert það á að snúa sér með málefni héraðanna, og þau málefni eru ekki bara þeirra mál, sem hafa greitt þingmanninum atkv., heldur sameiginleg mál fólksins í byggðarlögunum, hvaða flokk sem það fyllir. Og þingmaðurinn veit, að það veltur á honum og hann getur ekki skotið sér undan ábyrgð. Það er ekki við aðra að metast. Reikningsskilin eru glögg við hverjar kosningar. Þetta örugga samband við þingmanninn og þau sterku tengsli, sem það veitir fólkinu úti um land við Alþingi og aðrar stofnanir ríkisins, er kjarni málsins, fjöregg þess fólks, sem býr utan höfuðborgarinnar við sjó og í sveit og hefur ekki aðstöðu til að fylgjast daglega með málum á löggjafarsamkomunni eða í stjórnarstofnunum. Það er þetta samband og það aðhald, sem það veitir, og sú þekking á staðháttum og kjörum manna, er á því byggist, sem á að tryggja það, að þingmenn byggðanna láti hag og velferð þeirra, sem hafa kosið þá á þing, raunverulega ráða gerðum sínum, en ekki annarleg sjónarmið. Ef leggja á héraðakjördæmin niður og setja í þess stað upp hin stóru kjördæmi, hlýtur þetta nána samband þingmannanna við héruðin að vera úr sögunni. Það er óhugsandi, að þingmenn geti þá lengur þekkt staðhætti út í æsar og vandamálin til hlítar. Það er óhugsandi, að sambandið milli fólksins og þingmannsins verði framar öruggt og auðvelt. Í stað hinna glöggu reikningsskila, sem nú eru möguleg, mun hver við annan metast og bak við annan skjóta sér. Þetta hlýtur hver einasti athugull maður að sjá og finna, sem hugleiðir þetta mál og lítur á reynslu síns byggðarlags, og svo hvernig fara hlýtur, þegar búið væri að steypa saman.

Þeir, sem fyrir þessu standa, gera sér mjög vel ljóst, hvað þeir eru að fara. 1942 héldum við framsóknarmenn því eindregið fram, að stjórnarskrárbreyt. þá um hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmum væri beint miðuð við að ryðja brautina að því að gera landið að einu kjördæmi eða innleiða fá og stór kjördæmi. Formaður Sjálfstfl. mótmælti þessu og gaf út hátíðlega yfirlýsingu í útvarpsumræðunum frá Alþingi, svo hljóðandi: „Eða vill Framsfl., að kjördæmin séu fá og stór?“ spurði formaðurinn. „Ég veit ekki um einn einasta þm. Sjálfstfl. að undanteknum hv. 4. þm. Reykv., Sigurði Kristjánssyni, sem það vill, og Sjálfstfl. gengur aldrei að þeirri skipan.“

Formaður Sjálfstfl. var ekki myrkur í máli. Hann sagði, að Sjálfstfl. gengi aldrei inn á að lögfesta fá og stór kjördæmi. Ég rifja þetta ekki upp til þess að undrast yfir því, að þessi hátíðlega yfirlýsing reyndist markleysa, það er í fullu samræmi við yfirlýsingar og efndir húsráðendanna á þessum bæ. Ég rifja þetta hins vegar upp til þess að sýna með því ótvírætt, hvernig sjálfstæðisforustan sjálf lítur á fá og stór kjördæmi í stað þeirra, sem nú eru. Eða hvers vegna sagði formaðurinn „aldrei“? Þurfti hann að leggja svona mikið við, ef lögfesting fárra og stórra kjördæma í stað þeirra, sem nú eru, var að hans dómi og flokks hans meinlaus ráðstöfun eða jafnvel réttarbót frá því að hafa héraðakjördæmi? Sannarlega ekki. Formaðurinn hefði ekki þurft að sverja þetta af sér eins og hvert annað ódæði, ef hér hefði verið eða væri raunverulega um réttarbót eða meinlausa ráðstöfun að ræða. En sá er bara munurinn, að 1942 þorði Sjálfstfl. ekki að leggja í þetta og taldi það ekki tímabært. Hann vann þá þess í stað að því að stíga aðeins eitt skref að þessu marki, en sagði ósatt um tilganginn.

Hinn aðalforustumaður Sjálfstfl., Bjarni Benediktsson, hefur einnig fyrir nokkrum árum látið uppi álit sitt á aðstöðu fólks í einmenningskjördæmum annars vegar og stórum hins vegar. Hann sagði um þetta mál í ræðu, sem birt var í Mbl. 24. jan., og ræddi þá um möguleika á einmenningskjördæmum í Reykjavík, sem sumir teldu ekki æskilegt, — út af því sagði hann: „Þvert á móti mundi skipting Reykjavíkur í t. d. 16 eða 17 kjördæmi hafa í för með sér miklu nánara samband þingmanns og kjósenda en verið hefur. Þingmaður mundi miklu betur vita, hvað kjósendum liði, og eiga þess kost að greiða fyrir mörgum áhugamálum þeirra og veita einstaklingunum sams konar fyrirgreiðslu og þingmenn utan af landi verða að veita sínum kjósendum. Þetta yrði aukin vinna og umstang fyrir þingmennina, en ég þori að fullyrða, að að því yrði mikill ávinningur fyrir kjósendur,“ sagði þessi forustumaður Sjálfstfl.

Þarna hafa menn skýrt og skorinort álit þessa leiðtoga á því, hvað þríflokkarnir, sem standa að kjördæmabreytingunni, eru raunverulega að gera. Sé það réttarbót að hafa einmenningskjördæmi jafnvel í Reykjavík, þar sem menn búa á tiltölulega litlum bletti og geta ætíð náð til þingmannanna, þar sem menn hafa daglegan aðgang að ríkisstofnunum og geta gegnum félög sín margs konar fylgzt svo að segja daglega með störfum Alþingis og beitt áhrifum sínum þar, hvað má þá segja um þá þýðingu, sem héraðakjördæmin hafa fyrir það fólk, sem úti um landið býr? Og hvað á að segja um þann málflutning að gera þessa grein fyrir kostum einmenningskjördæma umfram aðra skipan, en halda því svo allt í einu fram, að það sé réttarbót fyrir fólk að leggja héraðakjördæmin niður og setja upp í stað þess kjördæmi, sem ná t. d. frá Langanesi vestur á Skeiðarársand og frá Skeiðarársandi að Hellisheiði og út í Vestmannaeyjar, svo að aðeins dæmi séu nefnd um fjarstæðurnar.

Það væri synd að segja, að þeir, sem fyrir þessu standa, hefðu ekki gert sér grein fyrir því, hvað þeir eru að gera. En þetta gerir mönnum líka auðveldara að sjá í gegnum það yfirklór, sem nú er reynt að beita og ræða hv. 2. þm. Skagf. hér í kvöld var gott dæmi um.

En hér liggur líka meira að baki, skoðanamunur, sem skiptir í rauninni alveg vötnum í íslenzkri pólitík. Annars vegar er meginkjarninn eða þau ráðandi öfl í öllum hinum þremur flokkunum. Hins vegar er Framsfl. og mjög margt einstaklinga, sem hafa fylgt hinum flokkunum að málum fram að þessu, þótt þeir í þessu meginefni eigi samstöðu með Framsfl. einum flokkanna. Annars vegar eru þeir, sem vilja raunverulega viðhalda jafnvægi í byggð landsins og haga uppbyggingu atvinnulífsins með það fyrir augum, þeir, sem trúa því, að Íslendingum geti ekki farnazt vel í landinu, nema þeir hafi byggð víðs vegar um landið. Hins vegar eru þeir, sem inn á sér líta á uppbygginguna víðs vegar um landið í samgöngumálum, atvinnumálum til sveita og við sjó sem eins konar ómegð á þjóðarbúskapnum, líta á það, sem gert hefur verið í þessum efnum, sem illa nauðsyn vegna kjörfylgis og eru óþreytandi að tala um spillingu í skjóli ranglátrar kjördæmaskipunar sem undirrót þessara framfara. Þessir menn líta þannig á, að það muni vera hægt að leysa efnahagsmál Íslendinga með því að draga úr framlögum til þessarar uppbyggingar. Á máli þessara manna heitir þetta ýmist að taka upp nýja fjárfestingarstefnu, taka upp skipulegan þjóðarbúskap eða gera mun á efnahagslegri og pólitískri fjárfestingu, allt eftir því, fyrir hvern af þessum þremur flokkum þeir tala.

Frá sjónarmiði okkar í Framsfl. og fjöldamargra annarra, sem ekki hafa fram að þessu fylgt okkar flokki að málum, eru ráðstafanir þær, sem gerðar hafa verið til að koma á jafnvægi í byggð landsins á undanförnum árum, ekki aðeins þýðingarmiklar fyrir velgengni þess fólks, sem í byggðarlögunum býr, hvort sem er í sveit eða við sjó, heldur engu síður lífsnauðsyn þjóðinni í heild og engu þýðingarminni fyrir það fólk, sem byggir höfuðborgina og þéttbýlishéruðin við Faxaflóa. Örugg atvinna og almenn velmegun í Reykjavík og á þéttbýlissvæðunum hér syðra síðustu árin byggist einmitt á því ekki sízt, að fólksstraumurinn að þessum héruðum hefur minnkað, og vottar fyr-

ir algerum straumhvörfum. Þessu hefur verið áorkað með markvissri sókn ár eftir ár, en því fer alls fjarri, að nokkru lokamarki hafi verið náð.

Héraðakjördæmin og það aðhald, sem þau veita, er grundvöllurinn að þeim ráðstöfunum til jafnvægis í byggð landsins, sem framkvæmdar hafa verið á undanförnum árum.

Það mun verða lagt ekki lítið í að leyna því, hvað raunverulega liggur á bak við það ofurkapp, sem lagt er á að breyta kjördæmaskipuninni einmitt þannig að leggja niður héraðakjördæmin, en alls staðar sjást merki, sem ekki leynast. Alþb. krafðist þess í fyrrverandi ríkisstj., að stórfelldur niðurskurður yrði gerður á fjárlögum og þá fyrst og fremst á verklegum framkvæmdum og að innleiddur yrði þar að auki sérstakur fjárfestingarskattur, m. a. á vegagerðir, hafnargerðir, frystihúsabyggingar o. s. frv., o. s. frv. Alþfl. hefur tekið það upp sem eitt sitt helzta baráttumál að skera niður þessi framlög, og hann og Sjálfstfl. hafa í sameiningu núna á 3 mánuðum aukið niðurgreiðslur, sem svarar til alls þess fjár, sem fram er lagt til nýrra þjóðvega, hafnargerða, brúargerða, raforkuframkvæmda, atvinnuaukningar, framkvæmda í flugmálum og sjúkrahúsbygginga. Og hvar ætla þeir að taka þetta fé eftir kosningarnar? Það er ekki vandasamt að sjá. Þessir flokkar hafa nú þegar lagt fram tillögur um niðurskurð verklegra framkvæmda í fjvn., þ. á m. stórkostlegan niðurskurð á framlögum til raforkuframkvæmda, og eru þessar tillögur þó bara lítið sýnishorn af því, sem koma skal, ef þeim tekst tilræðið við héraðakjördæmin, eins og Jón Pálmason var að boða mönnum hér áðan.

Sjálfstfl. hefur aldrei gengið lengra varðandi framlög til uppbyggingar víðs vegar um landið en hann hefur talið sig knúinn til vegna baráttu Framsfl. og aðhalds frá honum. Kjarni Sjálfstfl. er reiðubúinn, hvenær sem hann þorir og getur, að ráðast gegn framlögum til uppbyggingarinnar, en stórsókninni í því verður þó frestað, þangað til búið er að kjósa tvisvar og breyta kjördæmaskipuninni, ef það þá tekst.

Þá er ekki mikill vandi að sjá, hvað snýr að landbúnaðinum hjá þríflokkunum. Sífelldar kröfur Alþb. í fyrrverandi ríkisstj. um að lækka landbúnaðarverðið einhliða og misrétti það, sem flokkarnir þrír hafa nú strax lögfest í garð bændastéttarinnar, tala sínu máli. Enn þá er enginn búinn að gleyma, hvernig þessir flokkar ofsóttu landbúnaðinn, þegar þeir fóru með stjórn landsins 1944—46 án íhlutunar Framsfl. En skýrasta yfirlýsingin um tilganginn hefur þó komið frá formanni Sósialistafl., Einar Olgeirssyni. En hann lýsti því í löngu máli, hve miklu væri varið til fjárfestingar, sem bæri ekki fullan arð, og ekki varð um villzt, að hann átti við uppbygginguna víðs vegar í sjávarþorpum og sveitum, og sagði svo: „Má vera, að það lagist eitthvað, ef kjördæmunum verður breytt."

Framsfl. mun leggja til, að kosningarréttur verði jafnaður með því að fjölga kjördæmakjörnum þingmönnum, þar sem fólki hefur fjölgað mest. Till. hans verða tilraun til málamiðlunar. Samkvæmt till. Framsfl. mundi fólkið úti um land halda réttindum sínum til þess að kjósa sérstaka fulltrúa fyrir héruðin. Það mundi tryggja áfram framkvæmd öflugrar framkvæmdastefnu fyrir landið allt. En nái það tilræði fram að ganga, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, réttindi héraðanna stórlega skert og á því byggð hin nýja fjárfestingarstefna, mun það verða til stórtjóns fyrir þjóðina í heild. Fólksstraumurinn utan af landi mun hefjast á nýjan leik og atvinnuleysið halda innreið sína í Reykjavík. Það mun verða eyðilagt, sem upp hefur verið byggt nú undanfarið. Er skemmst að minnast, hvernig ástandið var hér syðra, áður en uppbyggingarstarfið úti um land fór að bera verulegan árangur. Þetta frumhlaup verður að stöðva, og fólk hefur það á valdi sínu, þótt forgöngumenn málsins virðist líta svo á, að örfáir menn úr hverjum flokki geti sett landinu nýja stjórnarskrá.

Dag eftir dag er þjóðinni kunngert, að þrír flokkar hafi ákveðið að breyta kjördæmaskipuninni. Þar hafa menn það: Vér höfum talað. Eitt stjórnarblaðið segir, að það sé útilokað að stöðva málið úr þessu. Það héldu nú flokkarnir líka 1931. Sama blað segir: „Í stað þess að deila á þingi um einstök atriði og stofna málinu í heild í hættu hefur nú verið samið um afgreiðslu þess." Blygðunarleysið er svo algert, að það er hælzt yfir því, að hvert einstakt atriði sé ákveðið og fastsett, áður en málið kemur til umræðu á Alþingi hvað þá meir, að ekki sé nú talað um stjórnarskrárnefndina, sem Alþingi hefur kosið til þess að fjalla um málið. Það er beinlínis hælzt yfir þessu.

Tugir manna, sem hafa að öðru leyti ólíkar pólitískar skoðanir, hafa skrifað mjög vel rökstuddar greinar gegn því undanfarið, að héraðakjördæmin verði lögð niður og allsherjar hlutfallskjör sett í staðinn. Þessum greinum er ekki reynt að svara með rökum. En þess í stað þrástagast einn aðaloddviti þessa máls, Bjarni Benediktsson, á því dag eftir dag í blaði sínu, Morgunblaðinu, hvað greinarnar séu vitlausar. Gjafir eru þeim gefnar, sem sýna fram á nauðsyn þess og réttmæti, að héruðin haldi rétti sínum. Goðorðin skulu upp gefast möglunarlaust. Segja má með rétti, að ofstopinn og frekjan ríða ekki við einteyming.

Í síðustu kosningum var ekki á stjórnarskrármálið minnzt eða kjördæmabreytingu. Þeir flokkar, sem nú standa fyrir breytingu á kjördæmaskipuninni, héldu því þá beinlínis leyndu fyrir mönnum, hvað flokkarnir hefðu í hyggju. Alþfl., sem nú stendur fyrir því að gerbreyta kjördæmaskipuninni og leggja niður kjördæmin, var þá í kosningabandalagi við Framsfl. Þetta bandalag hefur foringjalið Alþfl. hreinlega rofið og kemur nú aftan að þeim, sem kusu þá. Ég fullyrði, að enginn, sem á þingi situr nú, hefur minnzt á það við kjósendur sína, að hann ætlaði á þing til þess að samþykkja að leggja kjördæmin niður. Þingmenn hafa blátt áfram ekkert umboð til þess að

fremja slíkt og koma þannig aftan að mönnum.

Ætlunin er að þvinga þetta frv. fram í viðjum flokksbandanna. Fjöldi fólks hlynntur þeim flokkum, sem að þessu standa, er á móti þessu máli. En það á að segja við þetta fólk: Þú mátt ekki bregðast flokknum, og það er kosið um svo margt annað. — Það á að leika sama leikinn og áður og reyna að fá fram lögfesta kjördæmaskipun, sem mikill þorri manna er á móti í rauninni.

Pólitískir ofstækismenn verða fengnir til þess að koma fram og fara um og segja við fólk, sem ekki er í Framsfl. — og menn hafa svo sem heyrt sýnishorn af þessum málflutningi hér í kvöld: „Í kjördæminu hjá þér er eða verður kannske kosinn framsóknarmaðurinn. Þú ert ekki í Framsfl., og þess vegna skiptir það engu máli fyrir þig, jafnvel betra, að þið afsalið ykkur þm.“ En er nokkurt vit í svona hugsunarhætti? Á það að koma til mála, að menn fórni þannig hagsmunum héraðsins á altari flokksofstækis, sem ekki styðst við nokkra rólega íhugun eða mat á málefnum? Sem betur fer, eru það aðeins fáir, sem hægt er að bjóða svona málflutning, og miklu færri en þeir vona, sem fyrir þessu standa. Það getur ekki orðið um það deilt, að hér er um svo stórfellda breytingu og örlagaríka að ræða á stjórnskipun landsins, að það er ekki leyfilegt að kjósa um annað en hana, þegar hún verður lögð fyrir í almennum kosningum í vor. Menn verða þá að gera það upp við sig, hvort þeir vilja afsala sér þeim rétti, sem þeir hafa nú í héraðakjördæmunum til þess að kjósa sérstaka fulltrúa, og innleiða hlutfallskjör eða ekki. Ekkert annað má komast þar að, því að hér er ekki um að ræða neitt einkamál hvers og eins, heldur mál, sem varðar framtíð héraðsins og framtíð þjóðarinnar.

Þeir, sem eru á móti því að afsala sér réttinum, verða því að gera það upp við sig að kjósa engan annan mann á þing en þann, sem lýsir yfir því, að hann muni ekki undir neinum kringumstæðum á það fallast að leggja kjördæmið niður. — Góða nótt.

Benedikt Gröndal: Herra forseti, góðir hlustendur. Síðan Kristján konungur áttundi gaf út fyrir 116 árum tilskipun um „stiftun sérlegrar ráðgefandi samkomu fyrir Ísland“, sem varð endurreist Alþingi, hafa breytingar á kjördæmaskipun þessa lands orðið ærið margar. Að meðaltali hafa Íslendingar breytt kjördæmum oftar en einu sinni á hverjum áratug, og er það svipað og gerzt hefur hjá flestum grannríkjum okkar. Þetta er fullkomlega eðlilegt með lýðræðisþjóðum. Fólkinu fjölgar, byggðin breytist, en kjördæmin verða að fara eftir þeirri kynslóð, sem við þau á að búa.

Slíkar breytingar verða tíðum hitamál í umræðum landsmanna. Þær koma við tilfinningar, og eru oft notuð stór orð í hita bardaga. Hingað til hafa þessar breytingar blessazt, en þær hrakspár, sem venjulega hafa heyrzt í umræðum fyrir hverja breytingu, hafa aldrei rætzt.

Fyrir aldarfjórðungi sagði einn af forustumönnum þjóðarinnar, að deilur um kjördæmamál væru ekki „sjúkdómseinkenni, heldur vaxtarverkir heilbrigðs þjóðfélags, sem ekki vill sætta sig við misrétti þegnanna.“ Þannig hefur þetta reynzt. M. a. vegna breytinga á kjördæmaskipun eru hvergi á jarðríki frjálsari menn en Íslendingar, og vonandi verður svo lengi enn.

Nú rísa enn deilur um kjördæmin. Þó er það athyglisvert, að um eitt höfuðatriði málsins virðast landsmenn allir sammála. Enginn ábyrgur maður mótmælir því, að leiðrétta þurfi misræmi, sem skapazt hefur milli kjördæmanna. Enginn mælir bót því hróplega misrétti, að tylft manna í einu kjördæmi skuli hafa sömu áhrif á skipan Alþingis og einn maður í minnstu kjördæmum. Enn fremur virðast allir þingflokkar sammála um, að í Reykjavík skuli vera hlutfallskosning. Hins vegar er deilt um það meginatriði, hvort landið utan Reykjavíkur skuli skiptast í sjö kjördæmi með hlutfallskosningum eða í einmenningskjördæmi, sem væntanlega yrðu 37 talsins eða því sem næst.

Það kann við fyrstu sýn að virðast ofur einfalt mál, hvernig haga skuli kosningum. Sá, sem flest fær atkvæði, er kjörinn, hinir eru fallnir. Þetta segja fylgjendur einmenningskjördæma. En hér kemur til greina það, sem Pétur á Gautlöndum, Jón í Múla og Lárus H. Bjarnason einu sinni kölluðu „ofurvald stærsta minni hluta“. Við getum krafizt þess, að menn fái meira en helming greiddra atkvæða, eins og í Frakklandi, til að verða kjörnir, eða notað eitthvað annað reikningskerfi. En samkvæmt skipun einmenningskjördæma hér á landi sigrar sá, sem flest atkvæði fær, þótt hann hafi töluvert minna en helming greiddra atkv. Og þar með er enginn meiri hluti til, heldur aðeins mismunandi stórir minni hlutar. Þegar stærstu minni hlutar í mörgum kjördæmum falla í skaut sama flokki, getur minnihlutaflokkur fengið mikinn meiri hluta á þingi. Þannig fór í alþingiskosningunum 1931, þegar flokkur með 35% atkvæða fékk meiri hluta þingmanna, en annar flokkur með 40% atkvæða fékk minni hluta á þingi.

Þessi hætta á, að mikill minni hluti geti orðið að meiri hluta á þingi, leiddi til hugmyndarinnar um hlutfallskosningar. Hún byggist á þeirri höfuðreglu að gefa sem réttasta mynd af þjóðarviljanum. Og hver vill mótmæla því, að kosningaúrslit eigi að sýna vilja þjóðarinnar?

Hlutfallskosningar hafa sína galla eins og öll slík kerfi, en hjá frændþjóðum okkar, sem beitt hafa þeim af hófsemd og viti, hafa þær reynzt með ágætum.

Það er athyglisvert, að fylgismenn einmenningskjördæma hér á landi hafa ekki lagt til, að þau yrðu tekin upp í Reykjavík. Ætli þeim hafi ekki orðið um sel, þegar þeir hugsuðu til þess, að á Alþingi sæti t. d. þingmaður fyrir Laugaveg, þingmaður fyrir Bústaðaveg o. s. frv.?

Sannleikurinn er sá, að einmenningskjördæmi hér á landi þurfa að vera svo lítil, að þau er

ekki hægt að bera saman við einmenningskjördæmi í öðrum löndum, t. d. hjá Bretum og Bandaríkjamönnum, þar sem þau hafa að jafnaði 40—60 þús. kjósendur hvert. Einmitt í þessari smæð kjördæmanna felst margvísleg hætta. Möguleikar á að misnota fjármagn eða yfirráð fyrirtækja og atvinnu fólksins eru miklu meiri en í stærri kjördæmum. Það er hægt að fylgjast með hverri sál í smákjördæmum, svo að varla verður sagt, að kosningar séu leynilegar. Flokksstjórnir þurfa aðeins að hafa áhrif á sárafáa menn til að ráða framboðum. Fleiri slíka galla smákjördæma mætti tína til. En fróðlegt er að minnast þess, að í Frakklandi, þar sem nálega allar tegundir kjördæma hafa verið reyndar, er það máltæki, að lítil kjördæmi skapi litla þingmenn. Með því er átt við, að smá sjónarmið og hagsmunir verði ráðandi, þar sem víðsýni og heildarhagur þjóðar eiga að sitja í fyrirrúmi.

Þá er það verulegur galli við kerfi einmenningskjördæma, að einstakar, fjölmennar stéttir þjóðfélagsins geta horfið af þingi, ef þær eru dreifðar um landið. Halldór Kristjánsson frá Kirkjubóli benti á það í grein fyrir nokkrum árum, að með einmenningskjördæmum á Íslandi gæti auðveldlega farið svo, að bændur landsins fengju aðeins tvo til þrjá menn á þing vegna þess, hve dreifðir þeir eru um landið.

Ótalinn er enn mesti og alvarlegasti gallinn við einmenningskjördæmi á Íslandi. Hann er sá, að flokkarnir gætu misnotað kerfið til að kalla fram óeðlileg úrslit, eins og De Gaulle hefur gert í Frakklandi og eins og raunar hefur verið reynt hér á landi. Þannig mætti nota einmenningskjördæmi á Íslandi til þess nálega að þurrka út Framsfl., að þurrka út Alþfl., að þurrka út Alþb., að gera íhaldinu mikinn skaða, ef einhverjir tveir eða þrír flokkanna sameinuðust um að koma slíku fram.

Eigum við að taka upp kosningakerfi, sem býður slíku heim? Ég held ekki. Ég held, að við eigum ekki að hugsa um kjördæmaskipun frá þessu sjónarmiði. Tilgangur kjördæmaskipunarinnar er að draga fram sem réttasta mynd af þjóðarviljanum, en ekki að afbaka hann eða afskræma, eins og einmenningskjördæmin svo vel geta gert og svo oft og svo víða hafa gert.

Af þeim kerfum, sem reynd hafa verið, komast hlutfallskosningar næst því að gefa rétta mynd af vilja fólksins. Hins vegar er haldið fram, að hlutfallskosningar ýti undir smáflokka og skaði þannig lýðræðið. Eins og hlutfallskosningakerfið verður hér á landi, ef núverandi frv. nær fram að ganga, mun nýr flokkur þurfa að fá í sjö kjördæmum ⅛ eða ⅙ greiddra atkv. og í Reykjavík 1/12, sem eru um 3 þús. atkv. eða sem næst þessu. Þetta gerir ekkert flokksbrot eða smáflokkur. Til að ná slíku fylgi þarf svo stóran flokk, að það er ekki forsvaranlegt í lýðræðislandi að ganga fram hjá honum. Hér er um að ræða það, sem erlendis mundi vera kallað takmarkað hlutfallskerfi. Það eru íslenzkar aðstæður, sem skapa þessar takmarkanir gegn því, að ný flokksbrot komi mönnum of auðveldlega á þing eða ýti um of undir sundrung.

Ég hygg, að enn standist sú niðurstaða Hannesar Hafsteins, að talsverðir agnúar séu á að skipta landinu niður í jöfn einmenningskjördæmi, svo að vel fari til lengdar, en hlutfallskosningu í sem stærstum kjördæmum verði að telja réttlátasta og líklegasta til að skapa gott og vel skipað þing. Þetta er stefna Alþfl. í dag, sem var skýrt mótuð á síðasta flokksþingi í nóvembermánuði s. l. ár, og þar með hefur flokkurinn formlega horfið algerlega frá þeirri gömlu hugmynd að gera landið að einu kjördæmi. Það er reynslan, sem hefur sýnt okkur fram á, að ekki sé farsælt að fylgja þeirri hugmynd fram. Hugmyndin um fá, stór kjördæmi á bezt við íslenzkar aðstæður og tryggir bezta og réttlátasta mynd af íslenzkri þjóð.

Ég hef nú rætt þau almennu rök, sem ég tel vera gegn einmenningskjördæmum og með stórum kjördæmum hér á landi. En nú kem ég að því, sem virðist vera kjarni andstöðunnar gegn stóru kjördæmunum, afnámi gömlu kjördæmanna, sem réttara væri að kalla sameiningu þeirra í stærri heildir.

Hér er komið við tilfinningar, ást manna á héruðum sínum og sögu, og skal ég síðastur manna vanmeta andmæli, sem á slíku byggjast. Tengslin við forna sögu, forna menningu, lífsbaráttu kynslóðanna í þessu harðbýla landi eru dyggðir, sem allir Íslendingar eiga að varðveita.

En mig langar til að varpa fram einni spurningu til umhugsunar: Eru menn algerlega sannfærðir um, að sýsluskiptingin sé í raun réttri mikilvægur kjarni í menningararfi þjóðarinnar? Hafa menn athugað, hvernig sýsluskiptingin er til komin?

Sýslurnar voru ekki til í fornöld, eins og þær þekkjast á síðari öldum. Hrepparnir voru þær merkilegu félagsheildir, sem sjálfstæð stjórn héraðanna byggðist að mestu á. Þá fyrst, er Íslendingar glötuðu sjálfstæði sínu og komust á vald erlendra konunga, komu sýslur og sýslumenn til skjalanna. Konunga vantaði framkvæmdaarm til yfirráða til að tryggja yfirráð í landinu og kreista skatta út úr þjóðinni. Sýslurnar og sýslumenn urðu þessi armur konungsvaldsins, og á 16. og 17. öld voru tíð átök á milli hins danska sýsluvalds og hinna fornu sveitarstjórna, sem reyndu að verja sjálfstæði héraðanna. Sýslurnar voru innheimtuhéruð konunganna, og þær voru bútaðar sundur eða þeim steypt saman eftir duttlungum og fjárvon sýslumanna og konungs, en ekki eftir hagsmunum íbúanna í landinu.

Þessi forsaga hefur leitt til furðulegrar sýsluskiptingar á mörgum stöðum í landinu. Af hverju eru heilar, fagrar og blómlegar byggðir eins og Borgarfjörður, Eyjafjörður og Fljótsdalshérað skorin í sundur og skipt á milli sýslna? Íslendingar hafa hingað til látið sér fátt um finnast breytingar á sýslunum og ekki risið mótmælaalda, þótt þeim væri steypt saman. Eða eru Hnappdælir verr staddir, ósjálfstæðari en aðrir menn í þessu landi, þótt sýsla þeirra væri sameinuð Snæfellsnessýslu?

Þegar danska stjórnin í Kaupmannahöfn setti reglugerðina um endurreisn Alþingis, var ekki

von, að Dönum dytti annað í hug en hinar dönsku sýslur til að gera að kjördæmum, og það kom fljótlega í ljós, hversu óraunhæft þetta var. Í einu kjördæmi, Vestmannaeyjum, var enginn þingmaður kosinn fyrstu tólf árin eftir endurreisn Alþingis, af því að kosningarréttur var takmarkaður, og það voru varla nokkrir menn á kjörskrá í Vestmannaeyjum. Síðan hefur þessum sýslukjördæmum verið margbreytt, án þess að nokkrum fyndust þau vera helgir dómar.

Nú víkur sögunni fram til ársins 1944, þegar lýðveldi var endurreist á Þingvelli. Sama ár hófst á Austurlandi merkileg hreyfing, sem síðan breiddist víða um land. Það má kalla hana fylkishreyfinguna, því að takmarkið var endurreisn fylkja á Íslandi, fjórðunga eða fimmtunga. Forustumenn þessarar hreyfingar gáfu út blaðið Gerpi á Seyðisfirði, sem því miður er ekki lengur til, og héldu fundi á Þingvöllum eins og leiðtogar frelsishreyfingarinnar á nítjándu öld.

Og hvað vildi þessi hreyfing? Hún vildi stofnsetja úti á landsbyggðinni stærri, sterkari og sjálfstæðari félagsheildir. Hún vildi endurreisa byggðasjálfstæðið og leggja sýslurnar niður. Búnaðarsamband Austurlands samþykkti 1949, að þessar till. fælu í sér leið til að endurheimta hið forna vald héraðanna. Blöð eins og Dagur á Akureyri og Tíminn studdu þessa hreyfingu.

Þessi volduga hreyfing vildi stærri, sterkari, sjálfstæðari heildir og taldi, að á þann hátt einan gæti landsbyggðin vegið á móti hinu vaxandi þéttbýli. Þessir menn vildu kjósa aðra deild Alþingis í einmenningskjördæmum, en töldu vel hugsanlegt að hafa fimmtungana fyrir kjördæmi.

Nú vil ég spyrja alla þá menn, sem aðhylltust þessa hreyfingu, hvort þeir telji ekki enn, að jafnvægi í byggð landsins, jafnvægi milli dreifbýlis og Reykjavíkur, verði bezt tryggt með stærri, sterkari og sjálfstæðari félagsheildum. Ég vil spyrja alla þá, sem mál mitt heyra úti um landið, hvort bezta leiðin til að skapa jafnvægi héraðanna á móti Suðvesturlandi sé að búta þau í smærri og smærri, veikari og veikari heildir. Er ekki hin leiðin vænlegri, sem fjórðungssamband Austurlands og Norðurlands, Þingvallafundir og blaðið Gerpir bentu á, að skapa stærri heildir, eins og kjördæmin, sem nú á að lögfesta? Á Reykjavík ein að hafa rétt til að vera stór í þessu landi?

Verkefni nútímans eru alltaf að stækka. Er ekki kominn tími til þess, Vestfirðingar, að þingmenn ykkar hætti að bítast um 10 þús. í þennan vegarspotta og 15 þús. í hinn, en komi fjörðunum með sameiginlegu átaki í gott vegarsamband við landið? Má ekki spyrja sömu spurningar um þjóðveginn milli Norðurlands og Austurlands? Hvenær ætla Austfirðingar að sameina togaraútgerð sína í stað þess að berjast sundraðir við erfiðleika hennar? Og þannig mætti lengi telja um landið allt. Styrkur landsbyggðarinnar felst í sameiningu og stærri heildum, og hin nýju kjördæmi eru ágæt byrjun á slíkri stefnu.

Því er haldið fram, að flokksstjórnir í Reykjavík muni eiga hægara með að ráða framboðum í stórum kjördæmum en litlum. Samkvæmt þessu ætti Reykvíkingum að reynast léttara að hafa áhrif á Húnvetninga, Skagfirðinga og Siglfirðinga, þegar þeir koma allir saman, en hverja í sínu lagi. Mér sýnist þetta vera þvert á móti. Þegar menn frá mörgum héruðum koma saman, verða þeir sterkari heild og munu enn síður en fyrr láta Reykvíkinga segja sér fyrir verkum. Ég get t. d. varla hugsað mér samkomur, sem eru ólíklegri til að láta höfuðborgina ráða sér en fjórðungsþing Austfirðinga og Norðlendinga, meðan þau voru og hétu. Það hljóta að myndast ný samtök innan pólitísku flokkanna fyrir hvert hinna nýju kjördæma, og þetta verða vafalaust fyrstu pólitísku samtökin í landinu, sem geta jafnazt á við flokksstjórnirnar í Reykjavík. Á þann hátt mun í raun og veru með þessari breytingu mikið pólitískt vald dreifast út um landsbyggðina frá Reykjavík með hinum stóru kjördæmum.

Ég gat þess í upphafi, að við værum, Íslendingar, sammála um það höfuðatriði kjördæmamálsins að jafna verulega misrétti, sem komið væri milli sumra kjördæma, án þess að við tökum að fullu upp höfðatölureglu. Slíkt leyfa landshættir ekki. Við erum einnig sammála um hlutfallskosningar í stærstu kjördæmunum, Reykjavík og helztu kaupstöðunum, e. t. v. Akureyri og Hafnarfirði.

Um deiluefnið, stór kjördæmi eða smá fyrir helming þjóðarinnar, vil ég að lokum segja þetta:

Við skulum hætta að skera landsbyggðina í smærri og smærri búta, um leið og þéttbýlið verður stærra og stærra í heild.

Við skulum taka upp stærri, sterkari, sjálfstæðari heildir úti um landið, heildir, sem svara til nútímaaðstæðna í samgöngum, framleiðslu og menningu. Við byggjum þessar heildir á fornum merg, vorþingunum: Kjalarnesþing verður Reykjaneskjördæmi að Reykjavík undanskilinni; Þverárþing og Þórsnesþing verða Vesturlandskjördæmi; Þorskafjarðarþing verður Vestfjarðakjördæmi; Húnavatns- og Hegranesþing verður Norðurlandskjördæmi vestra; Vaðla- og Þingeyjarþing verður Norðurlandskjördæmi eystra; Múlaþing og hálft Skaftafellsþing verður Austurlandskjördæmi; hinn helmingur Skaftafellsþings, Rangárþing og Árnesþing verða Suðurlandskjördæmi.

Þetta er alíslenzk lausn á íslenzku vandamáli, lausn, sem mun efla á nýjan leik sjálfstæði byggðanna, jafna aðstöðu landsmanna í lífsbaráttunni, lausn, sem mun auka réttlæti og hamingju í þjóðfélagi okkar.

Íslendingar, hlýðið ekki á þá, sem flytja ykkur hrakspár og bölsýni. Styðjið hina, sem hafa raunhæfar tillögur að gera í vandamálum þjóðarinnar og vilja standa við þær í reynd. — Góðar stundir.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti, góðir hlustendur. Till. þær um breyt. á kjördæmaskipun landsins, sem hér liggja fyrir í frv.-formi, hafa verið alllengi á leiðinni. Lengst hafa þær þó verið í samningum á milli þeirra tveggja flokka,

sem saman höfðu myndað ríkisstj. og lýst því yfir, að eitt af verkefnum stjórnarinnar væri að leysa kjördæmamálið.

Það var ekki fyrr en miðvikudaginn 1. apríl s. l., að Alþb. bárust *skriflegar till. stjórnar*flokkanna um þá lausn á málinu, sem þeir töldu sig geta staðið sameiginlega að. Í þeim till. var gert ráð fyrir, að þingmenn yrðu 63, þar af 11 landsk. þm. til jöfnunar milli þingflokka. Fimm dögum síðar svaraði Alþb. þessum till. með gagntilboði. Í tilboði Alþb. var lagt til, að þingsæti yrðu 60, þar af 11 uppbótarsæti. Til þess að tryggja örugga afgreiðslu málsins bauðst þingflokkur Alþb. til þess að standa gegn öllum brtt., sem fram kynnu að koma við efnishlið málsins, enda gerðu allir þm. stjórnarflokkanna þá einnig hið sama. Jafnframt krafðist Alþb. þess, að minnihlutaríkisstj. Alþfl. yrði *látin víkja frá völdum, strax* og fjárl. væru afgreidd og kjördæmamálinu tryggður framgangur, en við stjórn landsins tæki hlutlaus starfsstjórn utanþingsmanna, sem gætti hlutleysis ríkisvaldsins í komandi kosningabaráttu.

Þessu tilboði Alþb. svöruðu stjórnarflokkarnir með nýju tilboði um, að þingsætin yrðu 65, þar af 11 uppbótarsæti, þar sem þeir töldu ekki mögulegt að ná samstöðu nægilega margra þingmanna um töluna 63 eða 60.

Slík skipan þingsins hefði ekki aukið réttlæti milli þingflokkanna, eins og hæstv. forsrh. vildi hér halda fram í kvöld. Til þess hefði þurft að auka við uppbótarsætin, ef ekki hefði átt á nýjan leik að sækja í misrétti á milli þingflokka.

Kröfunni um, að Alþfl.-ríkisstj. viki frá völdum, svöruðu báðir stjórnarflokkarnir neitandi. Sjálfstfl. taldi þó, að til mála kæmi að mæta kröfum Alþb. um hlutlausa ríkisstj. með því að draga nokkuð úr valdi ríkisstj. í ýmsum málaflokkum, svo að minni hætta ætti þá að vera á misbeitingu ríkisvaldsins í kosningabaráttunni.

Þegar sýnt þótti, að Alþb. gæti fengið þá efnislegu *afgreiðslu kjördæmamálsins, sem* það hafði lagt fram tillögur um, vildi það ekki stofna málinu í hættu vegna deilunnar um ríkisstj. Það er því algerlega rangt, sem hæstv. forsrh. sagði hér í kvöld, að Alþb. hefði reynt að gera kjördæmamálið að verzlunarvöru. Alþb. setti aðeins fram réttmæta og sjálfsagða kröfu, en Alþfl. hikaði ekki við að setja kjördæmamálið í voða, til þess að hann gæti hangið í stjórnarstólunum áfram, þó sem áhrifalaus stjórn þar undir umsjá íhaldsins.

Augljóst var, að Sjálfstfl. mat svo mikils fyrir sig að halda áfram við völd Alþfl.-stjórninni, og einnig það, að Alþfl. hefði aldrei vikið frá, nema íhaldið hefði þá rekið hann úr stjórnarstólunum, að áframhaldandi barátta Alþb. fyrir því, að ríkisstj. viki, hefði stofnað kjördæmamálinu í beina hættu.

Niðurstaðan varð því sú, að *málið skyldi* flutt efnislega samkvæmt tillögum Alþb., en ríkisstj. svipt valdi, eins og hér segir:

1. Erlendum lánum, sem tekin kunna að verða, ráðstafar Alþingi sjálft, en Alþfl.-stjórnin fær ekki vald til þess að úthluta eða ráðstafa slíku lánsfé. Með þessu er komið í veg fyrir, að minnihlutastjórn Alþfl. geti úthlutað af handahófi og eftir pólitískum hagsmunum sínum lánsfé, sem nema mun mörgum tugum *milljóna króna*.

2. Ríkisstj. fær ekki aðstöðu til þess að taka í sínar hendur úthlutun á fjárfestingarleyfum, veitingu á báta-, skipa- og bílaleyfum. Innflutningsskrifstofan mun hafa fullnaðarvald um afgreiðslu þessara leyfa, en forstöðumenn hennar eru fjórir, einn úr hverjum flokki.

3. Vald ríkisstj. til þess að úthluta atvinnubótafé verður af henni tekið og fengið í hendur þingkjörinni nefnd.

4. Ríkisstj. fær ekki vald til þess að úthluta fé til flugvallabygginga, en ákveðið, að því skuli skipt á fjárl., eins og verið hefur með vega- og brúafé.

5. Sama regla verður tekin upp um ráðstöfun á hinum sérstaka benzínskatti, sem gengið hefur til vegagerðar milli héraða. Ríkisstj. fær ekki vald til þess að skipta þessu fé, en Alþingi mun gera það við afgreiðslu fjárlaga.

Þó að hæstv. forsrh. segði hér í umr. fyrr í kvöld, að Alþfl.-stjórnin hafi í rauninni frá upphafi alltaf hugsað sér að framkvæma öll þessi atriði á þessa leið, sem samkomulag varð um, fer því alls fjarri, því að það tók Alþfl. langan tíma og mikið erfiði að fallast á þessi skilyrði, en þar réð það baggamuninn, að Sjálfstfl. hafði þar öll ráð og lét Alþfl.-stjórnina samþykkja þessi skilyrði. Þannig verður valdsvið ríkisstj. í nokkrum fjárveitingamálum takmarkað og reynt með því að koma í veg fyrir flokkslega misnotkun.

Alþb. ber að sjálfsögðu enga ábyrgð á núverandi ríkisstj. Það hefur reynt, *eftir því sem* aðstæður leyfðu, að losa þjóðina við þessa stjórn. Enginn vafi leikur á, að það er Sjálfstfl., sem ber ábyrgð á setu stjórnarinnar. Hann hefur myndað stjórnina, hann hefur stýrt gerðum hennar, hann neitar að láta stjórnina víkja, og hann ber því alla ábyrgð á verkum stjórnarinnar *í stóru og smáu*.

Þó að dregizt hafi að koma kjördæmamálinu inn í þingið í frumvarpsformi, hefur samt sem áður mikið verið rætt og ritað um málið að undanförnu. Framsfl. hefur lagt sig allan fram í baráttunni gegn fyrirhugaðri kjördæmabreytingu. Hann hefur afflutt málið á hinn herfilegasta hátt, pantað mótmælasamþykktir frá hreppsnefndum og búnaðarfélögum og reynt að halda því fram, að kjördæmabreytingin jafngilti stórkostlegri árás á réttindi og aðstöðu þess fólks, sem úti á landi býr. Það er því full ástæða til, einmitt nú, þegar frv. um kjördæmabreytinguna hefur verið lagt fram á Alþingi, að ræða frammi fyrir alþjóð aðalatriði málsins og víkja þá jafnframt með nokkrum orðum að málflutningi þeirra framsóknarmanna, sem mest hafa barizt á móti málinu.

Öllum landsmönnum er ljóst, að það misrétti, sem núgildandi kjördæmaskipan leiðir af sér um aðstöðu stjórnmálaflokkanna innbyrðis, getur ekki staðið lengur. Öllum er líka ljóst, að misréttið á milli hinna einstöku kjósenda eftir því, hvar á landinu þeir eiga heima, er orðið

svo mikið, að við það verður ekki unað lengur. Þetta misrétti milli flokkanna kom þannig fram í síðustu kosningum, að Alþb., sem hlaut tæp 16 þús. atkv., hlaut 8 þm. kjörna, en Framsfl., sem hlaut tæp 13 þús. atkv., hlaut 17 þm. kjörna, eða m. ö. o., sá flokkurinn, sem hlaut minna atkvæðamagn, hlaut rúmlega helmingi fleiri þm. Þannig lagað misrétti er ekki hægt að búa við. Misrétti kjósenda er þó orðið enn þá stórkostlegra í vissum tilfellum. Þannig fengu í síðustu kosningum 426 kjósendur á kjörskrá á Seyðisfirði að kjósa einn þm., en í Gullbringu- og Kjósarsýslu voru 7515 kjósendur á kjörskrá, og þeir höfðu aðeins sama rétt og Seyðfirðingar, máttu kjósa einn þm. Hér er að vísu um mesta misræmið að ræða, en dæmin um misréttið eru fjölmörg, ekki aðeins á milli smærri kjördæma úti á landi og fjölmennustu kjördæmanna í aðalþéttbýlinu, heldur einnig í kjördæmum dreifbýlisins innbyrðis. Eitt dæmi um það er, að 1778 kjósendur í Rangárvallasýslu hafa rétt til þess að kjósa tvo þm., en 2485 kjósendur í Suður-Þingeyjarsýslu hafa aðeins rétt til þess að kjósa einn þm.

Enginn stjórnmálaflokkur treystir sér til þess lengur að neita því, að þetta misrétti eigi að leiðrétta. Framsfl. verður líka í orði að viðurkenna þessa þörf. Aðalblað flokksins, Tíminn, hefur gert það. Hann hefur játað og nú einnig hv. þm. N-Þ., Gísli Guðmundsson, í umr. í kvöld, að réttmætt sé, að þingmenn Rvíkur verði 12 í stað 8. Hann játar líka, að rétt sé að fjölga þm. á svæði Gullbringu- og Kjósarsýslu. Framsfl. hefur nú lýst sig fylgjandi því, að þingmannafjöldinn verði 60 og að aukningin komi aðallega þéttbýlinu til góða. Deilan á milli þeirra flokka, sem nú flytja frv. um breytta kjördæmaskipun, og Framsfl. stendur því ekki um fjölgun þm. og ekki um það, hvaða svæði eigi að fá viðbótarþingsæti. Deilan stendur um það, hvernig kjósa skuli þm. landsbyggðarinnar.

Framsfl. leggur á það höfuðáherzlu, að þingmenn alls staðar annars staðar en í stærstu kaupstöðunum séu kosnir í einmenningskjördæmum. Þannig vill Framsfl. gera aðalatriði úr því, svo að dæmi sé tekið, að þeir 5 þm., sem Vestfirðingar eiga að kjósa, þ. e. a. s. fólk, sem býr á svæðinu í Barðastrandarsýslu, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Norður-Ísafjarðarsýslu, Ísafjarðarkaupstað og Strandasýslu, séu kosnir í fimm hólfum, en alls ekki fimm í einu lagi. Framsókn telur þá þm. Vestfirðinga, sem kosnir eru í einu lagi hlutbundinni kosningu, lakari fulltrúa Vestfirðinga en hina fimm, sem kosnir eru meirihlutakosningu í fimm kjördæmum, auðvitað misstórum.

Það gefur auga leið, að hólfakosning Framsóknar hlýtur að leiða af sér misrétti. Réttur minni hlutans er alveg fyrir borð borinn, og hæglega gæti svo farið, að öll þingsætin á svæðinu lentu til þess flokksins, sem hefði ekki nema ⅓ kjósenda svæðisins á bak við sig. ⅔ hlutar kjósenda á svæðinu hefðu þá engan fulltrúa fengið. Hlutfallskosningar á svæðinu koma í veg fyrir svona misrétti. Fái einhver flokkur ⅓ hluta atkvæða á svæðinu, fær hann örugglega einn fulltrúa.

Stefna Framsfl. að skipta landinu upp í einmenningskjördæmi og afnema um leið uppbótarþingsætin er íhaldssamasta og ranglátasta till., sem heyrzt hefur í kjördæmamálinu um langan tíma. Sú stefna mundi, ef framkvæmd yrði, stórauka á misréttið milli flokkanna og raunverulega svipta þúsundir manna atkvæðisrétti. Stefna Framsóknar um einmenningskjördæmi miðar að því að búta í sundur tvímenningskjördæmin, og sum einmenningskjördæmin vill hún búta niður í fjóra hluta, sbr. t. d. tillögurnar um Gullbringu- og Kjósarsýslu. Tillögur Framsóknar eru því um að „leggja niður kjördæmi", svo að orð hennar séu notuð, því að ef það heitir að leggja niður kjördæmi, að kjördæmi kjósi þm. saman með öðru, þá ætti hitt ekki síður að heita að leggja niður kjördæmi að búta það sundur í fjögur umdæmi.

Hin ofsafengna barátta Framsfl. gegn kjördæmabreytingunni stafar auðvitað af því, að flokkurinn stritast í lengstu lög við að halda í þau sérréttindi, sem núverandi kjördæmaskipun veitir honum. Rök Framsfl. í málinu eru því yfirleitt léttvæg og einkennast mest af ofsalegum fullyrðingum, sem auðvitað fá ekki staðizt gaumgæfilega og hleypidómalausa athugun. Hér skal vikið að nokkrum þessum fullyrðingum framsóknarmanna.

Flokksvaldið mun aukast með hinni nýju kjördæmaskipun, segja þeir. Engin rök fylgja þessari fullyrðingu, en hamrað þeim mun meira á henni.

Nokkur reynsla er fengin fyrir hlutfallskosningum í tvímenningskjördæmunum. Þar eru í framboði fjórir menn á lista hvers flokks. Í fimm manna kjördæmunum, sem nú er lagt til að taka upp, verða tíu menn á hverjum framboðslista. Enginn vafi er á því, að flokksstjórnirnar í Reykjavík hafa síður en svo haft meiri áhrif á framboðin í tvímenningskjördæmunum en í einmenningskjördæmunum. Framboðin í tvímenningskjördæmunum eru ákveðin af fulltrúaráðum flokksfélaga í kjördæminu. Eins mundi þetta verða í hinum nýju kjördæmum. Allt bendir til, að stærri heildir, sem standa að nýju kjördæmunum, yrðu einmitt sterkari gagnvart flokksstjórnarvaldinu en á minni svæðunum og framboðin því öruggari í höndum heimamanna en verið hefur.

Kjördæmabreytingin er árás á landsbyggðina og mun draga úr valdi héraðanna, segja framsóknarmenn. Hér er um algera fullyrðingu að ræða, sem ekki er studd neinum frambærilegum rökum. Hvernig má það vera, að 5 þm. frá Vestfjörðum, sem kosnir eru hlutfallskosningu í einu kjördæmi, séu dugminni á Alþingi en 5 þm. frá sama svæði, sem kosnir væru í fimm smákjördæmum?

Stækkun kjördæmanna mun styrkja aðstöðu landsbyggðarinnar frá því, sem nú er. Breyttir tímar kalla blátt áfram á stærri kjördæmi, á stærri landssvæði en áður til samstarfs. Hinir ýmsu málaflokkar geta ekki lengur takmarkazt við þröng sýslumörk. Samgöngumálin, hvort

sem er á sjó, landi eða í lofti, krefjast skipulagningar fyrir heila fjórðunga í einu. Raforkumálin eru ekki lengur mál hvers einstaks byggðarlags eða sýslu, þau eru málefni heils fjórðungs. Svipað er að segja um menningarmál. Og atvinnumálin verður líka að skipuleggja og leysa í stærri sniðum en áður. Byggja þarf upp í landinu atvinnulegar heildir, en hætta smáhokrinu. Stóru kjördæmin ýta þannig undir rétta þróun og munu verða til þess að þjappa fastar saman dreifðum og veikum smákjördæmum.

Hámarki nær áróður framsóknarmanna gegn kjördæmabreytingunni, þegar þeir nefna breytinguna landeyðingarstefnu og segja, að hún muni leiða til flótta fólks frá landsbyggðinni og upplausnar í þjóðlífinu, og segja, að hún sé upphaf að því, að skera eigi niður fjárveitingar til nauðsynlegra framkvæmda úti á landi.

Hv. 1. þm. S-M., Eysteinn Jónsson, sagði í ræðu sinni, að Alþb. hefði lagt til í fyrrv. ríkisstj., að niður væru skornar fjárveitingar til verklegra framkvæmda úti á landi, og að m. a. hafi það lagt til, að sérstakur fjárfestingarskattur yrði lagður á. Þessar till. áttu að hans dómi sérstaklega að sýna, að þeir flokkar, sem nú standa að kjördæmabreytingunni, stefndu að árásum á landsbyggðina. Hér fer Eysteinn Jónsson algerlega með rangt mál. Hann veit fullvel, að hann lagði sjálfur til, að samþykkt yrði stórfelld gengislækkun og fjárveitingar til verklegra framkvæmda úti á landi þar með lækkaðar um helming. Alþb. stóð gegn þessu, en benti á, að réttara væri, ef ekki fengist samkomulag um sparnað í rekstri ríkisins, að leggja þá á sérstakan fjárfestingarskatt, á svipaðan hátt og gert hefur verið í Noregi. Slík skattlagning hefði lækkað fjárveitingar um miklu minni upphæð en Eysteinn Jónsson knúði fram með efnahagsmálalöggjöfinni á s. l. vori.

Þessi sami hv. þm. sagði, að Einar Olgeirsson hefði lagt til, að breytt yrði um stefnu í fjárfestingarmálunum, og taldi, að á bak við slíka till. lægi árásarhugur á landsbyggðina.

Einar Olgeirsson hefur aldrei lagt til að minnka fjárveitingu til gagnlegra framkvæmda úti á landi. Hann hefur þvert á móti staðið með öllum þýðingarmestu framfaramálum landsbyggðarinnar, og má þar m. a. minnast á eina þýðingarmestu framkvæmdina, sem samþykkt hefur verið á Alþingi fyrir landsbyggðina árið 1946, þegar togarakaupin þá voru ákveðin. En þá stóð á Framsfl. að fylgja því mikla nauðsynjamáli landsbyggðarinnar, og Eysteinn Jónsson sýndi þá fullkomið skilningsleysi í þeim efnum.

Landeyðingarstefna, segja framsóknarmenn, stefna, sem leiða mun af sér flótta fólksins utan af landi. — Vel á minnzt. Hefur gamla kjördæmaskipunin verið vörn gegn fólksflóttanum utan af landsbyggðinni? Hafa einmenningskjördæmin reynzt vera einhver vörn í þeim efnum? Hafa þau tryggt jafnvægi í byggð landsins, eins og það er svo hátíðlega orðað? Nei, ekki aldeilis. Um margra ára skeið hefur fólksstraumurinn utan af landi runnið til Reykjavíkur og nágrennis hennar. Aldrei hefur þessi straumur verið stríðari en á árunum 1950—56. Hver var ástæðan? Á þeim árum var ekki um neina kjördæmabreytingu að ræða. Engin ný, stór hlutfallskosningakjördæmi var þá rætt um. En hvað réð fólksflóttanum utan af landi þá? Það var röng stefna í atvinnu- og fjárhagsmálum þjóðarinnar. Það var sú stefna, sem vanmat íslenzka framleiðsluatvinnuvegi, — sú stefna, sem leiddi það af sér, að fiskiskipaflotinn minnkaði þá frá ári til árs, — sú stefna, sem leiddi af sér síendurteknar framleiðslustöðvanir og jafnvel bann við að framleiða fisk til útflutnings. Það var sú stefna, sem mat hernámsstörf meir en íslenzka atvinnuvegi, — sú stefna, sem varð til þess, að þm. landsbyggðarinnar, þm. Framsfl. fóru í kapphlaup um að ráða kjósendur sína til vinnu á Keflavíkurflugvelli. Hernámsstefnan var sannkölluð landeyðingarstefna. Hún magnaði fólksflóttann utan af landi og ógnaði blátt áfram heilum kjördæmum með fólksleysi. Sú landeyðingarstefna hefði lagt niður kjördæmi úti á landi, ef ekki hefði orðið nokkur stefnubreyting 1956. Sú landeyðingarstefna, hernámið, getur enn lagt niður kjördæmi og það á miklu hryllilegri hátt en með venjulegum fólksflótta. Þannig getur röng stefna í þjóðmálum, í fjármálum, í atvinnumálum, í utanríkismálum, ógnað landsbyggðinni og þjóðinni allri.

Sú breyting, sem nú er lagt til að gera á kjördæmaskipun landsins, stefnir vissulega í rétta átt. Hún er þó ekkert fullnaðarréttlæti, og hætt er við, að breytingar verði þörf aftur, áður en langir tímar líða. Kjördæmabreytingin er út af fyrir sig stórmál, en hún er þó smámál hjá því, hver meginstefnan verður í þjóðmálum okkar á næstu árum.

Það er fásinna að ota því að mönnum, að alþingiskosningarnar í sumar snúist eingöngu um kjördæmamálið. Reynslan hefur sýnt okkur, svo að ekki verður um villzt, að hvað sem kjördæmaskipan landsins líður, þá er hægt með rangri stjórnarstefnu að leiða yfir þjóðina hættur og stórtjón og upplausn í byggðum landsins.

Stefna vinstri stjórnarinnar var í rétta átt. Hefði hún staðið við heit sitt um brottför hersins, hefði tekizt enn betur. Alþfl. brást vinstra samstarfinu með samningum sínum við íhaldið í verkalýðsfélögunum, og Framsfl. rauf síðan þá samstöðu vinstri manna, sem skapazt hafði, með ósanngjarnri kröfu um kauplækkun verkamanna og bænda. Það var sigur Alþb. í kosningunum 1956, sem knúði þá fram stefnubreytingu. Enn mun það ráða úrslitum um stefnuna í þjóðmálunum á komandi árum, hversu fast Alþýðubandalagsmenn sækja kosningarnar á komandi sumri. Sigur Alþb. í komandi kosningum mun tryggja framgang kjördæmamálsins og er jafnframt krafa fólksins um róttæka framfarastefnu, sem gilda skal um allt land. — Góða nótt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 108. fundi í Nd., 15. apríl, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 22:11 atkv.
Till. um að kjósa 7 manna stjórnarskrárnefnd til þess að fjalla um málið samþ. með 34 shlj. atkv.
Við kosningu nefndarinnar komu fram fjórir listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Bjarni Benediktsson (D),
Gísli Guðmundsson (B),
Jóhann Hafstein (D),
Benedikt Gröndal (A),
Páll Þorsteinsson (B),
Einar Olgeirsson (C),
Jón Sigurðsson (D).

Frv. vísað til stjskrn. með 33 shlj. atkv.

Á 114. fundi í Nd., 22. apríl, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég er mjög samþykkur því, að málið sé nú tekið út af dagskrá, og tel það alveg sjálfsagt. En ég vildi beina því til aðila, bæði hv. Framsfl. og hæstv. forseta, hvort ekki mundi vera hægt að tryggja, að málið gæti þó komizt á dagskrá á föstudag, þannig að ef svo illa skyldi fara, að hv. frsm. væri þá enn lasinn, sem við vonum að ekki verði, þá yrði þó tryggt t. d., að hans hv. meðnefndarmaður, sem við sjáum, að hér er kominn, okkur til mikillar ánægju, taki þá að sér framsöguna, til þess að málið þyrfti ekki að tefjast. (**Forseti:** Þetta mál verður á dagskrá á föstudaginn.)

Á 115. fundi í Nd., 24. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 368, n. 406 og 430).

Forseti (EOl): Mér hefur borizt ósk frá formanni þingflokks Framsfl., sökum þess að frsm. minni hl. stjórnarskrárnefndar er enn þá veikur, um að fresta þessu máli. Því miður get ég ekki orðið við því, sökum þess að málinu hefur þegar verið frestað einu sinni. Ég vil leyfa mér að vona, að hv. frsm. minni hl. geti hins vegar mætt, þegar til 3. umr. kemur, en annar fulltrúi Framsfl. í n. er nú hins vegar mættur.

Frsm. meiri hl. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Frv. til stjórnskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands 17. júní 1944 var vísað til sérstakrar stjórnarskrárnefndar, sem kosin var í því skyni að fjalla um málið. Nefndin hélt tvo fundi, og kom þá fram, að hún gat ekki orðið sammála um afstöðuna til frv. Meiri hl., fulltrúar Sjálfstfl., Alþfl. og Alþb., mælti með frv., en fulltrúar Framsfl. leggja til, eins og fram kemur í þeirra nál., að málinu sé vísað frá með rökstuddri dagskrá, en bera auk þess fram brtt. við sjálft frv., þar sem glögglega kemur fram sá munur, sem er á skoðunum manna í þessu mikla máli.
Fá eða engin þjóðmál hafa lengur verið til athugunar né ýtarlegar rædd frá öllum hliðum heldur en kjördæmaskipunin. Segja má, að hún hafi verið eitt helzta viðfangsefni íslenzkra stjórnmála nú í nær heilan mannsaldur og staðfastlega hafi verið reynt að leita lausnar á þessum vanda, allt frá því að lýðveldisstjórnarskráin var sett 1944 og raunar áður, fyrst með breyt., sem gerðar voru 1933, og síðan aftur með breyt. 1942. Eftir 1944 störfuðu stjórnarskrárnefndir, sem settar höfðu verið til þess að gera breyt. á lýðveldisstjskr. og koma henni í það horf, sem betur þætti hæfa, eins og nú háttar til hér.
En þrátt fyrir það, þó að mikið væri að þessu unnið og margir menn fengjust við það, þá náðist ekki samkomulag í þessum n., og má segja, að síðasta tilraunin, sem gerð hafi verið til þess að ná allsherjarsamkomulagi, hafi verið gerð um áramótin 1952 og 1953. Í stjskrn., sem þá starfaði, lögðu fulltrúar sjálfstæðismanna fram í nóv. 1952 ýtarlegar till. um breyt. á stjórnarskránni, till., sem fjölluðu ekki eingöngu um kjördæmamálið, heldur voru um breytingar á fjölmörgum öðrum greinum stjórnarskrárinnar. Varðandi kjördæmamálið lögðu þessir fulltrúar fram tvenns konar tillögur. Önnur þeirra var um að skipta landinu öllu, þar með Reykjavík, í einmenningskjördæmi, og voru tveir fulltrúanna, Jóhann Hafstein og ég, sem lýstum okkur sammála þessu. Gunnar Thoroddsen taldi sig hins vegar ekki geta fallizt á einmenningskjördæmi. En allir vorum við sammála um, að ef ekki næðist samkomulag við aðra flokka um skiptingu landsins í einmenningskjördæmi, þá værum við því samþykkir, að landinu yrði skipt í nokkur stór kjördæmi, þar sem kosið væri með hlutfallskosningum. Af okkar hálfu komu því þarna fram tvenns konar tilboð til annarra um að reyna að leita samninga um lausn málsins. En þessi tilboð fengu þá ekki undirtektir, og varð niðurstaðan sú, að nefndin hætti störfum snemma á árinu 1953, eins og nánar er rakið í nál.
Það fór ekki á milli mála, að höfuðástæðan til þess, að n. gat ekki leyst það verkefni, sem henni hafði verið ætlað, var ágreiningur um kjördæmamálið. Og allir nm. voru sammála um, að þangað til á kæmist víðtækt samkomulag um það vandamál, væri þýðingarlaust fyrir n. að halda áfram störfum.
Það varð hins vegar að ráði, að ef einhver einn nm. óskaði þess, að n. yrði kölluð saman til fundar, þá skyldi fundur tafarlaust haldinn. Síðan eru liðin rúmlega 6 ár, og enginn hefur nokkru sinni óskað þess, að n. kæmi saman á ný, hvorki neinn nm. né þær ríkisstj., sem síðan hafa verið við völd. Þvert á móti er það kunnugt, að þegar sú ríkisstj. tók við völdum, sem sagði af sér á s. l. vetri, var það eitt af samningsatriðum hennar, að þeir flokkar, sem að henni stóðu, skyldu á stjórnartímabilinu reyna að koma sér saman um afgreiðslu stjórnarskrármálsins og þá alveg sérstaklega nýrra kosningalaga, þ. e. a. s. kjördæmamálsins. Með þessu var staðfest, að tilraunir innan gömlu stjskrn. hefðu enga þýðingu, heldur var tilætlunin, að þessir þrír stjórnarfl. reyndu með samningum sín á milli að komast að þeirri

lausn, sem öðrum hafði ekki tekizt að ná samkomulagi um. Þessi tilraun fór einnig út um þúfur. Svo sem kunnugt er, slitnaði stjórnarsamstarfið í vetur, án þess að flokkarnir hefðu getað náð því samkomulagi, sem þeir vafalaust höfðu á sínum tíma haft vonir um að þeir gætu náð.

Hitt er vitað, að kjördæmamálið hefur alveg sérstaklega á þessu þingi verið eitt aðalviðfangsefni manna, að vísu ekki á opnum fundum fyrr en nú, eftir að þetta frv. kom fram, en allir stjórnmálaflokkarnir hafa varið verulegum tíma til íhugunar málsins innbyrðis og síðan og jafnframt til samninga sín á milli um það. Viðræður hófust um það, eins og ég gat um, milli fyrrv. stjórnarflokka, um það bil sem stjórnin sagði af sér. Síðan voru teknar upp viðræður fyrir frumkvæði Sjálfstfl. milli þeirra flokka, sem nú hafa flutt málið, og stóðu þær af og til allt frá því í des. fram í aprílbyrjun. Jafnframt var svo talað um málið milli Sjálfstfl. og Framsfl. í des. Þegar leitað var eftir því, hvort samkomulag gæti orðið um stjórnarmyndun undir forustu sjálfstæðismanna, þá var þar í eitt meginatriðið, að kjördæmamálið yrði leyst, og við settum fram okkar hugmyndir og framsóknarmenn sínar, svo að einnig viðræður milli þessara flokka hafa farið fram um þetta mikla mál.

Í blöðum í vetur hefur fátt verið meira rætt en kjördæmamálið, óteljandi greinar um það skrifaðar, fundarsamþykktir gerðar, eins og öllum er kunnugt.

Af þessu yfirliti er ljóst það, sem ég sagði í upphafi máls míns, að fá eða engin mál hafa ræki legar verið rædd heldur en kjördæmamálið, og er þess ekki að vænta, að verulegar nýjungar komi fram í frekari umr. Það er búið að þaulræða það svo, að vart er miklu við aukandi. En af því sést einnig, að því fer fjarri, að nú eigi að flasa að afgreiðslu málsins. Það er síður en svo, að slíkt standi til, því að það er einmitt eftir mjög vandaðan undirbúning, margháttaða samninga og nána íhugun, sem málið nú er flutt.

Það er einnig svo, að þó að enn sé um töluvert deilt í sambandi við þetta mál, þá hafa umr. orðið til þess að eyða ýmsum ágreiningsatriðum, sem áður voru uppi. Menn greindi á um, hversu margir þm. ættu að vera, menn greindi á um, hvort átti að hafa uppbótarsæti, og menn greindi á um, ekki einungis hversu þingmannafjöldinn í heild skyldi vera mikill, heldur og hvernig þm. skyldi skipt á milli landshluta eða fjórðunga. Nú eru öll þessi ágreiningsatriði úr sögunni. Eftir þeim till., sem framsóknarmenn nú hafa lagt fram, gera þeir ráð fyrir jafnmörgum þm. í heild og er í sjálfu frv., þeir halda uppbótarmönnunum, eins og er í frv., og þingmannatalan úr hinum ýmsu landshlutum er nánast sú sama. Eini skilsmunurinn þar á er sá, að þeir leggja til, að á Austfjörðum sé einum þm. fleira og þá einum uppbótarþingmanni færra. Að þessu smáatriði fráteknu eru flokkar þingsins nú orðnir sammála um öll þessi höfuðatriði, sem til skamms tíma, jafnvel þegar Framsfl. hélt sitt flokksþing í marz, virtist enn vera mjög verulegur ágreiningur um. Nú eru till., eins og ég segi, samhljóða að efni um þessi höfuðatriði.

Það er ekki lengur eftir ágreiningsatriði í þessu nema eitt, og það er um, hvernig þm. skuli kosnir, aðrir en uppbótarmenn. Og er þó ágreiningurinn þar ekki eins mikill og í fljótu bragði kynni að virðast, vegna þess að í till. allra er nú orðið samkomulag um, að Reykjavíkurþm., og þeir eiga að vera jafnmargir eftir öllum till., 12, skuli kosnir með hlutfallskosningu. En þá er ágreiningurinn um, hvernig kjósa skuli aðra þm.

Frá mínu sjónarmiði hefur það ætíð verið höfuðatriði í þessu máli, að sams konar reglur um kosningu þm. giltu um allt land. Ég veit, að það er mjög deilt um og það verður endalaust deilt um, hvort sé hagkvæmara að hafa hlutfallskosningar eða kosningar í einmenningskjördæmum. Um þetta má deila og færa fræðileg rök með og móti. Þetta hefur hvort tveggja verið reynt í mörgum ágætum lýðræðislöndum, sem allir viðurkenna að eru jafngóð og trygg lýðræðislönd, hvorn háttinn sem þeir hafa. Við þekkjum einnig þennan kosningamáta héðan úr landinu, hann er meira að segja tíðkaður nú hvor tveggja til Alþ., bæði hlutfallskosningar og einmenningskosningar. Meir og meir er farið að tíðka hlutfallskosningar í öllum sveitarstjórnarkosningum, og í fjöldamörgum félagssamtökum einstaklinga, eins og t. d. Búnaðarfélagi Íslands, má segja, að hlutfallskosningar séu meginreglan.

Hvort tveggja er því þekkt og reynt, og má deila um, hvor kosturinn sé betri. Hvorugt er gallalaust, en hvort tveggja hefur til síns ágætis nokkuð. En um hitt ætti ekki að þurfa að deila, að það er með öllu órökrétt og líklegt til að leiða til rangrar niðurstöðu að hafa tvenns konar aðferð — ég tala nú ekki um þrenns konar aðferð — við kosningar til Alþingis. Það fær eitt staðizt, að kosningahátturinn sé hvarvetna á landinu hinn sami. Ef menn vilja hafa einmenningskjördæmi og telja, að þau séu líklegri til góðs árangurs, þá fylgir því, að einmenningskjördæmi eiga vitanlega að vera hvarvetna. Það eru engin rök gegn því, að ekki sé hægt að skipta stað eins og Reykjavík niður í mörg kjördæmi. Slík skipting er gerð alls staðar þar, sem einmenningskjördæmi eru. Í stórborgum, sem hafa mörg bæjarhverfi, er einn maður kosinn úr hverju hverfi um sig, og hefur aldrei þótt leiða til neinna vandræða. Og sú skipting Reykjavíkur þyrfti ekki að vera í sjálfu sér frekar af handahófi heldur en skipting einmenningskjördæmanna úti um land er nú, sem sannast sagt er af fullkomnu handahófi og á ekki stoð í núverandi þjóðfélagsástandi á Íslandi.

En það verður að segja hverja sögu eins og hún gengur, og hugmyndin um að skipta Reykjavík niður í mörg einmenningskjördæmi hefur aldrei fengið neinn hljómgrunn, hvorki hjá Reykvíkingum sjálfum né þeim, sem eru talsmenn einmenningskjördæma úti á landi og mega ekki annað heyra þar, — þeir vilja alls ekki láta skipta Reykjavík. Með þessu dauða-

dæma þeir sjálfir sínar tillögur um einmenningskjördæmi. Með þessu sýna þeir, að þeir vilja hafa sér hagkvæmari aðferð, þar sem þeirra fylgi á landinu er mest, en andstæðingunum óhagkvæmari aðferð, þar sem þeirra fylgi er mest. Hreint út sagt er það þannig, að eftir þeim till., sem nú liggja fyrir, vill Framsfl. láta meirihlutakosningar í einmenningskjördæmum haldast í þeim landshlutum, þar sem hann telur sig hafa verulegar líkur til þess að geta fengið meiri hluta. En hann vill alls ekki taka upp einmenningskjördæmi í þeim landshlutum, þar sem víst er, eftir því sem séð verður í dag, að hann mundi engan fá kosinn, ef þessa aðferð ætti að hafa. Þvert á móti er nú lagt til, að þm. í Reykjavík verði svo margir og kosnir hlutfallskosningu, að allar líkur séu til, að Framsfl. fái einn þm. kosinn hér, og lagt er til, að Akureyri verði tvímenningskjördæmi með hlutfallskosningu, með þeim árangri, að eftir fyrri reynslu væru allar líkur til þess, að Framsfl. fengi þar þm. Það er alveg ljóst, að þær till., sem bornar eru fram til lausnar á þessu mikla vandamáli og svo augljóslega miðast við flokkslega hagsmuni — og flokkslega hagsmuni eina og ekkert annað, þær eru ekki líklegar til þess að verða þjóðinni til heilla eða vinna fylgi almennings.

Í Reykjavík eru nú þegar saman komnir kringum ⅝ hlutar allra landsmanna. Reykvíkingar vilja una því og sætta sig við það, að þingmannafjöldi héðan verði mun minni en tölurnar ættu að segja til um. Eftir þessu frv. munu þm. kosnir í Reykjavík beint verða ⅛ hluti þm., en ættu eftir tölunum að verða ⅝. Það má segja, að með þessu er fallizt á það, að staðarlegt réttlæti eða jafnræði skuli ekki gilda. Það er sök sér að viðurkenna það, að vegna annarrar og ólíkrar afstöðu í landinu og þess mikla þéttbýlis, sem hér er, þá sé hægt að komast af með færri þm., sem þessu nemur. En þá verður hitt að fást, að þm. Reykjavíkur séu kosnir með sama hætti, sömu aðferð og þm. annarra landsmanna. Ef það er ekki gert, er augljóslega hallað á hvern Reykvíking út af fyrir sig, það er hallað á meiri hlutann hér, það er skapað allt annað réttarástand í Reykjavík varðandi þetta höfuðatriði heldur en látið er gilda annars staðar.

Það er því, eins og ég segi, höfuðatriði þessa máls, og lausn þess veltur í mínum huga á því, að sams konar skipun, sams konar aðferð við kosningarnar sé látin gilda hvarvetna á landinu, í Reykjavík jafnt sem annars staðar.

Ég hef aldrei farið dult með það, að sjálfur hefði ég haft mikla löngun til þess að leysa þetta mál með einmenningskjördæmum. Ég verð hins vegar að viðurkenna, að það hefur ekki verið hægt að fá samkomulag um það, vegna þess að fylgjendur einmenningskjördæma í Framsfl. hafa alltaf verið óviðmælandi um það að láta Reykjavík að þessu leyti njóta sama réttar og við er hafður annars staðar á landinu. Úr því að það fæst ekki, þá er þar með úr sögunni möguleikinn til þess að hægt sé að leysa málið með einmenningskjördæmum. Þá er ekki annar vegur eftir heldur en að taka það upp, sem við sjálfstæðismenn í stjskrn. strax 1952 buðum fram af okkar hálfu, ef ekki næðist samkomulag um einmenningskjördæmi, þá vildum við semja um að skipta landinu í nokkur stór kjördæmi með hlutfallskosningum. Sú lausn hefur ætíð haft mikið fylgi innan Sjálfstfl., og vitað er, að bæði Alþfl. og Alþb. kjósa hana miklu frekar en einmenningskjördæmin, sem ég hygg að í þeim flokkum hafi ekkert fylgi.

En á bak við þessa lausn, sem er margrædd og hefur fyrir löngu verið sett fram, má segja að yfirgnæfandi meiri hl. landsfólksins standi. Og það er að mjög rækilega athuguðu máli, að frv. þetta byggir á þessari lausn, og án hennar hefði nú ekki verið hægt að tryggja þessu máli framgang. Því fer og fjarri, að hér sé um nokkra neyðarlausn að ræða. Eins og ég segi, þó að ég hefði persónulega allt eins viljað einmenningskjördæmi, þá hef ég ætíð talið, að þessi lausn væri mjög vel við unandi. Og úr því að hún er í samræmi við óskir yfirgnæfandi meiri hluta þjóðarinnar, þá er enginn vafi á því, að þetta muni verða sú aðferð, sem beztur friður skapist um, þegar til lengdar lætur, og þess vegna líklegust að koma að því gagni, sem menn stefna að.

Ég gat þess og áðan, að fólkið sjálft hefur í margs konar samtökum, eins og t. d. búnaðarsamtökum, tekið upp þessa kosningaaðferð. Hún hefur reynzt þar vel, og einmitt hafa þar verið tekin upp ekki ósvipuð kjördæmi því, sem nú er lagt til að höfð séu. Segja má, að kjörreglurnar til búnaðarþings séu að ýmsu leyti sá grundvöllur, sem hér er á byggt, og mundi vitanlega engum koma til hugar, að bændur sjálfir, sem þessum reglum ráða, hafi verið að svipta sig rétti eða gera sjálfum sér óleik með því að setja þær reglur.

Það er og alveg ljóst, að eyðing fjarlægða og gersamlega breyttir þjóðfélagshættir gera litlu kjördæmin að ýmsu leyti alveg úrelt. Mannfæðin þar er svo mikil, að það er mjög mikil hætta á því, að hægt sé að beita aðferðum, sem andstæðar eru lýðræði, að auðsafn og atvinnuyfirráð hafi meiri áhrif en góðu hófi gegnir á kosningar í svo litlum kjördæmum, enda er á það að líta, að þegar við tölum um einmenningskjördæmi, þá er það auðvitað allt annað en einmenningskjördæmi í hinum stóru löndum eins og Bretlandi og Bandaríkjunum. Þar eru kjördæmin svo stór, að allir Íslendingar mundu þar verða hafðir í einu eða í mesta lagi tveimur einmenningskjördæmum. Hér vitum við, að einmenningskjördæmin eru nokkur með innan við 1000 kjósendur, sum jafnvel innan við 500 kjósendur. Slíkri skipan er að sjálfsögðu ekki lengur hægt að halda, enda er það mjög athyglisvert, að Framsfl., sem þó hafði gert samþykkt um það, að einmenningskjördæmi skyldu höfð, leggur nú ekki til að afnema hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmum, sem hann hafði þó áður fyrr fordæmt mjög, heldur ætlast til, að þær verði áfram. Sú afstaða kemur af tvennu: Annars vegar því, að þó að játað sé, að hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmum séu um sumt ekki eins heppi-

legar og væri, ef kjördæmin væru stærri, þá eru kjósendur í tvímenningskjördæmum yfirleitt mjög ánægðir með þessa skipan og vilja heldur hafa hana en það, sem áður var, að meiri hlutinn réði báðum fulltrúunum. Þetta er önnur ástæðan til þess, að Framsfl. nú leggur ekki til að afnema tvímenningskjördæmin með hlutfallskosningum, sem hann hafði barizt á móti áður. Hin er væntanlega sú, að þegar til á að taka, reynist nálega ómögulegt að skipta þessum tvímenningskjördæmum í einmenningskjördæmi, a. m. k. er ekki hægt að gera það, nema brotið sé á móti hinni fornhelgu sýsluskipan, sem mjög er vitnað í, og er þó sú helgi ekki meiri en slík, að til hennar var efnt af erlendu konungsvaldi til þess að auðvelda skattheimtu og sektagreiðslu hjá landsmönnum. Það er skipting, sem á ekki rætur sínar í frumkvæði landsmanna sjálfra, heldur er erlent fyrirkomulag, sem okkur var á sínum tíma til lítillar blessunar.

Sú till., sem við styðjum, á aftur á móti miklu frekar rætur sínar að rekja til íslenzkrar sögu. Skiptingin skv. frv. minnir að verulegu leyti á fjórðungana fornu og þingaskiptingu þá, og það er einmitt svipað og gilti um goða í gamla daga, að þá var bóndi ekki bundinn við að velja sér þann goða, sem var í sömu sveit, heldur gat valið sér fyrir goða hvern sem var innan sama fjórðungs. Þar var víðtækt valfrelsi á ferðum, mjög svipað því, sem nú er varðandi kosningar, þegar kjósa á fimm eða sex menn í hverju kjördæmi og úr mörgum að velja.

Því er haldið fram, að þessi háttur verði til þess að auka vald flokksstjórna yfir vali frambjóðenda. Nú er það að sjálfsögðu í valdi hvers einstaks flokks, hvernig hann hagar vali síns frambjóðanda, og ég játa það, að ég er ekki nógu kunnugur því, hvernig það er í öllum flokkum. En ég hygg, að a. m. k. í þeim flokkum, sem standa að þessu frv., þá sé það svo, að það eru samtökin í hverju héraði um sig, sem vali frambjóðanda ráða, en fólkið er á engan veg skyldugt til þess að taka frambjóðanda, sem því er sendur að, þannig að tal um, að menn verði að una skipunum utan og ofan frá í þessu sambandi, á ekki við neinn raunveruleik að styðjast. En þó er ljóst, að vald almennings í hinum einstöku héruðum verður að þessu leyti mun meira eftir þessu frv. heldur en áður var. Þar sem meirihlutakosning er, einn maður valinn, verður kjósandi að sætta sig við þann, sem flokkurinn setur fram, því að ef sprengiframboð svo kallað er sett, fylgir því sú hætta, að sætið tapist flokknum alveg. Ef margir eru í kjöri, fimm eða sex, og kosið hlutfallskosningu, þá er ljóst í fyrsta lagi, að kjósandi getur valið um fleiri menn á hverjum lista og er ekki bundinn við þá röðun, sem er á listanum, þegar hann er lagður fram af flokkssamtökunum. En eins verður það mun minni áhætta fyrir óánægða flokksmenn að bera fram sérstakan lista, ef hlutfallskosningar eru, vegna þess að þá er líklegt eða meiri líkur til þess, að minni hluti geti komið að sínum manni og þó að klofningur verði í flokki, þurfi það ekki að leiða til þess, að sæti glatist alveg, heldur geti af tveimur mismunandi flokkslistum jafnvel tveir mismunandi menn verið valdir.

Þetta aukna frjálsræði kjósenda sést berlega af tali manna um það, að þessari skipan sé sérstaklega fylgjandi hætta á smáflokkum. Sú hætta er í raun og veru ekkert annað en það, að kjósendur megi sjálfir velja þann, sem þeim líkar. Sumir kalla það hættu. Aðrir kalla það aukið frjálsræði. En öruggt er, að bezta ráðið til þess að vinna á móti þessari hættu er það að hafa á listunum sem allra vinsælasta menn, þá sem líklegir séu til að afla flokknum sem mests fylgis.

Það er því svo gersamlega öfugt, að verið sé að svipta kjósendur frelsi, að það er verið að veita þeim mikinn aukinn rétt frá því, sem verið hefur, og gera líklegra, að eftir óskum sem allra flestra sé farið.

Tal um það, að leggja eigi niður kjördæmi, afnema sjálfstæði héraða og annað slíkt, hefur enga raunhæfa stoð, og þarf þess vegna ekki að eyða orðum að því. Við vitum það öll, að sameinaðir stöndum við, sundraðir föllum, og kjördæmin verða einmitt styrkari við það að verða mannfleiri, ná yfir meira svæði. Það eru meiri líkur til þess, að mál gangi fram, ef þau hafa marga formælendur heldur en fáa. Það eru þess vegna allar horfur á því, að málefnum héraðanna verði betur sinnt eftir þessari skipan en hingað til hefur verið. Héruðin velja auðvitað þá menn, sem þar njóta trausts. Ef menn gefast illa, verður skipt um, eins og verið hefur og liggur í hlutarins eðli. Eftir sem áður halda sveitarstjórnir, hreppar og sýslur öllu sínu gamla valdi. Það er ekki á nokkurn veg verið að draga úr því eða hagga þeirri skipan, sem verið hefur. Hitt er allt annað mál, að það má vel vera, að sú skipan sé um sumt orðin úrelt, ég skal ekkert um það segja, það kemur þessu máli ekkert við, og um það hefur hver sína skoðun. Þessi efni sem önnur verður að endurskoða, eftir því sem tímar breytast. Enn hafa engar till. komið fram um að breyta þessu, og í þessu frv. er ekki gerð nein slík tillaga. Eftir þessu frv. eru þvert á móti skapaðir möguleikar til nánara og víðtækara samstarfs milli mikils fjölda landsmanna heldur en verið hefur, samstarfs, sem er mjög eðlilegt hjá okkar fámennu, en nokkuð dreifðu þjóð. Okkar vandamál verða ekki leyst, nema við leggjumst mörg eða helzt sem flest á eina sveif um að ráða við þann vanda, sem hverju sinni kemur upp.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þetta mál. Það var rækilega rætt við 1. umr. Afstaða meiri hl. er ýtarlega skýrð í nál., og málið hefur verið, eins og ég segi, meira rætt en flest eða öll önnur þjóðmál. Það er því tekið nú upp eftir vandlega íhugun, og vandinn nú er ekki annar en sá, hvort menn geti komið sér saman um að láta sömu skipan gilda á öllu landinu í þessum efnum.

Andmælendur málsins telja óboðlegt að hafa meirihlutakosningar úti um land, en þeir vilja þó af einhverjum ástæðum, sem þeir fást ekki

til að skýra, halda þeirri aðferð hér í Reykjavík. Á þeim hvílir öll skylda um að sanna, hvernig á þessum óskiljanlega klofningi í meðferð málsins hjá þeim stendur, af hverju allir Íslendingar eigi ekki um þetta atriði að njóta jafnréttis.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Eins og sjá má á nál. minni hl. stjskrn., var ráð fyrir því gert, að hv. þm. N-Þ. (GíslG) hefði á hendi framsögu í þessu máli fyrir minni hl. n. En sökum lasleika hefur hann orðið að halda kyrru fyrir á heimili sínu nokkra daga og er enn í dag ekki svo heilsuhraustur, að hann geti tekið þátt í þessari umr. Ég mun því vegna forfalla hans fylgja till. okkar og grg. í minni hl. hér úr hlaði með nokkrum orðum.

Íslenzka þjóðin hefur oft verið nefnd söguþjóðin, og það eru ekki auðæfi eða höfðatala þjóðarinnar, sem þetta land byggir, sem veitir henni rétt til landsins og rétt til þess að halda hér uppi sjálfstæðu lýðveldi, heldur grundvallast það fyrst og fremst á sögulegum rétti.

Saga Alþingis er veigamikill þáttur af sögu þjóðarinnar í heild. Ekki leið langur tími, frá því að þjóðin tók að lyfta sér upp úr þeim öldudal, sem harðindin í lok átjándu aldar höfðu fært hana niður í, þangað til beztu menn þjóðarinnar tóku að bera fram óskir og kröfur um það, að Alþingi yrði endurreist. Og þessi barátta forvígismanna þjóðarinnar á þeim tímum leiddi til þess, að með tilskipun frá 8. marz 1843 var ákveðið, að Alþingi skyldi endurreist.

Þá var jafnframt ákveðin kjördæmaskipun þannig, að sérhver sýsla landsins, sem voru 19 að tölu, skyldi kjósa einn þm. og höfuðstaðurinn Reykjavík enn fremur einn þm., svo að þjóðkjörnir þm. skyldu þá verða 20, en konungkjörnir þm. 6.

Þróun mála að þessu leyti, síðan Alþingi var endurreist, er í stórum dráttum þannig:

Með stjórnarskránni 1874 var þjóðkjörnum þm. fjölgað upp í 30, og varð þá heildartala þm. 36. Árið 1903 er þm. enn fjölgað um fjóra, svo að tala þeirra verður 40. Árið 1920 er enn bætt við tveimur þm., og varð þá tala þeirra 42. 1934 er þingmönnum enn fjölgað upp í 49. Og loks 1942 er bætt við þremur þm., svo að síðan hafa þingsæti verið allt að 52 og venjulega fyllt þá tölu, þar sem öll uppbótarsæti hafa að jafnaði komið til úthlutunar.

1857 var Skaftafellssýslu skipt í tvö kjördæmi. 1902 er Ísafjarðarsýslu skipt í tvö kjördæmi. 1903 er bætt við þremur nýjum kjördæmum, þ. e. Ísafjarðarkaupstað, Akureyri og Seyðisfjarðarkaupstað. 1922 var Húnavatnssýslu skipt í tvö kjördæmi, 1928 var Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfirði skipt í tvö einmenningskjördæmi, og 1942 er enn stofnað nýtt kjördæmi, Siglufjörður, sem er einmenningskjördæmi.

En þróun þessara mála gagnvart Reykjavík hefur verið á allt annan veg. Eins og ég gat um, fékk Reykjavík rétt til þess með tilskipuninni 1843 að kjósa einn þm. En 1903 er bætt við einu þingsæti í Reykjavík. 1920 er enn bætt við tveimur þm. í Reykjavík, þannig að þar skyldu þá kosnir fjórir, og þá er tekin þar upp hlutfallskosning. 1934 er enn fjölgað í Reykjavík upp í 6 þm. og hlutfallskosningum haldið. Og 1942 er enn fjölgað í Reykjavík upp í 8 þm. eða þá fulltrúatölu, sem höfuðborgin hefur nú, og hlutfallskosningum haldið.

Þegar litið er á þessa sögulegu þróun, er augljóst, að hún greinist í þrjá þætti. Í fyrsta lagi: Þegar stjórnarskránni er breytt, þá er að jafnaði gerð nokkur fjölgun á þingmannatölunni í samræmi við fjölda þjóðarinnar í heild. Í öðru lagi: Breytingarnar utan Reykjavíkur hafa farið fram þannig, að kjördæmum hefur verið skipt, félagsheildirnar smækkaðar og hið persónulega samband milli þm. og kjósendanna þar með styrkt. En í Reykjavík hefur þróunin verið á þann veg, þar sem höfuðstaðurinn er eitt lögsagnarumdæmi og ein fjárhagsleg og félagsleg heild, bæði menningarlega skoðað og atvinnulega, að þá hefur henni ekki verið skipt, heldur þingmönnum fjölgað og þar teknar upp hlutfallskosningar.

Nú er rætt um það, hvað Framsfl. vilji leggja til og hvernig á því standi, að hann geti hugsað sér annað kosningafyrirkomulag í Reykjavík heldur en annars staðar á landinu. Áður en ég kem að því að ræða nánar till. Framsfl., vil ég benda á það og leggja á það sérstaka áherzlu, að Framsfl. hefur ekki ráðið þeirri þróun, sem ég hef verið að lýsa. Það hefur raunar enginn þeirra stjórnmálaflokka, sem nú starfa, heldur gert, því að þeir eru ekki svo gamlir. Þetta er söguleg þróun, sem hefur átt sér stað í þjóðfélaginu nokkuð á aðra öld.

Það má segja, að þessi þróun sé ekki í fullu samræmi við það, sem orðið hefur með öðrum þjóðum. En sjálfstæðisbarátta Íslendinga á að ýmsu leyti sérstæða sögu. Það hafa aðrar þjóðir háð frelsisbaráttu eins og við, t. d. Finnar og Norðmenn, svo að dæmi séu nefnd. En atburðarásin og röð atvikanna í þeirri frelsisbaráttu hefur ekki orðið að öllu leyti hin sama og í frelsisbaráttu Íslendinga. Þó að svo sé, tel ég mega fullyrða, að þeir forustumenn þessarar þjóðar, sem fyrir frelsisbaráttunni stóðu, hafi á hverjum tíma gert það eins og atvik lágu til og bezt dugði þessari þjóð.

Hið sama vil ég segja um þá þróun, sem átt hefur sér stað um kjördæmaskipun landsins. Forustumenn a. m. k. þriggja kynslóða hafa mann fram af manni mótað þessa þróun, og ég vil fullyrða, að þeim forustumönnum hafi einungis gengið gott til að beina málefnum þjóðarinnar inn á þessa braut og að þeir hafi með því vissulega verið að vinna þjóðarheildinni gagn.

Þegar litið er á þetta frv., sem hér liggur fyrir, þá verður það fyrst fyrir að athuga tvö atriði: Annars vegar, að með þessu frv. á að gera algera brotalöm á þá sögulegu þróun um skipun kjördæmanna í landinu, sem ég hef verið að drepa á, og hins vegar, að með þessu frv. á að auka flokksræðið í landinu, en að sama skapi draga úr persónulegu sambandi þm. og kjósenda.

Þegar litið er á stjórnmálasögu síðari ára og einkum afskipti þeirra flokka, sem nú starfa

í þjóðfélaginu, þá verður ljóst, að þeir hafa haft mikla tilhneigingu til þess á ýmsum tímum að grípa inn í þessa þróun og reyna að koma fram breytingum, ýmist í kenningu eða í framkvæmd. Það hefur undanfarna áratugi verið kenning Alþfl., að gera ætti landið að einu kjördæmi. Þessa kenningu hefur flokkurinn boðað í blöðum sínum og oft í ræðum. En til þess hefur ekki komið enn, að beinar till. um þetta hafi legið fyrir Alþ. En þó að Alþfl. hafi haldið fram þessari kenningu, er að ýmsu leyti saga flokksins þannig, að ferillinn er a. m. k. mjög krókóttur, svo að vægt sé til orða tekið, sem liggur í þessa átt. 1928 beitti Alþfl. sér fyrir því að skipta Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfirði, þannig að þar mynduðust tvö einmenningskjördæmi, en áður var þar tvímenningskjördæmi. Í samræmi við það, sem nú er lagt til, hefði mátt ætla, að þá hefðu verið fluttar till. um að taka upp hlutfallskosningar í þessu tvímenningskjördæmi. En það var ekki það, sem Alþfl. kaus þá, heldur að fjölga einmenningskjördæmum í landinu með því að skipta Gullbringu- og Kjósarsýslu. Og 1942 tók Alþfl. upp hér á þingi kjördæmamálið eða breytingar á stjórnarskránni með því að flytja um það frv., og voru flm. frv. Ásgeir Ásgeirsson, Emil Jónsson, Finnur Jónsson og Haraldur Guðmundsson. Í grg., sem fylgdi því frv., er lýst í fáum orðum skilmerkilega afstöðu Alþfl. þá og hvernig hann vildi leysa málið. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„En þá er þrennt til:

1) Að taka upp stór kjördæmi, þar sem alls staðar sé viðhöfð hlutfallskosning,

2) að hafa uppbótarþingsæti ótakmörkuð, eða

3) að byggja á núverandi kjördæmaskipun að mestu og láta haldast núverandi uppbótarsætafjölda óbreyttan og gera aðrar breytingar, sem horfa til jöfnunar.

Það er hin síðasta leiðin, sem farin er í þessu frv. En þar er lagt til:

1) Að hafa hlutfallskosningu í öllum kjördæmum, þar sem kosnir eru fleiri en einn þingmaður. Miðað við atkvæðatölur við síðustu kosningar mundi hlutfallskosning í tvímenningskjördæmum hafa nægt til að jafna þingmannatölu og atkvæðamagn flokka.

2) Að fjölga þingmönnum í Reykjavík um tvo. Miðar það í áttina til að tryggja jöfnuð, því að þar er hlutbundin kosning. Verður ekki skemmra farið um fjölgun þingmanna í Reykjavík, þegar litið er til mannfjölda, en það, sem á vantar, bætist upp af þátttöku Reykjavíkurkjósenda í uppbótarsætum, ef þau nægja til jöfnunar, eins og líklegt er eftir þessum till.

3) Að allir kaupstaðir verði einmenningskjördæmi. Ný kjördæmi verða þá þrjú: Siglufjörður, Akranes og Norðfjörður. Má gera ráð fyrir, að það miði einnig til jöfnunar, og réttmætt að taka upp ný kjördæmi, þar sem gætir öflugra útgerðarhagsmuna. Sá atvinnuvegur er nú afskiptur, þegar litið er á kjördæmaskipunina í heild. Það er og gömul og góð regla, að lögsagnarumdæmi séu sér um þingmann."

Þannig var viðhorf Alþfl. 1942. Það átti að fjölga einmenningskjördæmum með því að gera Siglufjörð, Akranes og Norðfjörð að sérstökum kjördæmum, og það var gömul og góð regla, að lögsagnarumdæmi landsins séu sér um þingmann. Þeir eru hugsjónaríkir og frumlegir, Alþfl.-menn. Það má heita nýstárlegt sjónarmið að sönnu að stofna kjördæmi vegna útgerðarhagsmuna. En jafnvel í þessu leynist þó viðurkenningin á því, að það séu fleiri sjónarmið, sem þurfi að taka tillit til í sambandi við kjördæmaskipun landsins, heldur en það eitt að tryggja svokallað „réttlæti" á milli stjórnmálaflokkanna, sem starfa í landinu.

Ef samræmi væri í kenningu Alþfl. og framkvæmd, ef samræmi væri milli þeirra raka, sem haldið var fram um sama mál eða hliðstætt mál 1942, og þess, sem nú liggur fyrir, þá hefði sýnzt eðlilegt og rétt framhald á brautinni að gera Eyjafjarðarsýslu að þriggja manna kjördæmi með hlutfallskosningu. Allir viðurkenna þó, að hlutfallskosning njóti sín betur, ef kosnir eru fleiri menn en tveir. En það mátti ekki vera samkvæmt till. Alþfl. og ákvörðun þeirra, sem flytja þetta frv. 1942, heldur varð að gera Siglufjörð að einmenningskjördæmi og taka upp hlutfallskosningu í Eyjafjarðarsýslu að öðru leyti.

Alþb. og forustumaður þess getur sjálfsagt sagt á þessa leið: Seint kom ég til þessa leiks. — Það mun ekki hafa verið fyrr en 1937, að Kommúnistaflokkur Íslands kom manni á þing. Það leiðir því af sjálfu sér, að þær stjórnarskrárbreytingar, sem áður höfðu farið fram, gátu ekki hlotið samþykki fyrir áhrif eða atbeina þess flokks eða þeirra manna, sem nú skipa Alþb. Það er fyrst 1942, að þeir koma til þessa leiks. En hv. 3. flm. þessa frv., hv. 3. þm. Reykv. (EOl), lýsti því í áheyrn alþjóðar við 1. umr. þessa máls, að hann hefði raunar viljað stíga miklu stærra skref en gert var 1942, hann hefði raunar viljað þá þegar skipta landinu í stór kjördæmi, t. d. 6 að tölu. Það bendir því til, að hann hafi myndað sér þá skoðun, sem hann virðist styðja nú, fyrir mjög mörgum árum. Það er og kunnugt, að það ríki, sem hv. 3. flm. þessa máls horfir mjög til sem fyrirmyndar, þess þjóðskipulag er þannig, að það er grundvallað á alræði eins flokks. Það er því í sjálfu sér ekki óeðlilegt og þarf raunar ekki að koma neinum á óvart, þó að þeir, sem þessar hugmyndir aðhyllast, vilji gjarnan auka flokksræðið í hinu íslenzka lýðveldi.

En Sjálfstfl. á að þessu leyti nokkuð ólíka sögu við Alþfl., þó að hann beiti sér nú sérstaklega fyrir framgangi þessa máls og formaður Sjálfstfl. sé 1. flm. frv. Því er þannig varið með Sjálfstfl., að hann hefur eiginlega til mjög skamms tíma lagt á það mikla áherzlu í sínum málflutningi, að því mætti treysta, að hann mundi ekki beita sér fyrir því að afnema núverandi kjördæmi. Um þetta eru margar yfirlýsingar og ummæli í Alþingistíðindum eftir ýmsa forustumenn Sjálfstfl. Sumt af því hefur verið birt í blöðum og sumt af því rifjað upp við 1. umr. þessa máls, svo að ég skal ekki fara langt út í að rekja það, en vil þó þessum orðum til stuðnings nefna aðeins örfá dæmi.

Í þingræðu frá 1931 standa m. a. þessi ummæli eftir Jón Þorláksson, þáverandi formann Sjálfstfl.:

„Í ummælum hv. flm., Héðins Valdimarssonar, fólst, að honum finnst líka þurfa sérstaklega að bæta úr því, ef einhver viðáttumikil kjördæmi eru svo fámenn, að kjósendatala þar verði langt fyrir neðan meðaltal þeirrar kjósendatölu, er kemur á hvern þm. Ég get ekki fylgt honum í því. Landshagir eru svo víða hér á landi, að sum kjördæmi hljóta að verða miklu fjölmennari en önnur, og mér finnst mannfleiri kjördæmin ekki hafa yfir neinu að kvarta. Það er sanngjarnt, að hver staður líti til þess, að hans hagur sé ekki stórlega fyrir borð borinn. Ég álít rétt að tryggja það, að fámennari, fjarlægari og afskekktari landshlutar séu ekki sviptir réttinum til að senda sína sérstöku fulltrúa á Alþingi, því að þeir þurfa að eiga þar hver sinn fulltrúa til að tala máli sínu á þingi sérstaklega."

Jón Þorláksson lét oft koma fram á hv. Alþingi samkvæmt því, sem Alþingistíðindin votta, svipaða skoðun og þessa. Í nál., sem Jón Þorláksson gerði úr garði 1928 í sambandi við skiptingu Gullbringu- og Kjósarsýslu, varar hann mjög sterklega við þeirri þróun að færa þungamiðju valdsins til í landinu. Í þessu nál. segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Algert nýmæli er það í frv. að fjölga þm. kaupstaða á þann hátt að taka þingsæti frá sveitakjördæmunum til þess. Það hefur aldrei verið gert. Ef farið er inn á þá braut, þá er mjög hætt við áframhaldi, svo framarlega sem kaupstaðirnir halda áfram að fjölga og stækka. Með þessari uppástungu er í rauninni stigið fyrsta sporið til að flytja þungamiðju valdsins úr sveitunum í kaupstaðina."

Og síðar í nál. segir:

„Ef það yrði nú ofan á að stíga þetta afar varhugaverða byrjunarspor, þá verður að fara til þess aðra leið heldur en þá, sem hér er stungið upp á."

Og ég vek eftirtekt á því, að þessi orð: „að flytja þungamiðju valdsins úr sveitunum í kaupstaðina" — eru auðkennd í Alþingistíðindunum í nál. Jóns Þorlákssonar til sérstakrar áherzlu.

1942 gaf núverandi formaður Sjálfstfl. í útvarpsumr. héðan frá þessum stað mjög skorinorða yfirlýsingu um það fyrir flokksins hönd, að Sjálfstfl. ætlaði sér ekki að leggja það til að afnema hin gömlu sögulega þróuðu kjördæmi í landinu. Orð hv. 1. flm. þessa frv. þá voru þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Eða vill Framsfl., að kjördæmin séu fá og stór? Ég veit ekki um einn einasta þm. Sjálfstfl. að undanskildum hv. 4. þm. Reykv. (SK), sem það vill, og Sjálfstfl. gengur aldrei að þeirri skipan."

Nú vil ég spyrja: Hvers vegna hafa yfirlýsingar af þessu tagi verið fluttar og fram bornar á undanförnum árum af forustumönnum Sjálfstfl.? Hafa þær ekki verið sagðar í alvöru, eða hvað hefur breytzt, svo að nú þurfi að draga strik yfir yfirlýsingar af þessu tagi? Ef það er rétt röksemd nú, að héruðunum sé til hagsbóta sú skipulagsbreyting, sem stefnt er að því að koma á með því frv., sem hér liggur fyrir, hefur það þá ekki verið héruðunum til hagsbóta fyrr? Hvers vegna mátti það þá ekki komast upp, að að því væri stefnt?

En nú liggur hér fyrir frv. um breytingu á 31. gr. stjórnarskrárinnar. Nú hafa félagsbræðurnir frá 1942 komið sér saman um að taka upp þráðinn og bera sameiginlega fram þetta frv. Þess verður þó vart jafnvel í sambandi við þetta mál, að „hornaugum vinir skjóta", eins og vitur maður komst að orði á sinni tíð. Það er sjálfsagt ánægja fyrir hæstv. núverandi forsrh. að standa nú ekki einn með sínum flokki að flutningi þessa frv., heldur að hafa sinn til hvorrar handar, hv. formann Sjálfstfl. og hv. formann Alþb. En við 1. umr. þessa máls lýsti 3. flm. frv. öðrum flm. og flokki hans, Alþfl., þannig eins og Alþfl. væri tækifærissinni í stjórnarskrármálinu, en orðið tækifærissinni er áreiðanlega ekki virðingarheiti í orðasafni hv. 3. flm. þessa frv., en orð hans féllu á þá leið, að þó að Alþfl. vildi nú í bili aðhyllast jafnrétti, þá hefði hann oft áður viljað braska í misréttinu.

Með frv. því, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að landinu öllu verði skipt í 8 stór kjördæmi, eitt 12 manna, tvö 6 manna og fimm 5 manna kjördæmi. Allir kjördæmakjörnir þm., 49 talsins, verði kosnir hlutfallskosningu, og að lokinni kosningu í kjördæmum verði svo úthlutað 11 uppbótarsætum til þingflokka, en ekki allt að 11, eins og nú er ákveðið. Samkvæmt þessu verður þá tala þm. 60 í stað allt að 52 nú, og er þá ekki gert ráð fyrir, að þingmannatalan geti lækkað úr 60. Það er tekið fram, að á bak við þetta frv. standi samningar þriggja flokka, sem að málinu standa, og að þeir samningar séu trygging fyrir því, að málið muni verða lögfest hér á hv. Alþ., er nú situr.

Ég held, að þeir, sem að máli þessu standa og þennan samning hafa gert, ættu, áður en málið verður lögfest, að bæta framan við frumvarpsgreinina nýrri grein, þar sem tekið væri fram, hvers eðlis þessi samningur er, og virðist mér, að þá geti farið vel á að koma þar að orðalagi Gamla sáttmála um, að forn goðorð skuli nú upp gefast.

Þegar lýðveldið var stofnað 1944, var því lýst yfir, að landinu yrði sett svokölluð lýðveldisstjórnarskrá, og var þá sérstakri nefnd falið að undirbúa slíka stjórnarskrárbreytingu. Með ályktun af hálfu Alþ. hefur skipan þessarar n. að ýmsu leyti verið breytt. En n., sem síðast var skipuð samkvæmt þál. 1947, hafði málið til athugunar á vissu skeiði eða allt þangað til í árslok 1952, en það er kunnugt, að síðan hafa störf n. að miklu leyti fallið niður, þó að ekki sé kunnugt um, að nefndin hafi verið svipt umboði sínu, og ekkert mun vera bókað um það í gerðabókum hennar, að svo sé eða hún álíti starfi sínu lokið.

Við, sem skipum minni hl. stjskrn., teljum eðlilegt, að stjórnarskrárnefnd taki nú til starfa á ný. Nú hefur komið í ljós í sambandi við umr. um þetta mál, að allir flokkar virðast hafa aukinn áhuga á því, að málið fáist leyst, og

virðist nú sú stund runnin upp, að meiri líkur séu um samkomulag milli flokka um tillögur í málinu en áður hefur verið. Ýmsir hafa haldið því fram, og tillögur um það hafa verið til athugunar og hlotið samþykki hjá Framsfl. á undanförnum árum, að æskilegast væri, að kvatt yrði saman sérstakt stjórnlagaþing til þess að afgreiða stjórnarskrármálið. Þá yrði málið losað úr tengslum við dægurmálin, og mundi viðhorf kjósenda, ef kosið yrði sérstaklega til stjórnlagaþings, geta orðið nokkuð annað, þegar kosningarnar snerust um þetta eina mál, stjórnarskrármálið, heldur en þegar kosið er milli flokkanna um þjóðmálin almennt.

Við leggjum því til í minni hl., gerum það að aðaltill. okkar, að afgreiðslu málsins sé nú frestað, en stjórnarskrárnefndinni falið að taka það til nánari íhugunar og afgreiðslu á þessu ári, þannig að frv. geti legið fyrir í byrjun næsta þings. En fari svo, að stjórnarskrárnefndin yrði ásátt um að leggja það til, að sérstöku stjórnlagaþingi yrði falið endanlega að fjalla um málið, þá mundu tillögur stjórnarskrárnefndarinnar að athuguðu máli í nefndinni að sjálfsögðu beinast í þessa átt.

Á þetta sjónarmið okkar hefur hv. meiri hl. stjskrn. ekki viljað fallast, heldur leggur meiri hl. til, að það frv., sem hér liggur fyrir, verði nú afgreitt á þessu þingi, samþykkt, áður en þingi því lýkur, sem nú stendur yfir.

Þá ber á það að líta, hvaða rök eru færð fyrir því af meiri hl. og þeim, sem að þessu frv. standa, hvaða nauðsyn beri til þess að afgr. málið nú og hvaða áhrif það muni hafa.

Í fyrsta lagi eru færð fram rök fyrir því, að breyting sé nauðsynleg á kjördæmaskipuninni, eins og hún er, vegna þess að þeir, sem í þéttbýlinu búa, hafi of fáa fulltrúa á Alþ. móts við hina, sem í strjálbýli og afskekktari landshlutum búa. Þetta er hægt að leysa eftir fleiri leiðum en þeirri, sem lagt er til með þessu frv. að farin verði. Þessu er hægt að breyta á þann veg að fjölga kjördæmakjörnum mönnum þar, sem þéttbýlið er mest. Og fari svo, að aðaltill. okkar framsóknarmanna um, að málinu í heild verði frestað og kjördæmaskipunin enn tekin til endurskoðunar í sambandi við heildarafgreiðslu stjórnarskrárinnar, fari svo, að sú till. nái ekki fram að ganga, þá viljum við til samkomulags með sérstökum till. ganga á móts við það sjónarmið að auka tölu fulltrúa í þéttbýlinu.

En það eru jafnframt færð fram önnur rök eða tylliástæður fyrir því, að breytinga sé nú þörf. Það er reynt að telja fólki trú um, að það muni verða betra fyrir hina fámennari staði að eiga fyrir fulltrúa 5—6 þm. úr stóru kjördæmi heldur en einn eða tvo fulltrúa úr sýslu eða kaupstað.

Þetta er ekki haldgóð röksemd, þegar málið er brotið til mergjar. Ef koma þarf máli á framfæri, mun það reynast fyrirhafnarminna að flytja það mál á einum stað við einn þm., sem er þaulkunnugur staðháttum á takmörkuðu svæði, heldur en að þurfa að leita um þann málflutning til margra manna, sem búa mjög dreift og flestir eða jafnvel allir eru ókunnugir staðháttum, þar sem málsástæður eru fyrir hendi. Og það er ekki sýnt, hvernig fer um samkomulag fimm eða sex fulltrúa, t. d. við skiptingu fjárveitinga milli hinna ýmsu sýslufélaga, og þá vil ég segja, að það sé veikari aðstaða fyrir eitt sýslufélag að fá mál sitt flutt af klofnum, kannske margklofnum hópi manna, heldur en að fá það flutt af einum manni, sem stendur einhuga að þess málstað.

Þá er því haldið fram, að það muni verða auðveldara fyrir menn búsetta úti á landsbyggðinni að sinna þingstörfum, eftir að kjördæmin hafa verið stækkuð. Þetta virðist ekki sennileg röksemd, ef sambandið milli kjósenda og þm. á ekki að rofna frá því, sem einmenningskjördæmin hafa tryggt. Það er auðskilið mál, að ef þm., hvaða flokkur sem í hlut á, leggur alúð við það að reyna, eftir því sem föng eru á, að kynnast mönnum og málefnum í hinum stóru kjördæmum, sem stofna skal samkvæmt þessu frv., þá kostar það hann meiri vinnu og fyrirhöfn og tíma að hafa það á hendi heldur en með þeirri kjördæmaskipun, sem nú er.

Þá er vakin athygli á því, að kosningabaráttan sé oft hörð og sótt af miklu kappi í einmenningskjördæmunum og ekki sízt í fámenni. Ekki vil ég neita því, að svo sé eða geti verið. En kosningafyrirkomulagið í Reykjavík hefur nú verið þannig, að þar hefur átt að velja marga menn sameiginlega í kjördæmi, bæði við alþingiskosningar og bæjarstjórnarkosningar. Og kannast menn ekki við, að kosningar í Reykjavík séu sóttar af miklu kappi? Kannast menn ekki við, að jafnvel í næturhúmi, eftir að hinn eiginlegi kjördagur hefur verið liðinn, hefur verið lagt kapp á að fá á kjörstað einmitt hér í Reykjavík ýmsa, sem virtust ekki hafa áhuga á að neyta kosningarréttarins, jafnvel menn, sem af heilsufarslegum ástæðum gat orkað tvímælis, hvort eðlilegt væri, að þeir neyttu kosningarréttarins? Það virðist því furðuleg röksemd, að kapp í kosningum muni hverfa við þá stórútgerð landsmálaflokka, sem nú á að koma á um land allt samkvæmt þessu frv.

Þá er eðlilegt að beina þeirri spurningu til þeirra manna, sem að þessu frv. standa, hvaðan þeim hafi borizt áskoranir utan af landsbyggðinni um að flytja þetta mál og knýja það nú fram. Hvar er að finna samþykktir úti í héruðunum, þar sem knúið er á um þetta mál? Jú, við 1. umr. um þetta frv. var það tekið fram, að á Austurlandi og Norðurlandi hefði myndazt hreyfing um aukið vald héraðanna, og einn hv. ræðumaður, hv. 5. landsk. þm., sem er stuðningsmaður þessa frv. og talaði þá fyrir því, sagði um þetta orðrétt, eins og það kom fram á stálþræðinum, með leyfi forseta, þegar hann ræðir um hreyfingu Austfirðinga og Norðlendinga: „Og hvað vildi þessi hreyfing? Hún vildi stofnsetja úti á landsbyggðinni stærri, sterkari og sjálfstæðari félagsheildir. Hún vildi endurreisa byggðasjálfstæðið og leggja sýslurnar niður.“

Mér þykir rétt, þar sem þetta mál er flutt með þessum hætti, að víkja að þessu nokkrum orðum.

Þess er þá fyrst að geta, að till. Austfirðinga og Norðlendinga voru alls ekki um það að leysa kjördæmamálið eitt út af fyrir sig og taka það út úr heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Þvert á móti lögðu þeir höfuðáherzlu á, að stjórnarskrármálið yrði leyst í heild. Það virðist ekki vera samræmi milli þeirra till. annars vegar og hins vegar þess, sem nú er stofnað til með þessu frv., þegar á þetta atriði er litið.

Í öðru lagi, hvað snertir kosningafyrirkomulagið og þingmannafjöldann, þá lögðu Norðlendingar og Austfirðingar til, að þm. yrðu alls 48, í Ed. skyldu sitja 18 fulltrúar, en í Nd. sitja 30 þm., samtals 48. En samkvæmt þessu frv. á að ákveða þingmannatöluna 60. Ekki er samræmi á milli þessara till. um þetta atriði.

Um kjördæmaskipunina lögðu Norðlendingar og Austfirðingar til, að til Ed. yrði kosið úr hverju fylki, en fylkin yrðu 6, og að þeir fulltrúar skyldu kosnir á fylkisþingum hlutbundnum kosningum, en til Nd. skyldi kjósa í einmenningskjördæmum og gætu þau orðið allt að 10 innan hvers fylkis. Ekki virðist samræmi á milli þessara till. og þess frv., sem hér liggur fyrir.

Enn er þess að geta, að Austfirðingar og Norðlendingar ætluðust ekki til, að sýslurnar yrðu lagðar niður. Það kemur hvergi fram í þeirra till.

En höfuðatriði till. Austfirðinga og Norðlendinga er það að auka vald héraðanna, en ekki að rýra það og auka flokksvaldið í landinu að sama skapi. Þvert á móti miðuðu þeirra till. að því að dreifa ríkisvaldinu út um landsbyggðina, en ekki að þjappa því saman undir yfirráð flokkanna, sem hafa sín höfuðaðsetur hér í höfuðstað landsins. Og til þess að koma þessu fram, þá vildu þeir, að það væri margt fleira, sem kæmi í kjölfarið, heldur en breyting á kjördæmaskipuninni einni. Þessu til sönnunar ætla ég að leyfa mér að lesa upp nokkur orð úr grg. fyrir till. þessum, sem mótaðar voru úti í héruðunum og sýna þetta glöggt, með leyfi hæstv. forseta:

„Lögin um fjárhagsráð eru glöggt dæmi þess, hversu allir landsmenn, hvar sem þeir eru búsettir, verða nú að lúta boði eða banni valdamanna í höfuðstaðnum. Ekki má t. d. byggja hlöðu eða bílskúr án þess að fá til þess leyfi þeirra. Hér skal ekki vefengd nauðsyn þeirrar meginreglu, sem fram kemur í nefndum lögum varðandi alls konar fjárfestingu. Hins vegar virðist, að mátt hefði haga eftirlitinu meira í hag landsmanna með því að dreifa því í stað þess að leggja það umsvifalaust undir skrifstofubákn í höfuðstaðnum. Það er bæði tafsamt og kostnaðarsamt að þurfa að leita um öll slík leyfi til fjarlægra staða, og þess má enda vænta, að eftirlit allt verði handahófskennt, þegar það er framkvæmt af mönnum, sem ekki hafa aðstöðu til vegna fjarlægðar og ókunnugleika að kynna sér málavöxtu til fullrar hlítar, enda þótt á engan hátt sé í vafa dreginn vilji og ástundun í þær áttir. Lögin um fjárhagsráð marka enga stefnubreytingu. Þau eru aðeins sýnishorn af því, hvernig síaukin íhlutun ríkisvaldsins er tryggð höfuðborginni án tillits til þess, hvað hagkvæmt og eðlilegt mætti teljast fyrir landsfólkið almennt og dagleg störf þess."

Og ráðið, sem þeir vilja beita fyrst og fremst til þess að draga úr þessum samdrætti ríkisvaldsins var breytt kjördæmaskipun, þar sem kosið yrði sérstaklega til Ed. á fylkisþingunum af þeim, sem þar ættu setu. Og þeir vildu enn fremur, að fylkisþingin, sem stofnuð yrðu úti um land, fengju til sín hluta af því ríkisvaldi, þar sem þræðirnir liggja nú í höndum stjórnmálaflokkanna, sem hafa höfuðaðsetur hér í Reykjavík.

Það virðist því, þegar á þetta er litið, næsta langt gengið, þegar leitað er eftir rökum fyrir því frv., sem hér liggur fyrir, með samanburði við þessar till., þar sem í öllum aðalatriðum er bent á gagnstæða meðferð mála. Það verður að segja, að ill er hin fyrsta ganga í umr. um þetta mál, þegar þannig er haldið á málafærslu.

Með frv. þessu er ákveðið, að taka skuli upp hlutfallskosningar til Alþingis um land allt. Þau rök eru færð fyrir því, bæði nú og stundum áður, að hlutfallskosningar tryggi betur réttlæti, einkum milli flokka, heldur en þegar kosið er í einmenningskjördæmum, og í umr. um þetta mál, a. m. k. í blöðum og jafnvel hér á þingi líka, hefur verið vitnað þessu til stuðnings í ummæli merkra manna, sem höfðu forustu á þjóðmálasviðinu eftir síðustu aldamót.

Nú er það svo, að þó að aukið réttlæti, hvar sem hægt er að koma því við, sé út af fyrir sig fögur hugsjón, þá hefur bitur reynsla fært mönnunum heim sanninn um það, að fögrum hugsjónum fylgja stundum annmarkar í framkvæmd. Það er langt síðan ýmsir forustumenn mannkynsins tóku að flytja boðskapinn um frelsi, jafnrétti og bræðralag meðal þjóðanna. Samt á þessi fagra hugsjón örðugt uppdráttar, eins og allir kannast við. Það þótti líka fögur hugsjón, þegar Ísland var að verða fullvalda ríki, að lýsa því hátíðlega yfir, að Ísland ætlaði að fylgja ævarandi hlutleysi, og þeir forustumenn þessarar þjóðar, sem það gerðu, hafa áreiðanlega mælt það af heilum hug. En reynslan hefur fært okkur, sem nú störfum, heim sanninn um það, að nú er jafnvel ekki hið ævarandi hlutleysi það, sem mest gildi hefur fyrir þessa þjóð, því að nú keppast margir forustumenn þjóðarinnar og þ. á m. þeir forustumenn, sem að þessu frv. standa, keppast við að halda því að þjóðinni, að þátttaka okkar í öflugu varnarbandalagi sé það, sem skapi þessari þjóð mest öryggi. Þannig getur bitur reynsla fært mönnunum heim sanninn um, að hugsjón, sem í sjálfu sér er fögur, fylgja stundum annmarkar í framkvæmd.

Enn er talið, að hlutfallskosningar hafi fyrst verið reyndar í Belgíu 1899. Þegar Hannes Hafstein flutti frv. sitt, sem stundum er vitnað til og rætt var hér á hv. Alþingi 1905 og 1907, að ég hygg, þá var lítil reynsla fengin af þessu kosningafyrirkomulagi, aðeins örfá ár síðan hlutfallskosningar höfðu fyrst verið teknar upp. Þeir, sem mæltu þá þau orð, sem nú eru færð

fram sem rökstuðningur fyrir þessu frv., höfðu vissulega hrifizt af hugsjóninni, en þá skorti reynslu. Og vegna þess að síðan — nú á meira en hálfrar aldar skeiði — hefur reynslan sýnt þá annmarka, sem fylgja hlutfallskosningakerfi, þar sem því er fylgt út í æsar í ýmsum löndum, þá eru þessi gömlu ummæli ekki gild rök gagnvart þessu máli, þó að þau séu höfð eftir merkum mönnum, sem þá voru uppi.

Þegar talað er um frv. Hannesar Hafsteins, má bæta því við, að hvað sem segja skal um sjálfa meginstefnuna, hugsjónina, sem þar var brugðið upp, þá er það raunar furðulegt, ef menn í einu og öllu vilja eða ætla sér að fara að mæla því frv. bót. Ég ætla, að það hafi haft að geyma ákvæði, sem ég efast um að nokkur þm. nú vildi fallast á, eins og það að kljúfa sumar sýslur milli kjördæma, t. d. Vestur-Skaftafellssýslu í tvennt, hafa annan hlutann í einu kjördæmi, sem nær austur í Norður-Múlasýslu, og hinn hlutann í öðru kjördæmi á Suðurlandi. Ég ætla, að í frv. Hannesar Hafsteins hafi svipað átt sér stað um Eyjafjarðarsýslu og Norður-Múlasýslu.

Þegar minnzt er á hlutfallskosningar, ber þess að gæta, að í viðbót við þá reynslu, sem fengin er af þeim í ýmsum ríkjum utan Íslands, þá virðist svo sem þeir, er nú mæla með þessu frv., kosti ekki kapps um að koma á hlutfallskosningum í ýmsum greinum í þjóðfélaginu, þar sem þeir hafa vald til þess og eru ekki hindraðir í því hvorki af Framsfl. né ríkisvaldinu yfirleitt. Það vekur eftirtekt, þegar athugað er um framkvæmd hlutfallskosninga hér á landi, að t. d. fjölmenn hreyfing, eins og t. d. verkalýðshreyfingin, hefur ekki enn þá beitt sér fyrir því eða komið því í framkvæmd að taka það kosningakerfi upp. Þar er þó kosið í mörgum félögum um marga fulltrúa í senn og atkvæðamunur milli þeirra flokka, sem keppa í kosningunni, ekki ýkjamikill. En af einhverjum ástæðum, sem þeir væntanlega gera grein fyrir í þessum umr., hverjar eru, hafa forustumenn verkalýðshreyfingarinnar hliðrað sér hjá að beita hlutfallskosningaaðferðinni á þeim vettvangi. Það lítur út fyrir, að þeir hafi gert sér ljósa einhverja þá galla á hlutfallskosningafyrirkomulaginu, sem geri það óæskilegt fyrir verkalýðshreyfinguna.

Í nál. meiri hl. stjskrn. er farið nokkrum orðum um kosningafyrirkomulag í ýmsum ríkjum erlendis, og hv. frsm. meiri hl. nefndarinnar vék einnig að því í ræðu sinni hér áðan.

Í nál. meiri hl. segir svo:

„Þegar vitnað er til fordæma eða hliðstæðna, tjáir ekki að taka það eitt, sem hverjum um sig hentar, heldur verður að skoða heildarmyndina.“

Þetta virðist mér vel sagt. En mér virðist, að það sannist hér, að hægara er að kenna heilræðin en að halda þau og að ýmislegt sé a. m. k. undan fellt í nál. meiri hl., sem eðlilegt er að fram hefði verið dregið, ef á að skoða heildarmyndina í réttu ljósi. Ég mun því leyfa mér að víkja nokkrum orðum að þessum þætti málsins.

Það er oft vitnað til þess, hve stjórnarfarið í Bretlandi sé miklu traustara en stjórnarfarið í Frakklandi. Sjálfsagt koma þar ýmsar ástæður til, en kosningafyrirkomulagið í þessum ríkjum er áreiðanlega mjög áhrifamikill þáttur að þessu leyti. Í Bretlandi er, eins og kunnugt er, einmenningskjördæmafyrirkomulag, og hefur það leitt til þess, að þar eru tveir stjórnmálaflokkar, sem hafa langmest áhrif í landinu og skiptast oft á um að fara með framkvæmdavaldið. Í Frakklandi aftur á móti hefur kosningafyrirkomulaginu oft verið breytt, það hefur verið horfið frá einni reglu til annarrar með stuttu millibili, stundum reynd einmenningskjördæmi, oft reynd hlutfallskosning með ýmsu sniði, og þar hefur stjórnmálaflokkum fjölgað mjög og þetta allt leitt til þess, að stjórnarfar ríkisins hefur orðið mjög veikt, flokkaskipun sundurleit, og nú síðast hefur verið gripið til úrræða, sem a. m. k. orkar tvímælis að séu fullkomlega lýðræðisleg. Segja má, að nokkuð fjarstætt sé að líta á þetta sem hliðstæðu, og því skal fleira nefnt.

Það er lögð áherzla á það í sambandi við þetta mál, að hvað sem öllu öðru líði, þá sé það þó nauðsynlegt, að kosningakerfið fari eftir einni ákveðinni línu, það séu annaðhvort tóm einmenningskjördæmi eða stór kjördæmi með hlutfallskosningum alls staðar.

Nú er það kunnugt víða um heim, að eitt áhrifaríkt ríki hér í álfu, Vestur-Þýzkaland, hefur grundvallað nýtt stjórnskipulag nú á síðustu árum. Og það hefur vakið eftirtekt víða um heim, hve þetta ríki hefur risið af miklum þrótti upp af rústum styrjaldarinnar, þar sem nú er svo komið um efnahagsmál þess, að það er fremur orðið veitandi en þiggjandi meðal þjóðanna á því sviði. Þá má spyrja: Hvað er það, sem veldur því, að svo hefur til tekizt í Vestur-Þýzkalandi? Ég get ekki svarað þeirri spurningu til hlítar, en ég vil álíta, að þar komi til mikill dugnaður þjóðarinnar og góð gáfa til skipulagningar á þeim félagslegu málum, sem um er fjallað. Það er því ekki ástæðulaust að líta á það, að þessi þróttmikla uppbygging Vestur-Þýzkalands og það þjóðskipulag, sem þeir hafa grundvallað að nýju nú á síðustu árum, er grundvallað á blönduðu kosningakerfi. Kosningalög Vestur-Þjóðverja eru staðfest 8. júlí 1953, og samkvæmt þeim lögum er kosningakerfi það, sem þeir hafa byggt upp, þannig, að af 484 þm. er helmingurinn kosinn í einmenningskjördæmum, og hlýtur kosningu sá frambjóðandi, sem flest fær atkv., en hinn helmingur þm. er kosinn hlutfallskosningum á landslistum, sem stjórnmálaflokkarnir gera úr garði. Vestur-Þjóðverjar grundvalla sitt kosningakerfi þannig með því að blanda saman þessum tveim meginreglum, annars vegar einmenningskjördæmunum til þess að tryggja það, að hið persónulega samband milli þingmannsins og kjósendanna sé sem traustast, og hins vegar hlutfallskosningakerfi til þess að tryggja það, að flokkarnir fái þingsæti í hlutfalli við fylgi sitt eða í meira samræmi við fylgi sitt en orðið gæti með tómum einmenningskjördæmum.

Nú má enn segja, að þetta sé svo fjarlægt,

að það sé ekki hliðstæða við það, sem gera á nú hér á landi. Þá er að líta okkur nær og líta á Norðurlöndin.

Þegar litið er til Norðurlandanna, sem hafa beitt hlutfallskosningum — á mismunandi hátt þó — um alllangt skeið, þá verður það fyrst fyrir, að stjórnmálaflokkarnir þar eru fleiri en hér á Íslandi, og liggur nærri að draga þá ályktun af því, að kosningafyrirkomulagið á Norðurlöndum hafi leitt til þess. Ég hygg, að í Finnlandi séu nú 8 þingflokkar, í Danmörku 6, í Noregi 6 og í Svíþjóð 5. En ef bera á saman kosningareglur Norðurlandanna annars vegar og ákvæði þessa frv. hins vegar, þá kemur í ljós, að jafnvel hvergi þar er hægt að finna fullkomlega sambærilega hliðstæðu við það, sem hér er lagt til.

Í Svíþjóð er kosið til efri deildar þingsins með gerólíkum hætti og til neðri deildarinnar og meira að segja svo ólíkum hætti, að kjördæmin eru alls ekki þau sömu eftir því, til hvorrar þingdeildarinnar er kosið. Þegar kosið er til neðri deildarinnar, er kosið hlutfallskosningum í 28 kjördæmum í landinu. En þegar kosið er til efri deildarinnar, eru kjördæmin aðeins 19, og þá eru kosnir óbeinum kosningum, þ. e. a. s. kjörmannakosningum, af landsþingum og bæjarstjórnum nokkurra stærstu borganna fulltrúar til efri deildarinnar. Með þessu kosningafyrirkomulagi girða Svíar fyrir það, að hlutfallskosningarnar hafi einhliða áhrif á skipan þingsins. Með kosningafyrirkomulaginu til efri deildarinnar tryggja þeir rétt landsbyggðarinnar til áhrifa á val þingfulltrúa, en löggjöf verður þar eins og hér að fá samþykki í báðum deildum þingsins, og eru deildirnar að því leyti, þegar það er skoðað, jafnvaldamiklar. Báðar geta þær fellt frumvörp. Þetta er því ekki hliðstæða við þær tillögur, sem hér liggja fyrir.

Þá skal víkja að Noregi, og segja má, að þar sé að finna það fyrirkomulag, sem einna helzt sé hægt að taka til samanburðar við þetta frv., sem hér liggur fyrir, og þess vegna vil ég gera nokkuð ýtarlegan samanburð á því, kosningaskipan í Noregi og þeirri, sem stefnt er að því að koma hér á.

Í Noregi höfðu um langa hríð verið einmenningskjördæmi, en fyrir alllöngu var kjördæmaskipuninni þar breytt þannig, að stofnuð voru 20 stór kjördæmi í landinu með hlutfallskosningum. Þingmannafjöldi í þessum kjördæmum er misjafn. Hann er fæst 4 þm. og flest 13 þm., og kjósendafjöldinn á bak við hvern þingmann er einnig mjög misjafn í Noregi. En þrátt fyrir það, þó að kjósendafjöldinn sé misjafn, hafa Norðmenn ekki gengið lengra en það í að jafna milli flokka, að þeir láta þá jöfnun, sem fæst úti í kjördæmunum, þegar kosið er hlutfallskosningum milli 4—13 manna, nægja sem jöfnun milli flokkanna jafnframt og hafa engin uppbótarsæti. Kjósendatalan á bak við þm. í hverju kjördæmi í Noregi er þannig, og þessar tölur, sem ég fer með, eru teknar úr norskum hagskýrslum, gefnum út eftir síðustu kosningar til Stórþingsins, sem fram fóru á árinu 1957, en það eru síðustu opinberu tölur, sem fyrir liggja um þetta efni: Í einu kjördæmi eru rúmlega 10 þús. kjósendur á bak við þingmann. Í einu kjördæmi í Noregi eru 11—12 þús. kjósendur á bak við þingmann. Í fjórum kjördæmum eru 12—13 þús. kjósendur á bak við þingmann, í fjórum kjördæmum 13—14 þús. kjósendur, í tveimur kjördæmum 14—15 þús. kjósendur, í þremur kjördæmum 15—16 þús. kjósendur, í þremur kjördæmum 16—17 þús. kjósendur, í einu kjördæmi 20—21 þús. kjósendur, og loks í einu kjördæmi, þ. e. höfuðborginni, 25—26 þús. kjósendur á bak við þingmann.

Við sjáum á þessu, að það skortir allmikið á, að frændur okkar Norðmenn hafi gert jafnróttæka breytingu á kjördæmaskipan sinni og þá, sem nú er stofnað til hér á landi. Einkum verður þetta ljóst, þegar tillit er tekið til þess, sem ég sagði áðan, að í Noregi eru engin uppbótarsæti.

Ég hygg, að þegar á þetta er litið, hefðu frændur okkar Norðmenn leyft sér að láta þann landshlutann, sem fjarlægastur er höfuðborginni, Austurland, halda sinni þingmannatölu frá því, sem verið hefur, en það er meira en sagt verður um það, sem stefnt er að með því frv., sem fyrir liggur. Þetta verður einnig ljóst, þegar á það er litið, að höfuðborg Noregs kýs einungis 13 þm. af 150.

Hvað sem segja má um það réttlæti, sem hlutfallskosningar eiga að veita, sýnir reynslan, þar sem þeim hefur verið beitt til lengdar, að þær ýta undir fjölgun flokka og að í kjölfar þeirra kemur aukið flokksræði. Með þingræðisskipulagi og hjá lýðræðisþjóð liggur almannavaldið í raun og veru í höndum kjósendanna, en þeir fela þingmanni sínum eða þeim fulltrúa, sem þeir veita umboð, að fara með þetta almannavald fyrir sína hönd. Það liggur í augum uppi, að atvik verða oft svo mörg og mismunandi í félagsmálabaráttunni, að kjósandinn getur aldrei séð það með vissu fyrir í öllum atvikum, hvernig sá, sem fer með umboðið, beitir valdinu. En því betur sem kjósandinn þekkir manninn og því meira persónulegt traust sem hann ber til þess manns, sem fer með umboðið, því meiri trygging er fyrir því, að vel sé frá sjónarmiði kjósandans með valdið farið. Og það hefur oft komið fyrir hér á landi, að þetta traust kjósandans á manninum sjálfum, sem umboðið hlýtur, er svo öruggt, að það nær langt út fyrir raðir flokkanna. Það hefur komið fyrir hér á landi alloft, að einstakir þingmenn hafa verið kosnir gagnsóknarlaust í almennum kosningum þó. Sá þm. í okkar hópi, sem setið hefur hér á þingbekk lengur en við hinir, hv. þm. Borgf. (PO), hefur þrisvar sinnum á sínum þingmannsferli í almennum kosningum í landinu verið kosinn gagnsóknarlaust í kjördæmi sínu. Þetta er ekki einsdæmi með hann. Þm. Mýr., Pétur Þórðarson, var a. m. k. einu sinni í almennum kosningum kosinn gagnsóknarlaust í kjördæmi sínu. Hið sama gildir um Benedikt Sveinsson, þm. N-Þ. En þetta hefur ekki gerzt í almennum kosningum á síðari árum. Það er þó ekki vegna þess, að kjósendurnir, fólkið úti í héruðunum, treysti ekki þeim mönnum, sem það gerþekkir, til þess að tak-

ast umboðið á hendur með svona kosningaaðferð; það sýna aukakosningar, þegar fólkið sjálft fær að ráða. 1945 fóru fram aukakosningar í Norður-Þingeyjarsýslu. Þá var kjörinn gagnsóknarlaust Björn Kristjánsson. 1946 fóru aftur fram almennar kosningar í landinu, og var þá að sjálfsögðu kosið í Norður-Þingeyjarsýslu eins og í öðrum kjördæmum. Björn Kristjánsson var nákvæmlega jafnöruggur í kjördæmi sínu 1946 og á árinu áður, og hann naut jafnóskoraðs trausts kjósenda þá og í aukakosningunni, en í almennu kosningunni er hann ekki kosinn gagnsóknarlaust. Það var ekki fólkið í héraðinu, sem krafðist þess. Flokksstjórnirnar hér í Reykjavík sáu fyrir því. Eftir að reglan um uppbótarþingsætin 1933 var lögfest, var loku skotið fyrir það, að nokkur maður, hversu eindregið traust sem hann hafði í héraðinu, fengi lengur að koma inn á Alþingi Íslendinga gagnsóknarlaust í kjördæmi sínu. Það olli því, að keppt var við Björn Kristjánsson 1946.

Með þessu frv., sem hér liggur fyrir, á að reka smiðshöggið á þetta verk. Það á að koma í veg fyrir, að nokkurn tíma í almennum kosningum geti þessi kosningaaðferð orðið viðhöfð, hversu eindregið fylgi sem einn frambjóðandi kann að hafa. Og það á samkv. þessu frv. að gera meira til þess að ganga á snið við persónufrelsi manna. Það er í kosningalögunum, sem nú gilda, og í þingsköpum Alþ. ákvæði um utanflokkaþingmenn, — menn, sem eru utan flokka, og þeim er í þessum lögum tryggður viss réttur til áhrifa á Alþ., viss réttur í útvarpsumræðum á Alþ. og annað slíkt. Með þessu frv. á að koma í veg fyrir það, að nokkur einn Íslendingur, hversu mikilhæfur sem hann kann að vera, geti af eigin rammleik framvegis brotið sér braut inn á Alþingi Íslendinga án þess að safna um sig nokkuð mörgum mönnum á lista. Og ég fæ ekki betur séð en það verði tímabært, þegar eftir að þetta frv. hefur verið samþ., ef svo fer, að strika út úr kosningal. og þingsköpum Alþ. þau ákvæði, sem lúta að rétti utanflokkaþingmanna.

Allt miðar þetta að því að skerða áhrif og hið persónulega frelsi einstaklingsins, en auka vald flokksins. Það þingræði og það ríkisvald, sem er grundvallað á auknu flokksræði og hlutfallskosningum, breytist, hvort sem kjördæmin eru út af fyrir sig gömul eða ný, hvort sem þau eiga sér sögulegan uppruna eða ekki. Það fer eins og við í minni hl. í n. komumst að orði í nál. okkar. Það hlýtur að fara þannig, að sú breyting að taka upp margmenniskjördæmi með hlutfallskosningu í stað persónulegra kosninga eins eða tveggja fulltrúa skapar út af fyrir sig nýjan grundvöll þingræðis, þar sem hún er gerð, hvort sem þau kjördæmi, sem hlut eiga að máli, eru gömul eða ný, hvort sem þau eiga sögulegan uppruna eða ekki.

Þingmaður, sem kosinn er persónulegri kosningu einn í kjördæmi, ber ótvírætt ábyrgð, sem ekki verður á aðra lögð eða skipt að vild til hagræðis. Þessa ábyrgð ber hann persónulega, bæði að því er varðar meðferð mála fyrir kjördæmið og afstöðu til ríkisheildarinnar. Sjálfur hlýtur hann að finna glöggt til þessarar persónulegu ábyrgðar og láta hana hafa áhrif á meðferð umboðs síns. Það er fráleitt, að slíkur þm. geti leyft sér að virða að vettugi vilja og óskir í héraðsmálum, þótt þar kunni að eiga í hlut kjósendur, sem hafa ekki greitt honum atkvæði. Eftir kosningu skoðar hann sig að jafnaði, a. m. k. að því er snertir staðbundin mál, fremur sem þm. kjördæmis en flokks, þótt hvort tveggja komi til greina. Það er í miklu ríkari mæli en í einmenningskjördæmum kosið milli flokka, þegar kosið er hlutfallskosningu um marga menn. Hin persónulega ábyrgð breytist í flokksábyrgð. Það þingræði og það ríkisvald, sem áður hvíldi á herðum persónulega ábyrgra manna, tekur að hvíla á herðum flokka. Í stað samvizku manns kemur ópersónulegt sjónarmið flokks, þegar dæma skal um rétt og rangt. Þetta frv. er því ekki frv. um aukið lýðræði í landinu, það er fyrst og fremst frv. um aukið flokksræði.

Með tilliti til þess, sem ég hef nú sagt, leggjum við í minni hl. til, að afgreiðslu þessa máls verði nú frestað og að málið verði afgreitt með rökstuddri dagskrá, svo hljóðandi:

„Í trausti þess, að stjórnarskrárnefndin, sem skipuð var samkv. þál. 24. maí 1947, taki stjórnarskrármálið í heild til endurskoðunar á árinu 1959 með það fyrir augum, að till. hennar verði lagðar fyrir Alþ. eigi síðar en í ársbyrjun 1960, og athugi sérstaklega tillögur þær, sem fram hafa komið um, að málið verði afgreitt á sérstöku stjórnlagaþingi (þjóðfundi), tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Þetta er aðaltillaga okkar í minni hl. stjskrn. En fari svo mót von okkar, að þessi till. nái ekki samþykki, þá leyfum við okkur til vara og til þess að leita samkomulags um málið að leggja til sem brtt. við það frv., sem fyrir liggur, till. um, að bætt verði við nokkrum kjördæmum, þar sem fólkinu hefur fjölgað mest hér við Faxaflóa, að þm. Reykjavíkur verði fjölgað upp í 12 og að einum þm. verði bætt við á Akureyri. Þetta er flutt til þess að leita samkomulags í málinu og til þess að freista þess að halda hinum forna kjördæmaskipunargrundvelli, sem hefur verið undirstaða þingræðis í þessu landi a. m. k. nokkuð á aðra öld. (**Forseti:** Ég vil leyfa mér að spyrja hv. þm., hvort hann eigi mikið eftir af sinni ræðu?) — Ég hef þegar lokið máli mínu eða svo að segja. Ég skal verða við óskum forseta og ljúka nú þessari ræðu og ætla, að ég hafi í meginefnum gert grein fyrir afstöðu minni hl. stjskrn.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Það bar stundum við, þegar fyrrv. ríkisstj. sat að völdum, að það var spurt um það hér í hv. d., hvar ráðh. væru að störfum, ef þeir voru ekki hér viðstaddir. Það hefur vakið nokkra athygli í dag, að þegar stærsta mál, sem fyrir Alþingi hefur komið frá upphafi vega, er til umr., þá er ekki neinn ráðh. viðstaddur, og aðeins einn af flokksmönnum hæstv. ríkisstj. hefur komið hér við og við. Hv. 1. flm. frv. hefur ekki heldur mátt vera að sitja þingfund, þegar frv. er til 2. umr., sem verður að þessu sinni aðalumræðan, þar sem 1. umr. málsins var útvarps-

umræða. Þetta gegnir nokkuð mikilli furðu, þegar um slíkt mál er að ræða og þetta, og þetta er mál, sem flm. þess hafa talið vera sérstakt réttlætismál, sem þeir þyrftu að koma fram þjóðarinnar vegna. En það virðist eins og hv. flutningsmenn þessa máls hér á hv. Alþingi hafi af einhverjum ástæðum ekki áhuga á því, að mikið sé um málið rætt eða sérstök athygli á því vakin hér á hv. Alþingi. Það er að vísu ekki undarlegt, þó að svo sé. Enda þótt að þeirra dómi sé málið leyst, þá á það mikið eftir, að svo sé.

Þegar Alþingi var endurreist og konungstilskipun var út gefin um, hvernig til þess skyldi kosið, voru tvö meginatriði í þeirri tilskipan. Í fyrsta lagi var það, að réttur héraðanna til þess að eiga sérstakan fulltrúa á Alþingi var þar virtur, og hann var undirstaðan undir þessari skipan. Í öðru lagi áskildi konungsvaldið sér sjálft rétt til þess að eiga þar nokkra fulltrúa. Í meginatriðum hefur þessi skipan haldizt síðan. Þó að breytt hafi verið til, hefur þessari meginstefnu verið fylgt, aðeins hefur verið fjölgað kjördæmum, en ekkert kjördæmi hefur verið niður lagt.

Og hvernig hefur svo þessi skipan gefizt þjóðinni? Allt frá því að Alþingi var endurreist sem ráðgefandi þing, hefur íslenzka þjóðin sótt fram til sjálfstæðis, athafna og þroska. Undir þessu kerfi hefur okkur tekizt að endurheimta sjálfstæði okkar. Og sterkustu rökin, sem við beittum í sjálfstæðisbaráttunni, voru rökin fyrir sögulegum rétti þessarar þjóðar, það voru rökin fyrir því, að þeir, sem litlir væru, ættu líka að eiga sinn rétt og að það ætti að virða hann. Það voru rökin fyrir því, að landfræðileg sérstaða okkar og fjárhagslegt sjálfstæði, sem við mundum geta skapað okkur, ætti að vera grundvöllur fyrir því, að þjóðin ætti að vera sjálfstæð í þessu landi. Og allt frá því að við höfum endurheimt sjálfstæðið, höfum við sótt fram, Íslendingar. Við höfum sótt fram til velmegunar og meiri mennta og þroska. Saga íslenzku þjóðarinnar, frá því að hún fékk málin í sínar hendur, er sönn sigurganga allt frá þeim degi til þessa dags. Nú er svo komið, að við búum við betri lífskjör en flestar aðrar þjóðir í heiminum og við stöndum framarlega á sviði menningar og félagsmála. Þetta höfum við framkvæmt við þá kjördæmaskipun, við þá skipun Alþingis, sem grundvöllur var lagður að einmitt með því, að héruðin hefðu sjálfstæða fulltrúa.

Það hafa komið fram hugmyndir um það að breyta þessu skipulagi, eins og hér hefur verið rætt. En fæstar hafa þær hugmyndir verið byltingarkenndar eins og sú, sem hér er á ferðinni. Þó hefur verið til þess vitnað, að 1905—07 beitti Hannes Hafstein sér fyrir því, að kjördæmaskipun yrði komið á með nokkuð svipuðum hætti og hér er nú boðuð. Sú varð þó raunin, að þessari kjördæmabreytingu var ekki komið á, vegna þess að héruðin úti um landið mótmæltu þessu kröftuglega og þm. sáu að sér, áður en það var um seinan. Þetta frv. var fellt hér í hv. Nd. með þriggja atkv. mun.

En hver er svo ástæðan til þess, að það eru liðin meira en 50 ár, þegar þetta mál kemur hér fram aftur? Ef þetta mál hefði verið sérstakt áhugamál íslenzku þjóðarinnar, þurfa menn ekki að halda, að það hefði verið látið liggja í þagnargildi í hálfa öld. Ef þetta hefði verið það réttlætismál, sem það á að vera nú, hefði það ekki heldur verið látið liggja í þagnargildi í hálfa öld. En sannleikurinn er sá, að íslenzka þjóðin hefur ekki haft áhuga á þeirri kjördæmabreytingu, sem hér á að fara að gera nú, og hún hefur hann ekki í dag, jafnvel þótt henni verði komið á.

Hv. 1. þm. Reykv. sagði hér áðan, að Reykvíkingar hefðu ekki óskað eftir því, að tekin yrðu upp einmenningskjördæmi í Reykjavík. Ég veit ekki heldur til, að það hafi verið óskað eftir því utan af landsbyggðinni, að kjördæmin yrðu lögð niður þar. Mér er ókunnugt um, að það kjördæmi, sem ég er hér fulltrúi fyrir, hafi beðið um, að það yrði lagt niður sem sérstakt kjördæmi, og ég hygg, að svo sé með öll önnur kjördæmi landsins. En gaman væri að fá það upplýst hér í umr., ef svo er ekki.

Sjálfstfl. og Alþfl. hafa verið að fitla við kjördæmabreytingar, bæði 1931 og 1942. En það, sem Sjálfstfl. hefur sérstaklega svarið fyrir, þegar hann hefur verið að vinna að þessum kjördæmabreytingum, er það, að hann mundi ekki vilja leggja niður hin gömlu kjördæmi. Hv. frsm. minni hl. rakti þetta svo rækilega áðan, að ég ætla ekki að fara að endurtaka ummæli þeirra um það. En af hverju voru þeir að sverja fyrir þetta, sjálfstæðismenn, þá, ef þetta var mál, sem þjóðin óskaði eftir, og ef þetta var svo mikið réttlætismál eins og það á að vera í dag?

Nei, þeir vissu það ósköp vel, að þjóðin óskaði ekki eftir þessu. Hún vildi fá að halda sjálfstæði héraðanna, eins og hún vill það í dag, þó að þeir freisti þess núna, þegar þeir eru orðnir vonlausir um sín áhrif við núverandi kjördæmaskipun.

Og hverju á svo að fara að breyta? Það, sem á að gera með þessari breytingu, er að leggja niður áhrifavald héraðanna frá því, sem áður var, og gefa pólitíska valdinu, sem konungurinn áskildi sér 1843, nú fullkominn rétt. Í staðinn fyrir það, að héraðavaldið og pólitíska valdið hafa farið saman hér á Alþingi, á nú aðeins að taka tillit til hins pólitíska valds.

En af hverju er svo verið að þessu? Af því að þetta er réttlætismál, segja flm. þess. Handa hverjum er þetta réttlæti, sem á að fara að skapa? Það á að vera handa pólitísku flokkunum í landinu, það er þeirra réttlæti, sem unnið er nú að því að skapa.

Hvernig var þetta með Sjálfstfl. 1953? Hafði hann þá ekki sérstakan áhuga á því að skapa pólitískt réttlæti í landinu, skapa réttlæti handa þjóðinni, eins og nú á að fara að gera? Nei, þá var Sjálfstfl. að tala um það, hvað hann þyrfti að fá mörg atkvæði í þessu og hinu kjördæminu til þess að geta haft meiri hl. á Alþingi. Þá skipti ekki máli, hvort það var meiri hl. þjóðarinnar, sem stæði á bak við Sjálfstfl., aðeins að Sjálfstfl. fengi þessi fáu atkvæði, sem hann vantaði til þess að ná meiri hl. á Alþingi.

Þá var það ekki óréttlæti að stjórna landinu með minni hl. kjósenda á bak við sig.

Og hvað er að segja um hina flokkana? Mér finnst nú, að fornir vinir vorir, Alþýðuflokksmenn, hefðu gjarnan mátt muna þetta fyrr, að réttlætið er eins nauðsynlegt og þeir álita nú. Og hvernig hafa þessir flokkar hagað sér í þeim félagssamtökum, sem þeir hafa ráðið? Frsm. minni hl. gat þess hér áðan, að það þykir ekki ástæða til að vera að koma réttlætinu inn í verkalýðsfélögin. Það þykir ekki ástæða til að koma réttlætinu við, þegar kosið er til Alþýðusambandsþings. Þau samtök hafa þó sitt að segja í okkar íslenzka þjóðfélagi, og þau samtök vilja, að þau séu virt, sem á líka að gera. — En þar þarf ekki að beita réttlætinu. Nei, réttlætið, sem er verið að tala um, og framsóknarmenn eiga að vera þeir einu, sem vilja ekki virða réttlætið, — nei, réttlætið ykkar, góðu herrar, það er ekki þess vert að virða það. Það er aðeins hugsað út frá þeim flokkshagsmunum, sem ykkur henta, og annað ekki. Það er ekki gert fyrir þjóðina, heldur fyrir flokkana ykkar, enda eru öll rökin, ef rök skyldi kalla, sem færð eru fram hér þessu máli til stuðnings, við það eitt miðuð að sýna, hvað flokkarnir geta haft upp úr þessu.

Og hvernig er svo það réttlæti, sem hlutfallskosningarnar skapa? Situr ekki bæjarstjórnarmeirihlutinn á Sauðárkróki með minni hluta kjósenda á bak við sig? Er ekki sama að segja í Keflavík? Og hefur ekki bæjarstjórn Reykjavíkur oftar haft minni hluta kjósenda á bak við sig, þó að hún hafi haft meirihlutavald í bæjarstjórn? Þetta réttlæti hafið þið samt getað unað við.

Og svo er annað atriði í sambandi við hlutfallskosningarnar, sem hv. frsm. meiri hl. kom hér að áðan. Hann sagði: Kjósendurnir geta fært til á listanum og ráðið þess vegna meiru um. — Ég skal segja ykkur eitt lítið dæmi af því, sem ég veit í sambandi við hreppsnefndarkosningar. Það var á lista, sem fékk um 190 atkv., en það voru 16 eða 17 menn, sem tóku sig til og strikuðu einn mann út af listanum, og hann féll. Það voru 170 manns, sem vildu fá þennan mann inn í hreppsnefnd, og listinn átti að hafa hann, en réttlætið var nú svona, að 17 menn réðu fyrir þessum 170. Þetta er nú réttlæti hlutfallskosninganna, ef út í það er farið. — Og mikið held ég að það hafi verið mikils virði fyrir minni hl., sem hefur setið í bæjarstjórninni hér í Reykjavík, sá réttur, sem þeir hafa haft. Stundum hef ég heyrt talað um það, að sjálfstæðismennirnir hér í Reykjavík hafi ekki gert mikið með andstæðinga sína í bæjarstjórninni. Og ég man, að þegar hæstv. forsrh. mátti sín mikils í Hafnarfirði, þótti íhaldinu í Hafnarfirði ekki mikill rétturinn, sem hann skapaði þeim, þótt þeir ættu setu í bæjarstjórninni.

Svo er það jöfnuðurinn: það þarf að jafna, dreifbýlisfólkið ræður of miklu á landi hér. Það þarf nú að koma í veg fyrir, að þetta fólk hafi þau völd, sem það hefur, og við þurfum að jafna það.

Ekki sé ég, að þessi völd dreifbýlisfólksins hafi nú staðið þéttbýlinu fyrir þrifum, og ég verð að segja það sem mína skoðun, að mér finnst, að fólksflutningar hér á landi hafi verið nógu örir, þó að fólkið úti í dreifbýlinu hafi haft þann rétt, sem það hefur haft til þessa, að kjósa sér sérstakan þingmann. Og það hefur heldur aldrei látið sér detta annað í hug en að fólkið í þéttbýlinu ætti líka að eiga sína sérstöku fulltrúa. En ef við förum að jafna rétt, þá verðum við að jafna hann á fleiri sviðum en einu. Það er ekki nóg fyrir okkur að tala um, að það þurfi að jafna kosningarréttinn, það er fleira, sem þarf að jafna, heldur en kosningarrétturinn einn. Ég minnist þess, að 1957, í sambandi við afgreiðslu efnahagsmála, ákvað þáverandi þingmeirihluti að leggja á stóreignaskatt, til þess að þeir menn, sem höfðu hagnazt mest á verðbólgunni, legðu meira af mörkum en aðrir. Það þótti nú ekki sérstaklega vel að farið að fara að jafna réttinn þá. Nei, það voru nefnilega vondir menn, sem voru þá að reyna að jafna réttinn, og það var réttur, sem átti ekki að jafna.

Það þarf að jafna fleira en það, sem felur í sér að minnka rétt fólksins, sem úti í dreifbýlinu býr. Hvað er að segja um ýmis lífsþægindi? Hefur fólkið úti í dreifbýlinu rafmagn á borð við hina, sem í þéttbýlinu búa? Nei, það hefur það ekki. En stjórnarliðið taldi samt rétt núna í sambandi við afgreiðslu réttlætismálsins að rétta því annað, aðra sneið, og það var að minnka fjárframlög á fjárlögum til þess að framkvæma rafdreifingu út um landið. Það var vafalaust gert til þess að jafna um réttinn á milli þessa fólks, sem við órétt eða misrétti býr að þessu leyti. Og höfum við, sem úti á landinu búum, svipaða aðstöðu í atvinnulífi gagnvart bönkum, innflutningsstofnun og öðru slíku? Nei, við höfum það ekki. Og ef þið ætlið að fara að jafna réttinn, þá verðið þið að gera það á fleiri sviðum, og það er skrýtinn jöfnuður að taka réttinn af þeim, sem verr eru settir í þjóðfélaginu, og flytja hann til hinna.

Eins og ég drap á áðan, hafa fólksflutningar í þessu landi verið nógu örir, þó að ekki sé að því stefnt að auka þá. Mér finnst, að dreifbýlið hafi lagt þéttbýlinu nógu mikið til með því að ala upp það mannvænlega fólk, sem það hefur sent hingað í þéttbýlið með því fjármagni, sem úr dreifbýlinu hefur farið, þó að ekki sé bætt við. Og ef menn ætla að fara að draga úr aðstoð við dreifbýlið, þá gerist annað og meira, og það er það, að landshlutar leggjast í auðn. Kannske finnst mönnum ástæða til þess, að svo eigi að fara. Það var einhvern tíma orðað, þegar um þessi mál var rætt hér í sambandi við kjördæmabreytingu, — það mun hafa verið 1931, — þá var sagt: Er ekki nóg, að við berum á túnið, þurfum við að bera á úthagann líka? — En ég segi ykkur það satt, að það eru sannanir fyrir því, að fólkið úti um hinar dreifðu byggðir landsins leggur íslenzku þjóðinni það mikið í framleiðslu, að það er ekki ástæða til að vanmeta það. Í mörgum smákauptúnum og sjávarþorpum er framleiðsla sjávarafurða miklu meiri en hún er hér, og í sveitum landsins er framleiðsla á hvern ein-

stakling svo mikil, sem kunnugt er, að hún hefur aukizt þrátt fyrir það, að fólkinu hefur fækkað. Og við höfum ekki efni á því að draga úr þessari framleiðslu. Við þurfum að auka útflutningsframleiðsluna, bæði það, sem tekið er af sjávarafurðum og landafurðum. Og það eru sannanir fyrir því, að á s. l. ári seldum við upp alla okkar mjólkurframleiðslu og meira en það. Það er þess vegna ekki ástæða til þess að draga úr aðstoð við kjördæmin úti á landinu, það er ekki ástæða til að draga byggðina saman, heldur hitt.

Þá hefur því verið haldið fram í þessum umræðum, að harkan í kosningabaráttunni í einmenningskjördæmunum sé svo mikil, að það þurfi að koma í veg fyrir hana, og það muni breytast með stóru kjördæmunum. Það var bent á það hér áðan, hvernig það væri í Reykjavík. Haldið þið, að það sé minni harka í kosningabaráttunni í Reykjavík en úti um landið? Ég veit það vel, að harka í kosningabaráttu er mikil, og þekki til kjördæma, þar sem mismunur er litill og hart hefur verið barizt. En ég veit, að hún er ekki meiri en hún hefur verið hér. Og ég veit það líka, að áhrif fjármagns og atvinnufyrirtækja eru helzt hér í Reykjavík. Það er ekki vegna þess, að draga þurfi úr hörku í stjórnmálabaráttunni, að þessi breyting er gerð.

Þá er rætt um það, að sá hluti kjósenda í kjördæmi, sem ekki fær kosinn þingmann, eigi ekki fulltrúa hér á hv. Alþingi, því að þingmaðurinn sé bara fyrir þá, sem kjósa hann. — Skömmu eftir að ég hafði verið kosinn þingmaður, kom til mín myndarleg kona, búsett í minu héraði. Hún sagði við mig: Meðan þú varst frambjóðandi, varstu andstæðingur minn, en eftir að þú ert orðinn þingmaður, þá ert þú fulltrúi fyrir mig sem aðra. — Þetta er skoðun fólksins almennt, og ég er sannfærður um það, að þeir menn, sem vilja halda því fram núna, að andstæðingar okkar í kjördæmunum, sem kjósa okkur ekki, eigi ekki fulltrúa á Alþingi, þar sem einmenningskjördæmi eru, þeir hafa ekki hagað sér sjálfir þannig í sinni þingmennsku. Þeir vita það, að þeir eru kjörnir þingmenn kjördæmisins, og haga sér eftir því.

Aðalþáttur þingmannsins er að sjá fyrir hagsmunum kjördæmisins í heild, og það hafa þingmenn reynt að rækja. Því hefur líka verið haldið fram í sambandi við þetta mál, að þingmenn ræktu þann þátt of vel, þeir hefðu of mikið kjördæmasjónarmið og þess vegna þyrfti að fjarlægja þá úr þeim tengslum. Það hefur verið fært fram sem rök með kjördæmum. Þar var það sagt og vitnað í franskan málshátt, að litlu kjördæmin sköpuðu litla þingmenn. Þá skapa nú litlar þjóðir litla menn, og verðum við að sætta okkur við það. En er nú reynsla okkar hér á landi sú, að frá litlu kjördæmunum hafi litlu þingmennirnir komið? Má ekki minna á Jón Sigurðsson í því sambandi, sem var ekki þingmaður fyrir stærra kjördæmi en Vestur-Ísafjarðarsýslu? Og má ekki minna á Tryggva Þórhallsson, sem var þingmaður fyrir Strandasýslu og þykir ekki stórt kjördæmi? Ég held, að þeir, sem úr stærri kjördæmum hafi komizt eða með þann titil að heita landskjörnir, mættu vel við una, þó að þeir hefðu bara þá stærð, sem þessir menn höfðu. En ef þetta er nú svo, sem hér hefur verið drepið á, að það væri styrkur fyrir litlu kjördæmin að fá að sameinast hinum stærri og koma þannig saman sem heild, eins og það er orðað hér á Alþingi, mundum við þá ekki segja, að það væri styrkur fyrir okkur að fá að taka þátt í kosningum t. d. á þing Sameinuðu þjóðanna með öðrum Norðurlöndum? Við gætum vel hugsað okkur þann hátt á því, að þar væri einn listi og það ættu að vera jafnmargir fulltrúar fyrir þessar þjóðir og er nú. En haldið þið, góðir hálsar, hv. þm. hér og aðrir, að við teldum, að þetta væri hagur fyrir okkur? Nei, við mundum telja þetta móðgun og að litla þjóðin mundi týnast með þessum hætti, eins og litlu kjördæmin týnast, ef hér verður að farið sem að er stefnt. Og ég held, að það væri alveg sama, í hvaða samtökum það væri, sem okkur væri boðið upp á þetta kosningafyrirkomulag. Við mundum vilja eiga okkar sérstaka fulltrúa, þó að hann væri fulltrúi frá litilli þjóð.

Þá hefur á það verið bent, að flokksvaldið mundi minnka. Haldið þið, segja flutningsmenn og fylgjendur þessa máls, að það væri ekki munur fyrir Skagfirðinga, Húnvetninga og Siglfirðinga að standa saman gegn Reykjavíkurvaldinu? En gæti það nú ekki skeð, að Skagfirðingar, Siglfirðingar og Húnvetningar kæmu sér ekki saman innbyrðis, og haldið þið, að það væri þá styrkur? Hver færi þá með þeirra mál? Það væru flokksstjórnirnar og engir nema flokksstjórnirnar. Og þannig verður það, það er verið að auka vald flokksstjórnanna með þessu frv., enda er það miðað við það, sem kallað er að jafna á milli flokka.

Ég man eftir því í sambandi við 1. umr. þessa máls, að hv. þm. A-Húnv. (JPálm) talaði um það, að hann ætti greinda og góða kjósendur, en sinn styrkur hefði verið meiri, ef á bak við hann hefðu verið fleiri kjósendur og hann væri kominn í nýja kjördæmið. Mín skoðun er önnur. Ég veit það af kunnugleik, að hv. þm. A-Húnv. er vel séður heima í sínu héraði. Hann nýtur þar trausts, og það mundi engri flokksstjórn hafa verið fært að ýta honum frá framboði, þó að hún hefði ætlað sér. En það er ekki þar með sagt, að Skagfirðingar eða Siglfirðingar, svo að dæmi séu nefnd, meti Húnvetninginn, hv. þm., Jón Pálmason. Nei, það fer ekki saman, að maðurinn, sem er vel kynntur í því héraði, þar sem hann er búsettur og fólk þekkir hann, njóti trausts hjá hinum.

Þá er því haldið fram, að það mundi vera auðveldara að fá bændur til þingsetu en verið hefur, ef þetta mál nær fram að ganga. Rökin fyrir því var harkan, sem átti að vera í kosningabaráttunni. En á það má benda, að þessir menn margir eru hlédrægir menn, góðir og gegnir og vel kynntir heima fyrir. En það nægir ekki að vera vel kynntur heima fyrir, þegar komið er út í stóru kjördæmin. Slíkur maður þekkist ekki um nýja kjördæmið allt. Þess vegna er verra fyrir hann að sækja fram í kosningabaráttu en ella. Þá hefur reynslan

verið sú, að það hefur yfirleitt ekki verið algild regla að færa upp á listunum, eins og talað var um hér um daginn. Þess vegna munu þessi rök ekki reynast haldgóð, enda vita allir, að það verður erfitt fyrir bændur að sitja á þingi, ef á að rækja þingmennskuna eitthvað í líkingu við það, sem nú er gert, ef þeir eiga að sinna svo stóru kjördæmi eins og nú eiga að verða. Það hefur verið talað um, að þeir hefðu ekki tíma til þingmennskunnar, eins og nú háttar, þegar þeir geta þó setið heima í sínum héruðum og eiga tiltölulega auðvelt með að hafa samband við kjósendur sína. En hvað þá, ef þeir þurfa að ferðast um svona stóran landshluta? Ég veit líka dæmi þess um einn af þingbændum nú, að hann mundi ekki sitja hér á hv. Alþingi, ef þessi skipan hefði verið komin á.

Þá hafa kosningar til búnaðarþings verið nefndar í þessu sambandi, og þær hafa verið teknar sem dæmi um það, að hér væri svipað að farið og í sambandi við búnaðarþingskosningar. En hér er nefnilega mjög málum blandað. Hvað eru búnaðarsamböndin? Búnaðarsamböndin eru ekkert annað en sjálfstæðar heildir, sem eru myndaðar eins og sýslufélögin. Þau eru mynduð af hreppabúnaðarfélögunum, sem bak við þau standa. Búnaðarsamböndin fara með öll mál þessara sérstöku heilda. Þau fara með öll sameiginleg mál hreppabúnaðarfélaga. Svæði þeirra eru mismunandi stór, t. d. nær Búnaðarsamband Borgarfjarðar yfir Mýra- og Borgarfjarðarsýslur, Búnaðarsamband Suðurlands nær yfir Suðurlandsundirlendið, Búnaðarsamband Dala og Snæfellsness náði yfir Dali og Snæfellsnes áður fyrr, en þar eru samböndin nú orðin tvö. En þetta eru allt sjálfstæðar heildir, félagslega og fjárhagslega. Þess vegna geta ekki nema þessar heildir kosið sína fulltrúa til búnaðarþings, alveg eins og sýslurnar. Og þróunin hefur svo orðið sú á síðari árum, að yfirleitt hafa kjördæmin til búnaðarþings verið minnkuð og meira stefnt inn á beinar kosningar. Og þannig mun það nú vera t. d. í Búnaðarsambandi Borgarfjarðar, að þar hefur yfirleitt verið kosinn með samkomulagi sinn maður úr hvorri sýslu. Hér er hins vegar ekki verið að skapa neinar sjálfstæðar heildir.

Hv. 1. þm. Reykv., frsm. meiri hl., sagði: Sýslurnar eiga að halda sér. Hrepparnir eiga að halda sér. — Það er ekki verið að skapa neina heild, hér er aðeins verið að þvinga fólkið til að kjósa þingmenn hvort með öðru, hvort sem því líkar það betur eða verr. Það er ekkert á bak við þessa þingmenn, og ég fullyrði, að ekki er hægt að halda þessari skipan, það er ekki hægt að láta þingmennina frekar en aðra dansa í lausu lofti, því að hér er ekki byggt á jörð. Og það, sem gerist, er, að annað tveggja verður að breyta fornri sýsluskipan eða gera landið allt að einu kjördæmi, og að því er stefnt.

Og svo tala menn um, að þessi tilhögun eigi að vera styrkur fyrir landsbyggðina, það eigi að vera styrkur fyrir sveitirnar að fá fulltrúa kosna eftir þessari leið, þær hafi aðgang að mörgum og allir flokkar eigi þá fulltrúa í kjördæminu, — að það sé ekki hætta á, að ríkisstj. beiti héruðin neinum fantatökum, eins og nú er, ef hún er andstæð þingmanni. En gæti nú ekki skeð, ef við hugsuðum okkur, að þeir þingmenn, sem nú eru fyrir í héraðinu, héldu áfram þingsetu, og þeir mundu fyrst um sinn líta á sig í tengslum við sín kjördæmi, — gæti nú ekki skeð, að ríkisstj., sem hefði tilhneigingu til þess að beita slíkum tökum, að líta á andstæðing sinn sem andstæðing í sambandi við fjárveitingar og annað til héraðanna, hún beitti því einnig við þau héruð innan þessa svæðis, sem ættu þingmenn úr andstæðinga hópi? Ég held, að ef út í það væri farið, þá gæti þetta skeð. En ef það er styrkur fyrir héruðin að sameinast, af hverju er þá verið að segja við bændur landsins um leið: Gætið ykkar, þið eruð ekki nema 20 þús. móti 150 þús. Ef þið ekki takið það, sem að ykkur er rétt í þessu, þá getur verið, að ykkur verði mælt eins og þið mælið öðrum? — Mundi nú vera verið að segja þeim þetta samtímis því, sem verið væri að auka vald í höndum þeirra? Ef á að auka valdið hjá þessum 20 þús. gegn þessum 150, mundi þá þessi sneið vera látin fara með? Nei, flm. þessa frv. gera sér alveg grein fyrir því, að þeir eru að draga valdið úr höndum héraðanna, en ekki auka það, þó að það sé stundum reynt að punta upp á það með þessum og álíka fullyrðingum. En það gagnar lítið, því að hitt kemur með.

Þá er talað um, að það þurfi að gera þetta, því að forréttindi Framsfl. séu svo mikil, það sé alveg ómögulegt að láta Framsfl. hafa þessi forréttindi. Hvaða forréttindi hefur frambjóðandi Framsfl. í Mýrasýslu fram yfir frambjóðanda Sjálfstfl.? Mér er ekki kunnugt um þau forréttindi. Ég veit ekki annað en þessir menn verði báðir að berjast fyrir sinni pólitísku tilveru án þess að hafa nokkur forréttindi. Og ég vil spyrja: Hvaða forréttindi hefur frambjóðandi Sjálfstfl. fram yfir frambjóðanda Framsfl. á Snæfellsnesi? Ég veit ekki til þess, að þar sé heldur um nein forréttindi að ræða. Þeir verða að berjast fyrir sínum málstað, og fólkið metur málstaðinn eftir sínum geðþótta. Hér er því ekki um nein forréttindi að ræða. Þessi forréttindi, sem þið eruð að tala um, hv. þm., til handa Framsfl., það eru héruðin, sem þið eigið við, en það er bara betra orðalag fyrir ykkur að kenna þetta við Framsfl.

En það hefur verið gerð tilraun til þess áður að hnekkja valdi Framsfl. með kjördæmabreytingu. Það átti að gera 1931, og það átti að gera 1942. Og þið verðið að halda út í þriðju baráttuna nú til þess að reyna að hnekkja valdi flokksins. Og þið skuluð sanna það, að þó að ykkur takist þetta, þá verður Framsfl. ekki eytt eða hann verður ekki minnkaður með löggjöf. Nei, það verður ekki langur tími, þangað til þið, hv. þm., andstæðingar Framsfl., eða eftirmenn ykkar verða að reyna við þennan flokk enn þá, og þá verður það auðvitað gert með því að gera landið allt að einu kjördæmi, og þá verður það réttlætismál, af því að Framsfl. hefur forréttindi.

Það, sem að er stefnt með þeirri breyt., sem hér er boðuð, er að gera pólitíska valdið í land-

inu sterkt og eyða valdi héraðanna. Þetta er meginmálið í þessu öllu saman. Og af hverju er verið að þessu? Þegar nýsköpunarstjórnin sat hér að völdum 1944—46, mátti heyra sitt af hverju til landsbyggðarinnar. Ef við förum um landið, finnum við ekki margar framkvæmdir úti um landsbyggðina frá þeim tíma, kannske 3 eða 4 hús í sveitum og álíka margar hlöður. Nei, þá var ekki verið að auka vald landsbyggðarinnar, þá var verið að rýra það eins og hægt var. Þá var bændum skipað sérstakt ráð, búnaðarráð, til þess að fara með þeirra verðlagsmál, og annað var eftir því.

En þessi stefna, þetta vald, sem þessir flokkar höfðu náð, stóð skammt. Og það tókst að hefja aftur markvissa baráttu fyrir framförum úti um landsbyggðina. Þessi stefna hefur unnið á, og henni hefur verið haldið fram sleitulaust síðan, enda hefur Framsfl. verið í ríkisstj., síðan nýsköpunarstjórnin fór. En nú er bara komið að því aftur, að það þarf að fara að reyna að hnekkja þessu byggðavaldi, og nú á að reyna að gera það svo, að um muni. Nú á að fara að framkvæma stefnuna, sem hv. 3. þm. Reykv. (EOl) orðaði hér í vetur í sambandi við umr. um niðurfærslu verðlags og launa, að það þyrfti að draga úr landbúnaðarframleiðslunni, og annað eftir því, breyta fjárfestingarpólitíkinni, — og þetta yrði kannske hægt að gera, þegar búið væri að breyta kjördæmunum. Og nú á að fara að framkvæma stefnuna, sem hv. 1. þm. Reykv. (BBen) orðaði á þá leið, að þegar hann færi út um landsbyggðina, þá væru sérstaklega tvær byggingar, sem færu í taugarnar á þessum ágæta þm. Það var íbúð kaupfélagsstjórans, og það var verzlunarhús kaupfélagsins. Þar voru fjárfestingarliðir, sem mátti draga úr. Það á að neita 500—600 manns í Kaupfélagi Borgfirðinga um að byggja yfir sína verzlunarstarfsemi, af því að húsið getur farið í taugarnar á hv. 1. þm. Reykv. Það er að þessu, sem er stefnt með þeirri breyt. á stjórnarskránni, sem hér er boðuð. Og það þarf að byrja á því að eyða valdi héraðanna, til þess að það sé hægt að koma fram þessari stefnu. Þetta vita þessir hv. þm., og þess vegna er nú byrjað á byrjuninni. Og það á að halda áfram á þeirri braut, sem nú er mörkuð, að reyna að fleyta efnahagsmálunum, eins og gert er með fjárlagaafgreiðslunni, með niðurgreiðslum, þar sem framkvæmdafé er tekið til niðurgreiðslnanna, þangað til þetta er komið í kring. Þetta er mergur málsins, og að þessu er stefnt með þeirri breytingu á stjórnarskránni, sem hér er verið að vinna að. Það á að hætta uppbyggingunni úti um landsbyggðina. En til þess að það sé mögulegt, þarf að taka valdið af héruðunum.

Ég leyfi mér hér með að spyrja, áður en ég lýk máli mínu: Er það hyggilegt fyrir okkur Íslendinga að leggja mest upp úr höfðatölureglunni, eins og hér er gert? Við, sem erum minnstir af þeim minnstu og viljum þó vera sjálfstæðir og fara með okkar sérstöku mál sjálfir, er það skynsamlegt af okkur, að við skulum nú í samskiptum borgaranna innbyrðis leggja höfðatölureglunna sem þungamiðju í stjórnskipunarlögum okkar? Þó að það sé sagt hér, að héruðin úti um landsbyggðina hafi meiri rétt en þéttbýlið, þá er því við að bæta, að ofan á kjörna þm. eru settir 11 uppbótarþingmenn til að þynna þetta sem mest út, enda er það yfirlýst stefna sumra af flm. þessa frv., þeirra sem vilja segja það, að það sé stefnt að því að gera landið allt að einu kjördæmi, enda vitum við það, því að fullyrðingar þeirra sjálfstæðismanna um þetta mál nú eru ekki meira virði en þær, sem þeir hafa gefið áður og ganga í gagnstæða átt við það, sem nú er verið að gera.

Það var sagt frá því í aðalstjórnarblaðinu, þegar frá þessu máli var sagt og því samkomulagi, sem um það var orðið, að það væri búið að tryggja framgang kjördæmamálsins. Þegar flm. höfðu komið sér saman um að flytja það, þá var þar með búið að segja: Það er búið að tryggja framgang sjálfs kjördæmamálsins. — Það þurfti ekki að vera að spyrja íslenzku þjóðina um það, hvort þetta mál ætti að ná fram að ganga eða ekki. Nei, hv. þm. G-K. (ÓTh), hv. 3. þm. Reykv. (EOl) og hæstv. forsrh. (EmJ), þeir höfðu ákveðið, að málið skyldi ná fram að ganga, og þar með var framgangur málsins ákveðinn. E. t. v. lætur þjóðin þessa menn ráða um afstöðu sína gagnvart þessu máli, en þá eru flokksböndin orðin sterk. En það eiga eftir að verða kosningar um þetta mál, þar sem þjóðin á eftir að segja sitt. Og ég verð að segja það, að ég öfunda ekki þá menn, sem fara út um landsbyggðina í vor og segja við fólkið: Viljið þið gera svo vel að láta mig fá atkvæðin ykkar, svo að ég geti lagt kjördæmin ykkar niður? Það verður auðvitað fleira haft með í pokahorninu, en mergur málsins er þessi. Og íslenzka þjóðin þarf að gæta þess að afhenda ekki pólitíska valdinu í landinu rétt héraðanna á þann hátt eins og hér er ætlazt til.

Eiríkur Þorsteinsson: Herra forseti. Þegar samstarf tókst fyrir síðustu kosningar milli Framsfl. og Alþfl., var það mikið áfall fyrir Sjálfstfl., en til þess að reyna að gera sig gildandi gegn slíku bandalagi, uppnefndi Sjálfstfl. bandalagið og nefndi það „Hræðslubandalag". Átti hinn almenni kjósandi að líta svo á, að þetta bandalag vinstri flokkanna í landinu væri myndað í tilefni af hræðslu við sjálfan Sjálfstæðisflokkinn.

Ég fyrir mitt leyti tel það ekki og taldi ekki þá neitt óeðlilegt, þótt verið væri á verði af öllu hugsandi fólki landsins gegn því, að Sjálfstfl. fengi meirihlutavald á Alþingi Íslendinga.

Sjálfstfl. gegndi síðan forustuhlutverki í því að skipuleggja kauphækkanir hinna ýmsu stétta þjóðfélagsins í tíð vinstri stjórnarinnar og auka þar með dýrtíð og að sama skapi útgjöld ríkissjóðs. Urðu þau öfl, er þessu hlutverki gegndu, ofan á á Alþýðusambandsþingi í lok nóvember s. l. Var þar með fyrir borð borinn sá grundvöllur, sem stjórnarsamstarf Framsfl. og verkalýðsflokkanna var reist á, enda ollu þessi viðbrigði verkalýðsflokkanna algerum friðslitum innan ríkisstj., svo sem nú er öllum landslýð

kunnugt, og urðu endalokin þau, að Hermann Jónasson baðst lausnar fyrir ráðuneyti sitt í byrjun desembermánaðar.

Forustulið Sjálfstfl. lagði hart að sér og flokki sínum til þess að rjúfa vinstri stjórnina, til þess að mynda stjórn að nýju, en enda þótt fyrra atriðið tækist, misheppnaðist hið síðara. Olli þessi misheppnaða tilraun forustuliði Sjálfstfl. allmiklum áhyggjum, svo að ekki sé sterkar að orði kveðið, og voru nú feldir breiddir yfir höfuð og mikil plön lögð.

Ekki mátti Framsókn gamla sleppa svo frá þessu, að henni yrði ekki að nokkru klórað, enda greip mikill ótti ýmsa í forustuliðinu um, að Framsfl. fengi nú bætta aðstöðu eftir þetta getuleysi Sjálfstfl.

Ótti þessi gróf um sig dag frá degi og endaði með því, að nú var í fyrsta sinn myndað hræðslubandalag stjórnmálaflokka á Íslandi, og nú var hræðslan af ýmsum toga spunnin. Eins og alþjóð veit, var vinstri stjórnin athafnasamasta ríkisstj., sem nokkru sinni hefur farið með völd í landinu. Starf hennar gekk allmjög út á það að efla alhliða atvinnuvegi þjóðarinnar til lands og sjávar, skapa nýjan og bættan verðlagsgrundvöll fyrir allar útflutningsvörur og gera mögulegan útflutning á afurðum, sem áður fékkst ekki fyrir nægilega hátt verð. Þetta tókst með lögunum, sem sett voru um útflutningssjóð árið 1958. Vinsældir vinstri stjórnarinnar í sambandi við þetta óttuðust sjálfstæðismenn mjög. Með þessu ávannst það, að áhugi manna óx fyrir landbúnaði og sjávarútvegi og flótti fólksins stöðvaðist frá arðbærum störfum til örari göngu í gæfuleit á steyptum borgargötum. Þessi straumhvörf og önnur, er siglt hefðu í stórum stíl í kjölfarið, ef með festu og öryggi hefði auðnazt að gera þessa og framhaldandi aðgerðir þings og stjórnar að uppistöðu í gróandi þjóðlífi, voru ekki í anda þess glundroða og stefnuleysis, sem nú auðkennir, hvar sem litið er á, aðgerðir hæstv. núv. ríkisstj., sem er leppstjórn Sjálfstfl. og ber helzt á sér blæ hins framliðna, sem tekizt hefur að vekja upp að nýju, og eru nú allar aðgerðir uppvakningsins óþekkjanlegar frá fyrra lífi, enda fljótt auðséð, að hvorki hugur né hönd stjórnast eftir eigin tauga- né æðakerfi. E. t. v. er hér aðeins um dáleiðslu að ræða. Er þá vonandi, að hinir villuráfandi losni sem fyrst undan áhrifavaldi dávaldsins, áður en þjóðin liggur öll óbætt hjá garði fyrir þeirra aðgerðir.

Því er nú verr, að allt er þetta með ráði gert. Sjálfstfl. var svo hræddur um vinsældir vinstri stjórnarinnar, að hann var tilbúinn í allt, sem stuðlað gat að falli hennar. En kálfar launa sjaldan ofeldi, og það sannaðist á kratabroddunum. Flokkur þeirra var andstæður þeirri stefnuskrá, sem hans menn í ríkisstj. samþykktu, sem var að halda niðri kaupgjaldi og verðlagi. Í þess stað samfylkti Alþýðuflokksliðið í öllum stéttarfélögum Reykjavíkur með Sjálfstfl. og efndu til kauphækkana með uppsögn samninga, hvar sem þeir gátu, til þess eins að gera þeirri ríkisstj., sem þeirra flokksmenn voru aðilar að og þátttakendur í, sem allra erfiðast fyrir, enda leiddi það til slaukinna útgjalda á fjárlögum ríkisins, með þeim afleiðingum, sem ég áður tók fram, að stjórnin sagði af sér.

Af þessu leiddi, að Alþfl. og ekki sízt foringjar flokksins voru orðnir ofur lítið órólegir. Fólkið, kjósendur þeirra, hlýddi hvorki á boð þeirra né bönn. Nú vilja sem sagt verkalýðsforingjar Alþfl. semja við Sjálfstfl. um hlutdeild í peningum og auðæfum sjálfs auðvaldsins. Nú hafa embættissinnaðir foringjar þessa flokks slegið svo á sjálfstraust og baráttuvilja flokksins, að hann kærir sig ekki lengur um að heimta rétt sinn með samheldni gegnum áhrifavald máttugra flokkssamtaka, heldur skal ganga auðvaldinu á hönd og fá því valdið í hendur, sem almúginn á í sjálfum sér og getur tekið, aðeins með því að dýrka hvorki foringja né molana, sem detta af borðum húsbændanna. Hvað um það, Alþfl.-foringjaliðið var orðið hrætt á báða bóga. Þeir gengu á fund foringja Sjálfstfl. og báðu þá auðmjúklega fyrirgefningar á þessu útundanhlaupi með Framsókn, nú væru þeir komnir og iðruðust synda sinna, en þeir væru hræddir við þær. Og sjálfstæðisforingjarnir þökkuðu þeim heimkomuna og tóku á móti týnda syninum með lotningarfullri gleði, og nú hefur týndi sonurinn gengið erinda síns sáluhjálpara og sótt fjöreggið týnda, sem aðeins tilheyrir hinum hræddu bæjarmönnum í baráttu við heilagan rétt vors forna og nýja lýðveldis á Íslandi. Það er réttur þess hluta þjóðarinnar, sem haldið hefur í heiðri frá upphafi Íslandsbyggðar þjóðerni og íslenzkri tungu. Nú á að ganga á rétt þess hluta lands og þjóðar, sem háði baráttu við elds og ísa raun, drepsóttir og alls konar hallæri og með þrautseigju hélt við byggð og menningu þjóðarinnar við frumstæð skilyrði.

Þeir hv. alþm., sem standa að samningu þessa frv. til stjórnskipunarlaga, sem hér liggur fyrir á þskj. 368, um breyt. á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, eru ekki arftakar feðranna sem forustuleiðtogar í því að byggja og treysta á landið. Þetta kjördæmamál ætti fremur að heita frumvarp til laga um, að Íslendingar hafi allir búsetu í Reykjavík, en frumvarp til stjórnarskipunarlaga o. s. frv. Þetta frv. boðar algera byltingu á Íslandi, enda væri ekki unnt að koma því áfram hér á Alþingi nema fá í liðið uppreisnarforingjann, hv. 3. þm. Reykv., Einar Olgeirsson. Það er hann og gamall sálufélagi hans, hv. þm. Siglf., Áki Jakobsson, ásamt hv. þm. G-K., hálf-Dananum Ólafi Thors, sem ráða ferðinni í þessu „réttlætismáli íslenzku þjóðarinnar" til sjávar og sveita, eins og þeir kalla það.

Með kjördæmamáli því, sem hér liggur fyrir, er farin kollsteypa, sem Sjálfstfl. á Íslandi notar til þess að blekkja þjóðina með, og nú er Alþfl. notaður sem hvert annað áhald, sem liggur á borði húsbændanna, til að gera verstu verkin. Sjálfstfl. flaggar því mjög mikið, að vinstri stjórnin hafi skilið eftir þrotabú, þrátt fyrir allmikinn tekjuafgang, sem varð við uppgjör ríkisreikningsins um áramót, og ófengnar tekjur af óseldum gjaldeyri o. fl. Nú á hið göfuga markmið með kjördæmamálinu að helga meðalið, og stefna skal öllum fjármálum þjóð-

arbúskaparins í heild í fullkomið strand, svo að ekki verður annað séð en niðurgreiðslur og niðurfærslur dýrtíðarinnar verði komnar í fullkomið strand á miðju sumri, nema eitthvað óvænt reki á fjörur hinnar vonglöðu hæstv. ríkisstj. Svo er og eftir að taka með, að Alþýðubandalagsmenn fengu ekki skækil á húðfeldi hæstv. ríkisstj., svo að þýtt getur það um 200—300 millj. kr. hækkanir á rekstrarútgjöldum ríkissjóðs af völdum kauphækkana á tímabili tveggja fyrirhugaðra kosninga. Það skyldi þó ekki geta skeð, að stórukjördæmaríkisstj. yrði ráðþrota og óskaði eftir þjóðstjórn að loknu þriggja til fjögurra mánaða valdatímabili eða þá að íslenzka lýðræðið riðaði að falli? Ættu þá verkalýðsleiðtogar reykvískrar alþýðu að hjálpa íhaldinu til varanlegra valda í landinu, á sama hátt og verkalýðshreyfingin þýzka kom Hitler sáluga til æðstu metorða í Þýzkalandi?

Sjálfstfl. kveðst vilja láta kaupa togara til landsins. En hann vill engin lán láta taka hjá erlendum þjóðum, en gjaldeyri vantar fyrir nauðþurftum landsmanna. Sá flokkur var á móti öllum erlendum lántökum vinstri stjórnarinnar, sbr. þegar lokið sprakk af einni málpípu flokksins, þá var sá flokkur á móti virkjun Sogsins og öllum framkvæmdum í dreifbýli og þéttbýli, sem erlend lán þurfti til, þegar hann fór ekki með völd landsins, en aðrir flokkar gerðu það en Sjálfstfl. Sjálfstfl. er því í raun og veru hvorki dreifbýlis- né bæjarflokkur, hann er aðeins sérhagsmuna- og valdastreituflokkur. Án þessa flokks getur þjóðin því vel lifað og að mínu áliti miklum mun betur án hans en með tilstyrk hans. Það er því augljóslega sú þjóðarógæfa, sem komið hefur af stað því kjördæmamáli, sem hér liggur fyrir til umræðu, að allt of margir kjósendur hafa glæpzt á að kjósa þennan flokk, og ágirnd og ofstopi hans hefur sennilega vaxið með atkvæði hverju. Það er því mál til komið að hætta að kjósa hann og kjósa Framsfl. meir en nokkru sinni áður. Þá jafnar fólkið sjálft, kjósendurnir sjálfir, metin milli flokkanna, og þá er allur grundvöllur fyrir þessu lélega máli úr sögunni.

Íslenzka þjóðin er nú algerlega eins á vegi stödd og daginn fyrir Örlygsstaðabardaga fyrir 720 árum. Þá átti hún um frelsi sitt að berjast og tapaði frelsinu og varð undirokuð af innlendu valdi, sem svo framseldi það til erlends þjóðhöfðingja. Orrustan á Örlygsstöðum gat vel unnizt af betri öflum þjóðarinnar, ef skipulagning herja Sturlunga hefði verið betri en raun bar vitni. Andstæðingar þeirra óþurftarafla Alþingis, sem nú ætla að brjóta niður hin fornhelgu vé þjóðarinnar, hin dreifðu kjördæmi landsins, eiga nú að sameinast í eina órjúfanlega fylkingu, hvar í flokki sem þeir annars hafa kosið áður, og kjósa nú í þessum kosningum framsóknarmenn á þing, svo að þeir megi vernda fornan og friðhelgan rétt og stolt hins íslenzka þjóðarsóma, sem eru hin margviðurkenndu kjördæmi landsins. Við þau eru tengd héraðaást, uppeldi einstaklinga og áhugi þeirra til að starfa að uppbyggingu og menningarlegum verðmætum sýslu sinnar. Staðhættir og lega héraða hafa mótað meðal annars þess, sem ég hér hef upp talið, takmörk kjördæma í dreifbýli landsins. — Til þess að fullkomið lýðræði sé í strjálbýlu landi, þarf dreifbýlið að njóta fullkomins skilnings, en ekki lítilsvirðingar valdhafa þjóðarinnar á hverjum tíma.

Ísland verður ekki blómlegt land menningar og framfara eða hlýtur til langframa viðurkenningu erlendra gesta og stórbrotinna heimsborgara, ef þurrabúðarmennirnir á Reykjanesskaga, sem bezt hafa þar hreiðrað um sig á kostnað þjóðarinnar allrar, eiga að ráða fyrir þjóðarsálinni á þá eina lund að bæta eingöngu skilyrðin í þéttbýlinu þar, en rýra afkomumöguleika fólksins í dreifbýli landsins, þar sem styrkur fólksfjöldans í stórum bæjarfélögum nær ekki til að gera nauðsynlegar umbætur, enda er landsins gæfa eigi öll úti á flæðiskeri, eins og skáldið Guðmundur Friðjónsson sagði eitt sinn.

Um þetta makalausa kjördæmamál er mikið búið að tala og skrifa. Þeir flokkar, sem að því standa, bera á sér fullkominn blæ ævintýramennskunnar í sambandi við framkvæmd þess. Atvinnuvegir og framleiðsluskilyrði þjóðarinnar skulu lögð á hilluna, meðan hinir valdagírugu flokksforingjar reyna að bæta aðstöðu flokka sinna, aðeins til þess að rýra styrk Framsfl. á Alþingi, þess eina flokks, sem hefur orðið að sækja allt fjármagn fyrir dreifbýli landsins undir högg hjá þessum einangruðu flokkshyggjumönnum, sem draga fána sinn að hún og ætla nú að ganga krófugöngu með hann út um dreifbýlið á Íslandi og segja við hv. kjósendur: Elsku vinir! Kjósið mig á þing núna, svo að ég geti lagt niður þetta kjördæmi ykkar. Það er til bölvunar fyrir flokkinn minn að vera að dreifa þessum Framsóknarkjördæmum víðs vegar út um land. Það er bezt fyrir þig að gera þetta strax, því að henni Framsókn gömlu er ekki ætlað að ráða ríkjum lengur á Íslandi. — Og með þessum söng hefur Sjálfstfl. tekizt að hræða fólkið til fylgis við sig í stórum stíl og hvað mest í stærsta kjördæmi landsins, Reykjavík.

Hvað sem þessu öllu líður, verður það ekki Framsfl., sem skarðastan hlut ber frá borði út úr kjördæmamálinu. Sá er eldurinn heitastur, sem á sjálfum brennur, segir íslenzkur málsháttur. Alþfl. hefur í undangengnum kjördæmamálum talið sig boðbera réttlætisins og jafnan verið að rétta hlut sinn. Í átökum þessum hefur flokkurinn sífellt gengið til þurrðar. Spursmálið er nú, hvort þessi riddaralegi flokkur þolir einar, hvað þá tvennar kosningar. En sjálfsagt lifir minningin. Vera má, að í hug einhverra mætra manna verði hún ljúf.

Gegn frv. um hin stóru kjördæmi treysti ég þjóðinni vel til að standa, svo að það verði ekki að lögum. Annars afneitar hún frelsi sínu og áhrifamætti sínum á stjórnarfar og fullkomið lýðræði með tilliti til staðhátta í landinu. Ég veit, að íslenzk þjóð er reiðubúin að tileinka sér í næstu kosningum um kjördæmamálið hið enska orðtak: „Þegar býður þjóðarsómi, þá á Bretland eina sál.“ Íslendingar úti um dreifðar byggðir landsins, sem kosningarrétt hafa, munu sameinast gegn þessu gerræði og eiga eina sál,

þegar þjóðarsómi ættjarðarinnar og héraðanna krefur syni og dætur til að fylkja sér undir merki þess heilaga réttar, sem þeim er fenginn með atkvæðisréttinum við kjörborðið. Fólkið á ekki að þjóna flokkum á Alþingi, flokkar Alþingis eiga að þjóna fólkinu um land allt, sem elskar, byggir og treystir á landið.

Alþýðuflokksbroddunum fór líkt í viðskilnaðinum við Framsfl. í des. eins og Hrafni við Gunnlaug ormstungu forðum, þá er Gunnlaugur lét það eftir beiðni Hrafns að færa honum særðum drykkjarvatn í hjálmi sínum til að svala þorsta hans. Í stað þess að neyta þorstadrykkjarins hjó Hrafn með sverði í höfuð Gunnlaugi. Í stað þess að sýna Framsfl. velvild og fulla einlægni í skiptum fyrir þá hjálp, sem Framsfl. veitti Alþfl. í síðustu kosningum, ræðst þessi þingflokkur á höfuðvígi okkar, til þess eins, að því er virðist, að rýra gildi alls þess, sem flokkur okkar hefur bezt gert íslenzku þjóðfélagi til gagns og uppbyggingar. Ekki eru svona aðfarir giftusamlegar, og lítilla heilla má af þeim vænta til frambúðar.

Stjórnmálaflokkur, *sem miðar lífsskilyrði sín* aðeins við lítinn hluta Reykjanesskagans, af því að foringjar flokksins eru þar embættismenn í góðu yfirlæti, getur átt eftir að komast að raun um það, að ættjörðin frelsast ekki við svo þröng sjónarmið ráðandi manna þjóðfélagsins. Þó að höfundar kjördæmamálsins ætli nú að flytja allt vald landsins til fjölmennisbæjanna á Suðurnesjum, getur svo farið, að þjóðin verði að *nota allt sitt land og eigi þó fullerfitt með* að finna lífsskilyrði fyrir alla.

Með stóru kjördæmunum er aukið vald flokksstjórna um val frambjóðenda, og kjósandinn á um ekkert að velja nema flokka. Valdið dregst þannig frá landsbyggðinni á margan hátt til höfuðstaðarins.

Það er eftirtektarvert, að í nál. meiri hluta stjskrn., eftir miklar bollaleggingar um ágæti frv. og eftir tilvitnanir í einvaldskonunga, sem valdir eiga að vera að kjördæmaskipuninni, sem nú er í gildi á Íslandi, segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ekki þarf að eyða orðum að þeirri fjarstæðu, að kjördæmi séu lögð niður með því að sameina þau og gera þau þannig sterkari.“ Síðan kemur: „Sameinaðir stöndum við, sundraðir föllum við.“ Þarna er notuð tvítala, en ekki fleirtala. Það er auðséð, að þessir „við“ eru Sjálfstfl. og Alþfl., sem búast við að falla sundraðir. Ætli þetta þýði ekki það, að þeir ætli að ganga sameinaðir til kosninga í sumar í algeru hræðslubandalagi?

Höfuðástæða fyrir sameiningu Alþfl. og Sjálfstfl. hér í Reykjavík er nú orðin auðskilið mál. Nái þeir að breyta kjördæmum landsins samkv. frv., sem fyrir liggur, er aðeins eftir síðasti áfanginn, og hann er ekki svo erfiður. Þessir tveir flokkar hafa saman meiri hluta á Alþingi. Ráðherraflokkurinn getur a. m. k. fengið að hafa 3 ráðherra áfram, og einum má hagræða. Þá er óvandur eftirleikurinn við Framsókn og kommúnista. Þjóðinni verður tjáð, að öll óhöpp þjóðfélagsins séu þeim að kenna. Málflutningur þeirra verður nefndur nöldur og þvættingur, sem sé utan við raunveruleikann.

Þegar einn af höfundum hræðslubandalags Sjálfstfl. og Alþfl. er búinn að prédika, að óþarfi sé að vera að ausa vegafé og fleiru út um sveitir landsins, þá gerist hann 1. flm. frv., sem heimilar ríkinu að taka lán til eins vegar, sem hann hefur áhuga fyrir, að upphæð um ¾ af öllu nýbyggingarfé á fjárlögum til allra vega í landinu. Þetta er réttlætið, sem koma skal.

Ég get ekki almennilega komið auga á það, að verkalýður landsins fái bættan rétt á Alþingi, þó að Sjálfstfl. ráði allri stefnu þjóðmála í landinu, en Alþfl.-broddunum sé fengin lykilaðstaða með þeim, á meðan þeir eru að venjast því að heita sjálfstæðismenn. Hvað er nú orðið af glæsilega hugsjónamanninum, sem einu sinni var, sem ég nefndi uppreisnarforingja áðan, ef hann ætlar að hjálpa til við þetta ódæði?

Þeir aðilar, sem flytja þetta mál nú, hljóta að gera sér það ljóst, að verði kjördæmum landsins breytt eins og frv. gerir ráð fyrir, þá er hættan á einræðisvaldi Sjálfstfl. á næsta leiti. Það getur því komið fyrir, að þjóðin fái nóg af slíkri yfirstjórn mála sinna, um það er lýkur, *og ekki er annað sjáanlegt en að það valdi* því, að land og þjóð glati fyrir fullt og allt sjálfstæði sínu og frelsi, ef sá flokkur fær einn völd á Íslandi.

Enn er hægt að leysa kjördæmamálið á allt annan veg en hér er áformað. Ástæða er til að fresta málinu enn um nokkur ár og kosta kapps um að leiða það til lykta á þá lund, að meiri þjóðareining grundvallist við lausn málsins og deilur um þjóðfélagsrétt einstaklinga, hvar sem þeir búa á landinu, hverfi með öllu. Ég er þess fullviss, að þjóðin sjálf bjargar þessu máli með afstöðu sinni í næstu kosningum á komandi sumri, þannig að sóma lands og þjóðar verði borgið og hollvættir lands og þjóðar megi enn sem fyrr vernda rétt allra Íslendinga, hvort sem er til sjávar eða sveita.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Það er ekki sízt vegna þess, að ég er einn af þeim fáu bændum, sem eiga nú sæti hér á hv. Alþingi, að ég leyfi mér að taka til máls um það frv., er hér liggur fyrir.

Þó að bændur séu ekki margir hér á Alþingi nú, mun þó af ýmsum talið, að þeir séu hér fullmargir. Frv. þetta mun því m. a. vera fram komið vegna þess, að því er ætlað að fækka bændum enn á Alþingi, enda mun raunin verða sú, þegar fram í sækir og frv. þetta er orðið að lögum og farið að hafa sínar verkanir í þjóðfélaginu, þær sem ætlazt er til af höfundum þess að það hafi, að bændur munu ekki verða margir á Alþingi. Bændastéttin er þó þrátt fyrir mikla fækkun fólksins í sveitum ein stærsta starfsstétt í þjóðfélaginu, og hún afkastar mjög miklu verki, miðað við aðstæður allar. Bændurnir og fjölskyldur þeirra eru um ⅙ hluti þjóðarinnar.

Ég ætla ekki að metast um það við nokkurn mann, hvorir séu meiri og betri þegnar, þeir sem í borgum búa eða hinir, sem í dreifbýlinu hafa aðsetur og atvinnu. En það held ég að sé óumdeilanlegt, að landið okkar sé til fyrir okkur, sem þar búum. Þjóðin á að njóta landsins

og gæða þess, en til þess þarf þjóðin að dreifa sér um landið og halda því í byggð. Landið sjálft er grundvöllur að tilveru þjóðarinnar, og þjóðskipulag okkar er að verulegu leyti grundvallað á landsháttum, þ. e. a. s. náttúrufari landsins og bjargræðisvegum þess, og á menningararfi kynslóðanna, trú og siðum, tungu og sögu, og má suma þá þætti rekja aftur í gráa forneskju.

Þingræðið í landi okkar er einn af þessum þáttum. Í fornum ævintýrum eru frásagnir um hnoðra, er valt á undan mönnum, er urðu þeirrar gæfu aðnjótandi að höndla hann, og hnoðrinn vísaði veginn til gæfu og gengis. Þrátt fyrir margs konar þrengingar og þrautir, sem mætt hafa íslenzku þjóðinni, hefur hún samt átt einn slíkan gæfuhnoða, þar sem hún hefur átt Alþingi.

Íslendingar fundu upp þingstjórnarskipulag, og þó að þjóðin missti frelsi sitt, þá var þó Alþingi lengst af sú líftaug, sem þjóðin hélt sér í. Endurreisn Alþingis að frumkvæði Jóns Sigurðssonar og fleiri góðra manna var upphafið að því frelsi og þeirri velmegun, er þjóðin býr nú við.

Í þingstjórnarlandi eins og okkar landi er vissulega ekki lítils um vert að vernda valdahlutföll landsbyggðarinnar á Alþingi. Landið er grundvöllur að tilveru okkar sem einstaklinga og sem þjóðfélags. Þetta fundu forfeður okkar, þegar þeir voru að stofna goðorðin og þinghárnar sem undirstöðu að Alþingi.

Tímarnir breytast og mennirnir með, en landið og lífsskilyrðin haldast í horfi að óbreyttum náttúrugæðum. Íslenzkur maður er venjulega svo gerður, að hann þarf fleira en hús og heimili og feng sér og sínum til framfærslu. Íslendingurinn á sál, sem honum er annt um að fái að njóta einstaklingseðlis síns innan þeirra frelsistakmarkana, sem minnstar geta verið. Í landi okkar er enn, sem betur fer, lítið um hópsálir. Hér má enn kenna í flestum mönnum andleg einkenni hinna kynbornu hölda og víkinga, sem þjóðin rekur ættir sínar til og stofnuðu þjóðfélag og þing hér fyrir meira en þúsund árum.

Skoðanafrelsi og kosningarréttur er hinn dýrmætasti arfur og eign, sem þjóð vor á. Það er þess vegna eðlilegt, að nokkuð sé um það hugsað öðru hverju, hvernig eigi að deila þessari eign meðal þegna þjóðfélagsins og varðveita þennan arf.

Ýmsir telja, að útkoman af atkvgr. einstaklinganna eigi að koma sem jafnast til góða fyrir þá og þjóðarheildina, og þetta er að vissu leyti rétt, þannig að atkvæðin vegi sem jafnast, ef svo mætti til orða taka, þar sem þau eru greidd. Það má vitanlega færa ýmis rök fyrir þessu. En hinu má þá heldur ekki gleyma, að aðstaða þjóðfélagsþegnanna að öðru leyti til áhrifa á gang mála er ærið misjöfn eftir því, hvar í landinu menn eru búsettir. Það er þess vegna ekki alveg víst, að það sé fullkomnasta lýðræðið, þótt öll atkvæðin séu jafnþung á metunum. Það getur verið miklu meira virði fyrir kjósandann til áhrifa á þjóðmál og sín eigin hagsmunamál að vera búsettur nálægt, þar sem löggjafar- og framkvæmdavald hafa aðsetur og þar sem flestar þýðingarmestu stofnanir þjóðfélagsins eru staðsettar, svo sem bankar, menntastofnanir, höfuðstöðvar stéttarsamtaka o. fl.

Þegar litið er yfir Ísland, sést fljótt, að byggðir landsins eru sundurskornar af ýmsum torfærum, svo sem vatnsföllum, eyðisöndum eða fjallgörðum, auk þess sem flóar og firðir skera byggðarlög víða sundur og afmarka þau. Þetta olli því og veldur því sums staðar að vissu leyti enn, að fólkið, sem skipar hvert byggðarlag eða hérað, er sérstætt að því er varðar viðhorf til þjóðfélagsins og kröfur þess til hins opinbera algerlega sérstæðar fyrir hvert slíkt hérað. Héruðin hafa orðið til sem slík vegna landfræðilegrar afmörkunar, og þess vegna hafa þau sín sérkenni og fólkið þar af leiðandi ýmsar þarfir, sem eru sérkennandi fyrir hvert hérað út af fyrir sig.

Á þjóðveldisöld Íslendinga voru þinghárnar myndaðar með tilliti til legu og náttúrlegra — eða eins og nú mun komizt að orði: landfræðilegra takmarkana. Kynslóð eftir kynslóð ólst upp og lifði við það skipulag. Goðarnir voru hinir veraldlegu valdsmenn héraðanna, og vorþingunum, sem þá voru haldin, má líkja við sýslufundina nú á okkar dögum, því að þar voru ýmisleg vandamál, sem uppi voru á hverjum tíma í hverri þinghá, rædd og til lykta leidd. Síðan var þeim málum, sem tókst ekki að ráða þar til lykta, vísað til Alþingis og fylgt þar eftir af goðum úr þinghánni og þingreiðarmönnum þeirra.

Í nál. meiri hl. stjskrn. er komizt svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Með þeirri skipan, sem lögð er til í frv., er tekinn upp þráðurinn, sem slitnaði, er þjóðveldi Íslendinga leið undir lok. Kjördæmin nú svara að ýmsu til hinna fornu þinga og fjórðunga á okkar fyrri frelsisdögum. Þá þurfti enginn að una því að vera í þingi með goða vegna þess eins, að þeir væru í sömu þinghá, heldur gat hann kosið hvern sem var í hinum sama fjórðungi. Þessi háttur reyndist þá hin bezta trygging fyrir frjálsræði búandmanna, á sama veg og stækkun kjördæmanna nú og fleiri þingmenn í hverju þeirra verða aukin trygging fyrir frelsi kjósendanna."

Þarna er það talið hafa verið gæfa þjóðarinnar, að menn gátu verið þar í þingi, er þeim sýndist, og sagt sig úr goðorði og í annað eftir vild. En það eru nú sumir, sem telja, að frumorsökin til þess, að þjóðveldið leið undir lok, hafi verið sú, að menn gátu gengið úr einu goðorði og í annað og að goðorð gátu gengið kaupum og sölum, svo að ríkir og valdagráðugir menn gátu þannig náð tökum á miklu goðavaldi, er náði yfir stór svæði landsins, líkt og nú er ráðgert að kjördæmin verði í því frv., er hér liggur fyrir. Þetta leiddi þá til mikilla óheilla í stjórnarfari landsins, og því er miður, að mikil ástæða er til að óttast slíkt hið sama af þeirri breytingu á kjördæmaskipaninni, sem nú á að gera.

Stórdeilur þær, sem hér urðu á Sturlungaöld um valdið yfir héruðum landsins, leiddu til þess, sem öllum er kunnugt, að þjóðin missti

frelsi sitt. Hin pólitíska refskák, sem höfðingjar og ríkismenn þeirra tíma tefldu um yfirráðin yfir byggðarlögum landsins, endaði með falli hins fræga þjóðskipulags, sem var þá ekki annars staðar til en hér á Íslandi.

Hið erlenda konungsvald, sem seildist hér til yfirráða, varð að byggja upp framkvæmdavald í landinu, en á það hafði mjög skort á tímum þjóðveldisins. Þá urðu til sýslurnar með sérstökum valdsmanni hver þeirra. Ég hef séð og heyrt því haldið fram, að þetta skipulag hafi verið að danskri fyrirmynd. Það rétta hygg ég vera, að fyrirkomulag þetta hafi verið haft um öll Norðurlönd og yfirleitt í Evrópu norðanverðri, svo að þetta var ekkert sérstakt danskt fyrirbrigði, eins og ýmsir hafa viljað læða inn í hugi manna, enda að mestu komið á hér, áður en Íslendingar gengu undir Danakonung. Þetta fyrirkomulag er víðast enn í gildi, enda hefur það reynzt vel og ekki sízt hér hjá okkur Íslendingum. Og hvaða skipulag yfirleitt er það í okkar þjóðfélagsháttum nú, sem er ekki að einhverju leyti runnið af útlendri rót? Við höfum yfirleitt sótt fyrirmyndir um flestar breytingar á okkar þjóðfélagshögum til annarra þjóða. Þess vegna þarf ekki að taka þetta eitt út úr til dæmis um það, að það hafi verið sótt til annarra þjóða.

Þarna var því bæði um sögulega og landfræðilega ákvörðun að ræða, þegar goðorðin fyrst og sýslurnar síðan voru stofnaðar. Sýslurnar áttu svo sína lögréttumenn, er voru þeirra fulltrúar á Alþingi.

Eftir að Alþingi var endurreist, varð niðurstaðan sú, að sýslurnar, sem upphaflega voru sjálfstæðar þinghár í hinu forna og fræga þjóðveldi, urðu nú kjördæmi til hins endurreista Alþingis, og hefur svo staðið með litlum breytingum hingað til, og flestir stjórnmálaforingjar þjóðarinnar hafa í hvert sinn, sem breyting hefur verið gerð, keppzt við að heita því, að héruðin eða hin fornu kjördæmi yrðu látin halda sér.

En nú kveður við nýjan tón. Nú skal rífa niður það, sem búið er að standa um langan aldur og elzta löggjafarþing í heimi er grundvallað á. Mikið telja þeir menn sig vitrari forfeðrum sínum, sem nú telja hina fornu skipan óhafandi. Hin forna þingaskipan var grundvölluð á því, sem forfeður okkar töldu hæfa þjóðinni bezt og verða henni helzt til farsældar, en sú nýja skipan, sem nú á að taka upp, er byggð á því, sem nokkrir forustumenn pólitískra flokka telja flokkum sínum helzt muni verða til framdráttar nú í bili.

Hin elzta og virðulegasta stofnun þjóðarinnar, Alþingi, hefur hingað til verið að meginstofni byggð upp á þeim grundvelli, sem hin einstöku byggðarlög, sýslu- og bæjarfélög, eru í sjálfu þjóðfélaginu. Þar er um atvinnulegar og fjárhagslegar heildir að ræða, sem þjóðfélagið myndast af, og það er stofnað af nauðsyn þessara sérstæðu heilda til samstarfs um heill þess lands, þar sem þær eru. Alþingi á að vera vörður og verndari einstakra landshluta, um leið og það er samnefnari, sverð og skjöldur þjóðarinnar og landsins alls, inn á við og út á við.

Þess vegna er það að mínu áliti höfuðvilla að slíta af hinum fornu héruðum fulltrúaval til Alþingis og slengja saman byggðarlögum, sem ekki eiga saman í atvinnulegu og hagsmunalegu tilliti, og þótt vissir pólitískir flokkar telji sér hag að því að fara með slíku rupli og ráni um þann sögulega arf, sem íbúar hinna fornu héraða hafa, að taka af þeim hina sérstöku fulltrúa, sem þeir hafa hingað til valið sér, og láta þá í staðinn hafa rétt til að velja fulltrúa í félagi við fólk annarra og ólíkra héraða, þá muni svo fara, að þjóðin sjálf í heild hafi ekki nema illt af slíku.

Því er haldið fram sem rökum fyrir nauðsyn breytingarinnar, að fámenni kjördæmanna hafi í sér fólgnar lýðræðislegar hættur, þannig að hægt sé að hafa áhrif á fólkið með gylliboðum og jafnvel hreinum mútum. Ég fyrir mitt leyti tel enga hættu á slíku, því að svo lengi sem kosning er leynileg, á kjörklefinn að vernda kjósandann og þar getur kjósandinn í friði framkvæmt skoðun sína, og ekki trúi ég öðru en að hver maður virði og meti meira að fara eftir sjálfs sín mati á málefni heldur en fagurgala og mútutilraunum frá einhverjum agentum. Og inni í kjörklefanum væri þá heldur engin synd að svíkja slíkar mútur.

Þegar hin nýja skipan er komin á, er og verður ómögulegt fyrir kjósandann að koma við persónulegu mati sínu á frambjóðendum, nema þá með þeim leiðinlega hætti að beita útstrikunum eða tilfærslum á nöfnum frambjóðenda. Slíkar tilraunir til breytingar koma sjaldan að neinu gagni fyrir kjósanda, en geta orðið til mikils óhagræðis og leiðinda fyrir þá, er slíku eru beittir.

Að mínu áliti er mjög skaðlegt að stækka kjördæmin, til þess að kjósendum fjölgi við það, því að það er þá alveg nýtt, ef það verður betra og viturlegra, sem stór hópur manna afræður, heldur en þau úrræði, sem færri menn með nánari kynni og líkari hagsmuni kunna að afráða.

Íslenzka þjóðin hefur á liðnum 50 árum mjög sótt fram til alhliða framfara og náð á þeim tíma fullu frelsi sínu. Áreiðanlega er þetta glæsilegasti tíminn í lífi hennar. Alþingi hefur, svo sem eðlilegt var og skylt, haft forustu í málefnum þjóðarinnar. Hin gömlu héruð, þinghár forfeðra okkar, hafa sent hingað fulltrúa sína til að taka þátt í þessu starfi, og ný bæjarfélög, sem myndazt hafa á þessum tíma, hafa bætzt í hóp þeirra gömlu byggðarlaga, sem hér áttu og eiga sína fulltrúa. Í héruðunum hefur oft verið barizt hart til fylgis, svo sem eðlilegt er í landi skoðana- og málfrelsis, og þar hafa ýmsir átt högg í annars garði á leikvelli þjóðmálabaráttunnar. En þegar á allt er litið, þá hygg ég, að þeir, sem lifað hafa þetta tímabil og tekið hafa einhvern þátt í stjórnmálabaráttunni, hefðu ekki viljað missa af þeim þætti í lífi sínu og þjóðarinnar, eins og hann hefur verið. Ýmsir af okkar mestu og beztu stjórnmálamönnum hafa einmitt verið uppgötvaðir

af fólkinu í fámennu kjördæmi, þar sem heilbrigt mat og skynsemi fékk notið sín.

Ég er sannfærður um, að þetta hefur verið okkar stjórnmálalífi hollt og hefur orðið þjóðinni allri til heilla. Ég held, að þegar búið er að slengja mörgum gömlu kjördæmunum saman, þá verði reisn hinna einstöku héraða eða byggðarlaga mjög skert. Höfundar þeirra breytinga, sem frv. ráðgerir, eru sýnilega ekki að hugsa um tilveru og rétt einstakra héraða. Þeirra stefna er að hræra öllu sem mest saman, hvort sem það getur átt saman eða ekki, og gera úr þessu eina flatneskju, þar sem metnaður fólksins í hinum einstöku fornu héruðum má sín einskis um að hafa áhrif á þjóðmálin og hlynna sérstaklega að sérþörfum þess héraðs, heldur skal það vera eins og máður reitur á skákborði, nafnlaust, týnt og grafið sem áhrifavaldur á þingi þjóðarinnar.

Sú þjóð, sem byggði upp elzta löggjafarþing í heimi á grundvelli þess, að hin afmörkuðu héruð ættu þar sína fulltrúa, á nú að taka upp nýjan sið, þar sem aðeins þeir, sem búa í þéttbýlustu stöðunum, koma til með að geta haft öll völdin. Hin dreifða byggð og jaðrar hinna nýju kjördæma hljóta að missa raunverulega alla möguleika til áhrifa í þeirri gerningahríð, sem hlutfallskosningar gera ævinlega vegna eðlis síns að kjósendunum.

Réttur hinna fornu héraða og kosningarréttur fólksins er arfur, sem kynslóðirnar hafa skilað af sér til okkar, sem nú lifum. Með frv. er þessum arfi rænt frá héruðunum. Það má líkja héruðunum við undirstöðusteina eða súlur í byggingu. Á þeim hefur Alþingi hvílt. Nú koma þessir flokkar, sem standa að kjördæmabreytingunni, og rífa súlurnar undan byggingunni, en við þessa breytingu skekkist byggingin svo og gliðnar að minni hyggju, að hún verður brátt ónothæf og dettur að síðustu sundur í marga parta.

Hlutfallskosningar munu leiða til enn þá meiri sundrungar og klofnings í íslenzkri flokkapólitík en hingað til hefur þekkzt, og hefur þó mörgum þótt nóg um slíkt. Þá getur farið svo, að ýmsir þeir, sem nú hrósa sér af því að koma þeirri breytingu á, sem hér um ræðir, verði ekki sérlega ánægðir yfir þessu verki. Allur landslýðurinn mun uppskera af þessari breytingu svo sem til er sáð af þeim, er hér eiga hlut að máli, en þó mun engin stétt manna verða eins hart leikin af því og bændastéttin, enda mun leikurinn fyrst og fremst til hennar gerður, og má það þess vegna furðulegt heita, að ýmsir hv. alþm., sem kosnir hafa verið á þing með atkvæðum bænda, skuli ætla að ljá þessu máli fylgi sitt. Mér finnst, að þeir vinni sér með því alleinkennilega stöðu í stjórnmálasögu þjóðarinnar. Í þúsund ár var þessi þjóð eingöngu bændaþjóð. Þrátt fyrir náttúruhamfarir, hungur og drepsóttir og útlenda áþján seiglaðist þetta fátæka bændafólk í sínum lágu hreysum kynslóð eftir kynslóð. Og það gerði meira. Það bjargaði ekki aðeins sögu þjóðar sinnar, heldur einnig hinni fegurstu og göfugustu tungu og skáldamáli í heiminum og sögu norrænna þjóða. Þetta afrek vann fátæka bændaþjóðin íslenzka. Og á þessu afreki er í dag og alla daga ókomna byggð tilvera okkar Íslendinga sem þjóðar.

Nú á þéttbýlið öllu að ráða um skipun Alþingis, því þótt fólkið í dreifbýlinu haldi sínum kosningarrétti, þá eru kjördæmin þannig saman sett, að það verða þéttbýlustu staðirnir, sem úrslitum hljóta að ráða í öllum kosningum, og hvar verða þá áhrif bændanna?

Ég fyrir mitt leyti er ekki í neinum vafa um það, að með þeirri breytingu, sem frv. þetta ráðgerir á kjördæmaskipuninni, er stefnt að breyttu þjóðskipulagi, og ég er viss um, að margir, sem nú eru fylgjendur þess innan þings og utan, hafa ekki gert sér það ljóst.

Það er söguleg staðreynd hvarvetna í heiminum, að bændur þjóðanna eru manna tregastir til að breyta þjóðlífsháttum og að engar stéttir manna eru seinni til byltingarþátttöku. Þess vegna eru byltingarforingjar og einræðisseggir við enga stétt manna eins grimmir og bændurna, og þess vegna er oft byrjað á því að veikja á einhvern hátt viðnám bændanna. Dæmin í sögunni um slíkt eru mörg, og eitt slíkt dæmi er að gerast núna í Tíbet. Þar er kommúnisminn að brjóta undir ok sitt fátæka, en dyggðuga og trúfasta bændaþjóð.

Þeir, sem ráða fyrir þeirri breytingu á kjördæmaskipuninni, sem með þessu frv. á að lögleiða, hugsa sér sumir hverjir áreiðanlega, að þetta verði upphaf að nýju þjóðskipulagi, þar sem fólkið í landinu verði ekki spurt á líkan hátt og verið hefur um það, hvernig eigi að stjórna málum þjóðarinnar. Og þótt saman fari nú í bili áhugi þessara aðila fyrir breytingunni, þá er stefnt í tvær gagnstæðar áttir, þannig að annar aðilinn ætlar sér að láta hinn svokallaða sósíalisma með þessu ná skjótum tökum á þjóðfélaginu, og mega þá allir vita, hvað í vændum er. Hinn aðilinn ætlar sér að láta hinn harðasta kjarna auðugra borgara í höfuðstaðnum og nágrenni hans ná yfirráðunum í landinu.

Þessar tvær stefnur eru með samkomulagi sínu nú í kjördæmamálinu um þá breytingu, sem áformuð er, að hasla sér völl til hjaðningavíga um yfirráðin. Stór og mannmörg kjördæmi með hlutfallskosningum eru tilvalinn hólmgönguvöllur þessara aðila.

Við framsóknarmenn teljum, að til þess að þjóðinni verði forðað frá þeim örlögum, sé um að gera að halda rétti hinna fornu héraða til þess að velja og senda á löggjafarþingið fulltrúa. Og þegar misræmis fer að gæta vegna búsetu fólks í landinu, þá fjölgi fulltrúum frá þeim stöðum, þar sem fólk hefur tekið sér í stórum stíl bólfestu og íbúatala hefur aukizt mikið.

Þetta hefur verið þróun málanna hér á landi, síðan Alþingi var endurreist, og þannig mun þróun þingræðis og lýðræðis verða farsælust. Þannig heldur hvert byggðarlag bezt sinni ábyrgð gagnvart samfélaginu og hlut sínum gagnvart öðrum byggðum landsins, og þannig mun yfirgangsmönnum verða erfiðast að efla flokka til einræðis og yfirdrottnunar. Og þess vegna er það skylda íslenzku þjóðarinnar að

koma í veg fyrir þá breytingu á kjördæmaskipuninni, sem frv. þetta ráðgerir. Kosningarnar í vor eru eina tækifæri Íslendinga til þess að lýsa skoðun sinni á því frumhlaupi gegn landsbyggðinni og fornri skipan, sem strandbúarnir við Faxaflóa í þremur stjórnmálaflokkum hafa komið sér saman um.

Það er enn tækifæri til þess að koma í veg fyrir tilræðið, og það munu íbúar hinna fornu goðorða gera í sumar.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. Enn er kjördæmamálið komið hér á dagskrá á hv. Alþingi. Enn er hafið heróp til aukinnar sundrungar og innbyrðis átaka innan þjóðfélagsins, og enn er hér á hinu háa Alþingi hafið starf eftir hinni frægu forskrift: Fyrst ég, þá flokkurinn og síðast þjóðin.

Engum blandast hugur um, af hvaða rótum og í hvaða tilgangi frv. þetta er flutt fyrst og fremst og aðallega. Það eru eigin hagsmunir og valdadraumar vissra manna og flokka, sem þar eru undirrótin, en engin réttlætiskennd eða umbótaþrá, eins og látið er í veðri vaka aðra stundina a. m. k. Og þetta kemur berlegar í ljós, þegar við athugum þá aðalflokka, sem að þessu frv. standa og komið hafa því af stað að þessu sinni.

Annar þessara aðalflokka er lítill flokkur, sem að mestu er kominn hér með þingfylgi sitt á lánuðum fjöðrum úr síðustu kosningum, en var annars að því kominn að veslast upp og deyja og sér nú einu björgunar- og lífsvon sína í því að breyta kjördæmaskipun landsins. Allir vita, hvað honum gengur til um flutning þessa máls. Hitt er stór flokkur, sem um nokkurt skeið hefur dreymt um að ná algeru meirihlutavaldi yfir þjóðinni og gert svipaðar tilraunir með kjördæmaskipunina áður í þessum tilgangi, og glöggt er það enn, hvað þeir vilja. Með öðrum orðum: Annar ætlar sér að bjarga lífinu um nokkurt skeið a. m. k. með þessum hætti. Hinn ætlar að gerast alráður í landinu með því að draga þetta pennastrik í stjórnskipunarlög landsins. Allir, sem til íslenzkra stjórnmála þekkja, vita, að þetta er undirrótin fyrst og fremst, þótt fjálglega sé talað og fullyrt fast um réttlæti og jafnvel bræðralag. Já, það er sannarlega ekki ófélegt, bræðralagið, sem að þessu brölti stendur, og þá eru bræðraböndin víst af óeigingjörnum og hreinum hvötum fundin. Hver skyldi vera sú barnslega sál á Íslandi, sem slíku trúir eða jafnvel lætur sér það til hugar koma? Ætli þetta bræðralagstal sé ekki eitthvað svipað og nú, þegar Kínverjar ráðast inn í Tíbet og segjast vera komnir til að frelsa íbúana? Frá hverju? Frá sjálfum sér, að manni skilst. Ætli það sé ekki svipað og þegar Hitler var að frelsa ýmis hinna minni landa og vildi innlima þau í stórt efnahagsbandalag í Evrópu eða þegar Rússaveldi hefur innlimað Eystrasaltslöndin og annað slíkt? Allt á það að vera til að frelsa þessa vesalinga, sem geta ekki bjargað sér sjálfir, — og frelsa þá frá hverju? Frelsa þá frá sjálfum sér, m. ö. o.: svipta þá frelsinu.

Þetta er nú í þriðja sinn, sem þessir flokkar grípa til þessa leiks á örfáum árum, og alltaf er ranglætið orðið því meira eftir örfá ár og þörfin brýnni til breytinga, eftir því sem þeir segja, sem fyrir þessum breytingum hafa staðið. Halda mætti því, að hér væru ekki sérlega forvitrir og framsýnir menn að verki, þegar þessi verður raunin á æ ofan í æ. Ætli það verði ekki eins nú? Svo halda a. m. k. tveir þessara flokka, sem að þessu standa nú, að þetta sé aðeins áfangi og enn þurfi að breyta eftir litla stund, ný bylting að koma, enda mun það sannast mála, að jafnan er hugsað um flokkslegan stundarhag fyrst og fremst, þegar til slíkra breytinga er stofnað, en ekki hvað þjóð og framtíð muni hollast og happasælast vera, og mun svo enn að þessu sinni, eins og líka berlega hefur komið í ljós í blöðum og málgögnum þessara flokka undanfarið. Þar er allt við það miðað, hversu flokkarnir, eins og þeir eru í dag, muni uppskera af þessum breytingum og þessu byltingarbrölti, sem hér er á ferðinni, og menn gæta þess lítt, að flokkarnir breytast og fólkið mun skipa sér þar eftir breyttum aðstæðum og málefnum, en þjóðfélagið þarf sitt fasta skipulag, sem ekki er eitt í dag og annað á morgun, eftir því sem einstakir menn eða flokkar telja sér bezt henta hverja stundina og sínum hagsmunum. Slíkt er að níðast á stjórnskipunarlögum landsins.

Byltingar t. d. í Suður-Ameríku eru álíka tíðar og kjördæmabyltingar hér hjá okkur. Þær hafa ekki, þessar byltingar hjá Suður-Ameríkuþjóðum, orðið þessum þjóðum til mikils frama eða þroska. Þvert á móti hefur slíkt staðið mjög í vegi fyrir félagsmála- og menningarstarfsemi þeirra.

Það er annars nógu merkilegt að gefa því gaum, að ávallt er stofnað til þessara kjördæma- og stjórnlagabyltinga hér hjá okkur, þegar þjóðin er veikust fyrir og stendur höllustum fæti í baráttu sinni með allan hag sinn og öll efni sín, þegar henni ríður mest á að einbeita vilja sínum og kröftum til lausnar mikilla og erfiðra vandamála, sem steðja að henni. Það er uppgjöfin við lausn þessara mála, það er þreytan við að einbeita kröftunum til lengdar, til að sigrast á erfiðleikunum, sem hér er að verki og lýsir sér. Þá er hlaupið til þessara byltinga á stjórnskipunarlögum landsins og hitt látið eiga sig. Breytingin 1933 var gerð á mesta kreppu- og atvinnuleysistíma, sem yfir þjóðina hefur gengið, frá því að hún fékk sjálfsforræði. Breytingin 1942 var gerð mitt í róti síðustu heimsstyrjaldar, þegar hér voru slíkir óvissu- og upplausnartímar, að rétt áður hafði verið talið nauðsynlegt að fresta lögákveðnum kosningum og þingmennirnir höfðu framlengt umboð sín til að forðast innri átök meðal þjóðarinnar, meðan svo stóð um hagi hennar, enda má segja, að upp af þeim átökum 1942 spretta erfiðleikar fjárhagsmálanna fyrst og fremst fyrir alvöru og fara verulega að hvíla þungt á þjóðinni, þeir erfiðleikar, sem við hefur verið að stríða æ síðan og nú er gefizt upp við og enn farið með byltingu á stjórnarskránni að bylta henni og breyta.

Þetta er alltaf sama sagan, og nú eru þeir

erfiðleikar orðnir slíkir, að öllu efnahags- og atvinnulífi þjóðarinnar stafar voði af, og allir eru farnir að sjá og skilja, að þeir verða ekki yfirunnir nema með samstilltu átaki þjóðarinnar, skilningi hennar og fórnarlund. Þá er gefizt upp hreinlega og stofnað til nýrrar byltingar á kjördæmaskipuninni og stjórnlögum landsins, en vandi efnahagsmálanna látinn eiga sig. Hann er vafinn í reyk og blekkingar um stund, eins og afgreiðsla fjárlaganna fyrir nokkrum dögum er ljósast vitni um, þótt öllum sé ljóst, að vandinn og erfiðleikarnir fara hraðvaxandi, meðan þjóðinni er sigað í þessa stjórnarfarsbyltingu, sem hér er til stofnað með þessu frv. Þetta eru vinnubrögðin. Þetta er víst þjóðhollusta. Ég skil ekki, hvernig hv. flm. ætla að verja þetta fyrir þjóðinni, eins og högum hennar er nú komið. Það er alveg víst, að hér er ekki verið að hugsa um þjóðarhag fyrst og fremst. Ég held, að hann komi meira að segja síðastur, eins og ég gat um í upphafi, og ég held meira að segja, að réttlætið og jafnaðarhugsjónin sé þar mjög aftarlega líka, eins og ég skal nú lítillega víkja að.

Afnema á öll hin gömlu kjördæmi nema höfuðstaðinn einan, hræra síðan saman öllu í fáum, stórum kjördæmum án nokkurs tillits til atvinnuhátta og aðstöðu fólksins, sem innan þeirra býr, fara síðan að smala hverri sál í flokksdilkana, svo að ekkert tapist frá þeim, sem eru að berjast fyrir lífi sínu, eða þeim, sem eru að sækja til óskoraðs valds, og sést þá bezt, að umhyggjan er mest fyrir flokkunum, sem bera þetta fram, en ekki fyrir fólkinu, sem á að njóta þess. Það á að fórna forsvarsmönnum sínum inn í þennan allsherjarhrærigraut, sem til er stofnað, því að svo hlýtur óumflýjanlega að fara, a. m. k. þar sem fólkið hefur þeirra jafnvel mesta þörf, eins og í hinum fámennari og afskekktari byggðarlögum og þar sem erfiðleikarnir eru mestir í lífsbaráttunni hér á landi.

Við skulum taka t. d. hið fyrirhugaða Suðurlandskjördæmi eftir frv., eins og það liggur fyrir, þar sem ég þekki bezt til staðhátta. Þar á að hræra saman eða gifta, eins og sumir vitringar vilja kalla það, sem að þessu frv. hafa staðið, — þar á að hræra saman eða gifta Vestur-Skaftafellssýslu, Rangárvallasýslu, Árnessýslu og Vestmannaeyjar. Þessari samsteypu eru ætlaðir 6 þingmenn, sem kosnir eru sameiginlega með hlutfallskosningu. Nú hafa þessi kjördæmi að vísu hins vegar 7 þingmenn, þ. e. a. s. einn þeirra er uppbótarmaður, og er því í raun og veru fækkað um einn, og hlýtur sú fækkun vitanlega að lenda fyrst og fremst á fámennasta kjördæminu, sem er Vestur-Skaftafellssýsla. Hún mun algerlega missa þingmann sinn í þessum graut, um það er ekki nokkur vafi, svo réttlátt sem það er. Ég hef sjálfur verið fulltrúi á þingi fyrir þetta hérað eitt kjörtímabil, er þar uppalinn, og ég þekki því vel aðstöðu þess til afkomu og framleiðslu og til lífsbjargar yfirleitt. Ég þori að fullyrða, að enginn hluti þessa fyrirhugaða Suðurlandskjördæmis á við neitt svipaða erfiðleika og erfiða aðstöðu að etja eins og þar. Og það er enginn jöfnuður og það er ekkert réttlæti í því að leggja atkvæði kjósenda í Vestur-Skaftafellssýslu til jafns við atkvæði kjósenda þéttbýlustu staða Suðurlandsundirlendisins og Vestmannaeyja. Svipað er í raun og veru að segja um Rangárvallasýslu. Hún missir að mestu möguleikann til annars þingmanns síns, þegar stundir líða. Hún hefur einfaldlega ekki meira atkvæðamagn í þessum graut, þessum allsherjar hrærigraut, sem hér er á borð borinn, heldur en fyrir rúmlega einum manni, og sér því hver maður, að það hlýtur svo að fara. Og hver getur svo jafnað saman aðstöðu til lífsbjargar þar, í Rangárhéraði, og í þéttbýlinu vestar, þar sem er hafnlaust hérað með miklar vegalengdir til allra aðdrátta og nálega eingöngu strjálbýli og býr því við meiri félagslega örðugleika en héruð þau og staðir, sem styttra eiga til hafnar að sækja og þar sem þéttbýlið er mest. Yfirleitt má um fyrirhugað Suðurlandskjördæmi segja, að vart sé hægt að hugsa sér meiri andstæður í atvinnuháttum og aðstöðu allri heldur en innan þess verða: Vestmannaeyjar, sem eingöngu lifa af sjónum, og svo sveitirnar, sem hvergi komast á sjóinn og eingöngu stunda landbúnað, að undanskildum sjávarþorpum Árnessýslu, sem segja má að stundi hvort tveggja. Annars vegar eru Vestmannaeyjar, þar sem fólkið er allt saman á örlitlum bletti og hefur því hina beztu aðstöðu til allra félags- og menningarmála, sem hugsazt getur. Með stundarfyrirvara er þar hægt að kveðja alla kjósendur saman og þeir að ná saman til að ráðgast um hagi sína. Þeir þurfa aðeins einn skóla, eitt eða tvö samkomuhús, lítla sem enga vegi, engar brýr, og svo má lengi telja. Og svo eru hins vegar sveitirnar, þar sem hver einstakur hreppur og sveit verður að sjá sér fyrir þessu öllu, margfaldir erfiðleikar til allrar félagslegrar starfsemi og menningar, til aðdrátta og til samskipta allra innbyrðis, margbrotið og fjölbreytt vegakerfi, mörg vatnsföll og mikil brúaþörf, og svo má lengi rekja um þann óhemju aðstöðumun, sem er hjá kjósendum í þeim héruðum, sem hér er um að ræða. Hver getur litið fram hjá þeim aðstöðumun, sem felst í þessu, og talið sig, um leið og hann gerir það, vera að fremja réttlæti? Þó mun þessa munar gæta jafnvel enn meira í sumum hinna samsteypukjördæmanna, sem fyrirhuguð eru.

Tökum til dæmis aðstöðu kjósenda í Norður-Þingeyjarsýslu og á Akureyri, á Siglufirði og afskekktustu og fámennustu sveitum í Skagafirði og Húnavatnssýslu, á Ísafirði og á Ströndum eða afskekktustu sveitum Barðastrandarsýslu. Er hér um jafnrétti að ræða og jafna aðstöðu? Hvaða heilvita maður getur haldið því fram, og hvaða heilvita maður trúir því? Nei, ef þetta á að leggja að jöfnu og telja réttlæti og jafnrétti, þá held ég, að dómgreindin sé eitthvað orðin úr lagi færð og ekki vanþörf á að hressa þar eitthvað lítils háttar upp á, svo að ekki sé fastar að orði kveðið.

Vitanlega er hér um eitt herfilegasta misrétti að ræða og valdarán frá þeim, sem miður mega sín í þjóðfélaginu og við mesta erfiðleika eiga

þar jafnan að etja. Að leggja að jöfnu aðstöðu þéttbýlis og hinna dreifðu byggða til áhrifa og aðstöðu um málefni sín geta þeir einir gert, sem svo eru einsýnir, að þeir þyrftu vissulega einhverra lækninga við. Þeir virðast hafa sett sjónaukann fyrir blinda augað, þegar þeir litu yfir kjördæmaskipun landsins, eins og sagt var um Nelson, hinn fræga flotaforingja Breta, þegar hann vildi ekkert sjá annað en að vinna sigur, hvernig sem horfði í svip. Svo virðist þessum einsýnu flokksstreitumönnum fara, sem þetta frv. flytja og ætla þjóðinni að samþykkja. Þar er bara að vinna sigur fyrir flokka sína í bili og skeyta engu, hvað eru staðreyndir, hvað er rétt og hvað er rangt. En ég held, að það verði þjóðinni dýrkeyptur sigur, líka þessum einsýnu forustumönnum. Og ég get þá ekki heldur varizt því að varpa þeirri spurningu fram: Yfir hverju hafa þeir verið að kvarta, sem í þéttbýlinu búa? Hefur verið troðið á rétti þeirra hingað til? Hvernig stendur á, að fólkið sækir til þessara réttlausu og réttlitlu staða, og hvernig stendur á, að lífskjörin og þægindin eru þar mest og bezt? Hvaða ranglæti hefur byggt þar upp? Hallar þar ekki orðið nógu mikið á í þjóðfélagi okkar, þótt ekki sé svo losað á öllum gjörðum, að alveg snarist yfir um? Ég held það, og ég held, að allur fjöldi þjóðarinnar sé mér samþykkur í því. Ég held, að hér sé um eitt herfilegasta frumhlaup að ræða, sem haft getur hinar alvarlegustu afleiðingar fyrir þjóðfélagið allt, fyrir þéttbýlið engu síður en dreifbýlið. Ef á að fara að sverfa mjög að kjörum þess fólks, sem í dreifbýlinu býr, þá mun uppgjöfin þar koma innan stundar meira en verið hefur.

Það er enginn sérstakur flokkur, sem á kjördæmin, það er hreinn misskilningur, allir hafa jafna aðstöðu til að vinna þau. Og þó að þau treysti þeim bezt, sem bezt vinna fyrir þau hverju sinni, þá á ekki að setja á þau neinar hefndarráðstafanir fyrir það, heldur á hver og einn að reyna að vinna þeim svo, að traust og fylgi fáist. Svo starfar rétt lýðræði, en ekki með byltingum á stjórnarskrá og árásum á grundvallarhagsmuni þeirra, sem höllustum fæti standa í þjóðfélagi okkar.

Hvaða heilvita maður getur neitað því, að þjóðin hefur veitt Reykjavík t. d., tökum einn hluta af þéttbýlinu, veitt henni langsamlega mestan rétt og bezta aðstöðu allra staða á landinu með því að gera hana að höfuðstað sínum? Þetta er líka viðurkennt hjá öllum öðrum þjóðum, að sú aðstaða er ekki neitt lítils virði að vera höfuðstaður landsins. Hún er þannig aðsetur ríkisstjórnarinnar og Alþingis. Hér eru allar helztu menntastofnanir þjóðarinnar, bankar og hvers konar stofnanir, sem veita bæði fjárhagslegan og félagslegan styrk á fjölmörgum sviðum. Hingað verða allir að leita með flest málefni sín, sem úrlausnar þurfa, og ætti hv. þm. utan af landsbyggðinni a. m. k. að vera nokkuð um það kunnugt, þar sem starf þeirra er að mjög miklum hluta í því falið að annast slíka fyrirgreiðslu fyrir kjósendur sína, sem heima eru. Þess þurfa ekki þeir, sem eru búsettir hér í Reykjavík og hafa þetta allt hjá sér. Hingað hafa menn flutzt hópum saman til að veita börnum sínum aðstöðu til menntunar og frama, sem hvergi var annars staðar aðstaða til á landinu, og þannig má lengi telja. Það eru fjöldamargir af jafnvel duglegustu og sterkustu mönnum sveitanna, sem til Reykjavíkur hafa flutzt eingöngu vegna þessa, og þekki ég marga jafnvel úr minni sveit, enda sýnir aðsóknin, að menn telja sig ekki vera að flytja til einhvers réttlætis- og mannréttindaskerðingarstaðar, er þeir axla pjönkur sínar og halda hingað til höfuðborgarinnar. Það er nú eitthvað annað. Hér er aðstaða umfram öll önnur héruð á landinu. Og þó hafa fulltrúar hinna dreifðu byggða enn einu sinni borið það fram að auka hér nokkuð á, ef þær aðeins fá að vera í friði með sína fulltrúa, sem þær geta sannarlega ekki án verið, ef þær eiga að hafa nokkur áhrif um lausn sinna eigin málefna hér í höfuðstaðnum og á hv. Alþingi.

Einn athugull sjálfstæðismaður heima í mínu héraði lét svo um mælt nýlega: Ég vil heldur hreinlega láta af hendi annan þm. þessa kjördæmis til þéttbýlisins, ef við fáum svo að halda hinum, heldur en leggja héraðið niður sem sjálfstætt kjördæmi. — Og sjálfur er ég á þeirri skoðun, að mikið sé til í þessu. Annar tapast hvort sem er í þessum alþjóðarblöndunarpotti, einfaldlega vegna atkvæðamagns, sem verður allsráðandi í framtíðinni, ef blöndunin kemst í framkvæmd, og hinn þm., sem eftir yrði, verður að taka einnig þátt í kapphlaupinu um þéttbýlisatkvæðin, því að þar verður líklegast til fanga og auðveldast að ná til sem flestra kjósenda, eins og allir skilja. Þetta er bróðurhöndin, sem að okkur Rangæingum er rétt, og sízt er hún hollari eða hlýrri hvað fjölmörg eða flest dreifbýliskjördæmi landsins snertir. Það mun réttara að mínum dómi að nefna hana hönd undirferla, fláræðis og svika, ef af gerhygli er á málin og málsmeðferðina alla litið.

Ég hygg, að ekkert hérað hafi kosið við síðustu kosningar fulltrúa fyrir sig á þing til að leggja kjördæmin niður og þó allra sízt þá, sem skriðu þar á lánuðum fjöðrum frá öðrum flokksmönnum en sínum eigin. Ef framferði þeirra er ekki svik á trúnaði við kjósendur sína og fullkomin misnotkun þess valds, sem þeir hafa fengið þm. sínum í hendur, þá veit ég ekki, hvað á að kalla það. Ég þekki ekki annað orð í íslenzku máli, því að þá er heiðarleikahugmyndin og drengskapar farin að verða einhver önnur en hingað til hefur verið í þessu landi. Ekki er ólíklegt, að þeir verði þess að einhverju varir, er enn og aftur er leitað á náðir kjósenda í landinu. Svo vona ég líka að fari.

Nei, mál þetta allt er ofur einfalt að átta sig á, þegar umbúðum fláræðis og fagurra orða er af því flett, og íslenzkir kjósendur munu áreiðanlega vera um það færir að gera það.

Dreifbýlið, sem lítt hefur treyst á forsjá þessara flokka, sem að þessu þokkamáli standa, einfaldlega af því að þeir hafa slælega hugsað um hagsmuni þess, það á að lama og svipta

áhrifamætti sínum með því að sameina það þéttbýlinu, þar sem kjósendur hafa verið flokkum þessum þægari í taumi fram til þessa. Þetta er einfaldlega málið, eins og hver einasti maður hlýtur að sjá það. Og þetta á að framkvæma einum flokki til lífs, öðrum til aukinna valda og áhrifa í svip, og jafnhliða er svo ekki hægt að fela þá illgirnislegu tilhugsun og tilhlökkun, að nú skuli náð sér niðri á vissum flokki, sem alla tíð hefur verið óþægur ljár í þúfu, þegar um ábyrgðarleysi þessara flokka hefur verið að ræða, og þeim helzt til kröfuharður um hagsmuni þeirra, sem erfiðasta eiga aðstöðuna í þjóðfélaginu. Það hefur svo sem ekkert verið farið leynt með það, að það eigi að hnekkja þessu valdi. Hugsa þeir með þessu sjálfsagt eitthvað á þá leið, eins og hinn danski embættismaður, sem sagði: Nú skal Gutti setja ofan — í viðskiptum sínum við hérlendan embættismann. Þannig hugsa þeir til Framsfl. í þessu sambandi og hyggjast þannig einnig hvetja sína liðsmenn í dreifbýlinu til að vinna þetta skemmdarverk á sínum eigin hagsmunum og sinni eigin aðstöðu.

Það heppnast stundum vel að skírskota til hinna lægri hvata, þegar verið er að villa mönnum sýn og fá þá til óþurftarverka. Svo vona ég og veit ég að verður ekki þessu sinni. Og ekki hef ég trú á því, að margir láti blekkjast hér. Sannleikurinn er sá, að Framsfl. þarf engu að kvíða í þessu efni. Hann mun áfram eins og hingað til vinna sér kjósendafylgi á málefnum og verkum sínum, en ekki með byltingum og breytingum á kjördæmaskipuninni, eftir því sem hentast er hverju sinni. Á slíkri vinnuaðferð hefur hann enga trú, og hann veit, að hún mun fljótlega koma þeim flokkum í koll, sem beita henni. Hann hefur trú á dómgreind íslenzkra kjósenda, og hann veit, að einnig hér muni viðnám veitt af þeim, sem að er vegið þessu sinni, og það svo, að eitthvert hik muni a. m. k. geta komið á í liði skemmdarverkamannanna, áður en þessum áformum er fram komið. Þeir ættu að minnast málsháttarins, sem segir: Ekki er sopið kálið, þótt í ausuna sé komið. Og þótt foringjum flokka þeirra, sem mest eiga fylgi í þéttbýli landsins, hafi tekizt að koma sér saman um samsæri við helztu lífshagsmuni dreifbýlisins, þá er málið ekki þar með til lykta leitt. Það er alveg misskilningur, eins og þeir hafa verið að gefa yfirlýsingar um í oflæti sínu og valdsmannslátum undanfarandi í blöðum sínum og ræðum, að það sé þegar leyst, að það væri í raun og veru alveg óþarfi að spyrja kjósendurna að þeirra dómi. Það er oft, að þeir verða fyrir vonbrigðum, sem mikið láta og halda sig mikla menn og meiri en þeir eru.

Dreifbýlið á enn þau áhrif að réttum lögum í þessu landi, að einhverju getur skeikað í útreikningum, áður en yfir lýkur um afgreiðslu þessa óþurftarmáls. Enn er einræðishneigðin ekki orðin svo sterk í þessu landi, að það sé alveg óskeikult, að vissum mönnum, þótt mikla telji sig, nægi það eitt að segja: Svo skal verða — og það verði svo, eins og orð ritningarinnar greina frá um sköpun heims í árdaga. Og vonandi fá einstakir menn eða flokkar aldrei slíkt vald yfir þjóðinni. Ef svo færi, þá er frelsi hennar og framtíð í voða. Hún mun því byrja á að vísa þessu valdboði einsýnna manna, einsýnna flokksstreitumanna, heim til föðurhúsanna.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Frv., sem hér liggur fyrir, hefur að geyma tillögur um breytingar á stjórnarskrá Íslands. Tillögur þessar eru þó takmarkaðar við kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulag, og er það raunar ekki nýtt. Breytingar á þeim atriðum voru síðast gerðar 1942, en þar áður 1933.

Með breytingunni, sem gerð var 1933, voru stjórnmálaflokkarnir mjög efldir til valda í landinu. Þá voru m. a. sett í stjórnarskrána ákvæði um uppbótarþingsæti til jöfnunar milli þingflokka, eins og það er nefnt. Á lagamáli eru uppbótarþingmenn þessir nefndir landskjörnir þingmenn. Réttara væri þó að nefna þá flokkskjörna þm. Uppbótarþm. eru fallnir frambjóðendur í kjördæmum. Samantalin atkvæði flokkanna eru lögð til grundvallar, þegar uppbótarsætunum er úthlutað. Kjósendurnir, sem leggja til þessi atkvæði, vita oft harla lítið um það, hvaða mönnum atkvæði þeirra muni koma á þing. Atkvæðin eru gefin flokkunum, og þeir fá þingsætin út á þau. Margt getur skrýtilegt skeð í því flokkahappdrætti, eins og dæmin sanna. Það getur jafnvel komið fyrir, að atkvæðin komi öðrum flokki að gagni en þeim, sem kjósendurnir töldu sig vera að styðja. Dæmi um þetta er frá síðustu alþingiskosningum. Þá skeði það, að átta síðustu kjósendurnir, sem komu á kjörstað í einu kjördæmi til að kjósa framboðslista síns flokks, urðu til þess með þátttöku sinni í kosningunni að koma á þing frambjóðanda annars flokks, sem féll í kjördæmi í öðrum landsfjórðungi. Segja má, að skipting uppbótarsætanna milli þingflokka fari fram eftir reglum hlutfallskosninga, þó að fyrirkomulagið á vali þingmannanna úr hópi hinna föllnu sé með sérstökum hætti og þannig, að útkoman úr þeim reikningsdæmum geti orðið ærið skrýtin, eins og ég hef hér nefnt dæmi um.

En áður voru um tíma, frá 1915 til 1933, í gildi lög um landskjörna þm. Þeir voru sex talsins, þeir voru kjörnir í sérstökum kosningum með hlutfallskosningafyrirkomulagi um land allt, þ. e. a. s. þrír og þrír í senn. En kjör þeirra var á engan hátt tengt við kosningu hinna kjördæmakosnu þm., eins og nú er með uppbótarmennina. Í því gamla landskjöri vissu kjósendur því fullkomlega, hvaða menn þeir voru að velja til þingsetu. Þar gat aldrei komið fyrir, að þátttaka manna í kosningum yrði til að fleyta á þing einhverjum manni úr öðrum stjórnmálaflokki en þeim, sem þeir höfðu greitt atkvæði.

Allt frá endurreisn Alþingis fyrir meira en 100 árum hefur vali flestra þm. verið hagað þannig, að héruð landsins, þ. e. sýslurnar, og á síðari tímum einnig stærri kaupstaðir hafa haft þm. hvert fyrir sig. Þm. hafa verið þeirra fulltrúar á löggjafarsamkomunni og einnig umboðsmenn á mörgum öðrum sviðum.

Það er alkunnugt, að afskipti hins opinbera, Alþingis og ríkisstjórnar, hafa farið stórkostlega vaxandi á flestum sviðum þjóðlífsins. T. d. er það orðið svo í atvinnumálum, að þar er það mjög takmarkað, sem menn geta aðhafzt í raun og veru, nema til komi ýmiss konar leyfaveitingar og fyrirgreiðsla af hálfu opinberra stofnana. Með þessum sívaxandi afskiptum þess opinbera af lífi manna og högum hefur farið stöðugt vaxandi þörf héraðanna fyrir það að hafa sérstaka umboðsmenn fyrir sig á löggjafarsamkomunni, sem gætu jafnframt sinnt öðrum málum fyrir héruðin og íbúa þeirra, en flest þarf nú, eins og kunnugt er, að sækja til Reykjavíkur, þar sem ríkisvaldið hefur sitt aðsetur og ríkisstofnanir langflestar, a. m. k. allar þær áhrifamestu og þær, sem mest afskipti hafa af atvinnumálum um land allt og mörgu öðru.

En nú á samkvæmt þessu frv. að svipta héruðin þeim rétti að hafa sérstaka fulltrúa fyrir sig. Þau mega ekki lengur hafa sérstaka málsvara hvert fyrir sig. Og hvað er þeim boðið í staðinn? Fólkinu um land allt er gefinn kostur á í kosningum að merkja við listabókstaf einhvers flokksins með nöfnum manna, sem fjöldi kjósendanna hefur engin persónuleg kynni af. Í stað sérstaks fulltrúa, sem þeir þekkja, eiga þeir að fá að kjósa lista með nöfnum manna, sem flestir eru þeim ókunnir og eru því í augum þeirra aðeins númer í flokkssafni.

Það, sem hér er boðið, er efling flokkavaldsins í landinu til stórra muna. Verði þetta samþykkt, verður margfalt erfiðara en áður fyrir kjósendur yfirleitt að hafa áhrif á val frambjóðenda og þar með á kjör þm. Það má búast við og raunar telja víst, að þannig fari, að menn frá fjölmennustu byggðarlögunum verði í efstu sætum á framboðslistunum á hverju kjörsvæði. Flokkarnir munu telja það vænlegast til atkvæðasöfnunar að haga framboðum þannig. Það er því stórkostleg hætta á, að fámennari héruðin innan hvers kjörsvæðis verði algerlega afskipt.

Ég vil nefna hér t. d. tvö af hinum fámennari kjördæmum landsins, sitt í hvorum landshluta. Annað þeirra er Vestur-Skaftafellssýsla. Það hefur reyndar af öðrum í þessum umr. verið minnzt á það kjördæmi. Vestur-Skaftafellssýsla er víðlent hérað. Þar eru sandar, jökulvötn og hafnlaus strönd, en á milli fljótanna miklu og eyðisandanna eru hýrar og gróðursælar sveitir. Þar býr dugandi fólk, þroskað í baráttunni við náttúruöflin. Síðustu 30 árin hafa 5 menn átt sæti á Alþ. fyrir þetta hérað, 3 framsóknarmenn og 2 sjálfstæðismenn til skiptis. Allir þessir 5 þingfulltrúar Vestur-Skaftfellinga hafa fæðzt og alizt upp þar í sýslunni, sumir þeirra átt þar heima alla ævi, og allir hafa þeir verið gerkunnugir héraðinu, fólkinu, sem þar býr, og viðfangsefnum þess. En hvaða möguleika hafa Vestur-Skaftfellingar til þess að koma manni frá sér á þing, ef hin fyrirhugaða breyting nær fram að ganga? Samkvæmt frv. á Vestur-Skaftafellssýsla að vera á kjörsvæði með Rangárvallasýslu, Árnessýslu og Vestmannaeyjum, og þar á að kjósa 6 menn í einu, auðvitað með hlutfallskosningafyrirkomulagi. Kjósendatalan í Vestur-Skaftafellssýslu er um það bil 10% af heildartölu kjósenda á þessu svæði. Af því má sjá, að möguleikar Vestur-Skaftfellinga til að koma að manni úr sínum hópi eru ákaflega takmarkaðir. Mestar líkur eru til, að þeir verði þar algerlega út undan. Jafnvel þó að íbúar þessa héraðs gengju allir saman í eina fylkingu, yfirgæfu þá flokka, sem þeir hafa fylgt undanfarið, þá væru þeir ekki öruggir með að koma einum manni af sex á þing á þessu stóra kjörsvæði. Þannig á að búa að fólkinu, sem þarna býr.

Hitt héraðið, sem ég vil nefna, er Norður-Þingeyjarsýsla. Það er líka víðlent hérað og fagurt, og þar eru landkostir góðir eins og í Skaftafellssýslu, en þar eru auk þess útgerðarstöðvar og góð mið fyrir landi. Miðað við fólksfjölda skila Norður-Þingeyingar mikilli framleiðslu í þjóðarbúið, bæði land- og sjávarafurðum. Eins og Vestur-Skaftfellingar hafa þeir að undanförnu haft fulltrúa á þingi úr sínum hópi, menn, sem þar hafa fæðzt og alizt upp og eru nákunnugir byggðarlaginu og fólkinu, sem þar býr. En nú er þeim ætlað, eins og Vestur-Skaftfellingum, að verða á kjörsvæði með miklu fjölmennari héruðum. Mun láta nærri, að í Norður-Þingeyjarsýslu sé eins og í Vestur-Skaftafellssýslu um það bil 10% af kjósendatölu hins fyrirhugaða stóra kjördæmis. Nái þessi breyting fram að ganga, eru þeir því eins illa settir og hafa jafnlitla möguleika og Vestur-Skaftfellingar til þess að koma fulltrúa frá sér á löggjafarsamkomuna.

Hér í Reykjavík eru starfandi nokkur átthagafélög, sem svo eru nefnd. Eitt af þeim er félag Þingeyinga, gagnlegur og góður félagsskapur eins og önnur félög af sama tagi. Heyrzt hefur, að eitt af góðum viðfangsefnum félagsins um þessar mundir sé að eiga hlut að því, að komið verði upp minnismerki um Skúla landfógeta á fæðingarstað hans, Keldunesi í Norður-Þingeyjarsýslu. Líklega er þetta á döfinni núna í tilefni af því, að innan skamms eru 250 ár liðin frá fæðingu þessa merka manns. En það lítur út fyrir, að fleiri en Þingeyingar hafi í hyggju að minnast 250 ára afmælis Skúla Magnússonar landfógeta. Þrír stjórnmálaflokkar á Alþingi ætla að gera það, að vísu með nokkuð sérstökum hætti, en auðvitað samkv. sínu innræti. Þeir ætla að svipta fæðingarhérað Skúla fógeta réttinum til að hafa sérstakan fulltrúa á Alþingi. Afmælið nálgast óðum, og því þarf að harfa hraðan á, svo að þessu verði komið í framkvæmd fyrir afmælisdaginn.

Ég hef nefnt hér sem dæmi tvö víðlend og fögur héruð, strjálbýl og að sumu leyti harðbýl. Ég veit ekki, hvort menn hafa leitt hugann að því, hvað þjóðin yrði miklu fátækari, ef þessi héruð legðust í auðn, ef þar yrði hvergi mannabyggð og eldur á arni. Og ég vil spyrja: Er það of mikið að leyfa því fólki, sem byggir þessi héruð, að hafa sérstaka fulltrúa fyrir sig á löggjafarþingi þjóðarinnar, einn fyrir hvort héraðið, eins og það hefur lengi haft? Og hverjum er slíkt til tjóns?

Fólkið í fámennari byggðunum hefur ýmiss konar örðugleika við að etja umfram hina, sem búa á þéttbýlli svæðum. En þetta fólk á hinum strjálbýlli landsvæðum gegnir mjög þýðingarmiklu hlutverki í þjóðfélaginu: að halda við byggðinni og afstýra því, að byggileg héruð leggist í auðn. Störf þess ætti að meta að verðleikum og veita því stuðning í lífsbaráttunni. En hér er farið öfugt að. Hér er verið að ráðast gegn þessu fólki og hagsmunum þess. Ætlunin er að svipta það þeim rétti, sem það hefur lengi búið við, að hafa sérstaka fulltrúa og málsvara fyrir sig á þingi þjóðarinnar.

Hlutfallskjörnir þm. í stórum kjördæmum geta aldrei fyllt það skarð, sem verður, þegar héruðin eru svipt sínum sérstöku fulltrúum. Þeir þekkja aðeins tiltölulega fáa hinum stóru svæðum. Þá skortir það samband við fólkið og þekkingu á kjörum þess og aðstöðu allri, sem þm. þurfa að hafa og margir kjördæmakjörnir þm. hafa nú. Þm. stóru kjördæmanna hafa ekki möguleika til að kynnast héruðunum innan þeirra og fólkinu, sem þar býr, nema að mjög takmörkuðu leyti, og án þess kunnugleika geta þeir ekki innt sín umboðsstörf af hendi, svo að vel fari.

Það eru óviturlegar till., sem hér eru fram bornar í frv.-formi. Þær munu, ef samþykktar verða, leiða til ófarnaðar ekki aðeins fyrir það fólk, sem þar með verður svipt eðlilegum réttindum, heldur jafnframt fyrir þjóðina alla.

Menn þeirra flokka, sem standa að þessu frv., hafa mjög talað og skrifað um það, að einn flokkur lifi á ranglæti núverandi kjördæmaskipunar, sem þeir nefna svo, núverandi kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulag veiti þessum flokki, Framsfl., mikil forréttindi. Þetta skraf þeirra hefur ekki við nein rök að styðjast. Stjórnarskráin veitir engum sérstökum stjórnmálaflokki forréttindi, allir flokkar hafa sama rétt til að keppa um þingsæti, jafnt í fjölmennum sem fámennum kjördæmum, og utanflokkamenn hafa það einnig enn þá.

Ég vil nefna hér dæmi um eitt fámennt kjördæmi, það er Seyðisfjarðarkaupstaður. Árin 1931—42 var Alþýðuflokksmaður þm. þess kjördæmis. Næstu 14 árin var þm. þess í Sjálfstfl. Aldrei heyrðist talað um það á þeim árum, að það væru forréttindi fyrir Alþfl. og Sjálfstfl. að hafa þm. fyrir þetta fámenna kjördæmi. Það voru heldur engin fríðindi eða forréttindi þeim til handa. Það eru þá ekki heldur nein forréttindi fyrir Framsfl., þó að núverandi þm. þessa kjördæmis sé í þeim flokki. En meiri hl. stjskrn. heldur enn fram þessari vitleysu um forréttindi eins flokks í nál. sínu á þskj. 406. Að sjálfsögðu vita allir þessir menn vel, að þeir eru hér að fara með ósannindi. En ef til vill gera þeir ráð fyrir að geta veitt einhverja kjósendur, sem lítið hugsa, í þetta net sitt, og því leggja þeir það út. Þeir bera ekki svo mikla virðingu fyrir sjálfum sér, að þeir hiki við að fara með ósannindin, ef verða mættu þeirra illa málstað til nokkurs framdráttar í bili.

Aðstandendur þessa frv. segjast trúa á ágæti hlutfallskosningafyrirkomulagsins. En þeir eru blendnir í trúnni. Um það vitna oft verk þeirra og saga þeirra öll. Þeir segja, að þm. eigi að kjósa með þessu fyrirkomulagi einkum til þess að tryggja rétt minni hlutans. En þegar búið er að kjósa þm. á þing og þeir eru komnir þar til starfa og eiga m. a. að velja framkvæmdastjórn ríkisins, sem við nefnum ríkisstjórn, þá er allt í einu horfið frá þessu ágæta fyrirkomulagi, hlutfallskosningum. Nú eru 52 menn á Alþingi. Ef 27 þeirra koma sér saman um val manna í ráðherrastóla, eins og nýverið hefur gerzt hér og öllum er í fersku minni, þá gildir það, hinir 25 hafa þar ekkert að segja. Skyndilega er hér breyting á orðin, engin þörf lengur að tryggja rétt minni hlutans eða láta hann hafa nokkra valdaaðstöðu í ríkisstjórninni, hann má una við réttleysið. Þannig er hollusta þeirra manna, er standa að þessu frv., við réttlætið, sem þeir segjast vera að þjóna. Þegar að því kemur að velja menn í hæstu sætin, þá varpa þeir öllu sínu réttlæti fyrir borð.

Og hvernig haga þeir sér í ýmiss konar félagsskap, þar sem þeir eru þátttakendur og ráðamenn, t. d. í stéttarfélögunum? Það hefur nokkuð verið minnzt á það af öðrum í þessum umræðum, engar hlutfallskosningar eru þar. Oft hefur verið talað um það, að á næstsíðasta Alþýðusambandsþingi, þar sem nokkur hundruð fulltrúar áttu sæti, hafi mjög naumur meiri hluti fengið alla fulltrúana í stjórn sambandsins. Það þykir gott á þeim bæ. Enginn skilji orð *mín svo, að ég telji, að í slíkum félagsskap* eigi að hafa hlutfallskosningar, og ekki mundi ég vera með í því að lögbjóða slíkt, það er vitanlega mál, sem félagsmenn í slíkum samtökum eiga að ákveða sjálfir, hvaða kosningafyrirkomulag þeir nota. Ég nefni þetta aðeins sem dæmi um það, að þeir menn, sem boða ágæti hlutfallskosninga, afneita trú sinni í verkum.

Með stjórnarskrárbreytingunni 1942 var gengið lengra en áður út á braut hlutfallskosninga. Í þessu frv. er lagt til, að framvegis verði allir þm. kjörnir með hlutfallskosningafyrirkomulagi í stórum kjördæmum. *Jafnframt* eiga ákvæðin um flokkskjörnu þm., uppbótarþm., að haldast. Hér er því haldið enn lengra út á braut flokksræðisins, vald flokkanna og flokksstjórnanna á enn að efla. Það er ástæða til að íhuga, hvernig hlutfallskosningar hafa gefizt hjá okkur og uppbótarsætafyrirkomulagið. Við þetta hefur þjóðin búið í 25 ár. Hvað er það, sem hefur öðru fremur sett svip sinn á þingstörfin og stjórnarfarið hjá okkur á þessu tímabili? Enginn einn flokkur hefur haft meiri hluta og því ekki getað stjórnað samkv. sinni stefnu, og engin varanleg samvinna tveggja eða *fleiri flokka hefur tekizt. Langvarandi samn*ingaumleitanir milli flokka um stjórnarmyndanir og afgreiðslu mála hafa tafið þingstörfin um lengri tíma, oft svo að skiptir mánuðum. Í samningaþófinu verða flokkarnir að víkja út af þeirri leið, sem þeir hefðu kosið að fara. Afleiðingin er oft sú, að ekki er fylgt neinni ákveðinni og skýrt markaðri stefnu í veigamiklum málum, sem úrlausnar krefjast. Þetta er öllum vel kunnugt, ég þarf ekki að rekja þá sögu meir. Fullvíst er, að í þessum efnum

fást engar umbætur með því að samþykkja frv., sem hér liggur fyrir. Það er þvert á móti líklegt til að auka til stórra muna á þann gludroða og þau vandræði, sem ég hef hér nefnt. Til lækningar á því ástandi þarf að grípa til annarra ráða. Þetta er sumum öðrum þjóðum ljóst, sem um þessar mundir eru að hverfa frá hlutfallskosningafyrirkomulaginu eða fjalla um till. um slíkt, í því skyni að koma á hjá sér heilbrigðara stjórnarfari.

Frsm. meiri hl. stjskrn., hv. 1. þm. Reykv. (BBen), sagði í ræðu sinni hér í dag, að það þyrfti að vera sama kosningaaðferðin um land allt. Þetta er eitt af því, sem er nýtilkomið hjá þeim hv. þm. Við höfum hér undanfarið lengi búið við það, sem kalla mætti blandað kosningakerfi. Það eru hlutfallskosningar í sumum kjördæmum, en flest kjördæmin einmenningskjördæmi. Og hverjir voru það, sem komu þessu fyrirkomulagi á, sem við nú búum við? Ekki sízt flokkur hv. 1. þm. Reykv. (BBen), sem átti mikinn hlut að þeirri breyt., sem gerð var á kosningatilhögun með stjórnarskrárbreytingunni 1933 og aftur 1942, og með þeim flokki var þá einnig Alþfl. í fyrra skiptið og Sameiningarflokkur alþýðu í síðara skiptið, en það eru þessir þrír flokkar, sem standa að því frv., sem hér er til umr. Þeim þótti þá vel nothæft að hafa blandað fyrirkomulag, og það hefur verið bent á það í þessum umr., að slíkt þekkist í öðrum löndum, t. d. í Vestur-Þýzkalandi, sem er öðrum löndum til fyrirmyndar nú á margan hátt.

Hv. 1. þm. Reykv. vitnaði mjög í ræðu sinni í fyrirkomulag búnaðarþingskosninga og taldi, að þetta væri, skildist mér, nokkuð sniðið eftir þeim. Hann á að vita það, þessi hv. þm., og hlýtur að vita það, að einmitt þar er notað hvort tveggja, hlutfallskosningar, þar sem kosnir eru tveir og allt upp í fimm þm. til búnaðarþings á hverju kjörsvæði, en svo eru líka margir þeirra kosnir í einmenningskjördæmum. Og þess hefur ekki orðið vart, að það yrðu neinir árekstrar út af þessu eða að það torveldaði á neinn hátt eðlileg störf búnaðarþings, þó að þannig væri um tvenns konar kosningafyrirkomulag að ræða til þeirrar stofnunar. Allt fer þar vel.

Meiri hl. stjskrn. mælir með samþykkt þessa frv. Hann styður árásina á hin sérstöku kjördæmi og vill svipta þau sjálfstæði sínu, og hann hefur valið sitt orðalag til að lýsa verknaðinum. Í nál. sínu talar hann um bróðurhönd til fámennisins. Þetta er svo sem ekki í fyrsta skipti, sem helgislepjan lekur af yfirgangsmönnum, þegar þeir eru að framkvæma sín ofbeldisverk.

Og Morgunblaðið tekur upp sitt stóra letur, þegar það segir frá nál. meiri hl. Það dregur einmitt þetta fram með bróðurhöndina í stóru fyrirsögnina, sem nær þar þvert yfir síðu.

Hvernig skyldi það hafa verið í Þýzkalandi fyrir tuttugu árum, þegar einvaldsherrann þar var að svipta nágrannana sjálfstæði sínu? Ætli hann og hans menn hafi þá ekki að eigin dómi verið að rétta bróðurhönd til fámennisins? Var það ekki sams konar bróðurhönd, sem aðrir réttu Eystrasaltsríkjunum nokkru síðar, þegar þau voru svipt sjálfstæði sínu? Var það ekki, að sögn yfirgangsmannanna, eingöngu gert fyrir þau sjálf? Sögðu þeir ekki, að þau yrðu sterkari með því að sameinast fjölmennari ríkjum? Er það ekki svipuð bróðurhönd, sem nú hefur verið rétt fram austur í Tíbet? Bróðurhöndin hefur líka sézt hér á okkar landi um þessar mundir. Nál. meiri hl. stjskrn. var útbýtt hér á þingi í þessari viku, þriðjudaginn í síðustu viku vetrar. Þann sama dag var bróðurhöndin að verki hér í þingsölunum. Það voru greidd atkv. um fjárlagafrv. að lokinni 2. umr. þess. Þar voru að sjálfsögðu greidd atkv. um margar till., er snertu mörg mál. Ég ætla ekki að gera hér að umtalsefni nema eitt mál, sem þar voru greidd atkvæði um. Þeir stjórnarstuðningsmenn, sem skipa meiri hl, stjskrn., réttu upp sínar bróðurhendur til þess að lækka fjárframlagið til raforkuframkvæmdanna um meira en 10 millj. kr., og flokksbræður þeirra allir réttu líka fram sínar bróðurhendur að þessu verki.

Fjórir af þeim fimm hv. þm., sem standa að nál. meiri hl., eru búsettir hér í Reykjavík, höfuðborg landsins. Reykvíkingar hafa fyrir alllöngu fengið rafmagn frá stórvirkjun í Árnessýslu til heimilisþarfa og annarrar notkunar. Þeir fengu það á sínum tíma með aðstoð þjóðarheildarinnar. Án þeirrar aðstoðar hefði orðið dráttur á því, meiri eða minni, að Reykjavík fengi rafmagn til fullnægingar sinni þörf. Nokkur síðustu árin hefur ríkið lagt fram töluvert fé til rafstöðvabygginga og dreifingar raforkunnar um byggðir landsins. Margt fólk í kaupstöðum, kauptúnum og sveitahéruðum landsins hefur því fengið þessi mikilsverðu og eftirsóttu þægindi á undanförnum árum. En margir bíða enn í von um að fá rafmagnið til sín til þess að gera heimilin bjartari, hlýrri og vistlegri og til þess að létta sér störfin.

Eins og ég sagði áður, eru fjórir af fimm mönnum í meiri hl. stjskrn. Reykvíkingar, en fimmti nm. er hv. 2. þm. Skagf. (JS), sem áður hefur nokkuð komið við sögu í umr. um þetta mál. Hann lét sig hafa það ásamt öðrum stuðningsmönnum stjórnarinnar að rétta upp sína bróðurhönd til stuðnings því að lækka framlagið til raforkuframkvæmda úti um land um meira en einn milljónatug. Afleiðingin verður sú, að fólkið í Skagafirði og mörgum öðrum héruðum þarf að bíða lengur en annars hefði orðið eftir rafmagninu. Það lítur út fyrir, að núverandi stjórnarstuðningsmenn líti svo á, að fólkið úti um land geti vel beðið eftir rafmagninu, ef þeir fá það í staðinn, að hv. 2. þm. Skagf. og sálufélagar hans segjast vera að rétta því bróðurhönd. Hv. 2. þm. Skagf. er búinn að fá rafmagnið leitt heim á heimili sitt.

En hvað á að koma í staðinn fyrir þær breytingar á kjördæmaskipun, sem boðaðar eru í þessu frv.? Í stað þess ætti að koma nokkur fjölgun kjördæmakosinna þingmanna á þéttbýlustu stöðum landsins, þ. e. í Reykjavík og nokkrum öðrum stöðum. Þetta á að ákveða, og það er hægt að gera án þess að svipta önnur héruð rétti sínum til að hafa sérstaka full-

trúa á þingi. Þannig var áður unnið að þessum málum, t. d. rétt eftir síðustu aldamót. Þá var þm. bætt við í Reykjavík vegna fólksfjölgunar í bænum og lögákveðin nokkur ný kjördæmi á stöðum, þar sem veruleg fólksfjölgun hafði orðið. Hvers vegna geta menn ekki orðið sammála um þessa eðlilegu lausn á málinu? Þeir, sem ekki vilja á það fallast, hljóta að hafa einhver annarleg sjónarmið í huga.

Aðalatriði málsins er þetta: Héruðin, sem nú hafa sérstaka fulltrúa á Alþingi hvert fyrir sig, eiga að halda þeim rétti. Að svipta þau þeim réttindum með lagaboði er algerlega óverjandi athæfi og ósamboðið hinu háa Alþingi.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég hef við 1. umr. þessa máls hér í deildinni gert grein fyrir höfuðsjónarmiðum mínum til þeirra stóru drátta í þessu máli og mun því við þessa umr. aðeins gera að umræðuefni nokkur einstök atriði af því, sem andstæðingar frv. hafa hér fært fram og ég tel fyrir minn hlut sérstaka ástæðu vera til að nefna.

Hv. síðasti ræðumaður talaði mikið um helgislepju hér áðan. Það kann að vera, að hún sé nokkur á okkur, sem flytjum þetta mál. En ég held, að hlutlaus áhorfandi mundi komast að þeirri niðurstöðu, að hún væri þá ekki síður á þeim, sem á móti því berjast.

Hann talaði mjög á móti hlutfallskosningum og leitaðist við að færa ýmis rök fyrir því, að við, sem viljum taka upp hlutfallskosningakerfið um allt landið og hafa eitt og hið sama kerfi fyrir alla landsmenn, afneitum kenningum okkar í ýmsum atriðum í reynd. En ég vil benda á það, að hv. framsóknarmenn, sem allir, hver einasti, draga fram það, sem þeir telja vera rök gegn hlutfallskosningum, leggja í till. sínum nú hvorki meira né minna en til, að meiri hl. þjóðarinnar eigi að búa við þetta kerfi, sem þeir eru sí og æ að svívirða og rægja og telja óalandi og óferjandi. Það er einkennilegt hjá svo stórum stjórnmálaflokki, sem er að tala um það, að aðrir séu ekki sjálfum sér samkvæmir, að tala hér í þinginu, í blöðum sínum, við hvert tækifæri á móti hlutfallskosningum, en gera í samþykktum síns eigin flokksþings og í sínum eigin till., sem hér liggja fyrir, þá till. þrátt fyrir það, að þetta vonda kerfi skuli vera nógu gott fyrir meira en helming þjóðarinnar.

Þetta finnst mér ekki vera sterkur málstaður. Og ef menn vilja taka afdráttarlausa afstöðu með eða á móti hlutfallskosningum annars vegar eða svokölluðum meirihlutakosningum í einmenningskjördæmum hins vegar, þá ættu menn, ef þeir vilja velja algerlega á milli, velja annað, en hafna hinu með öllum rökum, sem þeir finna, þá ættu þeir a. m. k. að reyna að haga till. sínum svo, að þær væru í samræmi við það, en ekki að ætla meiri hluta þjóðarinnar það kerfi, sem þeir álíta vera gersamlega ónothæft.

Annars ætlaði ég aðallega að fara nokkrum orðum um örfá atriði úr þeirri löngu og að mörgu leyti skilmerkilegu og góðu ræðu, sem hv. þm. A-Sk. (PÞ) flutti hér fyrr í dag.

Ég hafði við 1. umr. gert nokkuð að umtalsefni þau samtök, sem áttu rætur sínar á Austur- og Norðurlandi um það bil sem lýðveldið var stofnað og kalla mætti fjórðungahreyfingu eða fylkishreyfingu. Hv. þm. reyndi að hrekja það, sem ég hafði um þetta sagt, og draga fram rök fyrir því, að kjarni þessarar hreyfingar hafi verið algerlega gagnstæður því, sem ég benti á.

Við skulum athuga nokkur atriði í sambandi við þetta örlítið nánar. Ég lagði á það höfuðáherzlu, að það, sem þeir menn, sem stóðu að þessari hreyfingu, hafi viljað, hafi verið að fá stærri og sterkari félagslegar heildir í landinu. Við skulum því byrja á því að athuga, hvað það var, sem þeir vildu, ekki nákvæmlega bókstaf tillagna þeirra, við getum athugað það á eftir, heldur hvaða takmarki þeir ætluðu að ná með þeim till., sem þeir lögðu fram. Og ég get byrjað á því að lesa örfáar línur — með leyfi hæstv. forseta — úr höfuðmálgagni þessarar hreyfingar, sem var tímaritið Gerpir. Þar segir m. a. í sept. 1947:

„Það er einkum tvennt, sem fólkið í dreifbýlinu vonar að vinna við setningu nýrra stjórnlaga:

1. Að komið verði á fót úti á landsbyggðinni nýjum félagslegum heildum, nægilega máttugum til þess, að þær geti veitt öflugt viðnám hinni taumlausu útþenslu höfuðborgarinnar."

Þetta er nú skilgreining þessa ágæta blaðs á fyrsta liðnum í því, sem Austfirðingar ætluðu sér að fá fram með þessari hreyfingu sinni. Það er hægt að finna í skjölum þeirra og skrifum fjöldamargt fleira, sem styður þetta sama. Einn af forustumönnum þessarar hreyfingar flutti mikið erindi á fundi Sambands íslenzkra sveitarfélaga á Akureyri 1948, og þar talar hann um, að hið danskættaða stjórnarform hér á landi hafi drepið niður alla sjálfstæða byggðastjórn í landinu. Og höfuðtakmarkið, sem hann vill fá fram með breytingum, er að stofnsetja úti á landsbyggðinni stærri, sterkari og sjálfstæðari félagsheildir. Þessi orð, sem hv. framsóknarmenn hafa eftir mér haft hér, eru ekki mín orð, heldur, eins og fram kom í samhengi minnar ræðu, beint tekin úr munni forustumanna þessarar hreyfingar fyrir austan.

Ég gat þess beinlínis í minni ræðu og dró það ekki undan, að í till. sínum hafi Austfirðingar lagt til, að önnur deild Alþingis væri kosin í einmenningskjördæmum. Það dró ég alls ekki undan, enda er það staðreynd. En hitt þótti mér athyglisvert, að strax á eftir segja þeir það, og ég get fært því stað víða úr þeirra till., að ef það fæst ekki, ef ekki fást einmenningskjördæmin, þá vilja þeir fá stór kjördæmi, jafnvel að fimmtungarnir verði hver sitt kjördæmi.

Þetta finnst mér sanna, að þessum mönnum þótti tilhugsunin um fá kjördæmi, en stór, alls engin goðgá. Þetta voru menn, sem börðust fyrir þessum málum í mörg ár, skrifuðu mikið um þau og sýndu það með skrifum sínum og ræðum, að þeir voru þrautkunnugir því, sem þeir voru að tala um. En þeir komu ekki auga á þær miklu röksemdir um þau landeyðingar-

áhrif, sem andstæðingar frv. nú telja að slík skipan mundi hafa. Fyrir þeim vakti það öfuga, að skapa heildir, sem gætu stöðvað sókn þéttbýlisins hér á suðvesturhorninu, og þeim fannst, að þetta væri leið, sem til greina gæti komið til þess að ná því takmarki.

Ég leyfði mér að segja það í ummælum um þessa hreyfingu, að þessir menn hafi viljað afnema sýslurnar, en hv. þm. A-Sk. vefengdi þetta og sagði, að þeir hafi hvergi ætlazt til, að sýslurnar yrðu lagðar niður.

Í þessu sama blaði, að ég hygg, sem ég hef áður vitnað í, eru birtar 1947 ýtarlegar till., sem samþykktar voru á fjórðungsþingi Austfirðinga, sem að því sinni var haldið á Norðfirði, — það voru ekki aðeins birtar till., heldur ýtarleg grg. frá n., sem hafði undirbúið þær og undirbúið þær mjög vandlega, og með leyfi hæstv. forseta, þá ætla ég að lesa örfáar setningar úr þessu nál., sem fylgdi till. Þar segir svo:

„Ekki er ólíklegt, að þegar fimmtungaskiptin eru á komin, muni sýslunefndir verða lagðar niður og mál þau, er þær fara nú með, hverfi undir fimmtungsþing.“

Og hverjir haldið þið að hafi skrifað undir þetta álit? Hverjir voru í n., sem undirbjó þetta mál fyrir fjórðungsþing Austfjarða, undirbjó till., sem voru samþ., ef ekki óbreyttar, þá nær óbreyttar? Það voru hvorki meira né minna en þrír sýslumenn og bæjarfógetar þar eystra: Hjálmar Vilhjálmsson, Erlendur Björnsson og Lúðvík Ingvarsson. Ekki fannst þessum mönnum tilhugsunin um það að taka upp einhverja aðra skipan á okkar málefnum í landinu en þær gömlu sýslur vera nein goðgá. Það stendur á prenti í áliti þeirra með till., sem fjórðungsþing Austfjarða samþykkti, birt í höfuðmálgagni þessarar hreyfingar, svo að það gat ekki leynzt neinum manni, neinum fulltrúa á þessu þingi, að þessar till. miðuðu að því, að þegar hin nýja skipan, fimmtungarnir eða fimmtungaskiptin, kæmist á, þá mundu sýslunefndir lagðar niður.

Ég get nefnt annað atriði þessu sama til stuðnings. Þegar þessari hreyfingu óx ásmegin og farið var að gera samþykktir í svipuðum dúr á Norðurlandi og farið að tala um samtök á Vestfjörðum og hér syðra, þá var að hætti okkar forfeðra fyrir hálfri annarri öld eða fyrir rúmlega öld haldinn Þingvallafundur, á árinu 1949, og í till. þessa fundar er nákvæmlega skilgreint, hver sérmál fylkjanna eigi að vera samkvæmt tillögunum, og það er byrjað á því í upptalningunni að tala um sveitarstjórnarmál og framfærslumál, og síðan koma fræðslumál, samgöngumál, heilbrigðismál, hafnarmál, skipulags- og byggingarmál. Fylkið á að fá fasteignaskatt. Af þessu er augljóst, að það er ekki aðeins rétt, sem hv. þm. A-Sk. sagði hér í dag, fylkin áttu samkvæmt þessum hugmyndum að fá nokkurn hluta af ríkisvaldinu, en þau áttu líka að fá vald frá sýslunum, frá þeim einingum, sem áttu að renna undir fylkin, vegna þess að fyrstu sérmál fylkjanna, sem þeir telja upp, eru sveitarstjórnarmál og framfærslumál, og höfuðtekjur þeirra eiga að vera fasteignaskattur, sem er fyrst og fremst tekjustofn sveitarstjórnanna. Á þessum Þingvallafundi voru ýmsir merkir menn, sem hv. framsóknarmenn meta mikils og eru í þeirra röðum, en ég skal ekki hirða um að nafngreina hér, og er ekki getið um það, að þeir hafi á neinum stað mælt gegn þessum rökum.

Þessi hreyfing var orðin svo sterk og jafnvel í röðum framsóknarmanna sjálfra, að sambandsþing ungra framsóknarmanna, — ég hygg, að það hafi verið þingið, sem þeir héldu á Akureyri 1948, — gerði að sínu kjarnann úr þessari hreyfingu, úr samþykktunum, og samþykkti sem ályktanir ungra framsóknarmanna mörg eða flest höfuðatriðin, sem t. d. Austfirðingar og Norðlendingar höfðu verið með. Þeir vildu að vísu eins og Austfirðingar einmenningskjördæmi helzt, ef það fengist, en einhvern veginn hafa þeir haft á tilfinningunni, að það mundi verða erfitt, eins og hafði verið þá um mörg ár, að fá því framgengt, svo að þeir taka fram, að skipting landsins í fá kjördæmi, en stór, mundi vera bót frá þeirri kjördæmaskipun, sem við búum nú við.

Ég hygg, að það, sem ég hef hér tilfært í sambandi við þessa hreyfingu, sé nægilegt til þess að sýna fram á, að þau orð, sem ég hafði við 1. umr. um þessa hreyfingu, fá staðizt og eru fullkomlega réttlætanleg í sambandi við það, sem þarna gerðist.

Ég vildi gjarnan nefna örfá atriði, sem hv. þm. í sinni ágætu ræðu dró fram úr reynslu annarra þjóða. En ég vil fyrst og fremst benda á það, að hann talaði um land eftir land, og alltaf var niðurstaðan sú, að ekki væri þarna hliðstæða við þær till., sem nú hafa verið lagðar fram hér á Alþingi. Helzt var örlítið hægt að sjá ættarmót á kjördæmaskipun Norðmanna og okkar. Þetta finnst mér vera staðfesting á því, sem ég tel nokkurs virði, að hér er um að ræða lausn, sem hefur verið mótuð algerlega eftir íslenzkum aðstæðum, og það er einmitt þess vegna, sem varla er hægt að finna nokkra beina hliðstæðu nema dálítið svipmót hjá Norðmönnum, og er það ekki óeðlilegt, því að þeir eru okkur allra þjóða skyldastir.

Hv. þm. benti á, að kosningafyrirkomulag hefði átt ríkan þátt í því, að stjórnskipan og stjórnarfar er fastara í Bretlandi en í Frakklandi. Þessu hafa ýmsir haldið fram. En það hafa líka margir sérfróðir menn haldið hinu gagnstæða fram, að það sé blekking að kenna eingöngu kosningafyrirkomulaginu um þetta, því að þessi vandamál eigi sér miklu dýpri rætur. Og við skulum rétt sem dæmi athuga, hvernig var kosningafyrirkomulagið í Frakklandi, — ja, við skulum taka tímabilið á milli styrjalda, frá fyrri heimsstyrjöldinni til þeirrar síðari. Í fyrstu fjögur eða fimm árin, — ég held, að það hafi verið tvennar fyrstu þingkosningar eftir fyrra stríð, — þá höfðu Frakkar það, sem mætti kalla framsóknarkerfi, kerfi, sem er mjög líkt þeim till., sem Framsfl. flytur nú. Þeir höfðu hlutfallskosningar í stærstu borgunum, einmenningskosningu í kjördæmum þar fyrir utan. Fyrir rúmlega 35 árum hurfu þeir frá þessu, og þeir tóku þá upp, — ég hygg

fyrst í kosningunum 1927 — algert einmenningskjördæmafyrirkomulag, og það kerfi höfðu þeir allt fram í byrjun seinni heimsstyrjaldarinnar, og er þó talið, að varla sé hægt að finna dæmi sambærilegt við hið gífurlega hrun franska ríkisins fyrir Þjóðverjum innan og utan í byrjun stríðsins. En aðdragandinn að þessu hruni um þetta 25—30 ára tímabil hafði þó verið kosningaskipulag, sem var fyrstu árin hlutfallskosningar í bæjunum, einmenningskjördæmi þar fyrir utan og frá 1927 og fram að 1940 einmenningskjördæmi. Þetta eina litla dæmi gæti orðið til þess, að menn kenndu ekki kosningafyrirkomulaginu að öllu um þetta.

Ég leyfði mér í ræðu minni við 1. umr. að fara með það, sem ég hef lesið einhvers staðar að sé máltæki í frönskum stjórnmálum, að lítil kjördæmi skapi litla þingmenn. Þetta er að vísu betrumbætt í áliti minni hl., því að þeir bæta við: „og að stór kjördæmi skapi stóra þingmenn", en það sagði ég ekki, svo að það er rangt með farið. Ég vissi alveg fyrir, hvaða mótbárur mundu koma gegn þessu, og það er enginn vandi að finna fjöldann allan af dæmum, sem bæði sanna þetta og afsanna það, ef menn vilja fara að nefna nöfn, því mótmæli ég ekki. En hugsunin á bak við þetta er sú, að í minni kjördæmum sé miklu meiri hætta á því, að sjónarmið einstakra landshluta eða takmarkaðra hópa séu of sterk, þegar sjónarmið þjóðarheildarinnar ættu að vera sterkari, og ég get flutt hér aðra tilvitnun úr stóru amerísku riti um stjórnmál Evrópu, þar sem talað er um orsakir þess, að Frakkland hrundi, að frönsku lýðveldin tvö síðustu hafa hrunið, og þeir telja, að fyrsta ástæðan sé „of náin tengsl milli þingmannanna og kjördæmanna". M. ö. o.: þm. fengust ekki til að taka á þeim stóru landsvandamálum. Ég geri þessi orð ekki að mínum, en þessar skoðanir eru til.

Hv. þm. A-Sk. nefndi annað erlent dæmi, þar sem er kosningaskipun Vestur-Þýzkalands nú eftir stríðið, og hann benti á, að hún er með tvennu móti. Þar er rúmur helmingur þm. kjörinn í einmenningskjördæmum, en hinn helmingurinn á landslistum, og þá er rétt að hafa í huga, að það er ekki eins og landslistar hér, einn listi fyrir allt Vestur-Þýzkaland, heldur fyrir hvert af fylkjunum eða „Länder", eins og þeir kalla þau, þannig að landslistarnir munu vera nokkuð margir í þessu sambandsríki. Þingmaðurinn benti á, að þarna væri blandað saman tveimur kerfum, en þar held ég að honum hafi skjátlazt, vegna þess að í raun og veru eru þessi kerfi hlið við hlið, en þeim er ekki blandað saman. Hver kjósandi hefur tvö atkvæði, hann kýs, að því er ég bezt veit, einn mann í einmenningskjördæmi því, þar sem hann býr, svo á hann líka atkvæði á landslista, og svo reikna þeir þetta allt út. En hér gildir ekki það, að það séu tvö kerfi, þannig að eitt kerfi gildi í vissum landshlutum og annað í öðrum, heldur er sama kerfið yfir allt landið, og hver einasti Vestur-Þjóðverji, hvar sem hann er, býr við þennan sama kost hvað kjördæmaskipun snertir. Það er því ekki eins og er hjá okkur með gamla kerfinu, eins og Framsfl. vill hafa það áfram og eins og það var í Frakklandi á sínum tíma, að sumir landshlutar hafi hlutfallskosningar og aðrir ekki.

Þá benti hv. þm. á, að Þjóðverjar hefðu valið einmenningskjördæmin aftur til þess að gera samband þingmanna og kjósenda sem traustast. Það má vel vera, að þetta sé rétt. En ég hygg, að einmenningskjördæmin í Vestur-Þýzkalandi séu um 250, og ég hygg, að kjósendur í Vestur-Þýzkalandi séu eitthvað nálægt 30 millj., þannig að það kemur í hlut hvers kjördæmis um 120 þús. manns, og ef þeir telja, að þeir fái út úr þessu náið samband þingmanns og kjördæmis, þá ættum við að geta vel við unað samband þingmanns og kjósenda í okkar svokölluðu stóru kjördæmum, sem þó munu ekki hafa nema frá 5 og upp í 42 þús. kjósendur hvert.

Hv. þm. nefndi efri deildina í Svíþjóð. Það var hárrétt sem hann sagði, hvert orð, en það mætti bæta því við, að Svíar hafa komizt að þeirri niðurstöðu fyrir alllöngu, að þetta kerfi sé úrelt, þeir eru búnir að hafa nefndir starfandi að því núna um nokkurra ára skeið að gerbreyta því, og það líður óðum að því, að þessar nefndir birti sínar tillögur um það, hvernig þeir geti skipað sínum málum öðruvísi en með þessari efri deild, sem hann benti á sem fyrirmynd.

Að lokum nefndi hv. þm. Noreg og dró það fram með ýtarlegum og fróðlegum upplýsingum, að í Noregi væru í sumum kjördæmum 10 þús. kjósendur á bak við hvern þingmann, í öðrum 26 þús. Hlutfallið á milli þess hæsta og lægsta er því einn á móti 2.6. En hv. þm. nefndi ekki, hvert hlutfallið verður hér á Íslandi samkvæmt því frv., sem hér liggur fyrir, en þar hygg ég, samkvæmt nýútkomnum tölum um kjósendafjölda á þeim kjörskrám, sem yrði kosið eftir á þessu ári, að það séu fæstir um 1182 kjósendur á bak við hvern þingmann í Vestfjarðakjördæmi og flestir í Reykjavík, 3506. Og ef við þar að auki ætlum Reykvíkingum 3 uppbótarmenn, sem flestir telja nú að þeir séu öruggir með að fá, þá er Reykjavík með 2805, og ef við reiknum ekki með uppbótarmönnunum í hinum kjördæmunum, þá fáum við út einn á móti 2.8 eða nokkurn veginn það sama, einn á móti 2.6 í Noregi, einn á móti 2.8 hér á Íslandi, svo að með því að bera lof á viturleik Norðmanna fyrir að hafa þetta kerfi, þá held ég, að þm. hafi ósjálfrátt borið fram rök fyrir því, að sú skipan, sem hér er lögð til, sé ekki svo fráleit að þessu leyti að minnsta kosti, hvað fjöldanum á bak við hvern þingmann viðkemur.

Ég ætla svo að lokum að benda á örfá atriði í sambandi við þær till., sem hv. framsóknarmenn bera fram í sambandi við kjördæmaskipunina og sumir af ræðumönnum þeirra hafa sagt um, að þeir skildu ekki, hvers vegna menn vilja ekki fallast á þær.

Hv. framsóknarmenn segja í minnihlutaáliti sínu, að það sé hægt að fjölga fulltrúum þéttbýlisins án þess að leggja niður núverandi kjördæmi, og þetta er að sjálfsögðu rétt. Það er hægt að jafna metin á milli kjördæma, að svo miklu leyti sem menn vilja jafna þau, hvort

sem menn vilja fara algerlega eftir höfðatölu, sem ég hygg að enginn hafi lagt til enn, eða hafa eitthvert hlutfall, eins og frv. gerir ráð fyrir, 1:2.8, eða 1:3 eða eins og Norðmennirnir hafa það, 1:2.6, í gildi atkvæðanna. En í þessu felst sú hætta, að í þjóðfélagi, þar sem íbúum fjölgar stöðugt, hlýtur þingmönnum að fjölga stöðugt líka, ef á að fylgja þessari reglu: að leggja aldrei niður kjördæmi eða sameina þau aldrei, láta þau öll halda sér, en bæta bara fleirum við. Það er til nokkur reynsla í öðrum löndum á nákvæmlega þessu atriði. Það eru til 2 eða 3 ríki eða fylki í Bandaríkjunum, þau sem eru elzt og þar sem tilfinning fyrir sögu fólksins er ríkjandi, og þetta eru lítil ríki með frá 1 millj. og upp í 2 millj. íbúa. Þessi ríki hafa farið nákvæmlega þessa leið. Þau hafa neitað að leggja niður lítil og gömul kjördæmi, sem eru þarna býsna mörg og hjá þeim byggist á einstökum þorpum og hreppnum umhverfis. Árangurinn af þessu er sá, að þessi litlu dvergríki þarna, dvergríki á erlendan mælikvarða, hafa einhver stærstu þing, sem til eru á vesturhveli jarðar. Þar er t. d. smáríki upp á 1½ millj. íbúa, sem hefur 450 manna þing. Og meðal þeirra, sem íhuga kosningaskipan og stjórnskipan, hafa þessi ríki bókstaflega orðið að athlægi, vegna þess að niðurstaðan er auðvitað sú, að miðað við verkefnin í litlu ríki eins og þarna er, þá er ekkert við svona fjölmennt þing að gera, og þingin hefur sett niður, eftir því sem þau hafa stækkað, á allan hátt.

Hér hjá okkur ætlum við nú samkvæmt öllum till., sem fyrir liggja, að hafa 60 þingmenn, en kjósendur á kjörskrá munu vera tæplega 98 þús. Þannig eru liðlega 1600 að meðaltali á hvern þingmann. Nú hefur undanfarið fjölgun kjósenda verið yfir 15 þús. á áratug, svo að það er mjög nærri því, ef ætti að fylgja þessari reglu, að þá yrði að meðaltali að fjölga um 1 þingmann á ári, miðað við núverandi fjölgun. Og nú vitum við það, að hjá heilbrigðri, hraustri og velmegandi þjóð eins og Íslendingum, þar sem fjölgunin er mjög ör, þar er fjölgunin ekki að tölu til jöfn, heldur eins og snjóbolti, sem rennur niður hlíð. En bara miðað við fjölgun undanfarinna ára þyrftum við að fjölga um rúmlega 10 þingmenn á áratug eða rúmlega einn á ári. Ég er ekki viss um, að menn, sem vilja alvarlega hugsa þessa leið til enda, mundu telja, að hún væri farsæl. Það getur verið, að það sé hægt að gera þetta einu sinni eða tvisvar, en það er ekki hægt að halda þessari stefnu lengi áfram, og bæði þeir, sem leggja til, að þingmenn verði 60, og aðrir, sem ekki eiga hlut að máli, hafa yfirleitt látið í ljós tregðu í sambandi við fjölgunina frekar en hitt, að menn teldu æskilegt að taka upp kerfi, sem þýddi stöðuga og áframhaldandi fjölgun þingmanna. Þótt ekki væri af annarri ástæðu en þessari, finnst mér, að það sé full ástæða til þess að hafna nú þegar höfuðhugmyndinni í þessum brtt. Ég skal ekki ræða flokkslegar hliðar í sambandi við þær, en ég vil þó aðeins benda á það, að með þessari nýju skiptingu, sem við eigum nú að gera, mundu koma til sögunnar 2 ný kjördæmi, sem hefðu innan við þúsund íbúa hvort. M. ö. o.: hér rétt við bæjardyr Reykjavíkur ættu að vera kjördæmi með þingmann með innan við þús. íbúa, en hér inni í bænum er aðstöðumunurinn orðinn svo gífurlegur, það eru röksemdirnar, að það á að þurfa um eða yfir 3 þús. á bak við hvern, eftir því sem nú er eða yrði samkvæmt þessu breytta kerfi. Ég tel því, að höfuðhugsunin í þessum brtt. sé þannig, að það sé mjög óviturlegt að fallast á hana, þetta gæti í mesta lagi orðið ein eða tvær bætur á gamalt fat, þetta kerfi mundi bresta mjög fljótlega og hafa þegar í stað augljósa galla, og þótt ekki væri af öðru en af þeim ástæðum, finnst mér ómögulegt annað en að hafna þessari lausn.

Ég ætla svo ekki að ræða fleiri atriði í sambandi við þetta mál á þessu stigi og læt þessu lokið.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég gat um það í ræðu minni í dag, að flm. þessa máls sýndu því lítinn sóma hér á hv. Alþingi, að þegar aðalumræða þess fer fram, þá sjást þeir hér í mesta lagi eins og skuggar, ef þeir á annað borð sjást, og t. d. hefur hv. 1. flm. þess alls ekki mátt vera að því að vera hér á fundum.

Ég verð að byrja á því að lýsa ánægju minni yfir því, að hæstv. forsrh. skyldi nú heiðra þessa samkomu með því að láta þó sjá sig, áður en umræðunni er lokið. Hér hafa hv. þm. blásið sig stórlega út af því, að menn sæktu illa þingið, ríkisstj. væri ekki mætt og annað því um líkt, þegar smámál hafa verið á dagskrá. En þegar það mál er á dagskrá, sem er stærsta mál, sem fyrir Alþingi Íslendinga hefur komið, er ekki verið að tala um það, þó að þingbekkir séu tómir. Það er merkileg framkoma flm. í sambandi við meðferð á þessu frv.

Hv. 1. þm. Reykv. (BBen), sem er vanur því að halda hér langar ræður og margar snjallar, heldur sem frsm. fyrir meiri hl. n. stutta ræðu og eina af þeim lélegustu, sem ég hef heyrt hann flytja þann tíma, sem ég hef átt sæti hér á Alþingi. Og hann hefur í dag í sambandi við umr. um þetta mál setið hér í hliðarherbergi og að því er ég bezt hef séð lesið sömu síðuna á einu dagblaði. Þetta sýnir, að þessi hv. þm. og þeir aðrir, sem fyrir þessu máli berjast, vita, hvað þeir eru að fara, og sök bítur seka. Það er þess vegna, sem þessir hv. þm., hæstv. ráðh. og aðrir aðstandendur þessa frv., láta í dag svo, að þeir hvorki heyri né sjái það, sem fram fer, að þeir vilja loka augum og eyrum fyrir því. En þessi þáttur þeirra gleymist ekki, og hann á ekki að falla í gleymsku. Þjóðin á að taka eftir því, þegar er verið að leggja niður það grundvallaratriði í stjórnskipunarlögum hennar, sem hefur fært henni sjálfstæði, fært henni velmegun og menningu, að þá hafa hv. þm. ekki tíma til þess að sitja á þingbekkjum eða taka þátt í umræðum. — Nei, hér ber allt að sama brunni. Þeir vita það, þessir hv. flm., hvað þeir eru að gera. Þeir eru að svipta héruðin í landinu rétti til þess að eiga sérstaka fulltrúa, þeir eru að draga úr áhrifamætti þeirra, og þess vegna þurfa þeir að láta lítið

á því bera, svo að þeir, sem verið er að taka réttinn af, taki sem minnst eftir því.

Ég verð að segja það hv. 5. landsk. þm. (BG) til verðugs hróss, að hann sýndi þó þann manndóm að koma hér og flytja ræðu af hálfu stuðningsmanna þessa frv., og það er meira en aðrir stuðningsmenn þess hafa gert.

Út af því, sem þessi hv. þm. sagði: Af hverju skiptið þið ekki Reykjavík í einmenningskjördæmi? — vil ég segja í sambandi við Reykjavík, að það eru héruðin, sem eru í mínum augum númer eitt. Reykjavík er sjálfstætt hérað, hún er sjálfstæð félagsleg og fjárhagsleg heild. Ef ég fellst á að fara að skipta Reykjavík niður í einstök kjördæmi, þá er ég búinn að brjóta þá reglu, sem í mínum augum er aðalreglan, að héruðin, þessar sjálfstæðu félags-, fjárhags- og menningarlegu einingar, fái að hafa sína sérstöku fulltrúa. Og ég vil ekki svipta Reykjavík þessu valdi frekar en önnur héruð. Ef Reykjavík hins vegar færi að byggja sig þannig upp, að ýmsir hlutar hennar yrðu meira og minna sjálfstæðir, þá eiga þeir líka að fá sína sérstöku fulltrúa. Ef Kópavogur væri sameinaður Reykjavík, en héldi þó sérstöðu að einhverju leyti, þá liti ég á hann sem sérstaka heild innan þessara takmarka. Það eru fjárhagslegar og félagslegar einingar, sem eiga að hafa þessa sérstöku fulltrúa, og þess vegna á ekki að skipta Reykjavík. Það getur verið mál út af fyrir sig að kjósa hennar mörgu fulltrúa beinum kosningum, en ekki hitt, að skipta henni niður eftir þeim reglum, sem ég hugsa einmenningskjördæmi eða héraðakjördæmi.

Hv. þm. fór að ræða hér um till. þeirra Austfirðinganna, sem ég ætla ekki að fara langt út í, enda er það sérstakt mál. En ég vil bara benda á, að það, sem Austfirðingar lögðu til, var allt annað en ætlað er að gera hér. Þeir ætluðu þessum sérstöku fylkjum aukið vald frá því, sem áður var. Þið eruð ekki að leggja til með þessu frv. hér að fara með neitt sérstakt vald út í héruðin. Þau eiga ekki að fá meiri rétt til þess að ráðstafa fjármálum þjóðarinnar en þau hafa fyrir. Þið eruð bara að krefjast þess, að Borgfirðingar, Mýramenn, Snæfellingar og Dalamenn kjósi þingmenn í félagi, hvort sem þeim líkar það betur eða verr. Þeir mega ekki kjósa sína sérstöku þingmenn, þeir verða heldur að kjósa þá eftir ykkar reglum saman, þó að þeir vilji það ekki. En þeir fá engan aukinn rétt eða neitt slíkt með þessu. Það er ekki verið að skapa neinar sjálfstæðar félagslegar heildir eða fjárhagslegar.

Hv. frsm. meiri hl., 1. þm. Reykv., sagði: Sýslurnar eiga að halda sér og hafa sitt vald áfram, það á ekki að breyta þeim. — þess vegna er meginmunur á því, sem Austfirðingar hugsuðu sér, að færa út til byggðarinnar nokkuð af því valdi, sem Reykjavík hefur nú, og skapa þar sérstakar heildir um þessar till. eða framkvæmd á þeim málum, sem þeir ætluðu að fara með, — það er meginmunurinn á því, sem þar var verið að leggja til, og því, sem nú á að fara að leggja til. Það, sem hér á að fara að leggja til, er ekki neitt aukið vald handa þessum héruðum, aðeins það, að þeir skuli verða að kjósa þingmenn í félagi, hvort sem þeim líkar það betur eða verr. Og það fær enginn mig til að trúa því, að þingmenn verði betri fulltrúar þessara héraða fyrir það, að þeir eru kosnir þannig. Ég held því fram, að hv. þm. Snæf. (SÁ) verði ekki meiri fulltrúi fyrir Snæfellinga, þó að hann verði kosinn af Mýramönnum, Borgfirðingum og Dalamönnum. Ég held, að honum hæfi það bezt að vera fulltrúi Snæfellinga, eins og hann hefur verið, og ég er sannfærður um, að jafnvel þó að hann gangi með þessu, þá er það ekki að hans skapi eða vilja, enda kom þetta líka fram hjá hv. 5. landsk. þm. (BG), þegar hann fór að tala um litlu þingmennina og litlu kjördæmin, þá sagði hann, að það væri líka sjónarmið, að einmitt vegna þess, hvað þingmennirnir væru bundnir sínum kjördæmum, væru þeir ekki eins góðir þingmenn frá sjónarmiði þjóðfélagsins, þeir létu hagsmuni kjördæmanna ganga fyrir.

Nú held ég því fram, að þó að þingmennirnir séu betri fulltrúar héraðanna, af því að þeir eru kosnir sérstaklega af þeim, þá held ég því líka fram, að þeir séu ekki verri þingmenn, þegar rædd eru stærri mál alþjóðar, og ég vil nefna dæmi máli mínu til sönnunar. Hér á síðasta Alþingi samþykktu þáverandi stjórnarflokkar nýja efnahagslöggjöf. Þessi löggjöf kom að vonum víða við. Hún kom ekkert síður við hjá okkur, fulltrúum úr sveitunum. Þar var farið inn á þá leið að leggja yfirfærslugjald á almennar neyzluvörur og framleiðsluvörur, sem höfðu verið undanþegnar áður. Hvað gerðist, er við afgreiddum þetta frv. hér frá hæstv. Alþingi? Voru það þingmennirnir úr litlu kjördæmunum, sem þá brugðust í stjórnarliðinu? Nei, það var hv. 4. þm. Reykv. (EggÞ), sem gekk gegn ríkisstj. þeirri, sem hann þó taldi sig styðja, af því að hann taldi sig þurfa að þjóna einhverjum öðrum hagsmunum. En við hinir, sem úr litlu kjördæmunum vorum, sem urðum þó að gangast undir það, að hækkað var verð á fóðurbæti og slíkum öðrum vörum til landbúnaðarins og andstæðingar okkar ætluðu vissulega að gera sér mat úr, — við hikuðum ekki við að fylgja málinu fram, af því að við vissum og sáum, að það var rétt frá sjónarmiði alþjóðar. Og ég segi: við gátum þetta vel, af því að við gátum skýrt það fyrir fólkinu, sem við vorum umboðsmenn fyrir, af hverju við gerðum þetta og af hverju það var nauðsynlegt. Að skilja er að fyrirgefa, og þingmaðurinn úr einmenningskjördæminu, sem á auðvelt með að hafa samband við sína kjósendur, getur skýrt sitt mál fyrir þeim, og hann fær þá líka skilning þeirra, og þess vegna er hann ekki síður góður þingmaður á alþjóðarvísu en hinir.

Hv. 5. landsk. þm. fór inn á það, að með þeim till., sem við flytjum, framsóknarmenn, um að taka upp fleiri einmenningskjördæmi, yrðu þingmenn of margir. Þeir ætluðu samt ekki að hika við það að fjölga þingmönnum upp í 65. Það mun hafa verið Alþb., sem réð því, að þeir yrðu þó ekki nema 60. Þá var ekki hægt að hika við það, þó að þyrfti að fjölga þingmönnum, því að þá þurfti að koma fyrir

hinu og þessu, sem hentaði þeirra hagsmunum. Þess vegna er þessi röksemdafærsla ekki þung á metunum. En ég er sannfærður um, að það er betra fyrir Kópavog og Keflavík og Akranes að fá sína sérstöku þingmenn heldur en það, sem hér er boðið upp á, eins og það hefur sýnt sig fyrir þá staði aðra, sem þingmenn hafa fengið. Ég efast ekkert um, að það var betra fyrir Siglufjörð að fá sérstakan þingmann, þegar hann fékk hann, heldur en fá þingmann í sambandi við Eyfirðinga. Og þannig má fleiri dæmi nefna í þessu sambandi.

Og ég gæti trúað því, að ef af því yrði, sem nú er stefnt að, að þingmenn yrðu kosnir í stóru kjördæmunum, að þá kæmu upp ýmis vandamál meðal þeirra þingmanna, sem þar verða kjörnir. Ég vil t. d. nefna hér lítið dæmi, að þegar um það er að ræða að skipta fjárveitingum í ýmsar framkvæmdir í héruðunum, þá er það af hendi fjvn. ákveðin tala til héraðsins eða kjördæmisins, og svo ræður þingmaðurinn því í samráði við embættismann þeirrar stofnunar, sem um er að ræða, t. d. vegafé, hafnargerðir og þess háttar, hvernig með er farið. Hvernig haldið þið að verði fyrir þingmennina í nýju kjördæmunum að skipta þess háttar fjárveitingu á milli héraða? Ég segi ykkur það satt, að ef þeir þingmenn, sem nú sitja fyrir Dali, Snæfellsnes, Mýrar og Borgarfjörð, ættu að gera það, þá yrði það ekki vandræðalaust. Eru þeir þó menn sízt verri en aðrir menn, en þeir mundu samt vilja gæta hagsmuna þessara héraða, og það kæmu upp margs konar erfiðleikar. Nei, sú regla, sem þá væri kannske farið að grípa til, væri höfðatölureglan áfram, svo að þeir litlu fengju enn þá minna en nokkru sinni fyrr.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, hnígur allt að því að rýra vald héraðanna til þess að auka vald flokkanna. Allt, sem eftir kann að koma í kjölfar frv., mun fara inn á þessa sömu braut. Og meðferð málsins hér á hæstv. Alþingi sýnir, að þeir menn, sem að því standa, eru hræddir og hikandi, þegar þeir geta ekki einu sinni lagt það á sig að vera hér á þingbekkjum, þegar aðalumræða málsins fer fram. En það er gott fyrir þjóðina að vita, að flutningsmenn vilji helzt í skugganum vera, þegar um málið er fjallað.

Frsm. meiri hl. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Eins og ég gat um í dag í minni ræðu, sem að vísu var sagt um hér áðan að hefði bæði verið stutt og léleg og stóð þó þrjú kortér, sem hingað til hefur verið talinn sæmilegur ræðutími, er þetta mál svo rætt og íhugað, að ekki var við því að búast, að mikið nýtt kæmi fram í umr., enda hygg ég, að svo sé, að sjaldan hafi verið haldnar fleiri ræður með jafnlitlu efni eins og gert hefur verið af andstæðingum þessa máls hér í dag. Svo er að vísu að heyra sem þeir kunni því illa, að aðrir hafi ekki talað. Það geta ekki margir talað í einu, og mér hefur heyrzt straumurinn ganga látlaust, og ekki hefði betur þótt fara, ef við hefðum varnað andstæðingunum máls. Það hefur einmitt á þinglegan hátt verið haldið hér uppi umræðum um málið. Það var strax við 1. umr. ýtarlega gerð grein fyrir þessu frv. í útvarpsumræðum, og það var eftirtektarvert, að þá var undan því kvartað af andstæðingum málsins, að útvarpsumræða færi fram, og þótti vera nokkurt fljótræði. Þá var ekki svo, að stuðningsmenn málsins væru að draga sig í skuggann, feimnir við að flytja sitt mál frammi fyrir alþjóð, heldur voru það andstæðingarnir, sem vildu ekki una því, að málið væri reifað, svo að heyrðist inn á hvert heimili.

Það hefur verið vitnað í ummæli manna hér áður fyrr og sagt, að þau kæmu ekki öll heim við það, sem nú er sagt. Það er rétt, að viðhorf manna í þessu hefur breytzt með eðlilegum hætti vegna þeirrar gerbreytingar, sem orðið hefur á byggð landsins. Það var óumflýjanlegt, að þau úrræði, sem gátu dugað, meðan fólksfjöldinn var öðruvísi búsettur á landinu en nú, dugi ekki lengur. En það er svo, að menn hafa skipt um skoðun á skemmri tíma en 17 árum. Það þarf ekki lengra að fara en einn mánuð aftur í tímann, þegar hv. Framsfl. hélt sitt flokksþing og gerði í málinu ákveðna samþykkt. Við sjáum, að nú, þegar hv. framsóknarmenn koma með sínar till. að þessu sinni, þá brjóta þær í verulegum atriðum gegn því, sem samþykkt var á þeirra flokksþingi, og jafnvel tala þeir sumir nú beinlínis á móti sínum eigin till., eins og hv. þm. V-Húnv., sem fór mjög háðulegum orðum um uppbótarþingmennina, sem að vísu voru samþykktir á sínum tíma af hans flokki, og nú leggja hv. framsóknarmenn til, að uppbótarþingmönnunum sé haldið, þvert ofan í það, sem samþykkt var á þeirra flokksþingi fyrir rúmum mánuði, og þvert ofan í þeirra eigin ræður hér í dag, sem eins og ég vitnaði til þessa hv. þm. að verulegu leyti eyddi sínum tíma í að sanna, hvílíkir skaðræðisgripir uppbótarþingmennirnir væru.

Hv. þm. Mýr. (HS) reyndi að færa rök að því, að ekki mætti skipta Reykjavík niður í einmenningskjördæmi, vegna þess að hann vildi, að héruðin hefðu sína sérstöku þingmenn, og þeim mætti ekki skipta niður. En ég spyr: Hvað var það, sem fólst í tillögum flokksþings Framsóknar um miðjan marz, þegar talað var um, að skipta ætti landinu utan Reykjavíkur og stærstu kaupstaða niður í einmenningskjördæmi? Var þá ekki ætlunin sú, að tvímenningskjördæmunum, sem nú eru, væri skipt niður, eða var ætlunin hin, að þau ættu að missa annan þingmanninn án þess að fá nokkuð í staðinn, eins og raunar hv. 2. þm. Rang. var að víkja að í sinni ræðu? En ekki hafa þeir borið fram till. um það. Nei, þvert á móti ganga þeir nú á móti því, sem á flokksþinginu var ákveðið, og vilja halda hlutfallskosningum í tvímenningskjördæmum, þeim hlutfallskosningum, sem þeir hafa svívirt mest af öllu.

En varðandi það, að hvert sýslufélag og sveitarfélag, sem er sjálfstæð fjárhagsleg heild, eigi að hafa sinn þm., þá fer því fjarri, að því sé fylgt í tillögum þessara manna nú, þó að hv. þm. Mýr. tali svo sem það séu þeirra tillögur. Það þarf ekki annað en að líta t. d. á það, að ekki er ætlað, að Húsavík fái sérstakan þing-

mann, ekki Sauðárkrókskaupstaður, ekki Neskaupstaður, svo að ekki sé talað um Bolungavík eða eitt af gömlum, sérstökum sýslufélögum landsins, Austur-Barðastrandarsýslu. Sannleikurinn er sá, að þessar till., sem þeir gera, brjóta í verulegum atriðum á móti þeim meginþáttum, sem þeir vilja þó halda fram. Það er engin heilleg hugsun, sem fram kemur, heldur alger hentistefna, miðuð við það, að Framsfl. haldi óeðlilega mörgum þm. og jafnvel í þeim kjördæmum, sem nú á að bæta við, fái hann enn nýja þingmenn, svo að hlutfallið á milli flokka raskist enn verulega frá því, sem verið hefur.

Þetta eru þau auðsæju sannindi, sem við blasa í málinu. Og ástæðan til þess, að ekki má skipta upp Reykjavík, er engan veginn sú, sem hv. þm. Mýr. nú ber fram, heldur flokkslegir hagsmunir Framsóknar. Þeir óttast, að ef Reykjavík sé skipt upp, þá sé útilokað, að Framsókn fái nokkurn þingmann hér, sem þeir ætla aftur á móti að vinna, ef þingmenn verða hér 12, eins og þeir hafa von um að geta unnið annan þm. á Akureyri, ef þar er hlutfallskosning. Þarna kemur fram, að þeirra tillögur og þeirra rök stangast gersamlega.

Ég vil leggja áherzlu á það, að ef Framsfl. hefði verið fáanlegur til þess að leita samninga um málefnalega lausn þessa máls, þá hefur enginn flokkur haft betra færi á að koma skoðunum sínum fram en einmitt þessi flokkur. Hann var í mörg ár í samvinnu við okkur sjálfstæðismenn. Við vorum þá ýmsir, sem vildum semja um að skipta landinu í einmenningskjördæmi. Við bárum fram till. um það í stjórnarskrárnefnd. Okkar landsfundur 1953 samþykkti, að heimilt væri að semja hvort heldur um, að landið yrði allt — öllu skipt í einmenningskjördæmi, eða nokkur stór kjördæmi. Framsfl. var þá ekki til viðræðu um lausn málsins á hvorugum grundvellinum.

Síðan var gerð tilraun eða átti að gera tilraun með myndun fyrrv. hæstv. ríkisstj. Þá ætluðu stuðningsflokkar hennar að víkja sjálfstæðismönnum til hliðar í þessu efni eins og öðrum og reyna að ná samningum sín á milli. Við heyrðum skýrslur aðila um þetta í útvarpsumræðunum á dögunum, þar sem bersýnilega kom fram, að þarna strandaði enn sem fyrr á Framsfl., að hann var ófáanlegur til þess að gera nokkra samninga, sem gætu leitt til raunhæfrar lausnar. Hans áhugamál er það eitt að draga málið á langinn, að finna ný og ný úrræði til þess að koma í veg fyrir, að nokkur samþykkt til umbóta sé gerð.

Með rökst. dagskránni, sem nú er lögð fram, er m. a. vikið að því, að stjórnarskrárnefnd eigi að taka til athugunar, að kvatt sé saman sérstakt stjórnlagaþing. Um þetta liggur fyrir ákveðin till. frá hinum ágæta talsmanni Framsfl. í þeirri stjórnarskrárnefnd, hv. þm. S-Þ., Karli Kristjánssyni. Hann vildi, að stjórnarskrárnefndin hætti störfum og bæri fram þetta stutta, einfalda frv. um, að stjórnarskrárbreytingin yrði sú ein, að stjórnlagaþing yrði saman kvatt. Því í ósköpunum hefur Framsfl. aldrei á tímabilinu frá 1953 sjálfur borið fram þessa tillögu hér á Alþingi? Af hverju leggur hann ekki nú til, að breyt. sé gerð á þennan veg? Það þarf enga nefnd frekar til þess að athuga það. Ef flokknum er þetta alvara, þá hefur hann það vitanlega í hendi sér að flytja um þetta till.

Á sama veg er það, þegar þessir hv. þingmenn hafa sumir í dag verið að tala um, að það væri verið að svíkjast aftan að kjósendum í þessu máli, við síðustu kosningar hefðu menn ekki verið kosnir til þess að samþykkja slíka stjórnarskrárbreytingu. Eftir landslögum á að rjúfa þing, strax og búið er að samþykkja það frv., sem hér liggur fyrir, ef það nær samþykki, og þá er málið borið undir kjósendur á þann veg, sem stjórnarskrárgjafinn ætlast til, þannig að kjósendur fái færi á að marka sína afstöðu, sitt val á frambjóðendum í sumar með afstöðu til þessa máls og annarra, sem kjósendur þá telja máli skipta. Hitt er svo allt annað, að engir eiga frekar þátt í, að málið er nú borið fram, heldur en einmitt hv. framsóknarmenn, sem beittu sér fyrir Hræðslubandalaginu við síðustu kosningar. Það var alveg ljóst, að það sérstaka bandalag hlaut að leiða til þess, að stjórnarskrármálið allt yrði tekið upp.

Við höfum heyrt í umræðunum, hvernig hv. framsóknarmenn senda nú sínum gömlu bandamönnum tóninn yfir því, að þeir hafi ekki haldið út eins lengi í bandalaginu og framsóknarmenn vildu. En það hefur komið fram glögglega af hálfu Alþfl., m. a. í grein í Alþýðublaðinu — hygg ég — 14. marz s. l., að vitanlega var það útilokað fyrir Alþfl. að eiga lengur þingsetu undir slíku bandalagi, jafnhæpnu og sannast sagt lítt löglegu og Hræðslubandalagið var í framkvæmd, og einmitt sá húsbóndaréttur, sem Framsfl. af þessu tilefni tók sér yfir Alþfl. og átti verulegan þátt í, að upp úr slitnaði á milli þessara flokka, gerði það auðvitað enn sjálfsagðara, að gangskör yrði gerð að stjórnarskrárbreytingu nú, auk þess sem það var ljóst af afstöðu Sjálfstfl. og Alþb. varðandi úthlutun uppbótarsæta í sambandi við Hræðslubandalagið, að þeir hlutu hvor um sig og báðir saman að leggja á það megináherzlu, að slíkt gæti ekki komið fyrir aftur og fundin yrði sú skipan, sem gerði það útilokað, að í sama ævintýrið yrði lagt á ný.

Það er þess vegna óumdeilanlegt, að Framsfl. getur fyrst og fremst þakkað sjálfum sér, að málið er nú tekið upp með þeim hætti, sem gert er. Hann hefur átt þess allan kost að semja við aðra flokka um málið, ef hann hafði nokkrar raunhæfar till. fram að flytja, og hann gerði þetta Hræðslubandalag, sem hlaut að leiða til þess, að mjög hörðnuðu kröfurnar um, að málið allt yrði tekið upp til heildarendurskoðunar, sem raun ber vitni. Það er út af fyrir sig skiljanlegt, að hv. framsóknarmenn sjái nú eftir á, að þarna hafi verið öðruvísi á málum haldið af þeim heldur en þeir hefðu óskað. Það er eðlilegt, að þeir uni illa þeirri einangrun, sem þeir eru komnir í. En það er þeirra eigin framkoma og frammistaða, sem þar er öllu valdandi. Þeir eru enn í dag óviðmælandi um nokkra raunhæfa lausn á vandamálinu. Í stað

þess að reyna að draga úr þeim misfellum, sem allir viðurkenna nú orðið að á kosningafyrirkomulaginu séu, þá gera þeir aldrei neinar till. um neitt annað en það, sem á að skjóta fleyg í málið, koma í veg fyrir, að það nái samþykki. Það er þess vegna engin furða, þó að þess hafi mjög gætt á þeirra fundum, síðast nú á fundi, sem hv. þm. S-Þ. (KK) hélt á Laugum um páskaleytið, að gagnrýni komi fram frá jafnvel þeirra eigin fylgismönnum um það, að þessi neikvæða afstaða flokksins, þetta nart og nagg á móti raunhæfum till., án þess að nokkuð uppbyggilegt væri borið fram í staðinn, það eykur á þeirra vonleysi og einangrun í stað þess að bjarga þeim út úr því feigðarflani, sem þeir hafa lent í.

Því hefur verið haldið fram, að nokkur lítil kjördæmi væru ekki líkleg til þess að fá þingmenn nú eftir þessari nýju skipan. Kjördæmin sameinast og hin gamla skipting á þá ekki lengur við. En það voru mjög góð dæmi og upplýsandi, sem hv. þm. V-Húnv. (SkG) tók hér áðan, þegar hann vitnaði í tvö kjördæmi, Vestur-Skaftafellssýslu og Norður-Þingeyjarsýslu. Við höfum hér í deildinni á bak við mig hv. 2. þm. Rang. (SvbH), sem einmitt hefur verið þm. Vestur-Skaftfellinga. Hann hefur flutzt á milli kjördæma í sínu nágrenni, og dettur nokkrum í hug, ef hann á annað borð vill vera í kjöri, að hans flokkur neiti honum um það að vera í kjöri áfram, annar eins þingskörungur og hefðarmaður og hann er? Og dettur nokkrum í hug, að hann mundi þá ekki áfram láta sér jafnannt um sína fæðingarsveit, Vestur-Skaftafellssýslu, eins og hann gerði, meðan hann var þeirra þm., og eins og hann hefur gert með atkvæði sínu, síðan hann varð þm. Rangæinga? Vitanlega mundi þessi þm. verða nákvæmlega jafngóður fulltrúi þessara héraða og hann hefur verið. Og kemur nokkrum manni til hugar, að á væntanlegum lista í Norðurlandskjördæmi eysta mundi Framsfl. láta mann eins og Gísla Guðmundsson vera svo neðarlega, að hann væri ekki viss um kosningu? Það gera sér allir ljóst, að sá maður, sem er einn af helztu foringjum framsóknarmanna, jafnvel svo vitur, að þeir líkja honum sjálfir við Njál hinn vitra á Bergþórshvoli, slíkur höfuðskörungur mundi ekki verða látinn sitja heima einungis vegna þess, að hann sé úr fámennu byggðarlagi. Nei, það er maðurinn sjálfur, það er frambjóðandinn, sem með sínu ágæti veldur því, að hann er auðvitað sjálfsagður í öruggt sæti á lista hjá sínum flokki eftir sem áður.

Í kjördæmi hv. þm. V-Húnv. er ekki sérlega fjölmennt. En illa trúi ég því, þó að hann jafnist ekki á við þá tvo þingskörunga, sem ég hef vitnað í hér, að honum verði launuð svo dygg þjónusta, að Framsfl. láti hann ekki áfram vera á lista.

Út yfir tekur þó, þegar hv. framsóknarmenn koma hér og tala um flokksvald og láta eins og það eigi nú að fara að magna eitthvert flokksvald, sem sé verið að troða upp á almenning, og hv. þm. V-Húnv. talaði mikið um hræsni í öðru sambandi. Það þarf ekki að viðhafa það orð í þessu sambandi, það er of gegnsætt, við hvað er átt, þegar einmitt Framsfl. er að býsnast yfir flokksvaldi annarra í sömu umræðunum og þeir eru að hæla sér af því að hafa lánað Alþfl. síðast mörg þúsund kjósendur. Hvenær hefur flokksvald í allri sinni nekt komið jafnóhikað og ljóst fram sem einmitt í síðustu kosningum, þegar Framsfl. tókst að lána Alþfl. verulegan hluta af sínu fylgi? Og Hermann Jónasson hefur beinlínis hælt sér af því, að það hafi ekki verið framsóknarmenn, sem brugðust þá, — nei, það voru aðrir, sem brugðust, og það voru Alþýðuflokkskjósendurnir. Hermann segir, að þeir hafi ekki skilað sér eins vel og framsóknarmennirnir gerðu. Það var vegna þess, að Alþfl. hafði ekki þennan sama ráðstöfunarrétt á sínu fylgi og Framsókn. Flokksviðjar Framsóknar eru svo miklar, að slíks eru engin dæmi fyrr eða síðar í stjórnmálasögu Íslands.

Við könnumst öll við ummæli þáverandi hv. forsrh., Hermanns Jónassonar, sem fór norður til Hólmavíkur og hældi sér af því þar, að það væri búið að gera verulegar ráðstafanir til þess að víkja helmingi þjóðarinnar til hliðar, þeim, sem ekki voru í þáverandi stjórnarflokkum. Við könnumst líka ósköp vel við, hvernig að var farið, sérstaklega á þingunum 1934—37, þegar þingsköpum var breytt til þess að gera flokkavaldið á Alþingi enn harðara og þegar þeirri reglu var staðfastlega fylgt undir forustu þáverandi hv. fjmrh., núverandi 1. þm. S-M. (EystJ), að kjördæmi, sem höfðu verið svo djörf að senda andstæðinga Framsfl. á þing, voru yfirleitt afskorin því að fá fé til nauðsynlegra framkvæmda í sínum byggðarlögum.

Hér er fyrst og fremst og eingöngu um að ræða, hvort Framsfl. eigi að haldast uppi að misnota sér úrelta skipan með þeim hætti, sem hann hefur gert að undanförnu. Það er alveg víst, að yfirgnæfandi meiri hluti landsfólksins beinlínis krefst þess, að á þessu verði gerð breyting, að þó að því fari fjarri, að menn vilji til fulls jafna hið staðarlega misrétti, sem á sér stað varðandi kjör þingmanna, því að engum kemur til hugar, að Reykjavík eigi að fá neitt líkt því þann þingmannafjölda, sem henni ber eftir mannfjölda hér, þá er ekki þar ofan á hægt að bæta því, að kosningafyrirkomulagið sé með tvennum gersamlega ólíkum hætti í landinu, þar sem Framsfl. hefur meiri hluta og þar sem hann hefur minni hluta. En það er þetta, sem nú orðið er eina deiluefnið í þessu máli.

Að tala um það, að það eigi að svipta héruðin sínum fulltrúum og slíta sambandið á milli kjósenda og þm., — það vita allir, að þetta fær ekki með neinu móti staðizt. Það er nú orðið fljótlegra að fara um þessi nýju svokölluðu stóru kjördæmi heldur en var t. d. að fara um Norður-Þingeyjarsýslu eina fyrir 30 árum, þannig að það tekur minni tíma og er hægara fyrir þm. nú að ferðast um allt héraðið frá Eyjafirði austur á Langanes heldur en þá var að fara frá Langanesi í Kelduhverfi.

Hér er orðin sú meginbreyting á, að það er

óumflýjanlegt, að það hafi mikil áhrif á skipum landsmálanna. Einmitt fólkið sjálft hefur með sívaxandi samtökum sín á milli verið að leita eftir stærri heildum til þess að koma áhugamálum sínum fram, af því að sundrungin hefur verið því fjötur um fót, af því að þær miklu framkvæmdir, sem nú orðið þarf að gera, til þess að lífvænlegt verði úti um byggðir landsins, eru hverju einu litlu héraði ofvaxnar. Það tjáir ekki til lengdar að ætla að leysa öll vandamál byggðanna t. d. með öðru eins fálmi og hv. 1. þm. S-M. réð að gert var með Grímsárvirkjuninni í Suður-Múlasýslu. Þarna þurfti vitanlega stærra átak, samtök alls Austurlands, en ekki eingöngu þröng hreppasjónarmið í Suður-Múlasýslu. Þannig er með nýtízku vegi, með rafmagn og annað. Jafnvel með skólabyggingar er það orðið svo, að það er nánast ómögulegt fyrir lítil sýslufélög, sbr. t. d. Vestur-Ísafjarðarsýslu, að standa undir skóla að sínum hluta eins og héraðsskólanum að Núpi. Laugarvatnsskóli er skóli byggða á Suðurlandi, en ekki Árnessýslu einnar. Það fer meira og meira í það horf, að heimavistarskólar, jafnvel barna, eru byggðir fyrir heil héruð, en ekki einstaka hreppa, héruð, sem er algerlega út í bláinn að binda við gamla sýsluskiptingu, heldur verður að fara eftir því, hvað nú hentar.

Við skulum taka kaupfélögin, sem þessir hv. þm. telja sig vera mikla forsvarsmenn fyrir. Þær verzlanir og viðskiptahéruð eru á engan veginn tengd hinni gömlu sýsluskiptingu, heldur fer þetta eftir því, sem bezt á við, samgöngum og byggðum nú í dag. Í gamla daga var staður eins og Borðeyri viðskiptamiðstöð fyrir ekki aðeins Strandir, mikinn hluta Húnavatnssýslu og Dali, heldur líka stóran hluta af Borgarfirði. Nú orðið er Borðeyri orðin gersamlega úrelt sem verzlunarstaður og hefur ekki nein svipuð viðskipti sem var um það bil, sem núverandi kjördæmaskipun fyrst var lögleidd hér á landi. Það eru komnir nýir þjóðfélagshættir, sem krefjast þess, að litið sé á málin frá hærra sjónarhól og samtök séu mannfleiri og sterkari en þau geta verið, ef halda á sér við þau gömlu takmörk, sem konungarnir settu, þegar þeir voru að reyna að finna út, hvernig helzt væri hægt að pína skatt undan nöglum fátæks almúga á Íslandi.

Varðandi málflutninginn að öðru leyti, sem við höfum hér þurft að hlusta á í dag, þá hefur að vísu komið hér sitthvað merkilegt fram. Það er t. d. alveg víst, að ræða hv. þm. V-Ísf. verður talin mjög merkilegt plagg í þingsögunni. Það verður vitnað til hennar lengi sem eins skringilegasta málflutnings, sem nokkru sinni hefur heyrzt á Alþingi Íslendinga. Jafnvel þó að ég væri að lesa dagblað um leið, þá heyrði ég svo mikið af henni, að það er víst, að hún mun verða í minnum höfð af fleirum en mér. En þó að við sleppum nú því, þá heyrðum við núna eftir kvöldmatinn hv. þm. V-Húnv. (SkG) tala um það, að við hefðum sýnt bróðurhöndina með því að lækka um 10 millj. framlögin til raforkuveitnanna. Hvað er hið sanna í þessu? Það liggur fyrir, að það á ekki að minnka þessar framkvæmdir sem einum eyri nemur. Það eina, sem þarna var gert, var, að til frambúðarframkvæmda var ákveðið að taka lán, en borga ekki allt af sköttum, sem menn hafa ærna nú þegar, ekki sízt vegna hins hrapallega fráskilnaðar, þegar hv. 1. þm. S-M. skildi við ríkissjóðinn. Með sinni framm istöðu í fjárstjórn gerði hann óumflýjanlegt, að reynt væri að breyta til og taka upp aðra stjórnarhætti. Hér er um að ræða framkvæmdir, sem fullkominn vilji og ásetningur er um, að halda eigi áfram af fullum krafti, og talið er öruggt, að hægt sé að fá lán til að greiða kostnaðinn, sem þessu nemur. Svo er — af hálfu mannanna, sem hafa átt mestan þátt í þeim skyssum, sem í þessum efnum hafa verið gerðar, sbr. Grímsárvirkjunina og annað fleira — talað um þetta sem fjandskaparmál. Á fundi, þar sem ég var staddur í dag, var lögð fram grg. um það, að hægt væri að spara á raforkuáætluninni sem svarar 110—120 millj. kr. og þó koma almenningi að meira gagni og betra en ráðgert hafði verið af þeim smásmuglegu stjórnendum, sem hér réðu málum áður.

Ef menn hafa auga fyrir því, að stórt þarf að líta á hluti og leysa hvern vanda eftir því, sem hentar bezt, en ekki eftir þeim sjónarmiðum, sem hér hafa ríkt of lengi, þá er hægt að gera meira fyrir miklu minna fé, eins og mun gleggst sannast í sambandi við raforkuáætlunina, og það verður mjög að víta þann málflutning, þegar hv. þm. V-Húnv. kemur og ásakar okkur um það, að verið sé að hætta við framkvæmdir, sem tryggt er að fé fæst til að gerðar séu, eins og áætlað hefur verið.

Sá hv. þm. framsóknarmanna, sem talaði málefnalega hér í dag um þetta, eins og hans var von og vísa, hv. þm. A-Sk. (PÞ), hélt hér fróðlega ræðu, sem sitthvað mátti græða á, þó að það skipti ekki miklu máli í þessu sambandi, og það var ljóst, að hann hafði reynt að setja sig inn í þetta mál og vildi um það tala út frá rökum, en ekki tómum hégiljum. En þó var það mjög áberandi í hans ræðu, að hann skaut sér alveg undan að minnast á höfuðatriði málsins, svo að nokkru gagni væri, hvernig stendur á þeim mun, sem þessir hv. þm. vilja gera á kosningaaðferðinni í þéttbýlinu og þar, sem þeir sjálfir telja sig hafa mestar líkur til meiri hl.

Hv. 5. landsk. þm., Benedikt Gröndal, gat um það í sinni ræðu áðan, að skýring hv. þm. á kosningaaðferðinni í Vestur-Þýzkalandi, sem hv. þm. A-Sk. vildi telja sambærilega við það, sem hér er, sú skýring fær alls ekki staðizt, vegna þess að þar kjósa allir landsmenn með sams konar hætti, en hér er hátturinn sá, að í Reykjavík er þannig farið að, að meiri hl. nýtur allt annars og miklu minni réttar en hann nýtur nokkurs staðar annars á landinu og heldur en þessir hv. þm. vilja, að áfram verði. Og það er síður en svo, að það sé nokkur nýjung, að á þetta sé bent, að sams konar kosningaaðferð eigi og þurfi að vera hvarvetna á landinu. Í öllum þeim afskiptum, sem ég hef haft af þessu máli, hef ég bent á þetta sem eitt af höfuðatriðunum, sem ekki mætti með nokkru móti fram hjá ganga, enda sjá það all-

ir, þegar þeir skoða málið, að það er ekki vit í öðru en að hafa sams konar aðferð á öllu landinu. Eins og fram kemur í nál. okkar og ég gat um í dag, má endalaust deila um það fræðilega séð, hvort heppilegri séu meirihlutakosningar eða hlutfallskosningar, en önnur hvor reglan verður að gilda á öllu landinu.

Ég sé það, að hv. þm. V-Húnv. hlær og hristir sitt lokkafagra höfuð. Nú, það er ekki nein nýjung, að honum gangi erfitt að sannfærast um hið rétta. Það er það, sem við höfum séð hér undanfarna áratugi á Alþingi, og það væri merkilegt, ef hann breytti til hér allt í einu í kvöld.

Þetta mál hefur mikið verið rætt undanfarin ár og þó aldrei meira en í vetur. Það hefur verið þaulhugsað af öllum, sem á annað borð láta stjórnmál til sín taka, og það er enginn vafi á því, að nú eru menn að lokum komnir að þeirri lausn, sem ekki tekur neinn rétt af neinum og allra sízt af fólkinu í strjálbýlinu, þess aðstaða verður sterkari í stað þess að vera veikari. Ef hér er á einhvern hallað, þá er sannast bezt að segja, að þá er það fólkið í þéttbýlinu hér í Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur. Það er ómótmælanlegt, að það á að hafa mun minni rétt en aðrir. Það væri þess vegna skiljanlegt, að héðan kæmi andstaða gegn þessu frv., vegna þess að menn krefðust algers jafnræðis, því að við skulum ekki halda, að Íslendingar séu svo sundurgreindir, að fólkið verði lakari Íslendingar eða menningu okkar og framtíð hættulegri, þó að það flytjist til Reykjavíkur og búi hér, heldur en þótt það búi úti í strjálbýlinu. Ég halla ekki á strjálbýlið og geri ekki lítið úr þess hlut, þó að ég segi, að hér þarf hver að styðja annan. Strjálbýlinu vegnar þá bezt, ef fólkinu í þéttbýlinu vegnar vel, og okkur hér vegnar ekki vel, nema því aðeins að blómleg byggð geti þroskazt úti um allt Ísland, og einmitt í skilningi þessa vilja menn hér sætta sig við að njóta að þessu leyti minni réttar, ef þó sú leiðrétting fæst, sem ráðgerð er, og ef sams konar kosningaaðferð er látin gilda um allt land, þannig að engum einum flokki sé ívilnað á kostnað allra annarra, eins og nú er gert.

Í mjög skynsamlegri grein, sem ungur búfræðingur austur á Stokkseyri birti ekki alls fyrir löngu, er vikið að því, að auðvitað hljóti valdið yfir málefnum þjóðarinnar að færast þangað og vera þar, sem fólksfjöldinn er mestur. Ef svo er gengið á hlut fjöldans, að hann telji sér algerlega misboðið, að sig eigi að setja til hliðar eða vikja til hliðar á þann veg, sem fyrrv. hæstv. forsrh., Hermann Jónasson, vildi gera við helming landsfólksins, þá er ósköp hætt við því, eins og kemur fram í þessari grein, að Alþingi Íslendinga hætti að vera úrslitaaðilinn í íslenzkum stjórnmálum, að þá verði það einhverjir aðrir aðilar, félagasamtök, sem hrifsi til sín það vald, sem löggjafarþinginu einu ber. Og við skulum ekki dylja okkur þess, að einmitt á hinum síðustu árum hefur ískyggilega sótt í þessa átt, að einhverjir aðrir aðilar hafa viljað taka til sín það vald, þau úrslitaráð yfir málefnum þjóðarinnar, sem Alþingi eitt á að hafa. Þetta hefur m. a. komið af því, að allir verða að játa, að Alþingi nú er og hefur ekki verið rétt mynd af þjóðarviljanum. Myndin hefur stórlega verið skekkt, ekki fyrst og fremst strjálbýlinu til hags, heldur fyrst og fremst tilteknum ævintýramönnum í hópi íslenzkra stjórnmálamanna, sem hafa stjórnað Framsfl. til hags. Og það er þessi skekking myndarinnar af þjóðarviljanum, sem hefur átt ríkan þátt í því, að Alþingi hefur verið og er enn í bráðri hættu um að missa úr höndum sér þau ráð yfir íslenzkum þjóðmálum, sem það verður að hafa og því ber að hafa, ef lýðræði á að vera hér í heiðri haft. Og það er ef til vill ekki sízt vegna þess, að með þessari breytingu verður hlutur Alþingis réttur með því að gera það á ný að réttri og sannri mynd þjóðarviljans, sem það er þjóðarnauðsyn, að þetta frv. nái samþykki.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég tók nokkurn þátt í 1. umr. þessa máls og ætla mér að ræða málið ofur lítið almennt við 3. umr. þess, eins og þingsköp gera ráð fyrir. Ég hafði ekki gert ráð fyrir því að taka neinn verulegan þátt í 2. umr. þess, sem nú stendur yfir, vegna þess, hve margir af mínum flokksbræðrum hafa talað við þessa umr. og flutt ýtarlega það sjónarmið, sem við viljum koma á framfæri einmitt við 2. umr. En vegna þess m. a., að hv. síðasti ræðumaður helgaði mér nokkra þætti í ræðu sinni hér áðan, finnst mér viðeigandi að leggja nokkur orð í belg núna við þessa 2. umr. líka.

Það er mjög áberandi við þá umr., sem hér fer fram, það virðingarleysi, sem forstöðumenn þessa máls sýna þinginu, en það kalla ég virðingarleysi við þingið sem stofnun, að þeir, sem standa að slíku stórmáli eins og hér er á ferð, skuli ekki einu sinni hafa smekk eða manndóm til þess að vera viðstaddir á Alþingi, þegar það er rætt. Hygg ég satt að segja það nær einsdæmi, ef ekki algert einsdæmi í sögu þingsins.

Hv. 1. flm. þessa máls, sem að vísu sést nú sjaldan á Alþingi, hv. þm. G-K., en hann er þó 1. flm. þessa máls og formaður stærsta stjórnmálaflokksins í landinu, rak hér inn nefið í dag aðeins í örfá skipti, en var óðara horfinn, og nú í lotu þeirri, sem verið hefur eftir kvöldmatinn, hefur hann alls ekki sézt.

Hæstv. forsrh., sem stendur fyrir ríkisstj., sem er eftir yfirlýsingum beinlínis mynduð til þess að koma þessu máli fram, hefur tæplega sézt hér við þessa 2. umr. og alls ekki tekið til máls, var hér einhverja stund í dag aðallega í hliðarherbergjunum, en tæpast að hann kæmi í sæti sitt. Og hv. frsm. þessa máls, nefndarmeirihl., sem að því stendur, sem var hér að ljúka máli sínu, hefur að vísu verið hér í húsinu, en lengst af utan þingsalarins allan þann tíma, sem þessi umr. hefur staðið.

Ég hef séð sums staðar á heimilum klukkur, sem eru þannig, að þær eru um leið loftvog, og í klukkunum er karl og kerling. Og það er þannig til hagað, að þegar gott veður er, þá kemur kerlingin út, en þegar vont veður er, þá kemur karlinn út. Framkoma hv. 1. þm. Reykv., frsm. þessa máls, við þessa umr. hefur

minnt mig á kerlinguna í klukkunni, því að þannig hefur þetta verið, að þegar andstæðingar hans hafa talað, þá hefur hann horfið, en áðan í það eina skipti, sem þm. tók til máls, sem var honum sammála, hv. þm. Benedikt Gröndal, þá birtist framsögumaðurinn í deildinni og var hér inni nákvæmlega á meðan vel viðraði. En þegar aftur versnaði veðrið að hans dómi, þá var hann horfinn, og það má mikið vera, ef hann er inni núna. Ég sé það að vísu ekki, vegna þess að hann á sæti bak við mig, en það má mikið vera, ef hann er inni núna. Það er eins og það sé einhver alvarlegur beygur í forustumönnum þessa máls. Það er eins og þeir treysti sér ekki til þess að standa frammi fyrir rökum andstæðinganna í málinu og kinoki sér sem allra mest við því að standa við það, sem þeir eru að gera. Þetta kemur svona fram. Þeir herða sig svo upp annað slagið svolitla stund eins og maður, sem kastar sér í kalt vatn, en gera sem minnst að slíku. En þeir munu náttúrlega alls ekki komast hjá því að standa fyrir sínu máli, um það er lýkur, við þær kosningar, sem fram eiga að fara.

Ég vil í þessu sambandi nota tækifærið núna við 2. umr. og benda á eitt atriði, sem raunar var minnzt á í dag, og það er hvernig búið er að Austurlandi í þessu frv. Stjórnarliðið hælir sér af því, að þó að nú eigi að leggja niður kjördæmin, þá eigi að vera sami þingmannafjöldi samanlagt í hverjum landshluta eins og verið hefur nema á Austurlandi. Þar á að fækka. Þó er það þannig, að Austfirðingar eru lengst frá höfuðborginni allra landsmanna og lengst frá hv. Alþingi og eiga erfiðast með allra landsmanna að beita áhrifum sínum í þeim miklu ríkisstofnunum, sem hér eru, og eiga erfiðast með að hafa beint samband við hv. Alþingi sjálft. Það hefði ekki verið mikið, eins og hér var tekið fram af hálfu hv. frsm. minni hl., þó að þessi sérstaða hefði verið virt þannig, að þeir hefðu haldið sama þingmannafjölda og áður, og ekki sízt hefði mátt gera ráð fyrir þessu, þar sem vitað er, að einn af þm. af Austurlandi hefur einmitt átt mjög mikinn þátt í því að móta þetta mál og er einn af forustumönnum eins þeirra flokka, sem að þessu standa. En þetta þótti ofrausn og það á hinn bóginn í betra samræmi við það, hvernig búið er yfirleitt að byggðunum í þessu máli, að taka af Austfirðingum þm. í leiðinni, um leið og öll kjördæmin þar verða lögð niður eins og annars staðar.

Ég vil þá minna á aðaltill. Framsfl. í þessu máli, og það er dagskrártill., sem hv. frsm. minni hl. mælti mjög skörulega fyrir. Við leggjum til, að þessu máli sé frestað um eitt ár, og í okkar till. er gert ráð fyrir, að stjórnarskrárnefndin taki þetta mál fyrir þann tíma og reyni að finna lausn, sem flestir geti sætt sig við. En jafnframt er sú stefna mótuð í dagskrártill. eða bent á það úrræði, að sérstakt stjórnlagaþing afgr. þetta mál. Það teljum við eðlilegt, og ég vil setja strik einmitt undir það atriði. Okkur er alveg ljóst, að fjöldinn allur af því fólki, sem kosið hefur þríflokkana undanfarið, er alveg ósammála þessum flokkum í kjördæmamálinu. Þetta vitum við vel, það fer ekkert dult. Og það er einmitt gott dæmi um, hversu hyggilegt og nauðsynlegt það er að leysa þetta mál úr öðrum málum með því að ætla stjórnlagaþingi að ráða fram úr stjórnarskrármálinu einu, það er einmitt gott dæmi um, hvað þetta er hyggilegt, að nú er það áætlun þríflokkanna að notfæra sér flokkshollustu síns fólks til þess að fá það til að fallast á stjórnskipun, sem það er í raun og veru á móti. Það er ætlun þessara þriggja flokka í trausti flokksbandanna að reyna að koma þessu máli fram, reyna að fá flokksfólk sitt og fylgismenn úti í byggðarlögunum til þess að gera það fyrir flokkana að kjósa með þeim, þó að þeir ætli að beita sér fyrir því að leggja kjördæmin niður, — ekki vegna þess að þeir ætli að beita sér fyrir því að leggja kjördæmin niður og koma þessari nýju skipun á, því að það vill raunverulega enginn í þessum byggðarlögum heldur þrátt fyrir þá fyrirætlun. Þeir vitnisburðir, sem koma utan af landi í gagnstæða átt, eru hreinlega pantaðir vitnisburðir og gerðir af flokksþægð, og það er ætlun þessara þriggja flokka að reyna að fá fólk til þess að gera það fyrir flokkinn sinn að leggja kjördæmin niður.

Það er þessi herfilega misnotkun á stjórnskipan okkar, sem gerir það höfuðnauðsyn að fallast einmitt á þá tilhögun að leysa þetta mál út úr öðrum málum og kjósa sérstaklega til stjórnlagaþings, því að þá gæti fólk kosið eftir skoðun sinni á kjördæmamálinu og stjórnskipunarmálinu, án þess að það væri með nokkru móti hægt að segja, að það veikti sinn flokk með því.

En nú verður flokkssjónarmiðið aftur á móti látið dynja á fólkinu. Það verður reynt að sjá svo um, að kosningarnar snúist ekki um stjórnarskrármálið, og við sjáum svo sem, hvernig tilraunirnar eru strax einmitt í þá átt. Þó að sumir hv. þm. tali digurbarkalega hér um það, hvað þessi lausn sé góð, þá er þeim vel ljóst, að hún hefur ekki hylli fólks yfir höfuð úti um landið, og þess vegna fylla þeir blöð sín af áróðri um, að það eigi ekki aðeins að kjósa um stjórnarskrármálið, það sé mesti misskilningur, það sé bara flærð Framsóknar, að því sé haldið fram, — það eigi að kjósa um allt mögulegt annað á milli himins og jarðar, flokkastefnurnar, hvernig flokkarnir hafa staðið sig í þessum málaflokki eða hinum o. s. frv.

En svo koma þessir menn, sem þessu halda fram, og belgja sig út og segja: Það á ekkert að gera, nema þjóðin samþykki það. — Meira að segja frsm. meiri hl. var að segja það hér áðan, að þó að menn hefðu ekki í síðustu kosningum lagt það fyrir fólk, að þeir ætluðu að leggja kjördæmin niður, þá ætti að kjósa um stjórnarskrármálið í vor, það færu fram kosningar í vor, og þá kæmi þjóðarviljinn fram.

Það er ágætt að fleygja þessu framan í menn, þegar verið er að tala um, að það sé ekki stjórnskipulega eða lýðræðislega að þessu farið, að það eigi að kjósa í vor og bera málið undir kjósendur. En jafnskjótt og þessir hv. þm. eru búnir að sleppa orðinu, þá fara þeir og nota allan sinn blaðakost og alla sína orku og

alla sína útsendara til þess að segja fólki, að það megi einmitt ekki kjósa um stjórnskipunarmálið eða till. þessara þriflokka í kjördæmamálinu, það eigi að kjósa venjulegri flokkakosningu um önnur mál. *Og svo eru þessir menn að* tala um hræsni. Þessir hv. þm. eru að tala um hræsni. Er hægt að hugsa sér ömurlegri hræsni en alla þessa framkomu og allan þennan málflutning? Ég held tæplega. Ég held, að það sé tæplega *hægt að hugsa sér ömurlegri hræsni.* Og það eru einmitt þessi vinnubrögð og ég vil segja þessi viðbjóður allur saman, sem gerir það að verkum, að Framsfl. hefur ævinlega verið með því, talað fyrir því og flutt það, að stjórnarskrármálið væri leyst út úr öðrum málum og sett inn á sérstakt stjórnlagaþing. En ástæðan til þess, að hinir flokkarnir hafa einmitt aldrei getað fallizt á þessa till. Framsfl., hver er hún? Það er ósköp einfalt að sjá hana. Það er vegna þess, að þá búast þeir við því, að þeir geti alls ekki komið fram neinni stjórnskipan, sem forustumönnum þessa máls er að skapi, því að þeir vita, að þeirra till. hafa alls ekki almannahylli. Þeirra eina von er að kúga þær fram, knýja þær fram í viðjum flokksbandanna. Það er þeirra eina von að fara út um allt og biðja menn um að kjósa flokkana, eins og þeir hafi gert, þrátt fyrir það að þeir ætli að leggja niður kjördæmin og gera aðrar þær breytingar, sem til standa. Þannig eru þessar áætlanir. Svona þokkalegar eru þær. Það er af þessum ástæðum, sem við höfum lagt verulega áherzlu á það, að hægt væri að fá fram hugmyndina um stjórnlagaþing.

Ég vildi einmitt núna við 2. umr. vekja sérstaklega athygli á þessum þætti í dagskrártill.

Þá vil ég fara örfáum orðum um fáein atriði af því, sem fram kom núna síðast hjá frsm. meiri hlutans og gaf mér tilefni til þess að tala dálítið nú við 2. umr., sem ég annars hafði ekki ætlað mér. Og fléttast þar þá inn í þau atriði, þar sem hann vék nokkuð sérstaklega að mér. En áður en ég kem beinlínis að því, vil ég minnast hér á eitt, sem dálítið hefur bólað á hjá hv. talsmönnum þessa máls og þeir hafa flutt fram til stuðnings því, að það mundi vera hyggilegt að leggja niður það, sem þeir kalla litlu einmenningskjördæmin, og hverfa að stórum hlutfallskjördæmum. Ég man, að þetta kom fram hjá hv. 5. landsk. þm., Benedikt Gröndal, einhvern tíma í þessum umræðum, — ég hygg, að það hafi verið við 1. umr., — og var ég raunar dálítið hissa á því, að það skyldi koma frá honum eða úr Alþfl. Þetta kom svo fram í kvöld talsvert hjá 1. þm. Reykv., Bjarna Benediktssyni, frsm. meiri hl., og eitthvað hefur þetta gægzt fram hjá öðrum raunar, dálítið víst hjá hv. 2. þm. Skagf. við 1. umr. En þetta atriði er, að áhrif fjármagns og fyrirtækja og áróðurs mundu sennilega vera meiri í kjördæmunum, eins og þau hafa verið fram að þessu, en gera mætti ráð fyrir að þau yrðu í stórum kjördæmum. Ég segi bara við þessu: Vilja menn ekki rifja upp fyrir sér, hvernig þessu er háttað í stærsta kjördæmi landsins, Reykjavík, áður en svona rök eru tekin góð og gild? Ég fullyrði alveg og tel mig hafa talsvert góða aðstöðu til þess að segja nokkuð um það eftir áratuga reynslu af stjórnmálastarfi og kosningabaráttu, — ég fullyrði það alveg hiklaust, að kosningabaráttan hér í Rvík er rekin a. m. k. með jafnmiklu kappi og í nokkru öðru kjördæmi landsins, ef við tökum það atriði. Það mun ekki vera fjarri lagi, að stærsti flokkurinn hér í Rvík, Sjálfstfl., t. d. hafi, þótt það sé kannske ekki bókstaflega þannig, að þá mun það láta nærri, að hann hafi pólitíska gæzlumann fyrir hvert einasta hús í bænum. Það er kannske ekki pólitískur gæzlumaður frá flokknum vakandi yfir mínu heimili og örfárra annarra manna, sem sumpart búa í einbýlishúsum eða eru þannig settir, að það þykir kannske ekki þess vert að eyða slíku verki á heimili þeirra. Það er heill her, sem starfar að þessari pólitísku gæzlu á vegum þessa stóra flokks, og þetta starf er rekið með meiri nákvæmni en hægt er að hugsa sér að eigi sér stað í nokkru öðru héraði landsins. Og þetta er í stóra hlutfallskjördæminu Reykjavík.

Þá hygg ég, að allir viti og þurfi ekkert um það að deila, að hið mikla fylgi Sjálfstfl. í Reykjavík byggist fyrst og fremst á hinum gífurlegu áhrifum, sem nokkur hundruð fyrirtæki í bænum hafa. Það er undirrótin undir hinu pólitíska fylgi og valdi Sjálfstfl. í Rvík, það er fyrirtækjavaldið og starf fyrirtækjanna í þessum efnum. Þetta veit hvert einasta mannsbarn á Íslandi, að svona er þetta, og það er hvergi á landinu til neitt, sem kemst í hálfkvisti við þetta fyrirtækjavald Sjálfstfl. í Rvík og vald fjármagns og atvinnuveitinga út frá þessum fyrirtækjum. Það vald, sem þessi fyrirtæki hafa, er meginþátturinn í starfsemi Sjálfstfl. í Rvík. Og það er ekki í litlu einmenningskjördæmi, það er í stóra hlutfallskjördæminu Reykjavík. Svo eru þessir menn, sem fyrir þessu standa, og menn, sem þekkja þetta ákaflega vel, þó að þeir séu í hinum flokkunum, og standa fyrir þessu máli, að bera það fram sem rök í kjördæmamálinu, að reynslan muni sýna eða það muni ekki ólíklegt, að vald fyrirtækja og fjármagns sé minna í stórum hlutfallskjördæmum en í þeim kjördæmum, sem verið hafa í landinu fram að þessu.

Ég hef þó nokkuð fylgzt með kosningabaráttu hér í Rvík, og mér er kunnugt um ýmis dæmi, sem sýna, hvernig unnið er í stóra hlutfallskjördæminu Reykjavík. Ég veit t. d. um konu, sem við síðustu bæjarstjórnarkosningar vann hjá einu fyrirtæki í Rvík, sem af vissum ástæðum var ekki talin trygg pólitískt, og ég veit, að það voru ekki minna en fjögur til fimm dagsverk, sem voru lögð fram af hendi eins flokks hér í Rvík til þess að reyna að fá þessa konu til þess að kjósa „rétt". Og þetta var ekki í litlu kjördæmi úti á landi, þetta var í stóra hlutfallskjördæminu Reykjavík.

Svo koma menn og segja, að hin pólitíska barátta sé svo hörð í þessum smáu héruðum. Til þess að mýkja hana og milda og til þess að aðferðirnar verði viðkunnanlegar og að öllu leyti ánægjulegar, þá muni þurfa að leggja *þau kjördæmi niður og setja allt í stór hlut*fallskjördæmi og þá þurfi menn engu að kvíða

um þetta. Og þeir, sem standa fyrir þessum málflutningi, eru mennirnir, sem standa fyrir þeim vinnubrögðum, sem ég hef verið að lýsa. Og svo eru þessir sömu menn að tala um hræsni.

Það er alveg furðulegt, hvaða tyllirök og hálmstrá hv. formælendur málsins eru að tína til handa mönnum sínum til þess að halda sér í. En það dugir náttúrlega ekki, nema þá kannske fyrir einn og einn af þeim, sem þá hafa löngun af flokksþægð til þess að fylgja þeim í þessu máli, því að ekki er það annað, sem er tilgangurinn með þessum hálmstráum, sem verið er að útdeila í þessum málflutningi. Það er ekki hægt að líkja röksemdafærslunni við annað en útbýtingu hálmstráa handa mönnum til þess að reyna að fleyta sér á, sem kynnu að hafa sterkan vilja til þess að fá sig til að gera það fyrir flokkinn sinn að fylgja þessari tilhögun.

Það er nú uppáhaldsröksemd — (**Forseti:** Á hv. þm. eftir langt mál? Vill hann ljúka ræðu sinni kannske núna?) Ég á ekki eftir nema svona 10—15 mínútur væntanlega. Ég hafði ekki gert ráð fyrir að tala lengur, því að eins og ég tók fram, þá hafði ég ekki gert ráð fyrir því fremur en verkast vildi að tala við þessa 2. umr. En ég ætlaði að gera hér að umtalsefni tvö eða þrjú atriði til viðbótar.

Ein af uppáhaldsröksemdum hv. 1. þm. Reykv. (BBen) í þessu máli er þessi kenning um sameiningu kjördæmanna og allt það, sem í kringum það er. Síðan er sagt: Sameinaðir stöndum vér, sundraðir föllum vér o. s. frv., o. s. frv. Þetta á að vera ein höfuðröksemdin. Og svo sagði hv. þm., að það væri hægt að færa margar ástæður fyrir því, að nú yrði að steypa þessu saman, það væru þessi sameiginlegu verkefni, sem eiginlega krefðust þess, að þessu væri steypt saman. Í því sambandi nefndi hann m. a. raforkumál Austurlands og sagði, að það hefði verið eins konar hreppasjónarmið úr Suður-Múlasýslu, sem hefði ráðið því, að Grímsárvirkjun varð fyrir valinu, en ekki einhver önnur leið, það væri alveg valið dæmi um það, hve núverandi kjördæmaskipun væri óheppileg. Nú veit þessi hv. þm. ákaflega vel, að allir þm. af Austurlandi, — hann veit það vegna þess, að hann var það lengi ráðh. og var kunnugur því í gegnum það, — að allir þm. af Austurlandi unnu saman að raforkumálum Austurlands ár eftir ár, úr hvaða flokki sem þeir voru, og sú samvinna var einmitt gott dæmi um það, hvernig þm. úr einstökum héruðum vinna nú saman um málefni, sem snerta mörg héruð sameiginlega, svo að það þarf ekkert á hv. þm. að halda með kenningu sína um það, að menn verði að leggja héraðaþingmennina niður til þess að geta talað saman eða unnið sameiginlega að hagsmunamálum, sem ná yfir nokkur héruð. Og það er alger skáldskapur hv. þm., að nokkur hreppasjónarmið eða sýslusjónarmið hafi komið til greina við val á virkjunaraðferðinni fyrir austan. Að lokum var aðeins um tvennt að ræða að dómi sérfræðinganna um þetta mál: annað var að virkja Grímsá, en hitt var að taka rafmagn til Austurlands gegnum sérstaka leiðslu yfir fjöllin norðan frá Laxá við Mývatn. Hitt, sem menn höfðu látið sig dreyma um, að virkja Lagarfljót, kom ekki til greina að dómi sérfræðinganna, vegna þess að sú virkjun, sem til mála gat komið, gaf litlu meira rafmagn en Grímsárvirkjunin gat gefið, kostaði mörgum milljónatugum meira og eyðilagði þar að auki möguleikana fyrir því, að Lagarfljót yrði virkjað síðar á hagkvæmasta máta. En sú virkjun var aftur á móti svo geysilega dýr og stór, að hún gat ekki komið til greina til þess að leysa raforkuþörf fjórðungsins í náinni framtíð. Það var því aðeins um tvennt að velja: að virkja Grímsá eða láta sér nægja línuspottann norðan frá Laxá. Og þá var það, sem sú ákvörðun var tekin af raforkumálaráðherra, eftir að hann hafði ráðgazt við alla hlutaðeigendur, að virkja Grímsá fremur en að treysta á línuspottann að norðan, og býst ég ekki við, að nokkur maður sjái eftir því, að sú aðferð var viðhöfð. Og þeir, sem stóðu að virkjun Grímsár, sérfræðingarnir, þeir segja, að þar hafi allt orðið í reyndinni eins og þeir gerðu ráð fyrir. Þetta er því algerlega gripið úr lausu lofti hjá hv. þm.

Samstarf þingmanna að raforkumálum Austurlands og fjöldamörgum öðrum hliðstæðum málum, sem snerta mörg héruð, eins og t. d. raforkumál Vesturlands, og þannig mætti lengi telja, er einmitt sönnunin fyrir því, að þetta, sem hv. þm. ber fram til rökstuðnings því, að menn eigi að leggja héraðakjördæmin niður, er algerlega úr lausu lofti gripið, eru hrein tyllirök.

Þá sagði hv. þm., — ég vil koma að því í leiðinni, af því að ég er að tala hér um rafmagn, — þá sagði hann, hélt því hér fram með miklum krafti, að það yrði unnið alveg eins mikið að raforkumálum dreifbýlisins fyrir því, þó að framlag til þeirra væri nú lækkað um nær 11 millj. á fjárl. Hann klígjar ekki við smámunum, hv. þm. Hann veit það þó áreiðanlega, að ef ætti að halda 10 ára áætluninni fyrir árið 1959, eins og búið var að setja hana upp, þá þyrfti að útvega marga milljónatugi, sjálfsagt upp undir sex milljónatugi að láni, þó að allri fjárveitingunni yrði haldið á fjárl. Hv. þm. ætlar kannske að fara að halda því hér fram, að þeir ætli að útvega 70 millj. að láni á þessu ári eða vel það til þess að leggja í raforkuáætlunina. Engum dettur í hug, að þeir útvegi einum eyri meira af lánsfé en til stóð að útvega, þótt þeir strikuðu út þetta framlag á fjárl. Eða kannske hv. þm. ætli að fara að halda því fram, að það sé bara af einskærum áhuga fyrir því, að raforkuáætlun dreifbýlisins geti komið nógu fljótt í framkvæmd, að það er búið að fara þannig með framlag ríkisins, að það er í raun og veru ekkert orðið til þessara mála? Það var 25 millj., það er komið niður í 15, og rekstrarhallinn á rafmagnsveitum ríkisins er áætlaður upp undir 15 millj., þannig að það lítur út fyrir, að þeir séu búnir að koma þessum málum þannig fyrir, að ríkissjóður leggi ekki einn einasta grænan eyri til raforkuáætlunar dreifbýlisins. Og það næsta, sem þessi hv. 1. þm. Reykv. heldur fram,

— ég býst við, að honum fari fram í þessu tilliti, — það verður auðvitað, að þetta sé gert af einskærum áhuga fyrir því, að raforkuáætlun dreifbýlisins geti gengið nógu hratt í framkvæmd, og fyrr megi nú vera, að nokkrum manni skuli detta í hug annað eins og það að deila á þetta eða halda því fram, að með þessu sé verið að minnka möguleikana á því, að raforkuframkvæmdir eigi sér stað. Svoleiðis fjarstæðu mundi náttúrlega engum detta í hug að bera fram nema þá helzt framsóknarmönnum! — Þetta segir sennilega hv. 1. þm. Reykv. næst, þegar hann talar. Það væri alveg nákvæmlega í samræmi við það, sem hann var að segja hér áðan um þetta mál. Hann átti ekki nógu sterk orð til þess að lýsa því, hvað hv. þm. V-Húnv. (SkG) væri ósvífinn að láta sér detta það í hug, að þessi niðurskurður gæti haft áhrif á framkvæmdir í raforkumálum eða væri gerður til þess að draga úr þeim. Nei, annað eins væri ekki hægt að bjóða mönnum.

Að lokum vil ég svo aðeins í sambandi við tal hv. þm. um, að það sé alls ekki verið að leggja niður kjördæmin, segja þetta: Nei, auðvitað ekki. Honum mundi ekki blöskra að halda því fram, að kjördæmin ættu að standa eftir sem áður, þessi gömlu, þótt þau séu lögð niður og önnur innleidd í staðinn. Það er algerlega eftir annarri röksemdafærslu þessa hv. þm. að halda því fram, að þótt kjördæmin séu lögð niður, þá standi þau samt. Já, „Vakri-Skjóni hann skal heita", eins og þar stendur, og svo áfram.

Það er bara þessi sameining, sem verið er að tala um, og svo þetta: Sameinaðir stöndum vér o. s. frv. En hafa ekki þau rök, sem hv. þm. notar í þessu sambandi, hafa það ekki verið rök innlimunarmanna alls staðar fyrir öllum yfirgangi, sem framinn hefur verið, hvar sem er í heiminum, eins og hv. þm. V-Húnv. (SkG) sagði og færði snjöll rök að? Þegar ætlunin er að svipta þjóðir eða landshluta sjálfstæði sínu, þá er alltaf sagt, eins og hv. þm. V-Húnv. tók hér fram í kvöld: Þetta er bara til að gera ykkur sterkari. Það er bara verið að sameina. Það er ekki verið, að leggja neitt niður. Þið eruð til áfram. Það er ekki verið að leggja neitt niður o. s. frv., o. s. frv. — Þetta eru innlimunarrökin, sem ævinlega eru notuð. Þetta eru rök innlimunarmanna í öllum greinum, og ekkert sýnir kannske greinilegar, hvað hér er að ske, en einmitt það, hvernig talsmenn þessa máls og sérstaklega hv. 1. þm. Reykv. notar einmitt þessi rök, ef rök skyldi kalla

Ég skal svo láta máli mínu lokið með sérstöku tilliti til þess, að ég mun ræða þetta mál nokkuð almennt við 3. umr.

Umr. frestað.

Á 116. fundi í Nd., 25. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Hv. 5. landsk. þm. (BG) vék í ræðu sinni í gær að till. Austfirðinga og Norðlendinga og því, sem ég hafði áður sagt um það efni. Hann viðurkenndi, að sá skilningur minn væri réttur, að markmið fjórðungsþinganna á Austurlandi og Norðurlandi hefði verið með till. þeirra að reisa skorður við valdi höfuðborgarinnar. En með þessu frv., sem hér liggur fyrir, er stefnt að því, að atkvæðamagn þéttbýlisins vegi meira um skipan Alþingis en verið hefur. Það er stefnt að því að færa til þungamiðju valdsins, svo að notuð séu orð Jóns Þorlákssonar, sem hann viðhafði á sinni tíð, og er því augljóst, að þetta frv. stefnir ekki í sömu átt og till. fjórðungsþinganna gerðu. Þetta er meginatriði og í raun og veru það, sem úr sker um þennan samanburð.

Ég vefengi ekki, að hv. 5. landsk. þm. hafi farið með rétt mál, þar sem hann vitnaði í einstakar till., sem birtar höfðu verið hér og hvar og fram bornar á Austurlandi og Norðurlandi. En ég vil benda honum á, ef hann hefur ekki athugað það áður, að þær tilvitnanir allar eru í gögn, sem prentuð voru, á meðan málið var á umræðustigi. Nú er það svo, að þegar unnið er að tillögugerð, og m. a. má minna á það í sambandi við þetta frv., þá er rætt um ýmis atriði, sem verða ekki að niðurstöðu. Ef menn vilja sýna sanngirni í málflutningi, er eðlilegast að ræða málið eins og það liggur fyrir, þegar niðurstaða er fengin.

Nú var það svo, að þegar þessi mál höfðu verið á döfinni um alllanga hríð, var skipuð nefnd manna til þess að samræma þessar till. og fella þær í eina heild og móta þá niðurstöðu, sem fjórðungsþing Austfirðinga og Norðlendinga vildu gera að sínum till., og þeir 4 menn, sem kvaddir voru til að samræma sjónarmiðin og ganga frá þessum till., voru Hjálmar Vilhjálmsson þáverandi sýslumaður á Seyðisfirði, Erlendur Björnsson bæjarstjóri á Seyðisfirði, Jónas G. Rafnar lögfræðingur á Akureyri og Karl Kristjánsson oddviti á Húsavík, núverandi alþingismaður. Þegar þeir höfðu unnið þetta verk, var prentaður bæklingur, þar sem þessar niðurstöður eru felldar saman og liggja fyrir till. með grg., og það, sem ég sagði um þetta mál, byggði ég á því, sem endanlega varð að niðurstöðu.

Í þessum till. Austfirðinga og Norðlendinga kemur það glöggt fram, að þeir stefna að því að dreifa ríkisvaldinu, ekki aðeins að héruðin fái aukin áhrif á skipan Alþingis, heldur einnig að færa ýmsa þætti framkvæmdavaldsins út í héruðin, þ. á m. starfsemi, sem innflutningsskrifstofan hefur á hendi, auka bankastarfsemina úti í héruðunum o. s. frv. Ekkert liggur fyrir um það í sambandi við þetta frv., sem hér liggur fyrir, að það sé ætlun þeirra, sem að því standa, að efla hin nýju kjördæmi á þann hátt að færa t. d. bankastarfsemi þangað og auka sjálfstæði þeirra landshluta í viðskiptalífinu gagnvart störfum, sem innflutningsskrifstofan innir af hendi, og annað slíkt. Ekkert slíkt hefur komið fram í þessum umræðum.

Við höfum báðir minnzt á í þessum umr., bæði hv. 5. landsk. og ég, það sem við köllum blandað kosningakerfi. Ég vil nú álíta, að við förum í þessu efni báðir með rétt mál. En við höfum ef til vill látið þetta hugtak, „blandað kosningakerfi", ekki tákna nákvæmlega það

sama. Mér virðist, að þegar hv. 5. landsk. talar um blandað kosningakerfi, þá eigi hann eingöngu við það, þegar mismunur er á kosningaaðferð eftir landshlutum innan ákveðins ríkis. Ég hef leyft mér að orða þetta þannig, tala um blandað kosningakerfi, þegar kosið er eftir tvennum reglum, tvennum eða jafnvel fleiri reglum, til löggjafarþings í einu ríki, þó að þar komi ekki til mismunandi aðferð eftir landshlutum innan ríkisins.

Hv. 5. landsk. vefengdi ekki þær tölur, sem ég dró fram í umræðunum um hlutfall kjósenda bak við þingmenn í einstökum kjördæmum Noregs. En hann vildi, hv. 5. landsk., draga af því þá ályktun, að með þeim till., sem hér lægju fyrir, væri landshlutunum, sem eru í fjarlægð við höfuðstaðinn, að minnsta kosti gert eins hátt undir höfði og gert væri í Noregi. Hér dregur hv. þm. fram dæmi eða samanburð, sem fær ekki staðizt, vegna þess að uppbótarsætin grípa inn í hér, en þau koma ekki til greina í Noregi.

Nú er það svo, að þegar litið er á það, hvort þéttbýlið á meiri eða minni þátt í kjöri uppbótarmannanna hér, þá ber að líta á þær reglur, sem beitt er við ákvörðun þá, sem farið er eftir við úthlutun uppbótarsæta. Í fyrsta lagi kemur til greina sú regla, að þegar ákveðið er, hvað hver flokkur á að fá mörg uppbótarsæti, þá er heildaratkvæðatala flokksins tekin til greina, hvar sem þau atkvæði eru greidd í landinu. Við þá ákvörðun er því atkvæðatala þéttbýlisins í fullu gildi miðað við atkvæðatölu strjálbýlisins. Það er því í raun og veru atkvæðatala þéttbýlisins, sem vegur mest, þegar ákveðið er, hvað hver flokkur fær marga uppbótarþingmenn. Það má því segja, að atkvæði þéttbýlisins skili vissum fjölda uppbótarmanna inn á þing. Og nú með þessum tillögum, sem hér liggja fyrir, þá virðist mér vera stefnt að því, að fullur jöfnuður muni nást milli þingflokka, þegar fyrst verður kosið hlutfallskosningu í nokkuð stórum kjördæmum, og þannig jafnast á milli flokkanna, að því leyti sem sú kosning segir til um, og síðan kemur úthlutun uppbótarsæta. Og nú er svo ráð fyrir gert í frv., sem hér liggur fyrir, að úthluta skuli 11 uppbótarsætum, hvernig sem hlutföllin eru milli flokkanna, þannig að af því leiðir það, að vel getur svo farið í framkvæmd, að allir flokkar fái uppbótarmann kjörinn, einn eða fleiri. Þegar búið er að koma á svona mikilli jöfnun, þá er ekki lengur hægt að tala um staðarlegt misrétti í raun og veru, þá skila atkvæðin í þéttbýlinu vissum fjölda landskjörinna þingmanna inn á þing auk hinna kjördæmakjörnu. Þá er ekkert eftir annað en það, að hinir einstöku þingmenn, sem taka sæti flokkanna sem landskjörnir þingmenn eða uppbótarmenn, þeir eiga ef til vill ekki búsetu í Reykjavík eða mesta þéttbýlinu. En meira að segja það atriði á ekki að vera bundið í stjórnarskránni samkv. frv. því, sem hér liggur fyrir.

Hv. 5. landsk. þm. vék að því, að einmenningskjördæmafyrirkomulagið hefði þann ókost hjá vaxandi þjóð, að vegna aukins fólksfjölda þyrfti stöðugt að fjölga kjördæmunum. Reynslan sýnir, að þetta er ekki á fullum rökum reist. Og jafnvel þótt ekki sé miðað við einmenningskjördæmafyrirkomulag, þá er nú samt rík tilhneiging til þess að fjölga þingsætum. M. a. kemur það fram í þessu frv., og mun þó hafa verið um það rætt á vissu stigi málsins að fjölga þm. meira en varð að niðurstöðu. Þar er ekki einmenningskjördæmasjónarmiðið, sem lagt er til grundvallar, heldur þá jöfnuður milli flokka, þannig að það er fleira, sem kallar á fjölgun þm. hjá vaxandi þjóð, heldur en einmenningskjördæmin. En það hefur ætíð verið svo, síðan Alþingi a. m. k. fékk löggjafarvald, að fjöldi kjósenda í hinum einstöku kjördæmum hefur verið misjafn, og það er eftirtektarvert, að milli héraðanna innbyrðis hefur þetta engum ágreiningi valdið, þannig að eitt hérað hafi verið að gera kröfur á hendur öðru um jöfnuð þeirra á milli innbyrðis.

Kosningalögin, sem sett voru 1877, voru grundvölluð á stjórnarskránni frá 1874. En skömmu eftir að þau kosningalög tóku gildi — eða nánar tiltekið 1880, þá var þannig ástatt hér á landi, að á bak við hvern þjóðkjörinn þm. voru 2415 íbúar. Nú var það strax þá, að fjöldi íbúanna í einstökum kjördæmum var misjafn. T. d. hafði Suður-Þingeyjarsýsla 1880 1352 íbúa fram yfir meðaltal, en Norður-Þingeyjarsýsla hafði aftur á móti 846 íbúa neðan við meðaltalið. Svipað er að segja um t. d. Snæfellsnessýslu, hún hafði 857 íbúa umfram meðaltal, en Strandasýsla 554 undir meðaltali. Nú eru engin dæmi þess, að þessi héruð innbyrðis, sýslurnar, hafi borið fram kröfur um það að fá þessu breytt. Það er ekki kunnugt um, að Suður-Þingeyingar hafi nokkurn tíma amazt við því, að Norður-Þingeyingar kysu sinn sérstaka fulltrúa, þrátt fyrir það að það sé fámennara hérað. Nei, jöfnunin, sem talið er nauðsynlegt að framkvæma á milli héraðanna, kröfurnar um þann jöfnuð koma ekki heiman að frá fólkinu sjálfu eða forustumönnunum í héruðunum, kröfurnar um það koma frá flokksstjórnunum, miðstjórnum flokkanna, sem hafa aðsetur hér í Reykjavík. Svona hefur þetta jafnan verið, og þannig er þetta nú með þessu frv., sem hér liggur fyrir.

Þessi skipan, að láta hvert hérað og hvern hrepp kjósa sérstaka fulltrúa, á sér fornar rætur og er mjög rótföst í okkar þjóðskipulagi, ekki einungis gagnvart skipan Alþingis, heldur gagnvart héraðsstjórn allri. Það er kunnugt, að innan sýslnanna eru hrepparnir þær félagseiningar, sem kjósa t. d. sýslunefndirnar. Nú eru hrepparnir í hverri sýslu mjög misjafnir að fólksfjölda, og svo hefur ævinlega verið. En það er föst regla og forn hér á landi, að hver hreppur, hvort sem hann er fámennur eða fjölmennur, kýs einn mann í sýslunefnd, og allir hafa sýslunefndarmenn jöfn atkvæði, þegar málefni sýslunnar eru afgreidd. Og fólkið úti í héruðunum sættir sig svo vel við þessa fornu skipan, að þó að tilfærsla verði á íbúafjölda hreppanna innan sýslutakmarkanna, eins og ég þekki greinilega dæmi um, þar sem er vaxandi þorp, en heldur minnkandi sveitahreppar, þar sem ég er kunnugastur, þá eru

aldrei bornar fram kröfur um jöfnuð að þessu leyti. Fólkið vill una hinu forna skipulagi og láta þann hrepp, sem hefur lægri fólkstölu, hafa það forna vald, sem hann hefur haft um skipun héraðsstjórnanna.

Í nál. meiri hl. stjskrn. standa þessi orð:

„Ekki þarf að eyða orðum að þeirri fjarstæðu, að kjördæmi séu lögð niður með því að sameina þau og gera þau þannig sterkari. Sameinaðir stöndum við, en sundraðir föllum við, á ekki síður við í þessu sambandi en öðrum."

Mér finnst illa viðeigandi, að þessi orð skuli standa í nál. meiri hl. stjskrn. Það er öllum augljóst, hverjum manni, sem kominn er til vits og ára, að með því frv., sem hér liggur fyrir, er stefnt að því að stofna ný kjördæmi í landinu, 8 stór kjördæmi. Ekki er stefnt að því að hafa tvenns konar kjördæmakerfi, þannig að það verði bæði kosið eftirleiðis í sýslunum, einmenningskjördæmunum, sem nú eru, og í hinum nýju kjördæmum, sem á að stofna. Um leið og nýju kjördæmin eru stofnuð, eru því eldri kjördæmin að sjálfsögðu lögð niður. Þetta skilur hver maður, sem kominn er til vits og ára. Og að mínu viti hafa allir þeir, sem standa að meiri hl. stjskrn., nægа dómgreind til þess að skilja þetta mál til hlítar og gera hér greinarmun á réttu og röngu. En fyrst svo langt er gengið í þessari málfærslu að segja villandi frá svo augljósu efnisatriði eins og þessu, þá er í *sjálfu sér ekki furða, þó að fleira sé þannig* fram sett, að það þurfi ofur lítillar athugunar við.

Hér er vikið að því, að sýslurnar í landinu séu myndaðar þannig, að það séu hin gömlu skatthéruð konunganna og að með þeirri skipan, sem lögð er til í frv., sé tekinn upp þráðurinn, sem slitnaði, er þjóðveldi Íslendinga leið undir lok, kjördæmin nú svari að ýmsu til hinna fornu þinga og fjórðunga á okkar fyrri frelsisdögum, þá þurfti enginn að una því að vera í þingi með goða vegna þess eins, að þeir væru í sömu þinghá, heldur gat hann kosið hvern sem var í hinum sama fjórðungi. Mér virðist, að þetta sé dregið fram í nál. meiri hl. stjskrn. til þess að reyna að sýna sambandið á milli hinna fornu félagsheilda annars vegar og þeirra félagsheilda, þ. e. a. s. stóru kjördæmanna, sem nú eigi að stofna, og að sambandið sé hugsað þannig, að hin stóru kjördæmi samsvari að nokkru leyti fjórðungunum fornu, og vegna þess að bændur á þjóðveldisöldinni hafi haft frelsi til þess að segja sig í þing með einum goða og úr þingi hjá öðrum, þá sé hér verið að veita hliðstæðan rétt, að menn geti kosið mann af hvaða flokki sem er í hinum stóru kjördæmum. Ég fæ ekki betur skilið en að sambandið sé hugsað á þennan veg með þessari líkingu.

Þegar þetta er athugað, verður fyrst að gera sér grein fyrir því, hverjar og hvernig hinar *fornu félagsheildir voru*. Þá koma fyrst til greina goðorðin, í öðru lagi þinghárnar og í þriðja lagi fjórðungarnir. Hér er sagt afdráttarlaust, að réttur bænda til þess að segja sig í þing með einum goða og úr þingi hjá öðrum hafi verið bundinn við fjórðunginn. Það er fræðilegt atriði, sem ég get látið liggja á milli hluta. En ég ætla það þó sannast mála, að fræðimenn greini nokkuð á um það, hvort þessi réttur var bundinn við fjórðunginn eða eitthvað viðtækari í vissum tilfellum. En ótvírætt er það, að þessi réttur var fyrir hendi.

Þá er á það að líta, ef samanburðurinn á að hafa gildi, hvort þessi forni réttur var bundinn við persónu manns fyrst og fremst eða við félagsheild, hvort hann var bundinn við — á nútímamáli — flokkslega heild. Þegar á þetta er litið, þá verður að gera sér grein fyrir því, að í fornu máli hefur orðið „þingmaður" aðra merkingu en í nútímamáli. Þingmaður var að fornu sá, sem goðinn gat kvatt til þingferðar eða þingreiðar með sér, og þeir, sem fóru ekki til þings með goðanum, áttu þingfararkaupi að gegna til að standast þann kostnað, sem goðinn hafði af þinghaldinu. Og þingmennirnir mynduðu þingsveit goðans.

Nú er það augljóst, ef litið er á fornar heimildir, að þessi réttur til að segja sig í þing með einum goða var fyrst og fremst bundinn við persónu mannsins. Mér þykir það því furðulegra, að þetta skuli vera skráð í nál. meiri hl. stjskrn., *vegna þess að einn flm. þessa frv. og* einn þeirra manna, sem skrifar undir nál., hefur gert sér far um að kanna þetta atriði á fræðilegum grundvelli. Hv. 3. þm. Reykv. (EOl) fjallar um þetta atriði í bók sinni „Ættarsamfélag og ríkisvald", og þar segir hann á bls. 97: „En merkasta ákvæðið, sem að því lýtur að tryggja rétt bænda til að velja goða, er réttur*inn*, sbr. 83. kafla þingskapaþáttar, til þess að segja sig úr þingi eins goða og í þing til annars." Og Einar Olgeirsson segir enn fremur, þar sem hann kveður upp úr með sína skoðun um þetta atriði á bls. 93—94 í sömu bók: „Goðinn er trúnaðarmaður og forustumaður þingsveitarinnar, en ekki drottnari." Og enn fremur segir Einar Olgeirsson: „Goðinn er forustumaður og trúnaðarmaður bænda í þjóðfélaginu." Hér er þetta alveg skýrt og greinilega fram sett, sú skoðun, a. m. k. þessa nm. í meiri hl. stjskrn., að þessi réttur hafi fyrst og fremst verið bundinn við persónulegt tillit til goðans, en hafi ekki verið félagslegur réttur, sem var miðaður við félagsheildina.

En þótt þessi réttur væri fyrir hendi, sem ótvírætt er, þá hlaut að fara svo í framkvæmd í þjóðveldinu forna, að það væri fremur undantekning en meginregla, að einn þm. eða bóndi á þjóðveldisöld væri í goðorði í mikilli fjarlægð við heimili sitt. Það var margt í stjórnskipulaginu, sem knúði til þess, að þingmaður veldi sér goða þann höfðingja, sem næstur var bústað hans. Goðinn hafði á hendi forustu um löggjafarvaldið, og hann hafði á hendi dómnefnu bæði á vorþingunum heima í héruðum og eins í fjórðungs- og fimmtardómana. Og að því leyti sem framkvæmdavaldið í þjóðveldinu forna var til, þá var það raunar úti í héruðunum í höndum goðanna. Það voru því gagnkvæmir hagsmunir — goðans annars vegar að hafa þingsveit sína sem stærsta og sem næsta sér og hins vegar þingmannsins eða bóndans

að vera skjólstæðingur þess héraðshöfðingja, sem næstur var vettvangi —, sem knúði til þess, að menn völdu sér yfirleitt þann goða, sem næstur var vettvangi.

En þá er á það að líta, hvort við það var unað í þjóðveldinu forna, þegar það var á blómaskeiði sínu, að þinghárnar væru mjög stórar, þær félagsheildir, sem þannig voru settar upp. Það er glöggt dæmi um það úr Norðlendingafjórðungi, því að í upphafi þjóðveldisins voru þar þrjár þinghár. En vegna þess að Þingeyingar neituðu að vera í sama þingi og Eyfirðingar og vegna þess að Húnvetningar neituðu að sækja til Skagafjarðar á héraðsþing þar, þá varð að breyta þessu og setja upp fjögur þing, fjórar þinghár í Norðlendingafjórðungi. Þetta hafði þau áhrif, að það varð að fjölga í lögréttu, og það hafði áhrif á skipun dómsvaldsins að vissu leyti, þannig að hinir fjórðungarnir urðu að fá inn í lögréttuna menn, sem höfðu löggjafarvald þar, en ekki vald á borð við goða heima í héraði, menn, sem oft eru nefndir goðagildi, og þeir fengu rétt til dómnefnu í fimmtardómi.

Þá er því haldið fram, að ekki sé samband á milli þinghánna fornu og sýslnanna, sem síðar urðu til, sýslurnar séu hin gömlu skattheimtuumdæmi konunganna. En þegar litið er alveg sagnfræðilega og rökrétt á þetta mál, þá er augljóst, að það er greinilegt samband þarna á milli. Vorþingin voru ekki aðeins skattheimtuþing, heldur jafnframt héraðsdómur, og þinghárnar í Norðlendingafjórðungi voru fjórar: Þingeyraþing verður Húnavatnssýsla, Hegranesþing verður Skagafjarðarsýsla, Vaðlaþing verður Eyjafjarðarsýsla, Þingeyjarþing verður Þingeyjarsýsla, — og á Suðurlandi: Skaftafellsþing verður Skaftafellssýsla, Þingskálaþing verður Rangárvallasýsla, Árnesþing verður Árnessýsla, Kjalarnesþing verður Gullbringu- og Kjósarsýsla. Og sýslurnar tóku við af vorþingunum að því leyti, að dómstigið, héraðsdómurinn, var bundið við sýslurnar, þær urðu lögsagnarumdæmi.

Þegar þetta er skoðað sagnfræðilega, verður því ekki hnekkt, að sýsluskipanin, lögsagnarumdæmin í landinu og þar af leiðandi sú kjördæmaskipan, sem nú er í gildi, er forn arfur allt frá þjóðveldisöld.

Þá skal ég víkja að öðru atriði í nál. meiri hl. stjskrn., sem er nær nútímanum. Hér er í nál. vitnað til þess, að hlutfallskosningar urðu ekki Frakklandi að falli 1940, því að þá var kosið þar í einmenningskjördæmum. Enn er óvíst, hvernig til tekst um hina nýju kosningalöggjöf, er De Gaulle hefur nú komið á, en víst er, að valdataka hans var ekki með lýðræðislegum hætti.

Í umr. í gær gerði ég nokkurn samanburð á kosningafyrirkomulagi í ýmsum löndum, þ. á m. þeim mun, sem er á kosningafyrirkomulaginu í Frakklandi annars vegar og í Vestur-Þýzkalandi hins vegar. Það er rétt með farið hér, að kosningafyrirkomulag í Frakklandi hefur tekið tíðum breytingum. En mér finnst nú satt að segja seilzt um hurðarás til lokunnar, þegar sérstaklega er vitnað í árið 1940, vegna þess að þá stóð yfir heimsstyrjöld, og í raun og veru er erfitt að dæma um það, hvort eitt eða annað kosningafyrirkomulag á þátt í því, hvernig til tekst, þar sem stórveldi beita vopnavaldi.

En það er fróðlegt í sambandi við þetta mál að gera sér sem gleggsta grein fyrir því, hvaða tilraunir hafa verið gerðar í Frakklandi um breytingar á kosningafyrirkomulagi, síðan heimsstyrjöldinni lauk, og hver er aðdragandi þess þar, sem sagt er réttilega í nál., að valdataka þess manns, sem nú ræður mestu þar í landi, sé ekki með lýðræðislegum hætti.

Ég hef með höndum grg., sem tekin er saman í sendiráði Íslands í París og er algerlega óhlutdræg og sagnfræðileg um þennan þátt málsins. Til þess að koma í veg fyrir, að því verði haldið fram, að ég halli máli í frásögninni, vil ég — með leyfi hæstv. forseta — lesa orðrétt þann kafla úr þessari grg., sem að þessu atriði lýtur:

„Eftir síðari heimsstyrjöldina var ákveðið að semja nýja stjórnarskrá, og ráðgjafarþingið, sem í lok ófriðarins starfaði með bráðabirgðastjórn De Gaulles hershöfðingja, samdi frv. til nýrra kosningalaga til stjórnlagaþingsins.

Festu menn nú mjög augun á því ójafnræði, sem einmenningskjördæmin gætu skapað flokkunum, og það var nefnt sem dæmi, að komið hefði fyrir, að einn flokkur hefði ekki þurft nema 7134 kjósendur til þess að koma að manni, en hjá öðrum hafi atkvæðin verið 66385 eða nífalt fleiri á hvern kosinn þingmann. Þótti ráðgjafarþinginu meira réttlæti gagnvart flokkunum í hlutfallskosningum, og samþykkti það frv., sem gekk óvenjulangt í því að tryggja flokkunum „réttlæti“ í þessu efni.“ — Ég tek fram, að orðið réttlæti er hér innan gæsalappa.

„Meðal athyglisverðra atriða í frv. má geta þess, að flokkarnir áttu að fá uppbótarsæti, ef þeim nýttust ekki öll atkvæðin í kjördæmunum. Fyrst var þessum uppbótarsætum skipt innan stórra landssvæða. Skyldu talin saman þau atkvæði, sem hver flokkur átti afgangs úr kjördæmunum, og eitt uppbótarsæti veitt fyrir hver 30 þús. afgangsatkvæði. Þessir uppbótarþingmenn áttu að koma úr hópi frambjóðenda úr kjördæmunum og röð þeirra fara eftir því, hvaða kjördæmalistar flokksins áttu flest atkvæði afgangs. En nú gátu enn orðið afgangar, því að ekki er hver tala deilanleg með 30 þús. Þessi afgangsatkvæði skyldi flytja á landslista, sem flokkar eða flokkasamsteypur legðu fram í því skyni, og næðu menn kosningu af þeim listum eftir því, hvernig þeim væri á þá raðað.

Ekki féllst þáverandi ríkisstj. þó á þessar till. Mun innan hennar hafa verið talsvert ósamkomulag um þetta efni. En í ágúst 1945 gaf ríkisstjórnin út reglur um kosningarnar í október sama ár, sem í ýmsum efnum voru frábrugðnar óskum ráðgjafarþingsins. Hlutfallskosningum var að vísu haldið, en á talsvert öðrum grundvelli. Væru íbúar eins kjördæmis fleiri en 100 þús., skyldi bætt við þm. fyrir

hver 100 þús. þar fram yfir og þó raunar þannig, að viðbótarsætið var veitt, þegar íbúatalan hafði náð 25 þús. fram yfir grunntöluna.

Til þess að varðveita sem nánast samband milli þingmanna og kjósenda var enn fremur ákveðið að kljúfa nokkur af stærstu héruðunum í tvö eða fleiri kjördæmi, þannig að aldrei væri fleiri en níu þingmenn frá sama kjördæmi. Ekki var þá gert ráð fyrir neinum uppbótarsætum, og þau atkvæði, sem ekki nýttust innan síns kjördæmis, voru þar með úr sögunni. Innan hvers kjördæmis var hins vegar um að ræða hreinar hlutfallskosningar, eins og það hugtak er skilið á Íslandi. En þetta atriði er vert að taka fram, því að í Frakklandi hafa verið mjög skiptar skoðanir um fyrirkomulag hlutfallskosninga. Það, sem við köllum hreinar hlutfallskosningar, kalla Frakkar hlutfallskosningar með stærsta meðaltalinu, og ætti að vera óþarft að skýra það fyrirkomulag nánar hér.

Annað fyrirkomulag, sem í Frakklandi á ýmsa formælendur og gildir við bæjarstjórnarkosningar í París og víðar, er hlutfallskosning með uppbót fyrir þann, sem hefur flest atkvæðin afgangs. Er þá tölu greiddra atkvæða deilt með tölu þeirra fulltrúa, sem á að kjósa. Þeir listar, sem hafa hærra atkvæðamagn en þessa meðaltölu, koma vitanlega að manni. Síðan er þessi meðaltala dregin frá hverjum þeim lista, sem hefur komið manni að, og síðan er litið á, hver eða hverjir eigi nú flest atkvæði afgangs. Það er augljóst, að þetta fyrirkomulag er smáflokkum haganlegt.

Með flestu eða öllu kosningafyrirkomulagi er hugsanlegt að fá fáránlegar niðurstöður, en þetta sýnist sérlega vel til þess fallið, og skal hér nefna dæmi.

Kjósa skal fimm fulltrúa og 25 þús. kjósendur greiða atkvæði. Listar eru fimm og fá þessa atkvæðatölu: A — 6001, B — 6000, C — 5999, D — 5998, E — 1002. Meðaltal eða vísitalan fyrir þingmann er þá 5000. A, B, C og D koma að sjálfsögðu hver að einum manni, en ekki meira, því að E-listinn kemur að fimmta manninum, því að atkvæði hans eru aðeins fleiri en afgangur hinna, eftir að meðaltalan hefur verið dregin frá.

Kosningar til tveggja stjórnlagaþinga í október 1945 og í júní 1946 fóru nú fram samkvæmt þessu fyrirkomulagi. Var nú stofnað til þjóðþingsins sem aðaldeildar franska þingsins. Ræður þjóðþingið, hver fer með stjórnartaumana hverju sinni, og einnig mestu um löggjöfina. Fyrstu kosningar til þess fóru fram í nóvember 1946, og hélzt kerfi það, sem lýst var hér að framan, óbreytt í aðalatriðum. Þó var tala þingmanna nú ákveðin 1—11 í kjördæmi í stað 2—9 fulltrúa í kjördæmi, sem kosnir voru á stjórnlagaþingi. En allra víðast voru kosnir 3—5 þingmenn fyrir kjördæmi.

Í fyrstu var mikill andróður gegn þessu kosningafyrirkomulagi, einkum frá kommúnistum, sem óskuðu eftir uppbótarsætum á „landsvísu“ til þess að geta notað atkvæðin, sem þeir áttu afgangs hér og hvar. Töldu þeir þetta kerfi draga um of taum hinna minni kjördæma á kostnað stórborganna.

Reyndin varð þó sú vegna hins óskaplega klofnings borgaraflokkanna í Frakklandi í mistóra flokka og flokksbrot, að sýnt var, að það voru stóru flokkarnir, sem mest græddu á þessu fyrirkomulagi, og þá fyrst og fremst kommúnistar.

Fylgismenn De Gaulles höfðu ekki tekið þátt í kosningunum 1946 sem sérstakur flokkur, en síðar á kjörtímabilinu hóf hann hreyfingu sína á móti þingræðinu. Aðhylltust ýmsir þingmenn hreyfinguna, og var sýnilegt, að hún mundi hljóta mikinn fjölda þingsæta í kosningunum 1951.

Nú kom De Gaulle sér ekki saman við kommúnista um margt annað en það að gera þingið sem óstarfhæfast. Er kosningar nálguðust, þóttust þingmenn annarra flokka sjá fram á, að vel gæti svo farið að kosningalögunum óbreyttum, að kommúnistar og hreyfing De Gaulles næðu hreinum meiri hluta sín á milli. Yrði þá engu máli fram komið og engin stjórn mynduð í landinu á þingræðislegan hátt. Hér varð því að taka í taumana til þess að vernda þingræðið og áhrif þingræðisflokkanna. Varð þetta til þess, að samþykktar voru enn víðtækar breytingar á kosningalögunum.

Að vísu var hlutfallskosningum enn haldið samkvæmt hinum nýju lögum, en með mjög breyttum hætti. Merkilegasta nýjungin var kjörbandalagið. Tveir eða fleiri listar gætu gert með sér kjörbandalag, þannig að öll atkvæði þeirra innan þess kjördæmis, sem bandalagið nær til, eru lögð saman, svo sem um einn lista væri að ræða.

Önnur næsta mikilsverð nýjung var sú, að fái ákveðinn listi eða listar í kjörbandalagi meiri hluta greiddra atkvæða, fær listinn alla þingmenn kjördæmisins.“

Ég læt nú lokið lestri úr þessari óhlutdrægu og alveg sagnfræðilegu grg., en hún er vel til þess fallin að átta sig á því, hver aðdragandinn er að þeirri niðurstöðu, sem orðin er í Frakklandi og hv. meiri hl. stjskrn. bendir á í áliti sínu, þannig að valdataka eins manns hafi farið þar fram og sé hún ekki með lýðræðislegum hætti.

Það, sem augljóst er, þegar á þetta er litið alveg óhlutdrægt, er í fyrsta lagi það, hvað niðurstöður allar eru ótvíræðari, þegar einmenningskjördæmafyrirkomulaginu er haldið, hvort sem þar gildir meirihlutakosning, þannig að sá, sem flest fær atkvæðin, er kjörinn, eða jafnvel þó að hinni reglunni sé haldið, að sá, sem kjörinn er, þurfi að fá meiri hluta allra greiddra atkvæða. Það er grundvöllur, sem ávallt er ótvíræður að byggja niðurstöður á.

En það kemur m. a. fram í þessu, sem kunnugt er víðar að, að hlutfallskosningafyrirkomulagið er kerfi, sem hægt er að beita á ýmsa vegu með ýmsum útreikningum, bandalögum og mismunandi aðferðum til þess að finna fulltrúavalið, eftir að atkvæðagreiðslan hefur farið fram. Og t. d. í ríki eins og Frakklandi eru alveg sérstök orðtök um hinar ýmsu tegundir

hlutfallskosninga, það er hlutfallskosning með stærsta meðaltalinu og það er hlutfallskosning með uppbót fyrir þann, sem flest atkvæði hefur afgangs, o. s. frv.

Það kemur einnig fram í þessari grg., að þó að hlutfallskosningum sé beitt, þá hugsa sumar þjóðir til þess og hafa framkvæmt það að koma á kosningabandalögum milli flokka. Og einmitt út af því, sem fram hefur komið í þessum umr. um þetta mál hér í sambandi við bandalag Alþfl. og Framsfl. í kosningunum 1956, sem sumir kalla Hræðslubandalag og segja að hafi knúið til þess í raun og veru að ráðast í þá breytingu, sem hér er stofnað til á stjórnarskránni, þá þykir mér rétt að víkja að því, hver þróunin hefur orðið í þessu efni í Noregi, síðan þar voru teknar upp hlutfallskosningar.

Eins og kunnugt er, var um langa hríð einmenningskjördæmafyrirkomulag í Noregi. En fyrir alllöngu var landinu skipt í 20 kjördæmi með hlutfallskosningum, eins og hér var rakið á fundi í gær. Nú er það staðreynd, að á meðan einmenningskjördæmafyrirkomulagið var í gildi í Noregi, voru engin ákvæði í kosningalögum Noregs um kosningabandalög. Þau ákvæði eru fyrst tekin upp og felld inn í kosningalög Noregs nokkru eftir að kjördæmaskipuninni var breytt, og á árunum frá 1930—49 voru í gildi í Noregi ákvæði um kosningabandalög, og þau ákvæði voru oft hagnýtt í framkvæmd með ýmsum bandalögum milli flokka á tæplega tuttugu ára tímabili. En 1949 voru þessi ákvæði numin úr kosningalögum Noregs, en þá jafnframt lögákveðnar nýjar reglur um útreikning samkæmt hlutfallskosningum.

Svipað er að segja í Svíþjóð, að þegar ákvæðin um kosningabandalögin voru felld úr sænskum lögum, þá voru teknar upp aðrar reglur en hér gilda um útreikning á niðurstöðum hlutfallskosninga. Að þessu máli öllu er vikið í tímariti, sem þingmenn hafa aðgang að, að jafnaði er lagt á borð þeirra, og vitna ég til þess um þetta atriði. En nú er það svo, að þó að ákvæðin um kosningabandalög hafi ekki verið í gildi í Noregi um nokkur ár, þá er þar í landi að nýju vöknuð hreyfing fyrir því að taka þau inn í kosningalögin aftur. Og á Stórþinginu 1957 fluttu fulltrúar fjögurra þingflokka frv. um þetta efni, og var það mjög til umræðu í norska Stórþinginu 1957, var að sönnu ekki lögfest þá, en málið er í athugun í Noregi.

Þó að ég skýri frá þessu sem sögulegri staðreynd, er ég ekki í því sambandi að spá neinu um það, hver þróunin verður að þessu leyti hér á landi. En ég bendi aðeins á, að með öðrum þjóðum hefur hlutfallskosningafyrirkomulag og stór kjördæmi ekki útilokað þann möguleika, að til kosningabandalaga sé stofnað. Og ef það ætti nú eftir að koma á daginn, að þróunin hér yrði svipuð og hún hefur orðið að þessu leyti í ýmsum öðrum löndum, sem tekið hafa upp stór kjördæmi með hlutfallskosningum, þá má svo fara, að íslenzki löggjafinn eigi eftir að hafa til meðferðar tillögur um, ja, kannske bæði kosningabandalög og um hlutfallskosningafyrirkomulag með breyttu formi frá því, sem nú er stofnað til, sbr. það, sem ég var að geta um í Frakklandi.

Hv. frsm. meiri hl. stjskrn., hv. 1. þm. Reykv. (BBen), vék að því í ræðu á fundi í gær, að tillögur þær, sem við í minni hl. stjskrn. berum nú fram, séu ekki alls kostar í samræmi við það, sem Framsfl. hefur áður látið frá sér fara í þessum efnum.

Þetta gefur mér tilefni til þess að benda á það enn að nýju og leggja á það sérstaka áherzlu, að megintillaga okkar í minni hl. stjskrn. er sú, að þetta frv., sem hér liggur fyrir, verði ekki lögfest nú í skyndi, heldur stjórnarskrármálið í heild tekið til nánari athugunar og verði þá málið tekið til afgreiðslu á næsta reglulegu þingi eða í ársbyrjun 1960. Þetta er aðaltill. okkar í minni hl. stjskrn. En fari svo, að þessi aðaltill. okkar nái ekki samþykki, að vísa málinu frá nú, þá berum við fram til vara brtt. við þetta frv., sem nú liggur fyrir, og í þessu ljósi ber að skoða þær brtt., sem við gerum nú.

Framsfl. hefur ekki borið fram neitt frv. til stjórnskipunarlaga og hefur ekki í hyggju að gera það á þessu þingi. Hann vill fá nánari athugun á málinu. En við framsóknarmenn stöndum frammi fyrir því að taka afstöðu til frv., sem aðrir bera fram og á nú að koma undir atkvgr. hér í dag, og það er í sambandi við það frv., sem við berum fram þessar till., ef verða mætti til samkomulags í því skyni að bjarga því, sem bjargað verður fyrir héruðin, og að halda hinum forna grundvelli kjördæmaskipunarinnar í meginatriðum óbreyttum.

Þá vék hv. 1. þm. Reykv. að því, að það virtist einkennilegt, að svo liti út sem við framsóknarmenn vildum ekki unna Reykvíkingum jafnréttis í sambandi við kosningafyrirkomulagið við aðra staði á landinu.

Nú viðurkennir hv. þm., að skipting Reykjavíkur í einmenningskjördæmi hafi ekki fengið neinn hljómgrunn, og þannig er þetta orðað berum orðum í nál. meiri hl. Jafnframt er því haldið fram af meiri hl. stjskrn. og þeim, sem eru fylgismenn þessa frv., að þeir séu að koma á réttarbót fyrir héruðin, héruðin verði miklu sterkari heildir og betur sett, eftir að hin nýja skipan verður komin á, heldur en þau eru nú. Ef þessi rök eru rétt, þá liggur beint fyrir að draga þá ályktun af því, að Reykjavík hafi þegar hið góða hlutskipti, — og á þá að ásaka Framsfl. fyrir það að vilja ekki taka hið góða hlutskipti af Reykjavík? Nei, ásökunarefnið á hendur okkur hlýtur þá samkv. þessari röksemdaleiðslu hv. 1. þm. Reykv. og annarra fylgismanna frv. að vera það, að við framsóknarmenn séum ámælisverðir fyrir að vilja ekki láta héruðin verða aðnjótandi þeirra réttarbóta, sem þeir vilja koma fram. En við framsóknarmenn erum ekki hikandi við þá afstöðu, sem við höfum tekið gagnvart héruðunum, því að okkur vitanlega liggja ekki fyrir óskir frá héraðsbúum sjálfum í þá átt að fá þá breytingu, sem hér er stofnað til.

Þá er minnzt á það, hve erfitt það sé fyrir

hin smáu sýslufélög að standa straum af ýmsum framkvæmdum í héruðunum, kosta skóla og annað því um líkt. Þetta gefur tilefni til þess að hugleiða, hvort með þeirri breyt., sem í frv. þessu felst, er stefnt að því af ráðnum hug að breyta sýsluskipaninni eða ekki. Í framsöguræðu hv. 1. þm. Reykv. hér kom fram, að sýslurnar ættu að haldast eftir sem áður, þó að þetta frv. verði samþ. og kjördæmunum við alþingiskosningar breytt. Ef það er rétt, að sýslurnar eigi að haldast eftir sem áður og verða hinar sjálfstæðu fjárhagsheildir úti í héruðunum, þá verða erfiðleikar þeirra fjárhagsheilda, sýslnanna, jafnmiklir eftir sem áður, hvað sem kjördæmaskipuninni líður, í sambandi við skólabyggingar og fleiri framkvæmdir. Þetta er því atriði, sem full ástæða er til að liggi ljóst fyrir, áður en þetta frv. er afgr. héðan úr d., því að sé það svo, að stefnt sé að því af ráðnum hug að bylta sýsluskipaninni líka í kjölfarið á þeirri byltingu, sem á að gera á kjördæmunum, þá er það viðhorf, sem vissulega er vert að ræða.

Þá vék hv. 1. þm. Reykv. að því í ræðu sinni í gær, að hjá Framsfl. réði hentistefna í sambandi við kjördæmamálið, og virtist mega draga af því þá ályktun, að þar væri nú ólíku saman að jafna, þar sem Sjálfstfl. ætti í hlut annars vegar.

Ef til vill minnast menn þess, að Sjálfstfl. hefur látið það koma fram opinberlega, að hann gæti vel hugsað sér að hagnast flokkslega á kosningafyrirkomulaginu, eftir því sem auðið væri. Í Morgunblaðinu 23. júní 1953 er á forsíðu feitletruð grein með fyrirsögninni: „344 atkvæði" — og í þessari grein segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„344 atkvæði standa í vegi fyrir heilbrigðu, ábyrgu meirihlutastjórnarfari á Íslandi í stað pólitískra hrossakaupa samsteypustjórnanna, þar sem illgerlegt er fyrir kjósendur að greina, hvaða flokkur á lof og hver last skilið fyrir stjórnarframkvæmd sína. Enginn flokkur stendur svo nærri því að öðlast hreinan meiri hluta á þingi þjóðarinnar sem Sjálfstfl., og það er öllum sjálfstæðismönnum hvöt til þess að herða baráttu og efla sóknina fyrir heilbrigðu, haftalausu stjórnarfari, meirihlutastjórn Sjálfstfl. — Atkvæðin, sem Sjálfstfl. skortir, eru þessi: í Hafnarfirði 52, á Ísafirði 5, á Siglufirði 84, Mýrasýslu 9, Dalasýslu 6, í V.-Ísafjarðarsýslu 82, í V.-Húnavatnssýslu 50, í N.-Múlasýslu 26, í A.-Skaftafellssýslu 27 og í V.-Skaftafellssýslu 3."

Hér er einungis talað um 344 atkvæði, en ekki minnzt á það þá, að Sjálfstfl. hafði hlotið, þegar þessi atkvæðatala er reiknuð, 39.5% atkv. Það er ekki verið að spjalla um það, að flokkinn vanti um 8000 atkv. til þess að fá hreinan meiri hluta kjósenda í landinu. Það var ekki það, sem átti að standa í vegi fyrir heilbrigðu, ábyrgu stjórnarfari hér á landi, meirihlutastjórn Sjálfstfl., heldur einungis 344 atkv., sundurliðað á vissum stöðum á landinu.

Nú kunna menn að segja, að það sé hæpið að draga ályktanir af því, sem birtist í blöðum, þó að jafnvel aðalmálgagn flokks sé og það sé sett þar fram á mjög eftirtektarverðan og áberandi hátt. En einmitt skömmu áður en þetta er skráð hafði Sjálfstfl. haldið landsfund, þar sem stefnan er mörkuð, ráð flokksins eru ráðin og málefni brotin til mergjar, og að sjálfsögðu lætur flokkur eins og Sjálfstfl. það ekki liggja í láginni, hvað hann leggur til á þjóðmálasviðinu. Í Morgunblaðinu er birt ályktun frá landsfundi Sjálfstfl. 1953 með feitletraðri fyrirsögn, sem er: „Stefna Sjálfstfl." og undirfyrirsögn: „Stjórnarskrármálið". Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sjálfstæðisflokkurinn bendir á, að fulltrúar hans voru fyrstir til þess að leggja fram ákveðnar tillögur í stjórnarskrárnefndinni, lýsir fylgi sínu við þær og leggur áherzlu á, að lausn málsins verði hraðað, svo sem kostur er á. Sjálfstfl. telur tvær leiðir koma til greina við setningu nýrrar stjórnarskrár:

1. Samþykki tveggja þinga með þingrofi á milli, eins og núgildandi stjórnarskrá gerir ráð fyrir.

2. Málið sé falið sérstökum þjóðfundi til afgreiðslu og tillögur hans bornar undir þjóðaratkvæði.

Sjálfstfl. vill halda þingræðinu, en telur nauðsyn á: Að Alþingi fái stóraukið aðhald um að hraða stjórnarmyndun. Að endurbætur verði gerðar á kjördæmaskipuninni og telur tvær leiðir koma til greina:

1. Einmenningskjördæmi um land allt.

2. Nokkur stór kjördæmi með hlutfallskosningum.

Að stjórnarskráin verði þannig úr garði gerð, að hún stuðli að meiri hluta eins flokks, þar sem samstjórnir eru varhugaverðar heilbrigðum stjórnarháttum. Að í stjskr. séu Alþ. og ríkisstjórn veitt ríkt aðhald um gætilega meðferð opinbers fjár og afgreiðslu fjárlaga. Að héruð landsins fái aukna sjálfstjórn í sérmálum sínum."

Hér er drepið á mjög mörg atriði, og ætla ég ekki að lengja mál mitt með því að gera þau ýtarlega að umtalsefni hvert um sig, en vil þó drepa á örfá atriði.

Þá verður það fyrst fyrir, að það kemur glöggt fram, að Sjálfstfl., landsfundur hans, hefur fyllilega talið koma til álita að afgreiða stjórnarskrármálið þannig, að það yrði falið til afgreiðslu sérstökum þjóðfundi og till. hans bornar undir þjóðaratkvæði. Þetta er mjög í samræmi við það, sem við í minni hl. stjskrn. leggjum nú til.

Þá er því fagnað hér, að sjálfstæðismenn urðu fyrstir til að leggja fram ákveðnar till. í stjskrn. Ja, þessar till. eru nú annaðhvort þetta eða hitt. Þær eru raunar ekki ákveðnari en svo, að þær jafngilda því, ef maður, sem ætlar í ferðalag, er spurður: Hvort ætlarðu vestur eða austur? — að hann svaraði: Ja, ég fer annað hvort. — Það er sem sé ómögulegt að átta sig á því eftir þessum tillögum, í hvora áttina skyldi stefnt. En nú er það komið á daginn með þessu frv., sem hér liggur fyrir, í hvora áttina hefur verið lagt upp til ferðar.

Þá er hér vikið að því, að það þurfi að veita aðhald um gætilega meðferð opinbers fjár og

afgreiðslu fjárl. Ef til vill er sú fjárlagaafgreiðsla, sem fer fram eiginlega næstum jafnhliða afgreiðslu þessa stjórnarskrármáls, einhver spegilmynd af framkvæmdinni í þessu efni, þegar áhrif Sjálfstfl. aukast á stjórn landsins.

En það, sem er meginatriðið, það sem er mergur þessa máls, þegar það er skoðað ofan í kjölinn, það er þetta, að stjskr. verði þannig úr garði gerð, að hún stuðli að meiri hl. eins flokks. Það eru því ekki aðeins atkvæðin 344, sem Sjálfstfl. hefði getað hugsað sér að þiggja til þess að taka að sér að öllu stjórn landsins, heldur jafnframt þykir ástæða til að líta til þess í sambandi við stjórnarskrármálið, að einn flokkur fái slíka aðstöðu.

Þá vildi hv. 1. þm. Reykv. andmæla því, að með ákvæðum þessa frv. væri stefnt að auknu flokksræði í landinu og skerðingu á rétti héraðanna í sambandi við að ákveða framboð o. fl. En það vildi svo til, að í ræðu sinni færði ræðumaðurinn sjálfur rök fyrir hinu gagnstæða. Hann fór að tala um það, að hv. 2. þm. Rang. hefði á sínum tíma verið þm. fyrir V.-Skaftafellssýslu, og hann fór að tala um það, hv. 1. þm. Reykv., að Gísli Guðmundsson, núverandi þm. N-Þ., væri svo hygginn maður og mikilhæfur, að það væri nú ekki hætta á því, að Framsfl. setti hann neðarlega á lista í Norðurlandskjördæminu, eftir að það verður stofnað samkv. þessu frv. En hv. þm. talaði ekki um það, og það var mjög hyggilegt af honum, að V.-Skaftfellingar mundu eftirleiðis velja fyrir frambjóðanda hv. núverandi 2. þm. Rang. eða að Norðlendingar mundu ákveða það, að Gísli Guðmundsson yrði ofarlega á lista. Nei, það var mjög hyggilegt af þessum hv. ræðumanni að taka þannig til orða, að Framsfl. muni ekki setja Gísla Guðmundsson neðarlega á listann. Það er viðurkenning á því, að það verður flokkurinn, flokksstjórnirnar, ekki aðeins hjá Framsfl., heldur hjá öllum flokkum, sem ráða mestu um það, hvernig listarnir verða skipaðir. Menn verða settir af flokksstjórnunum ofarlega eða neðarlega á listana.

Ég mun nú fara að ljúka máli mínu. Í þessum umr. hef ég dregið það fram, að með þessu frv. er stefnt að því að taka af héruðunum forn landsréttindi. Með þessu frv. er rofin söguleg þróun um kjördæmaskipun hér á landi. Það er augljóst, að þeir, sem frv. fylgja, gera sér grein fyrir þessu, því að aðalfyrirsögn í blaði hæstv. forsrh. og flokks hans, þegar frv. þetta er kynnt þjóðinni, er stórletruð á forsíðu þannig: „Mesta breyting á þingræðisskipulagi Íslendinga, síðan Alþ. var endurreist.“ — Mesta breyting á þingræðisskipulagi Íslendinga, síðan Alþ. var endurreist.

Ég hef bent á það, að með þessu frv. er stefnt að því að færa til þungamiðju valdsins í landinu, eins og Jón Þorláksson orðaði það fyrir allmörgum árum. Ég hef bent á það, að í þessu frv. er lengra gengið í þessa stefnu en t. d. frændur okkar Norðmenn hafa gert og ýmsar fleiri þjóðir. Það liggur fyrir, að í þetta er ráðizt af þeim, sem að þessu frv. standa, án þess að fyrir liggi um það samþykktir utan úr héruðunum. Þvert á móti liggja fyrir samþykktir, þar sem skorað er á Alþ. að falla frá því að afgreiða þetta mál nú.

Þá liggur það fyrir, að samkv. þessu frv. hlýtur flokksræðið að aukast, en persónulegt frelsi til þess að ráða frambjóðendur að minnka og í raun og veru fyrir það girt, að utanflokkamenn geti náð kosningu til Alþ., eftir að þessi skipan hefur verið lögfest.

Allt þetta mál er skoðað út frá flokkssjónarmiði. Það eru flokkarnir, sem beita sér fyrir því að koma þessu máli fram til þess að ná svokölluðu réttlæti sín á milli, en kröfur um það liggja ekki fyrir úr hinum einstöku kjördæmum úti á landsbyggðinni. Það eru flokkarnir, sem vilja nú í skyndi laga stjskr. eftir sér og sínum hagsmunum í stað þess að gefa sér tóm til þess að athuga málið betur og laga sig eftir varanlegri stjskr. En það eru ekki flokkar, sem eiga þetta land og byggja það nú og framvegis, það eru ekki þeir stjórnmálaflokkar, sem nú starfa, heldur eru það einstaklingar, frjálsir einstaklingar, sem eiga landið og eiga að erfa það.

Þá hefur verið sýnt fram á, að með þessu frv. hlýtur að vera ýtt undir fjölgun stjórnmálaflokka í landinu, en hvarvetna leiðir það til þess að veikja þingræðið, en styrkir það ekki. Og enn fremur hefur það komið fram í þessum umr., að hlutfallskosningafyrirkomulagið er mismunandi í ýmsum löndum og beitt á mismunandi hátt á ýmsum tímum, en það leiðir til þess að veikja grundvöll þingræðisskipulagsins í stað þess að styrkja hann.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það er mjög athyglisvert við málflutning andstæðinga þessa frv. og mátti heyra hvað eftir annað í síðustu ræðu, að það er talað um, að það hafi engar kröfur í þessum málum komið frá héruðunum, það hafi engar kröfur komið utan af landinu, og það er eins og það liggi í þessu orðalagi, að Reykjavík sé hreint ekki hérað, að þéttbýlið sé ekki í neinum héruðum, og að það sé eitthvað annað fólk, sem í þessu þéttbýli býr, og það er algerlega gengið fram hjá t. d. þeirri staðreynd, að rúmlega helmingurinn af öllum Reykvíkingum er fæddur utan höfuðstaðar. Í þessu felst tilhneiging til þess að kljúfa þjóðina í sundur, sem ég held að sé beinlínis skaðleg.

Í hinni ýtarlegu ræðu sinni kom hv. þm. A-Sk. (PÞ) mjög víða við. Hann ræddi t. d. mjög ýtarlega um stjórnarskipun og kosningar í Frakklandi, og er það mjög góðra gjalda vert, en mundi sjálfsagt taka margar vikur að ræða það mál til enda, og gætu ýmsir lesið ekki aðeins upp úr þeirri skýrslu frá sendiráðinu í París, sem hann var með, heldur ýmsum öðrum sambærilegum skýrslum, sem nefndir hér hafa aflað sér. Ég mun því ekki ræða þar einstök atriði á þessu stigi, en ég vil benda á, að það er næsta einkennilegt, að maður, sem hefur sett sig svo vel inn í frönsk stjórnmál eins og hv. þm. sýndi með þessum kafla ræðu sinnar, skuli lifa í þeirri trú, að fall Frakklands 1940 sé eingöngu byggt á styrjöldinni. Það er söguleg

staðreynd, sem hver einasti maður veit, sem nokkuð hefur um þau mál hugsað og vitað, að fall Frakklands þá er einmitt afleiðing af stjórnarfari og meinsemdum í frönsku þjóðfélagi undanfarin ár. Það er þessi meinsemd, sem varð til þess, að Frakkland hrundi bókstaflega andstöðulaust, þegar Þjóðverjar gengu yfir það. Það er þessi meinsemd, sem við vorum að ræða um, og við bentum einmitt á í sambandi við þessa meinsemd franska þjóðfélagsins, að hún er til orðin á aldarfjórðungi, þegar Frakkar höfðu að mestu einmenningskjördæmi og um skeið einmenningskjördæmi og hlutfallskosningar í stórum kjördæmum, eins og framsóknarmenn vilja hafa nú í dag.

Hv. þm. kom að kjarna deilunnar á milli hlutfallskosninga og svokallaðra meirihlutakosninga, þegar hann sagði, að með meirihlutakosningum, sem nálega alltaf eru í einmenningskjördæmum, vildu menn fá niðurstöðu, og þetta er alveg rétt hjá honum. Höfuðröksemdirnar með því að hafa einmenningskjördæmi eru þær, að menn telja, að þau skapi alltaf niðurstöðu. En þeir menn, sem leggja á þetta höfuðáherzlu, vilja fá niðurstöðu út úr kosningum í lýðræðislandi, hvort sem hún er rétt eða röng. Þeir meta það meira að fá niðurstöðu heldur en hitt, hvort hún er rétt eða röng. Og vegna þess að niðurstaðan, sem þetta kosningakerfi gefur okkur, er svo oft röng, hafa menn barizt á móti því og borið fram annað kerfi, hlutfallskosningakerfi. Ég þarf ekki að nefna dæmi um það, hvernig þessi niðurstaða, — vissulega fæst oftast nær niðurstaða, — hversu fáránleg hún getur verið. Við munum eftir og höfum oft heyrt nefnt dæmi frá kosningunum 1931, þegar Framsfl. með 35% atkvæða fékk meiri hluta á Alþingi, en sjálfstæðismenn höfðu um 40% og voru í minni hluta. Er það nú þess virði að hafa kosningakerfi, sem tryggir okkur niðurstöðu, þegar niðurstaðan getur orðið svona?

Við neitum því ekki, að það eru gallar á hlutfallskosningakerfinu eins og öllum kerfum, sem eiga að notast af mannlegum og breyskum verum, og við játum það, að hlutfallskosningar tryggja ekki alltaf hreinan meiri hluta. Það getur verið, að flokkar verði, og þeir verða oft að semja um stjórn. En við teljum, að sú niðurstaða, sem þó fæst með hlutfallskosningum, sé réttlát, svo langt sem hún nær. Ég hirði ekki í þessu tilliti um að svara þeirri gagnrýni, að það sé hægt með tölum að sýna einkennilega hluti út úr hlutfallskosningum, ef menn vilja búa þær til. Það er líka hægt að búa til fáránleg úrslit, jafnvel fáránlegri en koma út í raunveruleikanum, með einmenningskjördæmum, það er hægt með öll kerfi. En ef við athugum reynsluna og það líklega meðaltal út úr þessu, þá er það þetta, sem út kemur.

Hv. þm. lagði á það mikla áherzlu, að hlutfallskosningakerfin væru í raun og veru mörg, það væri hægt að framkvæma hlutfallskosningar á margan hátt, og þetta er alveg rétt. Við getum með því að breyta nokkrum setningum í lögum um það í raun og veru komið með annað kerfi, þó að grundvallarhugsunin sé sú sama. En hann gekk algerlega fram hjá því, að það er nákvæmlega eins ástatt með svokallaðar meirihlutakosningar, sem venjulega fara fram í einmenningskjördæmum. Það eru til margar og að mörgu leyti ólíkar gerðir af þessu kosningakerfi, og það er ekkert hættulegra lýðræðinu, þó að það séu til margs konar hlutfallskosningar, heldur en það er, að það eru til margs konar meirihlutakosningar. Það er t. d. spurningin um það, hvort á að láta þann, sem flest fær atkvæði, teljast kosinn, jafnvel þótt hann hafi ekki nema þriðjung, en sé í raun og veru ekki með neinn meiri hluta, heldur stærsta minni hluta á bak við sig. Á að krefjast þess, að þingmaður eða þingmannsefni fái 50% greiddra atkvæða til að telja sig kjörinn? Hvernig á að fara að því? Á að kjósa tvisvar, tvo sunnudaga í röð, eins og í Frakklandi? Á að taka ástralska kerfið, sem er þannig, að kjósandinn kýs ekki aðeins einn mann, heldur setur tölur, 1, 2, 3, og ef einhver hefur ekki hreinan meiri hluta, þá er sá, sem hefur fæst atkvæði, tekinn og hans atkvæði nr. 2 skipt upp á milli og þannig haldið áfram að strika út neðan af listanum, þangað til einhver er kominn yfir 50%. Þetta kerfi er til, það hefur verið reynt, og þau eru svona fjöldamörg. Það eru því engin rök, heldur bara rökvilla að færa það fram á móti hlutfallskosningakerfinu, að það séu til margar útgáfur af því.

Hv. þm. lagði á það höfuðáherzlu hvað eftir annað í ræðu sinni, að þjóðin vildi það gamla sýslukerfi, sem hér hefur verið, og að þetta kerfi væri forn arfur allt frá þjóðveldisöld. Ég mótmæli því að sjálfsögðu ekki, að landamerki í sumum sýslnanna eru auðvitað náskyld þeirri gömlu skiptingu. En höfuðkjarninn í því, sem við höfum verið að færa fram til að gagnrýna sýsluskiptinguna, er sá, að hún þróaðist á margra alda tímabili undir stjórn og eftir duttlungum danskra yfirvalda og konunga, og þessi þróun hefur gert þessa sýsluskiptingu, sem nú er í landinu, þannig, að það er engin ástæða fyrir Íslendinga til þess að líta á hana sem helgan dóm.

Ég er búinn að segja þetta, og aðrir, sem eru sammála mér hér, hafa sagt þetta, en ég vildi gjarnan draga hér fram eitt eða tvö önnur vitni, og tilviljunin ræður því ef til vill, að það eru vitni austan af landi, þaðan sem þessi hv. þm. er.

Hann heldur því fram, að það séu allir ákaflega ánægðir með þessa sýsluskiptingu. En ég er alveg sannfærður um það, að ef menn legðu vinnu í það að leita sýslu úr sýslu, mundu koma ýmsir annmarkar þar upp og reynast vera ýmsar raddir til, sem benda í þá átt, að svo sé í raun og veru ekki. Fyrir rúmlega áratug var gerð samþykkt um það í sýslunefnd Norður-Múlasýslu, að sýsluskipting á Héraði væri fáránleg og óviðunandi, og ég vil — með leyfi hæstv. forseta — tilfæra nokkrar setningar úr grg., sem þeir Norðmýlingar færðu fram máli sínu til stuðnings. Þeir sögðu, að núverandi sýslumörk þarna eystra væru afar einkennileg.

Eiðahreppur myndar t. d. eins konar sepa inn í Norður-Múlasýslu, án þess að staðhættir eða annað virðist gefa hið minnsta tilefni til þess. Þeir segja enn fremur:

„Héraðsbúar eiga allir við svipaða hætti að búa, hvort sem þeir eru Sunnmýlingar eða Norðmýlingar. Þeir hafa óteljandi sameiginleg hagsmunamál. Bættar samgöngur skapa betri skilyrði fyrir margvíslegt starf og samtök, sem oft og einatt er nauðsynlegt til að koma umbótamálum Héraðsins fram. Verður því ekki séð, að aðgreining sveitarfélaganna í Héraði í tvö sýslufélög hafi við nein rök að styðjast, en skapar hins vegar margvísleg óþægindi og tafir. Fer því ekki hjá því, að áhrifa, sem vænta mætti af svo mikilli sveit sem Fljótsdalshéraði, gæti síður en skyldi í málefnum Austfirðinga við þessa skipun."

Það leynir sér ekki, að mennirnir sjá, að þessi sýsluskipting, sem er komin á undir konungsstjórn og fyrirskipuð úti í Danmörku, er óeðlileg. Hún er ekki eftir íslenzkum nútímaaðstæðum. Og Austfirðingar segja þarna sjálfir: Þessi sýsluskipting er okkur til trafala. Hún er til þess, að þetta stóra og blómlega hérað hefur minni áhrif en það ætti að hafa, ef það væri sameinað í stærri heild.

Af því að það er vefengt, sem við höfum hér sagt margir, að þessi sýsluskipting væri framleiðsla stjórnarinnar úti í Kaupmannahöfn og miðuð við danskar, en ekki íslenzkar aðstæður, vil ég tilfæra hér áfram eitt atriði úr álitsgerð Norðmýlinga fyrir þessu máli. Þeir segja — með leyfi hæstv. forseta:

„Ekki er kunnugt, hvað vakað hefur fyrir konungi með þeirri afkáralegu skiptingu, sem framkvæmd var með greindu konungsboði. En geta má þess til, að meira hafi þar ráðið tekjuvonir sýslumanna, sem þá voru, en þarfir fólksins og eðlileg skipti."

Ætli það sé ekki nákvæmlega eins um alla? Ætli það fari ekki svo, þegar við förum að skoða sýsluskiptinguna, að hún reynist vera arfur frá kerfi, sem er liðið og engan veginn í samræmi við hvorki þá skiptingu, sem við metum mest, af því að hún var alíslenzk, né heldur nútímaþarfir fólksins í landinu?

Hv. þm. Mýr. (HS) sagði hér í ræðu sinni í gær til að vegsama þessa sömu skiptingu, að sýslurnar væru félagslegar, menningarlegar og fjárhagslegar einingar. Ja, ef svo væri, þá væru þetta mikil rök. En það er bara svo býsna víða, sem svo er ekki. Og við getum farið í kringum landið og skoðað þetta. Við skulum taka þau héruð, sem við tveir, hv. þm. Mýr. og ég, þekkjum nokkuð til í. Borgarfjarðarsýsla — er hún félagsleg heild? Nei. Er hún menningarleg heild? Nei, það er varla hægt að segja það. Er hún fjárhagsleg heild? Nei. Það er landfræðileg skipting. Héraðið sunnan heiðar, eins og kallað er, er í raun og veru ekki nema að nafninu til og í sambandi við embættishluti sameinað upphéraðinu. En efri hluti Borgarfjarðarsýslu á allt þetta sameiginlegt með Mýrasýslu og töluverðum hluta Snæfellsnessýslu. Takið þið skólana myndarlegu, sem eru um allt þetta hérað, sem er eins og beinagrind í félagslegri heild og menningarlega. Bændurnir hafa sitt sameiginlega samband þarna. Og þannig mætti lengi telja. Fjárhagsleg eining er kaupfélagið, hið mikla og myndarlega kaupfélag í Borgarnesi, sem sýnir þá eðlilegu fjárhagslegu heild. Þetta félag nær ekki yfir nema hálfa Borgarfjarðarsýslu, en það teygir sig yfir Hnappadalssýslu og vestur á Snæfellsnesið, og kemur jafnvel fyrir, að bændur alla leið úr Húnavatnssýslu verzli við það, en ekki suður fyrir heiði að nokkru marki.

Þannig mætti halda áfram í kringum landið. Við skulum fara í annan landsfjórðung og sjá, hvernig þetta er í Eyjafirði. Eru það félagsleg eða menningarleg eða fjárhagsleg rök, sem stuðla að því, að Svalbarðsströndin er í Þingeyjarsýslu, en ekki Eyjafjarðarsýslu? Þarna eru blómleg héruð, sem eru með þeim sveitum, sem eru næstar sjálfri Akureyri, landfræðilega næst henni að öllu leyti og þá félagslega, menningarlega og fjárhagslega líka. En af einhverjum ástæðum mega íbúar þessa héraðs ekki sækja til sýslumanns, ef þeir þurfa á honum að halda, þennan stutta spotta inn á Akureyri, heldur verða að fara alla leið til Húsavíkur. Af þessu sjáum við, að þessi sýsluskipting byggist ekki algerlega á félagslegum, menningarlegum og fjárhagslegum einingum.

Hv. þm. Mýr. leit sér til hægri og sá þar sitja í sæti sínu hv. þm. Snæf. (SÁ) og tilnefndi hann sem dæmi um það, hvernig þm. mundu verða, ef ætti að fara að tengja héruðin saman. Það var heppilegt, að hann sá einmitt þennan þm. og nefndi hann, vegna þess að kjördæmi þessa þm. samanstendur af einu sýslufélagi nú, sem var einu sinni tvö. Einu sinni var Hnappadalssýsla hluti af Mýrasýslu, ef ég man rétt, var síðan færð á milli og hefur verið algerlega sameinuð Snæfellsnesi. Ekki hef ég heyrt þess getið, að Hnappdælir væru verr stæðir, ósjálfstæðari eða á nokkurn hátt ættu við krappari kjör að búa en aðrir landsmenn. Ekki hef ég heyrt deilur um það þar vestra, hvort þm. eða frambjóðandi er úr hinni gömlu Snæfellsnessýslu eða hinni gömlu Hnappadalssýslu. Ég hygg, að sú breyting, sem þarna hefur orðið, eins og raunar víðar, hafi orðið íbúunum í báðum héruðunum til góðs.

Hv. þm. A-Sk. hafði gefið hér fróðlegar upplýsingar í fyrstu ræðu sinni um fjölda kjósenda á bak við hvern þm. úti í Noregi, og reyndist það vera svo, að þar eru mismunandi margir kjósendur að baki hverjum þm. og hlutfallið frá 1 upp í 2.6. Ég benti á þær tölur, sem mundu verða hér á landi, ef frv., sem nú liggur fyrir, næði fram að ganga, og tölurnar voru ekki ósvipaðar. Í seinni ræðu sinni sagði hv. þm., að ég hefði ekki tekið tillit til uppbótarsæta. En þarna hefur hann ekki hlustað nákvæmlega á mál mitt, vegna þess að ég tók það fram, að í tölunum, sem ég nefndi fyrir Reykjavík, reiknaði ég ekki með 12 þm., heldur 15. Með öðrum orðum: ég reiknaði með því, að Reykjavík fengi þrjú uppbótarsæti, en ég reiknaði ekki með uppbótarsætunum fyrir litlu kjördæmin. Ef minni kjördæmin með 5 þm. fá uppbótarsæti, sem er mjög ólíklegt að geti

komið fyrir, þá fækkar enn kjósendatölu þar á bak við. Þetta stenzt því alls ekki hjá honum.

Ég gagnrýndi varatill. framsóknarmanna um kjördæmaskipun m. a. á þeim grundvelli, að samkvæmt henni, ef ætti að halda öllum eldri kjördæmum og bæta síðan við nýjum þm. eða nýjum kjördæmum í vaxandi þéttbýli, þá hlyti af því að leiða, að þm. fjölgaði stöðugt. Og ég benti á það, að samkvæmt fjölgun nú undanfarinn áratug væri kjósendafjölgunin rúmlega 15—16 þús., en meðaltal á bak við þm. samkv. frv. er 1600, svo að til þess að þetta kerfi fengi staðizt til frambúðar, þyrfti að bæta við sem svarar rúmlega 10 þm. á áratug eða að jafnaði sem svarar einum á ári, og er þá miðað við þá fjölgun, sem hefur verið undanfarinn áratug, en ekki það, sem verður, en fjölgunin verður sennilega á næstu áratugum enn meiri.

Hv. þm. Mýr. svaraði þessu með því að segja, að upplýst væri, að Alþfl. hefði verið reiðubúinn til þess að fallast á ekki 60 þm., eins og er í frv., heldur 65, og þetta er rétt hjá honum. Í upprunalegum till. á Alþýðuflokksþingi, sem haldið var í nóvember, var alltaf gert ráð fyrir svo til óbreyttri þingmannatölu. En við samtöl flokka um það frv., sem nú er flutt, kom upp það sjónarmið að láta enga landshluta fá færri þm. en þeir hafa haft. Alþfl. féllst á þetta sjónarmið, og þar er komið höfuðsjónarmiðið, sem veldur ókosti framsóknarkerfisins, að ákveða að fækka ekki utan þéttbýlisins. Þá var matsatriði hitt, hvað þarf marga til jöfnunar. Deilan um 60 eða 65 er nákvæmlega eftir þeim sama kjarna, sem er í framsóknartillögunum, að halda tölunni, ef ekki landamerkjum kjördæmanna úti um landið, en fjölga í þéttbýlinu. Og verði þessum reglum fylgt áfram og ekki spyrnt við fjölgun þm., er óhjákvæmilegt, ef fólksfjölgunin verður eins og hún hefur verið, langmest hér í þéttbýlinu, að þm. hlýtur að halda áfram að fjölga. Engu að síður, þó að deilan um 60 eða 65 sé sprottin af þessum sömu röksemdum, þá stöndum við við það, að þetta kerfi felur í sér stöðuga, jafna og þétta fjölgun þm., og bæði reynsla frá öðrum löndum og heilbrigð skynsemi manna hygg ég mæli gegn því og fólk hallist miklu frekar að því, að það verði að spyrna við fæti og takmarka tölu þm. Ef framsóknarmenn yrðu sammála því, að það verði að takmarka tölu þm., þá væri fróðlegt að vita, hvernig þeir ætla að breyta til réttlætis skiptingu þm. í landinu eftir t. d. 10 ár, — þessar breytingar hafa undanfarna öld verið að jafnaði á 10 ára fresti, — ef það hefur þá aftur fjölgað eins mikið í þéttbýlinu og síðustu 10 ár. Ég er ekki að segja, að það verði svo, ekki einu sinni að það sé æskilegt, að fjölgunin verði svo ójöfn, en segjum, að það fari svo. Hvernig ætla framsóknarmenn þá að leysa það? Ef þeir ætla þá að halda enn öllum gömlu kjördæmunum, en sýna þó hinum vaxandi fjölda einhverja viðurkenningu í verki, þá er ekki nema ein leið til, og það er að bæta við einni tylft eða svo enn. Af þessu er augljóst, að þessi stefna getur ekki leitt til annarrar niðurstöðu.

Það er sitthvað fleira, sérstaklega úr ræðu hv. þm. A-Sk., sem talar um þetta mál svo málefnalega og hóflega, að af ber í málflutningi frá flokksmönnum hans, sem væri þess virði að ræða það ýtarlega, en ég kýs þann kostinn að stilla ræðutíma mínum nokkuð í hóf, enda búinn að tala tvisvar í málinu og verð því að sleppa ýmsum atriðum, sem ég mundi hafa vissa ánægju af því að ræða við hann um.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hv. 5. landsk. þm. (BG), sem talaði hér síðast, sló því föstu í ræðu sinni, að þar sem einmenningskjördæmi væru, þar yrði niðurstaðan í kosningum röng. Niðurstaðan af kosningakerfinu verður röng, sagði hann. Hvernig skyldu nágrannar okkar, Bretar, hafa komizt af með þetta kerfi fram á þennan dag? Ég held, að það sé þó ekki litið svo á almennt, að þingræðið sé þar þannig gallað um fram það, sem gerist hjá öðrum þjóðum, að ekki sé viðunandi.

Frsm. meiri hl. stjskrn., hv. 1. þm. Reykv., talaði hér í gærkvöld. Hann talaði m. a. um það í ræðu sinni og hefur gert það áður, að ýmsar framkvæmdir úti um byggðir landsins væru nú á tímum ofvaxnar hverju héraði fyrir sig og því þyrfti samtök héraðanna í ýmsum efnum. Hann talaði um vegagerðir, hann talaði um framkvæmdir í raforkumálum, hann minntist á skólabyggingar, og hann minntist jafnvel á starfsemi kaupfélaganna. Ég ber ekki á móti því, að samvinna héraða um ýmis viðfangsefni og ýmsar framkvæmdir geti verið gagnleg og nauðsynleg. En hitt fæ ég ekki skilið, að það sé nauðsynlegt að samþykkja það frv., sem hér liggur fyrir, til þess að slík samvinna geti átt sér stað áfram.

Hv. 5. landsk. þm. (BG) var að tala um þetta sama efni í ræðu sinni hér áðan, og hann var að tala um Borgarfjarðarhérað, hann var að tala um samstarf þar í skólamálum, hann var að tala um kaupfélagsmál í því héraði, og hann sagði sem rétt er, að íbúar Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu og nokkuð af íbúum Snæfellsnessýslu væru í sama kaupfélaginu. En geta þeir ekki haldið því áfram að hafa samvinnu sín á milli um viðskiptamál, þó að kjördæmaskipunin sé óbreytt? Þeir hafa gert þetta undanfarna áratugi og allt farið vel. Er nú allt í einu svo komið, að þessi samvinna sé úr sögunni, nema kjördæmin séu lögð niður og búið til stórt kjördæmi í staðinn, sem nái yfir miklu stærra svæði? Hvað á það yfirleitt að þýða að vera með svona fimbulfamb um þessa hluti, sem hver maður sér að hefur ekki við nokkur minnstu rök að styðjast?

Ég skal nefna eitt dæmi um samvinnu héraða, þar sem ég á heima. Fyrir 30 árum mynduðu Vestur-Húnvetningar og Strandamenn samtök um það að koma upp héraðsskóla. Þeir standa enn sameiginlega að þessum skóla. Þetta hafa allan tímann verið tvö kjördæmi samkvæmt stjórnarskránni, Vestur-Húnavatnssýsla og Strandasýsla. Það hefur enginn lifandi maður orðið var við, að það gerði neitt erfiðari samvinnu þeirra um skólamál, þó að þetta væri ekki eitt kjördæmi. Og hvernig á nú að fara að, ef það er þannig, eins og manni

skilst, að hv. 5. landsk. þm. telji það vera, að til þess að héruð geti haft samvinnu, t. d. í skólamálum, þurfi þau að vera eitt kjördæmi, — hvernig á nú að fara að þarna fyrir norðan? Ég sé ekki betur, ef þessi kenning hans er rétt, en að hann verði að flytja brtt. við frv. um það, að Strandamenn og Vestur-Húnvetningar skuli vera í sama kjördæmi. Samkv. *hans bollaleggingum er útilokað, að þeir geti* haft samvinnu um þennan skóla, þetta skólahald, nema þeir verði í einu og sama kjördæminu. — Nei, þrátt fyrir allt þetta skraf hafa stuðningsmenn þessa frv. ekki fært fram snefil af rökum fyrir því, að það sé nauðsynlegt að samþykkja þetta frv., til þess að héruðin geti haft samvinnu sín á milli um ýmsa hluti. Það er ekki von, að þeir hafi gert það, því að það eru engin rök fyrir þessu spjalli þeirra.

Í ræðu sinni í gærkvöld lagði frsm. meiri hl., hv. 1. þm. Reykv., mikla áherzlu á það, að kosningaaðferðin þyrfti að vera sú sama um allt land. Hvenær skyldu þeir sjálfstæðismenn hafa skipt um skoðun í þessu efni? Þeir hafa átt sinn mikla þátt í því að móta það kosningafyrirkomulag, sem nú er hér, og hér er einmitt blandað kerfi, hlutfallskosningar í nokkrum kjördæmum, en annars staðar einmenningskjördæmi.

Hv. þm. gerir sér tíðrætt um það, að við framsóknarmenn viljum ekki skipta Reykjavík í einmenningskjördæmi. En má ég spyrja: Hafa Reykvíkingar óskað eftir þeirri breytingu? Vilja þeir hverfa frá því kosningafyrirkomulagi, sem þeir hafa undanfarið búið við? Ekkert hef ég heyrt um það. Þvert á móti segja þeir, hv. 1. þm. Reykv. og félagar hans, í nál. sínu um þetta frv., að hugmyndin um að skipta Reykjavík í einmenningskjördæmi hafi ekki fengið neinn hljómgrunn. Ætli það hefði ekki komið hljóð úr horni hjá þessum hv. þm. og fleirum, ef framsóknarmenn hefðu borið fram till. um að fyrirskipa með lögum nýtt fyrirkomulag við kosningar í Reykjavík, sem íbúar hennar yfirleitt væru algerlega andstæðir? En það er einmitt þetta, sem þeir þrír flokkar, sem að þessu frv. standa, eru að gera gagnvart héruðunum utan Reykjavíkur. Þeir vilja fyrirskipa þeim með lagaboði að taka upp kosningafyrirkomulag, sem ekkert þeirra hefur óskað eftir, svo að vitað sé. Hitt er aftur kunnugt, að í mörgum héruðunum er meiri hluti kjósenda algerlega andvígur þessari fyrirhuguðu breytingu. Það er líka fullkomið öfugmæli, sem fram kom í ræðu hv. 1. þm. Reykv. í gærkvöld, að með breyt. sé ekki tekinn réttur af neinum. Og það virðist ætlun þeirra, sem að frv. standa, að þvinga það fram gegn vilja fólksins og taka af því réttindi, sem það hefur lengi notið.

Í umr. í gær gerði ég að umtalsefni, hver áhrif samþykkt þessa frv. mundi hafa á aðstöðu einstakra héraða, sem ætlunin er að svipta réttinum til að hafa sérstakan fulltrúa fyrir sig á Alþingi. Ég nefndi t. d. tvö héruð, annað á Suðurlandi, hitt á Norðurlandi, Vestur-Skaftafellssýslu og Norður-Þingeyjarsýslu. Kjósendatalan í þessum sýslum hvorri fyrir sig er um 10% af heildartölu kjósenda á þeim stóru kjörsvæðum, sem þær eiga að teljast til samkv. frv. Og ég sýndi fram á, að möguleikar fólksins í þessum héruðum til að koma manni úr sínum hópi á þing, ef frv. þetta verður samþ., væru vægast sagt ákaflega litlir. Hvað sagði svo hv. frsm. meiri hl., 1. þm. Reykv., *í gærkvöld, þegar hann fór að svara* þessu? Hélt hann ekki fram því sama og þeir kjördæmabyltingarmenn hafa áður gert, að einstök héruð stæðu betur að vígi en áður, ef frv. yrði samþ., þar sem íbúar þeirra gætu þá leitað til sex þm. með sín mál? Hélt hann því ekki fram eins og áður, að fámennu héruðunum væri mestur styrkur í því að sameinast öðrum fjölmennari? Nei, hann nefndi þetta *ekki með einu orði í svari sínu í gærkvöld.* Hann sagði, þegar hann var að tala um Vestur-Skaftfellinga, að væntanlega yrði hv. 2. þm. Rang. núv., Sveinbjörn Högnason, á þingi framvegis og Vestur-Skaftfellingar gætu leitað til hans með sín mál, því að hann hefði einu sinni áður verið þeirra þingmaður, væri fæddur og uppalinn í Vestur-Skaftafellssýslu og kunnugur þar. Kom þannig fram í ræðu hv. þm., að vonir sínar um fyrirgreiðslu í málum eftirleiðis geti Vestur-Skaftfellingar byggt á því, að einn af núv. þm. Framsfl. verði áfram á þingi og taki sérstaklega að sér að gæta hagsmuna þeirra. Hv. þm. kom ekki til hugar að vísa á neinn Sjálfstfl.-þm., sem líklegur væri til að annast málefni Vestur-Skaftfellinga. Hefur þó þm. þeirra síðustu árin verið í þeim flokki. Sama var niðurstaðan hjá hv. 1. þm. Reykv., þegar hann fór að tala um Norður-Þingeyjarsýslu. Hann taldi líklegt, að núv. þm. N-Þ. yrði svo ofarlega á lista Framsfl. eftir kjördæmabreytinguna, að hann næði kosningu og gæti áfram sinnt málum héraðsins, nefndi ekki með einu einasta orði, að íbúum þeirrar sýslu mundi verða nokkur stoð í félagsskapnum við fjölmennari héruðin, ekki heldur, að þeir gætu séð hag sínum borgið með því að leita til allra hinna sex væntanlegu þingmanna í stóra kjördæminu. Nei, þeir yrðu eftir sem áður að setja traust sitt í þessu efni á einn þm., sem nú er þm. þeirra, og á það, að hann yrði á þingi áfram. Hvernig lízt mönnum nú á þennan málflutning hjá hv. 1. þm. Reykv., einum aðalforsvarsmanni þessa frv.? Þegar bent er á stórkostlega annmarka á því frv., sem hér liggur fyrir, þá er svarið frá honum þetta hér í hv. þd.: Það kemur ekki að sök, þó að þetta sé stórgallað, hér eru tveir mikilhæfir menn á þingi nú, verða sjálfsagt áfram, — já, við skulum vona það, — og þeir eiga að bjarga þessu við. En ekki verða þessir menn eða við hinir, sem hér erum nú, á þingi um aldur og ævi, þó að sumir kunni að verða hér eitthvað lengur. Hvað tekur þá við? Ja, hvernig lízt mönnum á blikuna, þegar því er haldið fram af einum aðalforsvarsmanni málsins, að það geri ekkert til, þótt það séu stórkostlegir gallar á þessu frv., vegna þess að eitthvað fleira eða færra af þeim mönnum, sem nú eiga sæti á þingi,

muni verða þar áfram og þess vegna komi ekki að sök þessir miklu annmarkar, sem á lagasmíðinni eru?

Þau voru eftirtektarverð, þessi svör hv. 1. þm. Reykv. hér í gærkvöld. Hann sem sagt sleppti því alveg að telja frv. það til gildis, sem höfundar þess hafa helzt talið því til gildis áður, að menn ættu með sín mál aðgang að fleiri þm. en áður og það væri til þess að gera kjördæmin sterkari og héruðin að stækka kjörsvæðin. Ég fór að hugsa um það undir ræðu hv. þm., hvað hefði komið fyrir hann. Og mér sýndist, að það væri líklega það, sem á leikhúsmáli er kallað „að detta úr rullunni". Um stund, meðan hann flutti ræðu sína, gleymdi hann að flytja fram þær falskenningar, sem hann og félagar hans, sem styðja þetta frv., hafa annars stöðugt verið að veifa í kringum sig. Sennilega alveg óvart hitti hann á það rétta. Héruðin þurfa að hafa sérstaka fulltrúa hvert fyrir sig. Og samkv. því, sem fram kom í ræðu hans, eru það ekki einstakir þm. Sjálfstfl., sem þar er á að byggja, heldur þingmenn Framsfl. Hann benti á einstaka þm. Framsfl., sem þurfa að vera á þingi áfram til þess að annast málefni hinna fámennu héraða. Það er engin ástæða til fyrir okkur framsóknarmenn að gera athugasemdir við þennan þátt í ræðu 1. þm. Reykv. Hitt veit ég ekki, hvort frambjóðendur Sjálfstfl., sem fara út í kjördæmin í vor í kosningabaráttuna, telja þennan ræðukafla hv. þm. sérlega gott og hentugt nesti í það ferðalag. En það er heimilismál þeirra þar á bæ, sem ég skal ekki skipta mér af.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Mál þetta er nú orðið mjög mikið rætt, og að vissu leyti má segja, að það sé að verða útrætt á milli þm. Þó skal ég ekki gagnrýna það, að menn telji ástæðu til að ræða ýtarlega jafnveigamikið mál og það, sem hér um ræðir. En þó er það orðið nokkuð áberandi, að allverulegar endurtekningar eru í máli þm., og að sumu leyti bera síðari ræðurnar nokkurn keim af því, að þm. séu að beita gagnkvæmri rökfimi sinni í málflutningnum, og tekst þá að sjálfsögðu nokkuð misjafnlega, enda skiptir kannske minni hlutinn af því verulegu máli í sambandi við sjálft efni þess máls, sem um er að ræða.

Um þetta mál á þessu stigi vil ég leyfa mér að segja, að það hefur einkennt kjördæmamálið fyrr og síðar hið langvarandi þóf Framsfl. og tilraunir í tíma og ótíma til þess að standa gegn því, að hæfilegt réttlæti megi ríkja í þessu máli í landinu. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að þeir hv. þm. Framsfl., sem nú ganga fram fyrir skjöldu hér í þingsölunum, sjá ekkert síður en margir aðrir flokksmenn þeirra sjá nú og tala mjög um, þegar við þá er rætt um þessi mál, að það hafi verið til mikillar óþurftar fyrir Framsfl., hversu lengi hann hefur staðið eins og hundur á roði í þessu máli og verið á hverjum tíma tregur til þess að taka af sinni hálfu nokkurt tillit til frambærilegs réttlætis í málinu. Það er alveg rétt sjónarmið, sem margir hafa sett fram, að Framsóknarflokknum hefði verið það betra bæði sín vegna og einnig vegna þeirra, sem hann telur sig einna helzt umbjóðanda fyrir, þ. e. a. s. fólkið í dreifbýli landsins og sveitunum, að viðurkenna fyrr en orðið er nauðsynina á hæfilegu réttlæti í þessum málum. Saga málsins greinir örugglega frá því, að ýmsar mismunandi tillögur hafa komið fram á mismunandi tímum og þá einnig tillögur um einmenningskjördæmi, sem framsóknarmenn vilja nú helzt hneigjast að. En þegar þær voru fram settar af öðrum og með tilraunum til samkomulags, þá var ekki hægt að hneigja Framsfl. til samkomulags á þeim grundvelli. Allt hefur þetta orðið til þess, að flokkurinn hefur fyrr og síðar beðið mikinn hnekki af þessu máli. Það er rétt, að hann vann stóran sigur í kosningum 1931, en líka þann eina Pyrrusarsigur, sem þessi flokkur hefur unnið, vegna þess að tveimur árum seinna galt þessi flokkur aftur svo mikið afhroð, að hann tapaði fjórða parti af þingmannatölu sinni. Ég held þess vegna, að málið í heild hafi orðið honum til mikillar óþurftar, og nú er svo komið, að hann verður að horfast í augu við það að vera einangraður í þessu máli, þegar mikill meiri hluti bæði þingmanna og kjósenda í landinu mun vera á því, að það verði ekki lengur dregið að gera verulegar réttarbætur í þessu mikla máli.

Það segir í nál. minni hl. í málinu m. a. þetta, með leyfi hæstv. forseta: „Því hefur verið haldið fram, að ágreiningur eða áhugaleysi á Alþ. um lausn kjördæmamálsins hafi tafið endurskoðunarstarfið. En snemma á þessum vetri var svo komið, að allir þingflokkar höfðu áhuga fyrir lausn kjördæmamálsins. Þá var sú stund upp runnin, að ekkert virtist lengur því til fyrirstöðu, að stjskrn. gæti tekið til óspilltra mála og bundið enda á starf sitt." Sem sagt, snemma á þessum vetri var sú stund upp runnin, segir í nál. þeirra framsóknarmanna, að allir höfðu áhuga á lausn málsins. En hafði ekki Framsfl. forustu um stjórnarmyndun 1956 eftir alþingiskosningarnar, þar sem m. a. var eitt af samningsatriðum þáv. stjórnarflokka að leiða kjördæmamálið eða misrétti í kosningalögum og kjördæmaskipun til einhverra lykta? En það var látið liggja milli hluta. Og það er nú sem endranær, að Framsfl. hefur aldrei áhuga fyrir réttarbótum í þessu máli, fyrr en hann er til þeirra knúður, fyrr en hann sér fram á, að hann kemst ekki undan því að veita einhverjar tilslakanir. Þá vill hann vera með. Og ef hann hefði fyrr og betur gert sér grein fyrir þessu, mundu kannske áhrif hans á úrslit mála hafa orðið meiri en horfur eru á að þær muni nú verða.

Menn hafa talað hér ákaflega mikið um ýmsar hliðar þessa máls og að við náum ekki fullu réttlæti jafnvel með því frv., sem hér er fram borið. Það kann að vera, að enn megi þar betur skipast. En um hitt held ég að engan greini, hversu gífurlegt ranglæti við höfum þurft að búa við, bæði milli flokka og milli héraða, og svo mikið, að mönnum skilst, að það verði ekki lengur dregið að gera hér einhverjar bætur á. Augljósast er þetta varðandi flokkana, þegar framsóknarmenn hafa hér 17 þm. á móti 19

þm. sjálfstæðismanna, en miðað við úrslit síðustu kosninga ættu sjálfstæðismenn, ef hlutfallslegt réttlæti væri þarna á milli, að vera 46. Að vísu nær ekki Framsfl. í þessum kosningum fullri tölu sinni vegna Hræðslubandalagsins, eins og kunnugt er, en misréttið er þó geigvænlegt og er einnig sams konar misrétti miðað við hina flokkana, sem hér sitja á þingi. Það er þannig, að ef þingmannatala Framsfl. væri lögð til grundvallar og aðrir flokkar hér ættu að hafa hlutfallslegt jafnrétti á við þennan flokk, þá þyrfti 105 þm., þar sem þá Framsfl. hefði 17, Alþfl. 21, Alþb. 21 og Sjálfstfl. 46. Allt er þetta augljóst, og framsóknarmenn hafa að sjálfsögðu ekki gert neina tilraun til þess að verja þetta ranglæti.

En það er ekki aðeins þetta ranglæti í kjördæmaskipun okkar, sem nú þarf að laga, heldur er það líka misréttið, sem kemur fram í henni á milli hinna einstöku héraða, alveg burt séð frá þeirri flokkaskiptingu, sem kann að vera innan þessara héraða. Það er ekki von, að menn í hinum einstöku héruðum geti unað við það til lengdar, að atkvæðisrétturinn á einum stað verði margfaldur á við það, sem hann er annars staðar. Og menn verða að átta sig á því, að hér er ekki aðeins um það að ræða, að atkvæðisrétturinn í minni héruðunum sé margfaldur á við atkvæðisrétt kjósendanna í þéttbýlinu og kaupstöðunum eða höfuðborginni, heldur er atkvæðisrétturinn í einmenningskjördæmunum margfaldur á einum stað miðað við það, sem annars staðar er. Það er kannske einna mest áberandi, þegar við höfum það í huga, að kjósendur í níu kjördæmum landsins: Seyðisfirði, Dalasýslu, Austur-Skaftafellssýslu, Strandasýslu, Vestur-Húnavatnssýslu, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Mýrasýslu, Norður-Þingeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu eru 8201 og þarna eru kosnir 10 þm., en á sama tíma er kosinn einn þm., eins og verið hefur, í Gullbringu- og Kjósarsýslu með nærri sömu kjósendatölu, 7515. Eins er misræmið, ef borin er saman innbyrðis aðstaða kjósendanna í kjördæmum, þar sem hlutfallskosningar eru viðhafðar, borin saman aðstaða í Reykjavík annars vegar, hins vegar í tvímenningskjördæmum eins og Norður-Múlasýslu, þar sem hlutfallskosningar eru, eða þá Rangárvallasýslu og Árnessýslu, sem liggja hlið við hlið og er um helmingsmunur á atkvæðatölunni. Sumir þingmenn hafa hér talað um, að fólkið í héruðunum kvarti ekkert undan þessu. Ja, þeir þykjast vita viti sínu, þeir sem svo segja. En ég get vel ímyndað mér, að kjósendum í Gullbringu- og Kjósarsýslu finnist hart að hafa aðstöðu til þess að kjósa einn þm., þegar sama hópi manna um það bil er heimilað að kjósa 9 þm. í öðrum tilteknum kjördæmum á landinu. Það þarf enginn að segja mér það, að mönnum finnist ekki, sem við þetta búa, sem hér sé um nokkuð annarlega hluti að ræða.

Þá hefur mikið verið talað um hin sögulegu rök í þessu máli, og má segja, að kannske sé nokkurs virði margt af því, sem þar hefur fram komið, og geymist mismunandi fróðleikur þm. í þingtíðindum. En ég held hins vegar, að það geti líka verið nokkur galli á gjöf Njarðar, ef bæði nál. og þskj. geyma mjög villandi ummæli og upplýsingar um þessi atriði, og bæði margendurtekin ummæli þm. um hin sögulegu rök í þessu máli, þ. e. a. s. að það megi ekki skerða rétt hinna fornu kjördæma, eins og það er kallað, bæði ummæli þeirra og ummæli í nál. minni hl. gefa mér tilefni til þess að fara um það nokkrum orðum.

Í nál. minni hl. segir m. a., að raddir hafi „heyrzt um það, þótt fáar séu, að kjördæmaskipunin hafi við endurreisn Alþ. verið ákveðin af danskri stjórn og því ekki mikið upp úr henni að leggja. Athugasemdir af þessu tagi eru á misskilningi byggðar," segir í nál. „Þessi kjördæmaskipun er svo sjálfsögð," heldur áfram, „að varla var um annað að ræða, enda engar líkur fyrir því, að Íslendingar hafi verið henni mótfallnir. Grundvöllur kjördæmaskipunarinnar hefur staðið óbreyttur, síðan Alþ. var endurreist." Það er rétt, eins og þarna stendur. En svo heldur áfram í nál.: Kjördæmaskipun þessi, sem var grundvölluð um miðja 19. öldina, er „byggð á hinni fornu þinga- og goðorðaskipun þjóðveldistímans og íslenzkum staðháttum." Og enn fremur segir um þetta: „Þetta fyrirkomulag hefur orðið til við sögulega þróun neðan frá." Það á nú að vera einn ávinningurinn í þessu máli, að það sé orðið til neðan frá, það sem bezt er í því, en ekki sniðið eftir forskrift með valdboði ofan frá, eins og nú stendur til. „Það er rótfast, hluti af hinum íslenzka þjóðlífsmeið, sem hefur staðið af sér eld og ísa og borið þau blöð, sem við köllum íslenzka menningu." Hér finnst mér skjóta nokkuð skökku við, þegar við höfum í huga, að það er danskur einvaldskonungur, sem leggur grundvöllinn að endurreisn Alþ. um miðja 19. öld og leggur grundvöllinn að þeirri kjördæmaskipun, sem þá var tekin upp. Um þetta á ekki að þurfa að deila, og um þetta eru engin tvímæli, það liggur svo greinilega og ljóst fyrir í sögunni. En ég vil leyfa mér að leiða nokkur vitni umfram þau, sem hér hafa verið nefnd í þessu sambandi, sem ég hygg að þyki nokkur fyrir sér ekki síður en ýmsir þeir þm., sem talað hafa.

Séra Tómas Sæmundsson, sem var uppi um það leyti, sem verið er að endurreisa Alþ., og einn gagnmerkari Íslendinga fyrr og síðar skrifar um þetta grein, sem gefin var út 1841 í Kaupmannahöfn, og þar kemur alveg greinilega fram, að hann er talsmaður þess, að nú þegar eigi að endurreisa Alþ., þá beri og eigi að gera það í hinum forna stíl og á grundvelli gömlu þinga- og goðorðaskipunarinnar, en ekki að till. embættismannanefndarinnar dönsku í líkingu við endurreisn dönsku ráðgjafarþinganna, eins og hann heldur fram að embættismannanefndin leggi til og rétt er að hún lagði til. Hann vill, að þingið, sem „oss er fyrirhugað, sé sem líkast hinu gamla Alþ. að orðið getur, sé haft á sama stað og þá, eins og sjálfsagt er, og hafi sama nafn, og að þessum atriðum skulu því lúta eftirfylgjandi hugleiðingar vorar," segir Tómas Sæmundsson og heldur áfram: „Oss er hér eingöngu vísað til forn-

aldar vorrar. Fyrsta og fremsta skylda þeirra, sem mál þetta er á hendur falið til rannsóknar, verður sú að taka alla hina fornu alþingisskipan vora til gaumgæfilegrar íhugunar, leggja hana til grundvallar og í stað þess, eins og mönnum er tíðast, að leita vandkvæða á að halda í og innleiða forna siði, á viðleitni þeirra einmitt að miða til að ryðja burtu öllum vandkvæðum, sem virðast rísa af breytingum og ásigkomulagi tímanna til hnekkis hinu gamla, og halda ekkert, sem að fornu hefur tíðkazt, að fyrra bragði ómögulegt af hugarburði einum.“ Og enn heldur Tómas áfram: „Réttarbæturnar um fulltrúaþingið í Danmörk koma því þessu máli ekkert við, og þá er réttast að farið, ef menn, meðan það er rannsakað, létu þær liggja milli hluta, eins og væru þær ekki til, því að þær eru, að svo vöxnu máli ekki til annars en að leiða á eldri afveguna, sem Íslandi hefur orðið ollandi svo margra hörmunga, að löggjöf þess er sprottin af útlendri rót.“ Hér víkur hann að því, að Íslendingar eigi að vara sig á því að grundvalla eða endurreisa Alþ. af útlendri rót, eins og þeir á margan hátt hafa villzt til að gera margháttaða löggjöf áður fyrr eða á þessum tíma. Hann segir, að hér sé „einsætt að taka upp aftur skipan forfeðra vorra og lögleiða að nýju þingin þeirra, sem mest kvað að, en það voru þessi tvö, þ. e. a. s. héraðsþingin eður vorþingin og svo Alþingi.“ Og enn segir hann um vorþingin og hver verkefni þeirra sérstaklega væru, en það eru einmitt þau, sem svara til kjördæmis, sem nú á að kjósa í, — hann segir orðrétt: „En sér í lagi ætti þar (þ. e. á vorþingunum) að kjósa þjóðfulltrúana til lögréttusetu á Alþ. og skipa fyrir um alþingisreiðir.“

Í Réttarsögu Alþingis víkur Einar Arnórsson að þessu og segir einmitt um endurreisn Alþingis og afstöðuna til hinnar fornu skipunar eða þeirrar, sem embættismannanefndin lagði til, þetta, með leyfi hæstv. forseta: „Embættismannanefndin hafði lagað frv. sitt mjög eftir hinni dönsku tilskipan frá 15. maí 1834 um dönsku ráðgjafarþingin. Réttlætti nefndin það með því, að verkefni íslenzka þingsins ætti samkv. konungsúrskurðinum 20. maí 1840 að vera hið sama sem verkefni dönsku þinganna. Þessi skoðun og meðferð nefndarinnar sætti hörðum andmælum af einni hálfu. Tómas Sæmundsson skráði ritgerð um alþingismálið, sem prentuð er í „Þrjár ritgerðir“, Kaupmannahöfn 1841. Er skrif séra Tómasar önnur ritgerðin. Er hann mjög ósammála embættismannanefndinni. Hann vill láta laga Alþ. hið nýja sem allra mest eftir lögréttu á Alþ. hinu forna. Vill hann, að landinu verði skipt í vorþing. Hugsar hann sér 12 menn kjörna úr fjórðungi hverjum, eða 4 úr hverju vorþingi, til lögréttusetu, svo að lögrétta verði skipuð 48 mönnum, auk amtmanna, landsdómara og biskups.“ — Þetta segir Einar Arnórsson einmitt um afstöðu Tómasar Sæmundssonar í þessu máli, segir svo að vísu, og það er hans skoðun, Einars, en skýrir þó málið, þegar hann segir: „Ekki er vel skiljanlegt, hvað unnið hefði verið við þessa uppvakningu á gömlu skipulagi, sem byggðist á allt annarri þjóðfélagsskipun.“ M. ö. o.: að byggja þingið og þá kjördæmaskipun og hvernig það væri upp byggt á hinum fornu goðorðum og þingum okkar var allt annað en gert var eftir tillögum embættismannanefndarinnar um miðja 19. öldina, þegar ráðgjafarþingið var endurreist, enda hefði þingið þá orðið skipað 48 þm., eins og þarna segir, auk amtmanna, landsdómara og biskups. En þegar þingið var endurreist, voru það ekki nema 20 þjóðkjörnir þm., sem þar voru, og 6 konungkjörnir, eins og kunnugt er.

Allt þetta sker úr um það, hversu rangt það er skoðað, ef menn halda, að byggt sé á fornum rétti eða fornri skipan Alþ., þegar það er endurreist og með þeirri kjördæmaskipun, sem þá var lögð til grundvallar og enn er í gildi. En til þess að taka af öll tvímæli um þetta þykir mér rétt að vitna til greinar, sem Jón Sigurðsson skrifaði einmitt um þessi mál í Nýjum félagsritum 1858, og hygg ég, að dómur hans mundi kannske allra manna sízt verða vefengdur. En það er mjög skýrt, þegar hann segir um alþingismálin eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar úrskurður konungs (þ. e. Kristjáns VIII) hinn 20. maí 1840 um Alþ. átti að koma til framkvæmdarinnar, komu fram þrjár aðalstefnur, sem voru byggðar á ólíkum skoðunum manna.

Ein stefnan var sú, sem gekk í nokkrum efnum næst úrskurðinum, að fá Alþ. í öllu hinu ytra sem líkast hinu forna og þó einkum að fá það haldið á Þingvöllum. Alþingisstaðurinn var hjá þessum flokki aðalatriðið, og þar með þótti þeim Alþ. standa og falla. Það má geta nærri, að í þessum flokki voru öll skáldin og flestir þeir, sem litu helzt á málið eftir tilfinningum sínum.

Önnur stefnan var sú, sem einnig byggist að nokkru leyti á úrskurði konungsins, að hafa þingið sem líkast hinum dönsku þingum, svo sem það ætti að hafa áþekk störf á hendi. Þessa stefnu höfðu reyndar fáir, því að hún var óíslenzk, en þessir hinir fáu stóðu næstir málinu og voru í embættismannanefndinni. Það urðu því málalok þeirra að búa til alþingislög beint eftir tilskipuninni um þingin í Danmörk. Þetta var bæði ábyrgðarminnst við stjórnina, og svo var það líka hægara, því að þá þurfti ekki annað en að skrifa upp dönsku tilskipunina, að svo miklu leyti sem hún átti við, en gamla Alþ. var slegið úr leik, með því að menn þóttust ekki vita betur eða vissu ekki betur en að það hefði verið einungis illa lagaður yfirdómur.

Hin þriðja stefnan var sú, að nokkrir vildu fara sem næst hinu forna Alþ. í öllu því, sem snerti vald þingsins og réttindi, að það hefði fullt úrskurðarvald í innlendum málum, að Íslendingar fengju frjálslegan kosningarrétt og kjörgengi frjálst, þing nokkuð fjölskipað og þinghald í heyranda hljóði, en halda ekki hinum forna alþingisstað.

Það fór að vonum, að annar flokkurinn sigraði í meðferð málsins, því að það féll stjórnarráðinu bezt, að allt væri sniðið eftir Danmörk. En við það datt allmörgum af fyrsta flokkn-

um ketill í eld og þóttust nú sjá, að Alþ. mundi að engu verða. En hinir af þeim flokki, sem vægari voru, gengu í hóp með þeim, sem vildu enn knýja á og fá aukin smám saman réttindi Alþ. Þessi flokkur hefur ávallt síðan aukizt og eflzt á alþingum og haldið fram stöðugt hinum sömu atriðum um að auka og bæta rétt Alþ. og vald, svo að það geti öðlazt fullt löggjafarvald með konungi í öllum innlendum málum. Er það nú áunnið, að kosningarréttur er nú ekki lengur bundinn við fasteign og að kjörgengi er frjálst. Þinghald er í heyranda hljóði síðan 1849. En tölu þm. hefur ekki fjölgað nema um 1, með því að nú verður Skaftafellssýslu skipt í tvö kjördæmi og annar þm. getur bætzt við fyrir Vestmannaeyjar, því að nú verður kosið í því kjördæmi, sem ekki var áður. Þetta atriði hefur þó ekki farizt fyrir vegna mótstöðu stjórnarinnar, heldur vegna mótstöðu alþm. sjálfra, af því að svo lítur út sem sumir þeirra meti meira kostnaðarauka þann, sem mundi leiða af, ef fjölgað væri þm., heldur en það afl og kraft, sem það mundi veita þinginu, ef þm. væru fleiri, svo að þar með mundi ávinnast miklu fljótar ýmislegt af því, sem oss ríður mjög á að fá sem fyrst, en ekki hefur fengizt hingað til."

Hér lýkur ummælum Jóns Sigurðssonar forseta, og þarna gerir hann grein fyrir því í mjög stuttu máli, að það hafi í raun og veru verið uppi þrjár stefnur: Sú fyrsta að taka upp forna þingið og á Þingvöllum. Önnur að hafa þingið sem fornast í sniðum, en ekki á Þingvöllum, og er mönnum kunnugt um, að sjálfur fylgdi forsetinn þessum hópi manna og þessari stefnu. En sú þriðja var svo sú að sníða það sem mest eftir dönskum tillögum og dönskum fyrirmyndum, og það var sú till., sem varð ofan á. En síðan hefur verið unnið að af öðrum í anda Jóns Sigurðssonar og fleiri góðra manna að breyta því smám saman í bættara og betra form, og það er einmitt það, sem við erum að gera í dag með þeim till., sem fyrir liggja um að gerbreyta grundvellinum fyrir stjórnskipuninni, eins og hann var lagður um miðja 19. öldina og hefur því miður ekki breytzt nægjanlega síðan og ekki nema smám saman og þó ekki í neinum grundvallaratriðum.

Ég skal svo víkja í lok máls míns nokkuð að efni málsins, eins og það nú liggur fyrir, þó að segja megi, að þar sé flest orðið þaulrætt.

Ég hef heyrt það, að mörgum vex í augum aukning á tölu þm. Sjálfum hefur mér aldrei fundizt, að neinu máli skipti, hvort þm. væru ákveðnir 52 eða 60 eða 65 eða jafnvel fleiri. Það, sem úr sker um þingið sjálft, er starfshæfni þess og atorka til þess að vera hlutverki sínu vaxið. Og merkilegt má heita, að þegar Alþ. er endurreist 1843, eða lagður grundvöllurinn að endurreisn þess þá, þá koma strax fram bænarskrár á þingunum 1845 og 1847, nærri því úr öllum kjördæmum landsins, þar sem ég hygg, að í næstum því hverri einustu bænarskrá sé fram tekin óskin um það að fjölga þm. frá því, sem þá var. Þá var þessi hugsunarháttur hjá Íslendingum, þó að mönnum vaxi það í augum nú, þó að þingmönnum eigi að fjölga nokkuð, eftir að íbúatalan í landinu hefur jafnstórkostlega aukizt og raun ber vitni um á þessu tímabili. Og það er rauður þráður í baráttu Jóns Sigurðssonar fyrir endurreisn Alþ. fyrr og síðar, að það verði að vera viss lágmarkstala þm., svo að í raun og veru sé hægt um þing að tala. Ég get vitnað hér í ummæli Jóns Sigurðssonar frá þingi 1847 um tölu þm., þar sem hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Um tölu þm. hafa flestir óskað, að hún yrði aukin töluvert. Hafa sumir stungið upp á, að þm. yrðu 42 auk hinna konungkjörnu, sumir, að þeir yrðu 26 auk hinna síðarnefndu, og svo þar í milli. Því verður ekki neitað, að fulltrúatalan kemur mjög ójafnt niður, eftir því sem nú er skipt í sýslunum, þar eð sum kosningaumdæmi með 4—5 þúsund innbúa kjósa jafnt við þau, sem hafa 1000 og þaðan af minna. Það er og víst, að kosningarnar verða friari og meiri líkindi til, að þinginu ykist meira afl af menntuðum mönnum, ef hin stærri kjördæmi fengju að kjósa 2 alþm. Þingið yrði einnig því tignarlegra sem það væri fjölskipaðra, og öll ástæða er til að ætla, að það verði ekki fámennara en þess konar þing annars staðar."

Þetta voru viðhorf og viðbrögð Jóns Sigurðssonar í sambandi við þingmannatöluna fyrir svo mörgum árum. Þingmannatöluna tel ég þess vegna ekki neitt veigamikið atriði í þessu máli og alls ekki nema eðlilegt, að þeim sé nú fjölgað upp í það, sem gerð er till. um, eða upp í 60.

En það er annað, sem skiptir meira máli í þessu sambandi, og það er jöfnuðurinn á milli kjósendanna í landinu og milli héraðanna innbyrðis, sem lagður er grundvöllur að í þessum till., sem hér liggja fyrir, umfram það, sem áður hefur verið. Og þar komum við alveg nákvæmlega að sama deiluefninu og fyrir rúmum 100 árum, þegar Jón Sigurðsson forseti segir, og ég leyfi mér enn að vitna í hann, — hann segir svo:

„Það er án efa víst, að þingmannatalan, sem nú er, er meiri að tiltölu en annars staðar eftir fólksfjölda. En það er annað atriði, sem hér ríður meira á að hafa fyrir augum, og það er jöfnuðurinn í landinu sjálfu. Þessum jöfnuði eru menn einnig að leitast við að koma á annars staðar, þar sem annaðhvort stéttunum er gefinn misjafn réttur, svo að aðallinn til að mynda hefur miklu fleiri fulltrúa að tiltölu, eða réttinum er skipt misjafnt milli héraða eða staða, svo að lítil þorp með fáum innbúum hafa eftir gömlum vana jafnan rétt til að kjósa fulltrúa eins og stórir staðir. Á líkan hátt þarf að komast jöfnuður á milli héraðanna hjá oss, því að það er undarlegt, að Vestmannaeyjar með 300 innbúa, Reykjavík með 800 eða 900, Strandasýsla með 1000 og Norður-Þingeyjarsýsla með svipað og fleiri skuli kjósa jafnt einn fulltrúa eins og Árnessýsla með 5000 og margar aðrar hinar fjölbyggðustu sýslur."

Og um þetta segir Jón Sigurðsson forseti að lokum:

„Þingin eru byggð á því, að allsherjarviljinn geti komið fram fyrir munn fulltrúa þjóðar-

innar, en þetta leiðir til þess, að fulltrúafjöldinn verður hvað helzt að byggjast á innbúafjöldanum og jafnast eftir honum.“

Menn hafa að vísu vitnað til þess hér, að það sé ekki tryggt fullt réttlæti með því hlutfallskosningakerfi, sem nú er verið að tala um hér. Og rétt er það, að á því eru gallar eins og mörgum öðrum mannanna verkum. En um hitt er ekki hægt að deila, að það er auðvitað stórum réttlátara en það kerfi, sem við höfum búið við eða menn vilja taka að mestu leyti upp, hvort heldur eru einmenningskjördæmi eða kjördæmi með blönduðu fyrirkomulagi eða hlutfallskosningum sums staðar.

Ég hef tekið eftir því, að það hafa að undanförnu verið nokkrir útreikningar í blöðum og Tímanum þá náttúrlega fyrst og fremst, þar sem þeir hafa verið í þessu blaði að reyna að sýna fram á þann stærðfræðilega órétt, sem leitt gæti af hlutfallskosningafyrirkomulaginu vegna hinna dauðu atkvæða, sem þar koma fram, eins og þm. A-Sk. benti réttilega á hér áðan, og ég hef tekið eftir því, að blaðið hefur komizt að þeirri niðurstöðu, að það geti jafnvel í versta tilfelli um þriðjungur kjósenda fengið ⅝ af þingmannatölunni. Þetta er stærðfræðilega hugsanlegur möguleiki og bendir á vissan veikleika einmitt í þessu kerfi.

En við skulum nú líka reikna út stærðfræðilegan möguleika fyrir skekkjunni á hinn bóginn í einmenningskosningafyrirkomulaginu og taka alveg nákvæmlega sama dæmi. Þarna var Tíminn með 10 þús. kjósenda kjördæmi, kjósa átti fimm þm. og sex flokkar voru í boði. Þá getum við skipt þessum 10 þús. í fimm kjördæmi með hvaða tölu sem menn vilja. Frambjóðendatalan er sex. Þá er hægt að komast að þeirri stærðfræðilegu niðurstöðu, að 16—17% af kjósendunum fái ekki ⅝ af þeim, heldur 100% af þm. eða þingmennina alla. Og þá sjáum við auðvitað, hversu gífurlegur munur er þó á þeim fræðilega hugsuðu niðurstöðum, sem geta komið, þegar menn annars vegar komast að þeirri niðurstöðu einni, að þeir geti fengið ⅝ af fulltrúunum, en hins vegar 16—17% af kjósendunum alla þm. með einmenningskosningafyrirkomulaginu. Þetta liggur auðvitað í augum uppi, og þess vegna er einmitt tekinn upp sá háttur nú eins og áður fyrr að hafa uppbótarsæti til þess að jafna þann halla, sem fram kann að geta komið í kosningunum, þó að hlutfallskosningar séu viðhafðar.

Menn hafa nú ýmislegt við uppbótarsætin að athuga, og Framsfl. samþykkti á sínu þingi ekki alls fyrir löngu, að hann vildi engin uppbótarsæti hafa. Þó eru uppbótarsætin, eins og bent hefur verið á, einmitt eitt af því, sem til var í okkar fornu goðorðaskipun, því að í Norðlendingafjórðungi voru fjögur þingin, en þrjú í hverjum hinna, og þess vegna voru teknir uppbótargoðar, þegar goðarnir gengu til lögréttu, þannig að jafnmargir eða 12 goðar væru úr hverjum fjórðungi, en ekki 12 úr Norðlendingafjórðungi og 9 úr hinum fjórðungunum hverjum um sig. Menn höfðu þá þessa tilfinningu, að þó að þingaskipunin væri þessi, að hún gæfi Norðlendingum fleiri goða, þá höfðu hinir fjórðungarnir rétt til þess að nefna menn til lögréttusetu til viðbótar, þannig að samtals væru jafnmargir á miðbekk í lögréttu eða 48, sem síðan kvöddu svo sér til ráðuneytis tvöfalda þessa tölu, svo að í lögréttu voru að fornu um 144, en nú þykir ofrausn, að á Alþingi sitji 60.

Varðandi svo niðurstöðurnar eða líkindin fyrir réttlæti í þessu máli, eins og uppástungur liggja fyrir, þá vil ég geta þess, að ef við tökum kosningaúrslit í fimm síðustu kosningum, eða frá kosningum 1942, síðari kosningum þess árs, alþingiskosningum 1946, 1949, 1953 og 1956, og leggjum til grundvallar þær till., sem hér er stungið upp á til skipunar þingsins, þá fæst í öllum þessum kosningum fullkomið jafnrétti á milli þingflokkanna, m. ö. o. það jafnrétti, sem að er stefnt, þrátt fyrir það að annmarkar séu á hlutfallskosningafyrirkomulaginu, sem vinnast upp með uppbótarkerfinu, eins og lagt er til að því sé beitt.

Í nál. minni hl. er svo eitt atriði, sem mig langar til að víkja að, áður en ég skilst við þetta mál. Þar segir:

„Eftir kosningu skoðar hann sig“ — þ. e. þm. í einmenningskjördæmi — „að jafnaði, a. m. k. að því er snertir staðbundin mál, fremur sem þm. kjördæmis en flokks, þótt hvort tveggja komi til greina. Í margmenniskjördæmi með hlutfallskosningu eru fyrst og fremst flokkar í framboði. Þar er í miklu ríkari mæli en í einmenningskjördæminu kosið milli flokka, en ekki manna. Hin persónulega ábyrgð breytist í flokksábyrgð. Það þingræði og það ríkisvald, sem áður hvíldi á herðum persónulega ábyrgra manna, tekur að hvíla á herðum flokka. Í stað samvizku manns kemur ópersónulegt sjónarmið flokks, þegar dæma skal um rétt og rangt.“

Ég fyrir mitt leyti þakka hv. minni hl. fyrir þessa sendingu. En það vil ég segja honum, að hann má þykjast nokkuð mikill fyrir sér, ef hann getur sent svona sendingar til herbúða þeirra þm. hér, sem hafa verið umboðsmenn í stærri kjördæmum með hlutfallskosningu, og vill slá því föstu, að í stað persónulegrar ábyrgðar og samvizku manns í einmenningskjördæmi, sem báðir þessir þm. í minni hl. eru fyrir, þá muni þverra öll ábyrgð, og á það þá sennilega eins við um okkur, þá sem hingað til höfum verið kosnir í stærri kjördæmum, hvort heldur er í Reykjavík eða í tvímenningskjördæmunum, að fólkið verður að vara sig á því, að þarna eru ekki mennirnir með samvizkuna eða persónulegu ábyrgðina.

Það vill svo vel til, að við höfum hér dæmin fyrir okkur í þessu efni, og hef ég aldrei séð það fyrr, að við værum ásakaðir um það að vera samvizkulausari í okkar störfum hér á þingi, þessir umboðsmenn stærri kjördæmanna, heldur en þessir ágætu umboðsmenn minni kjördæmanna, og fer það að sjálfsögðu eftir atvikum og persónulegum verðleikum manna.

Í meginatriðum verður þess vegna að segja að lokum um þetta mál, sem hér liggur fyrir, að það er fyrst og fremst réttlætismál. Það miðar að því að leggja nýjan og réttlátan

grundvöll að skipun Alþingis, að varðveita þingræði og lýðræði í landinu í ríkara mæli en tekizt hefur fram til þessa, og það er mín einlæga skoðun, að það muni í framkvæmdinni verða til þess að lyfta stjórnmálabaráttunni á hærra stig, og allur almenningur, hvort heldur er í dreifbýli eða þéttbýli, mun finna, að það er honum og landslýðnum í heild til farsældar, að svo muni verða.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykv. (JóhH), sem talaði hér áðan, gaf mér ástæðu til þess að bæta örfáum orðum við það, sem ég hef áður tekið fram.

Hv. 5. þm. Reykv. las hér upp ummæli úr ritgerðum Tómasar Sæmundssonar og Jóns Sigurðssonar um það, hvernig stofnað var til Alþingis, þegar það var endurreist, og hvaða skoðanir voru þá uppi. Það er mjög hressandi að rifja upp ritgerðir Tómasar Sæmundssonar og Jóns Sigurðssonar, en í sambandi við það mál, sem hér liggur fyrir, hefur það í sjálfu sér ekki mikið rakagildi.

Ritgerð Tómasar var skrifuð, þegar málið var á umræðustigi. Hann var einn af þeim áhugamönnum íslenzkum, sem hvatti til þess og beitti sér fyrir því, að Alþingi yrði endurreist. En hann var sjálfur fallinn frá, þegar það kom til framkvæmda, því að eins og kunnugt er, lézt Tómas 1841, en tilskipunin um endurreisn Alþingis var gefin út 8. marz 1843.

Jón Sigurðsson hafði jafnan þann hátt á að skrifa mjög víðtækt og fræðilega um þau málefni, sem hann tók sér fyrir hendur að rita um og skýra fyrir þjóðinni, og í ritgerð þeirri, sem hv. 5. þm. Reykv. las upp úr og vitnaði til, fylgdi Jón Sigurðsson sínum venjulega hætti, þannig að ræða málið á mjög breiðum grundvelli og taka það til athugunar frá mörgum hliðum og fræðilega. En eitt af því, sem Jón Sigurðsson dró fram og hv. 5. þm. Reykv. raunar benti á, voru m. a. þau ummæli, að þingin eru byggð á því, að allsherjarviljinn geti komið fram fyrir munn fulltrúa þjóðarinnar. Mér finnst liggja beint við að skilja þessi ummæli Jóns Sigurðssonar þannig, að það sé ekki fólksfjöldinn einn, sem eigi að ráða kjördæmaskipuninni og vali þingmanns, heldur þurfi jafnframt að gæta þess, að hinir fámennari landshlutar geti komið á framfæri á þinginu sínu sjónarmiði, að allsherjarviljinn geti komið fram fyrir munn fulltrúa þjóðarinnar, að sérhvert hérað þurfi að eiga sinn fulltrúa til að flytja sinn málstað.

Annars skal ég ekki fara lengra út í þetta. Það liggur í sjálfu sér utan við eðli þess máls, sem hér liggur fyrir, að ræða þetta fræðilega. En ég vil benda á það hv. þm. til athugunar, að ritgerð sú og ræða, sem hv. 5. þm. Reykv. vitnaði til eftir Jón Sigurðsson, er úr garði gerð, á meðan þingið hafði aðeins ráðgefandi vald. Nú er það kunnara en frá þurfi að segja, að Jón Sigurðsson var slíkur áhrifamaður í íslenzkum stjórnmálum á sinni tíð, að enginn Íslendingur hafði jafnrík áhrif og hann á það að móta skipan þingsins og þ. á m. kjördæmaskipunina, eins og hún varð endanlega ákveðin, þegar Alþingi fékk löggjafarvald 1874. Og eins og ég hef bent á fyrr í þessum umr., voru kosningalögin 1877 sett á næstsíðasta þinginu, sem haldið var, áður en Jón Sigurðsson féll frá, og grundvölluð á stjórnarskránni 1874. Það eru því verk Jóns Sigurðssonar á langri og farsælli starfsævi, sem ber að meta hér, en ekki upplestur úr fræðilegum ritgerðum eingöngu.

Og hvernig var þá sú kjördæmaskipun, sem sett var á stofn eftir stjórnarskrárbreytinguna 1874, um það leyti eða skömmu áður en Jón Sigurðsson lauk sínu gagnmerka brautryðjandastarfi með þessari þjóð? Sú kjördæmaskipun var þannig, að það skyldi kjósa 30 þjóðkjörna þm. og 6 konungkjörnir þm. skyldu einnig eiga sæti á þinginu, þannig að grundvöllur þeirrar kjördæmaskipunar, sem við búum nú við, var a. m. k. endurskoðaður og styrktur, vil ég segja, í sambandi við setningu stjórnarskrárinnar 1874. Og þær breytingar, sem síðan hafa átt sér stað, eins og ég rakti í framsöguræðu minni, eru allar byggðar á þeim grundvelli.

Þá vildi hv. 5. þm. Reykv. vefengja það, sem segir í nál. minni hl. stjskrn., að sýsluskiptingin væri byggð á goðorðaskipuninni fornu. Ég hef rætt þetta í fyrri ræðum mínum og vísa til þess, sem ég hef tekið fram um það, sé ekki ástæðu til að fara að endurtaka það, en vil aðeins leggja áherzlu á, að sýslurnar voru ekki eingöngu eða fyrst og fremst innheimtuhéruð konungs, eins og lögð er áherzla á í nál. meiri hl., heldur lögsagnarumdæmi. Héraðsdómsstigið, sem áður fylgdi þinghánum, vorþingunum, færðist inn í sýslurnar, og sýslumennirnir urðu héraðsdómarar.

Þá vil ég loks víkja örfáum orðum að því, sem fram kom hjá hv. 5. þm. Reykv. út af þeim ummælum í nál. minni hl. stjskrn., að með því að taka upp þá skipan, sem ráðgert er í þessu frv., breytist persónuleg ábyrgð manns yfir í ópersónulega flokksábyrgð. Hv. 5. þm. Reykv. vildi benda á í þessu sambandi, að hér væri verið að kasta hnútum að einstökum mönnum, sem hefðu átt eða ættu sæti á þingi fyrir fjölmenn byggðarlög eins og t. d. Reykjavík. Þetta er alls ekki rétt, og þetta er útúrsnúningur, sem ég sé sérstaka ástæðu til þess að benda á og leiðrétta. Hér er ekki sveigt að neinum manni persónulega. Hér er eingöngu miðað við, að grundvöllurinn að þingræðinu breytist, það er nýtt kerfi, sem við erum að taka upp, og af því leiðir, að sambandið milli þingmanns og kjósenda verður ópersónulegra samkvæmt hinu nýja kerfi, sem við erum að taka upp, heldur en samkvæmt hinu eldra, sem við höfum fylgt. Það er þetta, sem í nál. okkar felst. Þegar um einmenningskjördæmi er að ræða, hefur þm. engan til þess að metast við um það, sem miður fer eða vel tekst. Reikningsskilin milli hans og kjósendanna hljóta að verða glögg, það er ekki um það að villast. Og mjög svipuð skoðun gagnvart framkvæmdavaldinu og sú, sem við bendum á gagnvart löggjafarvaldinu samkvæmt þessari nýju skipun, hefur oft gert vart við sig hjá sjálfstæðismönnum, þegar þeir benda á það í ályktunum og ræðum og blaðaskrifum, hve samstjórnir flokkanna séu varhugaverðar. Vegna þess, hve mál-

efnabaráttan verði óskýr, sé farið að metast um það á milli manna og flokka, hver eigi hlutdeild að þessu verki og hver að hinu, þannig að reikningsskilin verði óglögg. Ég álít ekki, að þessi málflutningur sjálfstæðismanna beinist persónulega að neinum ákveðnum manni, ég held, að hann beinist að því kerfi, sem við höfum búið við og við höfum orðið að fylgja í framkvæmdavaldinu.

En til þess að færa þessum orðum stað, að Sjálfstfl. hafi oft bent á þetta og lagt á það mikla áherzlu, þá ætla ég þessum orðum til skýringar og fyllri sönnunar að rifja upp það, sem ég raunar hef áður tekið fram, að t. d. í Morgunblaðsgreininni, sem ég las upp úr í dag, er þetta sjónarmið Sjálfstfl. orðað þannig, að það eigi að vera sjálfstæðismönnum hvöt til að herða baráttuna og efla sóknina fyrir heilbrigðu, haftalausu stjórnarfari meiri hl. Sjálfstfl. Og beinlínis í landsfundarsamþykkt Sjálfstfl. segir svo 1953, að flokkurinn leggi áherzlu á, að stjórnarskráin verði þannig úr garði gerð, að hún stuðli að meiri hluta eins flokks, „þar sem samstjórnir eru varhugaverðar heilbrigðum stjórnarháttum". Þetta skil ég ekki þannig, að með því sé verið að sveigja persónulega að nokkrum manni, heldur verið að benda á veilur í því kerfi, sem við höfum orðið að fylgja í framkvæmdavaldinu, og þann skilning ber að leggja í ummæli okkar í minni hl. stjskrn., en ekki hitt, að við séum með persónulegar hnútur til nokkurs manns.

Ég mun láta þessa aths. nægja út af ræðu hv. 5. þm. Reykv.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths. út af ummælum hv. 5. landsk. (BG).

Hv. 5. landsk. sagði, að ég hefði sagt, að sýslufélögin eða héruðin væru sjálfstæðar félags-, fjárhags- og menningarlegar einingar. Ég hef haldið þessu fram í umr. og held þessu fram. Mér er fullkunnugt um það, að Mýramenn og Borgfirðingar eiga margt sameiginlegt og vinna að mörgum málum sameiginlega, en það raskar því ekki, að þessi sýslufélög eru sjálfstæðar fjárhags- og félagslegar einingar.

Ég held því líka fram, að í sambandi við breytinguna á Hnappadalssýslu gerðist ekkert svipað og hér á að gerast. Hnappadalssýsla var sameinuð Snæfellsnessýslu, svo að það er ein félags- og fjárhagsleg eining síðan, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla. Öll mál þessa héraðs fara sameiginlega fram á sýslufundi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, og önnur mál þeirra eru líka sameiginleg.

Það, sem ég hef haldið fram í þessum umr., er, að það, sem hér er verið að gera, er ekki að mynda neinar nýjar einingar. Það er aðeins verið að fyrirskipa þessum héruðum, að þau skuli kjósa þm. saman, hvort sem þeim líkar betur eða verr. Og ég ætla að ljúka þessum fáu orðum mínum með því að vitna til annars manns, sem hafði sama skilning á þessu hugtaki og ég hef. Ég ætla að leyfa mér — með leyfi hæstv. forseta — að lesa hér upp úr ummælum, sem herra Ásgeir Ásgeirsson, þáverandi þm. V-Ísf., núverandi forseti Íslands, hafði á Alþingi 1933. Hann sagði þetta:

„Sýsluskiptingin hefur þróazt um þúsund ár, og það skal sterk rök til þess að raska þeim grundvelli, ef hægt er að finna aðra leið til jöfnunar á kosningarrétti manna en að raska svo fornum grundvelli. Þessi héruð, sýslufélögin og bæjarfélögin, eru sjálfstæðar fjárhagseiningar og menningareiningar, sem eru orðnar svo samvanar til starfs, og það verða ekki búin til með lögum önnur héruð, sem betur séu til þess fallin að vera kjördæmi."

Þetta eiga að vera mín síðustu orð í þessari umr., og þau sanna, að það, sem ég hef haldið fram um þetta, er skilningur manna, sem eru vanir að fást við þjóðmál.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Hv. þm. V-Húnv. (SkG) benti á það dæmi gegn því, sem ég sagði um, að einmenningskjördæmin gætu leitt til óréttlátra úrslita, að stjórnarfar í Bretlandi væri skýr sönnun um hið gagnstæða. Þessu svara ég aftur á þann hátt, að þegar einmenningskjördæmin eru farin að skipta mörgum hundruðum, þau eru að ég hygg á sjöunda hundrað í Englandi, þá vaxa líkur á því, að óeðlilegt misræmi, sem verður í einu kjördæmi, vegist upp í öðru. En þar að auki hefur það komið fyrir í Englandi, að sá flokkur, sem hafði minni hl. greiddra atkvæða, fékk meiri hl. á þingi og tók þar með við stjórn landsins, en stjórnarandstaðan hafði á bak við sig meira þingfylgi en stjórnin.

Það hefði vel mátt benda á Bandaríkin líka og hefur oft verið gert. Þar er sömu sögu að segja. Þar er fjöldi kjördæmanna svo gífurlega mikill, auk þess sem þeim er breytt alveg reglulega, og þar hefur það líka komið fyrir, að maður hefur verið kosinn Bandaríkjaforseti, þótt hann hafi haft færri greidd atkvæði á bak við sig en sá, sem féll.

Út af því, sem hv. þm. Mýr. (HS) sagði hér, vil ég ítreka það, að það verður að líta á fleira en bara þau mál, sem eru fyrir sýslunefndum, þegar maður talar um það, hvort ein sýsla eða eitt hérað sé menningarleg og fjárhagsleg heild. Og þegar allt er saman tekið, þá hygg ég, að það muni ekki standast, að sýslurnar séu yfirleitt slíkar heildir.

Hann sagði einnig, að með þessu nýja kjördæmaskipulagi væri ekki verið að taka upp neinar nýjar einingar. Ég vil nú halda því fram, að kjördæmi, hvernig sem það svo er, sé ekki lítilvæg eining í þjóðfélaginu. Það er eining, sem hefur það hlutverk að kjósa menn til að sitja Alþingi Íslendinga. Það eitt er eining, sem ekki er rétt að misvirða.

Hans síðustu orð voru að tilgreina hér — í fyrsta skipti, að ég hygg, í þessum umr. með nafni — ummæli eftir Ásgeiri Ásgeirssyni frá þeirri tíð, er hann var forsrh., þar sem hann talaði um sýslurnar og kjördæmin. Ég vil leyfa mér — með leyfi hæstv. forseta — að lesa upp nokkrar setningar eftir sama mann og vil þá byrja á þessum orðum, sem hann sagði í umr. hér á Alþingi um kjördæmamál:

„Ég er ekki að afsaka það," sagði hann, „sem

ég sagði, að gömlu kjördæmin væru lífseig, því að það eru þau. Ég hef alltaf staðið á þeim grundvelli, að maður eigi að varðveita sem mest af því gamla, sem til er með þjóðinni, en gera endurbætur, sem jafna misrétti.“

Hann sagði einnig: „Við Íslendingar, sem erum ekki fjölmennir, ættum að geta sætt okkur við þetta, að viðurkenna jafnan rétt hver annars, hvar sem menn búa. Það ætti að vera krafa okkar litla þjóðfélags, að þessi réttur sé jafn. Og þó að einhverjar deilur rísi í sambandi við þetta mál, þá er það ekki sjúkdómseinkenni, heldur vaxtarverkir heilbrigðs þjóðfélags, sem ekki vill sætta sig við misrétti þegnanna.“ Hann sagði enn fremur: „Það læt ég ekki segja mér, að mannréttindi séu hættuleg þingræðinu og frelsinu.“ Hann sagði enn fremur: „Er stjórnarskráin of heilög til að breyta gömlum rangindum?“ Og hann sagði enn fremur: „Þróunin hefur jafnan gengið í jöfnunarátt. Frá því byrjað var að skipta veldissprota kosninganna upp á milli þegnanna, þá hefur jafnan stefnt í þá átt og mun ekki linna, fyrr en að fullu eru jöfnuð áhrif þegnanna. Þegnarnir hafa smátt og smátt verið afklæddir öllum mannamun. Réttinn til íhlutunar eiga nú allir jafnt án tillits til ýmissa eldri takmarkana.“ Og það geta orðið mín síðustu orð hér, höfð eftir sama manni: „Hans hátign, þjóðarviljinn, er hinn eini trausti grundvöllur undir nútíma þjóðskipulagi.“

Skúli Guðmundsson: Hv. 5. landsk. þm. (BG) var að lesa hér upp gömul ummæli eftir einum nafngreindum manni. Ég hlustaði. Ég bjóst við, að þarna kæmi fram eitthvað til stuðnings þeim málstað, sem hv. 5. landsk. er að beita sér hér fyrir, að leggja niður öll kjördæmin utan Reykjavíkur. En það er ekki með einu orði vikið að nauðsyn þess í þessu, sem hann las upp eftir hinn kunna mann, — ekki með einu orði.

Þessi hv. þm. endaði sitt spjall á því, að þjóðarviljinn, það væri hann, sem ætti að gilda. Fer hann eftir honum og þeir félagar hans, þegar þeir eru að krefjast þess, að kjördæmin úti um land verði lögð niður með lagafyrirmælum? Hvaðan hafa komið áskoranir úr þeim kjördæmum um að haga þessu þannig? Mér er ekki kunnugt um, að þær hafi neinar komið. En hitt er vitað, að almenningur þar er á móti þessu, og það hefur ekki verið bent á nein rök til stuðnings því, að það sé nauðsynlegt að hafa þennan hátt á.

Þeir, sem að þessu frv. standa, leggja ekki til, að það sé fækkað þingmönnum landsbyggðarinnar nema á einum stað. Þeir vilja svipta Austfirðinga einum þm. En hvernig stendur á því, að það má ekki kjósa þessa þm. úti á landi á sama hátt og verið hefur í þessum sérstöku kjördæmum, sem nú eru? Hvað er á móti því? Hvaða hætta stafar þjóðinni í heild af því, að þessu sé hagað þannig áfram? Þeir hafa ekki bent á það. Þeir hafa ekki bent á nein rök til stuðnings því, að það sé nauðsynlegt að gera þessa breytingu.

Frsm. meiri hl. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Svarið við spurningu hv. þm. V-Húnv. (SkG) er mjög einfalt. Það er nauðsynlegt að gera þessa breytingu til þess, að vilji íslenzku þjóðarinnar fái notið sín um skipun Alþingis. Eftir þeim reglum, sem nú gilda, er þjóðarviljinn svo skekktur hér á Alþingi, að það er stórhættulegt fyrir lýðræði og góða stjórnarhætti með þessari þjóð.

Í till. andstæðinga þessa máls er gert ráð fyrir því, að Íslendingar séu misgóðir eftir því, hvar þeir eru búsettir á landinu, að það sé betri og verri hluti Íslendinga til, þannig að það eigi að vera annars flokks lýður meiri hluti þess fólks, sem þetta land byggir. Sú stjórnskipun, sem hefur þetta að undirstöðu, fær ekki til lengdar staðizt með neinu móti.

Við játum, að það er eðlilegt, að fólkið í þéttbýlinu viðurkenni aðra aðstöðu sína með því að hafa að vissu marki hlutfallslega færri þm. en aðrir, ef allir þm. eru kosnir eftir sömu aðferð, þannig að hið staðarlega misrétti leiði ekki til algers flokkslegs ranglætis og ofræðis eins tiltekins flokks. Og það var mjög eftirtektarverð yfirlýsing hv. frsm. minni hl., þm. A-Sk. (PÞ), að hann lýsti því hér yfir, að afleiðing þessa frv. yrði, að héðan í frá mundu, svo langt sem við sjáum, flokkarnir njóta jafnréttis. Þetta er meginkjarni málsins, og barátttan, sem háð er gegn þessu máli, er einmitt vegna þess, að það er verið að standa á móti því, að þetta flokkslega jafnrétti geti átt sér stað.

Svo kemur hið einkennilega, að í öðru orðinu segja þessir hv. þm., að Framsfl. geri þetta frv. ekkert til, hann verði jafnsterkur eftir sem áður. Þetta var í prédikunum þeirra í gær, þetta er í forustugrein Tímans, þeirra aðalmálgagns, í morgun. En þeir segja einnig: Það er verið að halla á dreifbýlið, það er alls ekki verið að halla á okkur. — En þykjast þeir ekki einmitt koma hér fram sem málsvarar og vera hinir einu sönnu málsvarar fólksins, sem í strjálbýlinu býr? Ef þeim gerir þetta ekkert til og þeirra flokkur verður jafnsterkur eftir sem áður, þá fær það ekki staðizt, að þeir séu þeir einu sönnu málsvarar fólksins í strjálbýlinu og að þess hlutur verði skertur á þann veg, sem þeir segja. Þannig stangast allt í þeirra rökfærslu, sem von er, því að hún er tilbúin og á ekki stoð í staðreyndunum eða hinum stjórnmálalegu sannindum, sem hvert þjóðfélag verður að vera byggt upp á, ef vel á að fara.

Hv. þm. A-Sk. sagði í dag: Hið staðarlega misrétti er úr sögunni með þessu, af því að flokkarnir fá jafnrétti. — Það er svo, að það er að vísu, að flokkunum verður tryggt, svo langt sem við sjáum, jafnrétti. En í þeirri skipan, sem upp er tekin, er jafntryggt, að fulltrúarnir verða ekki kosnir af fólkinu í mesta þéttbýlinu nema tiltölulega lítill hluti, heldur eiga þeir það eftir sem áður undir fylgi í strjálbýlinu, hverjir þeirra ná kosningu, ekki síður en undir flokksfylginu.

Því er haldið hér fram, að það sé ekki verið að skapa neinar nýjar einingar. Hv. 5. landsk. þm. (BG) gerði grein fyrir því í sínum orðum

áðan, að hér er vissulega verið að skapa eða réttara sagt staðfesta mjög mikilsverðar pólitiskar einingar frá því, sem verið hefur, og þess vegna er talið um það, að litlu kjördæmunum, þeim fámennustu, sem verið hafi, sé rangt gert til og þau muni missa sína fulltrúa, — það tal fær með engu móti staðizt, vegna þess að þessi héruð verða hluti af þeirri stærri einingu, sem er verið að mynda. Og ef sérstakir skörungar, eins og ég tilnefndi hér í gær, eru úr þessum litlu kjördæmum, sem verið hafa, þá verða þeir að sjálfsögðu þm. fyrir hið stærra kjördæmi, eftir því sem mat flokksfólksins, kjósendanna, sem ákveða framboðið, segir til um. Þá er það ekki búseta hvers þm. innan kjördæmisins eða í kjördæminu, sem ræður, heldur það mat, sem þessi nýja eining hefur á hans hæfileikum. Og það tjáir ekki að miða hér við búsetu. Við vitum, að mikill hluti þm. er búsettur utan þeirra kjördæma, sem þeir eru kosnir úr, og það hefur verið talið, að ef lögskipuð væri búsetuskylda, væri það réttarskerðing gagnvart kjósendum, en ekki réttarauknig.

Varðandi talið um hina gömlu sýsluskipan, þá er með því verið að reyna að skipta þessari fámennustu af öllum sjálfstæðum þjóðum upp í sundurleita hópa, sem eiga sér enga stoð í veruleikanum. Ég fullyrði, að sú skipting eftir sýslum, sem hér er talað um og verið að setja svokallaða sjálfstæðisbaráttu sýslnanna til jafns við sjálfstæðisbaráttu íslenzku þjóðarinnar, að þessi hugsunarháttur á sér enga stoð með þjóðinni. Eins og hér hefur verið bent á hvað eftir annað í umr., er fólkið í þessum sýslum sjálft búið að brjóta af sér, eftir að staðhættir breyttust og atvik öll, hinar fyrri hömlur, ef þær nokkurn tíma hafa verið. Þess samtök ná langt út yfir sýslurnar, hagsmunir og margs konar áhugamál verða ekki lengur með neinu móti bundin við þessi gömlu skatthéruð konunganna.

Veikleiki sjálfrar röksemdafærslu andstæðinga þessa máls birtist bezt í því, að nú, þegar þeir loksins bera fram tillögu um, hvað þeir sjálfir vilji, og gera þó þann fyrirvara á, að þetta sé alls ekki sín meining, svo að við í raun og veru vitum enn þá ekkert, hvað það er, sem þessir menn í raun og veru eru að berjast fyrir, þá sleppa þeir að láta öll þessi blessuð sýslufélög fá sinn fulltrúa. Af hverju leggið þið ekki til, að Barðastrandarsýslu sé skipt eftir sýslufélögum alveg eins og Gullbringu- og Kjósarsýslu er skipt? Barðastrandarsýsla hefur a. m. k. um hálfa öld skipzt í tvö sýslufélög, fjárhagslegar heildir, menningarlegar og allt hvað þeir telja nú upp, að hvert sýslufélag mundi vera. Hitt er svo annað mál, að enginn nema einstaka, ja, ég vil segja fræðimaður, veit, að Barðastrandarsýsla er í raun og veru tvö sýslufélög, utan þessa héraðs sjálfs, og það er enginn skilsmunur á fólkinu eftir því, í hvorri sýslunni hvort um sig er. Og ég vil spyrja hv. þingheim: Hve margir ykkar vitið sýslutakmörkin milli Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem þó eru hér í okkar næsta nágrenni? Og hverjum dettur í hug, að sérstakt sýslureikningshald þessara tveggja héraða hafi nokkur áhrif á menningu, fjárhag eða líf fólksins í þessum héruðum? Við vitum, að sú rökfærsla, sem á öðru eins byggist, er tilbúin og á sér enga stoð í veruleikanum, eins og einnig kemur fram í því, að hv. andstæðingar sleppa ekki aðeins Barðastrandarsýslu, þeir sleppa einnig Bolungavík, sem nú er sérstakt sjálfstjórnarfélag með sinn sérstaka lögreglustjóra og sveitarstjórn. Þeir sleppa Sauðárkrókskaupstað, þeir sleppa Ólafsfirði, þeir sleppa Húsavík, þeir sleppa Neskaupstað, sem a. m. k. mörg eru ámóta mannmörg og t. d. Kjósarsýsla og Borgarfjarðarsýsla. Ef þeir vildu fara eftir þessari skiptingu, sem þeir segjast vilja fara eftir og vilja allt byggja á, þegar þeir segja, að ekki sé hægt að skipta Reykjavík niður í fleiri kjördæmi, þá yrðu þeir vitanlega að láta hvert af þessum sveitarfélögum fá sinn sérstaka þingmann.

En það er vissulega tími til þess kominn, að Framsfl. láti sér ekki nægja að gagnrýna það, sem aðrir koma fram með í þessu máli, heldur segi hreinlega, hvað það er, sem þið sjálfir viljið. Við erum hér allir þm. búnir að leita eftir samkomulagi við ykkur um þetta mál. Sá flokkur, sem ég tilheyri, við höfum tjáð okkur fúsa til þess að semja, hvort heldur um einmenningskjördæmi á öllu landinu eða um nokkur stór kjördæmi. Við hvoru tveggja kom blábert nei. Í dag heyrum við, að hv. frsm. segir: Það má alls ekki marka okkar brtt. um það, að það sé okkar meining. Nei, það er nú eitthvað annað. — Hvenær á leyndardómurinn að birtast?

Eysteinn Jónsson: Það eru aðeins nokkur orð út af því sumpart, sem hv. síðasti ræðumaður sagði. Hann sagði, að það væri óljóst, hvað framsóknarmenn vildu í kjördæmamálinu. Og hann sagði, að Sjálfstfl. hefði boðið Framsfl. upp á samninga, hvort sem væri um einmenningskjördæmi eða fá og stór kjördæmi.

Það verður að segja, að þeir virðast vera samvizkuliðugir í Sjálfstfl., ef það á að fara að halda því fram nú, að þeir hafi verið reiðubúnir til þess að innleiða einmenningskjördæmi um allt landið, jafnþokkalega og hv. frsm. og sjálfstæðismenn aðrir lýsa nú því fyrirkomulagi, því að það er ekki hægt að heyra annað á því, sem þeir halda fram, en að með því yrði lögleitt í landinu herfilegra ranglæti en nokkrum heilbrigðum manni ætti að geta dottið í hug. En þegar hv. 1. þm. Reykv. (BBen) og hans menn eru svo búnir heila tvo daga að lýsa því, hversu ferlegt ranglæti það væri að láta sér detta slíkt í hug, þá býður hann mönnum upp á þær tilkynningar í umræðulokin, að þeir hafi í raun og veru alltaf verið reiðubúnir til þess að lögleiða einmitt þetta fyrirkomulag, ef bara Framsfl. hefði viljað á það fallast, — það hefði ekki staðið neitt á öðru, — þetta fyrirkomulag, sem þeir eru búnir að lýsa á þessa lund, dæma óalandi og algerlega óferjandi. Þetta er nú málflutningur í lagi! Sannleikurinn er sá, að Sjálfstfl. hefur aldrei boðið Framsfl. upp á neitt í kjördæmamálinu. Þeir lögðu fram fyrir nokkrum árum vangaveltur um það,

að þeir vildu ræða um annaðhvort einmenningskjördæmi um allt landið eða nokkur stór kjördæmi, en það var alveg greinilega tekið fram, að flokkurinn væri klofinn um hvort tveggja, og hefur hv. 1. þm. Reykv. verið sjálfur óþreytandi að lýsa því í ræðu og riti, að þar hafi verið ágreiningur. Hér var því alls ekki um neitt tilboð frá flokknum að ræða eða neina stefnuyfirlýsingu, eins og líka nærri má geta af því, sem þeir hafa um þessa úrlausn sagt. Þetta eru nú heilindin.

En svo er líka ástæða til að taka það fram, að ef Sjálfstfl. hefði viljað ljá máls á slíku úrræði eða nálgast Framsfl. í þessu, ætli þeir hefðu þá ekki talað við Framsfl., áður en þeir réðu það algerlega fast með sér að lögleiða ásamt öðrum það fyrirkomulag, sem þeir nú eru að lögleiða? Ætli þeir hefðu ekki grennslazt eftir því, ef eitthvað væri að marka það, sem hv. þm. segir um þetta, hvort Framsfl. væri ekki reiðubúinn að leysa málið á annan hátt, ef einhver annar háttur var til, sem þeim var geðfelldari? En það gerðu þeir ekki. Þeir töluðu ekki einu sinni við Framsfl.-menn. Þeir ákváðu þetta án þess. Mundu þeir hafa gert það, ef þeir hefðu verið að leita að einhverri annarri lausn? Hver tekur alvarlega þennan málflutning, að það sé eiginlega Framsfl. að kenna, að Sjálfstfl. hafi slysazt inn á þessa leið í kjördæmamálinu, sem hann er nú að beita sér fyrir? Að hugsa sér þetta! Það er eiginlega farið að biðja afsökunar á þessu, þetta sé óviljandi, þetta sé framsóknarmönnum að kenna, að þeir eru nú að burðast við að innleiða þessi fáu og stóru kjördæmi. Ef framsóknarmenn hefðu bara haft rænu á því að tala við þá, þá skyldi þetta aldrei hafa skeð! Þetta er í raun og veru innihald þess, sem þessi hv. þm. var að segja hérna áðan, aðeins með ofur lítið öðru orðalagi. Þetta er laglegur málflutningur eða hitt þó heldur.

Væri nú ekki miklu manndómslegra að reyna að halda við þá línu út í gegn, að þetta fyrirkomulag sé heppilegast af öllu og að það sé því aðeins lögleitt, að það sé heppilegra en annað? Nei, það er ekki einu sinni, að það sé manndómur til þess að halda þessari hugsun eða þessari línu heilli, heldur er verið að fitla við, að það sé bara eins konar óhapp, að þetta hafi skeð, og Framsfl. að kenna. Ef framsóknarmenn hefðu bara haft betur gát á og kippt í sjálfstæðismenn, þá hefði þetta allt saman getað farið á aðra lund. Og þetta er niðurstaðan af tveggja daga umr. um það, hvað þessi leið sé ákjósanleg og hvað aðrar leiðir séu gersamlega ófærar.

Að sínu leyti eins og þetta var svar hv. 1. þm. Reykv., sem kom fram hér í gær. Það hafði verið sýnt fram á það með fyllstu rökum, hversu stórfelld hætta væri á því, að ýmsir landspartar yrðu algerlega út undan við þessa nýju kjördæmaskipun, sem nú væru sjálfstæð héruð og kjördæmi og hefðu fulltrúa fyrir sig. Og það var bent af hv. þm. V-Húnv. (SkG) í því sambandi á Vestur-Skaftafellssýslu og Norður-Þingeyjarsýslu sem dæmi. Hverju halda menn að hv. 1. þm. Reykv., frsm. meiri hl., hafi svarað þessu? Maður skyldi nú halda, að hann hefði reynt að sýna fram á, hversu tiltölulega auðvelt það væri fyrir þessa landshluta að koma vilja sínum fram innan hinna stóru kjördæma, og hefði reynt að sýna fram á það með rökum, að það væri engin hætta á því, að þeirra hlutur yrði fyrir borð borinn. Gerði hv. þm. þetta? Nei, hann sagði, að menn skyldu athuga, að það væri öllu óhætt, vegna þess að hv. 2. þm. Rang. (SvbH) mundi sitja áfram á þingi. Hann væri fæddur í Vestur-Skaftafellssýslu og hefði einu sinni verið þm. V-Sk. Þetta voru rökin. Það er sem sagt hreinleg játning um það, að þessi litlu héruð gætu kannske haft einhver ítök í manni, ef hann af tilviljun væri fyrir þingmaður á þessu svæði, en þá að sama skapi óbein játning um, að ef ekki væri neinu slíku að dreifa, þá hlyti þeirra hlutur að detta niður. Og ef þetta er svo sett í lófann, þá er röksemdafærslan sú, að af því að hv. 2. þm. Rang. er fæddur Skaftfellingur, þá er óhætt að breyta kjördæmaskipuninni á þennan hátt, það verður ekki að neinu tjóni fyrir litlu kjördæmin

Þá sagði hv. 1. þm. Reykv., að það væri nauðsynlegt að gera þessa breyt. núna, til þess að þjóðarviljinn yrði ekki skekktur og til þess að lagfæra misrétti. Það hefur nú verið sýnt fram á það með rökum, sem ómögulegt er að hrekja, að það er hægt að lagfæra misréttið án þess að leggja héraðakjördæmin niður. Það er hægt með því að fjölga kjördæmakjörnum þm. í þeim héruðum, þar sem fólkinu hefur fjölgað mest, samkv. þeirri miðlunartillögu, sem Framsfl. leggur fram. En þessa miðlunartillögu vilja, að því er virðist, hinir ekki á hlusta, því að þeir vilja ekkert annað heyra en að leggja héraðakjördæmin niður. En það er einmitt, eins og kom fram í því, sem hv. þm. Mýr. (HS) las hér upp, eftir þáverandi hv. þm. V-Ísf., núverandi hæstv. forseta landsins, auðvelt að haga þessu þannig, að hinn forni réttur héraðanna haldist, en lagfæra misréttið með öðru móti. Það er að vísu reynt að benda á ágalla á þeirri leið með því að segja, að þá hafi ekki öll kjördæmin nákvæmlega jafnmarga íbúa. En að slíku hefur aldrei verið hægt að keppa og er ekki keppt, þar sem reynt er að taka tillit til staðhátta ásamt íbúatölunni við kjördæmaskipunina. En það er það, sem þeir, sem standa að þessu máli, alls ekki vilja. En slík kjördæmaskipun, þar sem ekkert tillit er tekið til staðháttanna, heldur er aðeins litið á höfðatöluna, á engan rétt á sér, og hún er gerbylting frá því, sem verið hefur, og í raun og veru upplausn á því skipulagi, sem við höfum búið við frá öndverðu. Þetta er bezt, að menn geri sér algerlega ljóst, og þetta veit ég vel að þeim er ljóst, sem að þessu máli standa. Þess vegna er þetta mál ekki aðeins það, að verið sé að jafna misrétti, sem hægt er að gera með öðrum breytingum, heldur er hér verið að umbylta stjórnskipulagi landsins með því að fella alveg niður það sjónarmið að taka tillit til staðhátta, en það hefur verið annað aðalundirstöðuatriði í allri okkar stjórnarskipun frá byrjun.

Í þessu sambandi segir hv. 1. þm. Reykv., að þeir, sem séu á móti þessu máli, á móti þessari breyt., þeir vilji gera Íslendinga misgóða eftir því, hvar þeir búa á landinu. En má ég spyrja: Hefur ekki einmitt hv. 1. þm. Reykv. og hans menn verið að hrósa sér af því — beinlínis að hrósa sér af því, að eftir þessa byltingu, sem þeir vilja gera, verði það einnig þannig, að þeir, sem búa í höfuðborginni, verði fleiri að baki hverjum þm. en á sér stað annars staðar á landinu? Hefur hann ekki einmitt verið að hrósa sér af því, að þannig lagaðan mismun vildi hann gera? Eða ber að skoða þessar umr. allar og þessar ræður þeirra hv. þm., sem fylgja þessu máli, svo, að þetta eigi að vera aðeins til bráðabirgða og að með þessu meini þeir í raun og veru ekki neitt? Og það má mikið vera, ef það er ekki í raun og veru lykillinn að þeim hugsanagangi, sem verður vart við af þeirra hendi í sambandi við þetta mál. Hvernig hugsa þessir hv. þm. sér að tryggja þetta „flokkslega réttlæti", sem þeir eru alltaf að tala um, ef þeir ætla að hafa áfram miklu fleiri menn að baki hverjum þm. í höfuðborginni og þar sem þéttbýlið er mest en annars staðar? Hvernig ætla þeir þá að tryggja hið flokkslega réttlæti? Ef fylgið skiptist misjafnt á milli flokkanna eftir landshlutum, geta þeir aldrei tryggt flokkslegt réttlæti nema með því að sleppa algerlega hinu sjónarmiðinu og láta alls staðar vera jafnmarga menn að baki hverjum þingmanni.

Og sannleikurinn er sá, að það er ráðningin á þessari gátu, sem mörgum virðist vera, og þessum tvískinnungi í þeirra afstöðu, að þetta er það, sem þeir ætla sér. Og þeir vita, að þessu marki er ekki hægt að ná nema með því að leysa gömlu kjördæmaskipunina upp, og það er fyrsta skrefið. Síðan ætla þeir að halda áfram að útþynna vald byggðanna með því að fara inn á þá braut að láta alls staðar vera nákvæmlega jafnmarga kjósendur að baki hverjum þingmanni. Allt þetta tal þeirra um flokkslegt réttlæti stefnir beint að þessu marki. Og allt þetta ofurkapp um að leggja gömlu héruðin niður sem kjördæmi stefnir einnig beina leið að þessu marki.

Og það er meira í þessu, og það er það, sem hefur komið sérstaklega greinilega fram í þeim umræðum, sem hér hafa átt sér stað, og það er þetta, að þeim mönnum, sem fyrir þessu standa, er það ofurkappsmál, það kemur fram í umræðunum, að rífa líka gömlu sýsluskiptinguna niður. Þeir halda hér hverja hrókaræðuna á fætur annarri gegn sjálfri sýsluskipuninni, velja henni hin hæðilegustu orð, segja, að hún eigi engar rætur í hinni sögulegu þróun, og eins og hv. 1. þm. Reykv. sagði núna í sinni síðustu ræðu, að það mundi vart finnast maður, sem dytti í hug, að sýsluskiptingin væri í nokkru sambandi við líf fólksins í landinu. Þó eru sýslurnar þær félagslegu einingar, sem byggð hefur verið á um aldir sjálf stjórnskipan landsins. En það er alveg augljóst, að það er stefnt að því að rífa sýsluskiptinguna niður á eftir, og kemur þá að því, sem við gerðum ráð fyrir, sem höfum beitt okkur á móti þessu máli, að þetta væri bara byrjunin. Það væri meiningin að halda síðan áfram, rífa upp gömlu sýsluskipunina og draga þannig enn stórkostlega úr því valdi héraðanna, sem á þeirri gömlu skipan byggist.

Hv. 5. landsk. (BG) var sýnilega búinn að grafast eftir því, hvort það væru ekki veilur einhvers staðar að finna eða einhvers staðar hefði komið fram óánægjurödd með sýsluskiptinguna, og vitaskuld er, að það getur alltaf verið álitamál um einn eða tvo hreppa eða svo, hvar þeir ættu réttilega að eiga heima í sýsluskipuninni og hvort endurbætur gætu átt sér stað. Hv. þm. var sýnilega búinn að kynna sér þetta vandlega til þess að geta smeygt því að, að með skipunina væri nú þegar óánægja, sem hægt væri að fylgja eftir og nota til þess að rífa þetta skipulag algerlega niður. Enginn, sem hefur hlustað á þessar umræður hér í gær og í dag, efast um, að það er það, sem á að fara á eftir. En ég hygg, að það sé mikill misskilningur hjá hv. 5. landsk. þm., ef hann heldur, að þær óánægjuraddir eða sú gagnrýni, sem komið hefur fram á sýsluskiptingunni, t. d. á Fljótsdalshéraði, þýði, að þeir hinir sömu vilji leggja sýslurnar niður. Það er mikill misskilningur, ef hann heldur það. Það er allt annað, sem liggur þar til grundvallar, en að þeir vilji steypa þeim saman og leggja sýslurnar niður í sinni núverandi mynd. Það hafa á hinn bóginn komið fram tillögur um, að til viðbótar við sýslurnar séu gerðar nýjar félagslegar einingar úti um landið, sem væru fimmtungs- eða fjórðungsþing. En það á ekkert skylt við það að leysa hina fornu skipan upp, það hefur verið hugsað beinlínis til þess að styrkja og efla vald héraðanna frá því, sem það er nú.

Ég skal svo ekki þreyta frekari umræður að sinni. Ég taldi nauðsynlegt að taka þetta fram út af því, sem hv. forsvarsmenn málsins höfðu sagt nú síðast. En ég vil að lokum strika undir þetta: Ég bið menn að hugleiða, að í þessum umr. kemur það eins greinilega fram og verða má, að hér á að stíga aðeins fyrsta skrefið í framkvæmd áætlunar, sem hefur það að markmiði að gerbreyta alveg okkar stjórnskipun frá grunni í þá átt, sem ég hef bent á.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Allt tal hv. síðasta ræðumanns, 1. þm. S-M., um sýsluskiptinguna, um að verið sé að brjóta hana niður, er þessu máli, sem við erum hér að ræða, óviðkomandi. Það eru engin ákvæði í frv. því, sem hér liggur fyrir, um það að brjóta niður sýsluskiptinguna í landinu. Það eina, sem tengir þetta mál við sýsluskiptinguna, er það, að sýsluskiptingin eigi ekki áfram að vera grundvöllurinn að kjördæmaskipun í landinu, eins og hún var gerð á miðri 19. öld. En við viljum með þeim till., sem hér eru fram bornar, leggja til grundvallar kjördæmaskipuninni miklu líkara fyrirkomulag og skipan mála eins og hér var á þjóðveldistímanum með stærri kjördæmum, eins og nú er lagt til. Sýslurnar halda áfram sínu hlutverki að öllu öðru leyti en þessu, að vera grundvöllur undir kjördæmaskipun, sem komin er til, eins og margsinnis

hefur verið tekið fram, ekki úr okkar forna rétti, heldur frá erlendum konungum, meðan þeirra veldi var hér á landi.

Ég undrast að heyra það af munni hv. 1. þm. S-M. hér í lok umræðnanna, að það sé nú fyrst að koma fram og þá hjá hv. 1. þm. Reykv., að sjálfstæðismenn hafi verið viðmælanlegir og viljað ræða um annaðhvort einmenningskjördæmi eða hlutfallskosningar í stærri kjördæmum, en þó þannig, að sama kosningafyrirkomulag væri um gervallt landið. Ég hef ekki hér fyrir mér landsfundarsamþykkt Sjálfstfl., en það vill svo til, að hv. þm. A-Sk. hafði hana fyrir sér, landsfundarsamþykkt frá 1953, að ég hygg, og las upp úr henni fyrir þingheimi ekki alls fyrir löngu, þar sem einmitt er vikið að þessu tvennu: annars vegar einmenningskjördæmum eða hins vegar hlutfallskosningum í stærri kjördæmum. Og þetta er það sama, sem fram kom sem umræðugrundvöllur frá fulltrúum Sjálfstfl. í stjórnarskrárnefndinni einmitt um sama leyti, 1952 eða 1953. Það er mjög áberandi sársauki hjá hv. 1. þm. S-M., eins og ég vék að í fyrri ræðu minni, sársauki þess manns, sem að þessu leyti virðist vera að gera sér grein fyrir því, að hann hafi misst af strætisvagninum, og hann hefur kannske fengið einhverjar ábendingar um það frá sínum flokksmönnum, að þeim hefði nær verið, framsóknarmönnum, að láta sér skiljast, að það væri ekki hægt til eilífðar að standa á óréttlætinu og ranglætinu og betur væri að reyna að beygja af, áður en um seinan væri.

Það má segja, að í þessu máli er engin ein lausn sú aleinasta fremur en í mörgum öðrum. Tilraun hefur verið gerð til að koma á einmenningskjördæmum hér á landi, — ég hef ekki tekið eftir því, hvort það hefur spunnizt inn í þessar umr., — en þegar Hannes Hafstein flutti sínar till. 1905 um stór kjördæmi og hlutfallskosningar, sem síðan voru aftur til meðferðar á þinginu 1907, þá kom fram brtt. á þinginu um að taka upp einmenningskjördæmi. Sú till. féll með miklum meiri hluta atkvæða í þinginu. Hins vegar féll till. stjórnarinnar um hlutfallskosningar í stærri kjördæmum með eins atkvæðis mun aðeins, og sátu þó tveir þingmenn hjá þá, sem báðir höfðu efnislega lýst sig samþykka þessu. Svo langan tíma hefur tekið að fá breytingar á kjördæmaskipuninni. Og það er kannske komið í annað horf nú en hv. framsóknarmenn vildu hafa óskað, en þá einkum og sér í lagi vegna þess, að þeir hafa ekki, meðan tími var til, verið viðmælanlegir um þær sanngjörnu breytingar, sem eðlilegt var að ræða um og reyna að koma á í þessum málum.

Að lokum vil ég aðeins víkja að því, að þar sem hv. 1. þm. S-M. og þm. V-Húnv. tóku nokkuð út úr ræðu hv. 1. þm. Reykv. í gær um það, að hann teldi það til gildis eða að það mundi bjarga hinum afskekktari héruðum, eins og þeir höfðu eftir honum, að vissir þm., sem nú eru á þingi, gætu og væri mjög líklegt, að þeir mundu geta orðið góðir fyrirsvarsmenn þeirra afskekktu héraða, sem til voru nefnd, þá er auðvitað þetta ekki annað en að draga út úr öðru því, sem um þetta hefur verið sagt. Meginkjarni málsins er sá, að þegar skipunin um stærri kjördæmi er komin á, verða í hverju kjördæmi fimm eða sex þingmenn, sem eru þingmenn alls kjördæmisins í heild og alveg á sama hátt þess, sem nú er kallað afskekktari hlutar þessara einstöku kjördæma. Og þó að hv. 1. þm. Reykv. bendi á einstök atriði í þessu sambandi til styrktar því, að slík afskekktari kjördæmi eða hlutar þurfi ekki að kvíða fyrirsvarsleysi, þá er ekki þar með sagt, að frá meginatriðinu í röksemdafærslunni sé gengið, sem er sú, að eftir að breyting eins og þessi væri á komin, hafa þessir hlutar hinna stærri kjördæma alveg nákvæmlega sömu aðstöðu og sama rétt til þess að snúa sér að viðkomandi þingmönnum kjördæmisins, og eins er það víst, að þeir þingmenn, einstakir frambjóðendur og flokkar, sem fram bjóða í þessum kjördæmum, hafa að sjálfsögðu ekki minni hagsmuni af því hver um sig að gæta þess að halda uppi fyrirsvari fyrir þessa einstöku og afskekktari hluta og keppa þar um atkvæðin en annars staðar í kjördæmunum. Fyrir mitt leyti sé ég þess vegna ekki, að kvíðbogi manna í sambandi við þessa einstöku hluta hinna stærri kjördæma, að þeir þurfi að lenda út undan í fyrirsvari, fái með nokkru móti staðizt.

Eysteinn Jónsson: Hv. 5. þm. Reykv. hélt áfram að gefa í skyn, að Sjálfstfl. hefði slysazt inn á þessa leið í kjördæmamálinu, vegna þess að Framsfl. hefði ekki gætt hans nógu vel, ekki verið nógu vel á verði um að hnippa í hann um, að það ætti að fara aðra leið. Ég ætla ekki að endurtaka það, sem ég sagði um þetta hér áðan. Ég hygg, að það hafi verið alveg nægilega skýrt til þess að skýra viðhorfið að þessu leyti.

En að lokum vil ég aðeins segja þetta út af því, sem hv. 5. þm. Reykv. tók fram: Hann sagði, að það væri ástæðulaust að vera að tala hér nokkuð um það, að það ætti að leggja sýslurnar niður eða nokkur hefði slíkt í huga, það væru engin ákvæði um það í þessu frv. Ég held, að þeir, sem hafa hlustað á þær umræður, sem hér hafa átt sér stað, og heyrt þann tón, sem talað er í um sýslurnar, séu ekki í miklum vafa um það, hvað forráðamenn fyrir þessari áætlun álíta um sýslurnar. Það er rétt, að það er ekkert ákvæði um það í þessu frv., að það skuli leggja sýslurnar niður. Það var heldur ekkert ákvæði um það í stjórnarskrárbreytingunni, þegar uppbótarþingsætin voru lögleidd, að það skyldi leggja niður kjördæmin. Og það var ekkert ákvæði um það í síðustu stjórnarskrárbreytingu, sem gerð var varðandi kjördæmaskipunina um hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmum, að það skyldi leggja niður gömlu kjördæmin. Þvert á móti, það var svarið og sárt við lagt, að það kæmi aldrei til greina að leggja héraðakjördæmin niður. Og þegar þá var bent á það í deilunum um málið, að það ætti að vera aðeins áfangi á leiðinni að því marki að leggja héraðakjördæmin niður, vegna þess að tvímenningskjördæmin væru þröskuldur í vegi þess, sem forráðamenn þess-

ara mála raunverulega vildu, þá voru það kallaðar getsakir einar og því var mætt með þessum svardögum. En hver hefur reynslan orðið? Hver er reynslan að verða þrátt fyrir þessa svardaga? Þeir, sem hafa þessa reynslu fyrir sér, annars vegar um svardagana þá og heitstrengingarnar út af héraðakjördæmunum, og bera það saman við það, sem núna er sagt um sýsluskipunina og héraðaskipunina í landinu, þeir eru áreiðanlega ekki í miklum vafa um það, hvert verið er að fara.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá frá minni hl. stjskrn. á þskj. 430 felld með 22:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, SkG, StgrSt, SvbH, ÁÞ, ÁB, EirÞ, EystJ, HÁ, HS.

nei: ÓTh, PO, PP, RH, SÁ, ÁkJ, BG, BBen, EmJ, GÍG, GJóh, GÞG, IngJ, JóhH, JPálm, JS, KGuðj, KJJ, LJós, MJ, ÓB, EOl.

3 þm. (BÓ, GíslG, HV) fjarstaddir.

Brtt. 430 tekin aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 22:10 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 22:10 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23:9 atkv.

Á 117. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 368, 430).

Steingrímur Steinþórsson: Herra forseti. Mér þykir hlýða, áður en þetta mál, frv. til breytinga á stjórnskipunarlögum íslenzka ríkisins, fer hér út úr þessari hv. d., að segja örfá orð um málið. Ég hef ekki tekið þátt í þessum umr. fyrr í þessari d., og hafa þó umr. orðið miklar um það, eins og eðlilegt er og hlýtur að verða um mál eins og þetta, jafnumdeilt og það er og verður alltaf.

Ég vil í þessum fáu orðum, sem ég segi hér, reyna að taka það greinilega fram, hvers vegna ég er þessu frv. mótfallinn og það mjög mótfallinn. Ég veit, að örlög þessa máls eru ráðin, og þó að flutt séu rök gegn frv. og þeirri einu meginbreyt., sem þar er gerð, þá raskar það ekki því þriflokkasamkomulagi, sem gert hefur verið um þetta mál á milli þriggja flokka í þinginu.

Ég veit, að þetta frv. verður til ófarnaðar hinu íslenzka ríki, og mun það þó aðeins vera einn hlekkur í langri keðju, sem að sumu leyti er búið að mynda keðju að áður og nú á að halda áfram með til breyt. á stjórnskipunarlögunum. Að því kem ég aðeins síðar. Og það, sem að er stefnt, það vita allir, er að afnema réttindi og vald hinna einstöku landshluta, hinna einstöku héraða úti um strjálbýlið. Þetta veit hver maður, með hve miklu offorsi sem hv. flutningsmenn og fylgjendur málsins mótmæla þessu. Það, sem stefnt er að með þessu, ekki þessu frv. einu, heldur mörgu öðru, er að leggja allt slíkt vald í skaut hinnar hraðvaxandi höfuðborgar og næsta umhverfis hennar, svo að höfuðborgin og það þéttbyggða hverfi, sem í kringum hana er, verði allsráðandi á Alþingi og annars staðar. — Ég skýt því hér inn til gamans, að ég tók eftir því í Mbl. í gær, sem ég held að maður verði að telja höfuðblað þessara hv. þriggja flokka, sem að þessu frv. standa, — ég býst við því, að það sé sjálfsagt, það var minnzt á þessar umr. í þinginu og talað um, að þær væru orðnar langar, lá við, að farið væri að ræða um, að málþóf væri haft o. s. frv., og svo kom þessi einkennilega setning: og svo koma þingmennirnir með skrifaðar ræður. — Þetta átti að vera eitthvað sérstakt illt: að koma með skrifaða ræðu á þing til að ræða um mál eins og stjórnskipunarlög ríkisins. Ég veit nú ekki, hvers konar gasprarar geta skrifað svona kjánalega, mér er það ekki ljóst, en það er að mínum dómi óskaplegt að sjá þetta í aðalstuðningsblaði hæstv. ríkisstj. Ég verð að segja það. Og það lítur út fyrir, að asklokið, sem þeir hafa fyrir himin, þessir menn, sem svona skrifa, geti ekki náð nema hér rétt yfir Reykjavík og næsta umhverfi hennar. En þeir mega vel vita það, þessir menn og fleiri, að við erum margir enn, sem teljum, að hér sé um hið mesta alvörumál að ræða og það sé hreinlega með till., eins og þær eru fram bornar og eins og vitað er að sýnilega á að halda áfram að breyta þeim, þá sé með þessum till. verið að vinna að því að eyðileggja mikið af okkar fornu menningu og viðhorfi á ýmsan hátt. Mér finnst því alveg rétt og eðlilegt, að þeir, sem talað hafa í þessu máli, hafi margir vandað sinn málflutning, enda verð ég að segja það, að margar þær ræður, sem ég hlustaði á hjá andmælendum frv., voru geysivel samdar og hafa áreiðanlega komið nokkuð við kaun ýmissa fylgjenda málsins, og frá því sjónarmiði má kannske skilja þessi spakmæli í Morgunblaðinu í gær.

Ég get nú vel búizt við því, að margir, a. m. k. sem eru komnir á svipaðan aldur og ég, hafi hlotið oft og tíðum og kannske enn frekar á efri árum, þegar menn vita, að stutt er eftir af þessu striti hér hjá okkur, — hafi spurt sjálfa sig og kannske aðra líka: Hvert er erindi okkar mannanna á þetta tilverustig, sem við erum á hér? Ég býst við, að mörgum verði stirt um að svara þessu, og ég hef verið einn meðal þeirra, sem hafa verið óvissir um, hvernig ætti að svara því, og ég ætla ekki að fara að vera með neinar himnabollaleggingar um það, hvað taka muni við, þegar við förum héðan. Ég held við höfum nóg að basla með okkur og okkar málefni hér. En ég veit þó, hvernig ég vil svara því. Það er íslenzk menning, íslenzkt þjóðerni, sem við eigum að rækja, meðan við erum hér á þessu landi. Okkur hefur verið fengið þetta land hér við norðurheimskautið til umráða, og við vorum svo heppnir, að þegar forfeður okkar námu landið, var það í raun og veru ekki tekið frá neinum, a. m. k. ekki frá neinum mönnum, sem höfðu reynt eða höfðu möguleika til að nytja það og gera það að sæmilegum bústað fyrir fólk. Og það er ein sú stærsta gæfa, sem ég tel okkur hafa hlotnazt, að hafa ekki eins og svo víða annars staðar orðið að brytja niður saklaust fólk til þess að ryðja okkur til rúms.

Hlutverk okkar er því áreiðanlega það fyrst og fremst að byggja og nema þetta land, bæta það, eins og mögulegt er, nota auðsuppsprettur þess allar og gefa þær fólkinu eða láta fólkinu þær í té á sem beztan og auðveldastan hátt. Og þetta má ekki vera bara með einhverja smáskika á landinu. Við verðum að geta byggt, numið, ræktað og gert önnur mannvirki á landinu öllu, þ. e. a. s. í öllum byggilegum héruðum landsins. En þetta mál er í raun og veru í stórri hættu, það vitum við ósköp vel. Það er sú mikla ásókn fólksins að fara á einstaka staði, og það er eins og aðdráttaraflið sé því meira, þar sem fólkið er flest. Þess vegna er það, að við Íslendingar höfum einhverja allra stærstu höfuðborg í heimi miðað við mannfjölda, og það skapar alltaf stórkostlega hættu og stórkostlega mikil vandamál. Það er ekki eingöngu hér á Íslandi, sem þessi þróun er, síður en svo. Við vitum, að þetta gengur yfir öll lönd meira og minna, en hættan og vandræðin geta orðið meiri sums staðar og kannske mest eins og er hjá okkur, þar sem einn staður hefur þrútnað allt of mikið í hlutfalli við annað.

Ég veit, að þeirri skoðun skýtur upp, þó að það sé nú varazt að láta það í ljós hér á hinu háa Alþ. yfirleitt, en það eru margir, sem líta svo á með sjálfum sér, að í raun og veru ættu allir Íslendingar að vera við Faxaflóa og einhvern hluta af Suðurlandsundirlendinu, hitt landið megi og eigi að fara í eyði, þessar fáu hræður, 160—170 þús., sem hér eru nú, hafi ekki tök á því að nytja þetta land allt saman. Og þetta á sennilega ríkari hugsun í hugum margra en við gerum okkur nokkra grein fyrir. En þetta er að mínum dómi ein langhættulegasta kenning, sem til er. Ég er alveg sannfærður um það, að íslenzk menning, íslenzkt þjóðerni, það hyrfi og yrði einhver hrognagrautur úr því, sem enginn veit hvað yrði, ef svo færi, að svo að segja allt fólkið flyttist á tiltölulega mjög lítið svæði og mörg af okkar beztu byggðarlögum færu í eyði. Þetta hefur ekki orðið enn nema í smáum stíl, því betur, en hættan er geysilega mikil, og það verður a. m. k. að vera sagt, hve hættan er geigvænleg, ef hugsanlegt væri, að nokkrir menn fleiri en nú virðast gera gætu skilið það.

Eitt er í þessu sambandi, sem ég get ekki annað en nefnt líka, það er, að með því alþjóðasamstarfi, sem nú er og við Íslendingar erum flæktir í geysilega mikið og getum ekki annað en verið með í áfram, mundi okkur alls ekki líðast það að láta mikið af góðum byggðarlögum hér á Íslandi fara í eyði. Það yrði tekið til afnota af einhverjum útlendingum. Eftir þeirri geysiöru fólksfjölgun, sem er yfirleitt í heiminum og virðist munu halda áfram að vaxa, er mjög sennilegt, að innan skamms komi að því, að það verði að fara að nytja lönd miklu betur en enn er gert, og því meiri er hættan, ef verulega góð byggðarlög stæðu opin fyrir þessum hugsunum og þeir segðu sem svo: Við getum vel sett eina millj. manna eða svo inn á Ísland. Það er auðséð, að þeir hafa ekkert ráð á að nytja sitt land, og það þarf ekkert nema eitthvað dálítið af fjármagni til þess að gera þetta. — Þetta veit ég að er stórhætta og verður vaxandi hætta í framtíðinni.

Og þið kannske spyrjið: Hvers vegna nefni ég þetta hér? Ég nefni þetta í sambandi við þetta frv., af því að sú breyting á stjórnskipunarlögunum, sem hér er lagt til að gerð verði, stefnir í þessa átt, það er ég sannfærður um. Hún stefnir í þessa átt. Hún stefnir að því að minnka rétt héraða í strjálbýli, flytja fólk til Reykjavíkur og nágrennis hennar, m. ö. o.: hún stefnir að því að sentralísera stjórn og vald sem mest hér í höfuðborginni og næsta umhverfi. Þessu er mótmælt af flytjendum málsins og það með mjög sterkum orðum, af þeim mönnum, sem nota þann málflutning yfirleitt, en þetta er algerlega tilgangslaust, því að hver einasti maður veit, að þetta er rétt. Hver einasti maður veit, að þetta er rétt og þetta er tilætlunin. Sumir kannske fylgja málinu af því, að þeir skilja ekki eðli þess nægilega vel, eða af því, að þeir hafa ekki nægilega mikið sjálfstæði til að vera á móti því, jafnvel þó að þeir séu með sjálfum sér á móti því. Það vita allir t. d., hvað vakir fyrir Alþfl. í þessum málum. Hann hefur ekki farið dult með það, og vel sé honum fyrir það. Hann vill hafa landið eitt kjördæmi, og hann hefur haldið því fram í þessum umr. og meðferð mála nú, að það sé það, sem að er stefnt. Hann er nú ekki, eins og er a. m. k., mjög stór flokkur, og ekki hefur hann meiri hluta til þess að koma þessu fram. En hverju væri hægt að treysta hinum flokkunum í þessu efni? Það vantar ekki, að það hafi verið höfð stór orð um þetta mál. Kann vel að vera, að búið sé að vitna í þau áður í þessum umr., ég hef ekki alltaf verið við. En það gerir þá ekkert til, þó að þau séu endurtekin einu sinni enn.

T. d. hv. formaður Sjálfstfl. sagði á Alþingi 1942, þegar þá var stjskrbreyt. til meðferðar og afgreiðslu, þá lagði hann spurningar fyrir Framsfl. og sagði: „Vill Framsfl. aðhyllast fyrri till. Alþfl. um, að landið sé allt eitt kjördæmi? Sjálfstfl. gengur aldrei að þeirri lausn. Eða vill Framsfl., að kjördæmin séu fá og stór," segir hv. form. Sjálfstfl. „Ég veit ekki um einn einasta þm. Sjálfstfl. að undanskildum hv. 4. þm. Reykv., Sigurði Kristjánssyni, sem það vill. Og Sjálfstfl. gengur aldrei að þeirri skipan."

Þetta er sagt um stór kjördæmi 1942 og það af sjálfum foringja Sjálfstfl., Ólafi Thors. Hvers vegna hann er að skeyta þarna skapi sínu á vini mínum og sýslunga Sigurði Kristjánssyni og gera hann að einhverjum svörtum sauð og fórnarlambi fyrir flokkinn þá, því að þá var talið ódæði innan Sjálfstfl. að nefna þessa hluti, það veit ég ekki. Mér finnst Sigurður ekki eiga það skilið, því að einlægari og einfaldari þjónustu hefur enginn maður veitt sínum flokki en Sigurður Kristjánsson gerði, það get ég vitnað um. En Sigurður hefur ábyggilega verið spámaður þá, því að nú virðist svo, að hver

einasti þm. Sjálfstfl. sé kominn á þá skoðun hans og fylgi henni ákveðið. Það leynir sér ekki.

Ég veit ekki, hvort ég á að fara að vitna í annan höfuðforingja Sjálfstfl., herra Bjarna Benediktsson, 1. þm. Reykv. Þó langar mig til að lesa hérna eftir hann, það er víst búið að gera það áður kannske, en það er mjög lærdómsríkt að lesa það, af því að þau ummæli eru miklu yngri. Þau eru ekki nema eitthvað 5 ára, en hin voru 16—17 ára. Þar segir hv. 1. þm. Reykv.: „Þvert á móti mundi skipting Reykjavíkur t. d. í 16 eða 17 kjördæmi hafa í för með sér miklu nánara samband þm. og kjósenda en verið hefur. Þingmaður mundi miklu betur en nú vita, hvað kjósendum hans líði, og eiga þess kost að greiða fyrir mörgum áhugamálum þeirra og veita einstaklingunum sams konar fyrirgreiðslu og þm. utan af landi verða að veita sínum kjósendum. Þetta yrði aukin vinna og umstang fyrir þingmennina, en ég þori að fullyrða, að að því yrði mikill ávinningur fyrir kjósendur.“

Þetta eru ekki mjög gömul ummæli, eins og þið vitið allir, hv. þm. Og þau eru mjög ákveðin, eins og þessi hv. þm. er vanur að hafa sín ummæli, þegar hann talar. Og hann fer ekki í neinar grafgötur með það, að það væri stór ávinningur að hafa einmenningskjördæmi hjá því að hafa kjördæmin það stór, að enginn einn þm. getur annað því að kynna sér þau til hlítar og vera forustumaður og þjónn allra þeirra, sem í kjördæminu búa, eins og þingmennirnir raunverulega eru, a. m. k. utan af landi.

En ég bara skil ekki, jafnvoldugur flokkur og Sjálfstfl. er, hvers vegna í ósköpunum hann er með nokkurra ára millibili og oftar að gefa svona yfirlýsingar, svona ákveðnar yfirlýsingar. Það er ekki tæpt á neinu. „Aldrei nokkurn tíma,“ segir Ólafur Thors um að koma á stærri kjördæmum, og aftekur enn meir þó með að gera landið að einu kjördæmi. En ég er sannfærður um, að það verður tæplega áratugur liðinn, þegar Sjálfstfl. verður snúinn með því að hafa allt landið eitt kjördæmi. Og þá sver hann af sér allt, sem hann er búinn að segja áður um þessa hluti.

Og það er þetta, sem ég sagði áðan, að ég væri viss um, að þetta frv. væri þrep eða spor í þá átt að skrílmenna þjóð okkar að nokkru leyti. Það gerum við, ef við stöndum ekki fyrst og fremst vörð um okkar strjálbýli. Okkar þjóð þolir það ekki, að hún hrúgist saman á einn einasta stað. Þá fer um okkur eins og varð á mestu niðurlægingartímum, þegar Danir voru alráðir hér og allir hér í Reykjavík, sem voru nú ekki margir í þann tíð að vísu, voru orðnir það danskir, að þeir kunnu ekki íslenzku. Og þeim, sem eitthvað kunnu íslenzku, þótti jafnvel skömm að því að tala hana. Það var búið alveg að skrílmenna þjóðina á þennan hátt þá. Þetta vita allir. Það var fólkið úti um landið, í sveitunum og smáþorpum hingað og þangað, sem þá stóð vörðinn og stóð af sér gerningarnar. Annars væri ekki til íslenzk tunga, annars væri ekki til íslenzk menning í þessu landi.

Mikið hefur breytzt. Við höfum fengið margar stofnanir, góða skóla og margt, sem enginn skal vanmeta. En það dugir bara ekki. Það dugir ekki, ef það er ekki fólkið sjálft og það fólk, sem er ekki allt of mikið hrúgað saman, sem er þó yzta varðlínan, sú sem verður að taka á móti höggunum, sú sem verður að taka á móti því, sem að henni er rétt í hvert skipti. Og það er þetta, sem gerir það að verkum fremur öllu öðru, hvað ég er mjög andvígur þessu frv. Við skulum ekki taka lengra, ég ætla ekkert að fara að rekja það, en þróunin allt frá 1931 og til þessa dags hefur sannað það áþreifanlega, að það er alltaf slegið undan í þessu efni. Og það er ásókn um það að afnema rétt héraðanna að miklu leyti og það jafnvel þótt jafngóður maður og hv. 1. þm. Reykv. hafi sagt fyrir fáum árum, að það væri stór kostur að skipta öllu landinu niður í einmenningskjördæmi, einmenningskjördæmafyrirkomulagið væri miklu betra fyrir kjósendurna, einmitt til þess að þm. væri forustumaður að nokkru leyti, en að öðru leyti þjónn kjósenda. Og svo eigum við að trúa flokki eða flokkum, sem láta forustumenn sína hafa svona orð fyrir sér og breyta svo alveg þveröfugt við það eftir örstuttan tíma.

Ég endurtek það, sem búið er að segja áður, en það vita allir, að Framsfl. var fús til stórra breytinga á kjördæmaskipuninni til þess að koma á móti þeim, sem telja það hafa verið alveg sérstaka nauðsyn til þess að ná höfðatölu svonefnds réttlætis að miklu leyti. Það var hægt að koma þessu fyrir á ýmsan hátt, eins og við vitum, án þess að raska við sjálfri meginkjördæmaskipuninni. Það er síður en svo, að ég álíti hana einhvern helgan dóm, sem megi ekki að einhverju leyti breyta, eftir því sem viðhorf eru. En þegar reynslan hefur sannað allt frá endurreisn Alþingis, að einmenningskjördæmafyrirkomulagið hefur reynzt bezt og traustast, þá er það svo mikil fljótfærni og að mínum dómi svo stórkostleg vitleysa, svo að ég hafi ekki stærri orð um það, hrein flónska að vera að afnema það fyrirkomulag á þennan hátt eins og hér er gert.

En það er ekki ástæða til fyrir mig að flytja hér tómt mál. Ég get þó ekki annað en látið bæði undrun og hryggð í ljós — og getur það náttúrlega hitt mig eins og aðra hv. þm. — yfir þeim ósköpum, að ekki skuli hafa verið tekin fyrir endurskoðun á öllum stjórnskipunarlögunum, öllum þáttum þeirra, þrátt fyrir allar þær nefndir, sem setið hafa að störfum nú um undanfarin 15 ár, allt frá 1944. Það yrði áreiðanlega myndarlegra og betra á allan hátt, ef nú hefði nefnd, ný n., ef allar hinar væru uppgefnar, sem áður hafa verið, verið sett til þess að fara alvarlega í stjórnskipunarlögin og reyna að ná samkomulagi milli allra flokka á Alþingi um breytingar, sem nauðsynlegar væru á þeim öllum. Þetta hefði getað tekizt, ef þetta ofstæki hefði nú ekki endilega þurft að grípa þessa ágætu þriflokka hér að skipa sér saman

um þetta mál og ætla að knýja það fram án tillits til alls annars. En þetta er ég alveg sannfærður um að hefði verið hægt, og ég tel mestar líkur til, að það hefði náðst samkomulag, sem allir flokkar hefðu getað sætt sig við.

Ég hef ekki dregið dul á það í þessum fáu orðum, sem ég hef sagt, og býst ekki við að tala oftar í þessum umræðum, kannske ekki heldur á Alþingi, en ég vil ekki draga dul á það, að ég er þessu máli andvígur, og eftir því sem minn litli máttur má, þá skal ég vera þessu frv. eins óþarfur og unnt er að vera í þeirri kosningabaráttu, sem fram undan er. Ég veit það, að ég megna lítið í sjálfu sér, en þó er ekki gott að vita, nema dropinn holi steininn, og ef margir einbeita sér að því sama, getur það haft nokkur áhrif. A. m. k. finnst mér, að það sé ástæðulaust að vera að fjargviðrast yfir því, þó að allmiklar umræður verði um þetta mál nú hér á Alþingi. Ég tel það alveg sjálfsagt, að menn fái að tala, eins og þá lystir, ef það er gert á sómasamlegan og þinglegan hátt, enda hafa umræðurnar yfirleitt að mínum dómi verið þannig. En ég er sannfærður um, að einhvern tíma mun verða séð eftir þeirri braut, sem hér er farið inn á, með því áframhaldi, sem auðséð er að á að vera um þetta mál framvegis. — Svo skal ég ekki hafa þessi orð fleiri.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil gjarnan nú við 3. umr. ræða ofur lítið almennt um þetta mál, sem er eitt hið stærsta, sem komið hefur fyrir á hæstv. Alþ. nú um alllanga hríð, bæði um meðferð þess og nokkuð almennt um efni þess.

Eins og eðlilegt er, hefur verið rætt allmikið í þessum umr. fram að þessu um stefnu Framsfl. og tillögur hans í kjördæmamálinu, og því hefur verið haldið fram, að það væri ekki fullt samræmi í afstöðu Framsfl., eins og hún var mótuð nú á síðasta flokksþingi, og þeim brtt. og till., sem flokksmenn eða þingflokkur framsóknarmanna flytur eða beitir sér fyrir nú á hæstv. Alþingi.

Eins og augljóst má verða af samþykktum síðasta flokksþings framsóknarmanna, er meginstefna Framsfl. sú að byggja kjördæmaskipunina á héraðaskiptingunni í landinu í meginatriðum, hafa hana sem leiðarljós, eins og raunar hefur verið frá öndverðu. Þetta er grundvallarstefnan í málinu, og annar meginþátturinn í grundvallarstefnunni er líka sá að hafa einmenningskjördæmi sem aðalreglu, en breyta því aðeins út frá þeirri aðalreglu um einmenningskjördæmin, að í hlut eigi mjög svo fjölmenn héruð eða byggðarlög, sem þá mundu vitaskuld vera kaupstaðir, — því aðeins breyta út frá þeirri meginreglu, að í þeim allra fjölmennustu byggðarlögum, sem ættu rétt á fleiri en einum þm., yrði viðhöfð hlutfallskosning. Þetta er byggt á því, hversu mjög miklum erfiðleikum það er bundið að skipta kaupstöðunum niður í einmenningskjördæmi, og veit hver maður, sem er kunnugur t. d. í höfuðborginni, að þannig er þessu varið. Það er mjög miklum erfiðleikum bundið að skipta borg eins og Reykjavík og búta hana niður í einmenningskjördæmi. Og ef slíkt væri gert, mundi það líka brjóta í bága við þá meginstefnu að hafa héraðaskipunina sem aðalgrundvöll að kjördæmaskipuninni. Það er hægt að brjóta þá stefnu með tvennu móti: annars vegar með því að setja saman af handahófi í eitt kjördæmi fjölmörg héruð og hins vegar einnig með hinu mótinu, að búta einstök héruð niður í mjög mörg kjördæmi, þar sem þó engar landfræðilegar ástæður eða aðrar slíkar ástæður væru fyrir slíkri skiptingu. Þessi er meginstefnan í málinu. Það nægir í viðbót við þetta að gera sér grein fyrir því, hversu erfitt væri að finna eðlileg kjördæmamörk í borg eins og Reykjavík, sem er ein fjárhagsleg heild og ein heild, hvernig sem á byggðarlagið er litið. Gefur auga leið, hversu gífurlegum erfiðleikum það er bundið að búta slíkt byggðarlag niður í fjöldamörg einmenningskjördæmi.

Nú má segja, að þegar þessi undantekning er hugsuð frá einmenningskjördæmareglunni, þá sé á því sá ágalli frá sjónarmiði þeirra, sem aðhyllast eintóm einmenningskjördæmi, að í þeim kaupstöðum, þar sem hlutfallskosningar væru, gætu gallar hlutfallskosninganna vitanlega komið fram. En þeir eru m. a. hættan á því, að flokkum fjölgi, og ýmislegt fleira í þá átt, sem hefur verið greinilega tekið fram í umr. En þess ber að gæta, að það stafar miklu minni hætta af slíkum ágöllum, þegar þeir geta ekki komið fram nema máske í einu eða tveimur byggðarlögum á landinu, stafar miklu minni hætta af fyrir þróun þjóðmálanna í landinu yfirleitt heldur en ef slíkt er meginreglan og hefur ekki neitt svipuð áhrif á uppbyggingu flokkanna í landinu eins og hitt, ef teknar eru upp hlutfallskosningar um gervallt landið í örfáum stórum kjördæmum. Það mun valda gerbreytingu í þessu efni. En þótt hlutfallskosning sé í einu eða tveimur byggðarlögum af þeim ástæðum, sem ég hef lýst, þá er það ekkert sambærilegt við það, ef hlutfallskosning er tekin upp sem meginregla.

Varðandi hitt atriðið, að það sé hugsaður minni réttur fyrir fólk í þeim byggðarlögum, þar sem hlutfallskosning væri viðhöfð undir þessum kringumstæðum, þá er það að segja, að ein höfuðástæðan til þess, að einmenningskjördæmi eru æskileg og heppileg í einstökum héruðum úti um landið, er einmitt sú, hversu náið samband verður í þeim á milli þm. og kjósendanna og hversu óviðráðanlegt það verður að halda uppi slíku sambandi, ef kjördæmin eru höfð stór. En þessi hætta á því, að sambandið slitni á milli þingmanna og kjósenda, er alls ekki til staðar í kaupstöðunum, t. d. eins og í Reykjavík, þótt þar væri áfram um hlutfallskosningar að ræða. Hún er alls ekki til staðar, vegna þess að það er mjög auðvelt að halda uppi sambandi við kjósendurna í slíkum kaupstað, þótt þar séu viðhafðar hlutfallskosningar. Það er sem sé alls ekki á nokkurn hátt sams konar þörf fyrir einmenningskjördæmi í slíku kaupstaðarbyggðarlagi eins og í héruðunum úti um land. Þetta ætla ég að hver sanngjarn maður geri sér fullkomlega ljóst. Og þegar þetta er skoðað, sem ég hef nú verið að

taka fram, þá kemur það greinilega í ljós, að stefna Framsfl. í þessu máli er mjög skýrt mótuð og glögg. Aðalgrundvöllurinn er, að kjördæmaskipunin skuli byggjast á héraðaskipuninni í landinu í höfuðdráttum. Það er ekki þar með sagt, að það verði ævinlega nákvæmlega þannig, að hver sýsla sé kjördæmi, en það yrði höfuðstefnan.

Eins og tekið er fram í ályktun flokksþingsins, álítur Framsfl., að þessu skipulagi ættu ekki að fylgja nein uppbótarþingsæti. Nú segja menn: Framsfl. hefur ekki flutt till. um þetta á Alþingi þessa dagana eða brtt. um þetta, sem ræðumaðurinn er að lýsa, heldur um önnur efni.

Till. flokksins nú á Alþingi er í fyrsta lagi sú, að málinu sé frestað til næsta árs með það fyrir augum, að stjórnlagaþing fjalli um málið, en stjórnarskrárnefndin taki allt stjórnarskrármálið til íhugunar til næsta árs, — þar næst til vara, ef þessu er hafnað, að breyta þessu stjórnarskrárfrv., sem hér liggur fyrir, þannig að láta héraðakjördæmin halda sér, eins og þau hafa verið, hætta við að leggja þau niður, en bæta þingmönnum við á þeim svæðum í landinu, sumpart með því að stofna ný kjördæmi, sumpart með því að bæta þingmönnum við í eldri kjördæmum, þar sem fólkinu hefur fjölgað mest. Þetta eru brtt. þær, sem fyrir liggja.

Hvers vegna flytur flokkurinn þessar till., en ekki brtt. við frv. um að setja það í þann búning, sem hann vildi sjálfur helzt hafa stjórnarskrána? Fyrir þessu eru ósköp einföld rök, sem hvert mannsbarn getur skilið, sem nokkra æfingu hefur í því að átta sig á meðferð mála. Ástæðan er augljóslega sú, að við höfum enga von um, að neinn hinna flokkanna vilji, eins og nú standa sakir, fallast á okkar sjónarmið, okkar stefnu í þessu máli, sem sé þá stefnu að byggja algerlega á héraðaskipuninni og hafa einmenningskjördæmi alls staðar nema í fjölmennustu kaupstöðunum og afnema uppbótarsætin. Við höfum enga von um það og vitum upp á hár, að hinir flokkarnir vilja alls ekki ljá máls á þessu. Og okkur er það algerlega ljóst, að ef við legðum við þessar ástæður fram þessar till. og ekki neinar aðrar till., þá yrði það bara til þess, að þriflokkarnir mundu segja: Þarna sjáið þið, Framsfl. er ekki viðmælanlegur um neitt það í kjördæmamálinu, sem nokkur annar flokkur vill líta við. Hann einangrar sig þess vegna algerlega í þessu máli, og hinir flokkarnir eru tilneyddir að taka það algerlega í sínar hendur. Flokkurinn vill ekki á neitt hlusta nema sína eigin stefnu, og hún nálgast ekki það, sem hinir vilja fallast á. — Þessu mundi verða haldið fram, enda vantaði það ekki, að þegar flokksþingið hafði mótað stefnu Framsfl., þá heyrðist strax þessi söngur úr herbúðum þriflokkanna. Þetta er okkur vel ljóst. Þegar svo þess er gætt til viðbótar við þetta, að Framsfl. hefur undanfarið verið að reyna að vinna að þeirri málamiðlun í kjördæmamálinu, að það væri hætt við að leggja niður héraðakjördæmin og farin í staðinn sú málamiðlunarleið, sem Framsfl. stingur nú upp á í sínum brtt., þegar það bætist við, að flokkurinn hefur undanfarið einmitt verið að reyna að vinna að þessu, og það vita hinir flokkarnir, þá fannst okkur það alveg einsýnt að láta hér á hæstv. Alþ. koma fram einmitt málamiðlunartill. okkar, að flytja hér þá lausn, sem við erum reiðubúnnr að fallast á til samkomulags við hina flokkana. Þá getur enginn sagt, að við höfum ekki viljað taka neitt tillit til annarra. Okkar till., sem við flytjum hér, þýða það, að þó að við vildum hafa stjórnarskrána öðruvísi, eins og við höfum greint þjóðinni frá, þá mundum við vilja vinna það til þess að bjarga héraðakjördæmunum, af því að við álítum þau stórfelldan þátt og grundvallarþátt í allri stjórnskipuninni, — þá mundum við vilja til þess að bjarga héraðakjördæmunum fallast á, að uppbótarsætin héldust áfram 10 talsins, eins og þau yrðu eftir okkar tillögum. Og við mundum líka vilja falla frá því að halda því til streitu, að alls staðar utan Reykjavíkur og stærstu kaupstaðanna yrðu sett upp einmenningskjördæmi. Í þessu tvennu erum við, eins og tillögurnar bera vott um, alveg reiðubúnir að slaka til, enda yrði þá á það fallizt, að héraðakjördæmin héldu áfram að vera til. Við lítum á það sem stórfellda undirstöðu í öllu málinu, einmitt þetta, að þau verði ekki lögð niður. Og við viljum með þessu móti líka ganga það langt að sætta okkur við það til samkomulags, að þingmenn yrðu 60, eins og þriflokkarnir hér hafa lagt til, þó að við teldum ekki ástæðu til eftir okkar skipulagi, að þingmenn yrðu svo margir.

En þessi undarlegi tónn hjá hv. formælendum þessa máls, að stefna Framsfl. sé óglögg í þessu efni og að þessar till., sem við nú leggjum hér fram, séu ekki í beinu samræmi við stefnu flokksins, sem flokksþingið markaði, — þetta einkennilega tal þeirra um þetta kemur af því, að þeim þykir það miklu verra, að við skulum hafa boðið upp á þessa málamiðlun, því að það, sem þá virðist hafa vantað í þetta mál, var að geta talið fólki trú um, að þeir hefðu eiginlega verið neyddir til þess að fara út á þessa braut og semja við hina af þessum þremur um það, sem þeim hefði í raun og veru verið alveg á móti skapi, vegna þess að Framsfl. hefði ekki viljað ljá máls á neinu nema stefnu flokksins sjálfs, eins og hún var mótuð á flokksþinginu. Með þessu hefðu þeir viljað hver um sig afsaka sig, og það sýnir eðli þessa máls, að það þarf afsökunar við. Með því móti vildu þeir afsaka sig, að þeir hefðu orðið að leggja út í þetta fremur en eitthvað annað betra, sem þeir hefðu kannske getað, ef Framsfl. hefði ekki verið, eins og þeir mundu túlka það, of staður í málinu.

En með þessari afstöðu sýnir Framsfl. það alveg glöggt, að þetta er gersamlega ástæðulaust tiltæki — alveg gersamlega ástæðulaust tiltæki — og árás af hendi Sjálfstfl. t. d., sem hefur af og til verið að telja sig vilja viðhalda byggðavaldinu í landinu og hafði sterkar yfirlýsingar um það áður, eins og hv. síðasti ræðumaður rækilega sýndi fram á. Þessi afstaða framsóknarmanna núna og tillöguflutn-

ingur þeirra sýnir, að sjálfstæðismenn hafa enga afsökun fyrir því að svíkja sínar fyrri yfirlýsingar um þetta efni og ganga gersamlega þeim á bak, því að það lá opin fyrir lausn á kjördæmamálinu, sem gerði þeim mögulegt að standa við það, sem þeir höfðu lofað. En þeir bara vildu ekki standa við það, sem þeir höfðu lofað, þó að þeir gætu það. Þeir vildu heldur ganga algerlega á bak sínum fyrri yfirlýsingum en að standa við þær, þó að það væri alveg á borðinu þingmeirihluti til þess að leysa málið á þann hátt, að þeir gátu staðið við þær. Og þess vegna kemur það sér dálítið illa pólitískt séð fyrir sjálfstæðismenn og kannske fleiri í þessu máli, Alþýðubandalagsmenn sennilega að sumu leyti líka, því að þeir leika tveim skjöldum í þessu máli á dálítið svipaðan hátt, þeir þykjast halda þessi ósköp upp á byggðavaldið, en stinga rýting í bak þess á sama hátt, — það kemur sér illa fyrir þessa aðila, að Framsfl. kemur fram í þessu efni alveg fyrir opnum tjöldum og hreinskilnislega og lætur koma fram bæði sína aðalstefnu á sínu flokksþingi og svo, hvað hann er reiðubúinn að fallast á til þess að bjarga héraðakjördæmunum, lætur það koma greinilega fram einmitt á hæstv. Alþingi.

Það hefur komið fram úr herbúðum sjálfstæðismanna, að það hafi í raun og veru staðið á Framsóknarflokksmönnum að leysa málið á hagfelldari máta, að því er mönnum skilst, fyrir byggðirnar, t. d. eftir einmenningskjördæmaleiðinni. Ég hef áður lýst því og skal ekki endurtaka það, að því fer fjarri, að Sjálfstfl. hafi nokkru sinni snúið sér til Framsfl. og sagzt vera reiðubúinn til þess að leysa þetta mál á þeim grundvelli. Fram að þessu hafa þeir ekkert gert annað en að tvístíga í málinu, og þeir töluðu ekki einu sinni við Framsóknarflokksmenn til þess að kynna sér, hvaða leið þeir vildu, áður en þeir bundu sig í því, sem hér liggur fyrir, enda var það ekkert einkennilegt, þegar þess er gætt, að þetta er framhald af þeirri áætlun, sem Sjálfstfl. hefur alltaf haft uppi í erminni um það að leggja héraðakjördæmin niður, þegar hann þyrði að fleyta því máli.

Framsfl. stakk upp á því í vetur, þegar þáttaskil urðu í málefnum landsins, að mynduð yrði þjóðstjórn til þess að standa fyrir efnahagsmálunum og deilunni við Breta í landhelgismálinu og vinna að því að reyna að koma á samkomulagi um lausn stjórnarskrármálsins. En á það var ekki hlustað, því að þá var verið í óða önn að koma á þessu samsæri gegn héraðakjördæmunum, sem nú er komið í dagsins ljós. Og Sjálfstfl. ætlaði sér að nota Alþfl. í það, því að Alþfl. var orðinn skelfingu lostinn vegna fylgistaps, sem fram hafði komið í bæjarstjórnarkosningunum, og miður sín út af því, að þeir héldu, að þeir mundu hvergi koma manni að til frambúðar, nema þeir fengju alveg gerbreytingar á sjálfri stjórnarskránni. Og þetta vandræðaástand og þessa örvinglun Alþfl. notfærði Sjálfstfl. sér svo á mjög óviðurkvæmilegan hátt til þess að fá þá út í þetta tilræði við héruðin og héraðakjördæmin, sem nú á að reyna að koma fram. Um það er svo ekkert hugsað, þótt öll efnahagsmál landsins verði færð gersamlega í hnút á því tímabili, sem það tekur að koma þessu fram, en slíkt hlýtur að verða niðurstaðan, eins og nú horfir, augljóslega. Það eru samþykktar hreinar blekkiráðstafanir í efnahagsmálum, sem eru við það eitt miðaðar að leyna því fram yfir síðari kosningarnar, ef unnt væri, hvernig raunverulega er ástatt. Það er gert með því að leggja hundruð millj. kr. af fé þjóðarinnar til þess að greiða niður verðlag á vörum, lækka kaupgjald stórlega og afurðaverð til landbúnaðarins, taka síðan framkvæmdafé til þess að greiða niður nokkurn hluta af þessum gífurlega háu niðurgreiðslum, en byggja afgreiðsluna þó að mestu leyti á þann hátt að dragnast með þessar niðurgreiðslur sem stórfelldan halla, sem verður kominn síðast á þessu ári í efnahagskerfið. Síðan eiga menn eftir kosningarnar að glíma við að jafna þennan gífurlega halla, bæði að því er framtíðina varðar og líka að greiða upp þá stórkostlegu súpu, sem þá verður safnað. Þetta eru áætlanir þessara flokka um að láta reka á reiðanum í efnahagsmálunum þann tíma, sem það tekur að koma héraðakjördæmunum fyrir kattarnef. Síðan á á eftir að notfæra sér það nýja viðhorf, sem orðið er í landinu, til þess að ganga enn þá lengra á þeirri braut að skera niður fjárframlög til framkvæmda víðs vegar um landið og kasta því í dýrtíðarsvelginn og reyna þannig að hjálpa sér til að kaupa einhvers konar stundargrið eftir skipulagsbreytinguna og tvennar kosningar.

Ætli það hefði ekki verið farsælla fyrir þjóðina og fyrir landið, að hv. þríflokkar hefðu fallizt á tillögur framsóknarmanna um þjóðstjórnarmyndun, sem hefði reynt að ná viðtæku samkomulagi um raunhæfar ráðstafanir í efnahagsmálunum, viðtæku samkomulagi um stjórnarskrármálið og kjördæmabreytinguna og haldið fast á málstað þjóðarinnar gagnvart ofsóknum og ofbeldi Breta í landhelgismálinu, en að efna til þess, sem nú er verið að gera, og á þann hátt, sem það er gert? Og hver missti nokkurs í við, að þessi háttur væri á hafður? Hvaða tækifæri gátu þríflokkarnir t. d. tapað með því að fallast á þessa lausn, að gera þessa tilraun? Hverju gátu þeir tapað? Ef þeir voru ekki til viðtals við Framsfl. um neina skynsamlega lausn á stjórnarskrármálinu, þá gátu þeir alveg eins næsta vor tekið upp þennan þokkaleik, sem nú er leikinn með héraðakjördæmin, eins og að gera það núna. Sannleikurinn er sá, að það vantar alla heila brú í afstöðu þríflokkanna og þeirra, sem fyrir þessu standa, og hér er ofstopinn einn að verki og ofurkappið.

Ég hef gert með örfáum orðum grein fyrir stefnu Framsfl. í kjördæmamálinu. Ég hef undirstrikað sumt af því nokkru nánar, sem ég áður hef sagt um brtt. þær, sem flokkurinn flytur eða fluttar eru af flokksins hendi í kjördæmamálinu, og hvers vegna þær eru einmitt svona, eins og þær eru, en ekki öðruvísi. Ég hef rifjað hér upp till. framsóknarmanna um það, hvernig á málum skyldi haldið yfirleitt

í stað þeirrar framkvæmdaráætlunar, sem nú er í gildi, og sýnt fram á það með rökum, sem aldrei hefur verið gerð tilraun til þess að hnekkja, að það lá ekkert á að hlaupa í þetta á þessa lund, og það gat ekki skaðað neinn að fara að eins og Framsfl. stakk upp á.

Ég vil þá í framhaldi af þessu fara nokkrum orðum um málið sjálft almennt, sem fyrir liggur, og aðdraganda þess.

Kjördæmamálið hefur nú verið til meðferðar alltaf af og til síðustu áratugina, eins og öllum er kunnugt. Ég ætla ekki að fara að rekja þá sögu hér neitt ýtarlega, þó að það gæti verið full ástæða til þess, því að það er á margan hátt merkileg saga. En ég ætla bara að minna á það, sem aðeins hefur verið drepið á áður í sambandi við þessar umræður, að það, sem nú er að ske, er í raun og veru þetta: Það er verið að taka upp aftur í höfuðdráttum þá áætlun um gerbyltingu í stjórnskipulagi landsins, sem þau sömu öfl, þó að það séu ekki nákvæmlega þeir sömu flokkar, — þau sömu öfl, sem að þessu standa núna, ætluðu sér að gera 1931. Þá var búið að gera samning á milli, — ég man nú ekki, hvort flokkurinn hét þá Íhaldsflokkur eða Sjálfstæðisflokkur, það skiptir nú ekki máli, það er alveg sama tóbakið, — samning á milli Íhaldsflokksins eða Sjálfstæðisflokksins, sem þá var, og Alþýðuflokksins um það að lögleiða fá og stór kjördæmi í landinu með hlutfallskosningum. Og það stóð til, að þessir aðilar sameinuðust um ríkisstj. til þess að hrinda þessu í framkvæmd. En þá var þannig háttað, að Framsfl. hafði stjórn landsins með hlutleysi Alþfl., og sú stjórn hafði þingrofsvaldið í sínum höndum, og þá skaut þáv. ríkisstj. málinu til þjóðarinnar með þingrofi 1931, áður en andstæðingar hennar höfðu getað sameinazt um nokkuð á Alþingi eða gert nokkra nýja löggjöf um þetta efni. Það fóru fram mikil átök þá um þetta mál víðs vegar um landið í kosningunum, og niðurstaðan varð sú í þeim kosningum, að meiri hluti þeirra þingmanna, sem kosnir voru, var á móti því að gera þessa skipun, svo að þetta tilræði fór út um þúfur, ekki fyrir það, að forráðamenn Alþfl. eða forráðamenn Sjálfstfl. sæju að sér, heldur fyrir það, að fólkið tók í taumana í kjördæmunum sjálfum og neitaði að kjósa þá á þing til þess að leggja kjördæmin niður. Síðan varð sá háttur á, þegar til Alþingis kom, að þeir gátu ekki komið þessari fyrirætlun fram og urðu að semja um málið. Og þá var samið um málamiðlun, þannig að innleidd voru uppbótarsæti, en héraðakjördæmin urðu áfram, var samþykkt, að þau skyldu standa áfram. Og það var sá stórkostlegi sigur, sem vannst 1931, að þetta lið, sem ætlaði sér þá strax að gerbylta héraðaskipuninni og afnema héraðakjördæmin, varð algerlega undir í kosningunum. Þjóðin tók í taumana og neyddi þetta lið til undanhalds á þennan hátt í samningum á Alþingi.

Ég veit ekki, hvort menn vilja reyna að leiða nokkrum getum að því, hvernig ástatt væri núna á Íslandi, ef þau öfl, sem núna vilja leggja héraðakjördæmin niður, hefðu fengið vilja sínn fram strax 1931. Það er máske erfitt að segja um slíkt. Ég held, að það sé þó ekki vandasamt að gera sér grein fyrir því fyrir þá, sem eitthvað hafa komið nálægt þjóðmálastarfi og þjóðmálabaráttu, að öll atburðanna rás í landinu hefði orðið allt önnur en hún hefur orðið undanfarið, ef þeir hefðu komið þessu fram. Það er alveg óhugsandi, að áhrif byggðanna og áhrif héraðanna á fjármálastefnuna, á efnahagsmálastefnuna, á löggjafarstarfið á Alþingi yfirleitt hefðu orðið nokkuð í líkingu við það, sem verið hefur undanfarna áratugi, ef þetta hefði komizt fram þá. Og það er af ástæðum, sem ég skal koma að ofur lítið síðar, þegar ég rifja upp örlítið þá hættu, sem í þessari breytingu felst fyrir héruðin og fólkið, sem þar á heima.

Næsti stórviðburðurinn varðandi kjördæmaskipun landsins er svo sá, að 1942 er rokið til og tekin upp krafan um hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmum. Og sú krafa er þá tekin upp, eins og raunar oft áður hefur verið haft á oddi, til þess að jafna metin á milli flokkanna. Það er alltaf sagt: Flokkarnir fá ekki þingsæti í hlutfalli við atkvæðatöluna, og þess vegna þarf að jafna þarna metin. En þeir, sem voru kunnugir þessum málum og vissu, hvernig þræðirnir lágu, vissu alveg, hvað á bak við bjó þessa baráttu 1942 um hlutfallskosningarnar í tvímenningskjördæmunum. Það, sem var að gerast, var ekkert annað en einfaldlega þetta, að þau öfl, sem allan tímann hafa stefnt að því að framkvæma áætlunina frá 1931 um að leggja héraðakjördæmin niður, voru að stíga eitt skref áfram á þeirri braut með því að reyna að fá nýja liðsmenn við þá stefnu inn á þing, kosna minnihlutakosningu í tvímenningskjördæmunum. Þar var verið að reyna að ná í nokkra nýja liðsmenn, sem gætu orðið liðtækir, þegar lokahöggið yrði greitt í málinu. Þetta var mjög rækilega bent á, þegar þetta mál var þá til meðferðar, þessi stjórnarskrárbreyting. Var mjög rækilega bent á hér á hv. Alþingi þá einmitt, að það væri þetta, sem væri að ske. En því var mjög illa tekið af formælendum málsins, eins og því hefur ævinlega verið illa tekið, að það væru gefnar réttar upplýsingar um það, hvert verið væri að fara. Það var sagt, að þetta væru getsakir einar, og einmitt í því sambandi var gefinn út hinn sterki svardagi, sem hv. 1. þm. Skagf. vitnaði hér til í dag, af hendi aðalforustumanns Sjálfstfl., Ólafs Thors, að þetta væru svo auvirðilegar getsakir og svo fjarri öllum sanni, að hann vildi lýsa því yfir hátíðlega, að Sjálfstfl. gengi aldrei inn á það að innleiða fá stór kjördæmi í landinu með hlutfallskosningu. Og þannig setti hann málið upp þá, að ef bara Framsfl. stæði sig og gengi ekki inn á þetta, þá þyrftu menn ekkert að óttast. Þetta yrði þá aldrei gert. Þetta kom fram í tilefni af því, að á það var bent í umræðum þá, að hér væri aðeins um áfanga að ræða í áætlun, sem stefndi að því að leggja héraðakjördæmin niður. Og það er eftirtektarvert, að þá var ekki talað um það eins og tiltækilegt úrræði, sem við væri hlítandi af hendi fólks úti um land, að

leggja þessi kjördæmi niður, það var ekki þá búið að finna upp kenninguna um „giftinguna“ eða kenninguna þessa hérna: „Sameinaðir stöndum við, sundraðir föllum við“ o. s. frv., o. s. frv. Það var ekki búið að finna þá upp neitt af þessu. Nei, það var talað um þetta þá eins og hreint ódæði, sem bara þeir allra illkvittnustu úr liði framsóknarmanna hefðu hugmyndaflug til þess að láta sér detta í hug að foringjar Sjálfstfl. hefðu í hyggju. Það var þá talið fullkomið ódæði. En nú aftur á móti á að bjóða mönnum upp á hitt, eins og ég var að lýsa hér áðan, að í raun og veru sé þetta allt aðeins til styrktar fólki víðs vegar úti um landið og byggðarlögunum, að leggja kjördæmin niður. Það sé bezt fyrir menn, að það sé sem allra mest í einum „bunka“, og þá náttúrlega langbezt að hafa allt í einum haug, sem sé landið eitt kjördæmi, því að þessi „röksemdafærsla“, ef menn skyldu leyfa sér að kalla þetta rök, það mætti setja það í gæsalappir, hún leiðir auðvitað beint til þess, enda vitum við náttúrlega nokkurn veginn, hvað á bak við þetta allt saman liggur. Hér var sem sagt 1942 stigið fram eitt skref í málinu, og því fylgdu svo þessir svardagar, sem ég hef verið að lýsa, og allir sjá, hvernig stefnir um þá.

Í beinu framhaldi af þessu vil ég ræða ofur lítið um þær yfirlýsingar, sem málinu fylgja núna, og það, sem nú er borið á borð, sem einna helzt mætti teljast hliðstætt við þessa svardaga frá 1942. Hvað er það? Það eru yfirlýsingarnar um, að því fari svo alls fjarri, að með þessu sé verið að útþynna allan hinn sérstaka rétt byggðanna, að hann sé þvert á móti algerlega í heiðri hafður. Að vísu er nú alltaf látið fylgja þar með, að frá margra sjónarmiði mætti náttúrlega helzt gagnrýna þetta á þeim grundvelli, að það væri í þessu gert ráð fyrir því, að fólk fjarlægt höfuðborginni hefði fleiri þingmenn en aðrir tiltölulega samanborið við fólksfjölda. Það mætti náttúrlega að þessu finna. En menn skyldu ekki fara langt út í það, þetta væri öðlingsbragð þeirra, sem stæðu fyrir þessu máli, þetta væri hin þýðingarmikla viðurkenning yfirherranna í málinu og vottur þess, hversu þeir skildu vel sérstöðu fólksins, sem gæti ekki daglega haft samband við Alþingi. Þetta er þá það, sem nú á að vera tryggingin. Það er þessi öðlingsþáttur í málinu. Það er enn þá gerður þarna þessi munur og gefið í skyn, — það eru engir svardagar núna, og það er kannske vegna þess, að brennt barn forðast eldinn. En það er með allsterkum orðum lýst sem stefnu, að þannig eigi þetta að vera.

En á þessu er eitt „nóta bene“, sem full ástæða er til þess að gefa gaum og sýnir mjög vel, hvað á bak við þetta býr og hversu mikið upp úr þessu er að leggja, þegar búið er að taka þær hömlur frá, sem núna felast í héraðakjördæmunum. Og það eru þessar margendurteknu yfirlýsingar hv. stuðningsmanna málsins um, að það, sem umfram allt verði að eiga sér stað og vera aðalsjónarmið, sé að skapa hið flokkslega réttlæti. Með öðrum orðum: ef það kemur fram í einhverjum kosningaúrslitum á Íslandi, að flokkarnir hafi ekki nákvæmlega jafnmarga þingmenn hver um sig samanborið við kjósendatölu hvers um sig, þá er kjördæmaskipunin byggð á óverjandi ranglæti, og þessir menn lýsa því yfir æ ofan í æ, að það sé hið flokkslega réttlæti, sem þurfi að ná, og það verði ekki staðar numið fyrr en því er náð.

En hvað þýðir þetta? Hvað þýðir þetta „nóta bene“, sem fylgir þessum öðlingslegu yfirlýsingum um sérstöðu byggðanna enn sem fyrr, þær verði að hafa þann sérstaka rétt, að það séu færri kjósendur bak við hvern þm. þaðan en úr því stóra plássi, sem næst liggur Alþingi? Hvað þýðir þetta „nóta bene“? Það er yfirlýsing um það frá forráðamönnum þessa máls, að ef fólkið úti um landið kýs flokkana í nákvæmlega sömu hlutföllum og fólkið í Reykjavík, þá skal það hafa þennan rétt, en annars skal hann af því tekinn. Þessi yfirlýsing þýðir þetta. Fólkið skal hafa þennan rétt úti um landið, á meðan það kýs flokkana þar nákvæmlega í sömu hlutföllum og gert er t. d. í Reykjavík, en ef það leyfir sér að styðja einn flokkinn öðrum fremur hlutfallslega úti um land en gert er í höfuðborginni, þá er komið flokkslegt ranglæti í úrslit kosninganna, og þá þarf að breyta stjórnarskipuninni til þess að leiðrétta það. Þetta er lokamarkið, sem keppt er að, og þetta er það „nóta bene“, sem er á hinni öðlingslegu yfirlýsingu Sjálfstfl. um skilning hans í þessu efni.

Menn mega hafa þennan rétt, ef þeir t. d. kjósa hlutfallslega eins mikið Sjálfstfl. úti á landi og þeir gera í Reykjavík, þar sem fleiri kjósendur eru á bak við hvern þingmann. En ef það er ekki gert og það mikil „skekkjan“, að uppbótarsætin nái ekki að „jafna“, þá verður að breyta stjórnarskránni. Og þannig verður haldið áfram, þangað til hinar öðlingslegu yfirlýsingar um þetta efni eru vitanlega orðnar að hreinni markleysu, alveg á sinn hátt eins og yfirlýsingarnar frá 1942 um það, að aldrei skyldu lögð niður héraðakjördæmin.

Hvernig í ósköpunum dettur þessum hv. forráðamönnum málsins í hug, að það sé hægt að sameina það tvennt að ætla fólki víðs vegar um landið að vera færra að baki hvers þm. en t. d. í höfuðborginni, en tryggja jafnframt undir öllum kringumstæðum flokkslegt réttlæti, eins og þeir kalla það, í úrslitum kosninga? Slíkt getur vitanlega með engu móti samrýmzt. Og yfirlýsingar um, að lokamarkið sé, að tryggt sé að fullu flokkslegt „réttlæti“, eru hreinlega yfirlýsingar um, að landið skuli í reynd, hvort sem það verður formlega eða ekki, gert að einu kjördæmi. Og þá, þegar við athugum þetta, förum við betur að skilja, hvílíkt ofurkapp er lagt á að berja niður héraðaskiptinguna, eins og hún er núna, því að hún er óneitanlega verulegur þröskuldur í því að koma því endanlega skipulagi á að útþynna þetta allt í eitt. En ef héraðaskipunin er slegin niður og búið að setja þessi stóru kjördæmi svona, sem eiga sér ekki nein eðlileg söguleg tengsl og engin eðlileg héraðaleg mörk, þá er ekkert lengur í veginum fyrir því að valta og skalta

með þetta, eins og mönnum sýnist. Og það er vitanlega því miður meiningin, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði skýrt og greinilega. Og það er það ömurlega við þetta, að margir af þeim, sem standa að þessu máli, finna þetta og sjá, en hafa einhvern veginn dregizt inn í þetta og hafa sig ekki í að gera uppreisn í móti þessu.

Það hefur í sambandi við þetta mál verið talað mikið um réttlæti og ranglæti og mismunandi áhuga manna fyrir hvoru tveggju, og Sjálfstfl. hefur m. a. mjög lagt áherzlu á áhuga sinn fyrir réttlætinu. Í því sambandi er fullkomin ástæða til þess að minna á það, að 1953 hafði Sjálfstfl. í bili tapað áhuga sínum fyrir kjördæmamálinu. Og fyrir hvað var það? Það hefur sjálfsagt ekki verið fyrir það, að þeir væru sofnaðir á réttlætisverðinum. Það má víst ekki bera þeim slíkt á brýn. En fyrir hvað var það? Það var samt bara fyrir það, að þeir þóttust sjá hilla undir, að þeir mundu geta marið hreinan meiri hluta á Alþingi samkv. kjördæmaskipuninni, eins og hún var. Og þá var reiknað út og sá boðskapur látinn út ganga rétt fyrir kosningarnar 1953, að ef örfáir menn í örfáum héruðum létu af sínum þráa og styddu Sjálfstfl., þá mundi fást hreinn meiri hl. Sjálfstfl. í þeim kosningum, sem þá áttu að fara fram. Og það var mikil áherzla lögð á, að þá mundi skapast heilbrigður, þingræðislegur meiri hl. í kosningunum og renna upp ólíkt betri öld, þegar einn flokkur gæti þannig haft hreinan meiri hluta og framkvæmt sína flokksstefnu. M. ö. o.: þeir voru alveg reiðubúnir til þess að taka við og hafa allt eftir sínu höfði með um 37% atkvæða að baki. Þá var ekkert talað um réttlæti né ranglæti, og þá klígjaði ekki við neinu slíku. En aftur á móti 1956 lá við borð, að umbótabandalagið fengi hreinan meiri hl. á þingi með samstarfi í kosningunum og að vísu nokkru lægri atkvæðatölu í heild, en engu, sem máli skipti í „prinsipinu". En þá var ofur lítið annað hljóð í strokknum. Það var nánast túlkað eins og það ætti að vinna ofbeldisverk, ef umbótabandalagið leyfði sér að hugsa til þess að stjórna landinu á meiri hluta, sem þannig væri fenginn á löglegan hátt eftir stjórnskipunarlögum landsins. Það var sem sagt svolítið annað mál, þegar aðrir áttu í hlut en Sjálfstfl. Og það var ekkert meira eða minna en það, að þá skilst manni að Sjálfstfl. hafi á nýjan leik öðlazt réttlætisáhugann og áhugann fyrir því að taka upp réttlætismálið á nýjan leik. En sannleikurinn í þessu er auðvitað sá, að þegar Sjálfstfl. taldi sig sjá hilla undir, að hann gæti fengið hreinan meiri hl. með óbreyttri kjördæmaskipun, þá sá hann ekki neinar knýjandi ástæður til þess að berja fram gömlu áætlunina um að leggja héraðakjördæmin niður. En þegar Sjálfstfl. var alveg vonlaus um þetta, þá sá hann, að það varð að halda áfram miskunnarlaust og knýja sig í að framfylgja gömlu áætluninni um að leggja héraðakjördæmin niður. — [Fundarhlé].

Herra forseti. Ég vil segja, að það sé ákaflega hæpið að halda umr. um svona stórmál áfram, nema helztu forráðamenn málsins, þ. e. a. s. aðalflm. og einhver hluti hæstv. ríkisstj., séu viðstaddir í deildinni. Ég man ekki eftir því og hef þó verið alllengi á hv. Alþingi, að það hafi yfirleitt tíðkazt að hafa umr. um stærstu málin án þess, að einhverjir þeirra, sem fyrir málunum standa, séu viðstaddir. Ég vil því spyrja hæstv. forseta, hvort honum fyndist nokkuð óeðlilegt, að það væri tekið fundarhlé og ég gerði þá hlé á ræðu minni, þangað til einhverjir af þeim mönnum, sem standa fyrir þessu máli, mættu á deildarfundi. (**Forseti:** Já, ég skil þetta. Ég hef beðið starfsmenn þingsins að bera þessi tilmæli frá mér til forsvarsmanna málsins.) Ætli það væri þá ekki rétt, að ég biði og gerði hlé á ræðu minni á meðan. (**Forseti:** Jú.) Mér er þá óhætt að fara í sætið án þess að það verði skoðað sem ræðulok. (**Forseti:** Já.) — [Hlé].

Ég ætlaði þessu næst að minnast ofur lítið á upptöku málsins.

Þegar lýðveldið var stofnað á Íslandi 1944, var ákveðið, að stjórnarskráin skyldi tekin til sérstakrar endurskoðunar með það fyrir augum að setja lýðveldinu nýja stjórnarskrá, en til bráðabirgða var henni breytt aðeins í þeim atriðum, sem snertu breytingu úr konungdæmi í lýðveldi. Í þessu sambandi voru settar á laggirnar nefndir til þess að skoða stjórnarskrána. Ég hef ekki tíma til að rekja þá sögu hér að neinu ráði, þó að hún sé út af fyrir sig merkileg og væri að réttu lagi efni í sögulegan kafla í sambandi við þetta mál allt saman og upptöku þess. En til þess að gera langa sögu örstutta vil ég aðeins minna á, að 1947 var sett fjölmenn nefnd í þetta mál, sem sumpart var þingkjörin og sumpart stjórnskipuð. Henni var ætlað að skoða stjórnarskrármálið í heild. Störfum þessarar nefndar miðaði mjög hægt áfram, eins og kunnugt er, og olli því vafalaust, að einstakir menn og einstakir flokkar höfðu ekki gert upp að fullu hug sinn um stjórnarskrármálið, hvorki kjördæmaþáttinn né heldur aðra veigamikla þætti, sem til álita áttu að koma. Setti þetta að sjálfsögðu svipmót sitt á störf nefndarinnar. Það var ekkert undarlegt, þó að orðið gæti nokkuð langur starfstími slíkrar n., við því var ekki nema eðlilegt að búast. Það er örðugt mál viðfangs, stjórnskipun landanna, og margt, sem kemur til greina, og ekki við því að búast, að hægt sé að afgreiða slík mál á örstuttum tíma, enda varð raunin sú, að n. sat ár eftir ár, án þess að nokkur endanleg niðurstaða yrði í henni. Það voru lagðar fram, sem mætti kalla bollaleggingar af hendi sjálfstæðismanna um kjördæmamálið í n., eins og lýst hefur verið í þessum umr. En það var eingöngu um bollaleggingar að ræða, sem jafngiltu því, að nokkur hluti flokksins vildi halda í austur í þessu máli, en annar hluti flokksins í vestur. Var ekkert á slíku hægt að sjá, hvert þessi flokkur var að fara, því síður að með þessum bollaleggingum væri nokkur grundvöllur lagður að úrslitum málsins í stjórnarskrárnefndinni né annars staðar.

Á hinn bóginn kom fram ein alveg ákveðin till. í n. um það frá fulltrúa framsóknarmanna,

að sú breyting ein væri gerð á stjórnarskránni, að stjórnarskrármálið yrði leyst á stjórnlagaþingi, til þess að leysa stjórnskipunarmálið út úr öðrum málum þjóðarinnar og reyna að greiða það úr þeim málum, sem flokkar myndast um í landinu, prófa, hvort með því móti mætti ekki takast að fá fram þann raunverulega þjóðarvilja um stjórnskipunina og kjördæmamálið ekki síst. Fyrir þessu voru færð rök þá og hafa verið færð rök hér nú í þessum umr., og skal ég alls ekki endurtaka þau, en ég vildi aðeins minnast á þetta núna og rifja það upp enn einu sinni, að um þetta kom fram till. af hendi fulltrúa Framsfl. í n., sem fékk ekki neinar undirtektir þar. Og þannig stóðu þessi mál í n. æði lengi, að niðurstaða varð engin.

Formaður þessarar n. var hv. 1. þm. Reykv. (BBen), annar af aðalforráðamönnum Sjálfstfl. Honum hefur verið legið á hálsi nú í þeim umr., sem orðið hafa um stjórnarskrármálið og kjördæmamálið, að hann hafi ekki haldið störfum þessarar n. áfram, þegar hann sá, að hreyfing var að komast á stjórnarskrármálið. En hv. 1. þm. Reykv. vill hafa sig undan ámæli í þessu og vill halda því fram, að n. hafi í raun og veru verið dauð fyrir löngu, þannig að honum hafi þar af leiðandi ekki borið nein skylda til þess að sjá um, að stjórnarskrármálið fengi þann stjórnskipulega undirbúning, sem áður hafði verið ákveðinn af Alþingi, vill halda því fram, að hann hafi ekki í þessu tilliti neinn trúnað brotið. Hann vikur að þessu, hv. þm., í nál. meiri hl. stjskrn. og heldur því þar fram í öðru orðinu, að það hafi verið samkomulag í n. um það, að áframhaldandi starf n. þýddi ekkert, meðan ekkert samkomulag fengist um þetta grundvallaratriði, þ. e. kjördæmaskipunarmálið, og að þetta hafi orðið niðurstaða í n. í samráði við ríkisstjórn Steingríms Steinþórssonar. Það er eiginlega verið að læða inn þeirri skoðun hjá mönnum, að ríkisstj. Steingríms Steinþórssonar hafi lagt niður stjórnarskrárnefndina, sem sett var á laggirnar af Alþingi.

Þetta er auðvitað hreint yfirklór hjá hv. 1. þm. Reykv. Í fyrsta lagi gat náttúrlega engin ríkisstj. lagt niður n., sem skylt var að hafa samkvæmt ályktun Alþ. Það var skylda n. að skila starfi af sér, eins og Alþ. hafði fyrir sett, og gat engin ríkisstj. gripið fram fyrir hendur Alþ. í því. Í annan stað var þessu alls ekki til að dreifa, eins og sést á ummælum hv. 1. þm. Reykv. sjálfs í sama nál., því að hann segir, að þegar nm. skildu, sem allfrægt er orðið, fyrir nokkrum árum, þá ákváðu þeir, að n. skyldi koma saman til fundar jafnskjótt og einhver einn nm. óskaði. Þetta er sem sagt næg sönnun fyrir því, að þrátt fyrir tal hv. 1. þm. Reykv., þar sem hann vill láta líta svo út annað veifið, að n. hafi í raun og veru verið úr sögunni, var nm. það vel ljóst, að n. var með fullu lífi og hún átti að koma saman, ef nokkur einn nm. óskaði þess.

Nú er það alveg augljóst mál, að þegar hv. formanni n., hv. 1. þm. Reykv., varð ljóst, að veruleg hreyfing var komin á stjórnarskrármálið, var honum skylt að verða til þess að kalla saman fund í þeirri n., sem hann stjórnaði og bar ábyrgð á gagnvart Alþ., láta taka málið þar fyrir og knýja þar til úrslita um málið á stjórnskipulegan hátt. En í stað þess viðhefur hv. 1. þm. Reykv. þau furðulegu vinnubrögð, sjálfur formaður n., sem hafði verið falið þetta trúnaðarstarf samkvæmt ályktun Alþ. um nefndarskipunina, að hann lét eins og n., sem hann sjálfur stýrði, væri ekki til og það trúnaðarstarf, sem hann hafði verið settur í, væri ekki til, en samdi í þess stað á klíkufundum um einn mikilsverðasta þátt stjórnarskipunarmálsins. Þetta hefur verið gagnrýnt mjög, að hv. 1. þm. Reykv. skyldi fara þannig að, og er full ástæða til þess að gera það og setja undir þá gagnrýni feitt strik, því að hér hefur honum orðið á mjög alvarlegt trúnaðarbrot, að leiða þennan þátt málsins til lykta á þessa lund í stað inn fyrir að halda áfram endurskoðunarstarfinu, eins og honum var skylt.

Vitanlega eru það ekkert annað en tyllirök í þessu sambandi að bera það fyrir sig, að enginn maður hafi á löngu tímabili verið skipaður í stað Ólafs prófessors Jóhannessonar, sem sagði sig úr n., því að augljóst var, að jafnskjótt sem n. var kölluð saman aftur að einhvers tilhlutan, eins og hv. 1. þm. Reykv. var skylt að sjá um, mundi verða skipaður maður samstundis í stað Ólafs Jóhannessonar, til þess að n. væri fullskipuð og fær um að halda áfram því starfi, sem hún átti að vinna.

Einmitt þessi málsmeðferð sýnir, hversu því fer alls fjarri, að að þessu veigamikla og þýðingarmikla máli hafi verið unnið á eðlilegan hátt og eftir þeirri áætlun, sem Alþ. lagði. Hér er unnið að með óeðlilegu móti og þetta mál er gert að pólitísku hrossakaupamáli á milli flokkanna, í stað inn fyrir að það ætti að vera yfir það hafið og vera til sameiginlegrar skoðunar, eins og Alþ. hafði lagt áætlun um. Og þó að margir beri hér þunga ábyrgð í sambandi við það, að svona hefur verið á haldið, þá er þó ábyrgð hv. 1. þm. Reykv. þyngst, vegna þess að honum var mestur trúnaður sýndur.

Að bera það fyrir sig í þessu tilliti sem afsökun fyrir því, að málið var ekki knúið til úrslita í stjórnarskrárnefndinni, að fyrrverandi stjórnarflokkar hafi ákveðið að reyna að semja um málið sín á milli, er engin afsökun af þeirri einföldu ástæðu, að þá þegar var það einmitt sýnilegt, að sú hreyfing var á málið komin, að formanni stjórnarskrárnefndar hefði verið skylt að kalla saman fund í n. til þess að fá það fram þar, hvað þessir flokkar hefðu í hyggju. Því hefði farið fjarri, að nokkuð hefði verið hægt að slíku að finna. Þvert á móti hefðu það verið algerlega eðlileg og raunar sjálfsögð vinnubrögð af hálfu nefndarformanns.

Samkvæmt því frv., sem hér liggur fyrir, er ætlunin að setja á fót sjö ný kjördæmi og leggja öll núverandi kjördæmi niður nema Reykjavík, eins og áður hefur verið drepið á, og innleiða allsherjar hlutfallskosningar. Ég hef að nokkru rætt hér um hlutfallskosning-

arnar og gerði það, þegar ég ræddi um meginstefnu Framsfl. í þessu efni, eins og hún er mótuð af flokksþinginu. En ég vil fara hér nokkrum orðum til viðbótar um það, sem ég tel meginkjarnann í þessu máli og það skaðlegasta, og það er áætlunin um að leggja öll kjördæmin niður.

Það dylst engum, að með þessu er alveg raskað því grundvallaratriði, sem áður hefur gilt, að byggja kjördæmaskipunina á héraðaskipuninni. Nú er ætlunin að setja kjördæmin hreinlega af handahófi og slíta þau úr öllum tengslum við héraðaskipunina og slíta þannig í sundur öll hin sögulegu tengsl, eins og hér hefur verið mjög greinilega sýnt fram á og þarf ekki að endurtaka. En það, sem er mest einkennandi fyrir þennan hugsunarhátt, sem stendur að baki öllu þessu, er þetta, að það þurfi ekki að taka neitt tillit til nokkurs skapaðs hlutar í sambandi við kjördæmamál eða kjördæmaskipun annars en höfðatölunnar, það þurfi ekkert tillit að taka til staðháttanna eða héraðanna, aðeins til höfðatölunnar, þess vegna megi rífa upp öll þau gömlu, eðlilegu mörk í þessu efni og bara reikna út holt og bolt, að svo og svo stórir landshlutar, sem ákveðnir eru af hreinu handahófi, eigi eftir höfðatölunni að hafa svona og svona marga þingmenn. Fyrir þvíliku standa tæpast aðrir en þeir, sem í raun og veru eru alveg slitnir úr sambandi við landið sjálft og hugsa ekkert út frá þeirri grundvallarskipan í byggðir, sem frá öndverðu hefur þó verið undirstaðan hér að öllu þjóðskipulagi. Þetta er einmitt það háskalegasta í öllu þessu máli og alveg augljóst á því, hvernig hv. forráðamenn málsins tala hér, hvað þeir tala hér af mikilli fyrirlitningu um núverandi sýsluskiptingu, að þeir gera sér það ljóst, að þetta á að vera áfangi í því, að sýsluskiptingin fari sömu leiðina og kjördæmin. Þetta er alveg augljóst, því að þeir eiga ekki til nógu sterk orð til þess að lýsa því, að sýsluskiptingin eigi sér engar rætur í félagslegu starfi þjóðarinnar, hún sé nánast hjákátleg, eins og málum er háttað, og neydd upp á þjóðina af erlendu kúgunarvaldi. Þetta eru þeir þokkalegu orðaleppar, sem sú héraðaskipan fær hjá forráðamönnum þessa máls, sem hefur verið í raun réttri aðalundirstaða allra þeirra stórkostlegu framfara, sem hér hafa orðið á síðustu áratugum, og undirstaða viðreisnar þjóðarinnar, þ. e. a. s. þeirrar alhliða viðreisnar, sem orðið hefur um allt landið. Og ég held því fram, eins og ég hef áður gert í sambandi við þetta mál, að þegar búið er að rífa upp þessi mörk, þá er ekki lengur við neitt að styðjast til þess að koma í veg fyrir, að allt verði útþynnt eftir því, sem ég kalla reikningsstokksleiðina í stjórnarskrármálinu, þ. e. a. s. að höfuðstefnan um höfðatölu og flokkslegt réttlæti verði útfærð alveg út í æsar. Þá er ekki um annað að ræða en annaðhvort landið eitt kjördæmi eða þá örfá stór kjördæmi með svo mörgum uppbótarsætum, að hinu flokkslega réttlæti og útþynningunni sé fullkomlega komið í kring, eins og þessir hv. þm. fara ekkert dult með að fyrir þeim vakir.

Það mega vera blindir menn, sem ekki sjá, hvert verið er að fara með þessu, þegar þetta er skoðað og byggt á — ekki málflutningi okkar framsóknarmanna, heldur málflutningi þeirra, sem tala fyrir þessu máli. Ef við tökum málflutning þeirra hv. manna, sem standa fyrir þessu, byggjum á honum, þá sjáum við mætavel, hvert stefnir. Það þarf ekki að fara í málflutning okkar, andstæðinga þessa máls.

Það hefur verið talað hér um í sambandi við þetta, þegar reynt er að tína fram ýmsa kosti, sem þessi nýi háttur hafi umfram þann gamla að hafa héraðakjördæmi, — eitt af þeim hálmstráum, sem útbýtt hefur verið, ég kalla þetta að útbýta hálmstráum til þeirra, sem af flokkslegum ástæðum eiga að vera með, en eiga mjög erfitt með að fallast á þessa stefnu, — eitt af þessum hálmstráum, sem verið er að útbýta til manna, er, að það sé miklu minni ástæða til að halda, að í þessum stóru hlutfallskjördæmum sé hægt að hafa óeðlileg áhrif á kosningarnar, t. d. með fyrirtækjavaldi eða fjármagni eða atvinnuvaldi, en í kjördæmum núna, það sé miklu meiri ástæða til að halda, að slíku verði við komið í héraðakjördæmunum, eins og þau eru núna, heldur en þegar búið væri að steypa þessu í örfá stór hlutfallskjördæmi.

Ég get ekki stillt mig um að rifja það upp, sem ég benti á um þetta hér við 2. umr., og sýna, hvað þetta er mikil fjarstæða. Hugsum okkur t. d. Reykjavík og reynslu okkar hér af kosningabaráttu í þessu stærsta, langfjölmennasta hlutfallskjördæmi landsins. Hvergi nokkurs staðar er fyrirtækjavaldi eða fjármagni eða atvinnuvaldi beitt í nokkuð líkum mæli og hér í Reykjavík í sambandi við kosningar. Það fer svo langt fram úr því, sem mönnum nokkurs staðar annars staðar dettur í hug, að engum, sem til þekkir, kemur í hug að draga það í efa. Það er víst áreiðanlega ekkert ofsagt, að stærsti flokkur borgarinnar byggir jafnvel að mestu leyti fylgi sitt og afl í borginni á kosningavinnu nokkur hundruð fyrirtækja, sem styðja flokkinn að málum — með atvinnuvaldi, með fjármagni og með öllum þeim ráðum, sem upphugsanleg eru á vegum fjölmargra af þessum fyrirtækjum. Þetta er gert með slíkri nákvæmni, að með fádæmum má telja, og slíkri atorku á allar lundir. Þetta kannast allir við, sem hafa komið nokkuð nálægt þjóðmálavinnu í höfuðstað Íslands. (Gripið fram í.) Segja nokkur dæmi um þetta? Þetta vita allir. Ég veit sjálfur, eins og ég sagði hér um daginn, — ég veit sjálfur um dæmi þess, að það hafa mörg dagsverk verið lögð í að fá einn kjósanda — bara einn kjósanda — til þess að fylgja þessum flokki að málum, — mörg dagsverk. Og að reyna að vefengja þetta er hreint út í bláinn. Menn þekkja þetta „apparat" allt of vel til þess. Margir af stuðningsmönnum þessa máls eru sjálfsagt allt of kunnugir þessu til þess að bera brigður á, að svona sé þetta. Að bera sér það í munn, að það að steypa kjördæmunum saman sé eins konar vernd fyrir fólkið gegn afskiptum fyrirtækja og fjármagns, það er of mikið til þess, að hægt

sé að taka því þegjandi af hendi þeirra manna, sem þekkja dálitið til, hvernig þessu er háttað.

Eða þá atriði eins og það, sem raunar hefur ekki verið borið fram í þessu sambandi, eins og ósannindaáróður, sem er náttúrlega ákaflega hættulegt vopn í þjóðmálabaráttunni. Hvort mundu menn t. d. fremur vera verndaðir gegn ósannindaáróðri í stórum hlutfallskjördæmum eða héraðakjördæmunum, eins og þau eru núna? Hvað halda menn?

Ég er alveg sannfærður um, að eins og farið er að hafa þetta núna, álíta sumir sér óhætt að búa til sögur, sem eiga sér ekki nokkra stoð í veruleikanum, um afstöðu flokka og manna til þýðingarmestu þjóðmála og skeyta ekkert um, hvort farið er nokkuð nærri sannleikanum eða honum víðs fjarri, slá þessu síðan upp í sterkum blaðakosti, láta hundruð launaðra áróðursmanna halda þessu sama fram í múgæsingum, — allt í því trausti, að það sé ekki hægt að leiðrétta, ef gengið sé í svona áróður af nægilega mikilli atorku, m. ö. o.: að það sé eiginlega bara spursmál um vinnu, hvort hægt sé fremur að fá menn til að trúa því, sem er ósatt, en hinu, sem satt er.

Hvort halda menn, að svona nýtízku tækni, sem menn þekkja nú nokkur dæmi um upp á síðkastið í þjóðmálabaráttu okkar, hvort halda menn, að hún sé líklegri til þess að bera árangur í mjög stórum hlutfallskjördæmum, eins og t. d. yrði eftir þessa breytingu, eða í héraðakjördæmunum? Ég hygg, að það mundi vera nokkru erfiðara að koma við svona óþokkalegum áróðri einmitt í héraðakjördæmunum, þar sem fólkið þekkir frambjóðendurna og þeir hafa möguleika til þess að koma sínum málflutningi á framfæri við fólkið til þess að vega upp á móti þessum vinnubrögðum, sem farið er að tíðka hér í landsmálabaráttunni. En bezt er að koma þessu við, þar sem fjarlægð er meiri á milli fólksins og frambjóðendanna. Þar er helzt hægt að koma slíkri múgæsingu að. Ég hygg, að það sé einmitt í héraðakjördæmunum erfiðara að notfæra sér svona vinnuaðferðir með árangri en í stóru kjördæmunum, þar sem persónusambandið er slitið í sundur, og þar sem frambjóðendurnir gætu ekki komið því við með nokkru móti að koma því sanna á framfæri, ef svona vél, svona „maskínu" væri beitt annars vegar, eins og við höfum dæmin um. Það má kannske kalla það getsakir, en það má mikið vera, ef ekki einmitt þetta atriði, sem sé þessar nýtízku vinnuaðferðir og þær tilraunir, sem með þær hafa verið gerðar einmitt í Reykjavík, á ekki einhvern verulegan þátt í þeim ofsalega áhuga, sem gripið hefur suma upp á síðkastið um að koma einmitt þessari skipan á, — að tæta niður héraðakjördæmin og koma á stærri kjördæmum, þar sem hægara er að koma svona löguðum vinnubrögðum við og þar sem yfirburðir mikils „apparats" eða mikillar vélar af þessu tagi gætu fengið að njóta sín. En yfirburðir slíkra véla, sem smurðar eru með peningum, geta ekki notið sín algerlega til fulls í héraðakjördæmunum, eins og þau eru. Það má mikið vera, ef það vakir ekki fyrir ýmsum, að það mundi geta orðið betri árangur af slíkri véltækni um landið allt með því að breyta til, eins og hér er fyrirhugað.

Þá er það eitt af hálmstráunum, sem að mönnum hafa verið rétt, — þetta um hin „sameiginlegu mál" og „sameinaðir stöndum vér, sundraðir föllum vér" o. s. frv. Því hafa nú verið gerð svo rækileg skil, að ég sé ekki ástæðu til þess að fara langt út í það. Þessi rök eru hreinlega rök fyrir framhaldinu, sem á að verða, því að slá niður sýsluskiptinguna, því að væntanlega eru þar líka sömu rökin: „sameinaðir stöndum vér, sundraðir föllum vér", og eiga á sínum tíma að verða rök fyrir enn þá frekari útþynningu í þessu sambandi og enn þá stærri og færri kjördæmum, eða í reynd, að landið verði eitt kjördæmi. Þá verða þessi rök notuð áfram, ef rök skyldi kalla, á nákvæmlega sama hátt og reynt er að nota þau núna. Allir, sem eitthvað hafa komið nálægt þjóðmálum, vita vel, að hinn stórfelldi háski, sem búinn er í sambandi við þetta mál, er einmitt sá, að með þessu verður persónulega sambandið slitið að verulegu leyti, því að enginn þm. hefur möguleika til þess að standa í neitt líku sambandi við fólkið, eftir að búið er að gera kjördæmin svo stór. Hvað sem öllum samgöngum líður og slíku, þá er slíkt með öllu óhugsandi, og þingmenn fyrir þessi héruð í þeim skilningi, sem þingmenn eru nú, verða ekki til lengur, ef þessari skipan verður á komið. Sambandið verður gerólíkt. Þingmenn í hinum gamla skilningi þess orðs verða ekki lengur til.

Það sýnir einnig, hversu gersamlega þessi fyrirhugaða skipun er slitin úr tengslum við allt það, sem eðlilegt er, að það verður ekki einu sinni hægt að finna leið til að kenna þessa nýju þingmenn, ef þetta verður samþykkt, við kjördæmi sín með sameiginlegu móti. Eða hvernig hugsa forráðamenn þessa máls sér það? Það verður ekki mjög leiðinlegt, þegar menn fara að staglast hér á hv. Alþingi á hv. 5. þm. vestra Norðurlandskjördæmis o. s. frv., o. s. frv. Þetta er einn vottur enn um það, hversu gersamlega þetta, sem nú á að gera, er slitið úr öllum tengslum við eðlilega skipan og eðlilegt líf þjóðarinnar.

Hin hreinu reikningsskil, sem kjósendur hafa fengið af hendi héraðaþingmanna, hverfa, og í staðinn koma undanbrögð hinna mörgu sundurleitu þingmanna og tilraunir til þess að kenna hinum um, að ekkert var gert í þessu eða hinu málinu. Það verður það, sem menn fá í staðinn fyrir hreint uppgjör við sinn þm., þar sem ekki er við neinn annan að vélast um það, hversu ágengt hefur orðið um málefni héraðsins. Forráðamenn byggðarlaga og aðrir eiga svo að þeytast á milli allra þessara manna með hvert eitt einstakt mál byggðarlaganna, í stað þess að eins og nú er, eiga þeir einn eða í mesta lagi tvo ákveðna talsmenn, sem þeir fela málið. Að halda því fram, að þetta þurfi að gera, til þess að samvinna sé um málefni margra héraða, er fjarstæða, vegna þess að slík samvinna á sér stað nú þegar í mörgum málum, sem héruðin eiga sameiginleg, eins og

eðlilegt er, og mundi verða þannig áfram. En aftur á móti eru þessi rök, ef rök skyldi kalla, að það þurfi að leggja héraðakjördæmin niður, til þess að slík samvinna geti átt sér stað, rök fyrir því að ganga síðar enn lengra, fella niður héraðaskipunina sjálfa og loks að gera allt að einu kjördæmi.

Þá kemur spurningin: Hvað er það, sem liggur raunverulega á bak við þetta ofurkapp um að leggja öll héraðakjördæmin niður? Á bak við þetta ofurkapp liggur sú sannfæring þeirra, sem ráða í þríflokkunum, að Íslendingar hafi ekki ráð á því að byggja upp landið allt eða notfæra sér landið allt, þ. e. a. s. öll byggileg héruð landsins, eins og hv. 1. þm. Skagf. sagði hér í dag í sinni glæsilegu ræðu. Þeir eru haldnir þeirri minnimáttarkennd, að hin mikla uppbygging, sem átt hefur sér stað víðs vegar um Ísland á undanförnum áratugum, sé eins konar byrði á þjóðinni að verulegu leyti, í stað þess að hún er undirstaða þeirrar allsherjarviðreisnar, sem hér hefur átt sér stað.

Og það, sem vakir fyrir þeim, er að draga úr þessari uppbyggingu víðs vegar um landið og spara, eins og þeir orða það, með því fjármagn og nota til þess að glíma við dýrtíðardrauginn. Á þessu örlar nú þegar í þeim úrlausnum, ef úrlausnir skyldi kalla, sem bólað hefur á í efnahagsmálunum. En hér eru alveg vatnaskil í þessum efnum, því að Framsfl. álítur, að það sé einmitt þessi alhliða uppbygging um landið allt, sem hafi orðið þýðingarmesta undirstaða að alhliða viðreisn íslenzku þjóðarinnar, og að þeirri uppbyggingu eigi að halda áfram og hafa í henni jafnvægi. Og við teljum, að það hafi verulega unnizt í rétta átt nú síðustu árin um það að draga úr því stórfellda ójafnvægi, sem var að verða stórhættulegt. Við erum sannfærðir um, að ef þríflokkarnir koma fram þessu máli: að leggja niður héraðakjördæmin, þá muni aftur fara að halla á ógæfuhlið í þessu efni. Það sýna þær tillögur, sem þegar eru komnar fram af þeirra hendi í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna, og þó er það ekki nema örlítill vottur þess, sem koma skal, ef þeim verða fengin ráðin í þessum málum og þeir koma þessu fram.

Þetta hefur komið ákaflega greinilega fram stundum hér á hv. Alþ., ekki sízt hjá einum af flm. þessa máls hv. 3. þm. Reykv. (EOl), þar sem hann hefur lýst því, hversu lagt hafi verið í óarðbæra fjárfestingu víðs vegar í kauptúnum og sveitum landsins, sem hafi orðið baggi á þjóðarbúinu. Og eftir að hafa lýst þessu með mjög sterkum orðum, hefur þessi einn af aðalflutningsmönnum málsins sagt, það hafa verið hans ályktunarorð: „Má vera, að þetta lagist, ef kjördæmunum verður breytt.“ Og hann hefur ekki átt nægilega sterk orð til þess að lýsa því, hvernig hið óeðlilega kapphlaup, eins og hann hefur kallað það, um kjördæmin hafi verið mikil undirrót undir þessari óheillaþróun, sem orðið hefur að hans áliti, þessari óheillaþróun, sem hann vill breyta einmitt með nýju kjördæmaskipuninni, með því, sem hann kallar að minnka kapphlaupið um kjördæmin.

En hvað er kapphlaupið um kjördæmin, sem á að minnka með þessu nýja kerfi? Kapphlaupið um kjördæmin er áhugi þingmannanna fyrir því að leysa áhugamál fólksins heima í héruðunum. Það er það, sem heitir þessu þokkalega nafni á máli hv. 3. þm. Reykv. Hann hefur haft hreinskilni til þess að segja þetta opinberlega, en þetta er það sama, sem hinir hugsa og segja með öðrum orðum. Þeir eru bara ofur lítið óhreinskilnari en hv. 3. þm. Reykv. Og sannleikurinn er sá, að þetta, að héruðin hafa sína eigin fulltrúa á Alþ. til að gera þeim reikningsskil, — hv. 3. þm. Reykv. sér það algerlega rétt, — það er undirrót þess, að ekki er hægt að hunza málefni byggðanna á Alþingi. Það er einmitt vegna þess, hversu þingmennirnir eru bundnir sterkum böndum, bæði persónulega og óðruvísi, við héruðin með þeirri skipan, sem verið hefur og við teljum eðlilegt að verði áfram.

En þegar búið verður að skera á þessi sterku bönd og setja í staðinn þau teygjubönd, ef svo mætti að orði komast, — þau teygjubönd, sem stjórnarliðið vill efna til með þessari nýju breytingu, þá gera þeir sér vonir um, að þetta kapphlaup muni minnka. Það má draga fram margar líkingar af þessu máli. Og ein af þeim líkingum, sem nota má, er einmitt þessi um sterku böndin annars vegar og teygjuböndin hins vegar, því að þessi skipan, sem við höfum búið við, tengir héruðin sterkum böndum við hv. Alþ. og þjóðarstofnanir ýmsar í gegnum hina persónulegu kosningu og hið nána samband þingmannanna og héraðsbúanna. Það eru hin sterku bönd, sem nú á að slíta. En það, sem koma á í staðinn, mun líkjast teygjubandi, sem gefur eftir og er einskis nýtt til nokkurra átaka eða til þess að tryggja öruggt samband eða haldgott. Að hnýta með teygjubandi jafngildir því að slíta. Það er í raun og veru þetta, sem á að ske. Það á að vera band að nafninu til í þessari nýju skipan, en í raun og veru ekkert band, það er bara teygjuband.

Ég býst við því, að hv. þm., sem standa að þessu máli, telji sig báðum fótum í jötu standa, ef þannig mætti að orði komast, þeir telji sig nokkuð örugga með þetta mál, og þetta allt saman jafngildi eiginlega því, að þrír menn setji Íslandi stjórnarskrá, þrír menn. Það eru 3 menn, sem semja fyrir flokkana, og svo er bara allt klappað og klárt. Stjórnarskráin er komin. Það eru þessir liðsoddar, sem eru flutningsmenn að þessu máli og um það hafa samið.

En það hafa áður, — og það verða mín síðustu orð um þetta, — það hafa áður verið gerðir svona „liðsodda“-samningar um stjórnarskrána og stjórnskipunarlög. Og ég býst við, að þeir, sem fyrir því stóðu, hafi talið þá samninga jafngilda stjórnarskrá, — og má segja í því sambandi, að „miklir menn erum við, Hrólfur minn“, þegar svo er komið, að menn geta sett landinu stjórnarskrá við annan eða þriðja mann. Ég býst við því, að 1931 t. d. hafi þeir, sem samninginn gerðu, talið, að þar væri komin stjórnarskrá fyrir Ísland. En það varð bara ekki. Málinu var skotið til þjóðarinnar, og hún stöðvaði það. Hún tók í taumana, og

hún kaus nægilega marga þm. á næsta Alþ., sem vildu ekki leggja héraðakjördæmin niður, til þess að það varð að stöðva málið og semja um aðra lausn. Og það er þetta sama, sem nú mun verða barizt fyrir, ef þetta frv. verður samþ. hér á hv. Alþ. og ekki tekið tillit til þeirrar málamiðlunar, sem Framsfl. hefur boðið fram í málinu. Það verður barizt fyrir því, að þjóðin fari eins að og hún gerði 1931.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Það frv., sem liggur hér fyrir um breyt. á stjskr. lýðveldisins Íslands frá 17. júní 1944, er ekki stórt að sjá. Hið sama má í raun og veru um grg. þess frv. segja. Þar eru býsna lítil rök færð fram fyrir jafnstóru máli og er nú á ferðinni. En það undarlega skeði við 1. umr. þessa máls, að hv. flm. frv. voru einnig rökþrota, og má það undarlegt heita um jafnskelegga flokksforingja og þessir hv. þm. eru hver hjá sínum flokki og hver á sínu sviði. En í öllu sínu ráðaleysi gripu þessir hv. þm. til þess að breyta kjördæmaskipun landsins á þann veg, að þeir munu ekki sjálfir við una til lengdar, hvað þá landslýðurinn, sem vinnur að því að græða landið og afla fisks úr sjó.

Þegar hæstv. forsrh. tilkynnti landslýð á degi heilags Þorláks í vetur, að ríkisstj. ætlaði sér að koma á því, sem hann kallaði réttlátari skipan um stjórnmál landsins, með því að leggja niður öll núverandi kjördæmi að undanskilinni Reykjavík og taka upp fá og stór kjördæmi, þá fannst mér, eins og raunar mörgum öðrum, jólaboðskapur hæstv. ráðh. vera svartur líkt og það skammdegi, sem þá ríkti. — Það, að 4 hæstv. ráðherrar ásamt 4 hv. þm., eða öllum Alþfl., skyldu ætla sér jafnstóran hlut, var hreint undrunarefni. En skýringin kom nokkru seinna, því að segja má, að „ber sé hver að baki, nema sér bróður eigi". Og þessi bróðir, sem ætlaði að hjálpa, var hvorki meira né minna en Sjálfstfl. eða þm. Sjálfstfl. Og það var einmitt sá flokkurinn, sem hafði gefið hvað skýrust fyrirheit um það, að þennan hlut skyldi hann aldrei gera, og vitna ég þar til margumræddra ummæla í þessu efni hjá hv. þm. G-K. (ÓTh). Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka þau ummæli hér, vegna þess að flestum landsmönnum eru þau orðin mjög vel kunn. Og mig undrar ekki, þótt hv. þm. G-K. væri rökþrota frammi fyrir alþjóð við 1. umr. þessa máls eftir að hafa snúizt í hring, eins og hann þegar hefur gert. En sá maður, sem skildi sinn flokk og vissi þegar árið 1942, hvað Sjálfstfl. mundi gera, áður en langir tímar liðu, var hv. 4. þm. Reykv., sem þá var, Sigurður Kristjánsson. Hann skildi undirölduna, sem nú er komin upp á yfirborðið og skellur yfir landslýð af fullum þunga, um leið og sumri er heilsað. En enginn efast um það, að þessi kjördæmabreyting, sem nú skal gera, er spor, sem stigið er í áttina að því að gera landið að einu kjördæmi. Þetta er aðeins eitt skref í þá átt, enda er það þegar yfirlýstur vilji Alþfl. og a. m. k. sumra manna í Alþb. og einnig í Sjálfstfl., því að þá mun hinu fullkomna réttlæti náð að þeirra manna dómi, sem tala um réttlæti milli flokka. En þessir menn forðast jafnframt að tala um jafnrétti á milli fólksins, sem í landinu býr, að það hafi sömu þægindi við að búa, hvar sem það er.

Það virtist mörgum satt að segja hæstv. ríkisstj. snúa hlutunum við, þegar boðskapur ráðherrans var tilkynntur um jólaleytið, því að ýmsum fannst, að mörg önnur viðfangsefni væri nær að fást við, sem ríkisstj. ætti að sýna sinn myndugleik í að leysa fremur en raun hefur á orðið. Hæstv. ríkisstj. hefur forðazt að gera nokkurn hlut að gagni varðandi fjármál landsins í framtíðinni, en aftur á móti einbeitt sínum verkum að kjördæmamálinu, því að fyrr er ekki að hennar dómi hægt að leysa efnahagsmálin. Það þarf nefnilega að kjósa tvisvar, áður en efnahagsmálin verða leyst. Enn fremur virtist ýmsum, að það þyrfti að vinna í bróðerni að því að leysa þá deilu, sem yfir stendur á milli Breta og Íslendinga út af landhelgisútfærslunni á s. l. vori.

Þótt ég efist ekki um það, að ef til vill hv. þm. Alþfl. og hæstv. ríkisstj. hefðu gjarnan viljað vinna að þessum málum, bæði lausn landhelgisdeilunnar og lausn efnahagsmálanna, þá var þess varla að vænta, að samstarfsflokkurinn, þ. e. Sjálfstfl., gæti kúvent svo snögglega frá því að vera óábyrgur flokkur í stjórnarandstöðu, því að hans aðaliðja var í stjórnarandstöðunni að níða allt niður, sem fyrrverandi ríkisstj. beitti sér fyrir, því að þeirri stjórn mátti ómögulega takast að glæða atvinnulífið til lands og sjávar eða veita ljósi og yl um dreifðar byggðir landsins. Sjálfstæðismennirnir unnu að því að eyðileggja þetta allt með kaupskrúfu umfram það, sem þjóðarbúið þoldi. En þó má segja, að út yfir hafi tekið blaðaskrif þeirra og að þau hafi gert þjóðinni meira ógagn en allt annað, þar sem stefna þeirra í landhelgismálinu var mjög óljós, og gáfu þeir þar með öðrum þjóðum í skyn, að íslenzka þjóðin væri ekki samhent í þessu máli og mætti því bjóða henni sitt af hverju, enda væru það íslenzku kommúnistarnir, sem hefðu knúið þetta fram og upp úr þeim væri ekki mikið leggjandi.

Hafi nokkurn tíma nokkur stjórnmálaflokkur í landinu unnið lýðræðinu ógagn, þá er það Sjálfstfl. með þessum skrifum sínum og að gefa þetta til kynna út á við, vegna þess að Sjálfstfl. hafði áður nokkur völd og ekki sízt í utanríkismálum og því fyrst lengi vel tekinn trúanlegur, þótt nú sé að vísu þannig komið, að flokkurinn sé búinn að glata þessu trausti, er hann hafði áður á því sviði. En eftir að sjálfstæðismenn höfðu túlkað kommúnistana sem landráðamenn á undanförnum árum, lögðust þessir herrar það lágt á jólaföstunni í vetur að biðja þá fyrst endilega að fara í ríkisstj. með sér, en það tókst ekki. Síðan sátu þessir sömu aðilar að samningum við þá í marga mánuði til að fá þessa þjóðhollu Íslendinga til að breyta kjördæmaskipun landsins. Nú voru þessir landráðamenn að áliti hv. 1. þm. Reykv. og fleiri ágætismenn. Já, þeir voru einmitt mennirnir, sem var að treysta til að leggja niður öll gömlu kjördæmin og skapa um leið

þann grundvöll, sem þarf til að koma á réttlátari skipan stjórnmála í landinu. En vitaskuld er þessi breyting gerð í og með til að auka flokkaskiptinguna í landinu og þar með færa kommúnista til meiri valda en verið hefur hingað til.

Það er engum vafa bundið, að þessi kjördæmabreyting leiðir af sér innan fárra ára meiri glundroða í stjórnmálum hér á landi en nokkru sinni hefur áður þekkzt. Ég tel nauðsynlegt að setja skorður við flokkafjölguninni, og það er nokkurn veginn tryggt með þeirri kjördæmaskipan, sem nú er í landinu, og þeirri, sem við leggjum til, framsóknarmenn. Þar tel ég vert að minna á orð, sem þáv. hv. þm. V-Ísf. mælti árið 1933, með leyfi forseta:

„Það er nauðsynlegt að setja flokkaviðureigninni viss takmörk, og ein af þeim takmörkunum er að láta almenning í smákjördæmunum ráða mestu um það, hverjir skipa þingflokkana. Einmenningskjördæmin eru ein höfuðtrygging þess, að jafnan séu valdir til þingstarfa menn, sem hafa aflað sér trausts og þekkingar á því, sem starfi þeirra viðkemur.“

Þannig mælti þjóðhöfðingi okkar Íslendinga, sem nú er.

Mér er nær að halda, að það frv., sem hér er til umræðu, sé miðað við það að auka á misrétti fólks, um leið og það jafnar á milli flokka, sem kallað er. Stjórnskipan landsins á að tryggja öllum þegnum þjóðfélagsins jafnrétti, en verði þetta frv. að lögum, eykst misræmið á milli landshlutanna frá því, sem nú er, því að sennilegt er, að þeir flokkar, sem þá hafa mestu ráðin, sjái ekki langt út yfir Faxaflóann, enda verður þá meiri hluti þingmanna úr Reykjavík og nánasta nágrenni. Það mun því knýja fólk til að hverfa frá gróandi jörð og aflasælum fiskimiðum úti á landi til Reykjanesskagans.

Bændastéttin er fámenn, það er satt, en hún hefur jafnan verið kjarni og kraftur í lífi og starfi íslenzku þjóðarinnar. Hún mun því ekki kasta sér í faðm óvinveittra stjórnmálaflokka og biðja þá um neinar ölmusur, heldur mun hún á öðrum vettvangi leita samstarfs við þá, sem vilja halda í heiðri réttindum og skyldum við þá, sem eru útverðir yztu nesja og innstu dala þessa lands. Þetta fólk mun takast í hendur og minna á tilverurétt sinn, ef það fær ekki að njóta ljóssins og ylsins frá afli fossanna án tillits til þess, hvar það er staðsett í landinu, og án tillits til þess, hverrar stjórnmálaskoðunar það er.

Um leið og einstaka kjördæmi eru lögð niður og önnur stærri mynduð, fara fámennustu héruðin verst út úr því, þar sem litlar líkur eru til, að þau hafi neina kunnuga fulltrúa á löggjafarþingi. Það leiðir því af sjálfu sér, að þau verða afskipt með fjármagn og því hættara við að fara í auðn en ella.

Vert er að hafa í huga, að íslenzku þjóðinni hefur fjölgað mjög ört hin síðari ár, og það er siðferðileg skylda okkar að búa í haginn fyrir komandi kynslóðir, svo að nægjanleg atvinna haldist og allir njóti gæða landsins, jafnframt því sem við tryggjum notkun alls landsins og fiskimiðanna umhverfis það. Því skiptir ekki höfuðmáli íbúatala einstakra kjördæma eða einstakra landshluta, heldur hitt, að afnot landsins séu örugg og að þeim búið á skynsamlegan hátt. Ég hef aldrei heyrt, þó að talað sé um, að kjósendur í fámennum kjördæmum hafi meiri rétt með sínu atkvæði en í fjölmennari kjördæmum, að það fólk hafi flutt búferlum af þeim ástæðum til að öðlast þessi miklu réttindi, t. d. frá Reykjavík og við skulum segja vestur í Dali eða eitthvað annað til þess að öðlast þessi miklu réttindi. Ég hef aldrei heyrt talað um, að það hafi álitið, að fólki þar vegnaði miklu betur á allan hátt vegna sinnar séraðstöðu um kosningarrétt. En ég veit aftur á móti og þekki mýmörg dæmi þess, að hið gagnstæða hefur skeð og það í mjög stórum stíl á undanförnum áratugum. Fólkið hefur farið frá þessum miklu réttindum, sem menn sjá ofsjónum yfir, til fjölmennari staðanna, þar sem atkvæði þess eru talin vega minna á vogarskálinni í Alþingi en hinna, sem eru frá dreifðu byggðunum. Það gefur líka auga leið, að fjölmennari staðirnir hafa margfalda möguleika á við fámenn byggðarlög á margvíslegan hátt og geta því sameinazt um alls konar lífsþægindi, sem hinir eru á allan hátt algerlega útilokaðir frá. Og verði kosningarréttur manna alls staðar jafn hér á landi, þá veldur það byltingu í lifnaðarháttum þjóðarinnar.

Sú var tíðin, að þm. Sjálfstfl. viðurkenndu rétt dreifbýlisins, og vil ég — með leyfi forseta — minna á ummæli Jóns heitins Þorlákssonar, er hann mælti árið 1931:

„Landshagir eru svo víða hér á landi, að sum kjördæmi hljóta að verða miklu fjölmennari en önnur, og mér finnst mannfleiri kjördæmin ekki hafa yfir neinu að kvarta.

Ég álít rétt að tryggja það, að fámennari, fjarlægari og afskekktari landshlutar séu ekki sviptir réttinum til að senda sína sérstöku fulltrúa á Alþingi, því að þeir þurfa að eiga þar hver sinn fulltrúa til að tala máli sínu á þingi sérstaklega.“

Nei, sjálfstæðismenn mega gjarnan hugleiða sín fyrri ummæli um kjördæmaskipan landsins, og það veit ég, að hinn almenni borgari gerir, hvar í flokki sem hann stendur, áður en hann gengur að kosningaborðinu í vor.

Ég minnist þess ekki að hafa nokkurn tíma heyrt þær skoðanir úti í einmenningskjördæmunum, að fólk, sem tilheyrði ekki sömu stjórnmálaskoðun og þm. viðkomandi kjördæmis, héldi því fram, að það hefði alls engan þm. Þessar skoðanir eru því algerlega út í hött. Vitanlega hefur fólkið þm., þótt hann sé annarrar skoðunar í stjórnmálum. Ég tel víst, að t. d. þm. A-Húnv. sé talinn það alveg eins af þeim Húnvetningum, sem kjósa hann ekki, eins og af hinum Húnvetningunum, sem ljá honum fylgi sitt. Hið sama má segja um þm. N-Þ. og yfirleitt alla þm. Fólkið skoðar þá sem sína þm. án tillits til þess, hvort þeir eru sömu skoðunar í stjórnmálum eða ekki, enda er það vitað mál, að flestir stjórnmálaflokkar landsins eða ég hygg allir núverandi stjórnmálaflokkar, að kannske undanskildum einum, sem til eru

í þessu landi, hafa málsvara sinnar skoðunar á Alþingi. Og þótt þessir málsvarar af ýmsum ástæðum og þeim eðlilegum skiptist á milli einstakra héraða og flokka, þá er aldrei hægt að fyrirbyggja slíkt. Og það verður aldrei gert, — það verður aldrei fyrirbyggt, á meðan skoðanafrelsi ríkir í landinu. Og sú stjórnskipan, sem tryggir skoðanafrelsi og heldur uppi lýðræði, skal í heiðri höfð.

Það er rangt með farið, eins og fram hefur komið í umr. um þetta mál, að sveitafólk skoði kaupstaðabúa sem sína verstu fjandmenn. Slíkt er herfileg vitleysa. Ég minnist þess ekki, að ég hafi nokkurn tíma orðið þeirrar skoðunar var innan samtaka bændanna, og þau samtök eru á allan hátt byggð upp af bændunum sjálfum, þ. e. a. s. þau eru byggð neðan frá, en ekki fyrirskipuð ofan frá, þar sem hreppabúnaðarfélög landsins mynda grundvöllinn að búnaðarsamböndunum, sem eru tengiliður á milli búnaðarfélaga hreppanna og Búnaðarfélags Íslands annars vegar og Stéttarsambands bænda hins vegar, en sem kunnugt er, þá eru þessar tvær stofnanir höfuðvígi landbúnaðarins. Ég minnist þess ekki, að þar hafi gætt þeirrar skoðunar, að sveitabúar væru neitt sérstaklega svarnir fjandmenn Reykjavíkur, og væri sú skoðun rétt, þá hefði hún ábyggilega einhvern tíma komið fram á slíkum samkomum sem þessum.

Í þessu sambandi er rétt að minnast þess, að þótt í flestum tilfellum sé hægt að viðhafa hlutfallskosningu til búnaðarþings, hafa öll þau búnaðarsambönd, sem eiga tök á því, horfið frá þeirri skipan hin síðari ár. Innan bændastéttarinnar einnar til að fjalla um sameiginleg málefni bændanna og þá ekki síst þau, sem snúa að löggjafarvaldinu, getur þetta kosningafyrirkomulag átt sinn rétt, því að þar getur aldrei orðið nein deila um framboð, þar hljóta bændur sjálfir að vera alltaf í framboði og ekki nein deila um það á milli stétta, og þar er einnig í öllum tilfellum um sérstakar fjárhagsheildir að ræða. En einu kjördæmin, sem kusu á þennan hátt til búnaðarþings s. l. ár, voru Búnaðarsamband Suðurlands og Búnaðarsamband Eyjafjarðar, og þar er í báðum tilfellum um sérstaka fjárhagsheild að ræða og því ekkert við það að athuga.

Þess er og rétt að minnast í þessu sambandi, að búnaðarþing er eingöngu ráðgefandi um allt, er að löggjafarstarfsemi lýtur, nema sín eigin félagsmál. En á Alþingi fer eingöngu fram löggjafarstarfsemi, og til þessa hefur hún verið talin ráða meiru um heill og hag þjóðarinnar en ráðgefandi félagsstofnanir einstakra stétta, svo að hér gegnir því allt öðru máli og því ólíku saman að jafna. En sú hætta vofir yfir, þegar hlutfallskosningar verða teknar upp í stórum kjördæmum, að bændur hafi lítil áhrif á gang mála á Alþingi og löggjafarstarfsemin miðist um of á þann veg, sem bændastéttinni verður miður heppilegur. En með einmenningskjördæmafyrirkomulaginu mun að sjálfsögðu einnig tryggt í framtíðinni, eins og hingað til hefur verið, að það verði alltaf nokkrir bændur á Alþingi, og geta þeir því haft nokkuð að segja um gang sinna mála þar. Þegar kjördæmin stækka, verða bændur alls staðar í minni hluta og ráða mjög litlu um framboð og því mikil hætta á því, að þeir hverfi algerlega af þingi. En það að útiloka heilar stéttir frá þingsetu er mjög alvarlegt og hættulegt mál í lýðræðisríki. Ég álít það t. d. vera mjög bagalegt fyrir verkamenn í þessu landi að eiga ekki nema aðeins tvo fulltrúa hér innan þessara veggja, sem eru verkamenn, og þá báða frá sama stjórnmálaflokki. Þó að Alþfl. og á vissan hátt Sjálfstfl. líka telji sig málsvara verkamanna, mættu þessir flokkar gjarnan hugleiða það og sýna það í því að lofa verkamönnum að sitja á þingi, en hafa ekki eingöngu embættismenn, eins og Alþfl. hefur nú. Að sjálfsögðu má ýmislegt gott segja um embættismenn og einnig lögfræðinga, en þeir mega ekki útiloka atvinnustéttirnar frá því að hafa sína fulltrúa hér á Alþingi, því að þeir vita manna bezt, hvar skórinn kreppir að innan síns verkahrings.

Sú kjördæmaskipan, sem upp skal taka nú, bætir ekki um í þessum efnum, nema síður sé. Um leið og kjördæmin stækka, er verksvið þm. orðið það mikið, ef hann ætlar að fylgjast með í sínu kjördæmi, að hann þarf til þess því sem næst allan tímann á milli þingstarfa. Það líður því ekki á löngu, þar til þm. verða að komast á árslaun, og þá sér maður framhaldandi sparnað á því sviði hjá hæstv. ríkisstjórn.

Það kann að vera gott að hugsa um jafnrétti á milli flokka, en ef það jafnrétti gengur út yfir jafnrétti þess fólks, sem landið byggir, þá er of langt gengið. Ég fullyrði, að þessi kjördæmabreyting er gerð til þess að losna við þrýsting fólksins úti á landsbyggðinni í hinum strjálbýlli landshlutum, meina því að leita réttar síns með því að halda áfram tengslum sínum við Alþingi með sínum sérstöku fulltrúum fyrir afmörkuð svæði, eins og flest kjördæmi landsins eru nú, þar sem þau eru annaðhvort eitt sýslufélag eða bæjarfélag, að vísu með misjafnlega marga þm. En það er mikils virði að hafa kjördæmin eina fjárhagsheild, eins og lagt er til hjá okkur framsóknarmönnum, og vil ég aftur vitna til hins mæta forseta Íslands, er hann sagði um þessi mál árið 1933, með leyfi forseta:

„Sýsluskiptingin hefur þróazt um þúsund ár, og það skal sterk rök til að raska þeim grundvelli, ef hægt er að finna aðra leið til jöfnunar á kosningarrétti manna en að raska svo fornum grundvelli. Þessi héruð, sýslufélögin og bæjarfélögin, eru sjálfstæðar fjárhagseiningar og menningareiningar, sem orðnar eru samvanar til starfs. Og það verða ekki búin til með lögum önnur héruð, sem betur séu til þess fallin að vera kjördæmi.“

Það hefur ekki neitt skeð í þjóðlífi okkar Íslendinga, sem hefur raskað þessum ummælum, þau eru jafngild í dag og þau voru fyrir rúmum aldarfjórðungi.

Ég óttast það tvennt í því að sameina margar sýslur ásamt bæjarfélögum í kjördæmi, eins og nú skal gera, að hlutaðeigandi þm., þótt margir séu, bogni fyrir meirihlutavaldinu í

sínu kjördæmi, fyrir hinum þéttbyggðari svæðum, svo að hin strjálbýlli verði mjög afskipt með allt, er að opinberum málum lýtur og meðferð lagasetningar á Alþingi. Tengslin rofna, þm. leggja lóðina þar, sem mestur aflinn er, þ. e. í þéttbýlinu. En hinn alkunni og mikli þjóðmálaskörungur, hv. 1. þm. Reykv. (BBen), segir í ræðu, sem birt var í Mbl. 24. jan. 1953, um þá þýðingu, sem hin persónulegu tengsl hafa fyrir kjördæmin, með leyfi forseta: „Þvert á móti mundi skipting Reykjavíkur t. d. í 16 eða 17 kjördæmi hafa í för með sér miklu nánara samband þm. og kjósenda en verið hefur. Þm. mundi miklu betur en nú vita, hvað kjósendum hans liði, og eiga þess kost að greiða fyrir mörgum áhugamálum þeirra og veita einstaklingum sams konar fyrirgreiðslu og þm. utan af landi verða að veita sínum kjósendum. Þetta yrði aukin vinna og umstang fyrir þm., en ég þori að fullyrða, að að því yrði mikill vinningur fyrir kjósendur."

Þetta stendur óhaggað enn. Það stendur óhaggað fyrir þá kjósendur landsbyggðarinnar, sem hafa sína sérstöku fulltrúa. Og hvers vegna á nú að rjúfa þessi tengsl? Eru þau of mikil? Hvað er það, sem koma skal? Er það framhald á stefnuskrá þeirra þingflokka, sem standa að kjördæmabreytingunni, á því að ýra fjármagn árlega um tugi millj. kr. til þeirra staða, sem búa við lökust skilyrði á landinu? Er þetta jafnréttið, sem koma skal? Er það rétt, og höfum við efni á því að kasta á glæ verðmætum, sem búið er að koma upp víðs vegar á landinu og veita mikla björg í bú landsmanna og munu einnig geta gert í framtíðinni, ef þeim er sómi sýndur? Við Íslendingar unnum frelsi og jafnrétti. Þess vegna eigum við að vinna að því að skapa réttlæti í ríki okkar. Ég tel, að miði í gagnstæða átt með þeirri kjördæmaskipun, sem nú skal upp taka, því að hún eykur misrétti á milli landsmanna, en jafnar ekki misrétti.

Ég vil taka það fram til að fyrirbyggja allan misskilning, að fjöldi bænda og það ekki síður innan Framsfl. en annarra flokka kann vel að meta þýðingu þess að hafa myndarlega höfuðborg, eins og Reykjavík t. d. er. Og ég veit einnig, að hinir ágætu borgarbúar skilja það mætavel, að húsfreyjan í sveitinni nýtur fyrst jafnréttis við starfssystur sínar í bæjunum, þegar hún hefur fengið þann aflgjafa, sem rafmagnið er, og þau þægindi, sem því fylgja. Þess vegna á ég erfitt með að skilja það, hvers vegna kvartað er á þeim vettvangi, þar sem þægindin eru þegar fyrir hendi, og talað um óréttlæti af hálfu hinna, sem skortir þægindi. Ég trúi því ekki, að hinn almenni kjósandi, sem gengur hér um steinlagðar götur borgarinnar og ekur í fínum bílum, fer í leikhús og nýtur alls konar skemmtana og félagslífs og hefur auk þess reglubundinn vinnutíma, ætli sér eða vilji taka rétt af þeim, sem búa við frumstæð skilyrði og eiga afkomu sína undir sól og regni víðs vegar um landið. Nei, það mun sýna sig, að í vor sameinast fólk til sjávar og sveita um það að halda rétti sínum, því að þessi kjördæmabreyting með fá og stór kjördæmi er runnin undan rifjum valdhafanna, sem hafa einræðiskennd Hitlers í brjósti, en hugsa ekki um jafnrétti fólksins, sem í landinu býr. Valdhafar Sjálfstfl. hafa varpað fyrir borð sínum skoðunum um nauðsyn og rétt einmenningskjördæmanna, en með öldum hafsins berast þær skoðanir til fólksins við strendur landsins og þaðan til bóndans í dalnum. Þetta fólk skilur þann boðskap, sem er á ferðinni, og mun við kosningarnar í vor minnast hinnar gömlu og sígildu lífsreglu: Haltu fast því, sem þú hefur, svo að enginn taki frá þér þína kórónu.

Jón Pálmason: Herra forseti. Hv. andstæðingar þess frv., sem hér liggur fyrir, hafa nú haldið margar ræður og langar, bæði við 2. umr. og þessa umr. Flestar eru þessar ræður líkari því, að þær væru fluttar á eldhúsdegi eða í kosningahríð, sem kosningaræður á framboðsfundum, heldur en þær væru ræður um ákveðið frv. eins og það, sem hér liggur fyrir, því að áreiðanlega minni hlutinn af því, sem þessir menn hafa sagt, er um frv. sjálft.

Við 1. umr. þessa máls flutti ég stutta ræðu og gerði nokkra grein fyrir því, af hverju ég væri fylgismaður þessa frv. Ég vil þó bæta við þetta nokkrum orðum, einkum vegna þeirrar breyttu afstöðu, sem nú er fram komin frá andstæðingum málsins. En ég ætla mér ekki þá dul að fara að svara öllu því, sem hér hefur heyrzt í þingsalnum, öllu því moldviðri, sem rokið hefur hér frá hálfu hv. framsóknarmanna, því að til þess þyrfti margra klukkutíma ræðu.

Við 1. umr. þessa máls var ekki komið neitt fram um það, að hve miklu leyti hv. andstæðingar málsins vildu breyta frá því, sem þeir höfðu samþykkt á sínu flokksþingi, sem nýlega var haldið. En það hafa komið hér fram allverulegar brtt. frá þessum mönnum á þskj. 430, og af því að þetta mál er eitthvert stærsta mál, sem fyrir þingi liggur og getur legið, þá verður maður að gera ráð fyrir því, að það, sem minni hl. n. flytur, sé flutt í umboði flokksins alls.

Ég verð nú að segja það, að ég er svo mildur í skapi, eins og eðlilegt má telja um svo aldraðan mann, að mér þykir alltaf vænt um það, þegar það kemur í ljós, að allir þm. eru á einu máli um veigamikil atriði, eins og hér hefur komið fram. Þannig er, að hv. framsóknarmenn leggja það til, að þm. séu 60, eins og frv. gerir ráð fyrir. Það hefur þess vegna komið í ljós, að allur þingheimur, allir þingflokkar, allir þingmenn, sem nú eru á þingi, eru sammála um þessa tölu, og talan 60, þetta er falleg tala og þýðir það, að eftir kosningarnar í haust má gera ráð fyrir því, að hér í aðaldeild þingsins verði 40 menn, en í hv. Ed. 20 menn. Mér þykir vænt um, að það er ekki nein deila lengur út af þessu.

Í öðru lagi flytja þeir hv. framsóknarmenn till. um það, að uppbótarsætin haldist og þau séu jafnmörg eða því sem næst eins og gert er ráð fyrir í frv., hvort þau eru 10 eða 11, skiptir ekki miklu máli. Aðalatriðið er það, að þessir andstæðingar málsins hafa gengið inn á

það að halda öllum uppbótarþingsætunum, sem er í samræmi við þingmannatöluna. Þetta er mjög gott, að það er líka orðið samkomulag um þetta, sem lengi hefur verið töluvert deilumál á milli flokka, bæði úti á landsbyggðinni og hér á Alþingi.

Í þriðja lagi flytja þeir hv. framsóknarmenn till. um það, að þm. Reykv. skuli vera 12, alveg eins og er í frv., og kosnir í einu lagi hlutfallskosningu. Mér þykir það einnig gott, að þessi till. er þannig samþykkt af öllum þingheimi, svo að um þetta þarf ekki að vera nein deila.

Í fjórða lagi kemur svo fram í þessum till., að þessir menn leggja til, að tvímenningskjördæmin gömlu haldist eins og er og einu bætt við, sem er Akureyrarkaupstaður, og þarna gildi hlutfallskosning. Þetta þýðir, að það er augljóst, að þeir eru horfnir frá sinni skoðun, sem mikið var hamrað á árið 1942 og svo mikið, að þá var rofin stjórn út af því ákvæði, að það skyldi vera farið fram á að hafa hlutfallskosningu í tvímenningskjördæmum. Það er því alltaf gott til þess að vita, þegar þverúðarfullir menn fallast á það, að bezt sé að halda því, sem orðið er, og láta þetta vera þannig. Þeir hafa líka áreiðanlega orðið sannfærðir um, að það mundi ekki vera vel tekið á því í tvímenningskjördæmunum, ef þau ættu að haldast óbreytt, að það yrði horfið frá því skipulagi, að þar væri hlutfallskosning.

Í þessum brtt. er einnig töluvert breytt frá því, sem áður var, að þeir gera ráð fyrir því að skipta Gullbringu- og Kjósarsýslu í 4 kjördæmi og bæta þar við 3 einmenningskjördæmum. Nú er þetta kannske engin fjarstæða, en miklu hefði mér fundizt samt vera eðlilegra, úr því að þarna er gerð breyting á, að skipta þessu kjördæmi í 2 tvímenningskjördæmi og hafa þar hlutfallskosningu, eins og á sér stað í hinum.

Enn fremur gera þeir ráð fyrir að skipta Borgarfjarðarsýslu í 2 einmenningskjördæmi, og er það engan veginn nein fjarstæða, ef því skipulagi væri haldið áfram, því að Borgarfjarðarsýsla er, eins og nú er komið, töluvert kjósendafleiri en 3 núverandi tvímenningskjördæmi. En með þessu eru þessir hv. andstæðingar málsins komnir inn á þá braut að viðurkenna og leggja til, að hlutfallskosning gildi hjá miklum meiri hluta þjóðarinnar. Ég hef reiknað þetta út eftir kjósendatölu á kjörskrá við síðustu kosningar, og kemur þá í ljós, að hv. framsóknarmenn leggja til að sé hlutfallskosning í byggðarlögum, sem þá höfðu kjósendur, sem nemur rúmlega 57 þús. En þar sem þeir ætla að halda einmenningskjördæmum, sem þeir leggja til að séu 24, voru kjósendur þá tæplega 33 þúsund.

Það er þess vegna augljóst, að hér er komið í ljós, að þessir andstæðingar málsins eru komnir inn á það, að það skuli gilda hlutfallskosning hjá miklum meiri hluta þjóðarinnar. En þessu fylgir það, að það mundu verða af 60 þm. 36 kosnir hlutfallskosningu, því að þar verður að telja uppbótarmennina með, en 24 kosnir meirihlutakosningu í einmenningskjördæmum. Nú er það svo, að hér á þingi er 31 þm., sem hefur varamann og er kosinn hlutfallskosningu, en 21, sem hefur engan varamann, og þetta er það, sem hv. framsóknarmenn leggja til að halda og sýna þar eins og í fleiru mjög mikið ósamræmi varðandi sínar tillögur.

Eitt er það, sem dálítið stingur í augu varðandi þessar till. um t. d. Gullbringu- og Kjósarsýslu, að þessir menn ætla að bæta þm. við Akureyrarkaupstað og hafa þar hlutfallskosningu, en þeir ætlast ekki til að bæta neinum þm. við Hafnarfjarðarbæ, sem hefur tiltölulega lítið færri kjósendur, og mismunurinn er sá, að þeir vilja halda Seyðisfjarðarkaupstað sem sérstöku kjördæmi, þar sem voru síðast 426 menn á kjörskrá, en þeir vilja gera það jafnt Hafnarfjarðarbæ, sem hafði um 3400 kjósendur. Með öðrum orðum, eftir þessum till. á einn maður á Seyðisfirði að hafa sama kosningarrétt og átta eða níu menn í Hafnarfirði. Maður freistast til að halda, að þetta stafi af því, að Framsfl. hefur aldrei átt miklu fylgi að fagna í Hafnarfirði, og ég býst við, að þó að þar væri gert 10 manna kjördæmi með hlutfallskosningu, þá fengi hann þar engan mann kosinn.

Svo er hér verið að hamra á því, að það sé verið að taka allan rétt af hinni strjálu byggð, — mennirnir, sem leggja sjálfir til alveg sömu tillögurnar um allt þéttbýlið eins og eru í frv. og vita, að það á ekki að taka einn einasta þm. af hinni strjálu byggð nema einn á Austurlandi, sem er fyrir Seyðisfjarðarbæ. Og svo eru þessir menn að hamra á því, að það eigi að fara allt saman eftir höfðatölu. Hv. 1. þm. S-M. (EystJ) sagði hér áðan, að það væri auðséð, að það væri ætlazt til þess, að það yrði allt að fara eftir höfðatölu og engu öðru, — ekkert að taka tillit til þess, hvernig aðstaðan væri á landinu. Það fer nú vel á því, að það er maður, sem segir þetta, sem er þm. á Austurlandi, því að samkvæmt frv. mundi það líta þannig út eftir kjósendatölunni 1956, að það kæmu 1143 á hvern þm. í Austurlandskjördæmi, þó að þar séu ekki nema 5 þm., og er það langlægsta talan. En í Reykjavík kæmu á hvern þm. 3133 menn og á Reykjanesi 2180. Og svo leyfa greindir menn sér að segja annað eins og það, að ekki eigi að taka nokkurt tillit til þess, hvar menn eru staddir á landinu. Þessar og þvílíkar fjarstæður hafa dunið hér í eyrum manna nú í tvo eða þrjá daga.

Hv. þm. Dal. (ÁB), sem hér var að ljúka máli sínu, vildi hræða með því, að bændur yrðu alveg útilokaðir af þingi, ef þessi nýja skipun kemst á. Ég verð nú að segja það, að þetta er hreinasta vantraust og versta, sem hefur verið flutt á bændastéttina, því að auðvitað komast þeir menn helzt í framboð, sem hafa mesta hæfileika og traust, almennt traust á hverju svæði, alveg án tillits til þess, hvar þeir eru búsettir eða hvort þeir eiga heima í litlu kjördæmi eða fjölmennu innan hvers svæðis. Ef við horfum hér á Miðvesturland, sem á að hafa 5 þm. eftir breytinguna, þá vita allir, að Dalasýsla er þar langminnst að atkvæðatölu. En ég hef nú það mikið álit á báðum þeim þm., sem þaðan eru hér á Alþingi, að ég mundi treysta

því, að þeir yrðu báðir settir svo ofarlega á lista, hvor hjá sínum flokki, að þeir væru líklegir til að eiga trygga kosningu, enda þótt þeir eigi heima í litlu sýslufélagi.

Þá er það eitt stórt atriði, sem gerði það að verkum, kannske meira en annað, að ég kvaddi mér hljóðs við þessa umr. Og það er þetta sífellda tal þeirra framsóknarmanna um það, að við, sem fylgjum þessu frv., séum að svíkjast aftan að kjósendunum. Þessu mótmæli ég harðlega, bæði fyrir mig persónulega og fyrir Sjálfstfl. 1953 skrifaði ég grein, sem birtist í Ísafold 3. marz það ár og ég hef hérna hjá mér. Í þeirri grein lagði ég til nákvæmlega sömu kjördæmaskiptingu utan Reykjavíkur og nú er í þessu frv., þar er enginn munur á. Ég lagði til að vísu einum manni færra hér í næstu kjördæmum höfuðstaðarins en nú er áformað, en það er að aðgæta, að í þeim kjördæmum hefur fólki fjölgað geysimikið á þessum sex árum, sem síðan eru liðin. Ég lagði til í þessari grein að skipta Reykjavík í tvennt og hafa 5 þm. í hvoru kjördæmi og að uppbótarmenn væru engir. Það vissu því allir mínir kjósendur og fjöldi annarra landsmanna, bæði sjálfstæðismenn og aðrir, að þetta var stefna frá minni hálfu, og það ekki fyrir skemmri tíma en sex árum.

Varðandi Sjálfstfl., þá hefur hann birt fjölda greina um afgreiðslu þessa máls á undanförnum mánuðum. Og á nýafstöðnum landsfundi flokksins, þar sem voru mættir yfir 800 fulltrúar úr öllum kjördæmum landsins, var þetta kjördæmamál eitt aðalmál fundarins, og það kom þar ekki fram ein einasta rödd til andmæla því að fara þessa leið, — ekki ein einasta rödd. Það er þess vegna nokkurn veginn ljóst, að það er ekki verið að svíkjast aftan að þeim fulltrúum, sem þar voru mættir. Auk þess er þess að geta, að í síðustu kosningum, held ég, að það hafi verið í mörgum kjördæmum mjög mikið um það rætt, að Hræðslubandalagið og þau svik, sem það hafði í frammi og Framsfl. stóð fyrir, gætu ekki haft aðrar afleiðingar en þær, sem nú eru fram komnar, að kjördæmaskipuninni yrði algerlega breytt. Þetta var margsinnis tekið fram í minni sýslu, ég hygg, að það hafi verið í flestum kjördæmum landsins, a. m. k. þar, sem þessi félagsskapur var einna áhrifamestur.

Það er þess vegna síður en svo, að það hafi við nokkuð að styðjast, að það sé verið að svíkjast aftan að fólkinu. Fólkið hefur vitað það í fjöldamörg ár, að það hefur verið stefna ekki einasta Sjálfstfl., heldur líka bæði Alþfl. og Alþb., að það yrði að breyta kjördæmaskipuninni frá því, sem er og verið hefur, vegna þess að skipulagið væri orðið úrelt og óhafandi.

Nú er svo þess að geta, að það eru ekki einasta menn þessara flokka, sem hafa mælt með þessu skipulagi, heldur og fjöldamargir framsóknarmenn fyrr og síðar, bæði þeir, sem nú eru lifandi, og þeir, sem eru ekki lifandi. Er þar fyrst þess að geta, að aðalstofnandi Framsfl. og höfuðleiðtogi um 25 ára skeið, Jónas Jónsson frá Hriflu, skrifaði um það í einu sínu riti, að þetta væri sú leiðin, sem væri réttlátust einmitt í kjördæmaskipun. Auk þess hefur það verið sannað með tilvitnunum í greinar frá Hannesi Pálssyni frá Undirfelli og Ólafi Jóhannessyni prófessor, að þeir hafa mælt með þessari leið. Enn fremur er vitað um Gunnar Þórðarson frá Grænumýrartungu, sem hefur verið einn af forustumönnum Framsfl., að hann skrifaði um þetta grein 1954, vildi að vísu hafa kjördæmin heldur minni en nú er ákveðið, en hlutfallskosningu yfir land allt, og hann er ekki meira hikandi í sinni skoðun en það, að hann gaf leyfi til þess, að þessi grein væri endurprentuð í Morgunblaðinu nú fyrir skömmu, þegar baráttan stóð sem mest um þetta mál. Auk þess skal ég geta þess, að rétt eftir að ég skrifaði mína grein 1953, fékk ég bréf frá mínum látna vini, Bjarna Ásgeirssyni, sem þá var sendiherra í Noregi, þar sem hann þakkaði mér fyrir þessar till. og taldi þær hinar beztu, sem komið hefðu, og sérstaklega tók hann fram, að þetta væri mjög líkt því, sem þá væri verið að afgreiða í Noregi. Og það var Verkamannaflokkurinn norski, sem stóð fyrir því að afgreiða þessa stjórnarskrárbreytingu, sem var samþykkt í Noregi og hv. frsm. minni hl., hv. þm. A-Sk. (PÞ), lýsti nokkuð og réttilega hér á dögunum. En það skal tekið fram, að í þeirri stjórnarskrárbreytingu Norðmanna er eins og var í minni grein, að það er ekki gert ráð fyrir neinum uppbótarþingsætum. Ég nefni þetta bara þeim mönnum til heiðurs, sem ég hef hér nefnt, vegna þess að það sýnir, að þeir eru viðsýnni menn en almennt kemur fram og hefur birzt í þeim umr., sem hér hafa farið fram nú af hálfu framsóknarmanna.

Þá er það eitt höfuðvopnið, sem nú á að beita og hefur verið mest hamrað á í þessum umr. af andstæðingum málsins, að þetta frv. sé bara byrjun á öðru stærra, það sé áfangi á þeirri leið að gera landið allt að einu kjördæmi, þetta eigi bara að gilda stutt o. s. frv. Þetta er frá mínu sjónarmiði hin mesta fjarstæða, því að hér er gert ráð fyrir, að það frv., sem hér er til meðferðar, sé skipulagsbreyting, sem endist til langrar framtíðar og væntanlega a. m. k. það lengi, að allir við, sem erum hér á Alþ. nú, verðum horfnir héðan, annaðhvort yfir í annan heim eða með öðrum hætti. En að gera landið að einu kjördæmi, það er held ég alveg úr sögunni sem stefna nokkurs manns. Alþfl. hafði þessa stefnu á tímabili, en hann hefur nú afneitað henni, og ég held, að það sé ekki nokkur Alþýðuflokksmaður, a. m. k. sem ég hef talað við, sem mundi vilja fara þá leið nú.

Sjálfstfl. hefur frá upphafi talið það eina hina allra mestu fjarstæðu að gera landið allt að einu kjördæmi, og það eru margar ástæður, sem til þess liggja, en fyrst og fremst sú, að mönnum er ljóst, að það er ekki að búast við meiri óhöppum af neinu en því að gefa tækifæri fyrir klíkur og klofninga og smáflokka til þess að þjóta upp, eins og verða mundi, ef landið væri gert að einu kjördæmi. Og ég skal segja ykkur það, hv. alþm., afdráttarlaust, að ég tel það einn versta ókost á þessu frv., að okkar stóra Reykjavík er í einu kjördæmi, en ekki tveimur, því að það skapar misræmi frá

því, sem annars staðar er. Það voru og eru margir sjálfstæðismenn, sem vildu gjarnan hafa Reykjavík skipta, til þess að það væri samræmi í öllu kerfinu. En ósamræmið er af því, að í fimm manna kjördæmi þarf yfir 20% kjósenda til þess að koma að þingmanni, í sex manna kjördæmi þarf 17% eða fyllilega það, en í tólf manna kjördæmi duga rúml. 8% til þess að koma að þm. Og að svo miklu leyti sem nokkur hætta er á myndun nýrra flokka, liggur hún fyrir hér í Reykjavík, en ekki annars staðar. En það skipulag hafa nú andstæðingar málsins, eins og ég tók fram áðan, líka samþykkt.

Annars er það ýmislegt í sambandi við þetta mál, sem kemur fram, þegar afgreidd verða kosningalög, því að þeim verður að breyta mjög mikið á því aukaþingi, sem væntanlega verður haldið í sumar.

Eitt atriði vil ég drepa hér á, sem ég taldi miklu varða og fleiri sjálfstæðismenn, en ekki var samkomulag um, og það var, að ég hef lengi álitið það og ekki síður eftir þessa breytingu, að allir frambjóðendur, sem koma til mála, væru því aðeins löglegir frambjóðendur, að þeir væru búsettir innan kjördæmis. Það varð ekki samkomulag um þetta, og ég veit, að það er þýðingarlaust að bera fram brtt. um það nú. En vissulega væri það betra en að hafa það jafnóbundið og nú er.

Það er ætlazt til þess, eins og hv. alþm. geta séð, að landslistarnir hverfi úr sögunni algerlega, og ýmislegt fleira, sem getur komið fram í kosningalögum. Ég skal t. d. nefna það, að ég er sannfærður um, að það er nauðsynlegt, bæði í lögum um sveitarstjórnarkosningar og alþingiskosningar, að afnema með öllu hina illræmdu útstrikunaraðferð, því að hún á ekki rétt á sér og hefur sýnt það í sveitarstjórnarkosningum, að af henni stafar mjög mikil hætta. Hitt er ekki hægt að afnema og á að vera nægilegt svigrúm fyrir kjósendurna, að það sé alltaf frjálst að færa til með númerum á hverjum lista, og það ætti að duga. Hvort verður samkomulag um þetta og margt annað fleira, það kemur fram á aukaþinginu í sumar, en ekki hægt að taka það til afgreiðslu nú.

Það er gert ráð fyrir því, eins og menn sjá, að uppbótarsætunum verði úthlutað á svipaðan hátt og nú er í lögum, a. m. k. að það verði í aðalatriðum, og þá vitum við, að samkvæmt því og þeirri reglu, sem verið hefur, má gera ráð fyrir því, að fyrstu þrjú uppbótarsætin, sem úthlutað er, komi á Reykjavíkurkjördæmi. Þá eru eftir átta, og þau eiga að skiptast á milli sjö kjördæma. Hvernig þau skiptast, er náttúrlega nokkurt hendingarmál, vegna þess að það byggist á því, hvernig kosningahlutföllin verða. En það er a. m. k. hægt að gera sér grein fyrir því, að eitthvert af þessum sjö kjördæmum fær tvo uppbótarmenn, og það er ekki alveg hægt að reikna það út fyrir fram, hvernig uppbótarsætaskiptingin verður í hverjum kosningum, en það mundi fylgja svipaðri reglu og nú gerist.

Að öðru leyti skal ég ekki fjölyrða mikið um þetta mál eða andmæla öllum þeim öfgum, sem hér hafa komið fram um hitt og annað, fjármál og annað slíkt, — t. d. þessu, sem alls staðar er verið að hampa, að það eigi að leggja niður öll kjördæmin utan Reykjavíkur. Slíkt slúður er varla svaravert, eins og það sé sama og drepa kjördæmin að fyrirskipa, að þau verði að hafa samvinnu sín á milli eftir föstum reglum og á þeim svæðum, sem eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta. Slíkt rugl er heldur varla svaravert, að það sé líklegt, að alþm. hætti að hugsa um hagsmuni sinna kjósenda, ef þeir eru kosnir hlutfallskosningu. Við höfum í því efni reynslu frá tvímenningskjördæmunum, og við höfum reynslu frá Reykjavík, og hún bendir engan veginn í þá átt, að mennirnir hætti að hugsa um hagsmuni sinna kjósenda, þó að þeir séu kosnir með hlutfallskosningu. Þessi áróður dettur líka alveg dauður niður gersamlega, þegar framsóknarmenn, andstæðingar málsins, eru sjálfir búnir að leggja til, að það gildi hlutfallskosning hjá yfirgnæfandi meiri hluta þjóðarinnar. Hvort sem það verða nú meiri eða minni umræður um þetta hér á þessu þingi, er það tryggt í gegnum þingið, og það er öruggt, að það verður samþykkt, þó að það verði auðvitað baráttumál í kosningum. Það vita allir menn, að þegar þrír flokkar standa að svona máli, þrír stórir flokkar gegn einum, þá breyta kosningar í vafakjördæmunum engu um úrslit þessa máls.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður, þm. A-Húnv., var að lýsa því yfir, að hann réðist ekki aftan að sínum kjósendum, þó að kjördæmi hans ætti að leggja niður með þessum till., sem hér liggja fyrir, því að hann hefði áður skrifað um það grein að haga þessu á eitthvað svipaðan hátt og hér er lagt til í þessu frv. Og hann segir, að það hafi ekki komið fram ein einasta rödd, sem hafi mótmælt þessu. Hann reiknar víst ekki með sínum eigin forustumönnum. Ég veit ekki betur en þeir hafi sjálfir lýst því yfir, bæði hv. þm. G-K. og fleiri, sjálfur formaður flokksins, að það kæmi ekki til mála, að þeir mundu nokkurn tíma fallast á það, það væri aðeins einn maður í flokki þeirra, og þá hefur hann ekki talið hann sem mann eða þingmann, hv. þm. A-Húnv., alls ekki reiknað hann með í dæminu, ef hann hefur líka verið á þessari skoðun eins og Sigurður Kristjánsson, fyrrv. þm. hér í Reykjavík. Mér finnst ósköp eðlilegt, að kjósendur hans hafi trúað formanni flokksins betur en honum. Ég verð að segja það, þó að ég beri mikla virðingu fyrir þessum manni, tel hann að mörgu leyti mætan mann, þá finnst mér ósköp eðlilegt, að kjósendur í landinu hafi frekar farið eftir því, hverju formaður flokksins lýsir yfir, heldur en því, sem einn þm. skrifar um í einhverju ómerkilegu blaði, sem hann gefur út. Þegar hann talar um, að það sé rugl og þvættingur, að það eigi að leggja kjördæmin niður, vill þá ekki hv. þm. segja mér, hvar er Austur-Húnavatnssýslukjördæmið í þessum kosningalögum, sem hér á að setja? Ég held, að það verði ekki til. Kannske hann vilji benda mér á það, hvar þessu er smeygt inn einhvers staðar, að Austur-Húnavatnssýsla haldi áfram

að vera kjördæmi. Nei, svona málflutningur er slíkur, að það er ekki hægt fyrir fólk með fullu viti yfirleitt að hlusta á þetta. Og annar málflutningur er yfirleitt eftir þessu, sem þessi hv. þingmenn koma fram með um, að það eigi ekki að ráðast á kjördæmin í dreifbýlinu. Hvað er verið að gera? Hvar eru þau á eftir? Við sjáum það líka í þessum umræðum, sem hér fara fram, að það má segja, að það eru sárafáir af flm. og stuðningsmönnum, sem treysta sér til að fara að mæla með þessu. Og mér datt í hug, satt að segja, þegar hv. þm. A-Húnv. gekk hér upp í stólinn, einn af þeim fáu, sem þora að verja þetta, þessi gömlu orð, sem sögð voru einhvern tíma: Kjarkmaður Kolbeinn, — enda má það um hann segja, að hann hefur verið það, jafnvel þótt um rangt mál og illt væri að ræða, eins og hér er.

Þá talaði hann um það líka, að það gleddi sig mjög, hversu mikið samkomulag væri um marga hluti, sem við framsóknarmenn byðum fram til samkomulags. En er þá ekki eftir þeirra hlutur að koma eitthvað til móts við okkur, til þess að fullt samkomulag náist um þetta? Það er ekki svo langt á milli, eftir því sem hann segir, að við föllumst á flesta hluti hjá þeim. Hví þá ekki að fallast á það, sem við viljum, að halda gömlu kjördæmunum? Þá mun gleði hæstv. forseta sameinaðs þings og þm. A-Húnv. verða mikil. Og hvers vegna berst hann ekki fyrir því, að þessi gleði geti komið til hans og annarra í landinu?

Ég nenni ekki að rekja einstök atriði úr ræðu þessa hv. þm. En eitt fannst mér mjög athyglisvert, þegar hann fer að bera saman aðstöðu Seyðisfjarðarkaupstaðar á Austurlandi, lengst í burtu hér frá Reykjavík, og svo Hafnarfjarðar hér alveg hjá — sama sem hluti af bænum í Reykjavík. Hvaða heilvita manni dettur í hug, að það sé sama aðstaða fyrir kjósendur austur á Seyðisfirði, sem eiga langa vegu hingað að sækja og geta helzt ekki hingað komizt nema endrum og eins, og þá, sem búa hér alveg í grennd við bæinn? En þetta er þeirra réttlæti, taka ekki tillit til nokkurra skapaðra hluta nema höfðatölunnar: hvað eru margir menn þarna? Það er ekkert um það að ræða, hvaða aðstöðu þessir menn hafa, nei, bara hvað þeir eru margir. Ég held, að það sé tæpast hægt að sýna öllu meiri einsýni en þetta í lausn mála.

Ég skal þá víkja örfáum orðum að því, sem kom hér fram við 2. umr., og voru þó ekki margir af stuðningsmönnum og flm. þessa frv., sem létu til sín heyra. En nokkur atriði vildi ég þó minnast á, sem ég hirti ekki um að kæmu fram þá og lét bíða til þessarar umr.

Hv. 1. þm. Reykv. og frsm. meiri hl. lét þess getið í upphafi orða sinna, að það mundi aldrei hlustað á svo margar ræður um svo lítið efni. Átti hann þar sjálfsagt við það, að mál það, sem liggur fyrir, væri svo lítið að efni til, að varla væri þess vert, að um það væri rætt. Það er líka staðreynd, að hv. flutnings- og stuðningsmönnum er mjög óljúft um að tala, og mun engan á því furða, sem til mála þekkir og gerir sér fulla grein fyrir því, hvað hér er um að ræða. Aldrei hef ég fyrr heyrt í stórmáli eins og því, sem hér er á ferð, aldrei heyrt á hæstv. Alþ., að flutnings- og stuðningsmenn þess gerðu svo slælega grein fyrir máli sínu og væru svo tregir og meira að segja sárnauðugir að færa rök fyrir máli sínu og færðu jafnhæpin rök og þau, sem þeir hafa myndazt við, þessir fáu, að flytja. Heill stuðningsflokkur þessa flutnings af þríhöfðunum hefur ekki sagt eitt einasta orð, ekkert orð. (**Gripið fram í:** Ekki í útvarpsumræðum einu sinni?) Ja, útvarpsumræður eru dálítið annað en að tala hér á Alþingi. Við erum vanir því að verja mál okkar og sækja hér á þessum vettvangi, okkur er markaður bás til þess að gera það hér á Alþingi, og það er venjulega gert með nokkuð öðrum hætti en þegar útvarpsumræður eru. Máske þeir hafi ætlað að hafa útvarpsumræður aðeins eitt kvöld til þess að sleppa við að færa frekari rök. En þessu skal ekki vera hlýtt. Á réttum vettvangi skal þetta mál flutt, hvort sem þeir vilja tala eða tala ekki. Þeir um það. En það er vitað mál, að menn, sem eru tregir til að tala og færa rök fyrir sínu máli og verja það, hafa einhverja sektarkennd á samvizkunni. Og mig undrar það ekki. Mig undrar ekki, að sú sektarkennd sé ærið mikil hjá þessum einmitt. Heill flokkur af þremur, sem flytur þetta frv. og styður það, hefur ekki látið eitt orð til sín heyra við þessar umræður, tvennar umræður um þetta mál. Og það, sem flutt er, er ýmist fullkomin falsrök eða þá með öllu ósönn, og er reyndar ekki við öðru að búast, eins og hér er allt til mála búið.

Það munu vera fleiri en ég, sem gengur erfiðlega að skilja, að það muni verða hinum smærri, strjálbyggðari og fjarlægari héruðum styrkur ýmist að missa þingmenn sína með öllu eða eiga þá í félagi við aðila, sem eru sterkari en þau og geta þannig alveg ráðið, hvernig ráðið verður fram úr máli. Hvernig á að skilja þetta? Er verið að bera á borð fyrir hv. alþingismenn svona málflutning?

Hingað til hefur það ekki verið talinn styrkur fyrir þá, sem veikari eru, að vera innlimaðir af þeim, sem eru sterkari og fá því flestu eða öllu ráðið um sameiginleg mál. Það hefur ekki verið talið hingað til. Íslendingar vildu aldrei á það fallast, að þeim væri það styrkur að vera innlimaðir af Dönum, stærri þjóð og voldugri, sem þá var. Meðan svo var, réðu Íslendingar engu um sín eigin málefni, enda stóð hagur þeirra eftir því. Máske verður þá einnig farið með sömu rökum að halda því fram af þessum hv. þríflokkum, að okkur verði að því mestur styrkur að gerast aðili að ríkjasamsteypu, t. d. Bandaríkjunum eða Sovétríkjunum, ja, hver veit, hvað upp kann að koma? Sumir flm. væru a. m. k. ekki með öllu ólíklegir til þess að halda slíku fram, — eða finnst ykkur það? Hitt er annað mál, að frekar er ólíklegt, að þeir fái þjóðina fljótlega til að fallast á slíkt. Þjóðin veit og skilur, og það skilur hver heilvita maður, sem vill skilja það og bregður þar ekki við blindu auga, að um leið og hinn veikari sameinar rétt sinn rétti hins sterkara, þá er það hinn sterkari, sem ræður. Og mér er spurn: Um hvað fjallar þetta frv.,

ef ekki að auka rétt þeirra, sem flutningsmenn telja að nú séu afskiptir um réttlæti við kjördæmaskiptingu landsins? Og hvernig verður það gert, án þess að réttur einhverra sé þá um leið eitthvað svolítið skertur? Hvernig er hægt að jafna yfir það öðruvísi? Ég þekki til þess enga leið, og ég er alveg sannfærður um, að hana þekkja þessir hv. flutningsmenn ekki heldur. Ef á að jafna, þá verður vitanlega að taka rétt af einhverjum og fá hann öðrum. Þetta er svo auðskilið mál, að ég skil ekki, að nokkur barnakennari geti ekki komið öllum börnum sínum í skilning um það. Þeir væru þá a. m. k. heldur lélegir. Og að þurfa yfirleitt að vera að andmæla svona málflutningi hér á hæstv. Alþingi, það er hreint og beint til hneisu, og það er ekki furða, þó að það séu fáir, sem koma fram og koma upp í pontuna til þess að reyna að halda svona hlutum fram. Það er hv. þm. A-Húnv., sem síðast var hér að reyna það og tókst heldur óhöndulega að vonum.

Ef einhver jöfnuður á að fara fram, verður hann ekki framkvæmdur nema á kostnað einhvers. Flutningsmenn segja að vísu, að það eigi að vera á kostnað Framsfl. og afnema eigi sérréttindi hans. Setjum svo, að þetta væri rétt, sem það ekki er. En ef svo væri, þá hlýtur það þó að vera á kostnað þeirra héraða og þess fólks, sem framsóknarmenn eru fulltrúar fyrir, því að þetta fólk telur hagsmunum sínum bezt borgið með því að fela framsóknarmönnum umboð sitt. Hér vilja þá aðrir fyrir það ráða og taka af því rétt til að velja sér fulltrúa, eins og það kýst helzt, og vitanlega er réttur af fleirum tekinn í þessari allsherjarútjöfnun, þar sem ekkert tillit er tekið til mismunandi aðstöðu og atvinnuhátta, en allt er sett saman og lagt að jöfnu innan þessara stóru og viðlendu kjördæma, hvernig sem atvinnuhættir eru og hvernig sem aðstaða til lífsbjargar er á þessum svæðum.

Ég benti á það við 2. umr. þessa máls, að fámennustu og fjarlægustu héruðin hlytu að missa þm. sinn að öllu, þegar stundir líða, og benti þar á kjördæmi eins og Vestur-Skaftafellssýslu og Norður-Þingeyjarsýslu, sem lítt munu hafa af fulltrúa fyrir sig að segja, ef þessi áform komast í framkvæmd, og svo er um mörg fleiri kjördæmi, sem ég hirði ekki að telja upp. Þessu svaraði hv. frsm. meiri hl., Bjarni Benediktsson, á þá leið, að ólíklegt væri annað en bæði ég og hv. þm. N-Þ., Gísli Guðmundsson, yrðum þingmenn áfram í þessum stóru kjördæmum, og mundum við áfram hugsa um hag þessara héraða. Ja, þarna má nú segja, að strákurinn Tumi hafi komið illa upp um sig. Hann viðurkennir hreinlega það, sem ég hélt fram um réttindi og aðstöðu þessara héraða og þá einnig ýmissa annarra, sem svipað er ástatt um, ef frv. þetta yrði að lögum. En þeirra von og styrkur á að vera í því falinn, að einhverjir núv. þm. muni máske verða þeim hliðhollir, ef þeir e. t. v. yrðu á þingi áfram. Augljóst er því, að frv. þetta er enn eins og fyrri breytingar miðað við núverandi þingmenn, en ekki sem framtíðarskipulag fyrir þjóðfélagið. Hentistefnan er opinberuð, svo sem frekast er hægt að gera, enda vita það allir. Og gálauslegar, held ég, að tæpast sé hægt að skipa svo alvarlegu og afdrifaríku máli fyrir svo stóran hluta þjóðarinnar eins og hér er gert. Hér á að miða við menn, að máske komist þeir áfram á þing, en ekki við héruðin sjálf og hver hlutur þeirra og aðstaða verður í framtíðinni. Þvílíkur málflutningur!

En tímarnir breytast og mennirnir með, eins og þar segir, og mennirnir breytast og skipta furðufljótt og máske í þessu efni fyrr en fyrst yrði kosið eftir þessum réttlætiskosningum, sem um er talað, eða réttlætislögum. Og þessi fámennu og afskekktu héruð hafa enga tryggingu fyrir því, að þeim kunnugir og hliðhollir menn komi á eftir. Þvert á móti er mjög sennilegt, að þau fái aðeins að tilnefna mann neðarlega á lista flokkanna í sæti, þar sem lítil eða engin von er til að þeir verði kjörnir. Og þar með er draumurinn búinn. Svo mun fyrir mörgum fara, sem þessum ráðum vilja hlíta, sem hér eru á borð borin. Og vonandi sjá þeir það ekki um seinan.

Þá minntist hv. frsm. meiri hl., Bjarni Benediktsson, á það, að auðsafn og atvinnuáhrif hefðu mikil áhrif í sumum kjördæmum, aðallega smáum, skildist mér. Hann mun þar gerst um vita. Ég held, að þetta sé eitthvað í ætt við það að tala um snöru í hengds manns húsi. Hvaða flokkur ætli hafi yfir mestu fjármagni að ráða og noti mest fjármagn í kosningum, bæði í smærri og stærri kjördæmum? Er hann ekki byrjaður á hlutaveltu núna til þess að afla sér í kosningar? Ég hélt meira að segja, að hann hefði ekki þurft þess með. Það er vitað, að enginn flokkur í landinu hefur yfir eins miklu auðmagni að ráða og notar það eins miskunnarlaust í kosningum og hann gerir. Ég vona, að hv. þm. Snæf. hlusti, þannig að hann skilji, hvað flutt er. En hann vill óskhyggjuna þar líka í fyrirrúmi eins og við flutning þessa frv. Við höfum sannarlega orðið þess varir úti um byggðir landsins, hversu þessi flokkur hagar sér í þeim efnum. Og nokkur grunur leikur á því, að ekki sé þetta á annan veg í hinu stóra og fjölmenna kjördæmi, Reykjavík, ekki sé fjármagnið minna þar, sem notað er. Þetta er allt í raun og veru svo hræsnislegt um að tala, að ég ætla ekki fleiri orðum að því að eyða, og hygg ég, að það sé flutningsmönnum ekki sízt fyrir beztu.

Þá minntist hv. sami þm. á það, að merkilegt væri, að við bærum ekki fram brtt. um það að gera Reykjavík að einmenningskjördæmum og sömuleiðis tvímenningskjördæmin, sem nú eru. Hann taldi, að allir væru svo ánægðir með hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmum, að enginn vildi þar aftur breyta um. Þetta er á fullkomnum misskilningi byggt. Hitt er svo annað mál, að okkur var og er fullkomlega ljóst, að þýðingarlaust er að bera fram breytingartillögur um þessi efni, þar sem þessi tilhögun um kosningu í tvímenningskjördæmunum var fram knúin með miklu brambolti og látum af þessum sömu flokkum, sem nú standa enn að þessari breytingu, og því engin von til, að þeir hafi vitkazt í þeim málum

síðan þá eða að hugarfarsbreyting hafi nokkur þar orðið síðan. Og um Reykjavík er nokkuð hið sama að segja, auk þess sem segja má, að sé hlutfallskosning nokkurs staðar réttlætanleg, þá er það í Reykjavík, sem hefur marga þingmenn og er aðeins eitt lögsagnarumdæmi. Það erum ekki við, sem höfum knúið fram hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmum. Það erum ekki við, sem höfum borið það fram. Við höfum bara gert eins og við höfum getað, en það hefur verið knúið fram af þessum sömu mönnum.

Þá talaði sami hv. þm. enn um framboðin og áhrif flokkanna á þau. Hann taldi, að samtök flokkanna heima í héruðunum mundu þar mestu um ráða eins og hingað til og þar yrði engin breyting á. Ég man nú ekki betur en ég læsi það nýlega í Mbl., blaðinu, sem þessi hv. þm. er aðalritstjóri að og því sennilega hægt að trúa, a. m. k. fyrir hann, þó að margir aðrir séu vantrúaðir á fréttir, sem þar eru, — ég hef lesið þar, að flokksfélögin hér í Reykjavík hefðu útnefnt frambjóðanda flokksins á Siglufirði nú nýlega. Ég man ekki betur. Það stóð í blaðinu. Kannske hv. þingmenn vildu gæta að því, en ég er þá ekki læs, ef ég las þetta ekki nokkurn veginn rétt. Þeir höfðu komið sér saman um að skora á þennan mann. Mig undrar ekkert, þó að sumir fari að ókyrrast. Það er náttúrlega gott, ef hægt er eitthvað að koma þeim til rétts vegar, því að fyrst er að mynda ókyrrð og vekja samvizkuna hjá þessum þingmanni, sem fer nú að ókyrrast í sætinu og sýna það, að hún er þó eitthvað að byrja að vakna í þessum efnum. Og þegar þeir gera þetta nú, þegar þar er aðeins einn í kjöri, hvað mun þá, þegar um stóra lista verður að ræða? Ekki er ég að efa það, að höfuðstöðvarnar og flokksforustan muni láta sig það nokkru skipta, og það er í raun og veru ekki láandi, þegar um algera flokkakosningu er að ræða. Mér finnst það bara sjálfsagður hlutur. Og þar með eru líka tekin af þessum héruðum áhrifin um að ákveða, hverjir skuli vera fulltrúar þeirra.

Ég hirði svo ekki að minnast á fleiri atriði af því, sem frsm. og næstum eini forsvarsmaður frv. hér við þessar tvær umræður hafði fram að færa. Allt er það svo ómerkilegt og marklaust, að bezt er að hafa um það sem fæst orð.

Um það, sem hv. 5. landsk. (BG) hafði að segja um tillögur Austfirðinga og Norðlendinga um breytingar á stjórnarskrá landsins, væri einna helzt viðeigandi að segja, þótt það sé óvirðulegt, að öllu var snúið öfugt þó aftur og fram í hundamó. Mest voru það rangtúlkanir og rangfærslur, og það virðist eins og það sé áskapað, að þessir menn hafi ekki neitt annað fram að færa til að verja mál sitt. Sjálfur var ég á þessum umræddu Þingvallafundi, og mér er því nokkuð kunnugt um, hvað þar fór fram. Þar var meginátherzlan á það lögð, að sett væri fullkomin lýðveldisstjórnarskrá hið fyrsta, einmitt það, sem þessir flokkar hafa svikizt og ætla áfram að svíkjast um að gera. Engan heyrði ég á það minnast og því síður samþykktir um það gerðar að leggja niður flest núverandi kjördæmi. En hitt var hins vegar rætt og samþykktir gerðar um að dreifa meira ríkisvaldinu og færa það út að einhverju til fylkja eða stofnana innan landsfjórðunganna, og gætu þá sum héraðsmál einnig komið þar fyrir. (**Forseti:** Óskar hv. þm. eftir að ljúka ræðu sinni?) Ja, ég held, að það taki varla öðru, ég á ekki langt eftir. Úr því að ég er dæmdur til að tala, þegar sem fæstir hafa möguleika til að hlusta, þá held ég, að það skipti litlu máli.

Um söguleg rök þessa hv. þm., 5. landsk., er svipað að segja. Hvernig er hægt að sækja rök fyrir þessu frv. til þessara samtaka eða fundarhaldsins á Þingvöllum? Það er meira en ég fæ skilið og það sýnir ljóslega hin algeru rökþrot, sem flutningsmenn og stuðningsmenn þessa frv. eru komnir í. En þetta var eina hálmstráið svo að segja, sem hv. 5. landsk. þm. hafði í fórum sínum: Öllu snúið öfugt, ekkert rétt túlkað frá fundum og samtökum, sem voru fyrir nokkrum árum.

Mig undrar það ekki, þótt frumvarpsliðinu, flm. og stuðningsmönnum, sé þungt tungu að hræra, ef ekki er meira fyrir í forðabúrinu til þess að bera fram til stuðnings þessu óbermi, sem hér er á ferðinni.

Þá hafa þeir mjög lagt sig fram um það að færa að því rök, að kjördæmaskipun sú, sem nú er og verið hefur alla tíð, síðan Alþingi var endurreist, sé dönsk, hún sé erlend, sett af erlendum einvaldskonungum, og að frv. það, sem nú liggur fyrir, sé miklu nær gömlu goðorðaskipuninni. Ef við lítum t. d. á það, sem mér er næst og ég þekki bezt í þessu, sem á nú að sameina, þá veit ég ekki betur til en það hafi verið til Skaftafellsþing, það hefur verið til Þingskálaþing, það hefur verið til Árnesþing, þarna eru þau þrjú. Kannske það sé nær að skella þessu öllu saman en halda þessum kjördæmum áfram? Hvað eiga svona falsanir — sögufalsanir og rökfalsanir — að þýða? En ef þeim er svo ákaflega illa við allar erlendar fyrirmyndir, er þá ekki einmitt þetta frv. nú, sem þeir eru aðallega að taka rök sín fyrir, að þannig sé þetta í Danmörku t. d. núna, nú séu Danir búnir að koma á hlutfallskosningum, — er þá endilega nauðsynlegt að elta Dani alveg út í rauðan dauðann, ef þeir breyta einhverju til, að breyta eins og þeir? Ja, ég sé ekki betur en svo sé. Þeir eru að reyna að sækja rök fyrir þessu máli sínu til Norðurlandaþjóðanna, að þær skipi þannig málum sínum, þó að þeir viti, að það sé rangfært eins og annað, sem þeir flytja, að ýmsu leyti. En aðallega hefur það verið það, að þannig væri þessum málum skipað á Norðurlöndum, um að gera að elta Danina eins lengi og hægt er í þessum efnum. Ég skil ekki svona málflutning, ég verð að segja það alveg eins og er, alls ekki. Gömlu kjördæmin okkar og gamla kjördæmaskipunin á að vera alveg gersamlega ómögulegt, af því að eitthvað hafi verið svipað gert hjá Dönum á þeim tíma, og nú er þessi nýja kjördæma-

skipun alveg sjálfsögð, vegna þess að Danir höfðu eitthvað svipað gert hjá sér um breytingar á undanförnum árum.

Þá talaði hv. 5. landsk. tvívegis um það, að þó að ætti að hafa þá tilhögun á, eins og við leggjum nú til, að fjölga þm. fyrir þéttbýlið, þá þyrfti áfram að fjölga um einn þm. á hverju ári. Það er svo sem auðheyrt, að honum er alveg ljóst, hvað muni leiða af þessu frv.: að fólksfjölgun sé óhugsandi nema í þéttbýlinu, alveg óhugsandi. Ef fólksfjölgunin heldur áfram jafnt og það verður hugsað jafnt um hagsmuni manna í landinu áfram, þá getur fólksfjölgunin vitanlega komið jafnt niður alls staðar og ekki þarf nokkra fjölgun. En hann gerir ráð fyrir því, að það sé alveg óhugsandi, að fólksfjölgunin verði nokkurs staðar annars staðar, og náttúrlega er það alveg rétt hjá honum, ef þessu heldur áfram og þessi breyt. verður gerð, sem nú er.

Ég skal svo ekki, því að menn langar sjálfsagt til að fara að komast í matinn, þreyta menn mjög um þetta lengur og fara að ljúka máli mínu. En ég vil benda hv. flm. á það, að þeir munu verða að gera reikningsskil fyrir þessu frumhlaupi og árásinni á vald og áhrif hinna dreifðu byggða í landinu, áður en yfir lýkur, með meiri rökum en hér eru færð fram. Og satt að segja hefði ég unnað mörgum þessara manna betra hlutskiptis en standa svo berir að óheilindum frammi fyrir kjósendum sínum, og ég vildi ráða þeim til þess að reyna að finna sér einhver haldbetri rök en enn hafa komið fram í þessu máli frá þeirra hendi. — [Fundarhlé].

Frsm. meiri hl. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Þegar hlustað er á getsakir, hártoganir og illyrði hv. framsóknarmanna í þeim umr., sem um þetta mál hafa farið fram hér í dag og raunar einnig fyrir helgina, þá skyldi enginn ætla, að hér væri við að etja eitt mesta vandamál íslenzku þjóðarinnar nú, — vandamál, sem með engu móti verður umflúið að leysa, — vandamál, sem kemur af því, að á Íslandi hafa á síðustu áratugum orðið meiri fólksflutningar á milli byggða heldur en nokkru sinni áður í sögu þjóðarinnar. Jafnvel fyrir 17 árum, þegar kjördæmaskipun síðast var breytt, var fólksfjöldi Íslands miklu minni en hann er nú og byggðinni um landið allt öðruvísi háttað. Síðan er ekki aðeins miklu færra fólk í sveitum landsins en þá var hlutfallslega, miðað við aðra landsmenn, heldur einnig miklu færra að tölu. Breytingarnar eru orðnar svo miklar, að hér á suðvesturkjálkanum, í Reykjavík og hinni fyrri Gullbringu- og Kjósarsýslu ásamt þeim kaupstöðum, sem nú eru í henni, er saman kominn meira en helmingur allra landsmanna.

Það er vafalaust, að mörgum okkar geðjast ekki að öllu sú þróun, sem orðin er. Við vildum áreiðanlega flestir, að þessi mál hefðu skipazt á annan veg, þannig að byggð hefði orðið með meiri jöfnuði um allt land, því að það er áreiðanlega leitun á þeim Íslendingi, sem ekki viðurkenni, að ef sveitir Íslands og útskagar hætta að vera byggð, þá er Ísland ekki aðeins orðið fátækara land, heldur orðið allt annað Ísland en það, sem við þekkjum og óskum að sé. Menn greinir þess vegna engan veginn á í þessu máli um það, hvort halda eigi við byggð um allt Ísland og að landsbúum, hvar á landinu sem þeir eiga heima, megi vegna eins vel og frekast er kostur.

En sumir segja: Þungamiðja valdsins má með engu móti flytjast úr sveitunum. — En þungamiðja valdsins, þess raunverulega valds í hverju þjóðfélagi, hlýtur ætíð að vera þar, sem fólkið sjálft býr. Við elskum landið og einstaka staði, en fyrst og fremst er það fólkið, sem hlýtur að ráða því, sem gerist á hverjum tíma í þjóðfélaginu. Ef reynt er að standa á móti eðlilegri þróun í þessum efnum, hlýtur það að enda með ósköpum. Úr því að sú mikla breyting er á orðin, sem ég áður rakti og öllum okkur er kunn, þá verður, hvort sem okkur þykir ljúft eða leitt, að taka afleiðingunum af því. Jafnvel þó að við öll hér á Alþingi sameinuðumst um það, að ekki mætti breyta stafkrók í kjördæmaskipun frá því, sem nú er, þá mundi það ekki stoða.

Í fyrsta lagi mundu kjósendur margra okkar skipta um sína fulltrúa og segja, að við hefðum brugðizt því verki, sem okkur var trúað fyrir. En þar fyrir utan mundu myndast þær hreyfingar utan sjálfs Alþingis, sem tækju völdin af löggjafarsamkundunni og réðu málefnunum til lykta, án þess að lög og réttur væru þar viðhöfð. Það hefur verið sagt, að ekki væri hægt að stjórna þessu landi án verkalýðsins. Það var ekki alls fyrir löngu, að mynduð var stjórn fyrst og fremst byggð á þessari hugsun. Og við höfum heyrt hv. 1. þm. S-M. (EystJ), þáverandi hæstv. fjmrh., lýsa því yfir hér í sölum Alþingis, að ef um fleiri leiðir væri að velja varðandi lausn tiltekinna vandamála, þá væri ætíð bezta lausnin sú að fara eftir því, sem samtök verkalýðsins segðu til um. Það er rétt, að án verkalýðsins er ekki hægt að stjórna, eins og ekki er hægt að stjórna án bænda og annarra atvinnustétta þessa þjóðfélags. En fyrst og fremst er ómögulegt að stjórna án meiri hluta íslenzku þjóðarinnar. Það hefur verið reynt að stjórna á móti Reykjavík.

Hv. 1. þm. S-M. sagði í dag, að Alþfl. hefði farið úr fyrrv. hæstv. ríkisstj. vegna fylgistaps, sem fram hefði komið í bæjarstjórnarkosningunum síðustu. Ég skal ekki dæma um það, hvort þetta er rétt eða ekki. En ég bendi aðeins á það, að þarna tekur sjálfur málsvari mótþróans í þessu efni fram eina höfuðröksemdina fyrir nauðsyn þeirrar breytingar, sem hér þarf að gera, að án samþykkis fólksins sjálfs, hvort sem það á heima í Reykjavík, á Reykjanesi eða annars staðar, verður þessu landi ekki stjórnað. Í þessu felst engin hótun eða neitt ofurlæti af mér sem Reykvíking. Ég bendi einungis á þær staðreyndir, sem hvarvetna eru undirstaða stjórnskipunar og löglegs stjórnarfars, að án fjöldans verður einu þjóðfélagi ekki með neinu stjórnað til lengdar.

Við skulum játa, að hér í Reykjavík og næsta nágrenni sé byggðin, miðað við fjölda okkar

þjóðfélags, orðin of mikil, og þá komum við einmitt að þeim vanda, sem við verðum að reyna að leysa. Hvernig er hægt hvort tveggja í senn að láta fjöldann njóta sín, hafa réttmæt áhrif á skipan hinna æðstu mála og tryggja hag hinna fornu byggða Íslands? Ég hygg, að með þessu frv., sem hér er lagt fram, sé sú leið fundin betur og tryggari en nokkur önnur leið, sem menn hingað til hafa komið auga á í þessu máli. Ef við þráumst á móti, ef við gerum okkur ekki grein fyrir vandamálinu, sem við er að etja, vex vandinn okkur yfir höfuð, þá vex upp sú úlfúð og þau illindi á milli fjöldans annars vegar og fólksins í strjálbýlinu hins vegar, sem með engu móti verður við ráðið.

Hv. 2. þm. Skagf. (JS) gerði glögga grein fyrir þessu í sinni ágætu ræðu við 1. umr. þessa máls. Hann sýndi þá ýtarlega og með óhnekkjanlegum rökum fram á, að svo mikilsverð sem þessi löggjöf er fyrir allar stéttir Íslands, þá er hún fyrir engan mikilvægari en einmitt íslenzku bændastéttina. Það sagði einhver hér áðan, að bændastéttin þyrfti ekki og vildi ekki vera biðjandi. Það er enginn, sem ætlast til þess, að íslenzka bændastéttin sé biðjandi. Hún á sinn rétt, og hún er vissulega ómissandi fyrir þetta þjóðfélag umfram allar aðrar þess stéttir. En íslenzka bændastéttin verður að gera sér grein fyrir og hefur áreiðanlega í miklu ríkari mæli gert sér grein fyrir en hv. framsóknarmenn vilja vera láta, að hún eins og aðrir kemst ekki hjá því að taka afleiðingunum af breyttum þjóðháttum, að nú er Ísland orðið allt annað en þegar danski einvaldskonungurinn setti þá kjördæmaskipun, sem hér er verið að verja eins og heilagan arf, og þegar bændastéttin var 97 eða 98% af öllum landsmönnum, en nú er hún 20%.

Það stóð að vísu í Tímanum einhvern tíma í vetur, að það væri hægt að verjast þessu frv. með því að sýna hnefann. Það getur verið, að sá, sem er nógu öflugur, geti sýnt hnefann. Það hefur oft verið talað um, að við sjálfstæðismenn værum einræðissinnar og vildum hafa einhverja aðra stjórnarhætti en það, sem hv. framsóknarmenn og sumir þeirra félagsbræður kalla lýðræði. Ef eitthvað væri til í þeim ásökunum, hefði einhvern tíma á því borið öll þau ár, sem við sjálfstæðismenn höfum haft meiri hluta hér í Reykjavík, að við hefðum beitt ofbeldi, beitt valdi hnefans. Við höfum aldrei viljað grípa til þvílíkra ráða. Við höfum ætíð haldið í heiðri lögum og rétti, haldið trúan vörð um hin gömlu norrænu sannindi, að með lögum skal land byggja.

En eins og ég segi, á staðreyndirnar verður að líta. Það tjáir ekki að koma hingað, jafnvel þó að af ágætum mönnum sé, eins og hv. 1. þm. Skagf. (StgrSt) í dag, og segja, að ef Reykvíkingar fái aukinn rétt, þá sé það sama og gefa skrílnum vald. Ég hygg, að sá ágæti þm., sem þetta mælti, hefði betur látið þau orð ómælt. Reykvíkingar þurfa ekki að blygðast sín fyrir sitt tillag til íslenzkrar menningar, og þeir eru ekki lakari Íslendingar en aðrir. Og vissulega er sá andi, sem í þessum orðum lýsti sér, mjög ólíkur því, sem annar maður, alinn upp í Þingeyjarsýslu, mælti fyrir rúmum 60 árum, Einar Benediktsson, sem einnig hafði flutt úr Þingeyjarsýslu til Reykjavíkur, sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„En þó við Flóann byggðist borg
með breiða vegi og fögur torg
og gnægð af öllum auð,
ef þjóðin gleymdi sjálfri sér
og svip þeim týndi, er hún ber,
er betra að vanta brauð.
Þeir segja, að hér sé hættan mest
og hérna þróist frónskan verst
og útlend tízka temjist flest
og tungan sé í nauð."

Það var eins og hann hefði heyrt ummæli hv. 1. þm. Skagf. í dag. En Einar Benediktsson svaraði fyrir meira en 60 árum:

„Nei, þegar öldin aldna flýr
og andi af hafi kemur nýr
að vekja land og lýð,
er víkka tún og breikka ból
og betri daga morgunsól
skín hátt um strönd og hlíð,
skal sjást, að bylgjan brotnar hér.
Við byggjum nýja sveit og ver,
en munum vel, hvað íslenzkt er,
um alla vora tíð."

Við Reykvíkingar erum stoltir af því, að þannig var spámannlega mælt um okkar borg, þegar hún enn var fámenn, og við teljum það bæði heiður okkar og skyldu að starfa í þessum anda, að skilja, að það er Íslandi nauðsyn að eiga glæsilega og mannmarga höfuðborg. En höfuðborgin verður einnig að skilja nauðsyn landsbyggðarinnar, að skilja skyldur sínar, þá skyldu, sem á henni hvílir umfram alla aðra við íslenzka menningu. Og það er einmitt í þeim anda, sem við Reykvíkingar höfum fallizt á og styðjum af alhug það frv., sem hér liggur frammi, þó að það ætli okkur mun minni staðarlegan rétt til þingmannafjölda heldur en öllum öðrum landshlutum, meira að segja svo miklu minni, að sums staðar, eins og á Austurlandi, má segja, að atkvæði sé metið eitt á móti hverjum 3 í Reykjavík.

Það má segja, að þetta er ekki tölulegt réttlæti. Við játum, að það er ekki tölulegt réttlæti, en við játum einnig, að það er fleira en tölurnar einar, sem hér koma til greina. Það verður að líta á landshætti, það verður að líta á íslenzka sögu, á íslenzka menningu, eins og hún er, og þar verður hver að leggja fram nokkuð, til þess að vel fari. Og í þessum efnum er ekki farið fram á við neinn, að hann láti af neinum þeim rétti, sem hann í raun og veru á og hefur haft. Staðreynd er, að við Reykvíkingar og aðrir, sem á þéttbýlustu stöðunum búa, við heimtum ekki fullan rétt á við aðra landsmenn í þessu.

Hv. 1. þm. Skagf. og aðrir fleiri hafa talað látlaust svo sem eftir þessu frv. ætti allt vald að vera flutt hingað til Reykjavíkur og á hinn ömurlega Reykjanesskaga, sem ég hygg að hv. þm. Dal. (ÁB) hafi mjög gert sér tíðrætt um. Hvernig litur þetta út í raun og veru? Eftir því frv., sem hér liggur fyrir, á Reykjavík og Reykjanesskaginn samanlagt að fá aðeins 17

þm. Önnur héruð landsins eiga að fá 31. Og í þessu meginatriði er enginn munur á milli frv. Hv. framsóknarmenn hafa lagt fram frv., sem veitir Reykjavík og Reykjanesskaganum nákvæmlega jafnmarga þm. og lagt er til í frv. okkar. Hins vegar telja Reykvíkingar og aðrir, sem í þéttbýlinu búa, að það sé ærið nóg að njóta ekki þessa staðarlega réttlætis, tölulegs, þó að það komi ekki ofan á, að tvennar gersamlega ólíkar aðferðir til kosninga séu viðhafðar, tvenns konar aðferðir, sem ekki er hægt að rökstyðja með neinu móti öðru en því, hvers hagsmunir eins tiltekins flokks krefjast, en eiga ekkert skylt við hagsmuni strjálbýlisins hvað þá þjóðarheildarinnar.

Hv. þm. Framsfl. hafa að vonum gefizt upp við að rökstyðja, af hverju þeir vilja ekki láta sömu kosningareglu gilda í Reykjavík og annars staðar. Þeir segja: Reykjavík er ein fjárhagsleg heild. — En hvernig ætluðu þeir að fara sjálfir í till., sem þeir samþykktu á framsóknarþinginu um miðjan marz í vetur um það að skipta öllu landinu utan Reykjavíkur upp í einmenningskjördæmi? Hvernig var hægt að skipta núverandi tvímenningskjördæmum, t. d. Eyjafjarðarsýslu og Árnessýslu, upp, án þess að þær sýslur væru skornar í sundur, eða var ætlunin sú ein að taka annan þm. af þessum sýslum? Þessu hafa hv. þm. ekki með neinu móti fengizt til að svara.

Það er vegna þess, að þessar till. eins og annað, sem þeir hafa borið fram, er ekki borið fram sem lausn á vanda, heldur til málamynda til þess að skjóta sér undan því að segja hvað fyrir þeim í raun og veru vakir, því að það hefur enn ekki fengizt þrátt fyrir öll þau ár, sem þetta mál hefur verið til meðferðar. Við höfum heyrt það nógsamlega í þessum umr., að hv. framsóknarmenn hafi verið á móti tilrauninni, sem gerð var til þess að leysa kjördæmamálið 1931. Við höfum heyrt nógsamlega í þessum umr., að þeir hafi verið á móti samkomulagslausninni, sem þeir kalla, 1933. Um ekkert hefur hv. þm. V-Húnv. farið háðulegar orðum en einmitt uppbótarþingmennina, sem voru lögskipaðir 1933. Við höfum heyrt í þessum umr., að hv. framsóknarmenn voru á móti lausninni, sem var gerð 1942.

En með hverju hafa þeir verið í málinu? Jú, nú vill svo til, að þeir eru með lausninni frá 1933, sem þeir eru búnir að berjast á móti í 25 ár, þó að þeir greiddu henni raunar atkvæði á sínum tíma. Og nú eru þeir með lausninni 1942, sem þeir töldu ganga landráðum næst að þá var samþykkt.

Þeir tala um, að aðrir skipti um skoðun og þetta sé byrjun á einhverju, sem síðar skal koma. Ég játa það hreinlega, að ég sé ekki í framtíðina, en ég er alveg viss um, að það verður ekki langt þangað til margir framsóknarmenn segja: Þessi lausn var þrátt fyrir allt ekki svo afleit, sem fundin var, og tryggði hag strjálbýlisins betur en allt braskið, sem framsóknarmenn hafa verið með, að þvælast á móti og bera aldrei fram neina raunhæfa till. til lausnar einu mesta vandamáli íslenzku þjóðarinnar.

Það var vitnað í það, að ég hefði haldið því fram á sínum tíma, að ef Reykjavík væri skipt niður í ein 16—17 einmenningskjördæmi, mundu þeir fulltrúar, sem þar með kæmu, hafa betri aðstöðu og fólkið betri aðstöðu til að nálgast þá heldur en samkvæmt núgildandi skipan. Ég játa fúslega, að ég sé marga kosti við einmenningskjördæmi, en þeim eru líka margir ókostir samfara. En varðandi þetta tiltekna atriði gefur auðvitað auga leið, að helmingi fleiri þm. í Reykjavík hafa ólíkt betra færi á því að sinna málum sinna kjósenda heldur en meðan þeir eru helmingi færri, að ef Reykjavík fengi þingmannatölu á borð við aðra landsmenn, mundi vitanlega verða miklu auðveldara fyrir fulltrúa þessa bæjarfélags að vera í nánu sambandi við alla sína kjósendur en nú er. Ef ekki væri atkvæðið metið hér einungis á við einn þriðjung, miðað við það, sem er á Austfjörðum, þá mundu vitanlega verða hér fleiri þm., sem gætu jafnvel sinnt málefnum sinna umbjóðenda og hv. 1. þm. S-M. (EystJ) og aðrir væntanlegir þm. hins nýja Austurlandskjördæmis, sem hver um sig þarf ekki eftir þessa breytingu að hafa áhyggjur af á mann fleiri en innan við 1150 kjósendur, auk þess sem margfaldlega hefur verið á það bent, að eftir því sem fleiri fulltrúar koma úr hverjum flokki í hvert kjördæmi, verður réttur kjósendanna aukinn, þá getur kjósandi ætíð snúið sér til þess fulltrúa, sem hann ber traust til, sem hann er tengdur miklu nánari böndum vegna flokkslegs samstarfs og sameiginlegra skoðana og sannfæringar heldur en nú er.

Ég hef getið um það áður, hvernig Framsfl. beitti sínu flokksvaldi hér á þingi 1934—37, þegar beinlínis var bundizt um það samtökum, að þau kjördæmi, sem höfðu gerzt svo djörf að kjósa sjálfstæðismenn á þing, voru alveg afskipt um allar framkvæmdir innan sinna endimarka. Það var sanngirnin og hugurinn til byggðanna þá hjá þessum herrum.

Fram hjá því verður ekki komizt, að eftir frv. verður, þrátt fyrir það, þótt röskur meiri hluti landsmanna sé nú búsettur í Reykjavík og á Reykjanesi, yfirgnæfandi meiri hl. þm. úr öðrum kjördæmum, úr öðrum landshlutum, þannig að aðrir landshlutar verða á engan hátt afskiptir frá því, sem nú er, þannig að allt tal um það, að verið sé að ganga á þeirra rétt, er staðlausir stafir. Má nærri geta, hvort sé heillavænlegra fyrir landshlutana að eiga þess kost að hafa menn sem sína fulltrúa innan allra þingflokka, þannig að þar sé á þeirra mál hlustað, þeirra málefni fyrir brjósti borin, eða hvort það sé þeim heppilegt, að þm. séu sameinaðir í einum flokki, sem óhjákvæmilega, eins og Framsfl., hlýtur að verða í miklum minni hl., jafnvel á Alþingi, hversu mikið ranglæti, sem í verður haldið, vegna þess að jafnvel framsóknarmenn sjálfir dirfast ekki lengur að segja berum orðum, þó að það skíni út úr þeirra umsögnum, að þeir vilji á ný fá sama skipulagið sem gilti 1931, þegar ⅓ hluti landsfólksins fékk rífan meiri hl. þeirra, sem kosnir voru.

Framsfl. reyndi þá sjálfur, hvílík gæfa fylgir

þvílíkum rangindum. Aldrei hefur neinn flokkur beðið annað eins afhroð og Framsfl. eftir þennan sinn rangfengna sigur. Sá sigur varð upphaf þess, að margir beztu menn Framsóknar hröktust úr flokknum, menn eins og Tryggvi Þórhallsson, Ásgeir Ásgeirsson og — þótt síðar væri — aðalhöfundur flokksins og stofnandi, Jónas Jónsson, vegna þess að einmitt í átökunum 1931 og þá á eftir komust til valda í Framsfl. sömu ævintýramennirnir, hv. núv. 1. þm. S-M. og hv. þm. Str., sem hröktu stofnanda flokksins, Jónas Jónsson, úr flokknum og hafa síðan hreiðrað þar um sig, ekki sem þjóðmálaflokk, heldur sem valdaklíku, sem nú stendur uppi einangruð og örvilnuð í íslenzkum stjórnmálum, eins og við höfum séð og heyrt þeirra harmagrát undanfarna daga og nú mikinn hluta dagsins í dag.

„Illur fengur illa forgengur" hefur sannazt á skyndisigrum þessa flokks, og svo mun enn reynast, þó að sigur nú muni ekki verða eins og þessir menn vona. Til þess er þetta mál allt of ljóst og verður orðið almenningi um land allt allt of kunnugt, þegar til kosninga kemur.

En landsbyggðin hefur einnig þessa sérstöku tryggingu í frv., að jafnað er á milli flokkanna með uppbótarmönnum, sem verða a. m. k. að hér um bil helmingi utan Reykjavíkur og Reykjaneskjördæmis, þannig að fyrir utan það að þessi byggðarlög eru í miklum meiri hl. varðandi sjálfa kjördæmakosnu þingmennina, þá er einnig vitað mál, að þeir fá sinn bróðurhlut af hinum landskjörnu þm., eins og verið hefur. Og þegar er verið að tala um það, að þetta frv. auki flokksvaldið frá því, sem verið hefur, verður að benda á, að einmitt ein breytingin í frv. er sú, að ætlazt er til, að svokallaður landslisti verði lagður niður, sé úr sögunni, sá þáttur, að flokksstjórn geti ráðið því að einum þriðja, hverjir hljóta uppbótarsæti. Það er allur yfirgangur flokksstjórnanna í þessu frv.

Hins vegar heyrðum við það áðan glögglega á hv. 2. þm. Rang. (SvbH), að hann sagði, að það væri ekki nema sjálfsagt, að flokksstjórnir réðu frambjóðendum, og fór um það fögrum orðum, að þannig ætti það og hlyti að vera. Það er í raun og veru ekki nema sjálfsagt, að þessi hv. þm. játi það, því að flokksstjórnin í Framsfl. hefur ekki aðeins skipað sínum kjósendum að kjósa hvern frambjóðanda úr sínum eigin flokki, sem hún hefur sent þeim, heldur hefur hún sent þeim menn úr öðrum flokkum, sem enn þá voru í öðrum flokkum, og látið þá kjósa þá og hælt sér af því, að allir kjósendurnir hafi hlýtt skipuninni. Það er von, að þessir menn tali um flokksræði og veldi flokksstjórna! Þeir hafa sýnt það í verki, að þannig er ástandið í þeirra eigin flokki. En það er bara allt öðruvísi í öðrum flokkum.

Hv. 2. þm. Rang. sagði hér áðan, að það hefði staðið í Morgunblaðinu, sem hann fór um fögrum orðum, að Einar Ingimundarson, frambjóðandi Sjálfstfl. á Siglufirði, hefði verið tilnefndur til framboðs af flokksfélögunum hér í Reykjavík. Hv. þm. fór um þetta mörgum orðum og sagði, að þetta væri hægt að skoða. Ég náði í það eintak Morgunblaðsins, sem segir frá framboði Einars Ingimundarsonar, og ef ég má lesa fyrstu málsgr., með leyfi hæstv. forseta, þá hljóðar hún þannig:

„Siglufirði, 22. apríl.

Á fundi fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna s. l. laugardag og á fjölmennum sameiginlegum fundi sjálfstæðisfélaganna þriggja í gærkvöld var einróma samþykkt að beina þeirri áskorun til Einars Ingimundarsonar bæjarfógeta að vera í framboði fyrir Sjálfstfl. hér á Siglufirði við alþingiskosningarnar í sumar."

Þetta stendur í blaðinu. Svo leyfir þessi hv. þm. sér hér að koma upp með umvöndun og miklu orðaskaki, segja okkur frá þessu og ýmsum öðrum atburðum. En hvað halda menn að sé að marka það, sem fjarlægara er og ekki er jafngott að staðreyna eins og þetta, þegar hann leyfir sér að segja jafnbersýnilega — ég segi fásinnu eins og það, sem hann leyfði sér hér rétt fyrir kvöldmat í kvöld að gera?

Eftir höfðinu dansa limirnir. Það má segja, að aumingja þm. vilji fara eftir því, sem foringi flokksins hér í deildinni, hv. 1. þm. S-M., hefur gert. Hann hefur byggt hér meginhluta sinna löngu ræðna upp á algerum ósannindum og staðleysum, sem er auðvelt að hnekkja, og enginn veit betur en hann sjálfur, að hann segir ósatt.

Hv. þm. talaði t. d. um það, að við sjálfstæðismenn hefðum ekki 1953 aldeilis verið á þeim buxunum að breyta þyrfti kjördæmaskipuninni, vegna þess að þá hefðum við sýnt fram á það, að samkvæmt núgildandi kjördæmaskipun þyrftum við ekki nema 200—300 atkvæði til þess að fá hreinan meiri hl. Þá hefðum við þess vegna ekki verið á því að breyta kjördæmaskipuninni. Ég held, að hann hafi talað um þetta einn hálftíma. En hv. þm. A-Sk. las hér upp á laugardaginn yfirlýsingu frá landsfundi Sjálfstfl. 1953, þar sem við lögðum höfuðáherzlu á nauðsyn kjördæmabreytingarinnar og tókum fram, að við teldum, að hvort tveggja gæti komið til álita, ef sama regla væri höfð um allt land, einmenningskjördæmi eða hlutfallskosningar í nokkrum stórum kjördæmum. Hv. þm. A-Sk., sem er a. m. k. sannsögull miðað við hv. 1. þm. S-M., las þetta upp og hefur ekki gert neina tilraun til þess að breiða yfir þá staðreynd, sem var raunar öllum vitað.

En það skyldi þó ekki hafa verið svo, að hv. 2. þm. Rang. hefði ekki sjálfur skrifað sína ræðu og þess vegna ætti hann ekki sök á ósannindunum, heldur hefði hún verið tekin úr skjóðunni, sem hv. 1. þm. S-M. ber með sér, — og menn sáu einmitt, að hann var að dreifa út skjölum til nokkurra manna, sem sumir eru búnir að tala hér í dag, og eiga hinir vafalaust eftir að koma.

Þá er þetta mikla tal um stjórnarskrárnefndina, sem brugðizt hafi störfum og hafi staðið sig illa og þó enginn verr en ég, sem mestur trúnaður hafi verið sýndur, vegna þess að ég hafi verið formaður.

Hver er sannleikurinn í því máli? Hann hefur svo oft verið rakinn, að ég nenni ekki að fara ýtarlega út í það. En í nóvember 1952

leggjum við fulltrúar sjálfstæðismanna þar fram ýtarlegar till. um breytingar á stjórnarskránni, m. a. um breytta kjördæmaskipun, og tókum þar fram, að við teldum hvort tveggja koma til álita, einmenningskjördæmi eða hlutfallskosningar í nokkrum stórum kjördæmum, að því áskildu, að sams konar regla gilti um allt land.

Þegar þessar till. lágu fyrir, varð öðrum framsóknarmanninum í n., prófessor Ólafi Jóhannessyni, svo mikið um, að hann sagði sig úr n. Ég hygg, að það hafi verið vegna þess, að prófessor Ólafur Jóhannesson hafi viljað fá að taka afstöðu til tillagnanna, en flokkurinn hafi bannað honum að taka afstöðu til málsins, og þessi mæti maður hafi ekki viljað una því að vera þannig kefldur í n. og hafi þess vegna sagt sig úr henni.

Annar nm., beinlínis tilnefndur af Framsfl., hv. núv. þm. S-Þ. (KK), bar fram till., sem fór alls ekki inn á efni málsins, heldur eingöngu meðferð, um það, að efnt skyldi til sérstaks stjórnlagaþings og kosið til þess eftir sömu reglum og til Alþingis, með þeirri breytingu einni, að stjórnmálaflokkarnir máttu ekki skipta sér af kosningunni. Hugsum okkur nú vitið í þeirri till., að einmitt þeim samtökum borgaranna, sem eru mynduð til þess að hafa skipti af stjórnmálum, til þess að starfa samkvæmt stjórnarskránni, og þeim mönnum, sem mest þekkja til stjórnarskrárinnar, þeim átti einmitt að banna að koma nærri kosningunum!

Hv. þm. bar þetta að vísu fram. Það fékk engan stuðning. Fulltrúar annarra flokka fengust ekki heldur til að taka afstöðu til tillagna okkar. Allir nm. urðu þess vegna sammála um, að n. þyddi ekki að starfa áfram. Og það var staðfest af þáv. forsrh., hæstv. 1. þm. Skagf. (StgrSt), sem skipaði aldrei mann í stað prófessors Ólafs Jóhannessonar. Ef þeir ætluðust til, að n. héldi áfram að starfa, af hverju var þá ekki skipaður maður í stað prófessors Ólafs Jóhannessonar? Það var vegna þess, að eins og á stóð, vildi Framsfl. stöðva áframhaldandi tilraunir þessarar n. til að koma sér saman. Eins og á stóð, var það fullreynt, að hún gat ekki leyst sitt verkefni.

En ekki nóg með það. 1953, nokkrum mánuðum eftir þetta, gefur landsfundur sjálfstæðismanna út sína yfirlýsingu, rétt fyrir kosningar, um stefnu í stjórnarskrármálinu, m. a. kjördæmamálinu. Framsfl. fékkst ekki til þess að taka neina málefnalega afstöðu til þeirra till. og bar auðvitað enga ósk fram um það, að stjórnarskrárnefndin tæki til starfa á ný.

Ég minnist þess ósköp vel, að einn háttsettur framsóknarmaður sagði þá við mig: Þeir eiga eftir að sjá eftir því, að ekki var reynt að ná samkomulagi á þessum grundvelli. — Þessi maður er enn mjög háttsettur í Framsfl. Ég veit ekki, hverjir þeir voru, sem þarna réðu, en það var alveg víst, að það voru þá menn til í Framsfl., sem sáu, á hvílíkri feigðargöngu flokkurinn var lentur, og hafa aðvarað í sinn hóp gegn þeirri einangrun, sem nú er á skollin, alveg eins og við vitum, að bæði á Framsfl.-þinginu og ekki síður í öðrum hópum framsóknarmanna hafa þær raddir verið mjög háværar, að flokkurinn væri lentur í fullkomnum ógöngum og mundi seint bíða þess bætur, hvernig á kjördæmamálinu hefði verið haldið. Þeir reyndu þó að komast úr þessari einangrun, sem viss hópur var að leiða flokkinn í, við stjórnarmyndunina 1956. Þá sömdu þáverandi stjórnarflokkar um að reyna að leysa málið sín á milli, þ. e. a. s. án Sjálfstfl. Hafi þurft frekar vitnanna við, að stjórnarskrárnefndin frá 1947 hafi verið úr sögunni, þurfti ekki annarra en stjórnarsáttmálans 1956.

En þá segir hv. 1. þm. S-M.: Já, en það skapaðist alveg nýtt viðhorf í vetur, þegar það kom í ljós, að allir flokkar þingsins höfðu áhuga á lausn málsins, og þá bar formanni stjórnarskrárnefndarinnar að kalla hana saman.

Hv. 1. þm. Skagf. sagði nú í dag, að hann vildi ekki ræða um það, hvað menn gerðu á öðru tilverustigi, enda væri víst nóg að hugsa um það, hvað menn gera í þessu lífi. Ég hygg, að það hafi verið nóg fyrir stjórnarskrárnefndina hennar basl, meðan hún lifði, og þess vegna ekki mikil bót í því að vekjast upp eftir sex ár frá því, að vitað var af öllum og talið, að hún væri úr sögunni. Og ef þeir töldu hana vera á lífi, af hverju bar þá fulltrúi Framsfl. ekki fram till. eða beiðni um það, að n. kæmi saman? Við Karl Kristjánsson höfum hitzt hér daglega í allan vetur, og með okkur er mjög ljúft, þótt við séum í sitt hvorum flokki, og ég er alveg viss um, að Karl Kristjánsson hefði þorað að stynja því upp við mig, að nú ætti að kalla saman n., ef honum hefði komið það til hugar, að það gæti greitt fyrir þessu máli eða að n. væri ekki úr sögunni.

En sleppum Karli Kristjánssyni. Af hverju bar fyrrv. hæstv. forsrh., sem var forsrh. þessa lands fram til 23. desember, af hverju bar hann ekki fram ósk um það, að n. kæmi saman, og hnippti í hinn mjög svikula formann um, að hann ætti að gegna skyldu sinni, ef það var raunverulega ætlunin, að þessi n. ætti að leysa allan vandann? Nei, hann lét það vera. Hann lét ekki aðeins vera að biðja mig um að kalla saman n., heldur hélt hann áfram vanrækslu Steingríms Steinþórssonar og skipaði ekki, alla sína stjórnartíð og ekki heldur eftir að málið vaknaði í vetur, mann í stað Ólafs Jóhannessonar í n. Það hefði þá væntanlega nægt að tilkynna, að nú væri maður tilnefndur af forsrh. í stað Ólafs Jóhannessonar, til þess að ýta við hinni sofandi n. Nei, það datt þeim þá ekki í hug.

Þetta er fundið upp eftir á sem hver annar orðhengilsháttur, að þessi n. hefði getað leyst málið, ef hún tæki til starfa. Hitt verð ég svo að segja, að mér hefur sjaldan verið sýnt meira traust, og ég mun lengi hafa það í minni og minna hv. 1. þm. S-M. á það, þá traustsyfirlýsingu, sem hann bar fram til mín með rökstuddu dagskránni hér, sem var felld á laugardaginn var. Þá var eina ráðið að leysa vandann að vekja upp n. undir forustu Bjarna Benediktssonar. Ef það var ekki gert, þá var bara fjandinn laus.

Að hugsa sér aðra eins frammistöðu hjá þess-

um mönnum, að ef nú Bjarni Benediktsson kemur þeim ekki til hjálpar á síðustu stundu, rétt áður en þeir gefa upp öndina, þá er allur flokkurinn í voða!

Ef eitthvað hefði verið til í því, að ég hefði vanrækt mína skyldu í þessari n. og við nm., þá hefði sannarlega eina rökrétta afleiðingin verið sú að bera fram till. um skipun nýrrar n. og reka hinn ótrúa þjón heim, nema það sé e. t. v. aðferð Framsóknar að sýna mönnum þeim mun meiri heiður sem þeir svíkjast betur um störfin. (**Gripið fram í:** Er það þá viðurkennt, að það hafi verið svikizt um?) Já, það er það, sem hv. þm. hefur verið að reyna að burðast við að halda fram og vill svo launa á þennan veg.

Svo segir hv. þm., að okkur hafi verið ljóst, að allir flokkar voru búnir að fá mikinn áhuga á lausn kjördæmamálsins í vetur. Þó segir hann og ber það blákalt fram hér, að við sjálfstæðismenn höfum aldrei talað við Framsfl. um kjördæmamálið. Ef við höfum aldrei talað við Framsfl. um kjördæmamálið, hvernig áttum við þá að vita um þeirra lifandi áhuga um málið? Það er spurning fyrir sig. En það vill nú svo til, að við áttum ýtarlegt tal við einmitt 1. þm. S-M. og hv. þm. Str., Hermann Jónasson, um kjördæmamálið, hv. þm. G-K. (ÓTh) og ég, við áttum það í flokksherbergi Sjálfstfl. Við ræddum um það ýtarlega, hvort þeir mundu geta fallizt á þær till., sem við höfðum fram að bera. Og þegar þeir sögðu, að svo væri ekki, þá spurðum við, hvort þeir hefðu einhverjar aðrar till. Jú, þeir sögðust hafa till. Hverjar þær væru? Þeir sögðust sjálfir vita, hverjar þær væru, en það væri ekki búið að festa þær á blað. Hvort við mættum bíða eftir því að fá blaðið? Ja, það mundi nú taka dálítinn tíma að skrifa þær upp. Eins og við líka sjáum, þá hefur það tekið þá töluverðan tíma að skrifa þær, vegna þess að það var í marz, sem þeir loksins samþykktu einhverjar till. í málinu, og blekið var ekki fyrr þornað af þeim till., sem flokksþing þeirra samþykkti, heldur en þeir bera fram alveg gagnstæðar till. hér á Alþingi. Ég spyr: Hvernig á að vera hægt að semja við svona menn um þetta mál? Hvað er það, sem þeir í raun og veru meina? Vilja þeir ekki einhvern tíma segja, hverjar eru þeirra eigin tillögur, ekki einungis hvað þeir vilja ganga inn á til samkomulags?

Þeir segja sjálfir, að það sé alveg ljóst, að við viljum ekki semja við þá og þeirra mál verði fyrir borð borið hér á Alþingi, og þeir segja, að þjóðin eigi að rísa upp og fylgja þeim í málinu. En í hverju á hún að fylgja þeim? Hvað er það, sem þeir vilja sjálfir?

Hv. þm. A-Sk. svaraði því þannig hér á laugardaginn: Það eru alls ekki okkar breytingartillögur. — Sama segja þeir í dag. Nú vill hv. 1. þm. S-M. láta í það skína, að það séu till. frá því í marz, sem séu þeirra tillögur, en hv. þm. A-Sk. sagði allt annað, hann sagði, að þeir ætli ekki að koma með neinar tillögur fyrr en á stjórnlagaþinginu fyrirhugaða, vegna þess að það væri þeirra aðaltill. í málinu, og allt, sem þeir segðu um kjördæmamálið, bæri að skoða í því ljósi, að þeir vildu láta kjósa stjórnlagaþing og þar ætti að taka afstöðu til málsins.

Það verður áreiðanlega erfitt fyrir hv. 1. þm. S-M. að ætla að reyna að fara í fótspor hins mikla meistara, hv. fyrrv. þm. S-Þ., Jónasar Jónssonar. Þótt menn að vísu taki eftir því, að hann sé mjög farinn að tíðka hans ræðustíl og látbragð í ræðustól, mun mjög fara lítt fyrir honum í nýrri kjördæmabaráttu í stílnum 1931 nú. Þó að við höfum Jónas endurvakinn þarna, þá held ég, að svo lítið sem mönnum þykir til þess Jónasar koma, þá muni mönnum þykja enn þá minna koma til Tryggva Þórhallssonar í líki Sveinbjarnar Högnasonar.

Þessi fylking er ekki sigurstrangleg, allra sízt meðan hún fæst ekki með nokkru móti til þess að segja, hvað fyrir henni vakir, annað en að hún hafi verið á móti því, sem gert var 1931, því, sem gert var 1933, því, sem gert var 1942, móti því, sem þeirra eigin flokksþing samþykkti fyrir mánuði, og móti sínum eigin tillögum núna og móti því, sem við viljum. Þetta er stefnan.

Því er annað veifið haldið fram, að þessi kjördæmabreyting sé gerð til þess, að Sjálfstfl. fái einræðisvald. Hafa margir þm. þeirra komið hér upp og sagt, að af þessari kjördæmabreytingu mundi leiða, að Sjálfstfl. fengi einræðisvald í landinu. Aðrir koma og bera jafnblákalt fram, að hættan sé, að hér liðist allt upp í smáflokka. Hvernig fær þetta staðizt, að einn flokkur verði svo stór, að hann fái einræðisvald, og allt sundrist í smáflokka og landið verði stjórnlaust þess vegna?

En þetta er sá rökstuðningur, sem við megum hér hlusta á dag og nótt, meðan málið er til umræðu. Ég held, að það færi betur að hafa sömu kópíuna af öllu, sem afhent er úr skjóðunni, en ekki svona mismunandi hátt á því, enda þyrfti þá kannske ekki að leiðrétta eins mikið og gert er í sumum ræðum, sem birtar voru í Tímanum í gær og haldnar voru hér s. l. föstudag.

Sannleikurinn er sá, að við sjálfstæðismenn óskum ekki eftir neinu einræðisvaldi á Íslandi eða neinum öðrum rétti en okkur ber. Það er alveg rétt, að við höfum talið sumir, að það gæti orðið til styrktar ákveðinni flokkamyndun í landinu, ef öllu landinu væri skipt upp í einmenningskjördæmi. Það er margreynt, að sú hugmynd hefur ekki nægilegt fylgi, og engir hafa harðar talað á móti því heldur en einmitt hv. framsóknarmenn að skipta öllu landinu í einmenningskjördæmi, enda eins og hv. þm. A-Sk. sýndi fram á hér í kvöld, þá er nú eftir síðustu tillögum þeirra mikill meiri hluti landsmanna, sem á að búa við hlutfallskosningar. (**Gripið fram í:** Austur-Húnvetninga.) Austur-Húnvetninga, já. Fyrirgefið. En ég játa, að þó að það geti að vissu leyti orðið til styrktar ákveðinni flokkamyndun og því, sem kallað er tveggja flokka kerfi, að hafa einmenningskjördæmi, þá eru líka mjög margir ókostir því samfara, m. a. þessi, að viðbúið er, að flokkur, kannske með kringum 40% af landsfólkinu á bak við sig, fái hreinan meiri hl. á Alþingi, og það hefur verið sýnt fram á það hér í umr.

af hv. 5. þm. Reykv., að miðað við útreikninga Tímans á göllum hlutfallskosninga, þar sem talið var, að einn þriðjungur gæti fengið meiri hl. fulltrúanna, þá gæti svo farið, að jafnvel 15% allra kjósenda gætu fengið alla fulltrúana kosna. Það verður að játa, að þetta kerfi er ákaflega gallað. Og mér kemur ekki til hugar að bera á móti því, að það er mjög veik stjórn, þó að hún fengi kringum 40% af öllum kjósendum og merði meiri hl. á Alþingi.

Ég játa, að það eitt er sanngjarnt og hollt til frambúðar, að sá fái meiri hluta á Alþingi, sem hefur meiri hl. kjósendanna á bak við sig, og ég játa líka, að eins og það er óhagganleg staðreynd, að Framsfl. vildi ekki semja um málið við Sjálfstfl. og hann vildi ekki semja um málið við Alþfl. og hann vildi ekki semja um málið við Alþb., þó að hann ætti þess kost að reyna að komast að samningum við þá alla, þá strandar ætíð á Framsfl., af því að hann vill alls ekki semja um málið. Ég játa, að þótt það sé óhagganleg staðreynd, að það sé Framsfl. fyrst og fremst sjálfum að kenna — eða þakka, réttara sagt, að engir hafa komizt að samkomulagi við hann, þá er hann líka eini flokkurinn, sem má missa sig úr samkomulaginu, vegna þess að það er auðvitað mjög varhugaverð stjórnaraðferð að ætla að reyna að neyða kjósendur til þess að kjósa annan flokk en þeir vilja með kjördæmaskipun. Ef þau þjóðfélagsöfl eru fyrir hendi, sem styðja ákveðinn flokk og vilja veita honum brautargengi, þá er sanngjarnt, að sá flokkur komi að sínum fulltrúum á Alþingi. Það horfir t. d. sízt til heilla að ætla að eyða slíkum skaðræðisflokk eins og kommúnistaflokkurinn í Frakklandi er á þann veg, sem reynt er að gera með kosningafyrirkomulagi de Gaulles nú. Kommúnistum gerir í sjálfu sér lítið til, þó að þeir séu lögbannaðir eða lögþvingaðir. Það er e. t. v. heppilegast fyrir þá sjálfa, ef þeir geta starfað í myrkri og undir því yfirskini, að þeir séu ofsóttir. Hitt höfum við séð hér á landi, að ekkert er kommúnistum hættulegra en að sýna sjálfir í verki, hvers þeir eru megnugir og hver þeirra úrræði í raun og veru eru, og dómgreind fólksins á að skera úr um, hverjir völdin hafi í þessum efnum, en ekki valdboð.

Þessi ókostur, að þannig sé bannaður flokkur með einmenningskjördæmum, er þó miklu minni í stóru löndunum, þar sem mörg hundruð kjördæmi eru og þar sem þetta jafnast nokkurn veginn upp, miðað við það, sem mundi verða hér á landi, þar sem menn hafa hugsað sér kjördæmin í mesta lagi eitthvað kringum 50. Hætturnar á ósamræmi á milli þingmannafjölda og kjósendafylgis eru því miklu meiri, á sama veg og einmenningskjördæmi í stóru löndunum eru auðvitað allt önnur en hér á Íslandi. Það hefur verið sýnt fram á það hvað eftir annað í þessum umr., að í öðrum löndum eru einmenningskjördæmi svo mannmörg yfirleitt, að allir Íslendingar mundu þar vera í einu eða tveimur kjördæmum. Aðstaðan þar er vitanlega allt önnur en í þeim kjördæmum, sem Framsfl. vill viðhalda og þar sem hann nýtur sín bezt, en þar eru einmitt kúgunaraðferðirnar, sem hv. 1. þm. S-M. var að lýsa, í hávegum hafðar. Það er fyrir löngu kunnugt, að hvenær sem framsóknarmenn bera öðrum á brýn, að þeir beiti einhverjum ljótum aðferðum, og því meira sem þeir hafa orð á því, að andstæðingarnir beiti slíkum brögðum, því óruggara er, að það er einmitt sú aðferðin, sem þeir sjálfir hafa þá mest í hávegum í sinni framkvæmd. Aðferðin er sú að reyna að leiða athyglina frá eigin rangindum og vélabrögðum með því að bera andstæðingunum á brýn það, sem þeir sjálfir eru að fremja, eins og þegar hv. 1. þm. S-M. talar um það hér í hverri ræðunni eftir aðra, að það séu hundrað eða nokkur hundruð fyrirtæki í Reykjavík, sem ráði úrslitum kosninga hér, og hér sé varðmaður í hverju húsi eða svo til. Kannske hann haldi, að við höfum einhvern varðmann líka heima hjá honum. (**EystJ:** Ég tók það fram, að það væri ekki.) En við vitum öll, hvernig þetta er, að þessir menn hafa með sínum aðferðum náð yfirráðum yfir mesta auðsafni, sem í fárra manna höndum hefur nokkru sinni verið á Íslandi. Við vitum, að þeirra hópur hefur bókhald yfir úttekt og hagi næstum því hvers einasta kjósanda í fjölmörgum héruðum þessa lands. Við vitum það ósköp vel, að Eysteinn Jónsson, hv. 1. þm. S-M., hefður ferðazt um landið og sagt á opinberum fundum, að það væru svik við samvinnustefnuna, ef menn kysu ekki Framsfl. Við vitum ósköp vel, hvernig þessi maður hefur beitt sínu valdi, og hans aðferðir eru allt of kunnar og alþjóð vitaðar til þess, að honum tjái að ætla að reyna að fara að bera sínar vammir upp á aðra, enda þarf ekki annað en líta á kosningaúrslit hér í Reykjavík til þess að sjá, að öldur í kjósendafylgi eru hér miklu meiri en nokkurs staðar annars staðar á landinu. Hér koma upp flokkar og hverfa. Hér er þessi flokkur í dag stór og verður lítill á morgun. Sjálfstfl., sem nú er mjög stór hér í bæ og hefur lengst af haft hér mjög mikið fylgi, hefur stundum hrapað mjög niður í sínu fylgi, eins og hann nú hefur vaxið, ekki sízt fyrir tilverknað hv. 1. þm. S-M. Það er ekki sízt hans verkum að þakka og hans stjórn að þakka, að flokkurinn er nú jafnstór og raun ber vitni um, vegna þess að þegar menn sáu, hvernig þessum herrum til tókst án atbeina okkar sjálfstæðismanna, þá sáu þeir, að þó að margt væri athugavert við þá stjórn, sem við vorum í, og því fari fjarri, að við séum eða teljum okkur fullkomna, þá keyrði þó fyrst um þverbak, þegar hv. 1. þm. S-M. fór að reyna að bisa við að stjórna án okkar handleiðslu.

Um það þarf ekki að deila, og það eru ein rökin sannast að segja fyrir þessu máli, að reynslan hefur sýnt, að einmitt í Reykjavík og hinum stærri kaupstöðum er raunverulega frjáls skoðanamyndun fjöldans. Þar getur enginn sagt fyrir kosningar með þeim hætti, sem vitað er að Framsfl. telur sig geta í þeim kjördæmum, þar sem hann á alls kostar við fólkið. Játa verður, að vaxandi ágengni ekki sízt hv. 1. þm. S-M. í Framsfl., sem er að fæla mikinn fjölda góðra manna þaðan burt nú þegar, hef-

ur orðið til þess að sannfæra landsfólkið um, að slíkir stjórnarhættir og aðferðir sem hann hefur beitt innan flokksins og reynir nú að beita gegnum þau fjármálafyrirtæki, sem hann hefur vald yfir gagnvart almenningi, tjái ekki lengur, og þess vegna verður að skapa aðstöðu til þess, að almenningur geti óháð kosið. Og hv. þm. sagði þetta alveg berlega í dag. Hann sagði: Hættan er sú, að við missum það persónulega samband, að hv. þm. geti farið sjálfur eða sent sína útsendara til þess að segja það við þá, sem hann telur sig eiga alls kostar við, er hann telur tryggja, að þeir muni greiða atkvæði rétt á kjördag. Það er einmitt þetta, sem hv. þm. vill ekki missa og gloprast út úr honum, að hann vill ekki með neinu móti missa, enda kemur það, eins og hann sagði: Það er margt fallegt, sem þeir segja, sagði hann um okkur, en það kemur nóta bene við það, sagði hann, og nóta benið, það athugaverða, var, ef flokkslegt réttlæti ætti að skapast. — Hann verður að játa, að eftir þessu frv. er strjálbýlinu, byggðum landsins tryggður fyllilega sami réttur og í raun og veru meiri réttur, öruggari staða en nokkru sinni áður. En það, sem kemur við kvikuna á honum, er einmitt þetta, sem þeir óttast, það er hið flokkslega jafnrétti. Þetta sagði hv. þm. A-Sk. á dögunum. Það er nú við þetta frv., að eftir því á bara að verða flokkslegt jafnrétti, og það er einmitt sú stóra aths., sem hv. 1. þm. S-M. hafði við frv. að gera. Það er þetta flokkslega jafnrétti, sem þessir hv. þm. óttast svo mjög.

En fólkið úti á landinu vill áreiðanlega, að hið flokkslega jafnrétti fái að njóta sín. Það er búið að sitja of lengi undir ofurvaldi Framsóknar til þess, að það óski að sitja þar lengur. Það vill áreiðanlega eiga fulltrúa í sem flestum flokkum á Alþingi til þess á þann veg að tryggja sinn hag og sjá um, að ekki sé á hlut þess gengið, eins og hv. 1. þm. S-M. beitti sér fyrir í sinni fyrstu ráðherratíð, að gengið var á hlut allra þeirra, sem höfðu dirfzt að kjósa sjálfstæðismenn.

Almenningur er búinn að sjá, að þetta er honum sjálfum fyrir beztu, og þessar umræður hafa nógsamlega leitt í ljós og sannað, svo að ekki verður um deilt, að hér er eingöngu um það að ræða, hvort einum flokki eigi að haldast uppi að ganga á rétt alls landslýðsins. Það er sagt, að þjóðin eigi eftir að kveða upp sinn dóm. Það er rétt. Þjóðin á eftir að kveða upp sinn dóm, og við fylgjendur þessa frv. bíðum þess dóms óhræddir.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Það er tæpast viðeigandi, að við þm. metumst um það hér í ræðustólnum, hvor málsvarinn í þeirri deilu, sem hér er uppi, sé skeleggari í sínum málflutningi. En það hefur mjög verið áberandi hjá þeim þm. framsóknarmanna, að þeir hafa ekki aðeins látið í veðri vaka, að þeim fyndist, að við værum tæpast nógu öruggir í okkar baráttu eða skeleggir, heldur einnig, að við værum fáir, sem tækjum til máls, og töluðum ekki eins lengi og þeir. Það er, eins og ég segi, annarra að skera úr um það, hvernig okkar málflutningur er. Eins er það ekki einhlítt um málflutning að flytja margar ræður og langar, og sér í lagi er það ekki einhlítt, þegar svo geysilega mikið er um endurtekningar að ræða í ræðum eins og verið hefur nú í þessum umr. í ræðum þm. Framsfl. Þeir hafa komið hér hver á fætur öðrum, lesið hver upp eftir öðrum tilvitnanir í ummæli annarra manna, aldarfjórðungsgömul og þaðan af meira, þeir hafa vitnað í það, hve núv. ríkisstj. væru mislagðar hendur í efnahagsmálunum og hvað það hefði verið sjálfsagt að mynda þjóðstjórn fyrir áramótin til þess að reyna að ná sáttum og friði um kjördæmamálið, en ekki að vera að steypa þjóðinni út í þessa miklu baráttu, eins og nú stæðu sakir. Þessar röksemdir hafa hér komið fram æ ofan í æ, mann eftir mann, frá þeim þm. Framsfl., sem talað hafa, frá manni eftir mann.

Hv. 1. þm. S-M. (EystJ) reyndi að gera grein fyrir því í sinni löngu ræðu, sem hann flutti hér síðdegis í dag, hver stefna Framsfl. í kjördæmamálinu hefði verið og að stefna Framsfl. hefði verið mjög glögg. Nú ber því ekki að neita, að þessi þm. er áreiðanlega ekkert síður glöggur en venjulega gengur og gerist, en það var ákaflega erfitt að átta sig eftir málflutningi hans á þessari glöggu stefnu Framsfl. í þessu máli. Hann reyndi að skýra hana með sínum orðum. Mér finnst vera hægt að skýra stefnu Framsfl. í kjördæmamálinu með töluvert öðrum hætti en reynt var af þessum hv. þm., og það, sem mér finnst einkenna stefnu Framsfl. í kjördæmamálinu fyrr og síðar, er, að þessi flokkur hefur alltaf verið á móti leiðréttingum á ranglætinu. Það hefur verið kjörorð eða einkunnarorð eða einkenni Framsfl. í sambandi við kjördæmamálið fyrr og síðar, og skal ég koma að þessu nokkru nánar. En áður en ég vík að því, vil ég minna á það, að hv. 1. þm. S-M. sagði, að það hefði legið opin leið til lausnar á kjördæmamálinu fyrir Sjálfstfl. með framsóknarmönnum, — var að tala um það, að einhvern tíma hefði legið opin leið á þann hátt, að sjálfstæðismenn gætu staðið við fyrri yfirlýsingar, og á þessu og margendurteknum ummælum annarra þm. Framsfl. hefur átt að skilja það, að sú lausn, sem sjálfstæðismenn beita sér nú fyrir og hafa reyndar haft forgöngu um í kjördæmamálinu, sé í ósamræmi við fyrri afstöðu þeirra og fyrri yfirlýsingar í þessu máli.

Að vísu erum við búnir að taka nokkuð fram um þetta, en þó er margt enn ósagt til glöggvunar á því, hvað hér er farið með mikla staðlausa stafi. Hverjar eru fyrri yfirlýsingar sjálfstæðismanna í kjördæmamálinu? Kjördæmamálið kemur á dagskrá árið 1931, má segja, svo að nokkru nemi, a. m. k. í fyrsta skipti, eftir að Framsfl. hafði tekið við völdum 1927. Og hvernig var það nú, sem kjördæmamálið kom þá á dagskrá? Jú, það kom á dagskrá þannig, að Framsfl. ætlaði að afnema landskjörið, sem var þó eina hlutfallskosningin fyrir utan hlutfallskosninguna hér í Reykjavík, og gat leitt af nokkra leiðréttingu á misræmi milli flokka, að svo miklu leyti sem landskjör-

ið náði til þess, þar sem ekki voru kosnir nema sex menn. Upp úr því byrjar svo hin harða barátta um kjördæmabreytinguna, sem leiðir til þingrofsins og kosninganna 1931. En vegna hvers var rofið þingið 1931? Vegna þess að þá hafði verið samþ. till. um það í Ed., að það mætti inn í kosningalög taka ákvæði um það, að þm. skyldu kosnir með hlutfallskosningu; þó lá ekkert fyrir um það, en á þeim tíma voru öll ákvæði um kjördæmaskipun og kosningaaðferð í kosningalögum, en ekki í stjórnarskránni.

En upp úr þessum kosningum 1931 er það ljóst, sem margvitnað hefur verið til, þegar Framsfl. fær hreinan meiri hl. eða 60% þm. á líðlega þriðjung kjósendanna, að það verður ekki skotið á frest lausn á þessu máli, og er þá unnið mikið að því að fá leiðréttingar í málinu. Þá strax kemur það alveg greinilega fram, að stefna sjálfstæðismanna er ótvíræð í þessu máli. Þeir eru þá þegar á móti því, að landið verði gert allt að einu kjördæmi, eins og fram kom þó till. um frá þáverandi formanni Alþfl., eins og vitnað hefur verið til, Jóni Baldvinssyni. Þeir lögðu fram ýtarlegar till. um, að landinu væri skipt öllu í einmenningskjördæmi og þó hlutfallskosning í Reykjavík, og það var alltaf ófrávíkjanlegt skilyrði hjá sjálfstæðismönnum og í till. þeirra, að hlutfallskosningar væru samhliða einmenningskjördæmakosningunum til þess að jafna á milli flokka.

Framsfl. hefði þá, ef hann hefði viljað standa að einhverjum leiðréttingum í þessu máli, getað náð samstöðu með sjálfstæðismönnum um einmenningskjördæmi í landinu, ef hann hefði viljað samhliða því fallast á, að settar væru inn í kosningalöggjöfina reglur um, að það misræmi eða misrétti milli flokka, sem skapazt gæti af einmenningskjördæmum, skyldi leiðrétt með uppbótarþingmönnum eða hlutfallskosningum samhliða einmenningskjördæmunum. En till. sjálfstæðismanna voru þær, að landinu væri auk einmenningskjördæma skipt í sex umdæmi og í þessum sex umdæmum væru svo leiðréttar misfellurnar með uppbótarþm. eftir nánar tilteknum reglum. Og það er mjög athyglisvert og ástæða til þess að vekja athygli á því hér, að í stjórnarskrárnefnd, mþn., sem starfaði í þessu máli á árinu 1932, eru þrjár megintill., sem greiða skal atkvæði um að lokum, þessar:

1. Að þingmannatala þingflokkanna verði jafnan í sem fyllstu samræmi við kjósendatölu þeirra.
2. Sem jafnastur réttur kjósenda til áhrifa á fulltrúaval til Alþingis.
3. Réttur núverandi kjördæma til eigin fulltrúa.

Þegar fyrsta till. var borin fram, að þingmannatala þingflokka verði jafnan í sem fyllstu samræmi við kjósendatöluna, eru þeir sammála um það fulltrúar Alþfl. og Sjálfstfl., en fulltrúar Framsfl. greiða ekki atkvæði.

Þegar borin er fram till. um, að sem jafnastur sé réttur kjósenda til áhrifa á fulltrúaval til Alþingis, segir fulltrúi Framsfl., Tryggvi Þórhallsson, nei.

Og svo, þegar borin er fram þriðja till. um rétt núverandi kjördæma til eigin fulltrúa, þá eru fulltrúar Framsfl. sammála fulltrúum Sjálfstfl. um þetta atriði.

En þegar þessar þrjár till. eru bornar upp í heild, að þingmannatala sé í sem fyllstu samræmi við kjósendatölu, að sem jafnastur sé réttur kjósenda til áhrifa á fulltrúaval til Alþingis og réttur núverandi kjördæma til eigin fulltrúa sé tryggður, — þegar þetta er borið upp í heild, þá fær það tvö atkvæði, tveggja sjálfstæðismanna, og nær ekki meiri hl. í n., vegna þess að báðir fulltrúar Framsfl. sitja hjá.

Þarna var opin leið hjá Framsfl. til þess að ná samstöðu við Sjálfstfl. um að varðveita gömlu kjördæmin, sem hann leggur nú svo mikið upp úr, ef hann vildi samhliða því fallast á, að aðrar reglur eða hliðarreglur væru viðhafðar til að tryggja jafnrétti á milli flokka, en það hefur Framsfl. aldrei fengizt til að fallast á. Ranglætið, sem hann hefur skákað í skjóli við, miðað við aðra flokka, hefur verið honum veigameira en réttur hinna gömlu og einstöku kjördæma. Það hefur verið honum veigameira en réttur kjördæmanna, og það kemur ljóst fram þegar í afstöðu Framsfl. 1933.

Þegar svona er komið, þegar slík till. eða tilraun til þess að viðhalda gömlu kjördæmunum 1932 og 1933 er eyðilögð af Framsfl., þá lýsir formaður nefndarinnar, sem er fulltrúi Framsfl., því yfir, að samkvæmt atkvgr., þeirri atkvæðagreiðslu, sem var í því fólgin, að tveir fulltrúar Framsfl. sátu hjá, hafi ekki náðst samkomulag um grundvöll fyrir starfi nefndarinnar. Það var þess vegna Framsfl., sem þarna eyðilagði möguleikann til þess að vernda hin gömlu kjördæmi. En fulltrúar Sjálfstfl. lögðu megináherzluna á þessum árum á þetta tvennt, að tryggja jafnrétti á milli flokka, jafnhliða því að viðhalda hinum gömlu kjördæmum, en þegar það náðist ekki fram, lýstu þeir einnig þá, á þessum árum, strax yfir, að þá væru þeir að öðrum kosti samþykkir því að fylgja þeirri kjördæmaskipun, sem stungið hafði verið upp á þá af Jóni Baldvinssyni, að skipta landinu í nokkur stór kjördæmi með hlutfallskosningum.

Eins og menn muna, var gangur málsins sá, að stjórnarskránni var breytt 1933 og 1934 með öðrum hætti en þeim, sem nú stendur til. En ég hef viljað benda á þetta til þess að sýna mönnum fram á, að afstaða sjálfstæðismanna þá var sú, að þeir gátu hugsað sér, eins og margsinnis hefur verið tekið fram, annað tveggja einmenningskjördæmi með tryggðu jafnrétti á milli flokka eða stór kjördæmi með hlutfallskosningum. Alveg sama kom fram í stjórnarskrárnefndinni, eins og hv. 1. þm. Reykv. lýsti áðan, hjá fulltrúum Sjálfstfl. þar 1952 í nóvembermánuði. Þá voru lagðar fram till. um þetta mál af hálfu fulltrúa Sjálfstfl. varðandi kjördæmaskipunina sérstaklega, þar sem tekið var fram eftirfarandi: Kosningafyrirkomulagið verði hið sama um land allt, þ. e. annaðhvort alls staðar einmenningskjördæmi eða stærri kjördæmi, þar sem 4—6 menn verði kosnir í hverju með hlutfallskosningu.

Það hefur enginn vandi verið fyrir sjálfstæðismenn og er ekki að standa við fyrri yfirlýsingar í þessum málum. Og það er rétt að vitna til þess, sem þeir segja einmitt Jón Þorláksson og Pétur Magnússon í lok nál. síns, 22. febr. 1932, um afstöðuna til stærri kjördæma, því að það hefur verið vitnað sérstaklega hér æ ofan í æ í Jón Þorláksson um það, að hann hefði umfram allt viljað viðhalda rétti hinna gömlu kjördæma. Hann vildi það, eins og ég sagði, með því að um leið væri skapað réttlæti á milli flokka, en að öðru leyti sögðu þeir Jón Þorláksson og Pétur Magnússon eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta: „Hins vegar höfum við lýst yfir því í n., að við mundum til vara eða til samkomulags geta fallizt á uppástungu Alþfl. um hlutfallskosningar í 6 hlutfallskjördæmum."

Eins og þetta hefur allt frá þessum tíma legið ljóst fyrir, þá var þetta einnig staðfest af landsfundi Sjálfstfl. 1953, þar sem hann benti á þær tvær leiðir í þessu máli, annaðhvort að fara leið einmenningskjördæmanna eða hlutfallskosningakjördæmanna. Og nú hefur nýafstaðinn landsfundur Sjálfstfl. lýst sig samþykkan því, þar sem meirihlutasamkomulag hefði getað náðst um það, að standa að stjórnarskrárbreytingu eins og þeirri, sem flutt er nú hér, að landinu sé skipt í stór kjördæmi með hlutfallskosningum.

Það er enginn vafi á því, að margt hefur skeð á skemmri tíma en fjórðungi aldar eða lengri tíma en það, sem getur nokkuð breytt viðhorfum manna. Og ég er ekki í nokkrum vafa um það, að einmitt bardagaaðferðir Framsfl. í hinum minni kjördæmum með því ofurvaldi, sem kaupfélagavaldið og fjármagn kaupfélaganna og Sambandsins hefur skapað þessum flokki, það hefur sýnt mönnum fram á, að það kynni að vera nokkuð varhugavert að hafa það kosningafyrirkomulag, þar sem mjög smá einmenningskjördæmi væri um að ræða, einmitt vegna þess, að menn þekkja þá gerla hverjir aðra og kosningaúrslitin velta á atkv. örfárra manna, sem mörg dæmi eru til að liggja undir ofurþunga, sem er þannig vaxinn, að það ætti ekki að eiga sér stað í íslenzku þjóðfélagi eða neinu lýðræðisþjóðfélagi, hvernig menn hafa bæði verið beittir atvinnukúgun og fjárkúgun í því sambandi og beinlínis notaðar aðferðir æ ofan í æ til þess á óbeinan og beinan hátt að láta fjármagnið og atvinnuaðstöðuna hafa áhrif á kosningar. Við munum ósköp vel eftir því — það er bara eitt dæmi, sem ég nefni — í síðustu kosningum, þegar Kaupfélag Vestur-Skaftfellinga á sitt aldarfjórðungsafmæli í ágústmánuði. Þá náttúrlega stóð mikið til, átti að halda upp á afmælið. En hvernig stóð á því, að það var ekki haldið upp á það í ágúst? Nei, kosningarnar fóru fram í júní, í lok júnímánaðar. Tilstandið var haft um miðjan júní. Þá kom forstjóri Sambandsins með pomp og pragt austur í þessa litlu sýslu, og menn geta getið sér til, hver muni hafa verið ástæðan fyrir því, að hátíðahöldunum var flýtt, til þess að það væri búið að ljúka þeim fyrir kosningar.

Þeir menn, sem hafa þessa aðstöðu, ættu sízt að tala um það, eins og sumir þm. Framsfl. gerðu hér síðdegis í dag, að hér í Reykjavík væri beitt mikilli atvinnukúgun og fjárkúgun í sambandi við kosningar. Engin einstök dæmi voru nefnd, en það var talað um, að þetta væri alkunna, og hv. 1. þm. S-M. sagði, að hann vissi sjálfur, að það hefði verið eytt mörgum dagsverkum í að reyna að veiða eina sál hér í kosningum. Menn gera sér alveg ljóst, að það er engin aðstaða til þess að hafa úrslitaáhrif á kosningu í jafnstóru kjördæmi og Reykjavík, miðað við það, þar sem er búið að sigta kjósendurna niður þannig, að það er aðeins handfylli af kjósendum, sem menn eru í vafa um lengur, hvorum megin muni vera, — og allir vita, að svona er þetta. Hér sveiflast kjörfylgið miklu meira en annars staðar og einmitt eftir almennum málum, en ekki eftir því, hver áhrif einstakir atvinnurekendur eða aðrir geta haft á einstaka kjósendur til eða frá.

Hverjar hafa svo þessar glöggu tillögur Framsfl. verið? Ef við byrjum 1932, þá var afstaða Framsfl. að hafna þar tilboði sjálfstæðismanna um einmenningskjördæmi, en koma fram með tillögur um það að fjölga í Reykjavík, gera Þingeyjarsýslu að tvímenningskjördæmi, ég held Siglufjörð að kjördæmi og skipta Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi. Þegar maður athugar þetta nánar, þá eru allar líkur fyrir því, að úrslitin um þau viðbótarþingsæti, sem um var að ræða, mundu verða nokkurn veginn þau sömu og þau voru í heild í þinginu, áður en þetta kom til, m. ö. o., það væri nokkurn veginn alveg öruggt, að það ranglæti, sem til stóð að leiðrétta, skyldi ekki leiðrétt, Framsókn skyldi hafa sama hlutfallið eftir sem áður. En hlutfall þessa flokks hafði verið það, að í kosningunum 1927 fékk Framsfl. 46% meira þingfylgi en honum bar, miðað við kjörfylgi í landinu, og 1931 fékk Framsfl. 53% meira þingfylgi en honum bar, miðað við kjörfylgi í landinu. En það er kannske eftirtektarverðast af öllu, að þá þótti þetta herfilegt, og síðan hefur verið lappað upp á stjórnarskrána 1934 og 1942, en ef við lítum á kosningaúrslitin 1953 eða 20 árum og 25 árum eftir að þetta gerðist, þá erum við enn í alveg sama farinu. Framsfl. fær í kosningunum 1953 46% meira þingfylgi en hann átti rétt til, miðað við kjörfylgi hans í kosningunum. Það er enn, eftir allar þær leiðréttingar, sem búið var að gera, þannig komið. En þetta þótti Framsfl. ekki nóg, heldur gekk hann á það lagið að stofna til bandalags við annan flokk til þess að reyna að hagnýta sér ágallana á kjördæmaskipuninni og ná enn þá meira til sín af rangfengnum þingmönnum, og þess vegna er niðurstaðan þannig, að í síðustu alþingiskosningum, 1956, fær Framsfl. 112% meira þingfylgi en honum ber miðað við kjörfylgi. Það er laglega af sér vikið, og það er kannske mannlegt, að hv. þingmenn Framsfl. vilji ekki sleppa þessum ránsfeng. En þeir eiga þá ekki að vera með neina skinhelgi hér og segja: „Við erum að vernda hagsmuni héraðanna". Þeir eiga þá bara að koma hreinskilnislega fram, eins og einhver

var að segja við mig í dag, eins og Magnús gamli Torfason hefði gert hér á sínum tíma: Það er alls ekki von, að við viljum sleppa þessu, þetta er auðvitað hagsmunamál fyrir okkur, og það er bezt að játa það. — En hver hefur játað það hér af framsóknarmönnum? Hver hefur talað um það hér, að þeir væru að berjast fyrir hagsmunum Framsfl.? Nei, þeir koma hver á fætur öðrum og segja: Framsfl. gerir þetta ekkert til, en það eru bara aumingja héruðin, það eru veslings héruðin, það þarf að passa þau.

Ég hef rekið mig á dálítið skemmtilega sögulega staðreynd og minni á hana hér í sambandi við þetta tiltæki, sem Framsfl. hafði forustuna um 1956, að mynda kosningabandalag til að fá fleiri þm. en honum bar með réttu. Það hefur margsinnis verið tekið fram, þegar því hefur verið haldið fram hér, að sjálfstæðismenn hafi kannske ekki verið nógu skeleggir í því á fyrri árum að berjast fyrir kjördæmabreytingu, að eftir að Hræðslubandalagið hafði verið stofnað og fram hefðu komið þær myndir í kosningunum, sem það sýndi, þá gat ekki dregizt, að efnt yrði til breytinga á kjördæmaskipuninni, og þess vegna er einmitt þetta kosningabandalag orsökin til þess, að þessu máli hefur ekki verið lengur frestað nú. Þá varð lýðum ljóst, að hér var um svo mikið ranglæti að ræða, að því varð að breyta. En það, sem ég ætlaði að vitna til í sambandi við þetta, er það, að Danir tóku upp hjá sér nýja kosningaaðferð 1918, hlutfallskosningar í sambandi við einmenningskjördæmi, þ. e. a. s. svipað og sjálfstæðismenn vildu 1932, að hafa einmenningskjördæmi og svo uppbótarsæti eða hlutfallskosningar í sambandi við einmenningskjördæmi til að jafna á milli. Kosningarnar fóru skaplega fram, og það var lítil óánægja með þessar kosningar. Þá skeði það, að það tók sig til einn af vísindamönnum Dana, Zeuthen hagfræðingur, og skrifaði í Nationalökonomisk Tidsskrift grein um kosningarnar og sýndi fram á, að með alls konar brellum hefði getað komið út úr þessum kosningum svo hróplegt ranglæti, að minni hl. hefði getað átt stóran meiri hl. á þingi. Hann sýndi fram á þetta. Þá byrjaði að koma dálítil óánægja með þetta fyrirkomulag, og það var ekki beðið eftir kosningum, heldur tóku Danir sig til, þegar þessar kenningar Zeuthens um það, sem hann kallaði „illoyal Alliance", voru fram komnar, eða óheiðarlegt bandalag, og breyttu kjördæmaskipuninni og tóku upp hlutfallskosningar í stórum kjördæmum. Það kostaði eina grein í Danmörku að hverfa frá þessu óheiðarlega bandalagi og breyta löggjöfinni, en það kostaði Hræðslubandalagið hér á Íslandi í síðustu kosningum, þar sem menn fengu að sjá framan í, hvernig menn gátu fengið sig til að misnota okkar ófullkomnu kosningalöggjöf.

Annars var það eitt, sem fram kom og hefur fram komið í ræðum, ekki aðeins í ræðu 1. þm. S-M., heldur flestra þeirra, sem talað hafa af hálfu Framsfl., að þeir telja í raun og veru, að það sé höfuðstefna þeirra að viðhalda einmenningskjördæmum í landinu og sú stefna hafi verið mörkuð af flokksþingi þeirra, með engum uppbótarsætum. Hitt eru svo tilslakanirnar, eins og margsinnis hefur verið sýnt fram á, að hér eru í raun og veru ekki þeirra tillögur.

Það er dálítið gaman að athuga það, að till. um einmenningskjördæmi hafa komið fram hér á landi áður, í byrjun þessarar aldar. 1907, þegar til meðferðar eru á þinginu till. Hannesar Hafsteins um stór kjördæmi og hlutfallskosningar, flytur meiri hl. þeirrar nefndar, sem fjallaði um það mál og var andvíg þessu frv., till. um einmenningskjördæmi, 34 einmenningskjördæmi í landinu. Það, sem er athyglisvert í sambandi við þetta, er það, að þessar till. um einmenningskjördæmi kolféllu með 16:8 atkv., en hins vegar féll frv. Hannesar Hafsteins eða stjórnarinnar þá með eins atkv. mun, og sátu þó hjá tveir menn, sem báðir höfðu efnislega lýst sig samþykka frv. En það er annað, sem er nokkuð athyglisvert, að í þessum till. um einmenningskjördæmi er algerlega raskað öllum grundvellinum, sem nú á að vera helgastur undir kjördæmaskipuninni, þ. e. a. s. sýsluskiptingunni. Nú tala menn hér fjálglega um hina fornhelgu sýsluskiptingu, sem væri hreinasta goðgá að rjúfa sem grundvöll kjördæmaskipunar. En ætli þeir hafi verið óþjóðhollari þessir menn, sem 1907 báru fram till. um einmenningskjördæmi, en rugluðu algerlega sýsluskiptingunni í landinu?

Aðeins til fróðleiks og uppbyggingar fyrir þá þm. Framsfl., sem mest hafa talað um helgi sýsluskiptingarinnar sem grundvöll fyrir kjördæmaskiptingu, vil ég minna á, að till. þessar voru ekki aðeins fluttar af meiri hl. nefndarinnar, heldur tók meiri hl. nefndarinnar upp till., sem áður voru sendar stjórninni frá öllum héraðsstjórnum landsins, svo að það voru héraðsstjórnirnar um gervallt land þá, á árunum 1903—1907, sem kváðu upp þann úrskurð, að sýsluskiptingin út af fyrir sig væri alls ekki neitt atriði, sem vernda bæri í sambandi við kjördæmaskiptinguna. Nú á hins vegar þessi sýsluskipting að vera fornhelg vé og bönd. Þá var flutt t. d. till. um það, að Árnessýsla skyldi skiptast í þrjú kjördæmi, Skálholtskjördæmi, Hraungerðiskjördæmi og Stokkseyrarkjördæmi, eða til vara í tvö kjördæmi, Skálholtskjördæmi og Stokkseyrarkjördæmi. Á Austfjörðum voru till. um allt aðra skiptingu en eftir sýslumörkunum. Það var gerð till. um það, að þrír þm. yrði kosnir fyrir Norður-Múlasýslu: eitt kjördæmi átti að vera Skeggjastaðahreppur og Vopnafjarðarhreppur, annað kjördæmi Jökuldalshreppur, Hlíðarhreppur, Hróarstunguhreppur, Fella-, Fljótsdals- og Hjaltastaðahreppur, og svo þriðja kjördæmið átti að vera Seyðisfjarðarkaupstaður og Seyðisfjarðarhreppur, Loðmundarfjarðarhreppur og Borgarfjarðarhreppur. Í Skagafirði var talað um tvö kjördæmi, fyrra kjördæmið austan Vatna og hitt vestan Vatna. Og þegar litið er á þessar till. allar, þá er það úr miklum meiri hl. sýslnanna, sem koma till. um það frá þeim sjálfum að miða ekki kjördæmaskipunina við sýsluskiptinguna.

Þetta hef ég viljað benda hér á vegna þeirra

umr., sem fram hafa farið um sögulegt gildi þess að viðhalda sýsluskiptingunni sem grundvelli fyrir kjördæmaskiptingu, sem eitt með öðru sannar það, að sýsluskiptingin er á engan hátt neinn fornhelgur grundvöllur undir kjördæmaskipuninni, en hitt miklu réttara, sem við höfum haldið fram, að þeirri kjördæmaskipun, sem lögð er til í þessu frv., svipi miklu meira til þeirra reglna, sem giltu á þjóðveldistímanum hér, eins og ég hef áður vitnað til og fært til stuðnings máli mínu greinar og ummæli Tómasar Sæmundssonar, Jóns Sigurðssonar og Einars Arnórssonar og fleiri, sem sögulega hafa skoðað þetta mál og skrifað um þetta samtímis því, sem Alþingi var endurreist um miðja 19. öldina, bæði Tómas Sæmundsson og Jón Sigurðsson forseti.

En þessar till. um einmenningskjördæmin, sem ég vék nú að, í byrjun aldarinnar spruttu upp úr till. stjórnarinnar um hlutfallskosningar, og það minnir mig á það, sem hv. 1. þm. S-M. sagði hér í dag, að fyrir svona till. eins og hér eru bornar fram, till. um stór kjördæmi með hlutfallskosningum, standa aðeins þeir, sem eru slitnir úr sambandi við landið. Það eru bara einhverjir aulabárðar, sem láta sér detta í hug að flytja svona till., segir hv. 1. þm. S-M. Ja, það voru nú engir aulabárðar á sínum tíma, sem létu sér detta í hug að flytja svona till. T. d. Þórhallur biskup var einn af þeim, sem fylgdu þessum till., og hann vildi gera meira, hann vildi stækka kjördæmin, ekki sjö kjördæmi, eins og stjórnarráðið stakk þá upp á, nei, heldur bara fjögur kjördæmi, eins og fjórðungarnir fornu, og með hlutfallskosningum. Ólafur Briem studdi mjög sterklega þessar till. þá og sagði um þær, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég get ekki betur séð en að fyrirkomulag frv. veiti einmitt meiri tryggingu fyrir því, að þingið vinni að því einu, er þjóðfélaginu í heild sinni er fyrir beztu, sérstaklega að því er snertir fjárhagsmálin. Oft og einatt mun þeim, er hlustað hafa á fjárlagaumr. á þingi, hafa komið til hugar, að stundum sé það ekki sem heppilegast, að þingmenn einatt skoða sig fremur sem fulltrúa einstakra kjördæma en sem fulltrúa þjóðarinnar og láta hag þeirra sitja í fyrirrúmi fyrir hagsmunum landsins í heild sinni."

Ég vildi alveg sérstaklega viðhafa þessi ummæli vegna þess, að nú virðist það eiga að vera í málflutningi hér á þingi eitt aðalatriðið gegn þessu máli, að eftir það hugsi menn ekkert um hin einstöku kjördæmi og hagsmuni hinna einstöku kjördæma, en þá höfðu þingmenn þann víðari sjóndeildarhring, að þeir töldu einnig, að það væri nokkurs virði að hugsa — ekki sízt í fjármálum og efnahagsmálum þjóðarinnar — í nokkuð stærri sviðum en í hinni þrengstu hreppapólitík og þrengstu eiginhagsmunum minni kjördæma eða flokka. Nú þora menn helzt ekki að segja það, og þykist sá mestur, sem er reiðubúinn til þess að halda fram sem þrengstum sjónarmiðum fyrir sem fæsta eða minnsta hagsmuni í landinu.

Ég ætla að vitna í ummæli Péturs Jónssonar frá Gautlöndum um þetta mál eða hliðstætt mál af þessum sökum, að nú er það álitið, að það séu ekki nema aulabárðar, sem fylgi fram svona till., og menn, sem eru slitnir úr tengslum við landið. En hann sagði einmitt um þær till. að skipta landinu í stór kjördæmi:

„Því hefur verið haldið fram, að hlutfallskosning nyti sín ekki fullkomlega, nema flokkaskiptingin í landinu væri skýrari en hér á sér stað og pólitískt líf meira þroskað. Þetta er satt að vísu. En sama má segja um núgildandi kosningaaðferð. Hún nýtur sín ekki heldur án slíks þroska. Og heimti hlutfallskosningaaðferðin öllu meiri þroska, þá miðar hún líka þeim mun meira að því að efla hann og yfir höfuð hina betri þætti pólitíska lífsins, eins og ég hef bent á í nál. minni hl., enda tel ég margt illt, sem fram hefur komið í kosningabaráttunni eftir núgildandi aðferð. Ég er því sannfærður um það, að þessi kosningaaðferð mun einmitt verða til þess að efla sannan pólitískan þroska í landinu, en það, sem þm. Vestm. færði sem meginástæðu fyrir sínu máli, að kjósendur væru yfirleitt þessu fyrirkomulagi mótfallnir, finnst mér vera mjög léttvægt. Það hafa viðurkennt nálega allir, sem á þetta mál hafa minnzt, að hlutfallskosningin er sú réttasta kosning, sú kosning, sem leyfir flestum skoðunum að koma fram á sjónarsviðið á eðlilegan hátt, ef þær hafa nokkurt verulegt fylgi í landinu, í stuttu máli fegursta kosningaaðferðin."

Ég vitnaði áðan í till. Þórhalls biskups Bjarnarsonar um að skipta landinu aðeins í fjögur kjördæmi í samræmi við fjórðungana, en sjálfur sagði hann um málið: „Fyrir mér eru góð hlutfallskosningalög hita- og kappsmál, því að þau eru runnin af rót réttlætishugsjónar."

Síðar hefur einnig komið fram vitnisburður höfundar Framsfl., sem nokkuð hefur spunnizt inn í þessar umræður, einmitt um annars vegar einmenningskjördæmi og hins vegar stærri kjördæmi með hlutfallskosningum, og það hefur verið vitnað til þess, þótt það hafi ekki beinlínis verið orðrétt eftir haft, en það er ástæða til þess, að orðrétt sé til þess vitnað. Hann segir í bók sinni „Komandi ár" um stjórnmálin, með leyfi hæstv. forseta:

„Hins vegar mætti greiða götu glöggrar flokkamyndunar á ýmsan hátt, en með engu fremur en að stækka kjördæmin og beita hlutfallskosningum. Þá koma stefnurnar fram fremur en einstaklingsáhrif, ættarfylgi og fjármagn."

Honum hefur dottið í hug, gamla manninum, að fjármagn gæti komið til greina í sambandi við sjálf kjördæmin, þó að arftaka hans í flokknum nú, hv. 1. þm. S-M., virðist ekki vera kunnugt um það. Hann heldur áfram, Jónas Jónsson, og segir:

„Ef 3—4 væru í sama kjördæmi og kosið með hlutfallskosningum, reynir minna á síðustu atkvæðin, úrskurð þeirra andlega ómyndugu, sem fluttir eru í bifreiðum á kjörstaðinn eins og sauðir til slátrunar."

Nei, það er bæði, að við höfum töluvert fyrir okkur í stjórnmálasögu okkar um afstöðu manna til einmenningskjördæma og stórra hlut-

fallskosningakjördæma, eins og nú er lagt til að tekin séu upp, og það með töluvert öðrum hætti en hv. fulltrúar eða þingmenn Framsfl., er hér tala um þetta mál, vilja nú vera láta eða dæma um kosti eða ókosti þessara mismunandi skipulaga. Þeir bera sér það mjög í munn, framsóknarmenn, að hér séu þrír menn í raun og veru að setja stjórnarskrá, flm. þessa frv., sem hér liggur fyrir. Það er náttúrlega fyrst og fremst Alþingi, sem fjallar um málið á fyrsta stigi, og við stjórnarskrárbreyt. skal sá háttur einnig á hafður, að kosningar fara fram og breyt. nær ekki lagagildi, fyrr en Alþ. hefur aftur samþykkt hana, eftir að kosningar hafa farið fram og kjósendur látið í ljós álit sitt um málið. Og sumir þingmenn Framsfl. nú hafa nokkuð digurbarkalega vitnað til þess, að það eigi nú eftir að fara fram kosningar um þetta mál, og kosningar hafi farið fram um stjórnarskrárbreyt. vegna þess, að Framsfl. rauf þingið 1931, og þá hafi þjóðin tekið í taumana. Ég vil aðeins gera dálitla leiðréttingu á því, hvort þjóðin hafi tekið í taumana 1931. Það er rétt, eins og ég sagði, að Framsfl. fékk 60% þingfylgisins út á rúmlega 30% kjörfylgisins, en þjóðin tók ekki meira í taumana en það, að Framsfl. hafði í þingkosningunum 1927 30% atkv. og fékk 35.9% atkv. í þessum mektarkosningum 1931. Það er næstum því alveg nákvæmlega sama prósentuaukning, sem Sjálfstfl. fékk í kosningunum 1956, miðað við kosningarnar næstu þar á undan, 1953. En við það að auka á sjötta prósent atkvæðafylgi sitt þá, tapaði Sjálfstfl. nokkrum þingsætum, en Framsfl. með 5—6% aukningu 1931 fékk 60% af þingmönnunum. Það var nokkur aukning hjá Framsfl., en það var sannarlega ekki þjóðin, sem tók í taumana, því að mikill meiri hl. þjóðarinnar var á móti Framsfl. í þessu máli. ⅔ hlutar þjóðarinnar voru á móti því að stöðva þetta mál, og það má þess vegna segja, að Framsfl. hafi gripið í taumana, fram fyrir hendur þjóðarinnar, með ranglætinu, eins og fyrr og síðar í þessu máli.

Hv. þm. Dal. talaði hér um það, að við talsmenn þessa máls hefðum forðazt að tala um jafnrétti fólksins, sem í landinu býr, við værum aðeins að tala um jafnréttið á milli flokkanna. Þetta er síður en svo. Ég hef einmitt og margir fleiri af okkar hálfu leitt athygli að því, að það er ekki aðeins um að ræða ranglæti eða misrétti á milli flokka í sambandi við núverandi kjördæmaskipun, heldur ákaflega mikið misrétti á milli fólksins í landinu, og ég sýndi m. a. fram á, að það væri svo mikið ranglæti, að kjósendur í Gullbringu- og Kjósarsýslu þyrftu að una því að hafa rétt til þess að kjósa einn fulltrúa með álíka háa kjósendatölu og kjósendur í öðrum níu kjördæmum landsins, sem kysu tíu þm. Og þetta er m. a. ranglæti, sem á að leiðrétta, þetta misrétti á milli hinna einstöku kjördæma. Og þetta kemur miklu víðar við. Það er t. d. alveg furðulegt, að við skulum vera með kosningafyrirkomulag þannig, að við erum með sýslu eins og Norður-Múlasýslu, sem kýs tvo þm., tvímenningskjördæmi með 1475 kjósendur. Svo höfum við einmenningskjördæmi eins og Suður-Þingeyjarsýslu með 2485 kjósendur, Barðastrandarsýslu með 1470, Snæfellsnessýslu með 1845, Borgarfjarðarsýslu með 2630 og Gullbringusýslu með 7515. M. ö. o.: það er ekki aðeins Norður-Múlasýsla, heldur fleiri af tvímenningskjördæmunum, sem hafa lægri kjósendatölu en mörg einmenningskjördæmi. Engar till. gerir Framsfl. um að leiðrétta þetta, heldur viðhalda þessu ranglæti eins og öðru og að lappa upp á hið gamla fat.

Hverjar eru svo tillögur framsóknarmanna í þessu máli nú? Það hefur verið sýnt fram á, að í meginatriðum er í raun og veru um það sama að ræða. Það er sama þingmannatala, og það eru sömu uppástungur um þingmannatölu einmitt í Reykjavík og á Reykjanesskaganum. En það er hins vegar stungið upp á því að fjölga þm. um 8, og það vill svo til, að það er eiginlega alveg sama uppi á teningnum og var 1932, þegar Framsfl. skarst úr leik við samkomulag í kjördæmamálinu þá og flutti breytingartillögur. Þá vildi svo til, að það voru allar líkur fyrir því, að sama ranglætið mundi haldast í hlutföllunum á milli þeirra nýju þingmanna, sem lagt var til að kosnir yrðu, miðað við það, sem menn geta gizkað á í slíku efni. Og eins er það nú, það er farið svo höndulega að þessu, að það er ósköp sennilegt, að við hefðum alveg nákvæmlega sama misréttið á milli flokkanna eftir sem áður að óbreyttri kjósendatölu, miðað við þessar till., eins og þær eru fram bornar af framsóknarmönnum. Hvort um það hefur verið sérstaklega hugsað eða ekki, get ég látið mönnum eftir að ráða í.

Þeir báru það nokkuð í munni sér hér síðdegis í dag, bæði 2. þm. Rang. og 1. þm. S-M., að Sjálfstfl. gæti allra sízt verið að ásaka menn um það að beita atvinnukúgun og fjárkúgun í sambandi við kosningar, þessi flokkur, sem allra ósvífnastur væri í þessu skyni. Ég vék svolítið að þessu áðan, en á ekkert sérstakt var bent í þessu sambandi. En það var þó eitt, sem fram kom hjá hv. 2. þm. Rang. og hann vitnaði í: Er ekki verið með þetta stóra landshappdrætti Sjálfstfl. núna, það er alltaf verið að safna peningum í kosningasjóð og til eflingar Sjálfstfl. — Það er vel á minnzt, að að þessu sé vikið. Hvenær efnir Framsfl. til happdrættis í kosningasjóð eða þarf að hafa við hendur almenna fjáröflunarstarfsemi í kosningasjóð? Hvenær gerir hann það? Halda menn, að það sé vegna þess, að það kosti ekkert kosningarnar hjá Framsfl.? Hvar fær hann peninga til þess að kosta sínar kosningar, fyrst hann þarf ekki að efna til almennrar fjársöfnunar? Ætli nokkur geti gizkað á það? Nei, sá er munurinn, að Sjálfstfl. getur ekki gengið á eina jötu til þess að gefa ávísanir, sem eiga að borga kosningakostnaðinn. Hann þarf þess vegna bæði að hafa happdrætti og hlutaveltu og margvíslega almenna fjáröflun á vegum samtaka sinna og sjálfstæðisfélaganna, fulltrúaráðanna og um gervallt land. Og það er sannarlega íhugunarefni, hvernig það má vera, að Framsfl. getur æ ofan í æ og án þess að á honum finnist fjárhagslega nokkur bilbugur

staðið í kosningum, en aldrei orðið vart við, að hann þurfi að afla neins fjár til þess. Við fáum kannske einhverjar skýringar á þessu, áður en þessum umr. lýkur.

Ég vil svo ljúka máli mínu með því að leggja áherzlu á það, sem ég hef áður gert í þessu máli, að fyrir mér er hér um mikið réttlætismál að ræða, sem trú mín er að muni leiða til þess að hefja íslenzk stjórnmál upp á hærra stig, víkka sjóndeildarhringinn og koma í veg fyrir margar þær misfellur, sem í stjórnmálunum hafa átt sér stað á undanförnum árum, einmitt vegna og í skjóli þeirrar þröngu og óheilbrigðu kosningalöggjafar og kjördæmaskipunar, sem við höfum búið við.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Við lifum á öld mikils hraða og mikillar fjölbreytni. Og við höfum orðið þess áskynja hér í kvöld, að það gerast oft ný fyrirbrigði. Eitt af því er það, að hv. 1. þm. Reykv. kom hingað með góða ljóðabók og tók að lesa upp ljóð eftir eitt af þjóðskáldum okkar. Þetta hefðu nú raunar flestir þingmenn getað gert án þess að hafa með sér ljóðabók, en þetta ljóð er auðvitað mjög gott. Yfirleitt er það svo með okkur, þó að við leggjum meira og minna gott til mála, þá jafnast það naumast að djúpri hugsun á við það, sem víða kemur fram hjá Einari Benediktssyni, enda er það sannast sagna, að ljóðið var það langbezta, sem hv. 1. þm. Reykv. sagði.

Hv. 1. þm. Reykv. ræddi hér nokkuð um íslenzka menningu í sambandi við þetta mál, öðrum þræði að mér virtist til þess að svara því, sem kom fram í dag hjá hv. 1. þm. Skagf. Mér finnst nú raunar það ekki beinlínis snerta þetta mál, sem hér liggur fyrir, að ræða um íslenzka menningu og skal nú ekki fara langt út í það, enda er það svo, að þó að okkur greini á um þetta mál, sem hér liggur fyrir, þá erum við nú allir Íslendingar og viljum veg íslenzkrar menningar sem mestan. En við megum ekki gleyma því, ef á þetta er litið á annað borð, að menning hverrar þjóðar er af tveimur þáttum: annars vegar er sá efniviður, sem þjóðin hefur mótað og myndað, og hins vegar þau áhrif, sem til þjóðarinnar berast, m. a. frá menntastofnunum erlendis.

Nú er það kunnara en frá þurfi að segja, að samhengi íslenzkrar menningar hefur reynzt svo mikið sem raun er á vegna þess, hve furðulega vel hefur tekizt að halda jafnvægi milli beggja þessara þátta, og það er sveitamenningin, sem fyrst og fremst og öldum saman átti drjúgan þátt í því. Við könnumst við það úr sögu þjóðarinnar, að einn embættismaður, lögmaður, ráðlagði beinlínis að leggja niður íslenzkuna og við ættum að „dependera af þeim dönsku", eins og hann komst að orði. En einmitt á þeim tíma, sem hv. 1. þm. Skagf. vitnaði til, að íslenzk tunga var á miklu undanhaldi í kaupstöðunum, sem þá voru að myndast, þá átti sér stað uppi í sveitunum menningarstarfsemi af því tagi, að t. d. kennimaðurinn, sem sagði sjötugur, að fátæktin hefði verið sín fylgikona, frá því hann kom í þennan heim, hann gat þrátt fyrir það snarað á íslenzku jafnvirði beztu verka erlendra höfuðskálda eins og Miltons og glímt við Byron Bretatröll og haslað sjálfum Shakespeare völl. Þessu megum við ekki gleyma, þegar athugaður er þáttur íslenzkrar menningar.

Nú er það svo um íslenzka menningu, að við óskum þess sjálfsagt öll, að Reykjavík geti ávallt sannað þau orð þjóðskáldsins, sem 1. þm. Reykv. las hér upp, að bylgjan brotnar hér. En við megum ekki heldur gleyma því, að það þarf að vera jafnvægi milli þessara tveggja þátta íslenzkrar menningar, og vegna þeirra breytinga, sem orðið hafa á skipulagi byggðarinnar í landinu, má sízt veikja þann þáttinn, sem á rætur úti um byggðir landsins, — þann þátt íslenzkrar menningar, sem á rætur úti um byggðir landsins. Og ég hygg, að það hafi verið þetta, sem hv. 1. þm. Skagf. vildi benda á.

Þá talaði hv. 1. þm. Reykv. um þungamiðju valdsins, — það var nú raunar víst fyrst orðað svona af fyrrv. formanni Sjálfstfl., Jóni Þorlákssyni, — og hv. 1. þm. Reykv. lagði á það nokkra áherzlu, að þungamiðja valdsins hlyti að færast til eftir því, hvar fólkið hefði búsetu. Þetta má til sanns vegar færa. En þegar talað er um þungamiðju valdsins í þjóðfélaginu, verður að gæta þess, að valdið greinist í fleiri þætti en löggjafarvaldið eitt, og nú er það yfirleitt svo, að höfuðborgirnar, bæði hér og í öðrum ríkjum, hafa forgangsrétt og réttindi fram yfir aðra landshluta að því er snertir framkvæmdavaldið, þar sem stjórnaraðsetrið er, og í kjölfar þess kemur það, að fjármagn þjóðfélaganna safnast þangað í ríkum mæli, og ýmsar ríkisstofnanir eru að jafnaði öflugastar í höfuðborgunum. Þetta er almennt viðurkennt í lýðræðisríkjum. Og af því sprettur þar sú skoðun, að til mótvægis gegn þessu, ef litið er á valdaskiptinguna í þjóðfélögunum í heild, þá sé það eðlilegt, að réttur höfuðborganna til fulltrúavals á löggjafarþingin sé eitthvað minni en annarra landshluta, að höfuðborgirnar hafi ekki fyllilega sömu fulltrúatölu miðað við kjósendur eins og þeir landshlutar, sem í fjarlægð eru og ekki hafa í sínum höndum framkvæmdavaldið. Það, sem á milli ber í þessu, er því fyrst og fremst það, hvað langt eigi að ganga til þess að færa til þungamiðju valdsins, einn vill ganga lengra og annar eitthvað skemmra, og það, sem á milli ber, er kannske þó ekki sízt það, hvaða aðferð er beitt eða með hverjum hætti þetta er gert, hvort það eigi að halda við grundvelli hinnar gömlu kjördæmaskipunar eða gera þá byltingu í því efni, sem hér er stofnað til.

Á dagskrá þessa fundar, sem hófst eftir hádegi í dag, eru þrjú mál. Eitt af þeim er frv. um sýsluvegasjóði. Það er ekki stórt mál, það fjallar í raun og veru um það, í hvaða hlutföllum eigi að skipta 3 millj. kr. framlagi ríkisins milli sýslufélaganna í landinu. En þessu máli, sem ekki er stærra í sniðum en frv. um sýsluvegasjóði, fylgir ýtarleg grg. og töflur yfir það, hvaða áhrif frv. hafi frá því, sem verið hefur, og hvaða áhrif á hag hverrar sýslu um sig. Hér erum við að ræða frv., sem blað sjálfs forsrh. hefur lýst þannig, að það feli í sér mestu breyt.

á þingræðisskipulagi Íslendinga, sem gerð hefur verið, síðan Alþingi var endurreist, og þessu frv. fylgja aðeins fáar línur sem grg., — fáar línur, sem í raun og veru lýsa engu um áhrif þessa máls. Þetta, hvernig málið er lagt fyrir, hve litlar skýringar fylgja því, það eitt út af fyrir sig mun lengi í minnum haft. En m. a. vegna þess, hve litlar skýringar fylgja þessu máli, þá er ýmislegt í sambandi við það mjög óljóst, og mér er eiginlega nær að halda, að þeir, sem flytja þetta mál og ætla að knýja það fram, hafi alls ekki í öllum atriðum gert sér grein fyrir því, hvaða afleiðingar það hefur í sambandi við kosningalögin og framkvæmd kosninga hér á landi. Það kemur a. m. k. ekki fram, hvorki í grg. né í þeim umræðum, sem fram hafa farið um málið.

Ég skal nú ekki tefja tímann með því að fara að nefna dæmi um þetta, þannig að ég dragi fram mörg atriði. En ég vil aðeins minna á eitt atriði í þessu sambandi.

Það hefur komið fram bæði í stjskrn. og eins í umr. hér í deildinni um málið, að ráðgert væri, að úthlutun uppbótarsæta milli flokkanna færi eftir sömu reglum og nú eru í gildi samkvæmt kosningalögunum. Ég er nú ekki viss um, ef litið er á þetta atriði eitt út af fyrir sig, að það fái að öllu leyti staðizt í framkvæmd eftir þá breyt., sem stofnað er til með frv., sem hér er til umr. Þegar litið er á þetta með uppbótarsætin, verður það ljóst, sem raunar hafa verið færð skýr rök fyrir í þessum umr., að með þessu frv. er horfið frá hinni persónulegu kosningu í landinu, en allt miðað við flokka. Þetta verður ljóst, þegar kemur að því ákvæði kosningal. að úthluta uppbótarsætum. Nú er það svo, að þegar ákveðið er, hvaða maður af flokki eigi að hljóta uppbótarsæti í einmenningskjördæmi, þá er eingöngu miðað við persónuleg atkv. mannsins. En þau atkv., sem hann hefur fengið á landslista, koma ekki til greina í því sambandi. Þetta er byggt á þeim grunni, sem núgildandi stjórnarskrá leggur og kosningalögin, að hafa hér hið persónulega kjör að megingrundvelli. Nú verður ekki hægt að fara öðruvísi að en þannig að reikna út og skammta manninum, sem á að fá uppbótarsæti, vissan hluta af fylgi flokksins, sem fellur til í kjördæminu. Manni, sem er í fjórða sæti, á þá væntanlega að skammta fjórða part af atkv. og miða aðstöðu hans til þess að hljóta uppbótarsæti eftir því. Manni, sem er í fimmta sæti, á þá væntanlega að skammta fimmta part o. s. frv. Hér verður strax að grípa til reikningsaðferða og skömmtunar í stað þess grundvallar, sem persónuleg atkv. mannsins skapa samkv. núgildandi kosningalögum. En meginreglan um, hvernig uppbótarsætum er úthlutað, er sú, að fyrsti uppbótarmaður hvers flokks er sá, sem hefur hæsta atkvæðatölu á bak við sig af þeim, sem ekki hafa verið kjörnir í kjördæmi, annar uppbótarmaður hvers flokks er sá, sem hefur hæsta hlutfallstölu af þeim frambjóðendum, sem ekki hafa náð kosningu í kjördæmi, og þannig koll af kolli. Þó er önnur regla, sem þessar í raun og veru víkja fyrir. Það er sú meginregla kosningal., að af einum og sama flokki skuli aldrei vera nema einn uppbótarmaður úr hverju kjördæmi. Þetta er sú meginregla kosningal., að hinar víkja fyrir henni, og það hefur aldrei komið fyrir, frá því að þetta skipulag var tekið upp 1933, svo að ég muni til, að af einum og sama flokki hafi setið samtímis tveir uppbótarmenn úr sama kjördæmi. Það, að einn uppbótarmaður sé úr hverju kjördæmi um sig, er meginreglan, sem hinar víkja fyrir. T. d. er það svo í framkvæmd, að raunverulega hafa fleiri en einn þm. í Reykjavík haft hærri atkvæðatölu en menn, sem hafa hlotið uppbótarsæti á atkvæðatölu, að kallað er, utan af landsbyggðinni.

Nú hefur þetta allt farið eðlilega, þegar kjördæmin hafa verið 28. Þá hefur skapazt nægilegt svigrúm til þess að koma þessum ákvæðum öllum við. En þegar kjördæmin eru orðin ein átta, ja, hvernig fer þá? Nú er gert ráð fyrir því framvegis, eins og verið hefur, að á bak við hvern uppbótarmann sé varamaður, það séu jafnmargir varamenn og aðalmenn eru kjörnir, og samkv. þessu er það þá þannig, að ef einn flokkur fær fjóra uppbótarmenn sem aðalmenn, þá fær hann auðvitað fjóra varamenn jafnframt, og þeir eiga þá að dreifast í öll kjördæmin, þannig að hann hefur aðalmann og varamann einn úr hverju kjördæmi landsins. En hvernig fer, ef einn flokkur fær nú fleiri en fjóra uppbótarmenn, sem vel getur komið fyrir? Hvað á þá að gera? Á þá að fara eftir reglunni, að það sé aðeins einn maður úr hverju kjördæmi fyrir hvern flokk, og á þá að láta vanta varamenn, ef ekki verður þá hægt að fylla töluna, eða á þá að byrja á nýjan leik og fara aftur í það kjördæmi, sem varamaður hefur verið valinn frá? Mér sýnist, þó að ekki sé farið lengra út í málið en þetta, að það, sem fram hefur komið frá fylgismönnum málsins um þetta atriði, sé þannig, að þetta sé alls ekki brotið til mergjar, og þannig virðist mér vera um allmörg fleiri atriði, sem algerlega hafa legið milli hluta í þessum umr., en ég skal ekki víkja nánar að.

Ég held sem sé, að það hefði verið öllum hollt að athuga þetta stjórnarskrármál allt saman ofur lítið betur en að grípa til þess að taka eina grein stjórnarskrárinnar og gerbylta henni án samhengis við önnur efni og án þess að gera sér fyllilega grein fyrir því, hvaða breytingum það veldur í framkvæmd. — [Fundarhlé].

Lýðræði og þingræði byggist á því, að fólkið sjálft, hinir almennu kjósendur, taki þátt í félagsmálastarfi. Það myndar félagsheildir, sem eru þáttur í sjálfu þjóðskipulaginu. Sýslurnar íslenzku eru forn og veigamikill þáttur í þessari byggingu þjóðskipulagsins, og það er nokkur vottur þess, hve stórvægileg sú breyting er, sem hér á að gera, að þeir, sem mæla fyrir þessu frv., leggja sig sérstaklega fram um að gera lítið úr gildi sýslnanna sem sérstakra félagsheilda. Þeir kalla þær hin gömlu skatthérað konunganna og að það sé skipan, sem sé vaxin upp af því sæði, sem erlendir konungar sáðu hér á landi.

Ræða hv. 5. þm. Reykv. gefur sérstakt til-

efni til að víkja nokkuð að því, hver þróun þessara mála hefur verið með þjóðinni um breytingar á félagsheildum, sem fólkið hefur myndað, og hvaða áhrif það hefur haft, þegar stjórnarvöldin hafa farið að taka í taumana og ætlað með valdboði ofan frá að stofna slíkar félagsheildir. Hv. 5. þm. Reykv. lýsti hér till., sem bornar voru fram á Alþingi skömmu eftir aldamótin, og las upp gömul ummæli máli sínu til stuðnings. Þetta eru veigalítil rök, einkum þegar á það er litið, að þessar till., sem hv. þm. var að lýsa, voru felldar með miklum atkvæðamun og hafa aldrei síðan átt nokkurt brautargengi með þjóðinni. Þá minntist hv. 5. þm. Reykv. á ummæli Jónasar Jónssonar, sem hann ritaði í bók sína „Komandi ár". Það var líka nokkur galli á þessari röksemdafærslu hv. þm. Þessi orð ritaði Jónas Jónsson áður en hann varð alþm. Ég hygg, að bókin hafi verið gefin út sama árið og Jónas Jónsson var kosinn á þing. En Jónas Jónsson átti síðan sæti á Alþingi um það bil aldarfjórðung, og það er miklu nær að líta á verk hans sem forustumanns Framsfl. allan þann tíma og draga ályktanir af þeim heldur en færa fram sem rök þessi ummæli, sem hv. 5. þm. Reykv. vitnaði til. Og hver var þá afstaða Jónasar Jónssonar í reynd, þegar hann hafði aðstöðu til að beita sér hér á hæstv. Alþingi, til stórra kjördæma og hlutfallskosninga? Ja, allir hv. þingmenn munu kannast við, hver afstaða Jónasar Jónssonar var gagnvart kjördæmabreyt. 1931—33, sem þá var barizt um, og aftur 1942. Það hefur því harla lítið gildi í sambandi við þetta mál að vitna til þessara ummæla Jónasar Jónssonar.

Þá skal ég víkja að því, hver þróun mála hefur verið hjá þessari þjóð gagnvart myndun félagsheilda og hvaða skipan fólkið sjálft hefur viljað hafa á í þeim efnum. Það má greinilega sjá mun á því, hvort þróunin kemur neðan frá, eins og við orðum í nál. okkar minni hl. stjskrn., eða hvort það hefur átt að þvinga upp á fólkið með valdboði ofan frá vissri skipan. Meðan einokunarverzlun Dana var í algleymingi hér á landi, var landinu skipt með valdboði ofan frá eftir fyrirmælum stjórnarinnar í sérstök verzlunarumdæmi. Sú skipting er einhver hin illræmdasta, sem saga þjóðarinnar greinir frá. Þegar slakað var á einokunarverzluninni 1787 fyrir sérstaka baráttu Skúla fógeta og Jóns Eirikssonar, þótti stjórninni hlýða að veita kaupstaðarréttindi nokkrum stöðum á Íslandi. Það var Reykjavík, Grundarfjörður, Ísafjörður, Akureyri, Eskifjörður og Vestmannaeyjar. En þetta gerðist með valdboði ofan frá, og þetta hafði ekkert gildi gagnvart þessum stöðum nema Reykjavík, og 1836 var svo komið, að þessi réttindi, sem stjórnin ætlaði að veita, voru afnumin nema gagnvart Reykjavík. En þegar verzlunin var gefin frjáls að fullu 1854, m. a. vegna baráttu Jóns Sigurðssonar, var farin allt önnur leið um þróun kaupstaðanna hér á landi. Eftir því sem byggðin þéttist og kaupstöðunum vex fiskur um hrygg, eru þeim smám saman veitt kaupstaðarréttindi: Akureyri 1862, Ísafirði 1866, Seyðisfirði 1894 og þannig koll af kolli. Þessi þróun hefur orðið til vegna áhrifa fólksins á þessum stöðum og vaxið upp alveg eðlilega í samræmi við þjóðskipulagið sjálft. Og síðan hefur Alþingi smám saman veitt kaupstaðarréttindi, eftir því sem fólkið hefur óskað eftir. En það hefur aldrei komið fyrir, svo að mér sé kunnugt, að Alþingi hafi með valdboði gripið í taumana og sett lög um að skipta kaupstað út úr sýslufélagi, án þess að málið ætti upptök heima fyrir og óskir úr héraðinu og frá þeim stað, sem í hlut átti, hafi verið fram bornar á Alþingi. Eina dæmið, sem kynni að vera hægt að finna til stuðnings hinu gagnstæða, kann að vera það, sem gerðist nú fyrir örfáum árum, að sumum þótti ríkisstj. hafa of mikil afskipti af því að veita Kópavogi kaupstaðarréttindi, og sumir þeir, sem nú standa að þessu frv., héldu þá um það langar ræður hér á hæstv. Alþ., að slík framtakssemi væri algerlega að ófyrirsynju, það vantaði þá undirbyggingu, sem eðlileg væri heiman að. Þannig hefur þróunin verið með kaupstaðina á Íslandi.

Hið sama er að segja um sýslufélögin. Þau eru gamlar félagsheildir, sem tóku við af þinghánum fornu, eins og áður hefur verið rakið, og breyt. á sýsluskipuninni hefur því aðeins verið gerð á Alþ., að óskir um það hafi komið heiman að. Málin hafa verið undirbúin af fólkinu sjálfu heima, og sýslunum hefur þannig verið skipt með löggjöf, þar sem skipting hefur farið fram, smátt og smátt. 1877 er Þingeyjarsýslu skipt og Skaftafellssýslu um sama leyti. 1887 er Barðastrandarsýslu skipt, skömmu fyrir aldamótin Ísafjarðarsýslu og nú á þessari öld Gullbringu- og Kjósarsýslu og síðast Húnavatnssýslu. Það er alveg hið sama að segja um þessar breytingar og um kaupstaðarréttindin, að allar hafa þær verið gerðar eftir óskum heiman að úr héruðunum.

En ríkisvaldið hefur stundum ætlað með valdboði ofan frá að koma upp sérstökum félagsheildum. Á tímabili var Íslandi skipt í ömt. Það, sem þá gerðist, var ekki vegna áhrifa fólksins í fjórðungunum, heldur kom ofan frá með valdboði stjórnarinnar. Stiftamtmaðurinn og síðan amtmennirnir voru embættismenn dönsku stjórnarinnar og með tilskipun frá stjórninni 1872 er reynt að styrkja þessar félagsheildir, ömtin, með því að setja upp amtsráð. Og hvernig átti að stofna til þessara amtsráða? Jú, þannig að amtmaðurinn var sjálfkjörinn formaður í ráðið, en sýslurnar innan hvers amts áttu að kjósa í sameiningu tvo amtsráðsmenn. Það átti að þvinga sýslurnar til samstarfs í félagsmálum innan hvers amts. Og 1890 er þessu enn þá breytt og reynt að koma í fastara form á þann hátt, að þá er svo ákveðið, að hver sýsla kjósi einn amtsráðsmann, og er fjölgað í amtsráðinu sem því nemur. En þessar félagsheildir, sem þannig var stofnað til, urðu aldrei rótfastar í íslenzku þjóðskipulagi og á árunum 1904—05 voru ömtin og amtsráðin lögð niður.

En sýsluskipanin hefur staðið þessar breyt. af sér. Hún er rótföst, þáttur í sjálfu þjóðskipulagi Íslendinga. Þess vegna missa algerlega

marks öll þau ummæli, sem viðhöfð eru nú af fylgismönnum þessa máls um það, hve sýslurnar séu lítilvægar félagsheildir og eigi sér ekki sögulega þróun, heldur séu þær sprottnar upp af því sæði, sem erlendir einvaldskonungar sáðu hér á landi, eins og komizt er að orði í nál. meiri hl. Þessi rök missa algerlega marks, þegar málið er skoðað í réttu ljósi.

Þá hefur verið í þessu máli vitnað til búnaðarþings og hvaða afstöðu bændastéttin hefur haft um kjör til búnaðarþings og stærð kjördæmanna í því sambandi. Þá er rétt að minna á það, að fyrst, þegar stofnað var til búnaðarþings, var reynt að hafa kjördæmin stór og tengja kjör til búnaðarþings við ömtin, þessar félagsheildir, sem stjórnvöldin voru að koma upp. Þá var í fyrstu þannig kosið til búnaðarþings, að það voru tólf fulltrúar, sem þar áttu sæti. Búnaðarfélag Íslands eða aðalfundur þess kaus fjóra fulltrúana, en tveir voru kosnir í hverju amti eða átta samtals, og kjördæmin til búnaðarþings voru þá raunverulega fjögur. En síðan hefur þróunin í þessu efni verið sú, að kjördæmunum til búnaðarþings hefur sífellt verið að fjölga. Og 1932 gerðist sú breyt. í þessu efni, að Norðurlandi, sem hafði um tíma verið eitt kjördæmi til búnaðarþings, var skipt í fjögur búnaðarsambönd, eins og sýslumörkin segja til um, og þar með í fjögur kjördæmi. Breyt., sem gerð var 1937 í þessu efni og gerð hefur verið að umtalsefni í þessum umr., miðaði að því að fjölga búnaðarþingsfulltrúum nokkuð frá því, sem áður hafði verið, og kjósa þá beinum kosningum. En kjördæmin, búnaðarsamböndin, eru að mestu leyti miðuð við sýsluskiptinguna, þannig að eins og þessu er nú háttað, eru átta einmenningskjördæmi við búnaðarþingskosningar og þrjú tvímenningskjördæmi og aðeins fjögur, sem kjósa fleiri menn en tvo saman. Þróunin í þessu efni, þar sem bændastéttin ræður sjálf, fer því greinilega í þá stefnu að smækka kjördæmin, en stækka þau ekki. Og af því að mér er sérstaklega kunnugt um síðustu skiptinguna, sem átti sér stað, þ. e. þegar Búnaðarsambandi Austurlands var skipt, þá vil ég víkja að því nokkrum orðum.

Austur-Skaftfellingar höfðu lengi verið í Búnaðarsambandi Austurlands, og það tók yfir nákvæmlega sama svæði og Austurlandskjördæmið á að ná yfir samkv. þessu frv., sem hér liggur fyrir, svæðið frá Skeiðarársandi að Langanesi. Ég tel mig mega segja það hér á þessum stað, að Austur-Skaftfellingar og þá sérstaklega þeir forustumenn í hverjum hreppi, sem sinna mest félagsmálum, eru fremur félagslyndir menn og hafa hvergi reynzt þrándur í götu í félagsmálum, hvorki innan sýslu né utan. Og þegar ég segi þetta, geri ég ekki upp á milli manna eftir því, hvaða stjórnmálaflokki þeir fylgja. Það var því vissulega svo, að Múlasýslumenn vildu gjarnan halda búnaðarsambandinu óskiptu og hafa Austur-Skaftfellinga með í sínum félagsskap. En óskirnar um það að smækka kjördæmin komu frá Austur-Skaftfellingum og áttu mjög góðum skilningi að mæta í Múlasýslunum, og þess vegna var í það ráðizt nú eftir 1950 að kljúfa sambandið og þar með kjördæmið í sambandi við kosningar til búnaðarþings og gera eignaskiptingu og full skil, sem af því leiddi. En atkvæðatölurnar, hvernig eru þær, á bak við fulltrúana til búnaðarþings? Austur-Skaftfellingar hafa fengið með ágætu samkomulagi að kjósa einn mann til búnaðarþings. Bak við hann standa 160 atkv. í búnaðarsambandinu, því að kosningarréttur er bundinn við jarðeign og er ekki hinn sami og til alþingiskosninga. En bak við tvo fulltrúa, sem Múlasýslumenn kjósa, standa 849 kjósendur, þ. e. a. s. 424 atkv. á bak við hvorn búnaðarþingsfulltrúa. Þrátt fyrir þennan atkvæðamun hefur á svæðinu verið hið allra bezta samkomulag um þessa skiptingu, bæði fulltrúaskiptinguna og skil á milli búnaðarsambandanna. Og ég vil taka það fram vegna þeirra, sem alla hluti virðast sjá gegnum flokksgleraugu, sem ljóst kemur fram í sambandi við þetta mál, að Austur-Skaftfellingar hafa ekki gengið þessa braut vegna pólitískra ástæðna og þeir hafa ekki í sambandi við kjör til búnaðarþings sýnt flokkslega ósanngirni, það hefur ekki verið sýnd flokksleg ósanngirni af hálfu þess flokks, sem raunverulega hefur í sínum höndum meirihlutavald í sýslunni. Hér er allt annað, sem liggur til grundvallar óskum þeirra um að starfa einir sér að sínum félagsmálum. Það er reynslan af því, hve erfitt það er að vera virkur þátttakandi í félagsmálum á svo stóru svæði eins og svæðið er, sem nú á að verða Austurlandskjördæmi.

Þegar bændurnir fara að stofna sín ræktunarsambönd, er enn sama stefnan uppi að kljúfa búnaðarsamböndin í enn smærri heildir, af því að það þykir leiða til sterkara persónulegs sambands og reynast betur, þegar framkvæma á þau verk, sem verður þó að vinna með félagslegu átaki. Þannig er farið að, þegar fólkið sjálft fær að ráða án valdboðs ofan að.

Af þessu má sjá, að sýslurnar eru félagsheildir, sem eru rótfastar í sjálfu þjóðskipulaginu og eru eðlilegur grundvöllur undir kjördæmaskiptinguna. Af þessu má sjá, að fólkið vill fremur smækka félagsheildirnar en stækka þær. Og af þessu má einnig sjá, að það hefur ekki gefizt vel, þegar með valdboði ofan að hefur átt að þvinga fólkið til þess að starfa saman í sérstökum félagsheildum.

Hér kemur fleira til, þegar athuga á um gildi sýslnanna og hvaða viðhorf þegnar þjóðfélagsins bera til þeirra og héraðanna hvers út af fyrir sig. Fólkið, sem hefur flutzt í þéttbýlið, hefur á undanförnum árum verið að stofna sérstök félög, átthagafélög, án alls valdboðs. Það hefur gert þetta með eigin framtaki og til þess að vinna sínu héraði gagn á ýmsan hátt og halda við gamalli kynningu. Og hvernig er þá stofnað til þessa frjálsa félagsskapar? Er það Norðlendingafélag, sem starfar hér? Nei, það er Skagfirðingafélag, Eyfirðingafélag, Þingeyingafélag o. s. frv. Það eru sýslurnar, héruðin sjálf, sem fólkið finnur að eru hinar sérstöku félagsheildir, sem það vill minnast og mynda samband til þess að styrkja. Og þessi átthagafélög, sem þannig eru byggð upp með

frjálsu framtaki fólksins, starfa að ýmsum menningarmálum hvert fyrir sína sýslu. Þegar á þetta er litið, styrkir það enn þau rök, að sýsluskiptingin og héruðin eru svo rótfastar félagsheildir, að það er varhugavert spor að slíta kjördæmaskipunina frá þeim. En þeir, sem að þessu frv. standa, horfa á málið frá allt öðrum sjónarhól. Þeir horfa á málið gegnum flokksgleraugu. Þeir líta á aðstöðu flokkanna, og í miðstöðvum þeirra hugsa þeir sér að koma upp þeirri Hliðskjálf, sem þeir geti horft frá og talið höfðafjöldann hver innan sinnar flokksgirðingar, og líta þess á milli á reikningsstokkinn, sem þeir hafa með höndum. Þetta er hugsjón þeirra, sem standa fyrir þessu máli um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Þá er það eitt í þessu máli, að því er haldið mjög á loft, að sýslurnar séu hin gömlu skatthéruð konunganna. Ja, Ísland var lengi skattland. Það var skattskylt Noregskonungi og Danakonungi. En þjóðin hefur samt sem áður lagt í það að stofna hér lýðveldi, og þó að við eigum heima á landi, sem einu sinni var skattland erlendra konunga, þá unnum við þessu landi og ætlum okkur að halda hér uppi sjálfstæðu lýðveldi, og fulltrúar hins íslenzka lýðveldis, sem starfa á erlendri grund, horfa djarft á hvern sem er, þó að þeir séu frá gömlu skattlandi, enda mun þá hinu íslenzka lýðveldi bezt farnast, að svo sé gert. Sannleikurinn er sá, að saga þjóðarinnar og saga landsins er tvinnuð saman. Og þrátt fyrir alla þá áfellisdóma, sem Alþingi fær, er samt horft til þessarar stofnunar hvarvetna af landinu, vegna þess að á Alþingi eru ráðin þau ráð og unnin þau verk, sem miða að því að efla byggðir landsins og búa í haginn fyrir fólkið, sem landið byggir. Þess vegna er hugsun þjóðarinnar svo bundin við landið sjálft, og þegar því hafði verið lýst af Lögbergi 1944, að á Íslandi væri stofnað lýðveldi, þá jafnvel samstundis brauzt fram eins og frá hjartarótum allrar þjóðarinnar spurningin, sem hefur síðan lifað á vörum hennar: Hver á sér fegra föðurland?

Það var að sönnu innheimtur skattur í sýslunum, en einungis vegna þess eins, að þær eru hver um sig lítill hluti af gömlu skattlandi. En þeir, sem búa úti í héruðunum, og þeir, sem jafnvel eru fluttir þaðan, en standa í tengslum við héruðin, líta allt öðruvísi á heldur en sýslurnar séu fyrst og fremst hin gömlu skatthéruð konunganna. Þeir eiga sína söngva, eins og þjóðin í heild á sína. Skín við sólu Skagafjörður, — Eyjafjörður finnst oss er, — Fljótsdalshérað friðarblíða, — Ó, Rangárgrundin glaða — og margt og margt fleira af sama tagi. Halda þessir menn, sem standa að þessu máli og vilja veg héraðanna sem minnstan, að þegar fólkið hefur um hönd þessa söngva, þá sé það hugsunin og minningin um gömul skatthéruð konunganna, sem liggur þar til grundvallar, eða halda þeir, að það sé eitthvað annað, sem stendur dýpri rótum í hugum fólksins?

Ég ætlast ekki til, að flm. þessa máls svari þessum spurningum. Þeir ganga með reikningsstokkinn sinn og líta á hann, og milli þess hugsa þeir sér að telja höfuðin hver í sinni flokksgirðingu. En ég ætlast til þess, að sumir aðrir, sem sýnilega greiða þessu frv. atkv., geri sér grein fyrir því, hvernig þessu er háttað með samband fólksins við héruðin. Og þeir, sem horfa á reikningsstokkinn og hafa það að hugsjón í sambandi við setningu stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, kunna að verða þess varir, þó að síðar verði, að úti í héruðunum búa menn, sem vilja veg héraðs síns sem mestan, sem vilja ekki afsala sér réttindum, fornum réttindum, þó að þeir unni þéttbýlinu alls góðs. Það eru menn, sem ætla sér að byggja héruð sín og bæta land sitt til hags fyrir vaxandi þjóð.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil nú leyfa mér að fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann fresti þessari umr. Mér finnst ekki vera ástæða til þess að halda áfram núna og í raun og veru ekki hægt að koma því við, þar sem t. d. þeir, sem ég þarf nú að svara nokkuð, eru, að því er ég bezt veit, farnir heim. Ég vildi þess vegna af mörgum ástæðum, sem ég veit að hæstv. forseti sér jafnvel og ég, óska eftir því, að umr. yrði frestað núna, eins og komið er, og ég ætti þá mína ræðu eftir, að þetta yrði skoðað, sem ég hef sagt núna, sem rætt um dagskrá.

Forseti (ÁkJ): Það hafa nú verið frammi sterkar óskir um það, bæði frá hæstv. ríkisstj. og öðrum, sem standa að málinu, að hraða umr., þannig að henni yrði lokið núna í nótt. (**EystJ:** Ég vil bara benda á það, að þeir eru allir farnir heim, sem hlut eiga að máli, þannig að það getur ekki verið þeirra meining, að það sé gert, þannig að það hljóti að vera vítalaust fyrir forseta að fresta umr.) Jæja, ég vil þá eftir athugun verða við þessari beiðni og fresta þá umr. og tek málið út af dagskrá. Það liggur ekki fleira fyrir fundinum.

Umr. frestað.

Á 118. fundi í Nd., 28. apríl, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti (ÁkJ): Þess hefur verið óskað, að þessum fundi yrði ekki fram haldið vegna fundar í Sþ., sem háður verður strax á eftir til afgreiðslu á fjárl. til 3. umr. Þess vegna verður þetta mál tekið út af dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 119. fundi í Nd., 29. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég leyfi mér enn einu sinni að vekja athygli á því, hversu framkoma þeirra, sem standa að þessu máli hér á hv. Alþ., er undarleg. Það hefur komið í ljós undanfarið, á meðan málið hefur verið til meðferðar, að þeir vilja alls staðar annars staðar fremur vera en þar, sem þetta mál er til meðferðar. Og yfir höfuð er það þannig um aðalforustumenn málsins, að þegar

þeir hafa sézt hér á þessum slóðum, þá hafa þeir farið óðfluga um þingsalinn og ekki verið í rónni, fyrr en þeir voru komnir út.

Á laugardaginn var fór fram umr. talsverð um þetta mál hér í hv. d. Þá átti ég að taka til máls kl. 5 í upphafi fundarins. Þá var enginn staddur hér í d. af forráðamönnum málsins, alls enginn. Og það var ætlunin að halda þannig áfram með málið. Þá óskaði ég eftir því, að hæstv. forseti ætti hlut að því, að forráðamenn málsins yrðu sóttir, og það gerði hann af miklum skörungsskap, gerði hlé, á meðan þeir voru sóttir og halaðir hér inn í þingsalinn, þar sem þeir þó tolldu misjafnlega lengi, að ekki sé meira sagt.

Þegar svo málið var tekið hér aftur fyrir á s. l. mánudag, mun hv. forráðamönnum málsins hafa þótt sem þessi undanbrögð væru orðin nokkuð áberandi og vildu draga af sér slenið nokkuð og komu þá hér þrír í röð og helltu sér yfir okkur, sem höfðum andmælt þessu máli, allt mánudagskvöldið. Eftir það fóru þeir niður og fengu sér kaffi og með því og fóru síðan heim að sofa. En hæstv. forseta var ætlað að halda hér áfram fundi um nóttina með andmælendum málsins einum, og þeim var ætlað að tala hér, án þess að nokkur af stuðningsliði málsins væri viðstaddur nema hæstv. forseti.

Ég fór þess á leit við hæstv. forseta, að hann tæki í taumana um þessa málsmeðferð og frestaði fundinum, þar sem hér væri verið að fara fram á óþinglega aðferð og óhæfu, og varð hæstv. forseti góðfúslega við þeirri ósk og frestaði fundinum og tók málið út af dagskrá, eins og auðvitað sjálfsagt var, þegar svo óvirðulega átti að búa að málinu af hendi þeirra, sem fyrir því standa. — Ég vildi bara benda á þessa meðferð alla saman með fáeinum orðum í upphafi þess, sem ég nú ætla að segja.

Ég hef ekki ástæðu til þess að tala hér langt mál um þetta nú, þar sem ég hef tekið fram flest af því, sem ég hef viljað taka fram til þess að andmæla því, sem hér á að gera. En ég kemst ekki hjá því að svara aðeins örfáum atriðum af því mikla máli, sem formælendur málsins tóku sig til og fluttu á mánudagskvöldið, og mun ég þó fátt eitt rekja af því.

Aðallega var það 1. hv. þm. Reykv. (BBen), sem hafði orð fyrir þessu liði. Raunar færði hann ekki miklar ástæður fyrir réttmæti málsins, en deildi þeim mun meira eða reyndi þeim mun meira, skulum við segja, að deila á andstæðinga þess. Hv. þm. reyndi enn að halda því fram, að stefna Framsfl. í málinu væri óljós. Ég endurtek enn, að ég mótmæli þessu algerlega. Stefna Framsfl. í kjördæmamálinu er sú, eins og flokksþing þess mótaði hana, að byggja á héraðaskipuninni sem aðalatriði í sambandi við kjördæmaskipun landsins, að byggja á einmenningskjördæmum sem aðalreglu, en þó þannig, að þar sem kaupstaðir væru svo stórir, að þeir ættu rétt á fleiri en einum þm., þá væru þeir ekki bútaðir niður af handahófi í smáhólf, heldur væru þar viðhafðar hlutfallskosningar sem undantekning, — að engin uppbótarsæti væru viðhöfð. Þetta er sú stefna í kjördæmamálinu, sem flokksþing framsóknarmanna mótaði.

Þegar flokksþingið mótaði skýrt þessa stefnu, kom upp óp mikið hjá forráðamönnum þríflokkanna, sem standa að þessu máli, og töldu þessa stefnu óhæfu og bjuggu sig strax undir að segja þjóðinni það, að þeir væru löglega afsakaðir, þó að þeir réðust á héraðakjördæmin og legðu þau niður, þar sem Framsfl. væri ekki til viðtals um neitt, sem nálgaðist nokkurt sjónarmið hinna flokkanna. Þetta sáu framsóknarmenn fyrir fram, og þess vegna var einnig í flokksþingsályktun framsóknarmanna gert ráð fyrir, að miðlunarvegur gæti orðið boðinn fram af flokksins hendi, og það hefur verið gert á hv. Alþ. með brtt. flokksins. En þær eru um það, sem flokkurinn vill til miðlunar. Og hann flytur einmitt fram miðlunartillögur sínar hér á Alþ. í fyrsta lagi vegna þess, að hann veit, hvernig undirtektirnar eru undir hinar tillögurnar, í öðru lagi til þess að sýna, að hann vill allt gera til þess að bjarga héraðakjördæmunum og koma í veg fyrir, að þau verði lögð niður. Þess vegna leggur flokkurinn hér fram miðlunartillögur, réttir út höndina til hinna flokkanna um að gera leiðréttingar í kjördæmamálinu, en að héraðakjördæmin haldist. Og leiðréttingarnar eru fólgnar í því að fjölga kjördæmakjörnum þm., þar sem fólkinu hefur fjölgað mest, eins og tillögurnar greina, en halda þá til samkomulags uppbótarsætunum. Þetta teljum við Framsfl.-menn fullkomlega sanngjarnt samningatilboð eða miðlunartillögu af okkar hendi. En þessu hefur verið illa tekið, sumpart vegna þess, að þeir, sem fyrir þessu máli standa, vilja ekkert annað heyra en að leggja kjördæmin niður, og sumpart vegna þess, að þeim er illa við það, sem standa fyrir kjördæmamálinu, að það komi svona greinilega fram, að Framsfl. er reiðubúinn til þess að ganga inn á eðlilega málamiðlun, og að þeir hefðu þess vegna enga afsökun í því að ráðast á héraðakjördæmin.

Það er þetta tvennt, sem gerir það að verkum, að hv. 1. þm. Reykv. og aðrir eru sífellt að reyna að stagast á því hér, að það sé ósamræmi í afstöðu Framsfl. í málinu, þótt hún sé hverjum skynsamlega hugsandi manni algerlega augljós, bæði meginstefnan og hvernig unnið er að miðluninni til þess að reyna að fá komið í veg fyrir það versta. — Þetta vil ég aðeins rifja upp hér í lok þessarar umræðu vegna þess, hvað hinir hafa sagt.

Þá sagði hv. 1. þm. Reykv. hér á mánudagskvöldið, að ég hefði sagt, að Sjálfstfl. hefði aldrei átt samtal við Framsfl. um kjördæmamálið. Það er ósatt, að ég hafi nokkurn tíma þetta sagt, en er á hinn bóginn ekkert verri málflutningur af hendi hv. 1. þm. Reykv. en vanalegt er að heyra hér af hans munni, og er sorglegt að þurfa að segja slíkt um jafnmikinn forráðamann í þingflokki og hann er. Þetta sagði ég aldrei, datt ekki í hug að segja það. Það rétta er, að sjálfstæðismenn og framsóknarmenn áttu samtal um stjórnmálaástandið, eftir að Ólafi Thors hafði verið falið að reyna stjórnarmyndun, og í þeim viðtölum bar

kjördæmamálið á góma, og framsóknarmenn sögðu þá í þeim viðtölum, að þeir væru reiðubúnir til samninga um kjördæmamálið til samkomulags á þeim grundvelli að halda héraðakjördæmunum, að þau fengju að standa, en fjölgað yrði kjördæmakjörnum þm. í þéttbýlishéruðunum, og vildu líka vinna það til samkomulags, að uppbótarsætin stæðu.

Hv. þm. sagði hér, að við hefðum ekki haft um þetta skriflegar tillögur, og fjargviðraðist mikið út af því. Slíkt kemur þessu máli ekkert við. Við sögðum þetta alveg ljóst og skýrt. En svörin, sem við fengum frá hv. sjálfstæðismönnum á þessum fundi eða samtali, voru þau, að þeir gætu ekki gengið inn á neina lausn, sem væri byggð á því, að héraðakjördæmin héldu sér, því að þeir teldu þau svo óeðlileg og hættuleg stjórnskipuninni. Það var afstaða mannanna, sem þykjast nú, að því er mér skilst, jafnvel af einhverri slysni hafa lent inn á þessari lausn, sem nú er fyrirhuguð, og fyrir það að framsóknarmenn hafi ekki verið nægilega samningaliðugir um þetta mál.

Þetta vil ég að sé alveg skýrt, og ég mótmæli þeim óhæfilega málflutningi og þeim óhæfilegu frásögnum, sem um þetta eru viðhafðar af hv. sjálfstæðismönnum.

Hv. 1. þm. Reykv. vill ekki viðurkenna trúnaðarbrot sitt gagnvart Alþ. og þjóðinni, sem felst í því, að hann vanrækti að kalla saman stjórnarskrárnefndina, til þess að þar gæti orðið gert út um það, hvað upp skyldi taka í kjördæmamálinu. Honum er þó ómögulegt að finna nokkrar frambærilegar afsakanir fyrir þessu trúnaðarbroti, og það hefur á hann sannazt. Hann er að reyna að halda því fram, að nefndin hafi í raun og veru verið dauð, af því að það hafi vantað í hana einn mann. En jafnframt hefur hv. 1. þm. Reykv. orðið að játa það, að þegar nm. skildu, hafi þeir ákveðið að koma saman, ef einhver nm. óskaði þess. Og hverjum bar fyrst og fremst skylda til þess að óska þess, að nefndin kæmi saman, þegar skriður var sýnilega kominn á stjórnarskrármálið?

Það ætla ég að hafi verið fyrst og fremst skylda formanns nefndarinnar, hv. 1. þm. Reykv., ef hann vildi meta einhvers trúnaðarstarf það, sem honum hafði verið falið af Alþ. og þjóðinni. Það ætla ég að hafi verið fyrst og fremst hans skylda. En í stað þess að kalla saman stjskrn., lét hann sér sæma að ganga frá samningum um einn meginþáttinn í stjórnskipunarmálinu á leynifundum á bak við nefndina einhvers staðar úti í borginni. Þessi framkoma verður ekki afsökuð með einhverjum hlægilegum tylliástæðum, eins og þeim, að annar eins ákafamaður og hv. 1. þm. Reykv. hefði látið það í vegi standa, að hann kveddi saman nefndina, að í hana vantaði einn mann, þegar hann þá auðvitað vissi, að í það sæti mundi verða fyllt, jafnskjótt og nefndin yrði kölluð saman.

Þá sagði hv. 1. þm. Reykv. á mánudagskvöldið — og gerði sig byrstan í því sambandi, að ég hefði gert mig sekan um þá ósvinnu að byggja málflutning minn á ósannindum og gott ef hann ekki sagði líka blekkingum, með því að fullyrða, að sjálfstæðismenn hefðu haft engan eða litinn áhuga fyrir lausn kjördæmamálsins árið 1953, sagði, að þetta væri algerlega rangt, að nokkuð væri til í þessu, og vitnaði til ályktunar landsfundarins í því sambandi. En ég hélt þessu fram vegna þess, að árið 1953 keppti Sjálfstfl. að því fyrir opnum tjöldum að fá hreinan meiri hluta í þinginu á grundvelli þáverandi kjördæmaskipunar og taldi sig hafa miklar líkur til þess. Og til þess að taka af öll tvímæli um þetta, hvort ég hefði farið hér með einhverjar blekkingar eða ósannindi, vil ég leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér upp enn málsgr., sem lesin hefur verið upp áður í þessum umr. og er úr forustugrein í blaði hv. 1. þm. Reykv. 23. júní 1953, og þar segir þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„344 atkv. standa í vegi fyrir heilbrigðu, ábyrgu“ — menn taki eftir orðunum — „heilbrigðu, ábyrgu meirihlutastjórnarfari á Íslandi í stað pólitískra hrossakaupa samsteypustjórnanna.“

Það er ekkert verið að skafa utan af því. Þeir gátu í mesta lagi gert sér vonir um 39% atkv., en það stóð bara á þessum 344, það þurfti ekki meiri hluta þjóðarinnar þá að baki meiri hl. á þinginu til þess að gera hann bæði heilbrigðan og ábyrgan. Þetta ætla ég að sýni svo glöggt, að ekki þurfi um að deila, að hv. forustumenn Sjálfstfl. klígjaði ekkert við því að hugsa til þess að fá hreinan meiri hl. á Alþingi, þótt þeir hefðu ekki meiri hl. kjósenda í landinu að baki sér, og voru ákveðnir í því að notfæra sér þann meiri hluta og töldu það bæði heilbrigt og ábyrgt.

Svo kemur hv. 1. þm. Reykv. hér og segir, að það sé ósvinna af mér að halda því fram, að nokkuð slíkt hafi yfir höfuð að þeim hvarflað. Og varðandi áhugann um þessar mundir á því að leysa kjördæmamálið, sem honum finnst líka ósvinna að efast um, þá vil ég vitna líka til þessarar sömu ályktunar, sem hann vitnaði til frá landsfundinum, þar sem ályktuninni er hagað þannig, að Sjálfstfl. vilji annaðhvort einmenningskjördæmi eða fá stór hlutfallskjördæmi. Sem sagt, ályktunin er beinlínis búin þannig út, að flokkurinn hafi enga stefnu í kjördæmamálinu, og hreinlega við það miðuð, að flokkurinn geti farið undan í flæmingi, eins og honum sýnist, hann hafi alls staðar útgöngudyr. Það var hreinlega gert vegna þess, að flokkurinn hafði þá engan áhuga fyrir því að ganga inn á neina hreinlega eða ákveðna lausn í kjördæmamálinu, því að hann ætlaði að reyna til þrautar, hvort það væri ekki hægt að fá hreinan meiri hluta í landinu að óbreyttri kjördæmaskipan.

Ég þarf ekki að fara í neinar grafgötur um það, hver var áhugi sjálfstæðismanna um þessar mundir. Við vorum þá með þeim í ríkisstjórn og vissum vel, að það hvarflaði aldrei að þeim að minnast á kjördæmamálið, að það væri nokkurt vandamál. En þetta, sem ég er nú að segja og ég sagði með öðrum orðum s. l. mánudag, telur hv. þm. ósannindi og ósvinnu að halda fram.

Þá vil ég þessu næst minna á atriði, sem hér hefur borið á góma og er talsvert þýðingarmikið í þessu máli öllu, og það er þetta, sem menn hafa borið sér í munn, að með þessari nýju skipan kjördæmanna mundi verða minni hætta á því, að beitt yrði í kosningum fyrirtækjavaldi, fjármálavaldi og atvinnuvaldi eða atvinnukúgun. Ég hef haldið því fram, að þetta væri fullkomið öfugmæli, því að reynslan sýndi, að einmitt slíku valdi eins og þessu væri beitt með ótrúlegum árangri mest í stærsta kjördæmi landsins og eina stóra hlutfallskjördæminu, sem við höfum nú, í Reykjavík. Og ég leyfi mér að halda því fram, að Sjálfstfl. skipuleggi þetta starf með vísindalegri nákvæmni á sínum vegum og styðjist í því efni við stórfellt fjármagn og mörg og stór fyrirtæki í höfuðborginni og að á þessum grundvelli sé allur meginþróttur flokksstarfsins byggður. Á þessum grundvelli er sett upp slíkt net í höfuðborginni pólitískra áróðursmanna og gæzlumanna, launaðra og ólaunaðra, að hliðstæða við það er hvergi til í nokkru einasta byggðarlagi á Íslandi, og ég fullyrði, að margir af þeim mönnum, sem núna standa með Sjálfstfl. í því að reka fram þetta kjördæmamál, vita eins vel og betur en ég, að þetta er svona vaxið. Á hinn bóginn er það einn þáttur — ég vil segja nærri því í þeirri vísindalegu nákvæmni, sem svona löguð nýtízku starfsemi er rekin eftir, að saka aðra um að hafa eitthvað hliðstætt eða svipað í frammi, enda sjáum við, að það er ekki sparað af hendi hv. forráðamanna Sjálfstfl. og var óspart á það minnzt hér s. l. mánudagskvöld, og það er liður í þessu starfi að halda því fram, að aðrir flokkar beiti þessum aðferðum. Og í því sambandi eru Framsfl. og kaupfélögin nefnd sí og æ af hendi forráðamanna Sjálfstfl.

Þegar hv. 1. þm. Reykv. minntist á kaupfélögin og Framsfl. og mig sérstaklega í þessu sambandi, þá sagði hann, og það var dæmi, sem hann fann ferlegast um þessar misnotkunar- og kúgunartilraunir, að ég hefði ferðazt víðs vegar um landið og haldið því fram, að það væru svik við samvinnustefnuna, ef menn kysu ekki Framsfl. Þetta væri, sagði hann, eitthvert ferlegasta dæmið, sem til væri, um misnotkun fyrirtækja og þetta væri eins konar kúgunartilraun af minni hendi, að ég hefði látið mér þetta um munn fara. En hvað ætli þessi hv. 1. þm. Reykv. hafi oft og lengi prédikað, að það væru svik við kaupmangsstefnuna, ef menn kysu ekki Sjálfstfl.? Það þætti mér fróðlegt að vita, hversu margar hringferðir um landið hann hefur farið til þess að halda slíku fram.

Hv. 1. þm. Reykv. og hv. 5. þm. Reykv. (JóhH) héldu því fram líka hér í þessum umr., að það væri til vitnis um það, hversu þessar kenningar mínar eða þessi skoðun mín væri mikil fjarstæða, að í stórum kjördæmum reyndi miklu minna á úrslitaatkvæðin en í héraðakjördæmunum, og líka, að það væru engin tök á því að fylgjast með neinni nákvæmni með alþingiskosningum í stóru kjördæmunum, þess vegna yrðu menn þar miklu lausari við öll afskipti og alla eftirgangsmuni í þessu sambandi. Enginn maður, sem þekkir nokkurn skapaðan hlut til t. d. hér í höfuðborginni, tekur þessar fullyrðingar hv. þm. alvarlega, því að allir vita, að hvergi nokkurs staðar á Íslandi er gengið með eins mikilli hörku og eins mikilli ófyrirleitni í það að fylgjast nákvæmlega með kosningum eins og einmitt í Reykjavík. Og hvergi á landinu er til önnur eins maskína til þess að fylgjast með slíku eins og kosningavél sjálfstæðismanna í Reykjavík, skipuð hundruðum og raunar þúsundum launaðra og ólaunaðra manna, þar sem vörður er haldinn um svo að segja hvert einasta hús, eins og ég sagði hér um daginn og eins og allir vita að er rétt. Og svo koma þessir menn og ætla að fara að segja okkur, að það sé ekki hægt yfir höfuð að fylgjast með neinni nákvæmni eða leggja á neina pressu eða áróður í stórum kjördæmum, það sé ekki hægt að hafa nein slík afskipti. Hvergi þekkist annar eins atgangur og einmitt í þessu stærsta kjördæmi landsins við það að draga alls konar fólk á kjörstaðinn með óliklegustu aðferðum. Ég upplýsti það hér um daginn, og ég upplýsi það enn, að mér er af sérstökum ástæðum kunnugt um, að hér í borginni voru nú ekki fyrir löngu við kosningar lögð fimm dagsverk í að reyna að fá eina konu til þess að kjósa eins og sjálfstæðismenn vildu. En við mikla leit í einu fyrirtæki fannst bílbugur á þessari konu, og afleiðingarnar urðu þessar.

Svo koma þessir menn og segja, að það sé ekki hægt að vinna með neinni nákvæmni að kosningum í fjölbýlinu, og ef menn bara hætti við héraðakjördæmin, verði þetta allt látið vigta sig, menn verði algerlega frjálsir og geti afskiptalausir myndað sér skoðun.

Þá benti ég á eitt líka, sem er ákaflega stórt atriði í þessu máli og stærra atriði en ég held nú satt að segja að ýmsir af forráðamönnum málsins, aðrir en sjálfstæðismenn, hafi gert sér fyllilega ljóst. Ég hef rætt um þessar nýju aðfarir allar, varðandi fyrirtæki, fjármagn og atvinnu. En það er fleira, sem er nýtízkulegt um þessar mundir í þessari þjóðmálabaráttu og kosningabaráttu, og það er m. a. sú nýtízkuaðferð að láta sig einu gilda, hvort það, sem haldið er fram, er satt eða logið, bara í trausti þess, að með ógnarlegum blaðakosti og gífurlegum áróðri sé hægt að gera lygina að sannleika. Það sé í raun og veru bara spursmál um vinnu, eins og ég sagði um daginn, það sé í raun og veru bara spursmál um vinnu, hverju hægt sé að fá menn til þess að trúa.

Þetta er sú skoðun, sem liggur að baki þessum málflutningi, og hann er prófaður með svokölluðum gulu sögum, sem eru farnar að verða í tízku, þar sem öllu er hreinlega snúið öfugt. Eitt gleggsta dæmið um þetta eru gulu sögurnar um húsnæðismálin frá síðustu bæjarstjórnarkosningum, þar sem þannig var á málum haldið, að því var haldið fram, að það væri afstaða stjórnarflokkanna þá í húsnæðismálunum, sem þeir nýlega höfðu allir hafnað. Það höfðu komið fram vissar uppástungur innan a. m. k. sumra flokkanna, sem hafði verið algerlega hafnað í flokkunum. En þá var bara

sú afstaða búin til fyrir flokkana, að þetta væri það, sem þeir raunverulega vildu og ætluðu að gera. Og þessa lygi var reynt að gera að sannleika með margra vikna rekstri þessarar þokkalegu maskínu. Og það er ekki nokkur einasti vafi á því, að það er traustið á þessi vinnubrögð, sem að verulegu leyti liggur til grundvallar því, að Sjálfstfl. er svona hrifinn allt í einu orðinn af stórum kjördæmum og fáum og mannmörgum, þar sem erfitt er að leiðrétta svona löguð vinnubrögð. Það er ekkert þægilegt að koma svona löguðu við í tiltölulega fámennu byggðarlagi, þar sem menn þekkja frambjóðendurna persónulega og trúa ekki upp á þá slíkum stórlygum. En það er á hinn bóginn e. t. v. hægt að koma slíku til vegar, þegar búið er að setja þetta allt í örfá og stór hólf. Þá njóta þessi vinnubrögð sín fyrst til fulls, svo þokkaleg sem þau eru.

Og hugsið ykkur svo, hvað við heyrum hérna í þingsölunum í þessa sömu átt. Í ræðu sinni á mánudagskvöldið segir hv. 1. þm. Reykv. ykkur það, að ég hafi verið að útbýta hér úr skjóðu minni, þ. e. a. s. tösku minni, sem ég kalla oft í gamni skjóðu, — það tók ég eftir Sveini heitnum í Firði, því að hann kallaði skjalatöskuna sína alltaf skjóðu, — þá segir hann ykkur það hér í þingsalnum, að ég hafi verið að útbýta ræðum um kjördæmamálið úr þessari skjóðu, sem þm. Framsfl. eigi svo að flytja. Þetta segir hv. 1. þm. Reykv. í ræðu hér á þingi. Það getur náttúrlega alltaf komið fyrir, að mönnum verði á svona stráksskapur óviljandi, í einhverju hálfgerðu glensi, og þá er náttúrlega ekki svo mikið við því að segja. Auðvitað veit hv. 1. þm. Reykv., að þetta er hreinn uppspuni frá rótum, sem hann bara býr til á stundinni. Ég rétti einum eða tveimur mönnum blað úr „skjóðunni", og ég hygg, að það hafi verið afrit af svikaáætlun stjórnarflokkanna í raforkumálinu, sem ég rétti tveimur þm. Framsfl.

Auðvitað veit hv. 1. þm. Reykv. það ákaflega vel, að þetta er allt uppspuni frá rótum. Samt sem áður, eins og ég segi, svona stráksskapur getur hent menn í glensi, jafnvel á hv. Alþingi. En hv. þm. lætur sig hafa það að setja þetta síðan í blaðið sitt. Í hvaða skyni er þetta gert? Jú, það er í sömu stefnu og önnur vinnubrögð í þessu sama húsi. Það er gert í trausti þess, að það kunni kannske að vera eitthvað af fólki til, sem ekkert þekki til þm. Framsfl. og kunni að leggja trúnað á, að þeir séu þannig menn, að það þurfi að búa til fyrir þá ræður og útbýta til þeirra úr skjóðum á Alþingi.

Þetta er bara ofur lítill vottur, í fyrsta lagi um sannleiksást og málflutning þess manns, sem oftast talar hér á Alþingi um getsakir og jafnvel ósannan málflutning annarra manna, enn fremur er þetta líka ofur lítill vottur um það, hvað sami hv. þm. telur sér sæmandi að láta hafa eftir sér sjálfum í blaði sínu. Og þetta er líka ofur lítill vottur um það, upp á hvað mönnum er boðið í trausti þess, að menn þekki ekkert þá menn, sem verið er að tala um. Og það er einmitt einn liður í öllu þessu, sem keppt er að, það er að skapa jarðveg fyrir gulu sögurnar með því að rjúfa kunningsskapartengslin, með því að rjúfa persónutengslin, þannig að það sé auðveldara að fá menn til þess að trúa því, að það, sem er lygi, sé satt.

Ég skal svo ekki þreyta þolinmæði hv. þm. með miklu lengri ræðu, enda hef ég nú svarað þeim atriðum, sem mér fundust vera þýðingarmest í þessari útrás, ef svo mætti kalla það, af hendi hv. forráðamanna málsins. Og ég vil ekki þreyta heldur þolinmæði hæstv. forseta í þessu sambandi á nokkurn hátt, þar sem hann hefur sýnt í þessu máli fulla tillitssemi í garð andmælenda þessa máls á allan hátt. En að lokum vil ég aðeins segja þetta:

Mér sýnist það eftirtektarverðast í þessum umr., hvers oft hefur verið að því vikið, að hér sé aðeins um áfanga að ræða, og ég vil draga athygli að því í lokin.

Loks finnst mér, ekki sízt þegar það er tengt við þetta áfangatal, mjög iskyggilegt, hversu talað er af mikilli fyrirlitningu og jafnvel andúð um héraðaskipunina og sýsluskiptinguna sjálfa í landinu, eins og mýmörg dæmi eru til úr þessum umr., og sýnist mér það alveg eindregið benda í þá átt, hvert halda skal. Sami fyrirlitningar- og andúðartónninn kemur fram í garð allra kenninga um, að það þurfi að taka nokkurt tillit til landsins eða staðhátta í sambandi við kjördæmaskipun þess. Og loks sýnist mér mjög rík ástæða til þess að benda á, hversu mikið hefur borið á þeirri kenningu í þessum umr. öllum saman, að ekkert væri til, sem lítandi væri við sem endanlegu marki í kjördæmaskipuninni, annað en það, sem tryggði fullan jöfnuð á milli flokka á Alþ. annars vegar og heildarkjósendatölu í landinu hins vegar. En þessi kenning þýðir það hreinlega og ósminkað, að sá aukni réttur, sem fólkinu, sem býr langt í burtu og í strjálbýlinu, er ætlaður núna í þessum áfanga umfram aðra, með því að þar standi færri á bak við hvern þm. en í fjölbýlinu, þetta þýðir, að þessi réttur á að afnemast, þegar þar að kemur. Það má líka orða þetta öðruvísi. Það má orða það þannig, að þeir, sem standa fyrir þessu máli, vilji leyfa mönnum að hafa þennan rétt, ef fólkið úti um landið kýs flokkinn í nákvæmlega sömu hlutföllum og það fólk, sem býr í höfuðborginni. En ef fólkið úti um landsbyggðina leyfir sér að kjósa flokkana í eitthvað öðruvísi hlutföllum en fólkið, sem býr í höfuðborginni, og það í þeim mæli, að uppbótarsætin geti ekki jafnað til fulls á milli flokka, þá er yfir lýst, að það á að taka af þeim það, sem eftir er af þeirri sérstöðu, sem þetta fólk hefur haft í stjórnskipuninni og í bili er látið standa að nokkru leyti í þeirri stjskrbreyt., sem nú á að gera. En ég held því fram, að það, sem hér á að gera, sé jafnóheppilegt og jafnhættulegt fyrir það fólk, sem í þéttbýlinu býr, eins og hitt, sem býr úti um byggðir landsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 120. fundi í Nd., 30. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

ATKVGR.

Brtt. 430 felld með 22:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, SvbH, ÁÞ, ÁB, EirÞ, EystJ, GíslG, HÁ, HS, PÞ.

nei: PO, PP, RH, SÁ, BG, BBen, BÓ, EmJ, GÍG, GJóh, GÞG, HV, IngJ, JóhH, JS, KGuðj, KJJ, LJós, MJ, ÓB, ÓTh, ÁkJ.

3 þm. (StgrSt, EOl, JPálm) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 22:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BG, BBen, BÓ, EmJ, GÍG, GJóh, GÞG, HV, IngJ, JóhH, JS, KGuðj, KJJ, LJós, MJ, ÓB, ÓTh, PO, PP, RH, SÁ, ÁkJ.

nei: ÁÞ, ÁB, EirÞ, EystJ, GíslG, HÁ, HS, PÞ, SkG, SvbH.

3 þm. (EOl, JPálm, StgrSt) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 110. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 111. fundi í Ed., 2. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Frv. þetta til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands 17. júní 1944, 144. mál, var lagt fyrir Nd., og voru flm. formenn þriggja þingflokka, og náði málið afgreiðslu frá þeirri deild óbreytt. Hæstv. forsrh. ætlaði sér að fylgja frv. úr hlaði í þessari hv. deild, en er forfallaður vegna veikinda. Ég vildi á þessu stigi vísa til grg. og nál. meiri hl. stjskrn. í Nd. um rökstuðning fyrir frv. og skýringar á því. Sjálfur mun ég geyma mér umr. um málið til 2. umr., nema alveg sérstök tilefni gefist til, en vil leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr., og enn fremur flytja þá till., að kosin verði sérstök stjórnarskrárnefnd, 5 manna, til þess að fjalla um málið. Það mun vera venja, þegar frv. liggja fyrir um breytingar á stjórnarskránni, að sá háttur sé hafður að kjósa sérstaka stjórnarskrárnefnd, og sú aðferð var höfð í hv. Nd.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Þó að þetta mál sé flutt af formönnum þriggja þingflokka, kynni nú að sýnast ástæða til þess að ræða það eigi að síður bæði í þessari hv. deild og annars staðar, því að hér er um svo stórfellda breytingu að ræða á stjórnskipun landsins, að margir hafa talið þessa breytingu frekar mega kallast byltingu en eðlilega þróun. Ég fellst á það, að það sé eðlilegt að kjósa sérstaka nefnd í þetta stóra mál, og sé ekkert við það að athuga, að það sé fimm manna nefnd. Ég geri ráð fyrir, að við, sem erum andvígir þessu máli, munum ekki heldur tefja fyrir því, að þetta mál geti farið til n. seinni partinn í dag. En ég vil þó þegar á þessu stigi segja nokkur orð um þetta mál, eins og það lítur út frá mínu sjónarmiði, og áskil mér að sjálfsögðu rétt til þess að taka margt fram síðar, sem ég mun ekki ræða að þessu sinni.

Það er vitað mál, að stjórnmálaflokkarnir, þingflokkarnir, hafa verið sammála um það síðan 1944, að við lýstum yfir fullu sjálfstæði, eða hálfan annan áratug, að nauðsynlegt væri að setja íslenzka ríkinu nýja stjórnarskrá, þar á meðal auðvitað kjördæmaskipun. En alltaf hefur verið gengið út frá því, að stjórnarskráin yrði tekin til athugunar í heild. Árið 1947, eftir að nýsköpunarævintýrinu lauk, var skipuð nefnd 7 manna, einn fulltrúi frá hverjum þingflokki og þrír til viðbótar. Voru þeir tilnefndir, að mig minnir, af ríkisstjórn án tilnefningar og munu hafa verið taldir eiga að vera sérfróðir menn í nefndinni. Það er ákaflega ósennilegt, að ekki hefði verið hægt fyrir löngu að ná samkomulagi í þessari n. um stjórnskipun landsins, ef hugur hefði fylgt máli, þar sem allir flokkarnir höfðu lýst því yfir, að þeir teldu lausn á þessu máli aðkallandi nauðsyn. Og ef ekki náðist samkomulag í þessari n., var vitanlega eðlilegur endir á störfum hennar, að hún skilaði áliti, þannig að hún þá, ef verkast vildi, klofnaði og skilaði meirihluta- og minnihlutaáliti. Það hefði að sjálfsögðu einnig getað leitt til einhverrar lausnar á þessu máli, eða a. m. k. var það eðlilegur endir á störfum n. En n. skilaði aldrei neinu áliti, og er þessi n. eitt hið furðulegasta fyrirbæri í íslenzkri stjórnmálasögu, þar sem n. er skipuð í eitt stærsta mál þjóðarinnar og til að leysa mál, sem allir þingflokkarnir eru sammála um að nauðsynlegt sé að leysa.

Ég kem að því, að það lá ástæða til þess vitanlega, að störf n. voru tafin, en við framsóknarmenn eða fulltrúi okkar í n., hv. þm. S-Þ. (KK), kom fram með þá till., sem samþykkt hafði verið á flokksþingi framsóknarmanna, að fela stjórnarskrármálið sérstöku þingi, fela það fulltrúum, sem væru sérstaklega til þess kjörnir að setja þjóðinni nýja stjórnarskrá. Í till. sínum gerði Karl Kristjánsson ráð fyrir, að stjórnmálaflokkunum væri óheimilt að bjóða fram eða taka virkan þátt í kosningabaráttunni til stjórnlagaþings. Var það gert til þess að koma sem mest í veg fyrir það, að flokksleg sjónarmið réðu því, hvernig stjórnskipunarlögin yrðu úr garði gerð. Þegar hið sérstaka stjórnlagaþing hefði komið sér saman um stjórnskipunarlögin eða meiri hluti samþykkt þau, átti samkvæmt till. Karls Kristjánssonar að bera málið undir þjóðaratkvæði. Þannig var ráðgert í till. Framsfl., að þjóðin semdi og lögfesti hina nýju stjórnarskrá að beztu og vitrustu manna yfirsýn og umfram allt án flokkssjónarmiða og flokksofstækis. Ef farið hefði verið að þessum till., er vafalítið, að þjóðin hefði nú verið búin að setja sér nýja stjórnarskrá, sennilega án illvígra deilna eða a. m. k. án þess að blanda stjórnarskránni að verulegu leyti inn í dægurmála- og flokksmálaþrasið og láta þær deilur auk þess spilla eðlilegum vinnubrögðum um önnur aðkallandi mál.

Ég hygg nú sannast að segja, að það sé dálítið erfitt að saka þann flokk, sem komið hefur fram með slíkar till. eins og Framsfl. kom fram með í kjördæmamálinu, þ. e. a. s. þær till. að láta sérstaklega kjörið stjórnlagaþing leysa málið og reyna að koma því út úr flokksdeilum, um það, að hann hafi einatt viljað leysa

málið út frá flokkslegu hagsmunasjónarmiði. Hann er þó eini flokkurinn til þessa, sem hefur lýst því yfir, að hann álíti að eigi að reyna að leiða málið inn á þær brautir, að flokkssjónarmið komist ekki að. Og hann er eini flokkurinn, sem hefur lýst því yfir, að hann vildi reyna til þess að kjósa sérstakt stjórnlagaþing án flokkssjónarmiða. Og hann er sá eini, sem hefur lýst því yfir, að hann væri reiðubúinn til þess að beygja sig fyrir lausn þessa stjórnlagaþings, sem hann vill að leysi málið án flokkssjónarmiða með þjóðaratkvæðagreiðslu á eftir um endanlega staðfestingu á stjórnarskránni. Það er því bersýnilegt, að flokk, sem hefur komið fram með slíkt sjónarmið, er undir engum kringumstæðum hægt að, saka um það, að hann vilji leysa málin út frá flokkslegu sjónarmiði. Það er hið mesta öfugmæli.

Það er oft spurt um það, hver séu rökin gegn því að fara þessa leið í málinu, að velja sérstakt stjórnlagaþing. Aðallega virðist það hafa verið borið fram sem rök, að við höfum Alþingi og fái önnur samkunda vald til þess að setja ný stjórnskipunarlög, þá sé það að setja niður virðingu Alþingis. En hvaðan hefur Alþingi vald sitt og virðingu? Það hefur hana frá þjóðinni. Og er hún ekki Alþingi æðri? Ef þingi sérstaklega til þess kjörnu væri falið að setja þjóðinni ný stjórnskipunarlög, hefði Alþingi afhent þjóðinni málið til úrlausnar, og slíkt getur aldrei verið óvirðing fyrir Alþingi, *enda skjóta ýmis þjóðþing stórmálum undir* þjóðaratkvæði, eins og algengt er. Það er þjóðin, sem á að kjósa stjórnskipunarþingið, og um leið er það jafnvirðuleg samkoma og Alþingi sjálft. Þessi leið óvirðir því ekki Alþingi á neinn máta.

Margir mundu líta svo á, að Alþingi sýndi þroska og viðsýni með því að segja við þjóðina: Stjórnskipunarlögin, sérstaklega kjördæmamálið, hafa verið mjög umdeild mál, mál, sem valdið hafa illvígustu deilum milli flokka hvað eftir annað og hafa verið leyst frá flokkssjónarmiði um of á undanförnum tímum til skaða fyrir málið. Þessar deilur eru einnig *skaðlegar fyrir þjóðina, sem hefur öðrum stór*um vandamálum að sinna. Það er og óvenjulegt, að mál, sem leyst eru í illdeilum og frá þröngum flokkssjónarmiðum, leysist vel. Við álítum, gætu þingfulltrúarnir sagt, við álítum, að stjórnskipunarlög þjóðarinnar séu það verk, sem þarf mjög að vanda til, og því þurfi að reyna að leysa það mál með rólegri yfirvegun. Við alþm., fulltrúar þjóðarinnar og hinna ýmsu flokka á Alþ., leggjum því til, að þjóðin kjósi sérstaka fulltrúa, óbundna af öllum flokkum, til þess að setja þjóðinni stjórnarskrá. Með þessu getur hver kjósandi óbundinn af flokki kosið þann mann, sem hann treystir bezt til þess að setja þjóðinni viturlega stjórnarskrá, en án tillits til þess, hvernig skoðanir þeirra, kjósandans og fulltrúans, fara saman að öllu leyti, því að þessir fulltrúar elga aðeins að hafa umboð til þess að afgreiða stjórnskipunarlögin ein.

Ég held, að fáir, sem gefa sér tíma til að yfirvega þetta mál rólega, muni komast að þeirri niðurstöðu, að Alþ. hefði sett niður, þó að það hefði ráðlagt þjóðinni að láta sérstaklega kjörið stjórnlagaþing setja ný stjórnskipunarlög með eitthvað svipuðum röksemdum og ég hef rakið hér að framan. Ég held, að heiður þess hefði þvert á móti vaxið við þetta.

Stundum eru þau rök færð fram gegn því, að sérstakt stjórnlagaþing afgreiði stjórnarskrána, að kosið mundi til þess eftir flokkssjónarmiðum og þetta mundi engu breyta. Mótbáran er þá orðin sú, að með þessari leið, sem ég hef verið að benda á, losnum við svo lítið af flokkssjónarmiðum og fordómum, að ekki taki því að reyna þetta. M. ö. o.: það er álit þeirra, sem mótmæla sérstöku stjórnlagaþingi, að þótt menn væru kosnir sérstaklega til þess að leysa stjórnarskrármálið, það mál eitt og ekkert annað og án tillits til annarra mála og án tillits til flokkssjónarmiða, þá mundu flokksböndin vera svo sterk, að fulltrúarnir mundu bregðast þeim trúnaði, sem þeim hefði verið sýndur, bregðast því háleita verkefni, sem þeim hefði verið falið, og láta flokkssjónarmið ráða við lausn málsins. Ég er ekki á þessari skoðun.

En þótt þessi kynni að hafa orðið niðurstaðan hjá sumum fulltrúanna, er ég ekki trúaður á, að þetta hefði orðið hið almenna sjónarmið, þvert á móti. En þetta er eitt af því, sem reynslan ein getur skorið úr og verður ekki sannað eða afsannað með rökræðu.

En er ekki *mótstaðan gegn sérstöku stjórn*lagaþingi sprottin af því öðru fremur, að þröngsýnir flokksforingjar telja sig missa flokkslegt vald yfir lausn málsins? Er það ekki raunverulega ástæðan fyrir þeirri mótstöðu, sem hafin hefur verið gegn þessari lausn, að þeir álíti sig missa flokkslegt vald yfir málinu, ef sérstakt stjórnlagaþing fær vald til að afgreiða málið?

Eitt er alveg víst, hvað sem öðru líður, að sérstaklega kosið þing hefði ekki orðið lélegra en Alþ. við lausn málsins. Það er fullvíst. Og það hefði a. m. k. afgreitt málið í heild, enda ekki haft umboð til annars en að afgreiða stjórnarskrármálið í heild og ekki tekið kjördæmamálið út úr til þess að hefja um það illvígar deilur og afgreiða það í flaustri, eins og raun ber nú vitni að Alþingi er að gera. Hins vegar benda ýmis rök til þess og líkur, að fulltrúaþing, sérstaklega til þess kjörið að leysa málið, mundi verða hæfara til þess en Alþingi með sínum pólitísku flokkssjónarmiðum, sem hætt er við að deyfi dómgreindina. En flokkssjónarmiðin hafa þá átt að sjá fyrir því hér í þetta sinn, að málið verði ekki afgreitt á þennan hátt. Og kem ég þá að því að ræða málið lítillega út frá efni þess sjálfs.

Þingflokkarnir hafa lengi verið sammála um, að það þyrfti að endurskoða stjórnarskrána og þar á meðal kjördæmamálið. En málið hefur setið fast. Því er oft kennt um af andstæðingum Framsfl., að Framsfl. hafi stöðvað málið. Þetta er furðuleg staðhæfing og um leið staðleysa. Framsfl. hefur verið í minni hl. í báðum d. Alþ. um fjórðung aldar og gat því

auðvitað ekki stöðvað kjördæmamálið, og þarf ekki frekari orðum að því að eyða. Hið sanna er, að Alþfl. og Sósfl. — síðar Alþb. — hafa á undanförnum árum ýmist annar eða báðir viljað leysa kjördæmamálið og þótzt vilja setja ríkinu nýja stjórnarskrá. En Sjálfstfl. hefur, þótt hann ætti völ á stuðningi þessara tveggja flokka til að leysa málið, engan áhuga haft á málinu. Þetta er ástæðan til, að stjórnarskrárnefnd undir stjórn Bjarna Benediktssonar mókti, en starfaði ekki. Þessari fullyrðingu minni er auðvelt að finna stað. Sömu árin og þessi n. átti að heita starfandi, lét Sjálfstfl. þau boð út ganga, sem víst flestir landsmenn muna eftir, þau voru ekki svo lítið áberandi, — hann lét þau boð út ganga við hverjar kosningar, að sig vantaði örfá atkvæði í nokkrum kjördæmum til þess að fá meiri hluta á Alþingi. Og þessir útreikningar voru tölulega réttir. Þessa útreikninga sýndi Sjálfstfl. með greinilegum tölum. Samtals í öllum þessum kjördæmum, þar sem munaði mjóu, voru atkv. að mig minnir um 300, sem Sjálfstfl. vantaði á réttum stöðum. Þessar skýrslur Sjálfstfl. voru raunverulega glöggur vitnisburður um það, hvert flokkurinn stefndi. Þetta var sömu árin og stjórnarskrárnefndin starfaði. Það var ekki breyting á kjördæmaskipuninni, sem flokkurinn stefndi að. Það, sem hann stefndi að, var að þaulprófa það, hvort hann gæti unnið meiri hluta þingmanna með þeirri kjördæmaskipun, sem gilti, þótt flokkurinn hefði minni hl. atkv. Von í því, að ranglætið, sem Sjálfstfl. kallar nú, gæti orðið til þess, að Sjálfstfl. ynni meiri hl., þótt hann hefði minni hl. atkvæða, var það, sem tafði störf nefndarinnar. Þetta var biðtími, meðan var verið að prófa það, hvort núverandi kjördæmaskipun dygði til þess að ná meiri hluta.

Það er enn fremur séð út frá þessu skiljanlegra, hvers vegna auðveldara var að fá Sjálfstfl. inn á tiltölulega réttlátari framfarapólitík úti um landið, meðan hann var að gera þessar tilraunir. En eftir að Sjálfstfl. mistókst að fá þessi atkvæði, sem hann vantaði, þá fyrst fékk hann áhuga fyrir gerbreyttri kjördæmaskipun. Og þá var starf nefndarinnar búið að liggja í dái eða salti um mörg ár. Nú berst Sjálfstfl. fyrir þessu máli í nafni réttlætis. En ef Sjálfstfl. hefði, eins og hann ásetti sér og vonaði við hverjar kosningar, unnið þau atkv., sem hann vantaði, þá megið þið vera viss um, að kjördæmaskipunin hefði verið réttlát eins og hún var og Sjálfstfl. hefði ekki verið viðmælandi um neinar breytingar. Aðgerðarleysið í stjórnarskrárnefndinni var því að yfirlögðu ráði, meðan núverandi kjördæmaskipun var prófuð. En eins og ég sagði áðan, Sjálfstfl. vann ekki þessi atkv., þess vegna varð kjördæmaskipunin, sem áður var réttlát, skyndilega ranglát. Þetta dæmi sýnir viðhorf Sjálfstfl. til mála, að það er ranglátt, sem kemur honum illa, réttlátt, sem kemur honum vel, alveg án tillits til málsins sjálfs.

Hitt hefur alltaf verið augljóst, að Alþfl. og Sósfl. gátu ekki með núverandi kjördæmaskipun fengið eðlilega tölu þingmanna, eftir að fólksflutningar urðu miklir til suðvesturhluta landsins. Þetta gerði Framsfl. sér ljóst, og þess vegna samdi hann við þessa tvo flokka við stjórnarmyndunina 1956 um að leysa stjórnarskrármálið á kjörtímabilinu, þ. e. a. s. fyrir 1960, fyrir kosningarnar 1960. Flokkarnir skipuðu nefnd, 6 manna, í málið, en hún tók ekki til starfa, án þess að Framsfl. ætti sök á því, fyrr en s. l. haust, enda þá um tvö ár til kosninga. Var þá skipuð undirnefnd til þess að ræða málið, og lýstu framsóknarmenn því yfir, að þeir væru reiðubúnir til þess að fallast á þær breytingar á kjördæmaskipuninni til samkomulags að fjölga þingmönnum í þéttbýli líkt því, sem við höfum gert að miðlunar- og sáttatillögu okkar í málinu hér á Alþingi. Það stóð því ekki á því, að Alþfl. og Alþb. fengju að vita, að þessir tveir flokkar gætu fengið leiðréttingu sinna mála þannig, að þeir væru raunar ekki verr settir en með þeirri kjördæmabreytingu, er þríflokkarnir nú ætla að knýja fram, vel að merkja ef þeir væru færir um að koma að þingmanni í kjördæmi.

En nú gerist tvennt í senn. Losna tók um stjórnarsamstarfið og Jón P. Emils lögfræðingur tók algerlega forustuna í Alþfl. í kjördæmamálinu. Undir forustu hans samþykkti flokksþing Alþfl. að beita sér fyrir þeirri breytingu á kjördæmaskipuninni að taka upp hlutfallskosningar í stórum kjördæmum, og kem ég síðar að því, hvers vegna sú leið var ófrávíkjanleg af hálfu Alþfl. Þeir forustumenn Alþfl., sem setið höfðu og sátu þá enn í n., er fyrrverandi ríkisstj. hafði skipað til þess að reyna að finna lausn á kjördæmamálinu, ræddu ekki við framsóknarmennina, áður en þessar samþykktir landsfundarins voru gerðar. Og á eftir hófu þeir samninga við Sjálfstfl. um lausn málsins. Þeir Alþfl.-mennirnir hafa ekki látið svo lítið enn að skýra okkur frá því, hvað valdið hafi þessum skyndilegu breytingum á vinnubrögðum þeirra. Og nú höfum við framsóknarmenn, eftir að felld var till. okkar um sérstakt stjórnlagaþing, borið fram brtt. til samkomulags í málinu, þrátt fyrir það þótt við kysum helzt einmenningskjördæmi. Þessar samkomulagstillögur eru við það miðaðar að rétta hlut þéttbýlisins án þess að leggja niður gömlu kjördæmin, og hlutur flokkanna, sem nú telja sig afskipta, mundi að öllum líkindum verða svipaður því, sem hann verður samkvæmt þeirri breytingu, er þríflokkarnir fyrirhuga.

Sú spurning er ásækin við marga, bæði hér og ekki síður úti um landsbyggðina, hvers vegna þríflokkarnir vilja ekki sættast á þessar miðlunartillögur. Hvað veldur því, að þeir allir sem einn hafna þessu eins og af einhverjum dularfullum ástæðum, sem ekki má nefna? Ekki geta það verið sérstakir kostir hlutfallskosninga, sem menn hafa þó haft minna og minna álit á sem lausn í þessum málum alls staðar annars staðar en a. m. k. á Íslandi? En hver hugsandi maður sér ástæðuna. Hún er sú fyrst og fremst, að það kostar of miklar framfarir úti um landið, úti í kjördæmunum, ef þau fá að haldast. Það er of mikið kapphlaup um þessi litlu kjördæmi, segja þríflokkarnir

hvað eftir annað. Litlu kjördæmin valda pólitiskri fjárfestingu, sagði einn af spekingum Sjálfstfl. Fjárfestingarstefnan lagast, þegar búið er að leggja niður kjördæmin, sagði Einar Olgeirsson. Þannig gloprast setning eftir setningu út úr þingmönnum þriflokkanna, sem sýnir, hvert er verið að fara. Niðurskurðurinn á raforkuframkvæmdunum og verklegu framkvæmdunum úti á landi er aðeins smásýnishorn, aðeins dropi úr þeim beiska bikar, sem borinn verður að vörum fólksins úti um landið og það látið tæma í botn, ef það hefur ekki manndóm til þess að hrinda af sér tilræðinu með kosningunum í vor.

Það eru borin fram alls konar falsrök fyrir þessum breytingum, falsrök fyrir því, að þessi breyting ein sé nauðsynleg. Kaupstaðamenn fræða landsbyggðina á því, að nú sé með sameiningu hinna smáu kjördæma verið að búa til sterkari heildir, sem í væru fimm þm., í stað þess að smáu kjördæmin höfðu aðeins einn. Auðveldara verði því fyrir þessar heildir að sækja rétt sinn en áður. Rökrétt afleiðing væri auðvitað að leggja niður hreppana í hverri sýslu og kjósa sýslunefndarmennina með hlutfallskosningum. Haldið þið ekki, að það væri munur fyrir hvern hrepp að eiga hlutdeild í 10—20 fulltrúum í sýslunefnd heldur en að eiga einn? En litlu hrepparnir þykjast sjá annað í þessu máli. Þeir þykjast vera vissir um það, að þeir mundu eftir stuttan tíma ekki fá neinn fulltrúa í sýslunefnd.

En ef þessi rök eru rétt, sem borin eru fram fyrir því, að þarna myndist sterkar heildir, þá eru það blátt áfram furðuleg vinnubrögð að gera ekki landið að einu kjördæmi. Fyrst það er aukinn styrkur að láta leggja niður kjördæmið sitt og sameina það í 5 manna kjördæmi og þannig eiga hlutdeild í 5 þingmönnum, er það samkvæmt þessum hugsunarhætti sannarlega meiri styrkur að vera meðlimur í enn stærri heild og eiga hlutdeild í 60 þingmönnum. Samkvæmt rökum þessara spekinga hefur ekki verið lítill búhnykkur og þjóðargæfa fyrir Eystrasaltslöndin að verða innlimuð í hið sterka Rússland og mynda þannig sterka heild. Og það væri samkvæmt rökvísi þessara manna takandi til athugunar, þar sem við erum að fólksfjölda eins og lítið kjördæmi í tiltölulega fámennu landi, hvort við Íslendingar eigum frekar en gömlu kjördæmin að basla við þetta sjálfstæðishokur. Við erum tiltölulega lítið stærri á alheimsmælikvarða, landið allt, heldur en kjördæmin, sem verið er að leggja niður. Væri okkur ekki nær að styrkja okkur og gera okkur voldugri með að sameina okkur stærri þjóðum? Þetta er einmitt það, sem Knud Berlin og aðrir Danir voru að kenna okkur um nokkrar aldir, en við vorum svo fávísir að vilja ekki trúa þessu.

En án þess að fara nánar út í rökræður um þetta, þá er bezt að láta þá, sem töluðu fyrir kjördæmabreytingunni hér áður, tala einnig í þessu máli. Þegar kjördæmaskipuninni var breytt 1942, brá svo undarlega við, borið saman við þessi rök, að þm. kepptust um það, bæði á þingi og utan þings, og væri sennilega hægt að finna nokkra tugi af ummælum í þá átt, — hver þm. kepptist við annan að sverja af sér, utan þings og innan, að flokkur hans mundi nokkurn tíma taka upp stór kjördæmi og leggja niður litlu kjördæmin. Þetta var af öllum talið svo fráleitt og svo gagnstætt hagsmunum þjóðarinnar og sérstaklega hagsmunum kjördæmanna, að slíkt gæti aldrei komið til mála. Það er bezt að lofa þessum mönnum að tala, með leyfi hæstv. forseta. Við skulum fyrst taka formann Sjálfstfl., það hafa áður verið lesin ummæli hans, en góð vísa er aldrei of oft kveðin:

„Vill Framsfl. aðhyllast fyrri till. Alþfl., að landið sé allt eitt kjördæmi? Sjálfstfl. gengur aldrei að þeirri lausn. Eða vill Framsfl., að kjördæmin séu fá og stór? Ég veit ekki um einn einasta þm. Sjálfstfl. að undanskildum hv. 4. þm. Reykv., Sigurði Kristjánssyni, sem það vill. Og Sjálfstfl. gengur aldrei að þeirri skipan.“

Það mátti ekki minna vera. Nú geta menn sagt náttúrlega: Það hefur ýmislegt breytzt síðan, fólksflutningar og þess háttar. En það má alveg ná því með því að láta þéttbýlið hafa fleiri þingmenn og standa við yfirlýsinguna. Og það er eitt, sem menn skulu taka til athugunar í sambandi við öll þessi ummæli. Það var þá ekki jafnmikið óálit á hlutfallskosningum eins og er núna í heiminum, eftir að þær voru búnar að kollvarpa tveimur lýðveldum að margra áliti. Þess vegna hefur þróunin öll breytzt á móti þeim.

Ummæli Péturs Ottesens: „Að breyta landinu í eitt eða örfá kjördæmi með hlutfallskosningum tel ég ófært hér og andstætt þeim skilyrðum, sem við eigum við að búa.“ Nú á þetta að vera blessun, sem áður var hin mesta bölvun.

Ummæli Ásgeirs Ásgeirssonar, núverandi forseta: „Önnur aðferðin, sem haldið hefur verið fram, að hafa fá kjördæmi og stór með hlutfallskosningum, hefur marga hina sömu ókosti og það, að landið sé allt eitt kjördæmi.“ Og enn fremur: „Þau (þ. e. einmenningskjördæmin) hafa sögulegan og náttúrlegan rétt á sér, og þau eru viss hemill á flokkabaráttu og allar öfgar.“ Það er orðið alveg öfugt í röksemdafærslunum. „Með þeim hætti er héruðunum tryggt að eiga vísa málflutningsmenn, sem hafa þekkingu á högum héraðanna og sérstakar skyldur fremur en landskjörnir eða stórkjördæmakosnir þingmenn mundu hafa. Þessum kostum má ekki kasta fyrir borð. Það verður að jafna til með einhverjum öðrum hætti.“ Og það er auðvelt nú.

Enn fremur ummæli Bjarna Benediktssonar: „Þvert á móti mundi skipting Reykjavíkur í t. d. 16 eða 17 kjördæmi hafa í för með sér miklu nánara samband þingmanns og kjósanda en verið hefur. Þingmaður mundi miklu betur en nú vita, hvað kjósendum hans liði, og eiga þess kost að greiða fyrir mörgum áhugamálum þeirra og veita einstaklingum sams konar fyrirgreiðslu og þingmenn utan af landi verða að veita sínum kjósendum. Þetta yrði aukin vinna og umstang fyrir þingmennina, en ég

þori að fullyrða, að að því yrði mikill vinningur fyrir kjósendur.“

Hvað halda menn nú um það, ef þessi rök eru rétt, að það sé vinningur að skipta Reykjavík niður í 16 eða 17 kjördæmi, þingmann fyrir Austurstræti og Vesturgötu o. s. frv., til þess að mynda nánari kynni milli þingmanns og kjósanda, — hvað haldið þið að gildi þá um sýslur, sem eru nú þegar, áður en kjördæmin eru sameinuð, það stórar, að ferð eftir þeim endilöngum er nokkuð miklu lengri en að fara héðan og norður í Húnavatnssýslu? Rök, sem margsinnis hafa verið færð fram fyrir því, að þessum sýslum sé nauðsynlegt að hafa sérstaka fulltrúa, eru augljós, og þau eru margföld samanborið við nauðsyn þess að skipta Reykjavík. Nú á það að vera allt í einu sú mesta blessun fyrir þessi kjördæmi að láta slengja sér saman við önnur kjördæmi og styrkleiki, það sem er sagt að fyrir Reykjavík sé veikleiki, sjálfa Reykjavík, sem er svona þéttbýl. Þið sjáið, hve ofboðslega mótsögn og ofboðslega röksemdaflækju þessir menn eru komnir út í hver gegn öðrum.

Og að síðustu ummæli Jóns heitins Þorlákssonar: „Í ummælum hv. flm. (þ. e. Héðins Valdimarssonar) fólst, að honum finnst líka þurfa sérstaklega að bæta úr því, að einhver viðáttumikil kjördæmi eru svo fámenn, að kjósendatala þar verði langt fyrir neðan meðaltal þeirrar kjósendatölu, er kemur á hvern þingmann. En ég get ekki fylgt honum í því.“ Það eru borin fram sem aðalrökin, hvað sé fámennt í þessum stóru og strjálbýlu kjördæmum. „Landshagir eru svo víða hér á landi, að sum kjördæmi hljóta að verða miklu fjölmennari en önnur, og mér finnst mannfleiri kjördæmin ekki hafa yfir neinu að kvarta. Það er sanngjarnt, að hver staður líti til þess, að hans hagur sé ekki stórlega fyrir borð borinn.“ Þetta er eins og annað úr þingtíðindum. Og enn fremur segir svo 1931: „Ég álít rétt að tryggja það, að fámennari, fjarlægari og afskekktari landshlutar séu ekki sviptir réttinum til að senda sína sérstöku fulltrúa á Alþingi, því að þeir þurfa að eiga þar hver sinn fulltrúa til að tala máli sínu á þingi sérstaklega.“

Hvort halda menn nú, flm. þessa máls, sem eru nú með alls konar rök, sem ég hef verið að sýna fram á hvað eru fánýt, — hvort halda menn nú, að rök þeirra séu þyngri á metunum en rök þessara manna? Sannleikurinn er sá, að þau rök, sem eru færð fram fyrir málinu, eru bara rök Sófista. Þau eru bara rök, sem eru búin til. En þetta eru rök, sem virðast vera borin fram af því, að þeir telja rökin rétt.

Nú skulum við segja: Þessir menn ætluðu sér aldrei að ganga lengra en þetta. Þeir ætluðu sér aldrei að ganga lengra en það að fjölga í þéttbýlinu, en láta kjördæmi úti um land njóta sín. — Þá flytja þeir rökin vegna þess, að þeir meina það, sem þeir eru að segja. En hafi þeir hugsað sér, eins og sumir álíta um suma þeirra, síðar að koma á þeirri kjördæmaskipun, sem nú er, þá eru rökin jafngild fyrir því, því að þeir vissu, hvað fólkinu var hættulegast og skaðlegast og hvað það var hræddast við af öllu, að missa kjördæmin, og þess vegna sögðu þeir fólkinu, ef einhver þeirra hefur meint, að hann ætlaði að koma þessari skipan á, sem núna vofir yfir, — þá sýna rökin, að þessir þm., sem verður ekki borið á brýn að séu ekki hver og einn þeirra mjög hæfur til þess að bera fram sín beztu rök, vissu alveg nákvæmlega, hvað var fólkinu hættulegast að missa, og þeir sögðu: þið skuluð aldrei missa það — og þeir færðu rök fyrir því, hvers vegna þeir skyldu ekki missa það. Þessi ummæli skýra sig sjálf. Þau eru öll miðuð við það, að það sé lífsnauðsyn fyrir landsbyggðina, að kjördæmin haldist, og skal ég ekki fara nánar inn á það.

Nú er komið með þau rök, að þetta sé eiginlega allt gert til þess að gera litlu kjördæmin sterkari og sjálfstæðari. Að þurrka þau út, að leggja þau niður, að láta þau ekki lengur vera til, það er að gera þau sterk. Þetta eru rökin.

Eins og ég sagði hér áðan, má segja, að ýmislegt sé breytt, síðan þessi rök voru borin fram. En það eitt hefur breytzt að gera rök þessara manna, sem borin voru fram 1942, sterkari, ef nokkuð er, heldur en þau voru þá, þegar þau voru borin fram. Það var ekki byrjuð 1942 í þeim mæli aldan gegn hlutfallskosningunum, sem núna er að hefjast í veröldinni. Um tíma voru margir með hlutfallskosningum, sem krossuðu sig síðar út af því, að þeir skyldu nokkurn tíma hafa verið með þeim, og sáu, hvaða óskaplega galla hlutfallskosningarnar hafa í för með sér, og fjöldi manna, sem var með hlutfallskosningum, hefur í ýmsum löndum snúizt algerlega gegn þeim. Ef nokkuð er, þá eru þessi rök, sem borin eru fram 1942 af þeim hv. þm., sem ég las hér ummælin eftir, enn þá sterkari í dag. Grundvöllurinn undir þeim er traustari í dag en hann var, þegar þau voru töluð.

Svo er í ofanálag, sem ég get ekki stillt mig um að minnast á, verið að bæta því við, að það sé nú bezt að fara gætilega með að tala um helgidóm þessara gömlu kjördæma, því að þau séu nefnilega upp fundin af þeim vonda sjálfum næstum því, þau séu upp fundin af Dönum til þess að koma hér á góðri skattheimtu. Og manni fer nú loks að skiljast, hvílíkt hneyksli það hefur verið að fá forseta Íslands bústað að Bessastöðum, þar sem hið alræmdasta, þetta gamla og alræmda vald Dana, var í mestum algleymingi, fyrst héruðin hafa vanhelgazt af því og sýslurnar, að þangað voru settir skattheimtumenn. En það er líklega misminni, að þessi þing, sem síðar voru kölluð sýslur, hafi verið til, áður en Danir komu hér við sögu. Það er eins og mig minni, að Hegranesþing, núverandi Skagafjarðarsýsla, væri til, eins og hún er nú, á tíma Grettis. Mig minnir, að hann kæmi þarna undir brekkurnar á Litlagarði, þar sem þingstaðurinn var, og ef ég man rétt, gerðist sú saga rétt fyrir og eftir árið 1000. Og það er eins og mig minni, að til væri Vaðlaþing og sögur gerðust þar, áður en Danir komu í héruðin. M. a. muna víst margir eftir því, að maður, sem hét Víga-Glúmur, átti erfitt að sækja þar upp brekkuna til þingstaðarins einu sinni, og gerðust sögulegir atburðir

út af. Svona mætti halda áfram nokkuð lengi. Ég býst við, að þeim mönnum, sem bera þetta fram, þyki nú lítið til koma þeirrar þekkingar, sem ég og aðrir höfum á þessum málum eða teljum okkur hafa á þessum málum. En þessi ummæli, svo furðuleg sem þau eru, virðast hafa komið fram áður hér á Alþingi í sambandi við umr. um kjördæmamálið, a. m. k. er það bersýnilegt af ummælum fyrrv. þm. V-Sk., Gísla Sveinssonar, að honum hefur ekki líkað þessi speki. Hún hefur verið borin fram þá líka. Það sést af ummælunum, að honum hefur ekki líkað þessi speki, að Danir hafi búið hér til sýslurnar, þó að þeir hafi sett yfirvöld í gömlu þingin. Og hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Kjördæmin íslenzku eru ekki til orðin af neinni tilviljun, og er misskilningur að ætla, að þeim hafi verið kúgað upp á Íslendinga af erlendu valdi.“ Hér er hann að svara einhverjum spekingnum. „Þetta fyrirkomulag er rótfast frá byrjun stjórnarskipunar þessa lands og hefur haldizt ótrúlega vel. Það sýnir, að það hæfir oss bezt.“

Ég held það sé bezt, að þeir spekingar, sem halda þessu fram, fari til Gísla Sveinssonar og ræði málið við hann.

Og þá eru hér ummæli jafnframt eftir Ásgeiri Ásgeirssyni forseta:

„Sýsluskiptingin hefur þróazt um þúsund ár, og það skal sterk rök til að raska þeim grundvelli, ef hægt er að finna aðra leið til jöfnunar á kosningarrétti manna en að raska svo fornum grundvelli. Þessi héruð, sýslufélögin og bæjarfélögin, eru sjálfstæðar fjárhagseiningar, sem orðnar eru samvanar til starfa, og það verða ekki búin til með lögum önnur héruð, sem betur séu til þess fallin að vera kjördæmi.“

Ég býst við, að það sé erfitt satt að segja með sum héruðin, án þess að telja upp nokkuð sérstakt, að finna betri skiptingu en okkar forfeður hafa fundið. Flestir vita hið sanna í þessu máli, og þetta er í sjálfu sér ekkert stóratriði. En ég hef talið rétt að minnast á það, vegna þess að það sýnir, hverrar tegundar málfærslan er í þessu máli, þegar gripið er til slíks sem þessa, að Danir hafi fundið upp sýsluskiptingu á Íslandi.

Það er þess vegna allt, sem mælir með því, að farin verði sú leið, sem við höfum stungið upp á, fyrst ekki fékkst að afgreiða málið á sérstöku stjórnlagaþingi, — að afgreiða málið þannig að fjölga á þeim stöðum, þar sem fjölmennið hefur aukizt, skapa þannig samræmi og réttlæti, en raska ekki hinni gömlu skipan. Fyrir því liggja sterk rök margra manna, og ég sé ekki, að þessi rök hafi verið hrakin.

Það er margt, sem komið hefur fram í þessu máli, sem ástæða er til að minnast á, en ég get þó ekki stillt mig um að minnast hér sérstaklega á eitt. Því er mjög haldið að bændum af sumum þessum alvitru embættismönnum, sem við eigum talsvert af í þessu landi, að vísu ekki mjög marga, að bændur skuli vara sig, bændum fari fækkandi ár frá ári og verði áhrifaminni með hverju ári og það sé um að gera að eiga umboðsmenn, vini og talsmenn í hópi hinna stóru flokka, — flokks, sem aðallega er flokkur kaupmangara, og hingað til hafa þeir ekki verið taldir fjölmenn stétt í landinu, svo að eitthvað hafa þeir annað sér til stuðnings en fjölmenni. Á þennan hátt fái bændur margan molann og þannig vegni þeim bezt. Þetta er innihald boðskaparins. Hér er ívafið hótun til bænda, en uppistaðan er þrælslundin. Ég verð að játa, að lágkúrulegri hugsunarhátt og túlkun á því, hvernig bændur eigi að hugsa, hef ég ekki heyrt í langan tíma. Bugtaðu og fruktaðu fyrir höfðingjanum, sonur minn, sagði bóndanefnan við son sinn, þegar hann kom í kaupstaðinn forðum. Ég hélt, að þessi þrælslund væri ekki lengur til og menn væru a. m. k. hættir að halda fram í málfærslu, að hún sé heppilegasta leiðin fyrir bændur. Vist nokkurra bænda í Sjálfstfl. ætti að vera búin að kenna bændastéttinni nóg. Þessir bændur koma þar engu fram og eru hunzaðir í hverju máli. Sjáið, hvernig þeir voru notaðir til að takmarka lánsfé í ræktunarsjóð fyrr og síðar. Sjáið, hvernig þeir voru notaðir til þess að skera niður raforkuframkvæmdir. Hvar mundi þessi upptalning enda, ef ætti að halda henni áfram?

Þegar þessir menn hætta sem vistmenn hjá Sjálfstfl., held ég, að þeim væri sæmst að vera ekki að gera tilraun til þess að ginna aðra í bæli sitt.

Hið eina sanna er það, að vinnustéttirnar og ekki sízt bændur eiga þann mátt og þá aðstöðu, hvenær sem þeir vilja henni beita, að þeir þurfa ekki að skríða að markinu eða biðja um aðstoð frá kaupmangaraflokki í neinu máli. Vinnustéttirnar eru ekki til fyrir náð kaupmangara, en kaupmangarar eru til fyrir náð vinnustéttanna. Það er furðulegt, að enn skuli vera til bóndi, sem hefur tekið þátt í félagsmálum, en skilur þetta ekki.

Það getur vel verið, að það sé rétt, sem kemur fram í þessum ummælum, að reynt verði að níðast á bændum. En það er engin hætta á ferð til lengdar. Það skortir nefnilega getu til þess að níðast lengur á bændum eða öðrum vinnustéttum. Og þótt vinnustéttirnar séu sundraðar núna, getur það aldrei orðið til lengdar.

Það er alveg þýðingarlaust að vera að hóta bændum. Hótunin er máttvana. Hún sýnir viljann. Hún er minnkun fyrir þá, sem bera fram þessi rök, sem bera fram hótunina. Það er enginn efi á því, að bændur með samtakamætti sínum eiga nægan þrótt til þess að koma fram réttlátum málum, og fyrir þeim hafa þeir einatt barizt af sanngirni og réttsýni.

Allar líkur benda nú til þess, að frv. þríflokkanna verði samþ. Ég hef áður sýnt fram á, hver er meginorsök þess, að þessir þrír flokkar mega ekki heyra annað nefnt en þessa lausn. Ekki er ég í neinum vafa um, að þetta er mikið óheillaspor fyrir þjóðina. Frv., ef að l. verður, er hliðstæð aðgerð fyrir sveitirnar og kauptúnin úti um land, fyrir kjördæmi, sem verið er að leggja niður, eins og þegar Danir tóku sig til og smöluðu saman hér öllum vopnum til þess að eiga á eftir alls kostar við landsmenn. Vopn kjördæmanna úti um landið eru kjör-

dæmin sjálf, sem nú á að afnema. Þau hafa verið vopn fólksins úti um landið. Allt er þetta gert af furðulegri skammsýni, því að þegar stöðvun framfara og velmegunar er hafin úti um landið, eins og stefnt er að nú þegar og enn fremur í þessu máli, þá mun það á sannast, að höfuðstaðnum Reykjavík vegnar verst. Velmegun Reykjavíkur síðustu árin og hin stöðuga atvinna stafar af því, að fólk hefur ekki flutzt að til að keppa um atvinnuna hér í Reykjavík. Og velmegunin úti um landið veldur því, að blómlegur iðnaður þrífst í Reykjavík og stærri bæjum. Sölumöguleikar eru stöðugir vegna kaupgetu og velmegunar alls landsfólksins. Ef þessi þróun er stöðvuð, kemur það hart niður á öllu landinu og einnig og ekki sízt á Reykjavík.

En skammsýnin hefur nú setzt í hásætið og virðist stýra í þessu máli. Það var fyrir þó allmörgum árum, að ýmsar þjóðir töldu hlutfallskosningar eðlilegar, þegar kosið væri til þings. Minni hlutans rödd yrði þá oftar heyrð. En ég held mér sé óhætt að fullyrða, að engin þjóð lætur sér nú til hugar koma að lögleiða hjá sér hlutfallskosningar, ef hún slapp við þær, þegar aldan með hlutfallskosningar gekk yfir. Þær sýndu sig fljótlega svo meingallaðar, að flestir telja þær eiga mestan þátt í að kollvarpa tveimur lýðveldum, Þýzkalandi og Frakklandi. Þar olli hlutfallskosningin svo mikilli flokkafjölgun, að mörgum tugum skipti á þingum beggja þessara landa og hvað eftir annað næstum ómögulegt og síðast ómögulegt að mynda stjórn. Loks skapaðist slíkur glundroði, að leiddi til algers og hálfgerðs einræðis. Og svo mikið er víst, að bæði ríkin hafa nú eftir endurreisnina látið það verða eitt sitt fyrsta verk að losa sig við hlutfallskosningarnar, Þýzkaland hefur blandað kerfi, en Frakkland hefur, eftir því sem ég bezt veit, þurrkað hlutfallskosningarnar út með öllu. Barátta hefur verið tekin upp fyrir einmenningskjördæmum í Írlandi, og eftir því sem maður sá í fréttum, vantaði eitt atkv. til þess, að þær væru nú þegar lögleiddar. Alls staðar virðist þróunin frá hlutfallskosningum, því að viðurkennt er, að lýðræði og þingræði standi traustustum fótum á þeim þjóðþingum, þar sem eru meirihlutakosningar, t. d. í Írlandi og Bretlandi. En hér gerir Jón P. Emils sér það til dundurs í hjáverkum að snúa heimsþróuninni við og fá fyrst sinn eigin flokk og síðan tvo flokka með honum til þess að berjast sameiginlega fyrir því að koma hér á þeirri skipan, sem menn hafa slæma reynslu af annars staðar og virðast vera að hverfa frá. Það er margt skrýtið á Íslandi.

Það er rétt að minnast á það hér, þó að það sé smávægilegt í sambandi við þetta mál, að ég var á ferðalagi fyrir á öðru ári og ók hér um stórbæ í nágrenninu. Það var þá verið að rífa upp götur, og ég spurði, hvað væri eiginlega um að vera í þessari gatnagerð, og tveir menn, sem voru með í bílnum og gagnkunnugir í borginni, sögðu mér, að það væri þessi hringakstur, — sbr. Miklatorg hér og fleiri torg, sem hafa verið byggð hér með hringakstri, — því að það sýndi sig, að þessi hringaksturstorg byggju til slíka óleysandi hnúta alls staðar í umferðinni, að það væri verið að rífa þau öll upp og koma á annarri skipan. Þegar ég kom heim, var verið að byggja í mesta móð þessi hringaksturstorg hér. — Það er, eins og ég sagði, ósambærilegt við þetta stóra mál, en það er sambærilegt að því leyti, að það er farið álíka öfugt að. Og það er nú hætt við því, satt að segja, og þó að ég sé ekki spámaður, þá held ég, að mér sé óhætt að setja fram þann spádóm, að þessi lög, þessi kjördæmaskipun á áreiðanlega eftir að búa til umferðarhnúta hér í íslenzkri pólitík, sem verða enn þá alvarlegri en umferðarhnútarnir í götuumferðinni, þótt þeir geti verið hvimleiðir að sínu leyti.

Þetta mál mun reynast þjóðinni í samræmi við það, hvernig til þess er stofnað. Það er illa til málsins stofnað. Það á ekki að ráða stjórnarskipun einnar þjóðar, að flokkur er að deyja. Ég veit, að það er rétt, sem sagt er, að Jón P. Emils hafi sýnt Alþýðuflokksforustunni fram á, að ekkert kosningafyrirkomulag í heiminum nema hlutfallskosningar í stórum kjördæmum getur bjargað lífi flokksins, samningar um annað fyrirkomulag á kosningum væri að fremja flokkslegt sjálfsmorð. Ég veit, að það er hægt, ef þeir vilja það, að færa fram tölulega mjög sterk rök fyrir þessu.

Allir vita náttúrlega, að kommúnistar, sem þvinguðu það fram í Alþb. að ganga inn á þessa línu, gera þetta af einskærum áhuga fyrir lýðræðinu í landinu, það efast enginn um, að þeir mundu kjósa það helzt, sem er því mest til blessunar.

En Sjálfstfl. spilar þetta spil eins og kaupháekkunarspilið, verkfallsmálið, landhelgismálið, róginn út af erlendum lánum, hann spilar glæfraspil nú með stjórnskipun landsins.

Þannig standa hinir 3 flokkar að málinu. Þeir eiga ekki sameiginlegt að vilja lögleiða sem heilbrigðasta stjórnarskrá. Hver flokkur gengur að þessu verki út frá þröngu flokkshagsmunalegu sjónarmiði án tillits til þjóðarheildar: Alþfl. til þess að geta lifað, kommúnistaflokkurinn í sannleika sagt til að fá kjördæmaskipun, sem er eitruðust fyrir lýðræðið, og Sjálfstfl. í von um að geta náð meiri hl. með einhverju flokksbroti frá öðrum, og sjá víst flestir, hvaða flokksbrot það er. Þetta er spekúlasjónin, sem er í sambandi við þessa breytingu, og það eru ekki skemmtileg öfl, sem standa að þessu máli.

Ég held mér sé óhætt að segja, að það hefði verið ólíkt, ef það hefðu verið kosnir einhverjir menn, eins og við stungum upp á framsóknarmenn, sem lausastir eru við öll flokkssjónarmið, til þess að setjast á rökstóla og án tillits til flokka og til allra annarra mála leysa þetta mál, eins og þeir álitu réttast að áliti vitrustu og beztu manna. Það hefði verið ólíkur grundvöllur undir stjórnskipunarlög þessarar þjóðar.

Ég held, að fátt gott muni upp af þessu vaxa. Eins og ég sagði áðan, ég er enginn spámaður, eins og mér sjálfum er ljóst og allir aðrir vita, en ég ætla að leyfa mér að halda því fram,

— það sést þá seinna, hvað ég hef verið fávís í þessu máli, — að þeir, sem berjast fyrir þessu máli nú, munu sumir verða óðfúsastir að afnema það og koma á annarri skipan.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Kjördæmabreyting sú, sem andstöðuflokkar Framsfl. hafa nú stofnað til, hefur vakið meiri ólgu í landinu en átt hefur sér stað um nokkurt annað mál í langa tíð. Mótmæli gegn þessu tilræði við rétt héraðanna hafa borizt hvaðanæva af landinu, eins og mönnum er kunnugt. En á vörum flutningsmanna þessa máls heitir þessi kjördæmabylting samt réttlætismál, og einn flokkur, Sjálfstfl., hefur mikla tilburði í frammi til þess að eigna sér sérstaklega réttlætið í málinu. Það er í þriðja sinn á 26 árum, sem Sjálfstfl. tekur sér fyrir hendur með aðstoð annarra flokka að koma fram réttlætismáli í kjördæmaskipun landsins. Og í öll skiptin hefur hann andstæðinga Framsfl. með sér til að móta og framkvæma réttlætið. 1933 er Alþfl. með Sjálfstfl. í þessu fyrirtæki, 1942 eru bæði Alþfl. og kommúnistar með honum og að þessu sinni Alþfl. og Alþb. Þetta er orðið nokkurs konar hlutafélag á Alþingi, ef um kjördæmabreytingu á að ræða, og þar hefur forustuna og ræður mestu stærsti hluthafinn, Sjálfstfl.

En hvernig stendur á því, að fyrst þessir flokkar komu fram réttlætismáli sínu 1942, þá þurfi þeir að gerbreyta öllu því réttlæti með nýju réttlætismáli nú? Var réttlætismálið 1942 ekkert nema blekking? Eða er réttlætið í kjördæmabyltingunni núna blekking? Það er ekki hægt að flytja tvö réttlætismál um sama efni, sem hvort stríðir gegn öðru, nema annaðhvort þeirra sé blekking, ef þau eru það þá ekki bæði.

Þeir kunna að segja það, forsvarsmenn þessa máls, að vegna fólksflutninga í landinu síðan 1942 sé þessi kjördæmabylting réttlætismál nú. Þeim verður þó ekkert hald í þessari röksemdafærslu, því að hér á hæstv. Alþ. er enginn ágreiningur um fjölgun þingmanna í þéttbýli. Flutningsmenn þessa frv. gera ekki till. um fleiri þm. í þéttbýli en framsóknarmenn gera í sínum till. Ef þeir ætla að sýna fram á réttlætið í till. sínum vegna fólksflutninganna, þá verða þeir að leita einhverra annarra ráða. Þegar menn berjast fyrir réttlæti, þá hljóta þeir um leið að vera að útrýma einhverju ranglæti. Hvaða ranglæti sögðust sjálfstæðismenn vera að útrýma 1942? Þeir sögðu, að Framsfl. hefði of marga þm., en Sjálfstfl. of fáa, og því væri réttlætismál að taka upp hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmum, fjölga um tvo þm. í Reykjavík og gera Siglufjörð að sérstöku kjördæmi. Þarna ætlaði Sjálfstfl. að vinna sex þingsæti af Framsfl. í tvímenningskjördæmunum. Það voru steiktu gæsirnar, sem þeir töluðu um. Og þeir ætluðu sér að vinna tvö þingsætin af þeim þremur, sem bætt var við með þessari stjórnarskrárbreytingu. Hver varð svo árangurinn? Fjölgaði þm. Sjálfstfl. um þessa 8 þá? Nei, það varð ekki. Þeim fjölgaði aðeins um 3, en þm. kommúnista fjölgaði um 67%. Þannig fór um réttlætismálið að því sinni.

Hvernig má það vera, að þannig skuli takast til fyrir flokki, er flytur réttlætismál, mótar það frá byrjun og kemur því heilu í höfn að eigin ósk? Getur það viljað til í annað sinn, að réttlætismál sjálfstæðismanna leiði til andstæðrar niðurstöðu við það, sem þeir segja sjálfir, að það eigi að gera? Getur svo farið, að kjördæmabylting þeirra nú reynist jafnmikil blekking og hún var 1942? Fer ekki að verða full þörf á því fyrir þjóðina að vara sig á réttlætismálum þeirra sjálfstæðismanna af þessu tagi?

Það var einu sinni maður vestur á fjörðum, sem hafði jafnan frá mörgu að segja, en þótti ekki sem áreiðanlegust heimild. Hann varð þess var, að menn treystu ekki sögusögnum hans, svo að hann tók upp þann hátt að enda allar sögur sínar á þessum orðum: „Þetta er sannleikur.“ Eftir það vöruðu sig allir á honum. Þegar sjálfstæðismenn urðu þess varir 1942, að þjóðin tortryggði röksemdir þeirra í kjördæmamálinu, tóku þeir upp sama hátt og maðurinn fyrir vestan. Þeir hömruðu á slagorðinu „réttlætismál“. Í þessu máli veltur mest á því fyrir þjóðina, að hún geri sér grein fyrir því, svo sem kostur er, hvort hér er réttlætismál á ferðinni eða hvort hér eru hliðstæðar blekkingar viðhafðar og 1942. Til þess verður þjóðin að gera sér ljóst: Í fyrsta lagi, í hverju ágreiningurinn liggur milli flutningsmanna þessa máls annars vegar og framsóknarmanna hins vegar. Í öðru lagi, með hvaða hætti þeir flokkar, sem þetta mál hafa nú tekið upp, hafa fylgt réttlæti og lýðræði hingað til í þessu máli. Í þriðja lagi, hvort þessir sömu flokkar vilja virða meir sjálfsákvörðunarrétt fólksins í kjördæmunum eða flokksræði þeirra sjálfra. Og í fjórða lagi, hvort núverandi kjördæmi og einstakir kjósendur þeirra hafa betri eða verri aðstöðu um gang mála á Alþingi, eftir að búið er að leggja niður núverandi kjördæmi.

Það er ekki neinum vanda bundið fyrir hvern sem er að gera sér grein fyrir, hvað á milli ber í till. þríflokkanna og till. framsóknarmanna í þessu máli. Ég nefni þá fyrst Reykjavík. Þríflokkarnir ætlast til, að þar verði 12 þm. Framsóknarmenn leggja líka til, að Reykjavík hafi 12 þm. Ekki er ágreiningur þarna um tölu þingmanna. Í hinu fyrirhugaða Vesturlandskjördæmi: Borgarfjarðarsýslu, Akranesi, Mýrasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu — ætlast flm. þessa máls til að verði 5 þm. Framsóknarmenn leggja líka til, að 5 þm. verði á þessu landssvæði. Ekki er heldur ágreiningur þarna um tölu þingmanna. Alveg eins er þessu háttað í fyrirhuguðu kjördæmunum, Vestfjarðakjördæmi, Norðurlandskjördæmi vestra, Norðurlandskjördæmi eystra og Suðurlandskjördæmi, að á hverju þessu landssvæði fyrir sig er sami fjöldi þm. fyrirhugaður í tillögum þríflokkanna og tillögum framsóknarmanna. Það er hið fyrirhugaða Austurlandskjördæmi eitt, sem á að hafa færri þm. en framsóknarmenn leggja til að verði á því landssvæði. Þar eru þríflokkarnir með 5 þm., en framsóknarmenn með 6 í till. sínum. Samkv. þessu vilja flutningsmenn þessa frv., að kjördæmakosnir þingmenn í landinu öllu verði 49, en Framsfl. leggur til,

að þeir verði 50. Þetta er þá allur munurinn á tillögum þríflokkanna og framsóknarmanna um tölu kjördæmakosinna þingmanna í landinu. Það munar einum manni. Um uppbótarþingmennina er það að segja, að flm. frv. vilja hafa þá 11, hvort sem nokkur þörf er á uppbótarþm. til jöfnunar milli þingflokka eða ekki. En framsóknarmenn leggja til, að þeir skuli vera allt að 10, og fer þá tala þeirra eftir því, hvort þörf er á þeim til jöfnunar, eins og verið hefur. Flutningsmenn kjördæmafrv. nú vilja því, að 60 þm. verði fyrir landið allt, framsóknarmenn hafa lagt til, að þeir verði allt að 60. Fyrst nokkur munur var á annað borð á þessum tvenns konar till. um þingmannafjölda, gat hann varla verið minni en þetta, enda er það ekki þessi munur, sem veldur þeim átökum, sem nú eru um þetta mál.

En hvað er það þá, sem veldur átökunum? Það er sjálf byltingin í till. þríflokkanna. Það er réttindasviptingin, sem framkvæmd er með því að leggja niður öll hin fornu kjördæmi utan Reykjavíkur. Það er þetta, sem Sjálfstfl. og hjálparflokkum hans er svo mikið hjartans mál, að þeir virða ekki viðlits samkomulagstillögur framsóknarmanna. Og þegar þeir heyra andmælin utan úr kjördæmunum gegn þessu tilræði, þá hrópa þeir bara hærra: „réttlætismál". Það er eitthvað meira en lítið innifalið í þessu fyrirkomulagi, stóru hlutfallskjördæmunum, sem þríflokkunum geðjast svo vel að, að þeir skuli leggja þetta ofurkapp á að koma því fram. Það er ekki þingmannafjöldinn í landinu. Um hann má heita samkomulag. Það er ekki þingmannafjöldinn í þéttbýlinu. Um hann er fullt samkomulag. Það er ekki þingmannafjöldinn í hverjum landshluta út af fyrir sig. Um hann má heita samkomulag. Það eru ekki uppbótarsætin, þar munar mjög litlu. En það er afnám kjördæmanna. Það er kjarninn. Það er réttlætismálið. Með hverju rökstyðja þríflokkarnir það, að þessa byltingu þurfi að gera? Þeir rökstyðja það ekki allir á sama veg. En þó er það einna helzt, að Framsfl. hafi fengið svo marga þm. kjörna í einmenningskjördæmum, að það sé í ósamræmi við kjörfylgi hans í landinu.

Hvers vegna hefur Framsfl. unnið sigur í einmenningskjördæmum fremur en aðrir flokkar? Hvers vegna hefur t. d. Sjálfstfl. ekki unnið sigur í þessum kjördæmum? Hver hefur bannað honum það? Hefur hann ekki sömu aðstöðu til að afla sér fylgis í þessum kjördæmum eins og hver annar flokkur? Á að svipta einmenningskjördæmin tilverurétti sínum af því, að sum þeirra kusu ekki sjálfstæðismann á þing? Það er til önnur aðferð fyrir Sjálfstfl. til að jafna þetta misrétti, sem hann kallar svo. Það er að vinna af meiri heilindum að hagsmunamálum héraðanna á Alþingi, svo að hann hljóti kjörfylgi í þessum kjördæmum og sigrist þannig á framsóknarmönnum. Nei, þetta telja þeir sig ekki geta. Að eiga að vinna þessum kjördæmum meira gagn á Alþingi en framsóknarmenn gera, það telja þeir sér um megn. Þá velja þeir heldur hina leiðina: að leggja kjördæmin hreinlega niður. Þessi kjördæmabylting er því ótvíræð uppgjöf Sjálfstfl. í því að geta aflað sér viðunandi kjörfylgis í einmenningskjördæmunum á móts við Framsfl.

En er það ekki ósanngirni hjá mér eða öðrum að viðurkenna ekki þetta réttlætismál Sjálfstfl. og hjálparflokka hans? Hefur það nokkurn tíma verið annað en heilög réttlætiskennd hjá Sjálfstfl., að minni hl. kjósenda fái ekki meiri hl. fulltrúa? Hafa þeir sjálfstæðismenn ekki alltaf og alls staðar reynt að fylgja þessari réttlætisreglu? Hafa þeir nokkurn tíma látið afstöðu til flokka ráða gerðum sínum í þessu réttlætismáli?

1937 myndaði Sjálfstfl. hræðslubandalag með Bændaflokknum til þess að ná meiri hluta á Alþingi í kosningunum þá. Engin von var til þess, að þetta bandalag fengi meiri hl. atkv. í landinu. En þeir ætluðu sér samt að reyna að fá meiri hl. þm. á Alþingi. Í bæjarstjórnarkosningum, bæði í Reykjavík og öðrum bæjarfélögum, hefur Sjálfstfl. þráfaldlega fengið meiri hl. bæjarfulltrúa, en verið í minni hl. meðal kjósenda. Ekki hefur þess orðið vart, að flokkurinn hafi kunnað þessu „réttlæti" neitt illa. En gleggsta dæmið um afstöðu Sjálfstfl. til réttlætismálsins er frá alþingiskosningunum 1953. Þá fékk Sjálfstfl. 37% af atkvæðamagninu í landinu, en hann fékk kosinn 21 þingmann eða 42.3% af þingmönnum. Nú hafði flokkurinn lengi haldið því fram í áróðri sínum fyrir breyttri kjördæmaskipun, að flokkum bæri þingmannafjöldi í samræmi við atkvæðamagn þeirra við kosningar. En í kosningunum 1953 gerðist það fyrirbæri, að Sjálfstfl. fékk tveimur þm. fleira en honum hefði borið samkvæmt þessari höfðatölureglu flokksins sjálfs. Ekki kvartaði samt flokkurinn undan því, að hann hefði fengið of marga þm. Hins vegar kvartaði hann undan öðru. Hann kvartaði undan því, að hann skyldi ekki hafa fengið 344 atkvæðum fleira í vissum kjördæmum, því að þá hefði hann fengið meiri hl. á Alþingi. Og þeir töldu, sjálfstæðismenn þá, að þjóðinni hefði varla getað hlotnazt meiri hamingja en ef svo hefði farið. Það var því að dómi sjálfstæðismanna hámark réttlætis í alþingiskosningum, ef þeirra flokkur hefði fengið yfir 50% af þingmönnum út á 37% af atkvæðamagni í landinu.

Þegar þeir sjálfstæðismenn þóttust sjá fram á það 1953, að þeir gætu e.t.v. náð þessari tegund „réttlætis" í kosningum að óbreyttri kjördæmaskipun með örfárra atkv. viðbót í vissum kjördæmum, þá var það, sem formaður stjórnarskrárnefndar, hv. 1. þm. Reykv., Bjarni Benediktsson, var ekki lengi að snúa við blaðinu. Hann lét stjskrn. hætta störfum, en hóf undirbúning að þessu marki. Þar með var fengin skýringin á því, hvers vegna stjskrn. hætti störfum einmitt á árinu 1953.

Enginn íslenzkur stjórnmálaflokkur hefur eins oft talað um lýðræði og Sjálfstfl., enginn flokkur talað eins oft um réttlæti og jafnrétti og hann. En þegar hefur átt að framkvæma þetta lýðræði, þetta réttlæti og jafnrétti, þá

hefur útkoman viljað verða hjá þessum flokki lík því, sem hún varð í málflutningnum eftir kosningarnar 1953.

Þegar þessi flokkur talar um réttlætismál og jafnrétti kjósenda, þá meinar hann 37% réttlætið frá 1953 og bæjarstjórnarjafnréttið, bæði í Reykjavík og annars staðar, sem ríkt hefur stundum áratugum saman, ef það hefur verið honum í hag. Forsvarsmenn þessarar kjördæmabyltingar leggja sig mjög fram um að sýna réttlætið í hlutfallskosningum í stórum kjördæmum. Þeir hafa verið minntir á, að ekki eru hlutfallskosningar í ýmsum almennum félagssamtökum manna, bæði innanlands og utan, ekki í verkalýðsfélögum, ekki í kosningum til sýslunefnda, meira að segja eru ekki hlutfallskosningar til Sameinuðu þjóðanna. Það hefur orðið lítið um svör við þessu, en þó hefur aðalritstjóri Morgunblaðsins, hv. 1. þm. Reykv., reynt að svara þessu um Sameinuðu þjóðirnar í Mbl. 12. apríl. Þar segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Tal um styrkleika Sameinuðu þjóðanna minnir á þessa fjarstæðu um fornhelgi kjördæmanna. Fundir Sameinuðu þjóðanna eru að vísu góðra gjalda verðir, en styrkleikanum hefur þar ekki verið fyrir að fara, sbr. örlög Ungverja og Tíbetbúa nú.“

Á þessu er auðséð, að Sameinuðu þjóðirnar eiga ekki sérstaklega upp á pallborðið hjá þessum hv. þm. Þær hafa ekki einu sinni vit á að koma á hjá sér hlutfallskosningu! Þær hafa ekki enn þá komið auga á réttlætismálið. Hitt er svo annað mál, sem helzt má skilja á þessum orðum hv. þm., að því leyti sem hægt er að skilja þau, hvort hlutfallskosningar á fulltrúum til Sameinuðu þjóðanna hefðu komið í veg fyrir atburðina í Ungverjalandi og Tíbet.

En þessi forustumaður Sjálfstfl. í kjördæmamálinu nú, hv. 1. þm. Reykv., hefur ekki alltaf verið samkvæmur sjálfum sér í rökstuðningi sínum fyrir réttlæti hlutfallskosninga í stórum kjördæmum. Í stjórnarskrárn. lagði hann fram till. um, að landinu skyldi skipt upp í einmenningskjördæmi. Það hefði óneitanlega verið nokkur búhnykkur fyrir Sjálfstfl. að skipta Reykjavík upp í einmenningskjördæmi, t. d. 17, eins og þá var orðað, því að þá hefði þessi flokkur getað fengið alla þm. og það jafnvel, þótt hann hefði verið í minni hl. meðal kjósendanna í bænum. Þetta var stór hugsjón! Þetta var mikið réttlætismál þá! Nú er það hins vegar réttlætismál þessa sama flokks og forustumanna hans að afnema öll einmenningskjördæmi, af því að þau séu svo ranglát.

Hv. 2. þm. Skagf. var einn af ræðumönnum Sjálfstfl. við útvarpsumr. í Nd. um þetta mál. Ræða hans var málefnaleg. Hann var sá eini ræðumanna Sjálfstfl. í útvarpsumr., er leitaðist við að rökstyðja kjördæmamálið. Hann hefur að sjálfsögðu verið til þess kjörinn af flokknum. Málflutningur hans er því málflutningur Sjálfstfl., enda var ræða hans birt í Morgunbl. Það er því skylt að athuga sérstaklega ræðu hv. 2. þm. Skagf., og mun ég drepa á nokkur helztu atriðin, sem mér finnst vera þar athyglisverð.

Hv. 2. þm. Skagf. kvartar mjög undan því, að Framsfl. hafi ekki fyrir löngu gengið til samninga við fulltrúa þéttbýlisins til þess að tryggja rétt sveitanna, meðan þar bjó fleira fólk og samningsaðstaðan var því sterkari. Um þetta sagði þessi hv. þm, orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er engu líkara en að forustumenn Framsfl. hafi stöðugt verið að bíða eftir, að samningsaðstaðan við fulltrúa þéttbýlisins yrði sem allra verst fyrir sveitirnar, og nú vilja þeir bíða enn til 1960 eða hver veit hvað.“

Hverjir voru þessir fulltrúar þéttbýlisins, er þurfti að ná samningum við fyrir sveitirnar? Hverjir eru það, sem nú eru orðnir hálfu verri í samningum við sveitirnar, af því að sveitafólki hefur fækkað? Eru það ekki fyrst og fremst sjálfstæðismenn, flokksfélagar hv. 2. þm. Skagf., og þar á meðal hann sjálfur, þessir fulltrúar þéttbýlisins? Og hann telur, að samningsaðstaðan sé nú orðin sú versta, sem hún hefur orðið. Þegar komin er ríkisstj., sem Sjálfstfl. styður og ber ábyrgð á og hefur það aðalhlutverk að leysa kjördæmamálið samkv. kröfu Sjálfstfl., þá er samningsaðstaðan orðin sú versta fyrir sveitirnar. Þetta er ekki lítilsverð játning.

Hv. 2. þm. Skagf. gerir mjög mikið úr þeirri hörku, er eigi sér stað í kosningum í einmenningskjördæmum, gagnstætt því, er sé í stórum kjördæmum með hlutfallskosningum. Í hvaða einmenningskjördæmum ætli það hafi átt sér stað, að komið hafi verið níu sinnum yfir kjördaginn heim á heimili kjósanda, sem ætlaði sér ekki að kjósa, til þess að fá hann á kjörstað? Þetta hefur gerzt í Reykjavík. Í hvaða einmenningskjördæmi hefur sjúklingur verið fluttur í sjúkrarúmi á kjörstað? Þetta hefur oft gerzt í Reykjavík. Í hvaða einmenningskjördæmi hefur vanheill kjósandi hreinlega dáið við dyr kjörklefans? Þetta hefur gerzt í Reykjavík. Og má nærri geta, hvort slíkt getur ekki stafað af því, hversu hart er gengið að fólki að sækja kjörfund. Þessi sýnishorn af því, sem gerist á kjördegi í stóru kjördæmi, benda til þess, að kosningahitinn og harkan á undan kjördegi muni vera nokkur. Þó segir þessi aðalmálsvari Sjálfstfl. í þessu máli í hv. Nd. við útvarpsumræðurnar, að harkan muni vera minni í stóru kjördæmi en litlu.

Hv. 2. þm. Skagf. segir í þessari ræðu sinni, að hætt sé við, að harkan í einmenningskjördæmi verði svo mikil, að öllum vopnum sé beitt til þess að ná síðustu vafaatkvæðunum. Hann telur hins vegar ekki hættu á þessu í stórum kjördæmum með hlutfallskosningum. Ég hef nefnt hér dæmi. Hvernig má það vera, að síðustu atkv. í einmenningskjördæmi séu eftirsóknarverðari en síðustu atkv. í stórum kjördæmum með hlutfallskosningum? Er ekki öllum það ljóst, að úrslit kosninga geta oltið á einu atkvæði, jafnt í stóru kjördæmi sem litlu? Það er því merkilegra að heyra þetta frá þessum hv. þm., að ætla mætti, að hann

myndi, hvað gerðist í Skagafirði einu sinni. Þá urðu jöfn atkv. þar hjá tveimur frambjóðendum, svo að hlutkesti skar úr. Þetta var ekki sérstaklega lítið kjördæmi, þvert á móti eitt af þeim stærstu þá í landinu, og þetta var ekki einmenningskjördæmi. Og hvað hefur gerzt í Reykjavík? Hefur ekki fólkið verið rifið upp úr svefni og keyrt á kjörstað til þess að ná síðustu vafaatkvæðunum, eins og þessi hv. þm. orðar það? Hvenær hefur það gerzt í einmenningskjördæmunum?

Hv. 2. þm. Skagf. segir í þessari ræðu sinni, að í stórum kjördæmum hafi héruðin miklu sterkari aðstöðu til að koma fram áhugamálum sínum, þetta sé vegna þess, að þar verði þingmenn úr fleiri en einum flokki, en ef þingmaður sé einn fyrir kjördæmið og lendi í stjórnarandstöðu, séu dæmi til þess, að kjördæmi hans sé látið gjalda þess hjá stjórnarflokknum, svo að þm. komi engu máli fram á Alþingi fyrir sitt kjördæmi. Þessi hv. þm. talar um refsingar af þessu tagi, sem hann þekki af 17 ára þingmannsreynslu.

Mér þykja þessar staðhæfingar hinar furðulegustu. Ég get að vísu ekki dæmt um, hvort slíkum refsiaðgerðum hefur nokkurn tíma verið beitt eða ekki. En þau ár, sem ég hef setið á þingi, hef ég ekki séð örla á slíkum vinnubrögðum, og hef ég þó verið í stjórnaraðstöðu og stjórnarandstöðu. Eða hvaða dæmi ætli sé hægt að nefna um það hér á landi, að þm. í einmenningskjördæmi hafi engu máli komið fram á Alþingi af þessum ástæðum? Er það trúleg saga, að nokkrum stjórnarflokki þætti sér henta það að ætla að svelta þannig kjósendur í einhverju kjördæmi til fylgis við sig, eða hvaða líkur eru til þess, að kjósendur mundu snúast til fylgis við slíkan flokk, því að allir flokkar vilja ávinna sér traust kjósenda? Mér finnst þessi fullyrðing hv. 2. þm. Skagf. eitt hið fjarstæðukenndasta í ræðu hans.

Ég vil minna á störf hv. fjvn. Alþingis. Sú n. fer með einhver hin allra þýðingarmestu mál og þá ekki síst hin viðkvæmustu hagsmunamál hinna einstöku kjördæma. Þessi n. fær til meðferðar óskir og margs konar erindi frá hverjum einasta alþm. og meira og minna brennandi hagsmunamál hvers einasta kjördæmis. Ef stjórnarflokkur hugsar sér að beita eitthvert kjördæmi þeim fantabrögðum, er hv. 2. þm. Skagf. talar um, þá er sannarlega tækifæri til þess innan fjvn. Ég vil því spyrja: Hvenær hefur það komið fyrir, að þm. einmenningskjördæmis hafi ekki komið fram einu einasta máli í þessari n. eða á Alþ. yfirleitt? Hver vill taka að sér að nefna dæmi um það?

Þá segir hv. 2. þm. Skagf. orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Því er mjög haldið á lofti af framsóknarmönnum, að með hlutfallskosningum í stórum kjördæmum rofni núverandi persónutengsl milli kjósenda og þingmanna þeirra, þ. e. samflokksmanna þingmannsins í kjördæminu. En hvað um þann fjölda kjósenda, sem telur sig ekki eiga neinn þm. í sínu kjördæmi, heldur andstæðing, sem hann væntir einskis af og sízt til góðs fyrir sig og sín málefni?“

Ég vil benda á, að þessi klausa úr ræðu hv. 2. þm. Skagf. lýsir ekki aðeins hugsunarhætti hans, heldur talar hann hér fyrir flokk sinn, Sjálfstfl., og túlkar þann hugsunarhátt, sem þar ræður ríkjum.

Ætli einhverjum ofbjóði ekki það hyldýpi flokksofstækis, sem lýsir sér í þessum orðum hv. 2. þm. Skagf.? Samkv. þessu ættu framsóknarmenn t. d. á Snæfellsnesi að líta svo á, að þeir eigi engan þm., heldur andstæðing, sem þeir vænti einskis af nema ills eins fyrir sig og sín málefni. Þannig ættu þá framsóknarmenn að líta á hv. þm. N-Ísf., hv. þm. V-Sk. og hv. þm. Vestm., svo að ég nefni dæmi. Þetta gefur til kynna, hvernig Sjálfstfl. ætlast til, að flokksmenn hans líti á þá framsóknarþingmenn, sem sæti eiga á Alþ. fyrir einmenningskjördæmi. Þótt þessi kenning sé forustuliði sjálfstæðismanna í Morgunblaðshöllinni lögmál, er þeir heimta að liðsmenn þeirra brjóti ekki, þá hafa þeir ekki enn þá fengið liðsmenn sína úti um land til að trúa á þessa kenningu, hvað þá fylgismenn annarra flokka. Ég hef aldrei haft spurnir af alþm., sem hefur ekki reynt að beita sér fyrir hagsmunamálum síns kjördæmis, hverjir sem nytu góðs af framgangi þeirra mála innan kjördæmisins. Hitt er svo aftur á móti nokkurs konar gestaþraut, hvernig t. d. sjálfstæðisþm. í einmenningskjördæmi getur komið fram hagsmunamáli kjördæmisins á Alþingi án þess, að nokkrir andstæðingar hans í kjördæminu njóti góðs af því. En þetta yrði hann að gera, ef nokkur heil brú væri í þessum málflutningi þeirra sjálfstæðismanna. Það er furðulegt, að gamall og reyndur hv. þm. skuli halda því fram fyrir hönd síns flokks, að andstæðingar þm. í einmenningskjördæmi telji sig engan þm. eiga, heldur andstæðing, sem þeir vænti einskis af og sízt til góðs fyrir sig og sín málefni. Svo á þetta að vera rökstuðningur fyrir því, að leggja verði niður öll einmenningskjördæmi í landinu.

En svo slær í baksegl, sem kallað er, hjá þessum hv. málflutningsmanni Sjálfstfl., og það var varla við öðru að búast. Í ræðu sinni segir hann m. a. orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Vafalaust þykir ýmsum kjósendum Sjálfstfl. og fleirum í einmenningskjördæmum, sem lengi hafa haft samflokksmann fyrir þm., súrt í broti að geta ekki haft þm. áfram einir út af fyrir sig.“ Ósjálfrátt hrekkur það úr penna þessa hv. þm., þegar hann semur þessa ræðu, að kjósendum í einmenningskjördæmi muni vafalaust þykja súrt í broti að geta ekki haft þm. út af fyrir sig, og það er einn af forvígismönnum þeirra sjálfstæðismanna í því að leggja niður öll einmenningskjördæmin, sem segir þetta. Hann segir blátt áfram, að sjálfstæðismönnum muni vafalaust þykja súrt í broti hans eigið athæfi og flokksmanna hans. Hann hefur hins vegar minni áhyggjur af því, þótt öðrum en sjálfstæðismönnum þyki súrt í broti, en hann *nefnir það þó, að svo muni fleirum þykja.* En hv. þm. hefur sín huggunarorð að mæla til þessara óánægðu kjósenda. Hann segir: Þeir, sem þannig hugsa, hafa ekki komizt í þá raun að hafa andstæðing fyrir þm., t. d. mann, sem

þeir hafa ekki getað trúað, sem þeir hafa ekki getað snúið sér til og hefur af ráðnum hug unnið gegn pólitískum hagsmunamálum þeirra. Skyldi þessi hugleiðing vera ætluð íhaldsandstæðingum í þeim kjördæmum, sem ég nefndi áðan?

En ef þetta er rétt hjá þessum hv. þm., þessum forustumanni Sjálfstfl. í kjördæmamálinu, að þingmenn í einmenningskjördæmi séu allir þessir fantar, eins og hann lýsir þeim, geta þeir þá ekki þjónað þessu innræti sínu alveg eins, þótt þeir séu kosnir í stóru kjördæmi með hlutfallskosningum? Hv. þm. víkur að því í þessari sömu ræðu, að hann hafi orðið þess var, að menn búist við, að afskekktar sveitir og sýslur verði útundan og afræktar, þegar stóru kjördæmin eru komin til. Var það furða, þótt hv. þm. yrði þessarar skoðunar var? En hann hefur svar við þessu. Ef einhver einn af hinum 5—6 þm. stóra kjördæmisins verður þess var, að hinir 4—5 ætli að vanrækja einhverja sveit eða sýslu í kjördæminu, þá hlýtur hann að nota tækifærið og leggja rækt við þetta fólk til að afla sér kjörfylgis. Það er eins og hv. þm. hugsi sér þetta líkt og kindur við jötu. Ef ein kindin afézt, þá kannske hún vilji það, sem hinar skildu eftir. Ef einn þm. af 5 í stóru kjördæmi nýtur sín ekki á Alþingi fyrir ofríki þeirra, er aðalfylgið hafa innan þéttbýlisins í kjördæminu, þá kannske hann vilji fara að sinna málum hinna afskekktari sveita eða sýsluhéraða, sem hinir hirtu ekki um. Ef einhver þm. flyti inn á þing þannig á kjörfylgi í afskekktustu byggðarlögum kjördæmisins, gæti þá ekki komið til framkvæmda þessi flokksregla, sem hv. 2. þm. Skagf. hefur túlkað svo mjög í ræðu sinni, að slíkur maður kæmi ekki máli fram á Alþingi fyrir ofríki hinna, er höfðu aðalfylgið þar, sem flest var fólkið í þéttbýlinu? Hitt hleypur svo þessi hv. þm. alveg yfir, að allir frambjóðendur í stóru kjördæmi leggi höfuðáherzlu á að afla sér kjörfylgis þar, sem flest fólkið býr innan kjördæmisins, af því að þar er mest að vinna, og þess vegna verði dreifbýlið útundan. Það er ekki sízt þetta, sem fólkið í einmenningskjördæmunum sér og skilur að verður afleiðing kjördæmabyltingarinnar. Og þetta skilur hv. 2. þm. Skagf., það getur ekki farið hjá því, enda er hann ekki alveg áhyggjulaus í þessu efni. Ef út af kann að bera með umhyggju þm. í stóru kjördæmi fyrir áhugamálum afskekktari byggða eða sýslufélaga, þá hefur hann ráð að kenna mönnum. Hann segir orðrétt í ræðu sinni, með leyfi hæstv. forseta:

„Loks hafa jafnvel lítil byggðarlög handhægt og áhrifamikið ráð, sem ég veit til, að hefur verið beitt til að koma fram áhugamáli, sem fulltrúum byggðarlags þótti hafa dregizt um of. En það var að mynda almenn samtök og tilkynna þeim frambjóðendum, er mest áttu í hættu, að enginn kæmi þaðan á kjörstað, nema þeir skuldbyndu sig til að koma því fram, er þeir kröfðust."

Hvað er það, sem raunverulega felst í þessari ráðleggingu hv. 2. þm. Skagf.? Það er einfaldlega þetta: Það er viðbúið, að afskekktari byggðarlög í stóru kjördæmi verði vanrækt, en þá skuluð þið, kjósendur góðir, hafa mín ráð, tilkynnið þið frambjóðendum, að þið ætlið ekki að kjósa, nema þið fáið ykkar mál fram. Farið þið bara í verkfall. Notfærið ykkur kosti einmenningskjördæmisins að standa sér til þess að reyna að knýja fram ykkar mál, þegar þið eruð orðnir aðeins brot úr stóru kjördæmi. Og ef svo kynni að fara, að ykkar mál strídi gegn hagsmunum annars héraðs í kjördæminu, svo að engir frambjóðendur þori að lofa ykkur fylgi í málum, þá sitjið þið bara heima, kjósið ekkert, gerið verkfall.

Þetta var ráðið, að afsala sér kosningarréttinum, þessum þýðingarmikla rétti í lýðfrjálsu landi, sem er grundvöllur lýðræðis og þingræðis. Og hv. 2. þm. Skagf. gerir ráð fyrir því, að til slíkra örþrifaráða þurfi menn að grípa í afskekktari héruðum, því að annars væri hann ekki að kenna mönnum þetta ráð.

Þá talar hv. 2. þm. Skagf. um það í þessari ræðu, að til framboðs í einmenningskjördæmin séu menn iðulega sóttir til Reykjavíkur, en með hlutfallskosningu í stórum kjördæmum muni þetta breytast, þá verði hægt að hafa frambjóðendur úr héraðinu neðar á framboðslistanum. Eftir þessu að dæma telur hv. þm. mjög hæpið fyrir heimamann í einmenningskjördæmi að vera þar í framboði, sennilega af því, að hann verði að standa einn fyrir sínu máli, og í stóru kjördæmi með hlutfallskosningum verði líka þaulvanur stjórnmálamaður að verða efstur á lista, þó að hann sé úr Reykjavík, en heimamenn geti komið neðar á listunum. Ekki veit ég, hvort á að taka þetta sem einhverja vísbendingu um það, hvernig Sjálfstfl. muni raða mönnum á framboðslista sína í hinum væntanlegu stóru kjördæmum. En hitt verð ég að segja, að þarna er heimamönnunum ekki ætlaður of stór hluturinn.

Eins og ég hef drepið á, telur hv. 2. þm. Skagf. ekki mikils virði hin persónulegu tengsl milli þm. og kjósenda í einmenningskjördæmum. En aðrir hv. þm. Sjálfstfl. hafa hins vegar talað um, að samgöngur séu nú orðnar svo góðar í landinu, að þessi tengsl geti haldizt, þótt stóru kjördæmin komi til. Í þessu efni vil ég nefna Barðastrandarsýslu, því að þar er ég kunnugastur. Um 20—30 ára skeið hafa þingmenn þessa kjördæmis haft sérstaklega náin tengsl við kjósendurna þar. Þó er þessi sýsla einhver hin erfiðasta yfirferðar í landinu. Hún er meira og minna sundurskorin af 15 fjörðum. Til þess að komast í allar byggðir sýslunnar er yfir 11 fjallgarða að fara, en þar að auki er eitt sveitarfélagið í eyjum á Breiðafirði. Allir þjóðvegir sýslunnar milli héraða eru lokaðir frá hausti til vors. Þrátt fyrir allt þetta hafa þm. þessa kjördæmis lagt á sig að hafa samband við kjósendur með því að halda landsmálafundi í hverju einasta sveitarfélagi á hverju ári. Þeir hafa auk þess lagt leið sína á svo að segja hvert sveitarheimili sýslunnar einu sinni til tvisvar á hverju kjörtímabili. Hvernig verður svo aðstaðan fyrir þingmenn hins væntanlega Vestfjarðakjördæmis að halda uppi svona nánum tengslum við kjósendur í

hinu stóra kjördæmi? Auðvitað er það með öllu útilokað. Svipaða sögu er að segja um önnur sýslufélög á Vestfjörðum. Tengslin milli kjósenda og þingmanna eru að miklu leyti úr sögunni með þessari kjördæmabreytingu. Og þetta hlýtur líka að vera einn megintilgangurinn með kjördæmabyltingunni, að draga sem mest úr áhrifum einstakra byggðarlaga á gang mála á Alþingi, að minnka áhrif dreifbýlis til hagsbóta fyrir þéttbýlið, að koma sem mest í veg fyrir það, sem forsvarsmenn þessa máls kalla hreppapólitík, þ. e. að einstakir kjósendur, einstök byggðarlög og jafnvel einstök sýslufélög geti beitt áhrifum sínum á gang mála með beinum og nánum tengslum við þingmann sinn. Þessu á að ná með nógu stórum kjördæmum, sem enginn einstakur þm. nær yfir til náinna kynna við kjósendurna. Fyrir 17 árum sóru þeir flokkar fyrir það, sem nú beita sér fyrir þessari byltingu, að slíkt tilræði yrði framið við byggðir þessa lands, en nú eru þeir samt að framkvæma það og kalla það réttlætismál. Eftir hæfilegan tíma er þessum flokkum fyllilega til þess trúandi að segja sem svo: Þessi átta stóru kjördæmi hafa ekki náð tilgangi sínum. Þau eru svo misstór, að ekki er við það unandi. Það eru svo miklu færri kjósendur á bak við hvern þm. í einu þeirra á móts við annað, að þessu verður að breyta. Það er réttlætismál að gera landið allt að einu kjördæmi. Það er líka svo mikill munur á því fyrir kjósendurna í landinu að geta snúið sér til 60 þm. með erindi sín, í staðinn fyrir 5—6. Þeir, sem ekki vilja fylgja því réttlætismáli að gera landið allt að einu kjördæmi, eru að halda í ranglætið. Þessi þróun málanna er beint og eðlilegt áframhald af því, sem nú er verið að gera.

Þess hefur gætt hjá þeim flokkum, sem flytja þetta mál, að ein af ástæðunum fyrir því, að breyta þurfi kjördæmaskipuninni, sé kosningabandalag það, sem Framsfl. og Alþfl. höfðu í síðustu kosningum. Sjálfstfl. og Alþb. hafa lagt nokkra áherzlu á þetta atriði. Alþfl. hefur hins vegar haldið þessu minna á lofti. Ekki hefur hann þó mér vitanlega mótmælt þessum málflutningi félaga sinna. Það er því vel hugsanlegt, að hann sé sama sinnis og þeir í þessu efni, en hafi bara ekki talið sig hafa efni á að vera að hafa hátt um það, því að þá væri svo nærri höggvið honum sjálfum. Eitt er þó a. m. k. víst í þessu máli, að þeir forustumenn Alþfl., sem beittu sér fyrir þeirri byltingu í kjördæmamálinu í fyrrasumar með blaðaskrifum og á mannfundum, sem nú er verið að framkvæma, það eru sömu forustumennirnir er mynduðu bandalagið með Sjálfstfl. í verkalýðsfélögunum í Reykjavík til þess að grafa undan ríkisstjórn vinstri flokkanna. Einn höfuðforingi Alþfl. í þessu fyrirtæki var herra Jón P. Emils lögfræðingur, er skrifaði greinar í Alþýðublaðið í fyrra um fá og stór kjördæmi með hlutfallskosningum og hélt svo stóra ræðu um málið á stúdentafundi í vetur, er síðan var útvarpað. Í þessari ræðu fléttar hann saman tvö höfuðviðfangsefni Alþfl., er flokknum beri að leggja megináherzlu á. Annað þeirra er kjördæmabyltingin, sem nú er verið að koma á. Hitt er það, að Alþfl. og Sjálfstfl. hafi með sér varanlegt bandalag.

Að þessum tveimur stefnumálum Alþfl. hefur þessi foringi flokksins unnið árum saman ásamt mörgum öðrum flokksforingjum í Reykjavík utan þings. Og herra Jón P. Emils fór ekki í neina launkofa með skoðanir sínar í stóru ræðunni á stúdentafundinum. Hann vissi sig vera að bera merki flokksins hátt og glæsilega frammi fyrir þjóðinni í ræðu, sem fyrir fram var ákveðið að útvarpa. Um samstarf Alþfl. og Sjálfstfl. fórust honum m. a. þannig orð í þessari ræðu:

„Hygg ég, að fylgismenn annarra flokka eigi ekki betri samstöðu en Alþfl. og Sjálfstfl. Þeir hafa haft samstöðu í verkalýðsfélögunum, og það er annars reikningsdæmi, hver áhrif Alþfl. væru í þessum félögum, ef ekki hefði notið við hins heilladrjúga samstarfs við Sjálfstfl. Samvinna þessara flokka hefur verið hin ákjósanlegasta. Þar mætast heilbrigðustu öfl þjóðfélagsins."

Þetta voru orð þessa foringja Alþfl. Nú virðast allar vonir herra Jóns P. Emils og félaga hans í þessum málum vera að rætast. Hið heilladrjúga samstarf við Sjálfstfl. í verkalýðsfélögunum virðist hafa borið þann árangur, er til var ætlazt. Samvinna þessara flokka um lausn kjördæmamálsins hefur reynzt hin ákjósanlegasta. Heilbrigðustu öfl þjóðfélagsins hafa náð að vinna saman. Það er eitt og aðeins eitt, sem ekki er fengin full vissa um enn þá. Það er það, hvort hin heilladrjúga samvinna Alþfl. og Sjálfstfl. getur orðið nógu langvarandi, hvort þessi heilbrigðustu öfl þjóðfélagsins bera gæfu til að vinna saman í framtíðinni með jafnmiklum árangri og í fyrrasumar í verkalýðsfélögunum. Það eru óneitanlega nokkrar líkur til, að þetta geti orðið, ef Alþfl. reynist trúr í samstarfinu og stendur heill og óskiptur við gerða samninga, ef hann ætlar samstarfsflokknum áhrifavald innan verkalýðshreyfingarinnar, eins og hann nú vill tryggja honum með hlutfallskosningum í stórum kjördæmum á móts við Alþfl., og ef hann heldur yfirleitt ekki allt of fast við kennisetningar verkalýðsflokks, heldur tekur fullt tillit til hagsmuna atvinnurekenda og fésýslumanna og skilur þýðingu hins heilladrjúga samstarfs þessara heilbrigðustu afla þjóðfélagsins, eins og þessi forustumaður orðar það.

Forseti (PZ): Nú vantar klukkuna ellefu mínútur í fjögur, og ég vildi gjarnan spyrja næsta mann á mælendaskrá, hvort hann haldi, að honum nægi það. Það er laugardagur í dag og ekki vani að halda fundi þá og allra síst fram á kvöld. Ef hann telur, að sér nægi það ekki, — það eru líka fleiri á mælendaskrá, — þá sé ég ekki ástæðu til að halda fundinum áfram, og verður þá umræðu frestað. (**GTh:** Er nokkuð því til fyrirstöðu að halda fund síðdegis í dag?) Ja, það er laugardagur og vantar tvo varaforseta. (Gripið fram í.) Ég held, að það sé langréttast að taka málið út af dagskrá og fresta umr.

Gunnar Thoroddsen: Ég vil beina þeim eindregnu tilmælum til forseta, að hann haldi fundi áfram síðdegis í dag. Ég sé ekki, hvort nokkur gild rök eru fyrir því að neita að halda fundi áfram í dag til þess að reyna að koma málinu áleiðis til n. Það er engin ástæða til þess, — eða ég hef a. m. k. ekki heyrt nokkrar ástæður fyrir því. Það er orðinn það langur þingtíminn, og það er vitað, að nú liður að því, að á að fara að slíta þingi, búið að afgreiða fjárl., og ég sé ekki nokkra ástæðu til að vera að gera tilraun til að lengja enn þingtímann með því að neita um fund síðdegis í dag.

Forseti (PZ): Hv. 6. þm. Reykv. óskar eftir því, að fundinum verði haldið áfram. Við því vil ég segja þetta: Í fyrsta lagi það, sem ég er búinn að segja, að það er laugardagur í dag, og það er ekki venjulegur fundartími í Alþ. Í öðru lagi, varaforseti er hér enginn, og orðið er þess vegna tekið af mér, því að ég er á mælendaskrá. Það hefði ég þó sætt mig við, þótt ég hefði ekkert sagt við þessa umr., hefði klukkan ekki verið orðin svona margt og hefði hv. þm. V-Ísf. getað verið það stuttorður, að hann hefði lokið ræðu sinni fyrir klukkan fjögur. Það tel ég víst, að hann geti ekki, og þess vegna verður málið tekið út af dagskrá og umr. frestað.

Sigurður Bjarnason: Ég vil mjög mótmæla þeirri ákvörðun forseta að taka málið út af dagskrá nú og fresta umr. Það vita allir hv. þm., að Alþingi hefur setið meginhluta vetrar svo til auðum höndum, og þó að nú yrði haldinn eftirmiðdagsfundur hér í þessari hv. þd., þá væri vissulega ekki þröngvað kosti hv. deildarmanna. Þar sem nú hæstv. forseti ber það fyrir sig í þessari ákvörðun sinni, að ég hafi kvatt mér hljóðs, þá vil ég þó gera tilraun til þess, að hv. d. geti lokið umr. um þetta mál nú á þessum fundi, og býð því hæstv. forseta að falla frá orðinu við þessa umr., ef hann þá treysti sér til þess að ljúka umr., en að sjálfsögðu gegn því þá, að aðrir tali ekki.

Forseti (PZ): Ég er búinn að geta þess, að ég er sjálfur á mælendaskrá og varaforseti er hér enginn, og þm. hafa ekki hingað til sótt fundi svo vel, að það sé ástæða til að halda fundi á ekki venjulegum þingtíma. Málið er tekið út af dagskrá og umr. frestað.

Umr. frestað.

Á 111. fundi í Ed., 4. maí, var fram haldið 1. umr. um frv.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Í þeim orðum, sem ég segi við þessa 1. umr. kjördæmamálsins, mun ég í fyrsta lagi leitast við að rekja í stórum dráttum þróun kjördæmaskipunarinnar og kosningafyrirkomulagsins hér á landi, allt frá því að Alþingi var endurreist árið 1845. Verður að telja gagnlegt að hafa þá sögu til hliðsjónar nú, þegar stíga á stórt skref í þá átt að treysta grundvöll íslenzks þingræðis og lýðræðis og gera löggjafarsamkomuna þar með hæfari til þess að rækja hið mikilvæga hlutverk sitt.

Í öðru lagi mun ég taka til athugunar nokkur þau atriði, sem fram komu í ræðum þeirra tveggja hv. þm., sem fluttu allýtarlegar ræður um málið s. l. laugardag, þeirra hv. þm. Str. (HermJ) og hv. þm. Barð. (SE).

Síðan hið endurreista Alþingi kom fyrst saman, eru nú liðin 114 ár. Á þessu tímabili hefur orðið örhröð þróun á öllum sviðum íslenzks þjóðlífs. Á sviði bjargræðisvega landsmanna má segja, að hrein atvinnubylting hafi átt sér stað. Landbúnaðurinn, hinn gamli undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar allt frá upphafi byggðar hennar á Íslandi, sem fyrir hundrað árum var rekinn á frumstæðan hátt með órækt og engjar að grundvelli, er nú byggður á ræktun og vélabúskap.

Sjávarútvegurinn hefur fengið fullkomin vélskip og togara í stað árabáta og smáseglskútna. Fiskiðnaðurinn er orðinn ein aðalframleiðslugrein landsmanna. Fjölþættur iðnaður er vaxinn upp. Á sviði félags-, samgöngu- og menningarmála hefur þróunin ekki síður orðið ör.

Frá því að Alþingi var endurreist, hefur Íslendingum fjölgað úr um það bil 60 þúsund manns í rúmlega 170 þúsundir.

Á stjórnmálasviðinu hafa einnig orðið stórfelldar breytingar. Stjórnmálaflokkar hafa myndazt og horfið, nýir hafa komið í staðinn. Flokkaskiptingin hefur miðazt við verkefnin og aðstöðuna á hverjum tíma. Á tímabili sjálfstæðisbaráttunnar miðaðist flokkaskiptingin fyrst og fremst við baráttu við yfirþjóðina og við það, hversu hratt menn treystu sér til þess eða vildu sækja fram í baráttunni fyrir pólitísku sjálfstæði.

Í þann mund, er hillir undir fullveldisviðurkenninguna, riðlast gömlu flokkarnir, og nýir flokkar koma í þeirra stað. Þá miðast flokkaskiptingin í vaxandi mæli við afstöðuna til hinnar efnahagslegu uppbyggingar, félagslegs öryggis, og á síðustu árum er hún tekin að mótast talsvert af viðhorfunum í utanríkis- og alþjóðamálum.

Þegar litið er á þær stórfelldu breytingar, sem orðið hafa á tímabilinu, síðan Alþingi var endurreist, í atvinnu-, félags- og efnahagsmálum, sætir það engri furðu, þótt mynd og skipan sjálfrar löggjafarsamkomunnar hafi einnig breytzt verulega. Það kom eðlilega í hlut Alþingis að standa í fararbroddi í senn í sjálfstæðisbaráttunni og í baráttunni fyrir efnahagslegri viðreisn og uppbyggingu þjóðfélagsins. Nýir tímar fólu í sér nýjar þarfir. Hinar síbreytilegu þjóðlífsaðstæður gerðu stöðugt nýjar kröfur til löggjafarsamkomunnar, starfshátta hennar og skipunar.

Í þessu sambandi má það ekki heldur gleymast, að Íslendingar réðu ekki sjálfir skipun hinnar endurreistu löggjafarsamkomu. Erlent konungsvald yfirþjóðarinnar réð öllu um svip hennar, kosningatilhögun, kjördæmaskipun og sjálfa skipan þingsins, sem í upphafi var aðeins ráðgefandi samkoma. Verður og augljóst, þegar þingsagan er athuguð og litið yfir störf

Alþingis árið 1845, að mikillar óánægju hefur gætt, ekki aðeins meðal hinna nýkjörnu fulltrúa, heldur og meðal þjóðarinnar almennt um skipan þingsins.

Baráttan fyrir breyttri kjördæmaskipun og kosningatilhögun hefst þannig þegar á hinu fyrsta endurreista Alþingi. Til þingsins bárust þá hvorki meira né minna en 17 bænaskrár, og er í langsamlega flestum þeirra farið fram á fjölgun þingmanna, aukin réttindi til handa almenningi í landinu og bætta aðstöðu til að hafa áhrif á skipan þess.

Ég tel það ómaksins vert að minnast nokkuð á efni einstakra bænaskráa, sem bárust úr öllum landsfjórðungum.

Eins og kunnugt er, áttu 20 þjóðkjörnir þm. sæti á Alþingi árið 1845. Þar að auki áttu þar sæti 6 konungkjörnir þm., sem konungur útnefndi til setu þar. Fyrsta bænaskráin, sem lögð var fram á þinginu, var frá íslenzkum menntamönnum í Kaupmannahöfn. Var hún lögð fram og lesin af Jóni Sigurðssyni, þm. Ísafjarðarsýslu. Í þessari bænaskrá var lagt til, að þm. yrðu samtals 42. Jón Sigurðsson komst þannig að orði í sambandi við þessa bænaskrá, að „allir væru á einu máli um, að kosningalögin þurfi bráðrar og góðrar umbótar". Hann kvað málið vera eitt af hinum mikilvægustu, sem upp yrðu borin á þessu þingi.

Úr Norður-Múlasýslu barst bænaskrá, þar sem farið var fram á, að þjóðkjörnum þm. yrði fjölgað um 8, og úr Suður-Múlasýslu um, að þjóðkjörnum þm. yrði fjölgað um 6. Úr Rangárvallasýslu barst bænaskrá um, að þjóðkjörnum þm. yrði fjölgað um 10, og Árnesingar óskuðu sömu fjölgunar á þjóðkjörnum þm.

Úr Barðastrandarsýslu barst bænaskrá um, að þjóðkjörnum þm. yrði fjölgað upp í 42 og þm. yrðu þannig samtals 48. Úr Ísafjarðarsýslu barst ósk um, að þjóðkjörnum þm. yrði a. m. k. fjölgað upp í 38. Úr Strandasýslu barst bænaskrá um, að þjóðkjörnir þm. yrðu 40, 2 fyrir hverja sýslu og 2 fyrir Reykjavík, sem átti einn fulltrúa á hinu endurreista Alþingi.

Eyfirðingar sendu og bænaskrá, þar sem þess var óskað, að þjóðkjörnir þm. yrðu 42, og Suður-Þingeyingar óskuðu þess, að tala hinna þjóðkjörnu þm. yrði sömuleiðis 42, en vildu fækka hinum konungkjörnu niður í 3.

Af þessum bænaskrám verður það augljóst, að það er sameiginleg skoðun Íslendinga, þegar er Alþingi hefur verið endurreist, að þm. þurfi að fjölga verulega, til þess að það geti gegnt hinu mikilvæga hlutverki sínu, og að rýmka beri verulega um kosningarréttinn. Sérstaklega er mönnum það þyrnir í augum, að kosningarrétturinn sé bundinn við verulegar fasteignir.

Árangurinn af þeirri baráttu, sem almenningur í landinu hefur fyrir réttlátari og eðlilegri skipun Alþingis þegar í upphafi sjálfstæðisbaráttunnar, kemur fram í fjölmörgum breytingum, sem síðan hafa verið gerðar á kjördæmaskipuninni og skipan Alþingis. Þjóðin hefur þannig mótað mynd Alþingis í hendi sér með það mark og mið fyrst og fremst fyrir augum að gera það sem hæfast til þess að fara með forustu í baráttunni fyrir auknu frelsi og sjálfstæði og síðar fyrir efnahagslegri viðreisn og uppbyggingu.

Sú skoðun hefur alltaf verið ríkjandi á öllu því tímabili, síðan löggjafarsamkoman var endurreist, að óhjákvæmilegt væri að miða skipan hennar við þjóðfélagsaðstæðurnar á hverjum tíma. Hið erlenda vald reyndi að sjálfsögðu oft og lengi að standa gegn eðlilegum kröfum þjóðarinnar um umbætur á skipan þingsins, en baráttunni var haldið áfram, og ekkert megnaði að stöðva heilbrigða þróun og sjálfstætt mat hverrar kynslóðar á þörfum sínum og aðstöðu. Hver kynslóð hlýtur að hafa hliðsjón af reynslunni, en hún fer engu að síður sínar eigin götur. Þannig hefur þetta verið, og þannig mun þetta verða, enda þótt margir eigi erfitt með að skilja það. Í hverju þjóðfélagi eru alltaf til margir menn, sem skilja ekki þörf breytinganna, þróunarinnar, sem er lögmál lífsins.

Ef litið er á þær breytingar, sem orðið hafa á kjördæmaskipuninni, frá því að Alþingi var endurreist, kemur m. a. þetta í ljós:

Árið 1857 er fyrsta breytingin gerð á kjördæmaskipuninni. Þá var Skaftafellssýslu skipt í tvö kjördæmi. Kjördæmin voru þá orðin 21, og þjóðkjörnir þm. jafnmargir. Á tímabilinu 1859—1873 áttu því sæti 27 þm. á Alþingi, þar af 6 konungkjörnir.

Önnur breytingin á kjördæmaskipuninni er gerð með stjórnarskránni árið 1874. Þá var tala þjóðkjörinna þm. ákveðin 30 og jafnframt ákveðið, að Gullbringu- og Kjósarsýsla, Ísafjarðarsýsla með Ísafjarðarkaupstað, Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Eyjafjarðarsýsla með Akureyrarkaupstað, Þingeyjarsýsla, Norður-Múlasýsla, Suður-Múlasýsla, Skaftafellssýsla, Rangárvallasýsla og Árnessýsla skyldu hver um sig kjósa tvo þm. Urðu kjördæmin þá 19, 11 tvímenningskjördæmi og 8 einmenningskjördæmi. Tala þm. er þá samtals 36.

Þriðja breytingin er gerð árið 1877, en þá er Þingeyjarsýslu og Skaftafellssýslu aftur skipt í tvö kjördæmi hvorri, eins og áður hafði verið. Kjördæmin eru þá 21, 9 tvímenningskjördæmi og 12 einmenningskjördæmi. Hélzt þessi kjördæmaskipun í 25 ár eða til ársins 1902.

Ísafjarðarsýslu er svo skipt í tvö kjördæmi árið 1902. Er það fjórða breyting kjördæmaskipunarinnar. Þingmannatalan hélzt þá óbreytt.

Fimmta breytingin er gerð með stjórnskipunarlögunum 1903, en þá var þjóðkjörnum þingmönnum fjölgað um 4, úr 30 upp í 34, og þrjú ný kjördæmi lögákveðin, Ísafjarðarkaupstaður, Akureyrarkaupstaður og Seyðisfjarðarkaupstaður, sem hver skyldi kjósa einn þm., og enn fremur var einum þm. bætt við Reykjavík, sem nú kaus 2 þm. Samtals voru nú kjördæmin orðin 25, 9 tvímennings- og 16 einmenningskjördæmi, og þm. eru þá samtals orðnir 40. Árið 1901 voru íbúar landsins orðnir um 78 þús. Búa tæplega 63 þús. þeirra í sveitum, 8800 í kaupstöðum og verzlunarstöðum með yfir 500 íbúa og 6600 í Reykjavík.

Árið 1920 er svo sjötta breyting kjördæmaskipunarinnar samþ. Þá er þm. Reykjavíkur fjölgað um tvo, upp í 4, og jafnframt ákveðið, að þeir skuli allir kosnir með hlutfallskosningu.

Sjöunda breytingin á kjördæmaskipuninni er gerð árið 1922, þegar Húnavatnssýslu er skipt í tvö kjördæmi, Vestur-Húnavatnssýslu og Austur-Húnavatnssýslu.

Áttunda breytingin er gerð, þegar Gullbringu- og Kjósarsýslu er skipt í tvö kjördæmi árið 1928. Er þá Hafnarfjarðarkaupstaður gerður að sjálfstæðu kjördæmi.

Með nýju stjórnskipunarlögunum, er tóku gildi 19. júní 1915, hafði konungkjörið einnig verið lagt niður, en landskjör sett í staðinn. Var þá ákveðið, að í stað hinna 6 konungkjörnu þm. skyldu kjörnir 6 þm. með hlutfallskosningu um land allt. Er þetta níunda breytingin, sem gerð er á kjördæmaskipuninni.

Tíunda breytingin er svo gerð með breytingu á stjórnarskránni árið 1934. Þá er landskjörið lagt niður, 2 þm. bætt við Reykjavík, svo að þm. Reykjavíkur urðu þá 6, og þm. í heild fjölgað úr 42 í allt að 49. Jafnhliða var þá tekið í lög, að auk 38 kjördæmakosinna þm. skyldu eiga sæti á Alþingi allt að 11 þm. til jöfnunar milli þingflokka, þannig að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar.

Ellefta breytingin, sem gerð er á kjördæmaskipuninni, er svo gerð árið 1942. Þá er þm. Reykjavíkur fjölgað um 2, úr 6 upp í 8. Siglufjarðarkaupstaður verður þá sérstakt einmenningskjördæmi, og hlutfallskosningar eru teknar upp í tvímenningskjördæmunum. Jafnframt er haldið áfram fyrri ákvæðum um úthlutun allt að 11 uppbótarþingsæta til jöfnunar milli flokka.

Þetta er sú kjördæmaskipun, sem við búum við í dag. Byggist hún á ferns konar kosningafyrirkomulagi. Í fyrsta lagi er 21 þm. kjörinn í einmenningskjördæmum, 8 eru kjörnir í Reykjavík með hlutfallskosningu, 12 eru kosnir með hlutfallskosningu í 6 tvímenningskjördæmum, og 11 eru landskjörnir þm., sem þingflokkunum er úthlutað til jöfnunar milli flokka.

Ég hef nú í höfuðdráttum gert grein fyrir þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á kjördæmaskipun landsins, allt frá því að Alþingi var endurreist. Megintilgangur þessara breytinga, eins og ég hef áður bent á, hefur verið sá að gera Alþingi sem hæfast til þess að gegna hlutverki sínu og vera rétt mynd af vilja þjóðarinnar á hverjum tíma. En þrátt fyrir þessar breytingar fer því þó víðs fjarri, að löggjafarsamkoman geti í dag talizt rétt mynd af vilja íslenzku þjóðarinnar. Lagfæringarnar, sem gerðar voru á kjördæmaskipuninni á árinu 1903, 1915, 1920, 1934 og síðast árið 1942, voru að vísu stór spor í rétta átt. Hjá þeim breytingum varð ekki komizt, og þær bættu á sínum tíma úr miklu óréttlæti og hafa átt sinn þátt í því, að löggjafarsamkoman hefur verið í tengslum við þjóðarviljann og hefur getað haft heilladrjúga forustu um mál þjóðarinnar út á við og inn á við.

Misréttið í núverandi skipun Alþingis sést greinilegast, þegar athuguð eru úrslit síðustu alþingiskosninga, sem fram fóru árið 1956. Sjálfstfl. fékk þá 35027 atkv. og 42.4% atkvæða, en hann fékk aðeins 19 fulltrúa á Alþingi. Framsfl., sem hlaut 12925 atkv. og 15.6% kjósenda, hlaut hins vegar 17 þingsæti. Alþfl., sem hlaut 15153 atkv. og 18.3% kjósenda, fékk 8 þingsæti, og Alþb., sem hlaut 15859 atkv. og 19.2% kjósenda, hlaut 8 þm. kjörna. Í þessum kosningum höfðu Framsfl. og Alþfl. með sér kosningabandalag, svokallað Hræðslubandalag. Bandalag þessara tveggja flokka hlaut samtals 33.9% kjósenda, en 25 þm. kjörna. Munaði minnstu, að þessir tveir flokkar og bandalag þeirra hlytu meiri hluta á Alþingi með aðeins rúmlega þriðjung kjósenda á bak við sig. Er þetta vissulega táknræn mynd af ófullkomleika íslenzks lýðræðis og þingræðis í dag.

Núverandi kjördæmaskipun felur ekki aðeins í sér misrétti milli strjálbýlis og þéttbýlis, heldur milli strjálbýliskjördæmanna innbyrðis. Sést það greinilega, ef athugaðar eru nokkrar tölur. Á Seyðisfirði greiddu við seinustu kosningar 410 kjósendur atkv., í Austur-Skaftafellssýslu 711 og í Vestur-Húnavatnssýslu 740. Á Akureyri greiddu hins vegar atkvæði 4197, í Gullbringu- og Kjósarsýslu tæp 7000 og í Borgarfjarðarsýslu rúmlega 2400. En öll þessi kjördæmi kusu jafnmarga fulltrúa á Alþing, þau fengu sinn þm. hvert.

Það frv., sem hér liggur fyrir um breytingu á kjördæmaskipuninni, felur þess vegna ekki aðeins í sér viðleitni til þess að leiðrétta misrétti gagnvart íbúum þéttbýlisins, heldur einnig það misrétti, sem ríkir milli kjördæma strjálbýlisins innbyrðis. Með frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að öllu landinu verði skipt í 8 kjördæmi. Meginstefna þess er, að strjálbýlið haldi þeirri fulltrúatölu, sem það hefur nú, en hins vegar verði fjölgað í þéttbýlinu. Í tveimur hinna nýju kjördæma utan Reykjavíkur, Miðvesturlandskjördæmi og Norðurlandskjördæmi eystra, er þm. þó fjölgað um einn í hvoru. Hins vegar er fækkað um einn þm. á Austurlandi, þar sem fæstir kjósendur standa á bak við hvern þm.

Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á því, að það er auðvitað hinn mesti misskilningur, að með þessu séu Seyðfirðingar, sem búa í minnsta kjördæminu á Austurlandi, sviptir þm. sínum. Það kjördæmi, sem Seyðisfjörður verður í, Austurlandskjördæmi, á að kjósa 5 þm., og hljóta Seyðfirðingar auðvitað að eiga sinn hluta í þessum fulltrúum, og þeir geta eftir breytinguna snúið sér til 5 þm., sem ber skylda til þess að gæta hagsmuna þeirra og berjast fyrir þeim. Áður höfðu Seyðfirðingar aðeins einn þm., sem bar sérstök skylda til þess að gæta hagsmuna þeirra á Alþingi. Má því segja, að réttur þeirra hafi verið verulega aukinn, en ekki tekinn af þeim, eins og hv. framsóknarmenn vilja vera láta.

Þá er samkv. frv. þessu lagt til, að þm. Reykjavíkur verði fjölgað úr 8 upp í 12 og að þm. Reykjanesskagans verði fjölgað um 3, þannig að þau byggðarlög, sem nú eru í Gull-

bringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfirði og kjósa 2 þm., kjósi framvegis 5 þm. En í þessum landshluta hefur fjölgun íbúanna orðið hvað mest utan Reykjavíkur á undanförnum árum.

Ég skal ekki rekja efni þessa frv. frekar, enda hefur það verið gert áður. En ég leyfi mér að benda á það, að ágreiningsatriði milli þeirra þriggja flokka, sem þetta frv. flytja, og andstæðinga málsins, Framsfl., eru nú orðin miklu færri en þau voru fyrir tiltölulega skömmum tíma. Flm. þessa frv. leggja til, að tala þm. verði samtals 60, 49 kjördæmakosnir og 11 uppbótarþm. Framsfl. leggur til, að þm.-talan verði hin sama og gert er ráð fyrir í þessu frv. Hann vill aðeins hafa uppbótarþingsætin einu færra, 10 í stað 11. Jafnframt leggur Framsfl. til, að kjördæmakosnir þm. verði 50. Um þetta atriði er því óþarfi að deila. Í frv. er einnig lagt til, að þm. Reykjavíkur verði fjölgað um 4. Framsóknarmenn leggja einnig til, að þm. höfuðborgarinnar verði fjölgað um sömu tölu. Ekki getur þessi fjölgun til höfuðborgarinnar því valdið miklum ágreiningi, úr því sem komið er. Í frv. er lagt til, að þm. Reykjanesskagans verði fjölgað um 3 upp í 5. Framsóknarmenn leggja til, að þessi landshluti fái sömu þingmannatölu. Í till. framsóknarmanna er einnig gert ráð fyrir, að hlutfallskosningarnar, sem upp voru teknar í tvímenningskjördæmunum árið 1942, haldist.

Hvað er þá orðið eftir af sérstöðu Framsfl. í þessu máli? Hann vill fjölga þm. jafnmikið í þéttbýlinu og flm. þessa frv. leggja til. Hann vill enn fremur halda hlutfallskosningunni í tvímenningskjördæmunum. Og loks lýsir hann því yfir, að hann sé fylgjandi því, að úthlutað verði svo að segja sömu tölu uppbótarþingsæta og gert er ráð fyrir í þessu frv. Hvernig getur Framsfl., eftir að hafa markað þessa stefnu, talið þetta frv. fela í sér stórkostlega réttindaskerðingu fyrir strjálbýlið og þá fyrst og fremst fyrir sveitirnar? Í hverju er sú stórkostlega hætta fólgin, sem hann sífellt talar um að nú vofi yfir strjálbýlinu? Það, sem eftir stendur af sérstöðu Framsfl., er aðeins andstaða hans gegn hlutfallskosningunum. En einnig því sjónarmiði sínu hefur Framsfl. reynzt ótrúr. Hann leggur til, að haldið verði hlutfallskosningu í Reykjavík og í tvímenningskjördæmunum og upp tekin hlutfallskosning á Akureyri, þar sem hann leggur til að 2 þm. verði kjörnir. Engum getur blandazt hugur um það, hver er raunveruleg ástæða þessarar afstöðu Framsfl. Í Reykjavík og á Akureyri getur hann haft hag af því, unnið á því þingsæti, að kosið sé með hlutfallskosningum. Þar vill Framsfl. hafa hlutfallskosningu. Í öðrum landshlutum og þá fyrst og fremst í einmenningskjördæmunum telur hann sig hafa hag af því að hafa meirihlutakosningu. Þess vegna er Framsfl. á móti hlutfallskosningum þar.

Hv. þm. Str. talaði um það hér á laugardaginn, að barátta Sjálfstfl. og annarra flokka, sem þessu máli eru fylgjandi, fyrir hlutfallskosningum um land allt byggðist fyrst og fremst á pólitiskum hagsmunum þeirra. En hvers vegna vill Framsfl. hafa hlutfallskosningar í Reykjavík og á Akureyri, en ekki í öðrum landshlutum? Ætli það sé ekki vegna þess, að hann er að gæta pólitiskra hagsmuna sinna? En vegna þess að hlutfallskosningarnar eru nú orðnar aðalágreiningsatriðið og e. t. v. eina ágreiningsatriðið í sambandi við afgreiðslu þessa máls, þykir mér rétt að rekja lauslega sögu þeirra hér á landi.

Fyrstu skýrt mótuðu till. og óskirnar um hlutfallskosningar hér á landi koma fram í tímaritsgrein, sem Páll amtmaður Briem ritar árið 1900. Færir hann þar rök að því, að þetta kosningaform sé réttlátara og skynsamlegra en meirihlutakosningin og tryggi sérstaklega rétt minni hl. til þess að hafa áhrif á stjórn landsins. Páll Briem kemst m. a. að orði á þessa leið í tímaritsgrein sinni, sem hann áður hafði flutt um fyrirlestur:

„Atkvæði hvers kjósanda á að hafa fullt gildi í hlutfalli við önnur atkv., eigi aðeins er snertir þann mann, er hann vill kjósa, heldur þann flokk, er hann fylgir að málum. Atkv. eins kjósanda er ekki betra en annars."

Næst gerist svo það, að Hannes Hafstein flytur á Alþ. árið 1905 frv. um að skipta landinu í 7 kjördæmi, er kjósi 4—6 þm. með hlutfallskosningum. Vakti þessi till. þegar mikla athygli og vann sér mikið fylgi. Árið 1907 flytur Hannes aftur þetta frv., og munaði þá minnstu, að það næði samþykki á Alþingi. Margir þjóðþekktir og merkir stjórnmálamenn lýstu fylgi sínu við hlutfallskosningarnar og hina nýju kjördæmaskipun, sem Hannes Hafstein lagði til að tekin yrði upp. Meðal annarra komst hinn merki samvinnufrömuður og bóndi, Pétur Jónsson frá Gautlöndum, þm. S-Þ., að orði um hlutfallskosningarnar á þessa leið:

„Það hafa viðurkennt nálega allir, sem á þetta mál hafa minnzt, að hlutfallskosningin er sú réttlátasta kosning, sú kosning, sem leyfir flestum skoðunum að koma fram á sjónarsviðið á eðlilegan hátt, ef þær hafa nokkurt verulegt fylgi í landinu, í stuttu máli fegursta kosningaaðferðin."

Ólafur Briem bóndi á Álfgeirsvöllum gerðist einnig mikill stuðningsmaður hlutfallskosninganna. Komst hann m. a. að orði um frv. á þessa leið:

„Andmælendur frv. játa, að til grundvallar fyrir því liggi frjálslyndi, réttlæti og hagsýni. En þeir segja, að ekki sé enn kominn tími til að innleiða slík lög, sakir þess að þjóðin sé þeim andhverf. Ég get ekki séð, að fullgild ástæða sé til þess að byggja eingöngu á undirtektum þingmálafunda um þetta mál, enda er það ekkert nýstárlegt að breyta til lögum eftir því, sem reynslan kennir að bezt fari."

Þórhallur Bjarnarson biskup, þáv. þm. Borgf., bar fram þá brtt. til frv. Hannesar Hafsteins, að kjördæmin yrðu 4 í stað 7, og taldi heppilegt að miða við gömlu fjórðungaskiptin. Komst hann í því sambandi að orði á þessa leið:

„Fyrir mér eru góð hlutfallskosningalög hita- og kappsmál, því að þau eru runnin af rót réttlætishugsjóna."

Hannes Hafstein flutti einnig glögg rök fyrir réttmæti hlutfallskosninganna, og margir

fleiri ágætir og merkir menn töldu rétt að taka þetta kosningafyrirkomulag upp.

Í framhaldi af ummælum þessara manna um hlutfallskosningafrv. Hannesar Hafsteins má svo geta þess, að einn merkasti leiðtogi Framsfl. og skapari hans, Jónas Jónsson frá Hriflu, hefur ritað greinar, þar sem hann hefur tekið sterklega undir þessa till. og talið það íslenzku lýðræði og þingræði til eflingar, að landinu yrði skipt í nokkur stór kjördæmi með hlutfallskosningum.

Einnig er þess skemmst að minnast, að einn af núv. miðstjórnarmönnum Framsfl., Gunnar Þórðarson bóndi í Grænumýrartungu, ritaði fyrir 4 eða 5 árum grein í Tímann, þar sem hann lagði til, að hlutfallskosning yrði upp tekin um land allt. Hann lagði aðeins til, að kjördæmin yrðu nokkru minni en gert er ráð fyrir í frv. þessu. En grein hans byggðist á sömu meginstefnu um nytsemi hlutfallskosninganna, eins og fram kemur í því frv., sem hér liggur fyrir til umr.

Framsóknarmenn reyna nú að brennimerkja alla þá, sem berjast fyrir hlutfallskosningum í stórum kjördæmum og frv. því, sem hér liggur fyrir, sem fjandmenn sveitanna. En treysta þeir sér til þess að fullyrða, að Pétur á Gautlöndum, Hannes Hafstein, Þórhallur biskup, Jónas frá Hriflu og Gunnar frá Grænumýrartungu hafi byggt till. sínar um hlutfallskosningar um land allt á illvilja til sveitanna eða strjálbýlisins yfirleitt?

Hlutfallskosningar til Alþingis eru fyrst teknar upp árið 1915, þegar konungkjörið er afnumið og stjórnarskránni breytt þannig, að landskjör 6 þm. er tekið upp. Þegar þessi breyt. var gerð, er ekki annað vitað en allir hafi verið sammála um hið nýja kosningafyrirkomulag. Engar raddir heyrðust þá um, að með landskjöri 6 þm. væri verið að skerða rétt strjálbýlisins eða sýna sveitunum sérstakan fjandskap. Var þó landið allt með þessari breyt. að vissu leyti gert að einu kjördæmi.

Næsti áfangi í sögu hlutfallskosninganna hér á landi er svo stjórnarskrárbreytingin, sem gerð er árið 1920. Þá er þm. Reykjavíkur fjölgað upp í 4 og ákveðið, að þeir skuli allir kosnir með hlutfallskosningu. Mér er ekki kunnugt um, að framsóknarmenn, sem þá voru orðnir allstór flokkur á Alþ., hafi látið í ljós sérstakan ótta við hlutfallskosningar yfirleitt, þegar þessi breyt. var gerð. Engin mótmæli bárust a. m. k. úr hópi þeirra gegn því, að hlutfallskosning væri tekin upp í Reykjavík.

Með lögtöku uppbótarsætanna 11 árið 1934 er að vissu leyti gengið lengra á braut hlutfallskosninganna. Þau eru í raun og veru nýtt form á landskjöri, form, sem tekið er upp til þess að ná meiri jöfnuði og réttlæti milli þingflokka. Margir framsóknarmenn börðust, eins og vitað er, gegn þessari leiðréttingu á kjördæmaskipuninni, sem miðaði að því að gera Alþ. að réttari mynd af vilja þjóðarinnar. En ýmsir af leiðtogum þeirra og merkari þm. munu þó hafa átt nokkurn þátt í því, að þessi leið var farin.

Árið 1942 eru svo hlutfallskosningar teknar upp í 6 tvímenningskjördæmum. Framsóknarmenn börðust eins og ljón gegn þeirri breyt. og töldu, að hún mundi hafa í för með sér stórfellt óhagræði fyrir íbúa þessara héraða. Reynslan hefur hins vegar orðið sú, sem allir íbúar tvímenningskjördæmanna viðurkenna nú, að aldrei hefur verið unnið betur að framfaramálum þessara kjördæma en síðan flest þeirra fengu þingfulltrúa úr tveimur stærstu stjórnmálaflokkum þjóðarinnar. Og nú er svo komið, að framsóknarmenn treysta sér ekki til þess að flytja till. um afnám hlutfallskosninga í tvímenningskjördæmum.

Enn má á það benda, að á árinu 1937 beittu framsóknarmenn sér sjálfir fyrir því, að hlutfallskosningar í stórum kjördæmum voru teknar upp til búnaðarþings. Hefur sú skipan haldizt í aðalatriðum síðan og gefizt vel, enda þótt nokkrum kjördæmum hafi verið skipt í smærri kjördæmi síðar.

Hvernig geta framsóknarmenn með rökum haldið því fram gagnvart bændum, að það sé í samræmi við hagsmuni þeirra, að þeir kjósi með hlutfallskosningum í stórum kjördæmum til síns eigin stéttaþings, en hins vegar sé þeim hinn mesti háski búinn, ef sama skipulag verði tekið upp að því er varði kosningu á fulltrúum þeirra til Alþingis?

Ég vil einnig minna á það, að árið 1903 eru teknar upp hlutfallskosningar til bæjarstjórna í kaupstöðum um land allt. Er ekki annað vitað en sú skipun hafi gefizt vel, og engar tillögur hafa verið uppi um það að afnema hlutfallskosningar til bæjarstjórna, hvorki í Reykjavík né úti um land. Er nú svo komið, að allt frá árinu 1936 hefur það ákvæði verið í l. um hreppa, þar sem ¾ íbúanna eru búsettir í kauptúni, að þar skuli kosið með hlutfallskosningu til hreppsnefnda. Einnig er vitað, að í mörgum sveitahreppum viðs vegar um land er kosið með hlutfallskosningu. Þjóðin hefur þannig, eins og sést af þessari örstuttu sögu hlutfallskosninganna hér á landi, enga ástæðu til þess að óttast þær.

Á það má einnig benda, að allar þær þjóðir, sem okkur eru skyldastar, þ. e. a. s. Norðurlandaþjóðirnar, hafa um langt skeið haft hlutfallskosningu til þjóðþinga sinna. Bæði Norðmenn, Danir, Svíar og Finnar kjósa þannig til þinga sinna. Engum kemur til hugar í þessum löndum að krefjast afnáms hlutfallskosninganna. Þær hafa þvert á móti reynzt réttlátar og gagnlegar í framkvæmd. Af þeim hefur ekki leitt stjórnmálalega ringulreið, þvert á móti er það viðurkennt, að þessar þjóðir, sem allar eru þroskaðar lýðræðisþjóðir, búi við festu og öryggi í stjórnmálum sínum.

Þeir erfiðleikar, sem orðið hefur vart í finnskum stjórnmálum á síðustu árum, spretta ekki af kosningafyrirkomulagi landsins, heldur af utanríkispólitískum ástæðum og nábýlinu við volduga einræðisþjóð. Bretar og Bandaríkjamenn hafa að vísu talið sér henta betur að halda í meirihlutakosningu í einmenningskjördæmum. En þar gegnir allt öðru máli en hér. Fólksfjöldi í hverju einstöku kjördæmi er þar svo mikill, að kostir meirihlutakosningar-

innar njóta sín miklu betur en í örfámennu þjóðfélagi eins og hinu íslenzka.

Annars fer því víðs fjarri, að Framsfl. hafi verið trúr þeirri stefnu sinni að vilja skipta landinu í einmenningskjördæmi. Innan Sjálfstfl. hafa einmenningskjördæmin lengstum átt mikið fylgi. En sjálfstæðismenn hafa bundið fylgi sitt við þau því skilyrði, að sama kosningafyrirkomulag gilti um allt land, að Reykjavík og hinum stærri kaupstöðum og þéttbýli yrði þá einnig skipt í einmenningskjördæmi með meirihlutakosningu. En á það hafa framsóknarmenn aldrei viljað fallast. Sjálfur álít ég, að einmenningskjördæmin með meirihlutakosningu hafi ýmsa kosti, en þau hafa einnig stóra galla, eins og reynsla þjóðarinnar sýnir glögglega á síðari árum.

Hv. þingmenn Framsfl. hafa mjög haldið því fram, að núv. kjördæmaskipun væri fornhelg og byggðist á sögulegri þróun sýslna og héraðsstjórna. En þessi staðhæfing er ekki í neinu samræmi við staðreyndirnar. Kjördæmaskipunin er fyrir löngu gersamlega klofin frá sýsluskipuninni. Á það má einnig benda, að gamla sýsluskiptingin er á marga lund miklu líkari þeirri kjördæmaskipun, sem nú er verið að lögleiða, heldur en núv. kjördæmaskipun. Þetta sést greinilega, þegar litið er á sýsluskiptinguna, eins og hún var á 14. öld, en þá skiptist landið í 9 sýslur samkv. því, sem hinn ágæti fræðimaður, dr. Jón Jóhannesson prófessor, segir í riti sínu „Saga Íslendinga". Segir dr. Jón, að þær hafi skipzt samkv. eftirfarandi mörkum:

1) Milli Hrútafjarðarár og Siglufjarðar (Húnavatns- og Hegranesþing).
2) Milli Siglufjarðar og Helkunduheiðar (Vöðla- og Þingeyjarþing).
3) Milli Helkunduheiðar og Lónsheiðar (Múlaþing).
4) Milli Lónsheiðar og Jökulsár (Skaftafellsþing).
5) Milli Jökulsár og Þjórsár (Rangárþing).
6) Milli Þjórsár og Botnsár (Árnes- og Kjalarnesþing).
7) Milli Botnsár og Langár (Þverárþing).
8) Milli Langár og Þorskafjarðarár (Þórsnesþing).
9) Milli Þorskafjarðarár og Hrútafjarðarár (Þorskafjarðarþing).

Af þessari upptalningu sést það greinilega, að væntanlegt Vestfjarðakjördæmi og bæði Norðurlandskjördæmin skv. frv. því, sem hér liggur fyrir, ná yfir nákvæmlega sömu svæði og hinar gömlu sýslur náðu á 14. öld. Síðar hafa svo margvíslegar breytingar orðið á sýsluskiptingunni. En kjarni málsins er sá, að það er hið erlenda konungsvald, sem ræður hinni fyrstu kjördæmaskipun hins endurreista Alþingis.

Í sambandi við tal framsóknarmanna um hin fornhelgu kjördæmi, sem konungsvaldið ákvað með tilskipuninni um endurreisn Alþingis, má benda á það, að þegar konungkjörið var afnumið og landskjörið tekið upp árið 1915, minntist enginn á, að konungkjörið væri „fornheilagt", enda þótt það hefði verið ákveðið um leið og Alþ. var endurreist, árið 1845. Enginn minntist heldur á það þá, að réttur karlmanna til þess að neyta kosningarréttar einir væri „fornhelgur" og af þeirri ástæðu mættu konur ekki öðlast kosningarrétt. En með stjórnskipunarlögunum frá 1915 var konum veittur kosningarréttur og þar með náð merkum áfanga á þróunarbraut íslenzks lýðræðis.

Af þessu sést það enn, hversu orðræður framsóknarmanna um, að kjördæmaskipunin frá 1845, sem byggðist á konunglegri tilskipun, sé fornhelg og við hornsteinum hennar megi ekki hrófla, eru rakalausar.

Framsóknarmenn segja, að sú kjördæmaskipun, sem lagt er til að verði upp tekin í þessu frv., feli í sér ranglæti gagnvart strjálbýlinu. Í þessu sambandi vil ég benda á það, að þegar athuguð er kjósendatalan á bak við hvern þingmann í hinum væntanlegu kjördæmum, miðað við síðustu kosningar, kemur það í ljós, að í strjálbýlinu verða fæstir kjósendur um hvern þingmann. Í Austurlandskjördæminu verða t. d. 1143 kjósendur um hvern þm., Vestfjarðakjördæmi 1167, Norðurlandskjördæmi vestra 1175 og Vesturlandskjördæmi 1256 um hvern þm. Hins vegar verða 1425 kjósendur um hvern þm. í Suðurlandskjördæmi og í Norðurlandskjördæmi eystra 1815, en í því kjördæmi er Akureyri. Í Reykjaneskjördæmi verða 2180 um hvern þm. og í Reykjavík 3133 kjósendur um hvern þm.

Af þessum tölum verður það ljóst, að því fer fjarri, að gengið sé á hlut strjálbýlisins með hinni nýju kjördæmaskipun. Þvert á móti er gert ráð fyrir, að fólkið í strjálbýlustu hlutum landsins hafi allt að því þrefaldan atkvæðisrétt á við kjósendur í Reykjavík. Það er einnig mín skoðun, að réttlátt sé og eðlilegt, að strjálbýlið hafi hlutfallslega nokkru fleiri fulltrúa en þéttbýlið, sem hefur að mörgu leyti betri aðstöðu. Er sú stefna einnig viðurkennd í þessu frv.

Sú staðreynd liggur nú einnig fyrir, að framsóknarmenn hafa sjálfir lagt til, að Reykjavík fái jafnmarga þm. og gert er ráð fyrir í samkomulagsfrv. því, sem hér liggur fyrir frá þremur stjórnmálaflokkum. Eftir að framsóknarmenn hafa sjálfir flutt till. um sömu fulltrúatölu höfuðborgarinnar, geta þeir naumast haldið því fram, að með slíkum tillögum sé verið að ganga stórkostlega á hlut fólksins í strjálbýlinu.

Hv. þm. Str. deildi mjög á starfsháttu stjskrn., sem skipuð var eftir stofnun lýðveldisins 1944. Taldi hv. þm., að allir flokkar hefðu verið sammála um endurskoðun stjórnarskrárinnar og henni hefði átt að geta verið lokið fyrir löngu. Kenndi hann formanni stjskrn., hv. 1. þm. Reykv. (BBen), um það, að n. hefði gefizt upp við hlutverk sitt.

Hv. þm. Str. hefur í þessari frásögn sinni hallað sannleikanum mjög. Sannleikurinn er sá, að fulltrúar Sjálfstfl. lögðu einir allra fulltrúa í stjskrn. í nóv. 1952 fram till. í n. um breyt. á stjórnarskránni, og þar á meðal tjáðu þeir sig fúsa til samninga um nýja kjördæmaskipan, hvort heldur væri á grundvelli ein-

menningskjördæma um land allt eða hlutfallskosninga í nokkrum stórum kjördæmum. Þegar sjálfstæðismenn höfðu lagt þessa till. fram, varð um það samkomulag í nefndinni í samráði við ríkisstj. Steingríms Steinþórssonar, sem þá fór með völd, að áframhaldandi starf n. væri þýðingarlaust, á meðan ekkert samkomulag fengist um kjördæmaskipunina. Var þá ákveðið, að nefndin skyldi koma saman til fundar, jafnskjótt og einhver einn nefndarmanna óskaði. Engin ósk hefur allt til þessa dags borizt um það, að kvatt yrði til fundar í stjórnarskrárnefnd.

Samkomulagið um, að nefndin skyldi hætta störfum, var staðfest af Steingrími Steinþórssyni, þáv. hæstv. forsrh., með því, að hann tilnefndi engan mann í stað Ólafs prófessors Jóhannessonar, sem sagði sig úr nefndinni um áramótin 1952 og 1953. Frá þessu er greinilega skýrt í nál. meiri hl. stjskrn. Nd. um þetta frv., *og sé ég ekki ástæðu til að rekja sögu* þess frekar hér. Aðeins má benda á það, að þegar vinstri stjórnin var mynduð undir forustu hv. þm. Str. í júlí 1956, ákváðu stuðningsflokkar hennar, að þeir skyldu reyna að leysa málið með samningum sín á milli, en ekki innan stjórnarskrárnefndar undir forustu varaformanns Sjálfstfl., en einnig þetta loforð sitt sveik síðasta ríkisstj. hv. þm. Str.

Kjarni málsins er auðvitað sá, að samkomulag um endurskoðun stjórnarskrárinnar hefur ekki náðst vegna þess, að við Framsfl. hefur ekki verið hægt að ná neinum samningum um kjördæmamálið. Hann hefur jafnan reynt að þvælast fyrir réttlátri lausn þess máls og þá ekki hirt um, þó að það bitnaði á heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Það situr því vissulega illa á hv. þm. Str. að fárast nú yfir því, að andstöðuflokkar Framsfl. hafi hindrað endurskoðun stjórnarskrárinnar. Framsfl. ber þar langsamlega mesta ábyrgð.

Hv. þm. Str. lét einnig liggja að því, að stækkun kjördæmanna og upptaka hlutfallskosninga hafi fyrst og fremst það markmið að draga úr opinberum framlögum til framkvæmda í strjálbýlinu. Þetta sögðu hv. framsóknarmenn líka, þegar hlutfallskosningarnar voru teknar upp í tvímenningskjördæmunum árið 1942. Þá sögðu þeir, að lækka ætti framlög til vega, brúa og annarra verklegra framkvæmda í þágu landbúnaðarins, strax og búið væri að koma á hlutfallskosningunum. En hvað *segir reynslan í þessum efnum? Ég minntist á* það hér áðan. Almenningur í tvímenningskjördæmunum mun nú yfirleitt sammála um það, að aldrei hafi verið haldið betur á málum héraða þeirra en einmitt síðan hlutfallskosningarnar voru teknar upp.

Í framhaldi af fullyrðingu sinni um það, að kjördæmin væru stækkuð og hlutfallskosningar teknar upp til þess að draga úr fjárframlögum til verklegra framkvæmda í sveitunum, endurtók hv. þm. Str. fullyrðingu sína og annarra framsóknarmanna um það, að núv. ríkisstjórn og þeir aðrir, sem staðið hafa að afgreiðslu fjárlaga, hefðu beitt sér þar fyrir stórfelldum niðurskurði á fjárveitingum til verklegra framkvæmda. Ég hélt, að framsóknarmenn mundu láta sér nægja að halda þessari blekkingu fram, áður en fjárlög voru afgreidd, áður en þjóðin sæi framan í svip fjárlaganna. En jafnvel nú, eftir að alþjóð veit, hvernig fjárlögin líta út og hvernig hagað er fjárveitingu til einstakra framkvæmda, halda framsóknarmenn áfram að halda fram gersamlega ósönnum fullyrðingum um það, að dregið hafi verið stórkostlega úr framlögum til nauðsynlegra framkvæmda í sveitum landsins.

Allir hv. þm. vita, að fjárframlög til vega og brúa hafa ekki verið skorin niður um einn eyri. Fjárframlög til hafna og lendingarbóta um land allt hafa verið hækkuð og þar að auki tryggt lán til þess að vinna að hafnarframkvæmdum á skipulegri hátt og í stærri stíl en unnt hefur verið undanfarin ár. Allir hv. þm. vita líka, að tryggt hefur verið lán til þess að halda í horfinu með raforkuframkvæmdir og tryggja framkvæmd 10 ára rafvæðingaráætlunarinnar, sem fyrrv. ríkisstj. undir forustu hv. þm. Str. vanrækti mjög. Kom sú vanræksla m. a. fram í því, að látið var undan fallast að leggja raforku til 232 sveitabýla, sem áttu að hafa fengið rafmagn samkvæmt rafvæðingaráætluninni fyrir árslok 1958.

Það gefur góða hugmynd um andlegt ástand framsóknarmanna um þessar mundir, að hv. þm. Str. hélt því einnig fram, að það sýndi þrælslund, að hv. 2. þm. Skagf. (JS) skyldi leyfa sér að minnast á það í útvarpsumræðunum í Nd. um daginn, að íslenzkum bændum gæti verið gagnleg samvinna við fólkið í þéttbýlinu, í stað þess að láta einangra sig og fá þannig miklu verri aðstöðu til þess að koma málum sínum fram. Ég er sannfærður um það, að mikill meiri hluti bænda í öllum landshlutum vill eiga góða samvinnu við fólkið við sjávarsíðuna og telur það miklu vænlegra til þess að skapa nauðsynlegan skilning á þörfum og hagsmunum sveitanna. En framsóknarmenn hafa alltaf reynt að ala á úlfúð og illindum milli sveitafólksins og almennings í sjávarþorpum og kaupstöðum landsins. Slíkt er vissulega síður en svo til þess fallið að bæta aðstöðu þess. Ummæli Jóns á Reynistað í útvarpsumræðunum áttu því við fyllstu rök að styðjast. Það sýnir líka seka samvizku framsóknarmanna, að þeir hafa undanfarnar vikur látið Tímann halda uppi taumlausum árásum á þennan merka þingbónda og héraðshöfðingja fyrir hina rökföstu útvarpsræðu hans við 1. umr. kjördæmafrv. í Nd. Hefur þetta gengið svo langt, að forustugrein Tímans hefur verið nokkurs konar framhaldssaga um Jón á Reynistað og ræðu hans. Mun það enn sanna það, að hann er einn raunsæjasti forustumaður íslenzkra bænda í dag.

Þá fjölyrti hv. þm. Str. mjög um það, að sjálfstæðismenn hefðu á undanförnum árum lýst því yfir, að hlutfallskosningar í stórum kjördæmum kæmu ekki til greina. Þessi ummæli hv. þm. hafa við lítil rök að styðjast. Ýmsir af forustumönnum Sjálfstfl. hafa í ræðu

og riti rætt um kosti stórra kjördæma með hlutfallskosningu, þ. á m. hv. þm. A-Húnv. (JPálm), sem fyrir mörgum árum ritaði um þetta greinar í víðlesnustu blöð landsins. Enginn hefur orðið var við það, að Jón Pálmason tapaði fylgi, hvorki í Austur-Húnavatnssýslu né í öðrum landshlutum, enda þótt hann hafi rætt þetta mál af fullri hreinskilni og lýst sig fylgjandi því kosningafyrirkomulagi fyrir mörgum árum, sem nú á að lögtaka. Svipuðu máli gegnir einnig um hv. 7. þm. Reykv. (GTh), sem einnig hefur í ræðum og riti mörg undanfarin ár haldið mjög fram kosti hlutfallskosninga. Hitt er svo annað mál, að auðvitað breytist afstaða manna til einstakra þjóðmála og oft á skemmri tíma en liðinn er síðan 1942, er kjördæmaskipuninni var síðast breytt.

Síðan hefur það m. a. sannazt áþreifanlega, að ómögulegt er að ná neinu samkomulagi við Framsfl. um heilbrigða og réttláta kjördæmaskipun, hvorki um að skipta öllu landinu í einmenningskjördæmi né aðra skipan. Mér heyrðist einnig á ræðu hv. þm. Str. hér á laugardaginn sem afstaða hans til manna og málefna í íslenzkum stjórnmálum hefði að ýmsu leyti breytzt ekki óverulega jafnvel á skemmri tíma en 17 árum, sem liðin eru frá því, að síðasta kjördæmabreyting var samþykkt. Hann talaði allt öðruvísi um samstarfsflokk sinn og bandalagsflokk frá kosningunum 1956, Alþfl., í ræðunni á laugardaginn en hann talaði um hann vorið 1956. Árið 1956, þegar Framsfl. var að hefja samvinnu við Alþfl. um kosningaundirbúning og ríkisstj., var Alþfl. „heilbrigður og góður" flokkur, málsvari alþýðunnar og jafnvel „frjálslyndur umbótaflokkur"! Í ræðu hv. þm. Str. á laugardaginn var þessi sami Alþfl. orðinn vondur flokkur, „flokkur, sem er að deyja", og flokkur, sem flutti þetta „ljóta mál" inn á Alþingi til þess að „geta lifað".

Hv. þm. Str. endurtók, að það ætti ekki að ráða svip stjórnskipunarlaga, að „flokkur væri að deyja". En það skyldi þó aldrei ráða neinu um afstöðu Framsfl. í kjördæmamálinu, að hann sjálfur vilji lifa og það góðu lífi með miklu þingfylgi þrátt fyrir takmarkað traust meðal íslenzkra kjósenda?

Hv. þm. Str. kallaði Sjálfstfl. í ræðu sinni „kaupmangaraflokk". Það er naumast ástæða til þess að svara þessum ummælum hv. þm., en ástæða er þó til þess að vekja athygli á því, að þau eru mælt af manni, sem telur það helgustu skyldu sína að standa trúan vörð um mesta auðfyrirtæki landsins. Það er víst engin hætta á því, að þessi hv. þm. og flokkur hans verði kenndur við kaupmang, brask eða hermang, jafnvel ekki með olíu á Keflavíkurflugvelli!

Hv. þm. Barð. sagði í sinni ræðu hér á laugardaginn, að ekki væri hægt að gæta hagsmuna fólksins í litlu kjördæmunum, eftir að hlutfallskosning hefði verið tekin upp í stórum kjördæmum og það fólk, sem núna á heima í einmenningskjördæmum, væri orðið kjósendur í stærri kjördæmum. Af tilefni þessara ummæla hv. þm. Barð. mætti spyrja hann og hv. þm. Str. að því, hvort þeir ætli sér að hætta að berjast fyrir hagsmunum fólksins í Strandasýslu og Barðastrandarsýslu, ef þeir kynnu að verða kosnir á þing í hinu nýja Vestfjarðakjördæmi. Missa þeir virkilega allan áhuga fyrir hagsmunamálum fólksins í þessum héruðum, þótt þeir verði kosnir með atkv. fleira fólks en þeir hafa hingað til haft að baki við kosningu sína? Þá ályktun virðist mega draga af ummælum hv. þm. Barð. og hv. þm. Str.

Ég vil segja þessum hv. þm. Framsfl. það, að það er ekki ætlan mín að láta af baráttu fyrir framfaramálum fólksins við Ísafjarðardjúp, sem hingað til hefur verið kjósendur mínir, enda þótt ég kynni með haustinu að verða kosinn á þing í hinu nýja Vestfjarðakjördæmi, sem nær yfir allar sýslur Vestfjarða. Ég mun þvert á móti halda áfram að gæta hagsmuna þess hér á Alþ. eftir megni, um leið og ég teldi mér skylt að berjast jafnhliða fyrir hagsmunum annarra byggðarlaga á Vestfjörðum. Ég geri mér vonir um, að milli allra þm. hins nýja Vestfjarðakjördæmis geti tekizt góð samvinna um framfara- og hagsmunamál þess landshluta. Það er einmitt slík samvinna, sem strjálbýlið þarf mjög á að halda, ekki aðeins milli þm. sinna, heldur og milli hinna einstöku byggðarlaga og ráðamanna þeirra. Og það er mín skoðun, að með hinum stærri kjördæmum muni samvinna fólksins í strjálbýlinu aukast að miklum mun og styrkja aðstöðu þess í sókn þess fyrir bættum lífskjörum, meira jafnrétti og batnandi aðstöðu í lífsbaráttunni. Það er líka fjarstæða, sem hv. þm. Framsfl. þrástagast á, að tengslin milli þm. og kjósenda séu úr sögunni með stækkun kjördæmanna. Þm. og stjórnmálaflokkarnir hafa nákvæmlega sömu hagsmuna að gæta í því eftir sem áður að halda tengslum við fólkið, þekkja óskir þess og vilja og reyna að fullnægja réttmætum kröfum þess. Við þm. Sjálfstfl., sem fylgjum þessu frv. og hinni nýju kjördæmaskipun, sem það gerir ráð fyrir, gerum það vegna þess, að við teljum, að með því sé lagður grundvöllur að auknu réttlæti, traustara lýðræði og þingræði og heilbrigðara stjórnarfari í landinu.

Það er vissulega kaldhæðni örlaganna, að sá stjórnmálaflokkur, sem fyrst og fremst hefur kennt sig við samvinnustefnuna, skuli snúast gegn þeirri breyt. á kjördæmaskipun landsins, sem einmitt mun hafa rík áhrif í þá átt að auka samvinnu héraðanna og fólks þeirra um hagmunamál þess. En Framsfl. hefur dagað uppi eins og nátttröll, sem lítur brún nýs dags á lofti. Hann hefur á sér yfirskin samvinnunnar, en afneitar hennar krafti. En enginn stjórnmálaflokkur þolir það til lengdar að standa gegn heilbrigðri þróun í þjóðfélagi sínu. Þess vegna á Framsfl. eftir að iðrast þess sárlega, að hann hefur staðið eins og þrándur í götu alls samkomulags um réttláta lausn kjördæmamálsins. Misréttinu verður eytt og réttlætið mun sigra, og á grundvelli þess mun Alþingi, hin fornhelgasta stofnun þessarar þjóðar, halda áfram að vera brjóstvörn íslenzku þjóðarinnar í sveit og við sjó, í sókn hennar fyrir batnandi þjóðfélagi í landi sínu.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég mun líta nokkuð öðrum augum á þetta mál en margir aðrir, og vildi ég þess vegna fá tækifæri til þess að segja nokkur orð, áður en málið færi til nefndar.

Þegar alþingiskjósendur eiga að velja sér þm., þá gera þeir það a. m. k. í sveitinni, en sveitamenningin hefur það fram yfir hina eiginlegu borgarmenningu, sem óvíða er komin á hér í bæjum enn, nema að nokkru leyti, að hún gerhugsar málin, og þar skapa Íslendingarnir sér sjálfir sjálfstæða skoðun á því, sem um er að ræða í hvert skipti. Þegar komin er á eiginleg bæjamenning, þá kemur hópsálin, sem verður fyrir áhrifum frá fjöldanum, og menn verða já-bræður án þess að hugsa málin sjálfir. Þegar þessir menn, sem eru sveitamenningarmenn, reyna að gerhugsa málin með afstöðu til heildarinnar og frambjóðenda, þá er það fyrst að athuga: hvaða mál eru það nú, sem ég er sammála þingmannsefnunum um, sem í boði eru, eða þm.? Og ég hygg, að það sé varla einn einasti kjósandi um allt land, sem er fullkomlega jábróðir þingmannsefnanna, sem í kjöri eru. Hann gerir hvert mál upp fyrir sig og finnur, að hann er sammála þessum manni í þessu máli, hinum frambjóðandanum í öðru máli o. s. frv. Og þegar hann er búinn að fara þannig gegnum málin, sem fyrir liggur að leysa á næstu árum, og hann veit, að sá þm., sem hann kýs, kemur til með að fjalla um, þá reynir hann að finna út úr því samnefnara, finna út úr því, með hverjum hann hefur mesta samstöðu. Þegar hann er í þessum vandræðum, þá er honum ákaflega mikils virði og það ríður oft baggamuninn, ef hann þekkir þingmannsefnið, og ef þeir þekkjast vel, þá kemur það fram, að hann hefur misjafnt traust á mönnunum sjálfum, eftir að hann kynnist þeim, og þá getur hann frekar sætt sig við að kjósa mann, sem ekki er honum sammála að öllu leyti. Ég þekki tvo bændur á landi hér, sem hafa ekki kosið yfir 20 ár, af því að þeir hafa aldrei fengið frambjóðanda, sem þeir hafa að öllu leyti getað sætt sig við, að öllu leyti verið sammála, og ekki komizt í tengsl við þá hins vegar, að þeir hafi getað kynnzt þeim það persónulega, að þeir hafi getað borið traust til þeirra, þegar þeir ekki fyrir fram voru sammála þeim í öllum málum.

Þetta sjónarmið gerir það að verkum, að ég tel glapræði og nærri því glæp gagnvart því, sem við erum að reyna að gera með því að láta sem allra flesta menn í landinu fá þá menntun og fá þá undirstöðu, að þeir geti myndað sér sjálfstæða skoðun um málin, að rjúfa þessi tengsl milli þingmannanna eða frambjóðendanna annars vegar og kjósendanna hins vegar. Ég hef í 25 ár verið frambjóðandi og þm. í Norður-Múlasýslu. Ég hef á hverju ári haldið fund í hverjum einasta hreppi. Ég þekki mennina, sem búa þar, persónulega og veit þeirra skoðanir allar saman mætavel, og margir af þeim hafa traust á mér, og það menn, sem eru ekki einu sinni það sem kallað er mínir flokksmenn, því að flokkarnir eru með stefnuskrár, sem eru svo loðnar, að það er venjulega hægt að túlka þær á ýmsa vegu, a. m. k. margar af þeim. En með því að verja svona hálfum mánuði eða þremur vikum í að finna þá á hverju ári, tala við þá um málin, sem fyrir liggja, heyra þeirra álit á þeim, og svo eins fyrir framboð, þá hafa myndazt milli okkar sæmilega góð persónuleg kynni. En hvernig á ég að gera það, þegar ég á að mæta á 35 fundum í stóra kjördæminu? Ef ég vildi halda áfram og vera þm. áfram, þá yrði ég að mæta á 35 fundum árlega til þess að geta haldið persónulegum kynnum við kjósendur. Ég hygg, að það verði með öllu ómögulegt. Sá maður, sem á að gera það, má a. m. k. ekki hafa mjög mikið að gera, ef hann á að reyna að halda þeim tengslum við. Ég tel, að honum sé það ómögulegt. Ég skal ekki segja kannske með sjálfan mig, ég var duglegur að ferðast á mínum yngri árum, þetta hefði ég getað gert, þegar ég var svona um þrítugt, fertugt, — hvort ég hefði þá getað verið á ferðinni liðugan mánuð til þess að kynnast þeim og lofa þeim að kynnast mér, ég skal ekki segja það, en ég efa það, og ég efa, að það verði gert. Þar að auki er svæðið það stórt og víðáttumikið, ég tek þetta svæði aðeins sem dæmi, en sama gildir um fleiri kjördæmi, að það er hér um bil útilokað, að kjósendur geti komið saman á fund til að ákveða, hverjir eigi að vera í framboði í hinum stóru kjördæmum. Það hlýtur óhjákvæmilega að færast, a. m. k. þegar lengra líður, yfir á miðstjórnirnar, og það er það, sem stefnt er að með þessu frv. Það er að auka vald flokksstjórnanna, rýra vald héraðanna og reyna að þurrka sem mest út þeirra sjónarmið eða skoðanir einstakra manna á þeim málum, sem fyrir liggja á hverjum tíma, neyða þá til þess að kjósa menn eftir flokkum, en ekki eftir því, hvernig kjósendurnir líta á þingmenn sem menn, þegar þeir eru búnir að meta sjálfstætt málin, sem fyrir liggja, og hver afstaða hvers og eins er til þeirra.

Það er þetta fyrst og fremst, sem mér þykir algerlega óhæfa í þessum stóru kjördæmum. Það er aukið flokksræðið og reynt að þurrka út, eins og skáldið Dal sagði, sveitamenninguna, með því að reyna að gera sveitafólkið að múgmennum, sem verða bara að gera svo vel að játa þær heildarskoðanir, sem flokkurinn hefur, og kjósa eftir því, án þess að geta komið að neinu sjálfstæðu frá sjálfum sér.

En einmitt þetta sama er svo orsök til þess, að ég tel hreint glapræði og glæpi næst að ætla sér að ákveða stjórnarskrá saman með öllum öðrum málum. Það er mælt svo fyrir í stjórnarskránni, að það eigi að ganga til atkvæða um hana sérstaklega, eftir að búið er að samþykkja hana á Alþ. En hvernig má það verða? Þá bætist þar við eitt málið enn, sem kjósandi verður að taka afstöðu til, þegar hann reynir að finna samnefnara skoðunum sínum, með hvaða þm. hann á helzt samstöðu. Og þá getur vel farið svo, við skulum segja sem dæmi, það getur vel farið svo,

að ég sem kjósandi einhvers staðar væri alveg sammála t. d. Ólafi Thors um það, hvernig hann vildi hafa breytingu á stjórnarskránni. Hvernig í lifandis ósköpunum ætti ég að kjósa svo lítið alvörugefinn mann og með þá fjármálastefnu, sem hann hefur? Ja, hvað ætti ég að gera? Eða Einar Olgeirsson? Við skulum hugsa okkur, að ég og hann værum alveg sammála, hvernig stjórnarskráin ætti að vera, alveg sammála, bæri ekkert á milli. En ætti ég þá að kjósa hann til að vinna á móti framgangi fjölda mála, sem ég teldi nauðsynleg, þó að ég væri sammála honum um þetta eina? Það er alveg útilokað, að kjósandi, sem hugsar málin, geti kosið um stjórnarskrána eina út af fyrir sig, þegar hann á að taka um leið afstöðu til fjöldamargra annarra mála. Þess vegna verður og á stjórnarskrá, sem talin er öðrum lögum æðri og undirstaða undir annarri lagasetningu þjóðarinnar, að afgreiðast alveg sér, kjósandinn á að greiða atkv. um hana eina og ekki taka tillit til neinna annarra mála, sem fyrir liggja, hvorki dægurmála, sem yrði að taka tillit til vegna alveg næstu ára, eða mála, sem hafa sjónarmið lengra fram í tímann.

Þessa skoðun hef ég látið í ljós fyrr á Alþingi. Og einmitt af því, að ég tel, að það eigi að kjósa um stjórnarskrána eina, þá á núna í þetta skipti ekki að gera neina aðra breyt. á stjórnarskránni en þá að skapa grundvöll fyrir því, að henni verði framvegis breytt á sérstöku stjórnlagaþingi, og þá breytingu á að setja inn í staðinn fyrir breyt., sem núna er á dagskrá, enda er ekki hróflað við nema einu atriði, kjördæmaskipuninni, af mýmörgum, sem þarf að breyta í stjórnarskránni. Þrátt fyrir langan umhugsunartíma hafa mennirnir, sem að því hafa unnið, ekki séð ástæðu til að hrófla við neinu öðru í henni, þó að líklega flestallir eða allir viðurkenni, að það sé margt í henni fleira, sem þurfi að bæta. Það á aldrei að geyma til morguns, sem hægt er að gera í dag, og það áttu þeir að gera og ekki hlíðra sér hjá því að koma með þær breytingar, sem þeir fundu réttmætar á henni, úr því að þeir fóru að gera breytinguna á annað borð.

Ég legg þess vegna alveg ákveðið til, að n., sem fær þetta mál hér til meðferðar, breyti því frv., sem fyrir liggur, og færi í það horf eitt, að það sé hægt að breyta og eigi að breyta stjórnarskránni framvegis á sérstöku stjórnlagaþingi. Þegar búið er að ákveða það, þurfa að koma till. um það frá einhverjum og einhverjum, — það getur verið frá hverjum sem vera skal, — hvernig þeir vilji láta breyta henni. Og þegar þjóðin er búin að átta sig á því á einu til tveimur árum, þá á að kjósa á þetta sérstaka stjórnlagaþing. Það má gerast í einu lagi um allt land, með hlutfallskosningu um allt land. Það er bara eitt einasta mál, sem um er kosið. Það þarf ekki að hafa sjónarmið af neinum kjördæmamálum eða neinu öðru en því eina máli, og þá kemur vilji þjóðarinnar skýrt fram, og þá hefur stjórnarskrárfrv. verið dregið út úr dægurþrasinu, en ekki haft inni í því eins og nú.

Þetta sjónarmið vildi ég láta koma fram, áður en málið færi í n., svo að það væri alveg eftir vilja nefndarinnar, hvort hún ekki vildi sinna því neitt, hvort stjórnarskrá landsins væri ekki meira virði en venjuleg lög, um það, hvort ætti að baða á hverju ári eða öðru hvoru ári, eða hvort það ætti að leyfa að veiða kola inni á fjörðum eða ekki o. s. frv., o. s. frv. Með því sýnir hún stjórnarskránni þann sóma, sem hún á að hafa, að hún sé rædd alveg sérstaklega og þjóðin fái sérstaklega að segja sitt álit um hana.

Þetta var það, sem ég vildi segja sérstaklega, áður en málið færi til nefndar. En úr því að ég stend hér í stólnum, þá langaði mig líka til að fá upplýsingar um annað. Ég skal ekkert vera að tala hér neitt mikið um gallana á þessu fyrirkomulagi, en ég hef þegar sagt, að það slítur tengslin milli þingmannanna og kjósendanna, og það tel ég til mikillar óþurftar, bæði beint og enn þá meira óbeint, þar sem það beinlínis hvetur menn til þess að hætta að hugsa sjálfstætt um málin og lausnina hverju sinni, heldur ætlast til, að þeir segi já og amen og verði bara málpípa einhverra annarra, sem leggja þeim orðin í munn.

En þetta hefur verið talið ákaflega mikið réttlætismál, að setja stór kjördæmi, og hefur þm. N-Ísf. (SB) rakið sögu málsins og lagt ákaflega mikið upp úr því, hvað nú stæðu misjafnlega mörg atkvæði bak við hvern þingmann. Því mótmælir enginn. En þegar við lítum á vald Alþingis og gerðir Alþingis, þá eru að sumu leyti störf Alþingis ósköp áþekk starfi sýslunefndar. Það úthlutar fé í kjördæmi, vegi, brýr o. s. frv., eins og sýslunefndirnar úthluta fé, hreppavegafé o. s. frv. í þennan og þennan hrepp. Þær setja reglugerðir, sem eru hreppunum lög, alveg eins og Alþingi setur lög, sem eru kjördæmunum og landinu öllu lög. Og ég ætla að spyrja þm. N-Ísf. að því, — ég held, að í stærsta hreppnum hjá honum hafi verið eitthvað liðugir 400 kjósendur við síðustu kosningar, líklega kringum 420—430 kannske, eitthvað svoleiðis, en í minnsta hreppnum hjá honum munu hafa verið um það bil 30, skelfing er þetta ranglátt gagnvart þessum 400, það er enn þá ranglátara en í stóru og litlu kjördæmunum, — mig langar til að spyrja þessa menn, sem halda þessu réttlæti svona ákaflega fast á lofti og ég er ekkert að mótmæla, hvernig þeir ætli sér að breyta kosningunum í sýslunefndirnar, svo að réttlætið komi fram. Á að fjölga í sýslunefnd Norður-Ísfirðinga, svo að Hólshreppurinn t. d. fái að kjósa nokkurn veginn þeim mun fleiri menn á sýslufund en Snæfjallahreppurinn, sem kýs einn núna, alveg jafnt og Hólshreppurinn, — ég held 19 kjósendur hafi verið í Snæfjallahreppi 1953, ég hef ekki gáð að því 1959, — eða Grunnavíkurhreppurinn, sem hafði eitthvað svipað? Á hvern hátt vill hann breyta því, svo að réttlætið komi fram þarna? Ég veit það ekki. En ég efast ekkert um, að þeir menn, sem hafa legið undir húðfeldi a. m. k. suma dag-

ana og ekki sýnt sig hér í deildinni tímunum saman, þeir hafa hugsað þetta alveg til enda, hvernig þetta réttlæti eigi að færast út. Þm. Ak. hér í deildinni er oddviti sýslunefndar í einu kjördæmi hér á landi, og hann kannast við það sama, að það standa ólíkt margir kjósendur á bak við t. d. fulltrúa úr Svarfaðardal eða fulltrúa úr Öxnadal eða fulltrúa úr Grímsey. Hvernig er hægt að breyta fyrirkomulaginu, svo að réttlætið komi þarna fram? Ég spyr. Ef það er lífsnauðsyn að ná réttlætinu í alþingiskosningunum, þá er ekki síður lífsnauðsyn að ná því í sýslunefndinni, það er alveg eins.

Ég hef heyrt það hér, sérstaklega hjá þm. Vestm. (JJós) nokkuð oft, er hann hefur verið með fjárbeiðnir fyrir sitt kjördæmi, að þetta væri ekki mikið og það væri sjálfsagt að vera með því, því að þetta kjördæmi, sem í hlut ætti, framleiddi svo mikið og greiddi svo mikið í ríkissjóðinn. Og ég hef orðið var við þetta hluthafasjónarmið víðar en hjá honum. Kannske þeir vilji láta sýslunefndirnar fara að nota sér það við úthlutun fjár í hreppana. Það gengi þá seint að koma Grunnavíkurhreppi í samband við þjóðveginn, ef það væri notað. Þess vegna vil ég gjarnan fá svar.

Ég skal að öðru leyti ekki ræða mikið um málið meira. En ég legg áherzlu á, að það sé ekki bætt við kjósendurna einu atriði enn, sem þeir þurfi að taka tillit til og reyna að finna samnefnara að saman við öll hin, sem fyrir eru, þegar þeir eru að glöggva sig á, hvaða frambjóðandi það er, sem hefur mesta samstöðu við þá í lausn málanna, heldur sé það málið, sem er ofar hinum málunum, breytingin á stjórnarskránni, tekið út úr og menn látnir kjósa um það mál eitt og afgreiða það á sérstöku þingi, sem til þess er kosið, og um það má kjósa hlutfallskosningu um allt land, til þess koma engin sérsjónarmið kjördæma til greina eða annað þess háttar, sem annars vill oft verða í kosningum til Alþingis.

Loks vil ég segja það, að ég kann heldur illa við það, þegar þingmenn bæði í ræðu og riti þykjast vera að hæla sér af því, hvað þeir eru duglegir fyrir þessi og þessi kjördæmi. Morgunblaðið var rétt nýlega að hæla þm. N-Ísf. fyrir dugnað fyrir kjördæmið. Hvað er það, sem þeir kalla dugnað fyrir kjördæmið? Ja, honum var hælt fyrir það, að hann væri duglegur að afla fjár í vegi og ýmislegt í þessu kjördæmi. Ég hef hálfgerða andstyggð á þessu. Ef þm. hefur ekki yfirsjón yfir allt landið og sér og veit, hvar þörfin er mest á vegum, þá er hann enginn maður til að vera þingmaður. Ef hann er það ranglátur að vera að reyna að útvega fé í sitt kjördæmi til að framkvæma þetta og þetta, þó að hann viti, að þörfin sé miklu meiri í öðrum kjördæmum, þá er hann beinlínis illa hæfur til að vera þingmaður, og á engum manni að hæla fyrir það. Ef þm. er ekki vaxinn yfir það músarholusjónarmið að sjá ekkert nema sitt kjördæmi og reyna að teygja fé þangað, þá er því ekki hælandi, það ætti að skamma hann fyrir það.

Þetta vildi ég líka láta koma fram. Og ég vildi óska, að íslenzkir kjósendur yxu upp úr því, og þeir gera það því betur margir, að vera með slík músarholusjónarmið og sjá ekkert út yfir sitt eigið kjördæmi. Ég hef staðið í mínu kjördæmi á fundi, þar sem ég var frambjóðandi. Þar voru óbrúaðar tvær ár, sem öllum kom saman um að þyrfti að brúa. Einn frambjóðandinn sagði: Ég skal sjá um, að þær verði brúaðar strax, bara strax næsta ár, ef því er að skipta. — Ég sagði: Ég ætla ekki að beita neinu ranglæti til að koma fram því, sem þið viljið, ég vil brúa líka. Ég hef yfirsýn yfir, hvaða ár þarf að brúa á landinu öllu, og verði ekki veitt meira fé til brúagerða en verið hefur, þá er það ekki fyrr en 1951, þó að ykkur þyki langt að bíða eftir því, að þessar ár verða brúaðar. — Þeir komu til mín margir á eftir og sögðu: Heldurðu, að þetta geti virkilega verið rétt? — Ja, ég sagðist vera búinn að leggja það niður fyrir mér og þetta væri mín skoðun. Ég missti ekkert af atkvæðunum. Brúin var byggð 1951. En hefði ég farið að berjast fyrir því á þingi að heimta hana áður og gera þar með öðrum mönnum rangt til, þá hefði það verið svívirðing af mér að gera það, hrein svívirðing. Og þess vegna er það alrangt að vera að hæla mönnum fyrir, að þeir séu duglegir fyrir sitt kjördæmi á þennan og þennan hátt með því að gera öðrum mönnum rangt til og ota sínum tota fram yfir það, sem réttlátt er í hvert sinn.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð lengri, en ég endurtek það, að ég bið n., sem fær þetta mál hér til meðferðar, að gerbreyta brtt. við stjórnarskrá landsins, sem fyrir liggja í frv., sem hér er nú verið að ræða, breyta þeim í það horf, að það verði ákveðið, að stjórnarskránni verði breytt á sérstöku stjórnlagaþingi, þar sem kosnir séu menn til þess eins, svo að þar fáist hreint fram vilji kjósendanna til málsins, en þeir þurfi ekki að hafa það með ótal öðrum málum, þegar þeir taka tillit til þess, hvaða þingmann þeir eigi að kjósa.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Fyrri hl. ræðu hv. þm. N-Ísf. (SB) var sögulegt erindi, og hann sagði réttilega, að menn ættu að læra af sögunni. En hvernig dró hann sjálfur lærdóm af sögunni? Ég vil aðeins nefna um það dæmi.

Hann sagði frá því, að flokkar á Íslandi hafa komið og farið. En niðurstaða hans varð þó, að miða ætti stjórnarskrárákvæði það, sem hér er til umr., við flokka, þessa flokka, sem koma og fara. Hann var í því efni eins og siglingamaður, sem telur rétt að taka mið á ský. Ef stjórnarskráin er samin með tilliti til flokka, þá er verið að miða við ský.

Hann sagði frá því, að mætir menn fyrir hálfri öld hefðu talið hlutfallskosningafyrirkomulagið heppilegt og æskilegt fyrirkomulag. Og hann benti á þjóðir, sem hefðu það fyrirkomulag. En hann lét vera að benda á nokkra einustu þjóð, sem tekið hefði upp hlutfallskosningar á seinni árum, og hann hljóp yfir

það þar af leiðandi, að Frakkar hafa gefizt upp á hlutfallskosningafyrirkomulaginu og tekið upp einmenningskjördæmakosningar með meirihlutakjöri. Og hann gat þess ekki, að Írar eru komnir á fremsta hlunn með að leggja niður hlutfallskosningarnar.

Hann virtist ganga aftur á bak til þess að læra af sögunni. Málstaður hans þolir sem sé ekki ljós hennar og lærdóma. Málstaðurinn og þeir, sem honum fylgja, eru í raun og veru með hlutskipti nátttröllsins í þessum málum, nátttröllsins, sem hann líka talar um.

Hann nefndi það, að Jónas Jónsson hefði áður fyrr látið í ljós, að hann aðhylltist hlutfallskosningar. Ég heyrði frambjóðanda Sjálfstfl. í Suður-Þingeyjarsýslu, Júlíus Havsteen, á framboðsfundi fyrir 15 árum bera þetta á Jónas Jónsson, þegar kosningafyrirkomulag var til umr. Jónas Jónsson viðurkenndi, að þetta væri alveg rétt, en sagði, að reynslan af hlutfallskosningum hefði kennt sér, að sú skoðun sín hefði verið röng. Lítill efi er á því, að slíka skýringu mundu hinir látnu ágætismenn, er hv. þm. N-Ísf. nefndi, vilja gefa, ef þeir mættu nú mæla, því að þannig fer, þegar menn læra af sögunni.

Annars finnst mér rétt í þessu máli að gera lítils háttar söguyfirlit líka, yfirlit um það, hvernig þetta stjórnarskrármál okkar hefur þróazt, hvernig að því hefur verið unnið og hvernig að því var áformað að vinna, þegar lýðveldið var stofnað.

Vorið 1942, þegar Alþ. hafði ákveðið að gera ráðstafanir til þess, að þjóðin sliti konungssambandi við Dani og endurreisti lýðveldi á Íslandi, var af því tilefni skipuð skv. ályktun þingsins 5 manna n. til þess að gera till. um breyt. á stjórnarskrá þeirri, sem gilt hafði fyrir konungsríkið Ísland. Haustið 1942 var n. endurskipuð og bætt í hana þrem mönnum, svo að í henni skyldu eiga sæti 2 fulltrúar frá hverjum þeirra fjögurra stjórnmálaflokka, er fulltrúa áttu á Alþingi. Nefndin var þá 8 manna nefnd.

Árið 1943 skilaði n. þessi frumvarpi til stjórnskipunarlaga fyrir hið væntanlega lýðveldi. Frv. fylgdi að sjálfsögðu grg. Frv. þetta samþ. Alþ. 8. marz 1944 og síðan þjóðin með almennri atkvgr. Á grundvelli þeirrar stjórnarskrár var lýðveldi stofnað á Íslandi 17. júní 1944.

Telja mátti, að þjóðin stæði sem einn maður að vilja slíta sambandi við Dani og stofna lýðveldi. En til þess að ekki rofnaði sú eining, fannst leiðtogum þá nauðsynlegt að fara varlega í því að breyta stjskr. meira að því sinni en óhjákvæmilegt var, til þess að konungdæmið yrði formlega lýðveldi, réttara að láta það, sem ágreiningi gat valdið, bíða þar til síðar. Hin nýju stjórnskipunarlög voru lögð undir atkv. með þeim fyrirvara í ræðum og ritum, að þau væru bráðabirgðastjórnarskrá, sem yrði haldið áfram að endurskoða. Nefndin, sem stjórnarskrárfrv. samdi, segir í grg. sinni, að hún hafi aðeins lokið fyrri hluta þess verkefnis, er henni hafi verið falið. En seinni hlutann af verkefninu kveðst hún eiga eftir. Hún segir undir lok nál., með leyfi hæstv. forseta:

„Samkvæmt endursamþykkt þál. um skipun mþn. í stjórnarskrármálinu, er gerð var hinn 8. sept. 1942, skilar n. með þessu stjskrfrv. og grg. fyrri hluta þess verkefnis, er henni var falið, en mun áfram vinna að seinni hluta verkefnisins, sem sé að undirbúa aðrar breytingar á stjórnskipulaginu, er þurfa þykir og gera verður á venjulegan hátt. Má ætla, að það starf verði öllu viðtækara og þurfi þar til að afla ýmissa gagna, er nú liggja eigi fyrir, svo og að gaumgæfa reynslu þá, er lýðræðisþjóðir heimsins óefað öðlast í þessum efnum á þeim tímum, sem nú líða yfir mannkynið. Þangað til því verki yrði lokið, ætti sú stjórnarskrá, sem hér er lögð fram, að nægja, enda eru ákvæði hennar mestmegnis þau, er nú gilda í stjórnskipunarlögum hins íslenzka ríkis, að breyttu hinu æðsta stjórnarformi frá konungdómi til lýðveldis“ o. s. frv.

Grg. eða nál., sem ég les þetta upp úr, er dags. 7. apríl 1943. Hana undirskrifuðu allir 8 nm., en þeir voru Gísli Sveinsson, formaður, Stefán Jóh. Stefánsson, ritari, Hermann Jónasson, Bjarni Benediktsson, Jónas Jónsson, Haraldur Guðmundsson, Einar Olgeirsson, Áki Jakobsson.

Þannig voru fyrirheitin og áformin, þegar enn gildandi stjórnarskrá var sett. Í n. var valið lið, sem líklegt mátti telja að léti athafnir fylgja orðum.

Nú líða stundir fram og ekkert virðist bera til tíðinda í máli þessu, þar til 3. marz 1945. Þá gerir Alþ. ráðstafanir til þess, að skipuð verði 12 manna nefnd til ráðuneytis og aðstoðar 8 manna n. Hefur þá þingið sett fram 20 manna sveit til þess að ljúka seinni hluta endurskoðunarinnar. Enn fremur heimilaði þingið þessum 20 mönnum að ráða sérfræðing í þjónustu sína.

Tvö ár líða enn, og ekkert fréttist um till. frá tveggja tuga nefndinni. Hinn 24. marz 1947 virðist sem Alþingi hafi verið orðið vonlaust um árangur af erfiði hinnar fjölmennu sveitar. Þá tekur það af henni umboðið, en hvorki til þess að taka málið í sínar hendur né gefast upp við skipun nefnda. Samtímis umboðssviptingunni 24. marz felur Alþingi ríkisstj. að skipa 7 manna nefnd til þess að endurskoða stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, eins og þar er komizt að orði. Tekið er fram, að stjórnmálaflokkarnir 4 skuli tilnefna sinn manninn hver, en 3 mennirnir verði skipaðir án tilnefningar og einn þeirra formaður.

Hinn 14. nóv. sama ár var sú n. sett á laggir, og urðu í henni þrír sjálfstæðismenn, tveir framsóknarmenn, einn Alþýðuflokksmaður og einn sósíalisti. Þessi n. situr enn eftir meira en áratug án þess að hafa skilað till. til Alþ.

Hv. þm. N-Ísf. minntist á ástæðurnar fyrir þessu, gaf á þeim sínar skýringar. Ég mun koma að því seinna og gera grein fyrir því, hvernig málefni hafa til gengið hjá nefndinni.

Nefndarskipanirnar sýna, að Alþingi viðurkennir, að stjórnarskránni á að breyta. Alla

tíð síðan lýðveldið var stofnað hefur þingið ekki látið niður falla að hafa n. til að vinna að endurskoðun stjórnarskrárinnar, en að öðru leyti vikið sér undan að taka á málinu, þar til nú þrír flokkar hlaupa til vegna hentisemi, hugsa sér að breyta einu atriði stjórnarskrárinnar og miða þær breytingar við flokka, eins og hv. þm. N-Ísf. telur rétt.

9. jan. 1952 lagði ég fram á Alþ. fsp. til ríkisstjórnarinnar um, hvað liði störfum stjskrn. 16. s. m. svaraði forsrh., Steingrímur Steinþórsson, f. h. ríkisstj. fsp. og byggði svörin á upplýsingum frá Bjarna Benediktssyni þáv. dómsmrh., sem var og er formaður n. og hefur verið í öllum þeim n., sem skipaðar hafa verið og ég hef áður sagt frá. Aðalatriði svaranna var, að n. hefði ekki getað starfað, af því að stjórnmálaflokkarnir hefðu sjálfir ekki markað sér afstöðu í stjórnarskrármálinu. Hins vegar hefði formaðurinn í hyggju að kveðja n. saman og freista, hvort ekki sé einhver grundvöllur til staðar innan n. til að koma fram með ákveðnar till. frá flokkum þeim, sem nm. hafa umboð fyrir, svo að hægt sé að taka þetta mál fastari tökum og vita nú, hvort hægt sé að skila áliti frá nefndinni.

Enginn vafi er á því, að svörin voru sannleikanum samkvæm, eins og þá stóðu sakir. Við lýðveldisstofnunina sneiddu stjórnmálaflokkarnir, eins og ég gat um áðan, hjá því að taka upp nokkuð það, sem ágreiningi gæti valdið þeirra á milli og truflaði þjóðareininguna, gerðu á stjórnarskránni þær breytingar einar, sem þurfa þótti til þess að breyta hinu æðsta stjórnarformi frá konungdómi til lýðveldis, eins og n. orðaði það, fyrsta nefndin.

Eins og gert var ráð fyrir í svörum ríkisstj. við fsp. minni, kvaddi formaður n. hana til funda á árinu 1952, og einn fundur var haldinn í n. rétt eftir áramótin 1953. Seint á árinu 1952 lögðu sjálfstæðismennirnir, þeir voru þrír í n., fram till. sem umræðugrundvöll, eins og þeir orðuðu það innan n. Bjarni Benediktsson, dómsmrh. þáverandi, formaðurinn, gerði grein fyrir þessum till. í ýtarlegri ræðu, sem birt var í Morgunblaðinu 24. jan. 1953.

Mér virðist augljóst af sögu stjórnarskrármálsins, sem ég hef í fáum dráttum lýst hér að framan, að Alþingi, eins og það er flokkum skipað, hafi ekki fullkomin skilyrði til þess að leysa stjórnarskrármálið svo sem vera ber, og sönnun um það eru till. þær, sem fyrir liggja, frv., sem hér er til umr. Táknrænt er einnig, að sjálfstæðisþingmennirnir þrír innan stjórnarskrárnefndarinnar voru ekki einu sinni allir sammála um meginatriði till. sinna. Þeir lögðu til annaðhvort einmenningskjördæmi eða hlutfallskosningar í stórum kjördæmum, tveir þeirra töldu sig fylgjandi einmenningskjördæmum, einn fylgjandi hlutfallskosningafyrirkomulaginu.

Samningar milli stjórnmálaflokkanna á Alþingi, heilla eða í brotum, vilja leiða til of mikillar hentisemi, niðurstöðu, sem miðuð er við flokkslegan stundarhagnað, við flokka, eins og hv. þm. N-Ísf. lagði áherzlu á að frv. væri, og með slíkum hætti má ekki setja stjórnarskrá. Á það benti hv. 1. þm. N-M. (PZ) mjög skýrt áðan og færði rök fyrir.

Lengra skal litið til baka og athugaðar breytingar, sem gerðar voru á stjórnarskrá Íslands 1933, þegar uppbótarþingsæti voru upp tekin, og 1942, þegar hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmum voru upp teknar, sem að vísu, eins og hv. þm. N-Ísf. benti á, hafa ekki verið fordæmdar af okkur sérstaklega við þessar umr., en eingöngu af því, að við gerum okkar till. til samkomulags og tökum ekki inn í þær annað en það, sem við teljum mjög sanngjarnt og eðlilegt að þriflokkarnir fallist á. Við vitum, að það er ekki til neins að tala um í því sambandi til samkomulags afnám hlutfallskosninga í tvímenningskjördæmum. En þarna, við þessar breyt. báðar 1933 og 1942, er augljóst, að augnablikshentisemi, miðuð við flokka, var upp á teningnum, flokka, sem þá áttu samleið, réð öllum aðgerðum. En við setningu stjórnarskrár á að hafa hærri sjónarmið.

Svo vildi til, að stjórn Framsfl. fór þess á leit við mig sumarið 1952, að ég tæki sæti í stjórnarskrárnefndinni í stað manns, sem hætti þar störfum 1952. Ég taldi mig ekki geta vikizt undan þessu, af því að ég hafði haft nokkurn áhuga fyrir endurskoðun stjórnarskrárinnar og m. a. tekið þátt í samtökum Norðlendinga og Austfirðinga, sem höfðu það mál á dagskrá sinni og ég mun síðar við umr. málsins hér gera nokkra grein fyrir, hvað lögðu til. Ég mun gera grein fyrir því af því, að það hefur mjög verið afflutt í blöðum og einnig við umr. í Nd., en ég ætla ekki að gera það við þessa 1. umr. hér.

Á fundi þeim, sem haldinn var í n. eftir nýárið 1953, lagði ég fram till. umr. till. ásamt stuttri grg. Till. var lítils háttar rædd, en ekki hefur enn verið tekin afstaða til hennar af n. frekar en tillagna sjálfstæðismanna, sem þeir lögðu fram litlu áður, eins og ég gat um. Ég tel rétt að lesa hér þessa till. og grg., sem henni fylgdi, en hún er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi sjálft geri þá breytingu eina á stjórnarskránni, að sérstakt stjórnlagaþing, skipað 52 fulltrúum, skuli endurskoða núgildandi stjórnarskrá Íslands og setja lýðveldinu nýja stjórnarskrá. Kosningar til stjórnlagaþings verði á árinu 1956.“ Ég skýt því hér inn í til skýringar, að þessi till. er lögð fram 1953. Þess vegna er miðað við árið 1956. „Kosningar til stjórnlagaþings verði á árinu 1956. Kosningarnar fari fram eftir ákvæðum stjórnarskrár og gildandi lögum um kosningar til Alþingis. Stjórnmálaflokkar, sem fulltrúa eiga á Alþingi eða hafa haft fulltrúa í kjöri til Alþingis, megi ekki bjóða menn fram til stjórnlagaþings. Samtök frambjóðenda til stjórnlagaþings geti borið fram landslista og fengið sæti eftir sömu reglum og nú gilda um flokka, sem bjóða fram við kosningar til Alþingis, fengið uppbótarsæti. Stjórnlagaþingið starfi samkvæmt reglum Alþingis, eftir því sem við verður komið. Stjórnlagaþingið ljúki störfum eigi síðar en 1958.“

En grg. var svo hljóðandi:

„1. Till. er byggð á þeirri skoðun, að Alþingi, sem fulltrúar eru kosnir til vegna margháttaðra verkefna, sé ekki líklegt til að ráða setningu stjórnarskrár jafngiftusamlega til lykta og stjórnlagaþing, sem eftir ýtarlegar umr. stjórnarskrármálsins í blöðum og á mannfundum væri sérstaklega til þess eina verkefnis kosið, enda hefur Alþingi beint og óbeint vikið sér undan að taka á málinu í nálega áratug.

2. Till. gerir ráð fyrir, að þjóðin fái þriggja ára tíma til þess að ræða stjórnarskrármálið og undirbúa val sitt á fulltrúum til stjórnlagaþingsins 1956.

3. Lagt er til, að jafnmargir menn eigi sæti á stjórnlagaþinginu og nú eiga sæti á Alþingi, kosnir í sömu kjördæmum og samkvæmt sömu reglum og alþm. Er með því núgildandi venjum haldið, engum mönnum, er haft hafa samstöðu um kosningar til Alþingis, gert hærra undir höfði við þessar kosningar heldur en við hinar.

4. Lagt er til, að þeir stjórnmálaflokkar, sem fulltrúa eiga á Alþingi eða haft hafa menn í kjöri við alþingiskosningar, megi ekki bjóða fram til stjórnlagaþings. Er það ákvæði réttmætt og nauðsynlegt, til þess að þjóðin fái tækifæri til að losa stjórnarskrármálið úr fléttu við önnur málefni, sem flokkarnir hafa með höndum, en ekki koma stjórnarskrá sérstaklega við. Flokkaskiptingu þjóðarinnar um kosningar til Alþingis er ekki þar með raskað.

5. Bandalag frambjóðenda, sem þjóðin, eftir að hafa rætt stjórnarskrármálið eitt í þrjú ár, hefur valið til framboðs við stjórnlagaþingskosningar, geti haft landslista í kjöri og hlotið uppbótarþingsæti. Þannig notist jöfnunarregla gildandi laga.

6. Það er meginstefna till., að þjóðin fái sem bezt ráðrúm og aðstöðu til þess að gera sér grein fyrir því, hvernig hún vill hafa lýðveldisstjórnarskrá sína til frambúðar og hverjum hún vill síðan fela umboð til þess að ganga frá setningu hennar út af fyrir sig.“

Oft á undanförnum árum hefur verið rætt í blöðum og á mannfundum um þá tilhögun að afgr. endurskoðun stjórnarskrárinnar á sérstöku stjórnlagaþingi, sem kosið væri til þess eins verkefnis. Margir hafa lýst fylgi við þessar till. Jafnvel Sjálfstfl. á landsfundi sínum 1953, næsta fundi eftir að ég lagði till. fram, lýsti yfir, að hann teldi þessa aðferð geta vel komið til greina.

Nú er það nýmæli till. frá því, sem hefur verulega verið rætt, að kosið verði til stjórnlagaþingsins eftir lögunum um kosningar til Alþingis og 52 menn eins og til Alþingis. Með þeirri tilhögun getur enginn sagt að öðrum sé mismunað, frekar en þá við kosningarnar til Alþingis. Ágreiningur milli þeirra, sem annars geta fallizt á stjórnlagaþing, ætti með þessu kosningafyrirkomulagi að falla niður.

Þá er í till. gert ráð fyrir þriggja ára tíma fyrir þjóðina til umr. um stjórnarskrárbreytingarnar og undirbúnings fulltrúavali og tveggja ára ráðrúmstíma fyrir stjórnlagaþingið, sem að sjálfsögðu þarf að koma saman oftar en einu sinni. Helzt ætti stjórnlagaþingið að starfa á Þingvöllum, hefur mönnum fundizt, sem að þessari till. hafa staðið.

Í till. minni, og það hafa sumir tekið illa upp, er ætlazt til, að hinir pólitísku flokkar, sem Alþingi skipa, megi ekki bjóða fram til stjórnlagaþingsins. Ég lagði ekki þetta til af því, að ég teldi, að flokkaskipunin megi ekki eiga sér stað, eða sökum þess, að ég telji núverandi stjórnmálaflokka ekki hafa sitt hvað sér til ágætis, þótt misjafnt sé og ekki mikið hjá öllum þeirra. Ég lagði þetta til vegna þess, að ég var trúlaus á, að núverandi fjórir minnihlutaflokkar gætu leyst málið á eðlilegan og hamingjusamlegan hátt. Þeir hafa orðið til vegna allt annarra viðfangsefna, samninga og deilur um dægurmálin verið þeirra stöðuga viðfangsefni, sem alls ekki má blanda saman við niðurstöður í stjórnarskrármálinu.

Ég tel og taldi við eiga, að um stjórnarskrármálið mynduðust sérstakir flokkar, ef þjóðareining fengist ekki, flokkar, sem aðeins væru byggðir upp og yrðu til vegna skoðanamunar á sjálfu stjórnarskrármálinu.

Samkvæmt till. er ætlazt til, að þjóðinni sé gefið tækifæri til þess að skipa sér í aðra flokka um stjórnarskrármálið og taka það algerlega í sínar hendur, og nú virðist mér eftir því frv., sem fram hefur komið, að rökin fyrir þessari till. hafi verið rétt og séu enn fyrir hendi.

Nú tel ég við eiga, úr því að ég hef hér skýrt frá og lesið till. þá, sem ég lagði fram í stjórnarskrárnefndinni 1953, að lesa líka aðrar þær till., er þar komu fram, en þær voru frá sjálfstæðismönnunum í n., eins og ég gat um áðan. Bæði mín till. og tillögur sjálfstæðismanna voru á fyrsta stigi lagðar fram sem umræðugrundvöllur og einnig á fyrsta stigi jafnvel sem trúnaðarmál innan n. Hins vegar urðu till. alls ekkert leyndarmál n., eftir að hlutaðeigendur birtu þær í blöðum. Bjarni Benediktsson lagði till. sjálfstæðismanna fyrir fund í landsmálafélaginu Verði, og Morgunblaðið birti ræðu hans 24. jan. 1953, og þar kom fram hver einstakur liður tillagnanna með munnlegri grg. frá ræðumanninum. Ég vil með því að lesa hér till. sjálfstæðismanna sanna, að viðurkennt var, að verkefnið, sem fyrir lá, var meira en endurskoðun kjördæmaskipunarinnar, og þess vegna er það frv., sem hér liggur fyrir, aðeins káf í það, sem ákveðið var að gera með nefndarskipununum, öllum þeim nefndarskipunum, sem ég greindi frá, að Alþ. ýmist skipaði eða gerði ráðstafanir til, að skipaðar væru. Og þetta á öllum þeim, sem að þessum málum hafa unnið, að vera mjög vel ljóst, ekki sízt þeim mönnum, sem hafa verið í n. öllum saman, eins og t. d. Bjarni Benediktsson og Einar Olgeirsson.

Ég hef hér fyrir framan mig það blað, sem ég fékk í hendur sem nm., þegar sjálfstæðismennirnir lögðu fram till. sínar í n. rétt fyrir árslokin 1952, og ætla nú að lesa það, með leyfi hæstv. forseta. Fyrirsögnin er:

„Tillögur í stjórnarskrármálinu frá Bjarna Benediktssyni, Gunnari Thoroddsen og Jóhanni Hafstein.

Eftirtaldar breytingar verði gerðar á núgildandi stjórnarskrá:

1. 5. gr. stjórnarskrárinnar verði breytt svo, að ef ekkert forsetaefni fær hreinan meiri hluta við þjóðarkjör, skal kjósa að nýju milli þeirra tveggja, sem flest fá atkvæði.

2. 8. gr. stjórnarskrárinnar skal breytt svo, að annaðhvort forseti hæstaréttar eða forseti sameinaðs Alþingis verði einn varaforseti.

3. 14. gr. stjórnarskrárinnar sé breytt svo, að hæstiréttur dæmi í stað landsdóms þau mál, er Alþ. höfðar gegn ráðherrum fyrir embættisrekstur þeirra, og verði sett um það sérstök lög.

4. 15. gr. sé breytt svo, að berum orðum sé tekið fram, að forseti skipi ráðh. og veiti þeim lausn í samráði við meiri hl. Alþingis. Ef ekki er unnt að skipa nýja ríkisstj., er njóti nægilegs þingstuðnings, þ. e. a. s. hafi beinan stuðning eða hlutleysi Alþingis, innan mánaðar frá því, að fyrri stjórn fékk lausn, skal Alþingi rofið. Ræður þá forseti, hvort gamla stjórnin skuli sitja, ef hún fæst til þess, eða hvort skipa skuli nýja ríkisstj. án atbeina Alþingis. Geti meiri hluti Alþingis ekki komið sér saman um ríkisstj. að afstöðnum kosningum innan mánaðar frá því, að það kom saman, skal forseti Íslands skipa stjórn án atbeina Alþingis, ef hann hefur ekki þegar áður gert það, en sú stjórn skal jafnskjótt láta af völdum, ef meiri hluti Alþingis vill styðja aðra stjórn.

5. 26. gr. stjórnarskrárinnar verði breytt svo, að nægilegt sé að leggja lagafrv. til staðfestingar fyrir forseta innan fjögurra vikna frá því, að það var samþ. á Alþingi, og að niður falli þau ákvæði, að lagafrv. fái í bili lagagildi þrátt fyrir synjun forseta á staðfestingu frv., þ. e. a. s. synjun forseta á staðfestingu frv. fresti gildi þess, þangað til það er samþykkt af meiri hl. við þjóðaratkvæðagreiðslu. Fái það ekki slíkan meiri hl., fær það ekki gildi.

6. Kosningarréttur sé svo jafn sem þjóðarhagir og staðhættir leyfa. Enginn landshluti hafi færri þm. en hann nú hefur, en þm. verði fjölgað á hinum fjölmennari stöðum, eftir því sem samkomulag getur fengizt um við heildarlausn málsins, þó svo, að fjölgun þar nemi ekki færri þm. en tölu núverandi uppbótarþingmanna, og verði tölu þeirra, 11, skipt niður á fjölmennustu staðina, eftir því sem útreikningar nú sýna, að þeim beri.

Stjórnarskrá in heimili almenna löggjafanum að endurskoða kjördæmaskipunina á hæfilegum fresti, þannig að tryggt verði í framtíðinni svipað hlutfall milli fjölda fulltrúa fjölbýlis og strjálbýlis og hér er gert ráð fyrir. Kosningafyrirkomulagið verði hið sama um land allt, þ. e. annaðhvort alls staðar einmenningskjördæmi eða stærri kjördæmi, þar sem 4—6 menn verði kosnir í hverju með hlutfallskosningum.

Gunnar Thoroddsen tekur fram, að hann er andvígur einmenningskjördæmum.

7. Athugandi er til samkomulags, ef aðrir leggja á það áherzlu, að ákvæðið um deildaskiptingu Alþ. í 32. gr. falli niður, og verði þá öðrum ákvæðum stjórnarskrárinnar breytt til samræmis við það, enda sitji þing þá óskipt.

8. Í stað fimm ára búsetu sem skilyrði fyrir kosningarrétti komi eins árs búseta.

9. Ákvæðum 35. gr. stjórnarskrárinnar verði breytt svo, að 1. október verði reglulegur samkomudagur Alþingis.

10. 41. gr. stjórnarskrárinnar breytist á þann veg, að ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárl. eða ef öll ríkisstj. verður sammála um, að brýn nauðsyn sé til greiðslu, og skal þá eftir á afla heimildarinnar með fjáraukalögum.

11. Við 42. gr. bætist fyrirmæli um, að Alþingi geti ekki átt frumkvæði að hækkun fjárlaga, heldur verði tillögur um það að koma frá ríkisstj.

12. 46. gr. stjórnarskrárinnar breytist svo, að hæstiréttur skeri úr um kjörgengi þm. og lögmæti kosninga.

13. 58. gr. stjórnarskrárinnar breytist svo, að Alþingi setji sér sjálft þingsköp, þ. e. þau séu ekki sett með lögum, eins og nú er.

14. Aftan við 59. gr. stjórnarskrárinnar bætist við fyrirmæli um, að æðsti dómstóll skuli vera hæstiréttur, skipaður fimm mönnum.

15. 61. gr. stjórnarskrárinnar breytist svo, að aldurstakmark hæstaréttardómara verði 70 ár.

16. Athugað sé, að stjórnarskráin ákveði, að ákæruvaldið sé í höndum opinbers ákæranda, er hafi svipaða stöðu og hæstaréttardómari.

17. Inn í 7. kafla stjórnarskrárinnar verði bætt þeim mannréttindaákvæðum, sem eru í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og samningi Evrópuráðsins um mannréttindi og frelsi, að svo miklu leyti sem þau eiga við hér á landi og þau eru ekki þegar ákveðin í stjórnarskránni. Orðalagi fyrirmælanna þarf að breyta, eftir því sem við á um stjórnarskrárákvæði, og hvergi skal veita minni vernd en nú er veitt. Þar kemur einkum til greina eignarréttarákvæði, sem er veikara í mannréttindaskránni og samningnum en í íslenzku stjórnarskránni. Þar ber að halda fast í hina auknu réttarvernd íslenzku fyrirmælanna.

18. 76. gr. stjórnarskrárinnar skal breytt á þá leið, að sagt sé, að rétti héraða og sveitarfélaga til að ráða sjálf málefnum sínum með umsjón stjórnarinnar skuli skipað með lögum, enda sé að því stefnt, að þau fái sem víðtækasta sjálfstjórn í þeim málum, er þau sjálf standa fjárhagslega straum af.

19. Athugað sé, hvort þá aðferð eigi að hafa við stjórnarskrárbreytingar, að eftir samþykkt tveggja þinga með kosningum á milli verði frv. lagt undir þjóðaratkvæði.

20. Um þjóðfund verði ekki tekin endanleg ákvörðun, fyrr en sýnt er, hvort samkomulag verður um fram komnar till. Að svo stöddu verði þess vegna ráðgert, að stjórnarskrárbreytingin verði gerð með venjulegum hætti."

Þá hef ég lesið það tillöguskjal, sem sjálfstæðismennirnir í stjórnarskrárnefnd lögðu fram og enn bíður þar óafgreitt.

Þessi tuttugu liða skrá sýnir fyrst, að þeir, sem nú leggja fram einhæfar till. til breyt. á stjórnarskránni, þ. e. sjálfstæðismennirnir, töldu, að jafnvel tuttugu sinnum fleiri efnisatriðum væri rétt að breyta 1952, enda vafalaust, að svo mun vera, og koma þar til athugunar bæði þau atriði, sem sjálfstæðismennirnir nefndu, og mörg fleiri. Ég get nefnt til dæmis þingrofsvaldið, sem mörgum finnst fullkomin ástæða til þess að breytt sé ákvæðum um.

Í öðru lagi sýna tillögurnar, að sjálfstæðismenn báru kápuna á báðum öxlum í kjördæmamálinu. Tveir töldu einmenningskjördæmin það, sem koma ætti. Einn vildi hlutfallskosningar. Ekki var gott að vita þá, hvað Sjálfstfl. vildi. Við töldum sumir, að þetta væri gert til þess að hafa vaðið fyrir neðan sig, svona í líkingu við hyggindi Loka Laufeyjarsonar, þegar hann var við Fránangursfoss og gerði hús sitt þannig, að dyr voru til allra átta, til þess að hann gæti komizt út, hvaðan sem að honum væri komið.

Og í þriðja lagi er svo greinilegt af tillögunum, að sjálfstæðismennirnir vilja ekki hafna till. um þjóðfund, þ. e. stjórnlagaþing, nema samkomulag fáist um till. þeirra. Þeir telja, að fyrst eigi að athuga það, hvort ekki fáist samkomulag um þeirra till., og síðan taka afstöðu til stjórnlagaþings. Og á næsta landsfundi sínum samþykktu þeir, eins og ég gat um áðan, ályktun, sem bar það með sér, að þeir töldu jafnvel jöfnum höndum geta komið til greina að afgreiða stjórnarskrárbreytinguna á Alþ. og á stjórnlagaþinginu.

Bjarni Benediktsson, formaður n. og mikill áhrifamaður að því er snertir það frv., sem hér liggur fyrir nú, sagði opinberlega um svipað leyti og ég flutti mína till., að það væri svo, að sér fyndist aðlaðandi hugmynd að setja stjórnarskrána á þjóðfundi, — sagði, að sér fyndist það aðlaðandi hugmynd.

Stjórnarskrárnefndin hefur ekki haldið fund síðan stuttu eftir nýár 1953. Á næsta fundi áður höfðu sjálfstæðismennirnir lagt fram sínar till., eins og ég gat um. Á síðasta fundinum lagði ég fram mínar till., — og síðan ekki sögunа meir innan nefndarinnar. Tillögurnar, sem áttu að verða umræðugrundvöllur í n., voru ekki ræddar að heitið gæti. Fundur hefur aldrei verið kallaður saman til þess að taka þær fyrir til ýtarlegra umræðna, hvað þá afgreiðslu.

Um þessar mundir er deilt allhart á formann n. fyrir að hafa ekki boðað n. til fundar í sex ár, eða þá a. m. k. slitið formlega störfum hennar og gefið út dánarvottorð hennar, en aftur á móti utan n. gerzt forgöngumaður að brtt., sem fela í sér stórkostlega byltingu á rétti fólks og vekja hatrammar deilur, eins og komið er á daginn og er ekki heldur undarlegt. Þessar ádeilur á formanninn tel ég réttmætar, þegar litið er á það, hvernig málin stóðu í stjórnarskrárnefndinni síðast, þegar hún hélt fund. Hins vegar telur formaðurinn fram ástæður sér til réttlætingar, og þær ástæður tindi hv. þm. N-Ísf. (SB) að nokkru leyti fram í ræðu sinni áðan.

Formaðurinn, Bjarni Benediktsson, segir, að nm. hefðu getað beðið um fund í nefndinni, ef þeir hefðu viljað, og það er auðvitað rétt. En þetta hrekkur ekki til afsökunar formanninum, því að það var hann, sem fór fram með till. utan n. og lét ekki nefndarmennina sem slíka áður um það vita, a. m. k. ekki mig. Vafalaust ætlaðist Alþ. ekki til þess, að nm. gerðu slíkt, þegar það gerði ráðstafanir til, að n. væri skipuð. Enginn getur lesið það út úr ályktun þeirri, sem þá var samþykkt á Alþ. Ég bað ekki um fund í n., af því að ég hafði þar lagt fram mínar till. og taldi ekki ástæðu til að breyta afstöðu minni. Ég hafði allt aðra skoðun á formanninum en þá, að ég gerði ráð fyrir, að hann færi fram hjá n. með afgreiðslu málsins, svo sem þó er komið á daginn, eins og hvirfilbylur upp úr væru logni.

Þá hef ég heyrt formanninn segja, að n. hafi orðið óstarfhæf af því, að einn maður sagði sig úr henni. Það er vitanlega mjög ómerkilegur og ónýtur fyrirsláttur. Það hefði að sjálfsögðu verið hægt að kveðja mann í sæti hans, ef eftir hefði verið kallað, enda voru sex menn eftir í nefndinni.

Enn hef ég séð formanninn halda því fram, að vinstristjórnarflokkarnir hafi ætlað að sameina sig um endurskoðun stjórnarskrárinnar, og það er rétt. Sú var ætlunin. En þar með er ekki sagt, að þeir hefðu farið með till. sínar fram hjá stjórnarskrárnefndinni. Ég fyrir mitt leyti hefði talið það rangt, og ég hefði talið skyldu mína að beina þeim þangað, gera formanninum aðvart. En þær till. urðu aldrei til.

Loks hefur sú fullyrðing heyrzt frá formanninum, að till. mín sem fulltrúa Framsfl. um stjórnlagaþing hafi verið um að ónýta starf n., og það á að vera ein afsökunin. Í þessu sambandi nægir til andmæla að minna á það, sem sjálfstæðismennirnir sögðu í till. sínum og ég las áðan: um þjóðfund verði ekki tekin endanleg ákvörðun, fyrr en sýnt er, hvort samkomulag verður um fram komnar tillögur.

En samkomulagsins var aldrei leitað, till. aðeins lagðar fram sem umræðugrundvöllur, en til ýtarlegra umræðna, hvað þá afgreiðslu, var aldrei stofnað. Hér hefur því verið allt öðruvísi á haldið en Alþ. ætlaðist til. Og þetta frv., sem nú liggur fyrir, er ekki afsprengur þeirrar gaumgæfni og gerhygli, sem átti að stofna til með skipun nefndanna, einnar fram af annarri. Það er langt frá því. Þetta hef ég talið mér skylt að rekja hér við 1. umr. málsins.

Frv., sem fyrir liggur, ber það síður en svo með sér, að gaumgæfð hafi verið sú reynsla, er lýðræðisþjóðir heimsins hafi öðlazt í þessum efnum á þeim tímum, sem nú „líða yfir mannkynið", svo að ég noti orðalag hinnar hástemmdu fyrstu stjórnarskrárnefndar. T. d. á að taka upp hlutfallskosningar í stórum kjördæmum, sem mér vitanlega engin þjóð á seinustu árum hefur tekið upp, en eins og ég sagði áðan t. d. Frakkar horfið frá og Írar komnir á fremsta hlunn með að afnema. Hvers vegna hafa Frakkar afnumið hlutfallskosn-

ingar? Og hvers vegna ræða Írar svo mikið um að taka upp einmenningskjördæmakosningar í staðinn fyrir hlutfallskosningar? Það er vegna þeirrar reynslu, sem „liðið hefur yfir mannkynið". Þeir, sem hafa verið í n. alla tíð og gáfu út yfirlýsinguna um það, að gaumgæfa þyrfti reynsluna, hafa ekki staðið við þau háfleygu orð sín. Við smíði þessa frv. virðist hafa verið að verki skammsýni. Þar virðast hafa verið að verki nærsýnir menn og haldnir af flokkshyggju augnabliksins.

Ég rak mig á grein í blaði einmitt frá 1953 eftir Bjarna Benediktsson. Blaðið er Morgunblaðið 24. jan. 1953. Þar segir hann: „Því lengur sem ég hef setið á þingi og því betur sem ég hef virt fyrir mér gang mála hér og annars staðar, þar sem ég hef reynt að fylgjast með, er ég sannfærðari um, að bezta skipanin í þessum efnum eru einmenningskjördæmi með meirihlutakosningu." Hann hefur að vísu verið að gaumgæfa þá tíma, „sem liðið hafa yfir mannkynið", og komizt að niðurstöðu. En frv. er byggt upp á allt annan hátt. Þar kemur ekki lærdómurinn fram af reynslunni. Þar er ekki lagt til það, sem hann 1953 segist vera sannfærður um að sé bezt, eftir að hafa athugað þau mál hér og erlendis.

Aðeins ein grein stjórnarskrárinnar af um 80 er tekin til breytingar í frv. því, sem fyrir liggur. Allir vita, að stjórnskipunarlögin þarfnast margvíslegra breytinga, og miklu hagfelldara er að gera það í einu, því að fyrirhafnar- og kostnaðarsamt er að breyta stjórnarskránni. Sjálfstæðismenn nefndu 1952 margar greinar, er þeir töldu ástæðu til að breyta. Það ber það skjal með sér, sem ég las upp áðan. En nú er eins og ekkert annað sé að en kjördæmaskipunin ein, og hún er tekin út úr til breytinga. Þegar litið er á þetta, er frv. sem ófullburða, vanskapað fóstur og meira að segja utanlegsfóstur, því að það átti ekki að fæðast í n. Það er algerlega í ósamræmi við þá endurskoðun stjórnarskrárinnar, sem Alþingi við stofnun lýðveldisins ákvað að fara skyldi fram og fól nefndum að gera. Þetta vanskapaða, ófullburða fóstur, frv. á þskj. 368, minnir mig á sagnir af Þorgeirsbola. Þorgeirsbola þarf ekki að kynna, — hann er þjóðkunnur draugur. Ríkið á mynd af honum, allmikið umtalaða á tímabili sem listaverk, — og víst mun hún vera listaverk, — en hún kvað nú vera geymd á afviknum stað vegna túlkunar sinnar. Það var trú sums staðar, að þegar kýr létu dauðum kálfum löngu fyrir tímann, þá væri það Þorgeirsbola að kenna, einkum var þetta þó, ef kálfarnir voru vanskapaðir. Jafnan þóttust menn þá einnig verða varir við reimleika og sjá eða heyra í bola. Ég finn ekki betur en að samband það, sem þríflokkarnir hafa gert með sér um kjördæmamálið, megi kalla reimleika í þjóðfélagsmálum, svo ónáttúrlegt er það samband og svo lítið eiga þessir flokkar sameiginlegt af því, sem þolir að sjá dagsljósið. Slíkar flokkshyggjur, sem þar stýra gerðum margra annars ágætra manna, eru réttnefnd myrkravöld. Flokkshyggja getur verið góð og átt fullan rétt á sér, ekki skal ég neita því. En góðar sálir gátu líka, samkvæmt þjóðtrúnni, orðið draugar. Þorgeirsboli hafði ekki verið illvættur, áður en hann varð fyrir gerningum, sem gerðu hann að vondum draug. — Ég er alls ekki að tala um mennina, sem standa að þessu fráleita kjördæmafrv., sem drauga. Enginn hefur rétt til að leggja þá merkingu í orð mín. Ég tek þetta fram vegna þess, hve mörgum hættir til að snúa út úr og álpast utan götu með hugsanir sínar og afvegaleiða með því aðra, enda leikurinn oft til þess gerður að gera aðra áttavillta, og á því hefur bólað í þessu máli. Ég er að tala um stefnu þeirra manna, sem styðja frv., og sameinaða flokkshyggju þeirra sem draug, eins konar Þorgeirsbola.

Kjördæmabreytingarfrv. er ekki til breytinga nema á einni grein stjórnarskrárinnar. Það er ekki fram komið eftir heildarendurskoðun, sem átti og átt hefur fram að fara og yfir hefur staðið. Það er því alveg satt, að það er ekki fullburða fóstur, sem fæðast átti, heldur er það eins og dauður, ófullburða, vanskapaður og meira að segja rotinn kálfur, sem kenna má draugnum um, að svona hefur fæðzt.

Í leikriti Halldórs Kiljans, Íslandsklukkunni, er afar skemmtilegur þáttur, hvar í Jón Grunnvíkingur hittir nafna sinn, Jón Hreggviðsson, nýkominn til Kaupmannahafnar, og spyr hann ákaflega tíðinda utan af Íslandi og þótti allt of lítið að frétta, sem sagt ekkert. En áreiðanlega mundu honum hafa þótt merkileg tíðindi og auðgað með þeim íslenzkt handritasafn, sem okkur hefði þá þótt enn meiri skaði að fá ekki heim, ef Jón Hreggviðsson hefði getað flutt honum ámóta frétt og þá, að um líkt leyti og þríflokkarnir sameinast um kjördæmamálið opinberlega, þá fæðist hér í grennd, að sögn útvarpsins, kálfur með þrjá hausa — og ekki aðeins þrjá hausa að framan, heldur líka þrjá hausa að aftan. Og vilji menn hafa þetta nákvæmara, var minnstur hausinn í miðið og líkur lambshaus. Hvert á barninu að bregða, nema beint í ættina? Nú sögðu bæði Alþbl. og Mbl., að saga þessi hjá útvarpi ríkisins um þríhöfðaða kálfinn í báða enda væri skröksaga, og virtust verða fegin að geta sagt frá því. En það skiptir engu máli í þessu sambandi, hvort sagan hefur verið sönn í venjulegri merkingu þess orðs eða ekki, svona verða þjóðsögurnar oftast til. Þær hafa löngum verið speglanir eða skáldskapur þjóðarsálarinnar á þeim augnablikum, sem kölluðu þá og þá eftir þeim til líkinga. Kálfurinn í Helgafellssveit er speglun kjördæmamálsins hjá þríflokkunum.

Já, þríflokkarnir hafa með frv. þessu tekið eitt atriði af mörgum, sem allir vita að breyta þarf í stjórnarskránni, og ætla nú, hvað sem tautar, að stofna til þingrofs og tvennra kosninga í hvelli vegna þessa eina atriðis. Öll hin, hvort sem þau eru 20 eða fleiri, sbr. till. Sjálfstfl. 1952, mega eiga sig nú. Ekki að tala um að fresta málinu um eitt ár, til loka kjörtímabilsins, og gera þær heildarbreytingar á

stjórnarskránni, sem beðið hafa síðan 1944 eða hálfan annan áratug. Nei, nú má engan tíma missa. Hvers vegna? Það er vegna þess, að þríflokkarnir treysta hvorki málstað sínum til að þola gagnrýni í eitt ár né hver öðrum um svo langan tíma. Þeir hafa samið um að fara í réttindaránsför og vita, að vinátta milli ræningja er sjaldan traust. Það tókust ónáttúrlegir kærleikar með flokki, sem kallar sig verkalýðsflokk, og atvinnurekenda- og auðhyggjuflokki. Þær ástarhvatir leiddu til bráðabirgðaríkisstj. Í kjördæmamálinu fundu þeir sameiginlegt áhugamál breyskleika síns, og þriðji flokkurinn, sem þó telur sig stjórnarandstöðuflokk, stóðst ekki freistinguna, þegar honum var boðið, þrátt fyrir allt og allt og allt, sem gerir hann, að sögn hinna flokkanna, alveg ósamstarfshæfan, — boðið að njóta með þeim sætleikans. Hann féll út úr stjórnarandstöðunni, eins og drykkfelldir templarar falla stundum, þegar þeim er rétt svartadauðaflaska og þeir eru ekki vel fyrirkallaðir hvað afneitunarmáttinn snertir.

En nú liggur á, því að flokkarnir vita, að það er satt, sem segir í stökunni:

Flestir þeir, sem girndin grá
gerir að heitum vinum,
leiðir verða til lengdar á
lyktinni hver af hinum.

Ef framkvæmdir dragast, þótt ekki sé nema um eitt ár, getur verið, að þeir verði leiðir hver á öðrum og fari í hárið hver á öðrum og hætti samstöðunni í málinu.

Svo er annað. Málið var ekkert rætt í síðustu kosningum. Engir kjósendur báðu þá eða fólu þeim að gera þetta. Hver veit, nema það komi fram á þessum tíma, að þeir hafi varla umboð til að gera þetta? Ekki höfðu fulltrúarnir á Alþýðusambandsþingi í vetur umboð til að gera það, sem forsprakkarnir vildu ekki að þeir gerðu þar. Hver veit, nema þjóðin rísi upp, ef hún fær ráðrúmstíma, og mótmæli svo kröftuglega, að ekki verði stætt á svellinu, sem þeir vita að er flughált? Margir hafa þegar mótmælt, félagasamtök, sveitarstjórnir, sýslunefndir, auk ótal einstaklinga. Nei, hérna var ekkert kák. Fljótt, í snatri, undireins, segja þríflokkarnir, eða þannig er skrifað í blöð þeirra, og þannig var málið rætt af þeim í Nd., og þannig var afgreiðsla þess í Nd. Þeir slá því fram, að svo geysilega liggi nú allt í einu á að leiðrétta atkvæðisréttarmisrétti, þéttbýlið hafi hlutfallslega miklu minna áhrifavald á Alþingi en landsbyggðin.

Þetta með áhrifavaldið er alls ekki rétt. Áhrifavald þéttbýlisins gerir sig gildandi eftir öðrum leiðum. Hver getur sýnt fram á, að þéttbýlið hafi farið varhluta af þjóðfélagslegum ávinningi, borið saman við strjálbýlið? Það er síður en svo. Það er nefnilega þveröfugt. Þríflokkarnir ætla að draga úr áhrifum landsbyggðarinnar með breyt. sínum, en þó hefur sýnilega hallað á landsbyggðina. Þéttbýlið hefur svo mörg sjálfvirk öfl með sér og sogar með þeim til sín fólk og fjármuni frá landsbyggðinni. Og við hér á Alþingi könnumst ákaflega vel við það, þegar málefni eru fyrir tekin, sem þéttbýlið varða, t. d. Reykjavík og grennd, að þá hópast menn inn á Alþingi til að tala við þingmenn og tala við nefndir. Það eru félagsstjórnir, það eru áhugamannasamtök ýmiss konar, sem senda til áróðurs inn í sjálft Alþingi sitt kröftugasta lið, og einstaklingar og sjálfboðaliðar hópast að þinginu. Það má segja, að Reykjavík leggist með áhrifavald sitt á Alþingi, og enginn þarf að halda því fram, enginn getur haldið því fram, hversu sjálfstæðir sem menn þykjast vera, að hann þurfi a. m. k. ekki að beita sér mikið til þess að komast hjá því að láta hafa áhrif á afstöðu sína með þeirri öru og kröftugu túlkun málanna, sem nágrennið hér kemur fram við þingfulltrúana. En það koma ekki menn að sama skapi norðan af Langanesi, norðan af Skaga eða Tjörnesi eða austan úr Skaftafellssýslu. Með því að vilja í stórum stíl auka vald þéttbýlisins og draga úr valdi strjálbýlisins, því að við það er afnám kjördæmanna miðað, ferst þríflokkunum í þessu eins og lestarstrák, sem sér að hallast á klyfjahestinum og bindur pinkil, ekki ofan á léttari baggann, heldur ofan á þyngri baggann. Þegar svo er að farið, réttist ekki af hallinn, heldur vex, og það snarast af hestinum.

Þríflokkarnir halda því fram, að Framsfl. hafi notið forréttinda og þau þurfi að afnema. Hver eru þessi forréttindi? Hann hefur hlotið meira fylgi í strjálbýlinu en þeir. Hvers vegna? Ekki af því, að hann hafi notið neinna forréttinda í kosningum þar. Hinir flokkarnir hafa boðið fram eftir sömu reglum og hann og sömu kosningalög gilt fyrir hann og þá, en hann hefur bara haft meiri tiltrú þar en þeir. Og hvers vegna? Af því að fólkið hefur fundið, að Framsfl. hefur verið þeim hollari fulltrúi en þríflokkarnir. Þetta vita auðvitað þríflokkarnir eða forsprakkar þeirra, þó að þeir telji sér henta að rugla rökum og tala um, að Framsfl. njóti forréttinda. Og nú vilja þeir svipta héruðin sínum sérstöku fulltrúum til þess að minnka rétt þeirra og gefa því ráni það nafn, að verið sé að taka forréttindi af Framsfl. Þetta er af því, að þeir eru ekki nógu vinveittir landsbyggðinni til þess að sýna henni þá hollustu, sem er samkeppnisfær í kosningum við hollustu Framsfl. Þeir eru þéttbýlisflokkar, og þar er hjarta þeirra, ef hjarta skyldi kalla. Ég segi: Ef hjarta skyldi kalla, því að það skilur ekki, þetta hjarta, það lögmál, sem Framsfl. hefur gert sér fulla grein fyrir, að því aðeins vegnar höfuðborginni vel og þéttbýlinu öllu, að sveitum og sjávarþorpum vegni líka vel. Það er lögmál, sem gæta þarf, og á það lögmál hefur ekki verið lögð áherzla af nægilega mörgum, þó að Framsfl. hafi gert það og hlotið fyrir það tiltrú fólksins úti um land og einnig tiltrú margra þjóðhollra og glöggskyggnra manna í þéttbýlinu, — tiltrú, sem þríflokkarnir sjá ofsjónum yfir og vilja nú hegna fólkinu fyrir úti á landsbyggðinni.

Enn er það eitt, sem þríflokkarnir segja: Framsfl. er svo eigingjarn, að hann vill engu breyta. Hann rígheldur í hagsmuni sína sem flokkur. — Þetta er helber uppspuni. Framsfl.

hefur lagt fram sanngjarnar málamiðlunartill. í Nd., en þeim var hafnað þar. Og hv. þm. N-Ísf. (SB) var einmitt að leggja áherzlu á það áðan, hvað litlu munaði í aðalatriðum á miðlunartill. Framsfl. og höfuðtill. þríflokkanna, að undanskildu kosningafyrirkomulaginu. Og Framsfl. er eini þingflokkurinn, sem hefur viljað afsala sér íhlutun um, hvaða breytingar yrðu gerðar á stjórnarskránni, og fela það sérstöku stjórnlagaþingi, sem til þess eins væri kosið að ganga frá stjórnarskránni. M. ö. o.: hann hefur viljað, að Alþingi afhenti stjórnarskrármálið og þar með kjördæmamálið þjóðinni til slíkrar meðferðar og með því leysa það úr klóm flokkshyggjunnar, úr höndum flokkanna, sem myndazt hafa um önnur málefni og hafa því annarleg sjónarmið.

Flokkunum, og það sést greinilega á þríflokkunum nú, hættir allt of mikið til að líta á sig nærri því að segja eins og eilífðarverur, þó að þeir séu vitanlega tímabundin fyrirbæri, eins og sögulega yfirlitið hjá hv. þm. N-Ísf. sýndi, — tímabundin fyrirbæri, jafnvel eins og öldur, komandi og hverfandi eftir því, hvaðan áttin er á hafi stjórnmálanna, og alls ekki er hægt að miða við slíka kortagerð sem grundvallarlög ríkisins eru.

Við sig og sitt litla, hverfula og ótrygga líf vilja þríflokkarnir láta miða kjördæmaskipun Íslands, en þeir skeyta því ekki að taka tillit til þess, sem er varanlegt og alltaf þarf að miða við, en það er nauðsyn jafnvægis í byggð landsins og landið, sem fólkið verður kynslóð eftir kynslóð að annast og byggja, af því að það er land fólksins og verður af öðrum tekið, ef það vanrækir að hafa búsetu um það allt, að því leyti sem það er byggilegt.

Við þessa umræðu læt ég svo lokið máli mínu, en vænti þess að fá tækifæri til að ræða málið nánar við seinni umræðu þess og minnast þá á margt annað, sem ástæða er til að komi fram, áður en lýkur.

ATKVGR.

Till. um að kjósa fimm manna stjórnarskrárnefnd samþ. með 12 shlj. atkv.

Fram komu fjórir listar, er á voru jafnmargir menn og kjósa skyldi. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Gunnar Thoroddsen (D),
Hermann Jónasson (B),
Eggert Þorsteinsson (A),
Björn Jónsson (C),
Karl Kristjánsson (B).

Frv. vísað til 2. umr. með 8:4 atkv. og til stjskrn. með 10 shlj. atkv.

Á 113. fundi í Ed., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 368, n. 474 og 479).

Frsm. meiri hl. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þegar lýðveldið var stofnað 1944, var að sjálfsögðu gerð breyting á stjórnarskránni, sem af þeirri ráðstöfun leiddi. En um það varð samkomulag, að breytingarnar á stjórnarskránni yrðu þá þær einar, sem leiddi af því, að stjórnskipulagið breyttist úr konungdæmi og í lýðveldi, og að öðru leyti leiddi beint af sambandsslitunum við Dani.

Þá næstu ár á undan hafði starfað hér þingkjörin nefnd, stjórnarskrárnefnd, til að undirbúa endurskoðun stjórnarskrárinnar. Í þeirri nefnd var að sjálfsögðu rætt um það, að æskilegt væri að fá heildarendurskoðun á stjórnarskránni, því að um mörg atriði er stjórnarskráin óbreytt frá 1874, þegar Kristján IX Danakonungur gaf Íslandi stjórnarskrá. Vegna þróunar og breyttra aðstæðna er að sjálfsögðu fjölmargt, sem þarf endurskoðunar við í stjórnarskránni. Hins vegar var sýnt, að það mundi taka langan tíma og skapa mikinn vanda, ef ætti að leysa öll þessi atriði varðandi endurskoðun stjórnarskrárinnar og leysa þau ágreiningsmál, sem sýnileg voru í þeim efnum, — það mundi taka svo langan tíma, að trúlega hefði það getað frestað lýðveldisstofnuninni, og því varð það samkomulag innan stjórnarskrárnefndar og meðal allra stjórnmálaflokka og þingmanna að slá á frest heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar og samþykkja þessar breytingar einar, sem leiddi af lýðveldisstofnuninni. Um leið var ákveðið, að stjórnarskrárnefnd og jafnvel tvær skyldu samtímis starfa að heildarendurskoðuninni. Og á þessu tímabili frá lýðveldisstofnuninni hafa verið, að ég ætla, að störfum 3 stjórnarskrárnefndir. Í fyrsta lagi 8 manna stjórnarskrárnefndin, sem undirbjó lýðveldisstjórnarskrána. Í öðru lagi 12 manna ráðgjafarnefnd, sem sett var á laggirnar um þessar mundir, og unnu þessar n. saman. Og loks stjórnarskrárnefnd 7 manna, sem skipuð var af ríkisstj. 1947. Í þessum n. öllum hafa komið fram margvíslegar hugmyndir og till. og töluvert undirbúningsstarf verið unnið.

Í þessum umr. hafa sumir hv. þm. haft í frammi allharðskeyttar ásakir á formann síðustu stjórnarskrárnefndar, frá 1947, hv. 1. þm. Reykv. (BBen), fyrir það, að n. hafi aldrei lokið störfum eða skilað áliti. Formaður n. hefur sjálfur gert nákvæma grein fyrir störfum n. og svarað fyllilega þessum ádeilum, bæði í nál. meiri hl. stjskrn. í Nd. á þskj. 406 og eins í umr. þar, og vísa ég til þess, sem þar hefur fram komið, en af þeirri grg. kemur glöggt í ljós, svo glöggt í ljós sem verða má, að þessar ásakir og ádeilur eru markleysa ein.

En þá vaknar sú spurning: Hvers vegna hefur þessum 3 nefndum, sem áttu að fjalla um stjórnarskrármálið, ekki tekizt að skila endanlega till. um heildarendurskoðun nú á hálfum öðrum áratug? Hvers vegna hefur hin langþráða stjórnarskrá lýðveldisins, endurskoðuð og endursamin í verulegum efnum, ekki enn þá litið dagsins ljós? Frá hendi Framsfl. hafa í umr. hér komið fram ýmsar getsakir og tilgátur um ástæður til þess. Ég ætla, að hv. þm. Framsfl. sé alveg nákvæmlega eins ljóst og mér og öðrum þm., hver er ástæðan. En ástæðan til þess, að þessari endurskoðun er ekki lokið, er ein og aðeins ein, og það er ágreiningurinn um kjördæmamálið, sem jafnan hefur staðið í vegi fyrir heildarendurskoð-

un stjórnarskrárinnar. Þegar lýðveldið var stofnað, báru menn giftu til þess að taka það mál eitt út úr og gera þær breyt. á stjórnarskránni, sem nauðsynlegar voru til lýðveldisstofnunar, en slá öðrum atriðum og ágreiningsatriðum á frest. Það er í rauninni alveg eins nú, að það er skilyrði, að mínu áliti óhjákvæmilegt skilyrði fyrir heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar, að kjördæmamálið sé afgreitt sér. Þess vegna tel ég, að ekki sé farið rangt að með því frv., sem hér liggur fyrir, heldur einmitt sú eina leið, sem er fær. Ég er hræddur um, að ekki takist að leysa þetta stóra mál, heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar, fyrr en eftir að kjördæmamálið, þetta viðkvæma ágreiningsmál, er komið í höfn.

Vissulega harma það margir, að Íslendingar skuli ekki hafa fengið nýja endurskoðaða stjórnarskrá, miðaða við þróun og þarfir tímans. Það er einlæg ósk mín og von, að þegar þetta frv., sem hér liggur fyrir, hefur náð gildi sem stjórnskipunarlög með samþykki tveggja þinga með þingrofi á milli, þá skapist möguleikar fyrir því að framkvæma þessa heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar.

Nú hefur það mál verið hér mjög að umtalsefni í þessum umr., og hv. þm. S-Þ. (KK), sem á sæti í stjórnarskrárnefndinni, sem skipuð var 1947, — hann kom þó inn í hana nokkru síðar, eins og hann tók fram sjálfur, — hann hefur gert endurskoðunarmálið að umræðuefni, rakið ýtarlega sínar eigin till. og Framsfl. í þessu máli og lesið hér upp þær till., sem við 3 fulltrúar Sjálfstfl. bárum fram í n. í að ég ætla 20 liðum haustið 1952. Þó að það mál í heild liggi ekki beinlínis fyrir hér, tel ég þó, að gefnu þessu tilefni, rétt og í rauninni nauðsynlegt að minnast hér nokkuð á heildarendurskoðunina, bæði það, hver meginsjónarmið eigi þar að ríkja, að mínu áliti, og nefna einnig einstök atriði, sem mér virðast þar einna helzt þurfi um að ræða.

Meginsjónarmið við heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar verða auðvitað þau að treysta og tryggja lýðræðið, að tryggja, að Alþingi verði jafnan rétt og sönn mynd af þjóðarviljanum, að kosningarrétturinn verði bæði almennur og jafn, að styrkja framkvæmdarvaldið, koma í veg fyrir of tíð stjórnarskipti, tryggja dómsvaldið jafnvel enn betur en nú er, svo að það verði algerlega, eftir því sem frekast eru föng á, óháð bæði framkvæmdarvaldi og löggjafarvaldi. Þetta eru nokkur meginatriði, sem mér virðist að sjálfsögðu verða að hafa í huga og byggja á.

En ég skal einnig til áréttingar og viðbótar því, sem hv. þm. S-Þ. sagði, nefna hér nokkur atriði, sem mér sýnist að þurfi athugunar við, en um sum þeirra ætla ég að ágreiningur sé enginn, um önnur eru vafalaust mjög skiptar skoðanir, og um afstöðu til sumra þeirra munu menn alls ekki skiptast eftir flokkum.

Í fyrsta lagi vil ég nefna kosningu forseta Íslands. Það hafa verið uppi raddir um það, að æskilegast væri, að forseti væri því aðeins rétt kjörinn, að hann fengi hreinan meiri hluta greiddra atkvæða. Það mundi styrkja hann í sessi sem einingartákn þjóðarinnar.

Vitanlega verður hér að hafa þann varnagla, að ef ekki tekst í fyrstu atrennu að fá hreinan meiri hl. atkvæða, þá yrði að reyna aftur og þá væntanlega kjósa milli þeirra tveggja, sem flest fengju atkvæðin, að sínu leyti svipað, þó ekki alveg sams konar fyrirkomulag og ákveðið er í þingsköpum um kosningu forseta Alþingis.

Í öðru lagi ætla ég, að rétt sé að endurskoða kjörtímabil forseta. Það er nú ákveðið fjögur ár. Í flestum lýðveldum öðrum er kjörtíminn lengri, sex til sjö til átta ár. Ég tel eðlilegt, að þetta mál verði tekið til athugunar.

Í þriðja lagi er svo valdsvið forsetans, og geri ég ráð fyrir, að rétt þyki að auka það nokkuð frá því, sem er. Þar sýnist mér einkum koma til athugunar aukin áhrif forsetans á utanríkismál, utanríkisstefnu, embættaveitingar og stjórnarmyndanir.

Í fjórða lagi tel ég rétt, að kosinn sé samhliða forsetakjöri sérstakur varaforseti í stað þeirrar þriggja manna n., sem stjórnarskráin ákveður nú að fara skuli með forsetavald í forföllum eða fjarveru forseta, en það eru forseti Alþingis, forsætisráðherra og forseti hæstaréttar.

Í fimmta lagi þarf að endurskoða reglur um stjórnarmyndun, því að sú er reynslan víða um heim, að það er ein helzta veila þingræðisins, sem við viljum þó vafalaust allir halda, að stjórnir verða oft of veikar í sessi og of skammlífar, þannig að mjög skortir á þá festu, sem þarf að vera í stjórnarframkvæmdum og stjórnarháttum. Margar leiðir koma þar til athugunar, bæði sú leið, sem farin hefur verið í Svisslandi, og margar fleiri, sem ég skal ekki hér rekja. En sem sagt, eitt af þeim atriðum, sem þarf mjög að ræða í sambandi við endurskoðun stjórnarskrárinnar, er stjórnarmyndanir og möguleikar á því að gera framkvæmdarvaldið sterkara og fastara í sessi en nú er.

Í sjötta lagi er þingrofsrétturinn. Á hann minntist hv. þm. S-Þ. einnig. Sá réttur er mjög umdeildur, og mönnum sýnist sitt hvað um, hvort hann geri gagn eða ekki. Það er t. d. í Noregi enginn þingrofsréttur til. Þm. eru kosnir til ákveðins tíma, fjögurra ára, og sitja út kjörtímabilið. Þingrofið getur verið þægileg, æskileg úrlausn út úr miklum vanda eða hnút, sem þjóðmál eru komin í stundum, en því er ekki að neita, að þingrofsrétturinn veldur meiri óvissu og festuleysi í stjórnarháttum en æskilegt væri.

Í sjöunda lagi þarf að taka til athugunar ákvæði stjórnarskrárinnar um vald forseta til að synja lagafrv. staðfestingar. Víða er það þannig, að forseti lýðveldis hefur synjunarvald, þá stundum með einhverjum takmörkunum. Hér er þessu háttað þannig, að ef Alþingi samþykkir lagafrv., sem forseti vill ekki staðfesta og hann synjar staðfestingar, þá tekur lagafrv. engu að síður gildi, en réttur for-

setans er sá einn að skjóta málinu undir þjóðaratkvæði. Ef frv. er fellt við þjóðaratkvæði, fellur það úr gildi, ella heldur það gildi sínu. Mörgum finnst óeðlilegt, að þó að forseti synji staðfestingar, skuli frv. samt sem áður taka gildi. Þetta ákvæði þarfnast vafalaust endurskoðunar.

Í áttunda lagi er svo deildaskiptingin í Alþ. Það er orðið gerbreytt viðhorf frá því, er deildaskiptingin var ákveðin með gildistöku stjórnarskrárinnar 1874. Þá var kosið á allt annan veg eða valið á allt annan veg til Ed. Fyrst í stað var nokkur hluti þm. í Ed. konungkjörnir þm. og síðar landskjörnir, kosnir í einu lagi um land allt. Nú eftir þá breyt., sem gerð var 1934, eru allir þm. kosnir með sama hætti og sameinað Alþingi skiptir sér svo sjálft niður í deildir. Þá má segja, að þýðing deildaskiptingarinnar sé orðin að ýmsu leyti miklu minni, og því hafa verið uppi um það raddir, að þingið skyldi verða ein málstofa. Á þessu eru ýmsar hliðar, og á móti því má auðvitað færa það fram, að líkur séu til, að mál fái vandlegri meðferð, þegar þau eru skoðuð rækilega í tveim deildum heldur en einni. En deildaskiptinguna þarf að taka að sjálfsögðu til athugunar.

Í níunda lagi er sjálfsagt að fella niður eða breyta verulega því kosningarréttarskilyrði, að maður þurfi að hafa verið búsettur í fimm ár hér í landi. Þetta eru leifar frá sambandinu við Dani.

Í tíunda lagi kemur það til athugunar, hvort ætti að taka upp þann hátt, sem hið ágæta lýðræðisland Belgía hefur haft nú í rúmlega hálfa öld, en það er, að kosningarréttinum fylgi kosningaskylda. Hver maður, sem rétt hefur til að kjósa, skuli um leið skyldur að forfallalausu til að neyta atkvæðisréttar síns, að viðlögðum sektum eða við ítrekað brot missi kosningarréttar um hríð. Þessi skipan hefur gefizt mjög vel í því landi. Mér er ekki kunnugt um, að önnur lönd hafi tekið hana upp. En án þess að ég vilji taka endanlega afstöðu til þess máls á þessu stigi, það þarf að ræðast miklu ýtarlegar, þá er hér um að ræða atriði, sem þarf vissulega gaumgæfilegrar athugunar við, hvort þarna á að láta réttinum fylgja skyldu eins og víða annars staðar.

Í ellefta lagi er svo meðferð fjárlaga og öll fjármál ríkisins. Sums staðar er svo fyrir mælt, að einstakir þm. hafi ekki heimild til þess að bera fram útgjaldatill. við fjárl., meðan þau eru í meðförum þingsins, og til athugunar kæmi að setja nokkrar skorður við hækkun fjárl. í meðförum þingsins. En einnig þyrfti að skapa meira aðhald að ríkisstj. en verið hefur til að forðast umframgreiðslur og yfirleitt að skapa ríkisstjórnum aðhald um hvers konar hagsýni og hagsýslu í rekstri og starfsemi ríkisins.

Í tólfta lagi er nú svo ákveðið í stjórnarskránni, að Alþingi sker sjálft úr um kjörgengi þingmanns og lögmæti kosninga. Að mínu viti er það fráleitt, þetta er í eðli sínu hreint dómsmál, að það sé í höndum pólitískrar samkomu eins og Alþingis, og því mjög hætt við, að pólitísk sjónarmið komi þar mjög til greina, eins og dæmin sanna. Að mínu áliti á þetta úrskurðarvald um það, hvort alþingiskosningar hafi farið löglega fram, hvort tiltekinn þm. sé kosinn lögmætri kosningu, hvort hann uppfylli kjörgengisskilyrði, — þetta úrskurðarvald á að vera í höndum dómstóla, annaðhvort hæstaréttar eða sérstaks dómstóls, ef það þætti betur henta.

Í þrettánda lagi tel ég, að endurskoða þurfi stjórnarskrárákvæðin um aðstöðu hæstaréttar og hæstaréttardómara, og sjálfstæði þeirra og óháða stöðu þarf að tryggja enn betur en nú er gert í stjórnarskránni. Nú er svo fyrir mælt í stjórnarskrá, að dómsmrh. hafi heimild til þess að veita hæstaréttardómara lausn frá störfum, þegar hann nær 65 ára aldri, jafnvel þótt hann óski þess ekki sjálfur og gegn vilja hans. Ég tel, að þetta þurfi endurskoðunar við og a. m. k. ætti að hækka aldursmark hæstaréttardómara upp í 70 ár og jafnvel hærra.

Í fjórtánda lagi þarf að tryggja hlutlausa beitingu ákæruvaldsins með skipun opinbers ákæranda, sem sé sjálfstæður embættismaður og hafi svipaða stöðu og hæstaréttardómendur.

Í fimmtánda lagi er ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar um það, að hvern þann, sem tekinn er höndum, skuli leiða án undandráttar fyrir dómara, sem kveður upp úrskurð um það innan tiltekins frests, hvort hann skuli settur í varðhald. Þessi ákvæði eru ófullkomin, m. a. að því leyti, að þau vernda menn aðeins gegn handtöku í sambandi við grun um afbrot eða réttarrannsókn, en ná ekki til þess, ef maður er sviptur frelsi sínu af öðrum ástæðum, t. d. með læknisúrskurði eða öðru slíku. Þetta ákvæði þarf að gera víðtækara og tryggara.

Í sextánda lagi þarf að tryggja eignarréttinn á marga lund betur en nú er og þá alveg sérstaklega gegn hóflausu skattráni, sem getur stundum jafngilt eignarnámi án bóta eða eignarupptöku.

Í sautjánda lagi þarf að endurskoða mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar, endurskoða og endurbæta sum þeirra, sem þar eru, og bæta öðrum við, þannig að vernd mannréttindanna í íslenzku stjórnarskránni verði hvergi minni en mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna ákveður.

Í átjánda lagi þarf að tryggja betur en nú er sjálfstjórn og sjálfstæði sveitarfélaganna.

Í nítjánda lagi tel ég mjög koma til greina að ákvarða í stjórnarskránni, að bera megi sum þýðingarmikil þjóðmál undir þjóðaratkvæði. Sá háttur hefur lengi verið í Svisslandi, að með tilteknum skilyrðum, eftir áskorun ákveðins fjölda kjósenda, þá er skylt að bera t. d. lagafrumvörp undir þjóðaratkvæði til samþykktar eða synjunar, auk þess sem almenningur getur þannig einnig átt í vissum tilfellum frumkvæði að lagasetningum. Þetta eykur mjög þátttöku almennings um meðferð þjóðmálanna og hefur gefizt þar mjög vel. Þetta mál hefur verið mjög rætt hjá ýmsum þjóðum á undanförnum árum, og þegar Danir end-

urskoðuðu sína stjórnarskrá 1953, þá tóku þeir upp ákvæði í þessa átt, þar sem segir, að ef þjóðþingið samþ. frv., þá getur þriðjungur þm. krafizt þess, að það sé borið undir þjóðaratkvæði. Ef meiri hl. kjósenda geldur jáyrði við frv., þá er það samþ., þó því aðeins að minnst 30% allra kosningarbærra manna samþykki. Þó eru ýmis mikilsvarðandi mál undantekin þessu ákvæði. Þannig er ekki hægt að krefjast þjóðaratkvgr. um fjárlög, um skatta- og tollamál, um launalög o. fl. Þetta ákvæði var sem sé tekið upp hjá Dönum. Hjá Svíum hefur þetta mál undanfarna tvo áratugi verið mjög rætt, og áhugi virðist þar mikill fyrir því að taka upp svipað skipulag. Ég tel, að það mundi verða mjög til þess að styrkja og treysta lýðræðið, ef við endurskoðun íslenzku stjórnarskrárinnar yrði tekið upp ákvæði um þjóðaratkvgr. um mikilsvarðandi mál með vissum skilyrðum.

Í tuttugasta lagi tel ég að endurskoða þurfi ákvæði stjskr. um ábyrgð ráðh. og um landsdóm. Í stjórnarskránni er svo ákveðið, að Alþ. getur fært ráðherra til ábyrgðar fyrir embættisrekstur hans, það er ekki háð því almenna ákæruvaldi, og ef svo er gert, þá skuli sérstakur dómstóll, landsdómur, dæma þau mál. Þetta hefur frá öndverðu verið algert pappírsgagn, og landsdómur er væntanlega ekki til. Um hann eru sérstök lög. Hann er settur saman með mjög flóknum hætti, og ætla ég, að flestallir þeir, sem í hann voru skipaðir á sínum tíma, séu fallnir frá og ekki verið skipaðir neinir í staðinn. Varðandi ábyrgð ráðh., þá er auðvitað eðlilegast, að hinir almennu dómstólar eða e. t. v. hæstiréttur einn dæmi þau mál, sem Alþ. ákveður að höfða gegn ráðh. Víða er þessu þannig fyrir komið, að hæstiréttur og þar til kjörnir menn af stjórnþingunum eða efri deildum þeirra ganga saman í dómstól, sem fjallar um þessi mál. Þannig er það t. d. eftir dönsku stjskr., að sérstakur ríkisréttur dæmir um þessi mál, en í honum eiga sæti allir hæstaréttardómendur og jafnmargir menn kosnir hlutfallskosningu af Danaþingi.

Í tuttugasta og fyrsta lagi kemur mjög til athugunar að taka upp skipan, sem lengi hefur verið í gildi í Svíþjóð, þ. e. um sérstakan umboðsmann eða eftirlitsmann, sem valinn er af þinginu til eftirlits með framkvæmdarvaldinu. Í Svíþjóð eru þeir tveir: annar, sem hefur eftirlit með ríkisstj. og embættismönnum á borgaralega visu, hinn hefur svipuðu hlutverki að gegna gagnvart hernum. Þetta skipulag hefur verið þar lengi og þótt gefast mjög vel. Í þeirri endurskoðun, sem fór fram í Danmörku 1953, var ákveðið að taka upp þessa skipun að nokkru leyti. Það var stofnað starf, og starfsmaðurinn heitir umboðsmaður eða eftirlitsmaður þjóðþingsins, og undir starfsvið hans fellur eftirlit með ráðh., með föstum starfsmönnum ríkisins og öðrum þeim, er starfa í þjónustu ríkisins. Hann á að hafa eftirlit með því, hvort þessir starfsmenn gerist sekir um yfirsjónir eða vanrækslu í starfi. Allir danskir borgarar hafa kærurétt til hans, ef þeim finnst um eitthvert misferli vera að ræða. En staða þessa umboðsmanns er með þeim hætti, að hann er algerlega sjálfstæður starfsmaður og óháður. Til þessa starfs hefur valizt einn af merkustu lögfræðingum Dana nú á þessari öld og hefur hlotið almenningslof fyrir, og er talið, að að þessari skipun hafi orðið mikið gagn.

Í tuttugasta og öðru lagi tel ég mjög til athugunar við endurskoðun stjskr., að ráðnir séu til þess sérstakir óháðir, færir lögfræðingar að vera Alþingi að staðaldri til ráðuneytis um löggjöf, þannig að fylgjast með meðferð lagafrv. í Alþ., gefa ráð um form þeirra og allan búning, og gætu slíkir lögfræðilegir ráðunautar eða laganefnd vafalaust orðið til mikils gagns í þá átt að tryggja, að löggjöfin yrði vandaðri og samræmdari en hún oft og tíðum er.

Ég hef nefnt hér nokkur atriði, að gefnu tilefni frá hv. þm. S-Þ. (KK), og ekki undarlegt, þótt þetta komi fram, þar sem við eigum báðir sæti í þeirri n., sem mér skilst að minnsta kosti á honum að teljist vera á lífi enn, svo að það má líklega segja um hana eins og segir í bibliunni, að „eigi er mærin dauð, heldur sefur hún“, og gæti þá tekið til starfa, þegar grundvöllur hefði skapazt fyrir heildarendurskoðun. Ég hef nefnt hér nokkur atriði, sem ég tel að eigi að koma til athugunar við heildarendurskoðunina. Að sjálfsögðu eru fjölmörg önnur, sem þar koma til greina. Og eins og ég gat um, þá ætla ég, að um ýmis þessara atriða muni menn ekki skiptast eftir stjórnmálaflokkum, þó að því beri ekki að neita, að um sum allra þýðingarmestu grundvallaratriði stjskr. býst ég við að skoðanir falli nokkuð eftir stjórnmálastefnum og flokkum.

Nú er spurningin, hverja aðferð á að hafa við setningu stjskr., þegar þar að kemur. Núgildandi aðferð skv. stjskr. um stjórnarskrárbreyt. er þessi, að þing þarf að samþ. með venjulegum hætti frv. um stjórnarskrárbreytingu, síðan þarf að rjúfa þingið og efna til nýrra kosninga, og ef næsta þing eftir kosningar samþ. frv. óbreytt, þá tekur það gildi sem stjórnskipunarlög. Þetta er almenna reglan. Þó var annar háttur hafður á um setningu stjskr. lýðveldisins, því að 1942 var stjskr. breytt á þá lund, að til stjórnarskrárbreytingar í sambandi við stofnun lýðveldisins þyrfti aðeins samþykki eins þings og við þjóðaratkvæði að staðfesta frv. af meiri hl. kosningarbærra manna. Þarna var því samþykkt eins þings í stað tveggja og þjóðaratkv. í stað þingrofs og kosninga.

Nú skal ég taka fram, að ég tel þá almennu reglu, sem gildir og gilt hefur um stjórnarskrárbreytingar, ekki alls kostar heppilega. Að vísu er nauðsynlegt að tryggja sem bezt, að ekki sé verið að hringla með stjórnarskrána allt of oft og að óþörfu. En ég tel, að dómur þjóðarinnar ætti að koma fram beint við stjskrbreyt. Kosningar þær, sem eiga að fara fram á milli hinna tveggja þinga, snúast oft og tíðum jafnmikið og stundum miklu meira um allt önnur mál. Ég tel, að í framtíðinni kæmi mjög til greina að hafa þá aðferð við

stjórnarskrárbreytingar, að til viðbótar því, sem nú er, samþykki tveggja þinga með þingrofi og kosningum á milli, kæmi þjóðaratkvgr., þannig að frv. öðlaðist ekki gildi, fyrr en það hefði verið samþ. við beina þjóðaratkvgr. um málið. Hugsanlegt væri líka, ef þetta þætti of umsvifamikið, að láta þjóðaratkvgr. koma í staðinn fyrir þingrof, þannig að þyrfti samþykki tveggja þinga og þjóðaratkvæði. En undir öllum kringumstæðum tel ég, að beint þjóðaratkvæði eigi að koma hér í framtíðinni.

En nú hafa verið uppi bæði fyrr og síðar till. um það að velja sérstakt stjórnlagaþing eða þjóðfund, sem fái það mikla vald að setja þjóðinni nýja stjórnarskrá. Á sínum tíma var starfandi hér félagsskapur, Stjórnarskrárfélagið, sem hafði þetta á stefnuskrá sinni. Það voru samtök áhugamanna. Auk þess voru bæði á Austur- og Norðurlandi samtök um endurskoðun stjórnarskrárinnar, og beittu þau sér mjög fyrir sérstöku stjórnlagaþingi. Hv. þm. S-Þ. flutti till. um þetta í stjskrn. árið 1953, og hefur hann gert grein fyrir henni hér í umr. Mér skilst, að þessi leið sé þá um leið stefna Framsfl. í málinu.

Nú vil ég ekki í mínum huga alveg útiloka eða fordæma þessa málsmeðferð, en ég tel, að ákaflega margt mæli gegn henni. Hingað til hefur Alþ. sjálft fjallað um og ákveðið hverja einustu stjórnarskrárbreytingu. Engin stjskrbreyt. hefur verið gerð, nema Alþ. sjálft stæði að henni. Alþingi Íslendinga er meira en þúsund ára gömul stofnun. Það er langmerkasta og frægasta stofnun íslenzku þjóðarinnar, og það er stofnun, sem á sér hvergi hliðstæðu um aldur meðal annarra þjóða. Alþingi hefur löggjafarvaldið, og það þarf vissulega mjög sterk rök til þess að taka það frá þessari þúsund ára gömlu virðulegu þjóðstofnun, og við eigum fremur að reyna að auka virðingu þess en draga úr. Og þegar við lítum á sögu Alþ. og þýðingu þess fyrir þjóðina og fyrir hennar sjálfstæðisbaráttu, þá held ég, að það sé mjög hæpin stefna að draga hin helztu mál — og hér er um að ræða eitt þýðingarmesta mál þjóðarinnar — úr höndum þess, því að það er ekki hægt að skilja á annan veg en þann, að með því sé Alþ. að setja niður, það sé verið að draga úr virðingu þess og veg, með því að Alþ. Íslendinga sé ekki treystandi til þess, eins og raunar kemur fram hjá flytjendum þessa máls, því sé ekki treystandi til þess að setja góða stjórnarskrá fyrir land og þjóð.

Þegar við lítum á það, hvað Alþ. hefur um aldirnar afrekað, þá verður þetta í rauninni enn ljósara. Á lýðríkistímanum setti Alþ. löggjöf, sem um mörg efni var algert einsdæmi á þeim tíma í veröldinni. T. d. voru hér lög um sveitarstjórnarmál, um framfærslu- og tryggingamál, sem stóðu framar því, sem þekktist annars staðar á þeirri tíð, og báru af um framsýni, mannúð og mildi. Það var Alþingi, sem með lögum ákvað kristnitökuna árið 1000. Það var Alþingi, sem setti hin einstæðu lög um fimmtardóm skömmu síðar. En í fimmtardómi skyldi málum ráðið til úrslita með einföldum meiri hl. atkv., en í fjórðungsdómum, sem áður voru æðstu dómstólarnir, var ekki hægt að ráða málum til lykta, nema allir dómendur væru á einu máli. Þessi sama skipan um, að allir dómendur þyrftu að vera á einu máli, var sú ríkjandi skipan þá í nágrannalöndum okkar, og Íslendingar sýndu hér framsýni og fyrirhyggju langt um fram aðra samtíðarmenn sína með setningu fimmtardóms. Og þannig mætti lengi telja um hin merkustu nýmæli og framfaramál, sem Alþingi hefur staðið að.

Og þetta er ekki aðeins varðandi lýðríkið forna, heldur einnig þegar við athugum sögu Alþ. í þá rúma öld, síðan það var endurreist. Stofnun lýðveldisins sjálfs 1944 og sambandsslitin voru ákvörðuð af Alþ. Íslendinga, en ekki kallaður saman sérstakur þjóðfundur eða stjórnlagaþing til þeirra aðgerða. Þjóðfundir geta átt rétt á sér. Við höfum haft hér einn þjóðfund, sem frægastur hefur orðið, 1851, en eðli hans, aðdragandi og valdsvið var þess eðlis, að það er ekki sambærilegt, sem hér er stungið upp á um sérstakt stjórnlagaþing.

Þjóðfundir eða sérstök stjórnlagaþing hafa í öðrum löndum stundum verið háð til þess að setja stjórnarskrár, en þá er það venjulega vegna þess, að verið er að mynda nýtt ríki, t. d. vegna þess, að sérstök þjóð hefur öðlazt sjálfstæði, brotizt undan yfirráðum og áþján annarrar þjóðar, eða vegna þess, að styrjöld hefur geisað og í lok hennar þarf að byggja allt upp frá grunni. Í slíkum tilfellum geta sérstakir þjóðfundir og stjórnlagaþing átt rétt á sér. En ég ætla, að fáar þjóðir, sem ættu þá hefð, þá venju, þá söguhelgi eða að segja má „tradition", sem yfir Alþingi Íslendinga hvílir, — að fáar þjóðir, sem ættu slíka sögu, mundu láta sér detta í hug að óvirða þá þúsund ára gömlu stofnun með aðra eins sögu að baki sér með því að taka setningu sjálfra stjórnlaganna úr höndum hennar og kalla saman einhverja aðra samkomu til þess að ganga frá því, vegna þess að Alþingi væri ekki til þess treystandi.

Þó að ég, eins og ég tók fram, vilji alls ekki í mínum huga gersamlega útiloka þessa aðferð um sérstakt stjórnlagaþing, ef mikill meiri hluti manna teldi það æskilegt eða nauðsynlegt, þá get ég ekki neitað því, að ég sé ákaflega mikla annmarka á þeirri aðferð. En það er annað, sem hér kemur til, ef sérstakt stjórnlagaþing ætti að setja á laggirnar til þess að setja Íslandi nýja stjórnarskrá. Þá kemur spurningin: hvernig á að kjósa til þess stjórnlagaþings? Kemur þá ekki upp nýtt kjördæmamál, ný viðkvæmni, nýr ágreiningur um það, hvaða reglur skuli gilda um kosningu fulltrúa á þetta stjórnlagaþing, sem á ekki heldur að hafa neitt smáræðisvald, heldur að setja Íslandi stjórnlög? Ætli það komi þá ekki upp raddir um það, að vitanlega séu einmenningskjördæmi um kosningu til stjórnlagaþings það eina rétta? Ætli það komi ekki upp aðrar raddir um það, að hlutfallskosningar séu réttlátari? Og þá er spurning, hvort eigi að kjósa í stórum kjördæmum eða landið sé allt eitt kjördæmi. Og þegar ég nefni, að ágreiningur geti orðið um það, hvernig eigi að kjósa slíkt

stjórnlagaþing, þá tala ég ekki út í bláinn, því að tveir samherjar, þm. Framsfl., sem talað hafa hér í málinu í fyrradag, voru sitt á hvoru máli um það. Þeir segjast báðir vera með stjórnlagaþingi, en hvor gerir sína till. um, hvernig eigi að kjósa til þess. Aðalflm. tillögunnar, hv. þm. S-Þ. (KK), hefur lagt til, að kosið sé til stjórnlagaþingsins eftir þeirri kjördæmaskipun og kosningaaðferð, sem nú gildir til Alþingis, m. ö. o. með þeirri blönduðu, ósamstæðu og úreltu kjördæmaskipun, sem við nú búum við, einmenningskjördæmi sums staðar, tvímenningskjördæmi með hlutfallskosningu, átta fulltrúar frá Reykjavík með hlutfallskosningu og ellefu uppbótarsæti. Þannig vill hv. þm. S-Þ. hafa kosningatilhögunina. Flokksbróðir hans, hv. 1. þm. N-M. (PZ), lýsti því yfir hér í fyrradag, að hann sé eindregið fylgjandi stjórnlagaþingi, en hann leggur til, að fulltrúarnir á stjórnlagaþing séu allir kosnir í einu lagi yfir landið allt með hlutfallskosningu. Ja, svolitill munur er nú á hjá samherjunum um það, hvern háttinn eigi að hafa. Og eins og kjördæmamálið hefur verið hita- og vandamál íslenzku þjóðarinnar í marga áratugi, ætli gæti ekki farið svo, að þegar á að setja reglur um kosningar til stjórnlagaþingsins, þá taki kannske nokkur ár eða áratugi að leysa það mál, hvernig á til þess að kjósa, og þarf ekki í rauninni frekar vitna við en þann ágreining, sem strax á fyrsta degi umr. kemur fram meðal flm. og samherjanna sjálfra?

Ótalin er þó enn sú till. í sambandi við stjórnlagaþingið, sem mér finnst í rauninni sú furðulegasta, sem ég hef heyrt varðandi endurskoðun stjórnarskrárinnar, og það er sú till. hv. þm. S-Þ. (KK), vafalaust studd af Framsfl., að við val fulltrúa til stjórnlagaþings sé stjórnmálamönnum bannað að koma þar nærri, eða eins og þeir orða það, það á að banna stjórnmálaflokkunum að bjóða fram eða eiga nokkurn hlut að þessari tilhögun. Það er að vísu kannske fullkomin ástæða til þess, eftir að maður hefur heyrt, hvernig sumir þm. hér í þessari deild frá Framsfl. tala um stjórnmálaflokka og flokksvald, að gera sér grein fyrir því, hvað þessir stjórnmálaflokkar eru. Mér hefur skilizt, að stjórnmálaflokkar væru fyrst og fremst samtök þeirra manna, sem hafa svipaðar lífsskoðanir og þeirra skoðanir falla í meginatriðum saman um það, hvernig beri að byggja upp þjóðfélagið og leysa þjóðfélagsvandamálin, um efnahagsmál, um atvinnurekstur, um félagsmál ýmiss konar, mannréttindi o. s. frv. Það eru skiptar skoðanir um þetta, sem skipta mönnum í skoðanahópa eða stjórnmálaflokka um alla veröld. Nú er talað um þessa skoðanahópa, sem bindast samtökum og kalla sig stjórnmálaflokka, eins og það sé einhver mesta meinsemd í þjóðfélaginu. Nú hafa flokkar að sjálfsögðu átt sér stað, að ég ætla, í hverju einasta lýðræðislandi í veröldinni. Fyrir meira en 2000 árum, á blómaskeiði Grikkja eða Hellena, þegar menning og framfarir voru mestar í Aþenuborg, t. d. á tímum Heraklesar og Sókratesar, þá var þar vitanlega flokkaskipting. Það voru aðallega tveir flokkar, sem höfðu tölurvert ólíkar skoðanir í grundvallaratriðum, sem börðust um völdin. Þannig var það að sjálfsögðu einnig í Rómaríki á sínum tíma, og þannig var það í lýðríkinu íslenzka forðum daga. T. d. skiptist þingheimur árið 1000 í flokka, kristna menn og heiðna, og ekki aðeins þingheimur, heldur allur landslýðurinn. Og þannig var það á öllu lýðríkistímabilinu, að menn skiptust meira og minna í flokka, sumpart eftir misjöfnum skoðunum, lífsskoðunum eða skoðunum á þjóðfélagsmálum, sumpart eftir ættarfylgi eða fylgi við sérstakan höfðingja.

Manni virðist nokkuð einkennilegt, þegar einn þm. úr þeim flokki, sem hefur þó einna harðastan flokksaga og flokksræði hér á landi, Framsfl., kemur hér fram og talar eins og heilagur maður um, að þetta eigi að vera laust við öll flokksbönd og flokka og þessir stjórnmálaflokkar séu svo miklir skaðræðisgripir og þá væntanlega forustumenn þeirra, stjórnmálamennirnir, að þeir megi alls ekki koma nálægt, það verði í sjálfri stjórnarskránni væntanlega að banna þeim kjörgengi til stjórnlagaþingsins. Það má vel vera, að andrúmsloftið í þeim flokki, sem þessi hv. þm. hefur lifað og starfað í um áratugi, sé með þessum hætti, að það grundvalli slíkan dóm, en ég vil alveg frábiðja mér slíka dóma og slíkar hugsanir og kenningar varðandi þann flokk, sem ég er í.

Það á sem sagt eftir tillögum hv. þm. og Framsfl. að útiloka frá fulltrúavali til stjórnlagaþings stjórnmálasamtök. (**Gripið fram í:** Ekki stjórnmálamenn.) Það eru ekki til stjórnmálaflokkar, nema einhverjir menn séu í þeim. Ég hef aldrei heyrt getið um stjórnmálaflokk mannlausan, — hefur hv. þm. heyrt þess getið? (Gripið fram í.) Ef á að banna stjórnmálaflokkunum að eiga hér hlut að máli, þá þýðir það auðvitað í verki, að stjórnmálamennirnir, þ. e. a. s. forustumenn stjórnmálaflokkanna, það er ætlazt til, að þeir komi þar ekki nálægt og megi engin samtök í því efni hafa. En nú er það þannig, að stjórnmálin og þjóðmálin eru vitanlega fyrst og fremst þau mál, sem þjóðin á öll saman. Þessi hugsun er því ákaflega furðuleg.

En hvaða samtök eru það þá, sem ætlazt er til að standi að kosningu á stjórnlagaþing, því að einhver samtök hljóta þetta að vera? Ég býst ekki við, að þm. ætlist til þess, að það séu eingöngu einstaklingar. Það eru vitanlega til margvísleg samtök hér, sem eftir hans till. ættu að hafa heimild til framboðs. Við skulum taka Alþýðusamband Íslands, það ætti þá að mega standa að framboðum og framboðslistum og koma til greina með uppbótarsæti til stjórnlagaþings. Nú var það svo fyrir síðustu alþingiskosningar, að þeir, sem þá réðu í Alþýðusambandinu, gerðu tilraun til þess að gera Alþýðusambandið að pólitískum flokki og láta sambandið standa að stjórnarmyndun og framboði. Það getur þá líka orðið álitamál, hvort Alþýðusambandið hefði rétt til að standa að kosningu til stjórnlagaþings. Við skulum taka stærstu verzlunarsamtökin hér, eins og Samband íslenzkra samvinnufélaga, það mundi tví-

mælalaust eftir till. þm. hafa rétt til þess að standa að framboðum, vera sem sagt frambjóðandi og hafa rétt til uppbótarsæta o. s. frv. Og þannig mundi vafalaust vera um mörg önnur samtök, eins og Farmanna- og fiskimannasambandið, Landssamband sjómanna, Landssamband iðnaðarmanna, að maður tali nú ekki um eins og t. d. Góðtemplararegluna og önnur slík mannúðar- og merkissamtök, Bindindisfélag ökumanna, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Skreiðarsamlagið. Það eru ýmis svona bæði hagsmuna- og áhugasamtök, sem mér skilst að mundu standa að framboðum og kosningu til stjórnlagaþings eftir till. hv. þm. En þau stjórnmálasamtök, sem eru snar þáttur í hverju einasta lýðræðisþjóðfélagi, mega ekki koma þar nálægt.

Nú er það vafalaust um þessi samtök, sem ég hef nefnt af handahófi, og fjöldamörg önnur mannúðar-, menningar-, líknar- og framfarafélög, sem til greina kæmu, að ég ætla, að flest þessi samtök hafi einhver tiltekin áhugamál, tiltekin hagsmunamál, sem þau berjast fyrir, og þau mundu auðvitað fela sínum fulltrúum að bjóða fram með það í huga, að þessir fulltrúar berðust sérstaklega fyrir þeim, í flestum tilfellum vafalaust góð mál og gagnleg. En ég vil spyrja: Eru líkur til þess, að fulltrúar slíkra hagsmuna- og áhugasamtaka, sem snúast að einstökum málaflokkum í þjóðfélaginu, hefðu meiri heildaryfirsýn og víðsýni til að bera á stjórnlagaþingi heldur en stjórnmálamennirnir og stjórnmálaflokkarnir? Ég svara þessu hiklaust neitandi, og ég ætla, að þegar gaumgæfileg athugun fer fram á þessari till. hv. þm. S-Þ., — ég ætla, að hún hafi varla verið tekin alvarlega hingað til, — þá muni flestir komast að þeirri niðurstöðu og væntanlega jafngreindur og hygginn og sanngjarn maður og flm. sjálfur, að þetta er í rauninni ekki framkvæmanlegt og mjög óæskilegt, ef hún ætti að ná fram að ganga.

Vegna þess, hve hv. þm. S-Þ. og málsvarar og málgögn Framsfl. hafa rætt mjög um heildarendurskoðun stjskr. í sambandi við kjördæmamálið, sem hér liggur fyrir, og um stjórnlagaþing, þá hef ég talið rétt að reifa nokkuð gang þessa máls og taka til athugunar þær till., sem hér hafa fram komið í því máli, en það frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 368, fjallar um það að breyta kjördæmaskipun og tilhögun alþingiskosninga.

Það fyrirkomulag, sem nú er í gildi, er samsafn eða sambland af ýmsu, það eru bæði einmenningskjördæmi, tvímenningskjördæmi, átta manna kjördæmi, meirihlutakosning, hlutfallskosning og jöfnunarþingsæti. Hvað eftir annað hefur síðan 1934 verið reynt að lagfæra þetta skipulag þannig, að þingið yrði sem réttust mynd af þjóðarviljanum. En vegna þeirrar þróunar, þeirra miklu tilflutninga, sem eiga sér stað hér á landi, og breytinga á atvinnuháttum, hefur það reynzt svo, að þessar breytingar hafa ekki náð tilgangi nema að litlu leyti og um stutta stund.

1934 var sú grundvallarbreyting gerð, að inn í stjskr. var sett ákvæði um það, að úthluta skyldi allt að 11 þingsætum til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar. Menn ætluðu þá, að þessi jöfnunarþingsæti mundu hjálpa mjög til þess að skapa á Alþ. rétta mynd af vilja þjóðarinnar. Síðan var önnur breyting gerð 1942, aðallega sú, að teknar voru upp hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmum. En reynslan hefur sýnt, að það skortir mjög á, að tekizt hafi að ná þeim árangri, sem til var stofnað. Það hefur sem sagt komið í ljós, að í flestum alþingiskosningum hefði þurft miklu fleiri uppbótarþingsæti til jöfnunar en 11 til þess að ná því marki stjskr., að þingflokkarnir hefðu þingsæti í sem réttustu hlutfalli við atkvæðamagn sitt við almennar kosningar. Og eftir miklar athuganir á því, hvaða skipan væri hentugust í þessu efni, hefur sú orðið niðurstaðan í þrem þingflokkum að bera fram þetta frv., sem byggist á því að stækka kjördæmi, sameina þau, hafa 8 kjördæmi í landinu, kosið verði hlutbundnum kosningum í þeim öllum og auk þess 11 þingsæti til jöfnunar.

Breytingarnar, sem frv. felur í sér, eru í fyrsta lagi, að á Alþ. eigi sæti 60 þjóðkjörnir þm. í stað allt að 52, eins og nú er ákveðið í stjskr., í öðru lagi, að 25 þm. skuli kosnir hlutbundinni kosningu í 5 fimm manna kjördæmum, í þriðja lagi, að 12 þm. skuli kosnir hlutbundinni kosningu í 2 sex manna kjördæmum, í fjórða lagi, að 12 þm. skuli kosnir hlutbundinni kosningu í Reykjavík, og loks, að 11 þm. skuli vera til jöfnunar.

Um tölu þm. fyrir hvert af þessum kjörsvæðum er það að segja, að í flestum tilfellum er tala landssvæðisins sú hin sama og nú er. Þó fær Miðvesturlandskjördæmið eftir frv. 5 þm. í stað 4, sem það hefur. Á Austurlandi verður 5 manna kjördæmi í stað 6 þm., sem sá landshluti hefur nú. Í Reykjavík er þm. fjölgað um 4, úr 8 í 12. Í Reykjaneskjördæmi verða 5 þm. í stað 2, sem nú eru. Enn fremur er sú breyting gerð varðandi landsk. þm., að í núgildandi stjskr. er ákveðið, að úthluta skuli allt að 11 þingsætum, en í þessu frv. er ákveðið, að þessum 11 þingsætum skuli jafnan úthlutað.

Þá er nú sá annmarki á, að varaþm. eru ekki til í einmenningskjördæmum, og kemur það sér oft illa. Í þessu frv. er ákveðið, að varaþm. skuli kosnir fyrir alla þm. og að varamenn skuli vera svo margir sem til endist á listanum, og er það eftir því fordæmi, sem nú um hríð hefur gilt varðandi bæjar- og sveitarstjórnarkosningar.

Nú er mjög um það rætt, hvort sé heppilegra fyrirkomulag fyrir þjóðina eða þjóðirnar yfirleitt, því að fyrirkomulag hjá öðrum þjóðum hefur mjög borið á góma, — hvort sé heppilegra að hafa einmenningskjördæmi og meirihlutakosningu eða stærri kjördæmi og hlutfallskosningu.

Það eru nú um það bil 100 ár liðin, síðan fyrstu tillögur komu upp um hlutbundnar kosningar, og var það nokkurn veginn jafnsnemma, að danski stjórnfræðingurinn Andræ

og brezkur maður, Hare að nafni, báru fram till. um hlutfallskosningar. Næstu áratugi þar á eftir komu margir fleiri til. Bæði fengu þessar hugmyndir fljótt mjög mikinn hljómgrunn og stuðning, og síðan hafa margir aðrir fróðir menn komið til og gert sínar tillögur um hlutfallskosningarnar í framkvæmd, enda eru ýmsar aðferðir til að framkvæma hlutbundnar kosningar eftir, þó að sú aðferð, sem við Íslendingar notum bæði varðandi kosningar til Alþ. og til sveitarstjórna og kennd er við belgíska stærðfræðinginn de Hondt, muni vera algengust. Hins vegar hafa sumar þjóðir, sem búa við hlutfallskosningar, nokkuð aðrar reikningsaðferðir, sem skipta náttúrlega ekki verulegu máli.

Það var strax eftir að Bretinn Hare hafði borið fram sínar till. um hlutfallskosningar, að einhver frægasti og merkasti heimspekingur ekki aðeins Breta, heldur jarðarinnar, John Stuart Mill, tók þessa hugmynd upp og vakti athygli á henni, taldi hana vera mjög þýðingarmikla fyrir lýðræðið og komst jafnvel svo að orði, þegar hann lofaði mjög þessar tillögur hans, að þessar tillögur um hlutbundnar kosningar væru meðal langmerkustu umbóta, sem gerðar hefðu verið í sögu mannkynsins um stjórnmál og stjórnfræði. Þegar slíkar maður vakti máls á þessu, urðu þessar till. að sjálfsögðu þegar kunnar víða um heim.

Ég skal ekki rekja hér ýtarlega þá hugsun, sem býr á bak við hlutfallskosningar, en hlutfallskosningar eru fyrst og fremst réttlætismál, og þær eru sprottnar upp af réttlætistilfinningum mannanna. Þess vegna er það ekki að ófyrirsynju, heldur var þar naglinn alveg hittur á höfuðið, þegar Þórhallur biskup Bjarnarson tók svo til orða um hlutfallskosningar, að hlutbundnar kosningar væru honum bæði hita- og kappsmál, vegna þess að þær eru runnar af rót réttlætisins, og í rauninni held ég, að erfitt sé að draga í efa, að hér er um fullkomið réttlætismál að ræða. En síðar skal ég minnast nokkuð á þá annmarka og þá gagnrýni, sem fram hefur komið á þessu fyrirkomulagi frá ræðumönnum hér í þessum umræðum.

Fyrr á öldum var það svo, að allir þjóðfélagsborgarar höfðu rétt til þess að koma á þjóðsamkomurnar, taka þar þátt í umræðum um þjóðfélagsmálin og greiða þar atkvæði, og voru allir með einn og sama atkvæðisrétt. Þannig var það í grísku borgríkjunum, hjá Rómverjum, og þannig var það yfirleitt og hefur verið, þar sem þjóðmálin og stjórnmálin hafa verið útkljáð á almennum samkomum borgaranna, þar sem allir máttu koma. Ég vil vekja athygli á því, að það mun aldrei hafa komið fyrir, að þeir, sem áttu eitthvað lengra að sækja á slíka fundi, hafi krafizt þess að hafa tvöfaldan eða þrefaldan atkvæðisrétt á við hina, heldur var það alveg ófrávíkjanleg, sjálfsögð réttlætis- og jafnréttiskrafa, að allir hefðu eitt atkv. hver. Nú er að sjálfsögðu svo komið, að óviða er hægt að koma við þessu fyrirkomulagi, að borgararnir komi sjálfir á fundi til þess að greiða þar atkvæði, og þess vegna kjósa þeir sína fulltrúa. Og það er hvort tveggja, ef menn vilja hafa samræmi í þessu, að þá er eðlilegt, að um fulltrúaval hafi allir borgararnir jafnan atkvæðisrétt og áhrifarétt, og hins vegar, að eins og meiri hl. réð auðvitað á þessum þjóðfundum eða þjóðarsamkomum, en minni hl. hafði rétt til að láta til sín heyra, láta sína rödd heyrast, eins er það réttmætt, þegar borgararnir mæta ekki sjálfir á slíkum samkomum, heldur velja sér fulltrúa, að þá hafi minni hl. einnig rétt til að láta til sín heyra, en möguleikar hans til þess séu ekki fyrir borð bornir, eins og því miður er mjög mikil hætta á, eins og reynslan sýnir, ef alger meirihlutakosning er látin ráða, því að þá er það yfirleitt svo, að það er meiri hl., sem fær alla fulltrúana kjörna, en minni hl. hefur ekki möguleika til að koma sínum hugmyndum á framfæri einu sinni eða láta til sín heyra í löggjafarsamkomunni.

Hlutfallskosningarnar eru því fyrst og fremst hugsaðar þannig, að þær eigi að tryggja rétt minni hl. Og ég vil benda á það, að í lýðræðisþjóðfélagi er það grundvallaratriði, ekki aðeins að meiri hl. ráði, heldur að tekið sé tillit til minni hl. Og þess vegna er það í mannréttindaákvæðum stjórnarskráa flestra lýðræðisríkja, að þar eru mönnum tryggð ýmis borgaraleg réttindi, og það þykir ekki gott lýðræðisþjóðfélag, sem alveg hunzar rétt minni hl. og útilokar hann frá áhrifum í þjóðfélaginu.

Ég vildi nú víkja hér nokkrum orðum að því, hvernig bæði nágrannaþjóðir okkar og ýmsar aðrar þjóðir í Evrópu leysa þessi mál. Ef við tökum fyrst þá þjóð, sem okkur er skyldust, Norðmenn, þá lögleiddu Norðmenn hjá sér hlutfallskosningar árið 1920. Þeir hurfu frá einmenningskjördæmum með meirihlutakosningum og tóku upp hlutbundnar kosningar í stórum kjördæmum. Þetta gerðist árið 1920. Þeir hafa nú 150 stórþingsmenn, þeir eru kosnir í 29 kjördæmum og eru 3—8 þm. í hverju.

Ég vil taka það fram út af sérstöku ákvæði, sem er í stjórnarskrá Norðmanna og mér vitanlega hvergi annars staðar og stundum er vitnað í, — það er hinn svokallaði bændaparagraf eða bændagrein, — að það er ákveðið í stjórnarskránni, að hlutfallið frá landsbyggðinni eða sveitunum á móti hlutfalli fulltrúa frá bæjunum skuli alltaf vera tveir á móti einum, m. ö. o., að landsbyggðin skuli alltaf hafa tvisvar sinnum fleiri þm. á Stórþinginu heldur en bæirnir. Nú hefur þetta orðið til þess í reynd, þó að það sé hugsað þannig að tryggja rétt landsbyggðarinnar og strjálbýlisins, að bæirnir hafa hlutfallslega fleiri fulltrúa á Stórþingi en landsbyggðin. Um tíma var það þannig jafnvel, að hvert atkvæði í bæjunum vó fimm sinnum þyngra á metaskálunum en atkv. úr sveitunum, þannig að þurfti t. d. aðeins 200 atkv. á bak við þm. úr bæjum, meðan þurfti 1000 atkv. á bak við hvern þm. af landsbyggðinni, og jafnvel enn í dag ætla ég, að þessi svokallaði bændaparagraf komi bæjunum til góða, því að það eru fleiri kjósendur, sem standa að baki hvers þm. í sveitunum í Noregi heldur en úr bæjunum. Hins vegar er trú-

legt, að með miklu aðstreymi til bæjanna breytist þetta og að þá verði þessi stjórnarskrárgr. til þess, að sveitirnar fái hlutfallslega fleiri þm., ef þá ekki verður búið að afnema þessa gr., sem sætir mjög mikilli gagnrýni.

M. ö. o. hafa verið í Noregi nú um nær 40 ára skeið hlutfallskosningar í stórum kjördæmum.

Í Sviþjóð eru hlutfallskosningar til fulltrúadeildarinnar eða neðri deildarinnar, sem skiptir aðallega máli hér, því að það eru landsþingin eða lénin, sem tilnefna með öðrum hætti til efri deildarinnar. Þar voru hlutfallskosningar lögleiddar 1909. M. ö. o.: nú á þessu ári eiga hlutbundnar kosningar hálfrar aldar afmæli í Sviþjóð.

Þar eru 28 kjördæmi, og kjördæmin falla að mestu leyti saman við lénin í Sviþjóð, en lénin svara til amtanna í Danmörku, fylkjanna í Noregi og fjórðunganna hér á landi. Lénin samsvara ekki sýslunum á Íslandi, heldur fjórðungunum.

Tala þm. er ákveðin þar og útreiknuð á fjögurra ára fresti í hverju kjördæmi, þ. e. a. s. heildartala þm. er ákveðin, en svo er reiknað út eftir fólksfjölda í hverju af þessum 28 kjördæmum á fjögurra ára fresti, hvað hvert kjördæmi, hvert lén, eigi að fá marga þm. M. ö. o.: þetta fylgir alveg flutningum fólksins. Og þar er atkvæðisrétturinn alveg jafn, þannig að t. d. íbúar í Stokkhólmi hafa nákvæmlega sama atkvæðisrétt og íbúar nyrzt norður í Lapplandi, í strjálbýlinu þar. Það eru t. d. í Stokkhólmi nú, að ég ætla, 24 þm., og þar er þetta umreiknað á 4 ára fresti á þeim grundvelli, að allir borgarar, hvar sem þeir búa, hafi jafnan rétt.

Í Danmörku voru hlutfallskosningar til Fólksþingsins lögleiddar árið 1915. Þeir hurfu frá meirihlutakosningu í einmenningskjördæmunum.

Í Danmörku er hlutfallskosning enn í dag. Kosnir eru 179 þm. Af þeim eru tveir frá Grænlandi og tveir frá Færeyjum, en í Danmörku sjálfri eru kosnir 175 þm. Af þeim eru 135 í kjördæmum, en 40 uppbótarsæti.

Danmörku er skipt í þrjú stór kjörsvæði, Kaupmannahöfn, eyjarnar og Jótland. Síðan eru smærri kjörsvæði innan þeirra, og eru yfirleitt 4—7 þm. í hverju. Það eru að nafninu til einmenningsframboð, en hafa enga þýðingu við uppgjör kosninganna. Það er í rauninni meira formsatriði, þannig að kosningin, talning og úthlutun allra þingsæta fer eingöngu eftir hlutfallsreglum.

Í stjórnarskrá Dana er beinlínis ákveðið, að þar skuli vera hlutfallskosningar til að tryggja jafna fulltrúatölu fyrir mismunandi skoðanir meðal kjósendanna.

Í Danmörku er það einnig þannig, að þingmannatölunni er skipt niður á þessi stóru kjörsvæði og minni kjördæmi á 10 ára fresti eftir mannfjölda.

Í hinu fjórða Norðurlandanna, Finnlandi, voru hlutfallskosningar lögleiddar árið 1906 og hafa verið óbreyttar þar í meginatriðum síðan.

Þm. eru þar 200 að tölu, þar af 1 frá Álandseyjum, en 199 kosnir í 14 stórum kjördæmum með hlutfallskosningu, og eru 8—32 þm. í hverju kjördæmi.

Það er sama reglan og í Sviþjóð, að allir kjósendur eru jafnréttháir og að tala þingmanna fyrir hvert kjördæmi er ákveðin fyrir hverjar þingkosningar samkvæmt manntali, breytist með fólksfjölda og fólksflutningum.

Norðurlöndin fjögur, önnur en Ísland, hafa því nú um langan aldur öll haft hlutfallskosningar, hafa horfið frá einmenningskjördæmum og meirihlutakosningu, Finnar síðan 1906, Svíar síðan 1909, Danir síðan 1915 og Norðmenn síðan 1920. Og ég veit ekki til þess, hef ekki heyrt það, að uppi séu neinar raddir frá ábyrgum mönnum í þessum fjórum löndum um að hverfa frá hlutfallskosningum og stórum kjördæmum og taka upp aftur einmenningskjördæmi og meirihlutakosningu.

Ég hef á undanförnum árum tekið þátt í ýmsum ráðstefnum norrænum, bæði með stjórnmálamönnum og áhrifamönnum, og ég verð að segja, að ég hef aldrei heyrt eina rödd frá neinu þessara landa um, að þeir menn óski þar eftir að fara aftur í gamla farið með einmenningskjördæmi.

Þetta er nú um þær þjóðir, sem við teljum okkur skyldastar að uppruna, ætterni, sögu og menningu og þjóðfélagsháttum, og ég ætla, að þessar þjóðir fjórar séu nú taldar einhverjar mestu lýðræðisþjóðir veraldarinnar.

Ef við víkjum að öðrum löndum í Evrópu, þá skal ég taka fyrst Holland. Þar voru árið 1917 ákveðnar hlutfallskosningar í 18 stórum kjördæmum til beggja þingdeilda, og svo er enn.

Í Belgíu voru hlutfallskosningar til fulltrúadeilda þingsins ákveðnar fyrr en í nokkru öðru landi, eða árið 1899, fyrir 60 árum. Þar eru 212 þm. kosnir til fulltrúadeildar, og kjördæmin eru 30 að tölu. Í flestum þeirra eru kosnir 3—7 þm., en í nokkrum þó fleiri, og fjölmennasta kjördæmið hefur 32 þm.

Í Svisslandi er stjórnskipunin þannig, að 25 fylki eða kantónur, sem kallað er, hafa sína sjálfstjórn, og þær eru svo varðandi sambandsþingið kjördæmi hver fyrir sig. Kjördæmin eru því 25 að tölu. Þar voru hlutfallskosningar fyrst teknar upp í einni kantónunni árið 1890. Nú eru þær lögleiddar í allflestum fylkjanna varðandi kosningar innan þeirra. Varðandi kosningar til sambandsþingsins í Sviss voru hlutfallskosningar lögleiddar að undangengnu þjóðaratkvæði með miklum meiri hl. árið 1918. Tala þm. fyrir hvert kjördæmi fer eftir fólksfjöldanum, og allir borgarar, hvar sem þeir búa í landinu, hafa jafnan atkvæðisrétt. Meginreglan er sú, að þar er einn þm. fyrir hverja 24 þús. íbúa. Höfuðborgin, Bern, sem hefur 800 þús. íbúa, hefur samkvæmt þessu nákvæmlega 33 þm., næststærsta borgin, Zürich, 32 þm. Aðrar kantónur eða kjörfylki eru yfirleitt með 2—16 þm.

Hér bætast því við þessi þrjú eindregnu lýðræðisríki, Holland, Belgía og Sviss.

Hér hef ég því nefnt sjö af allra tryggustu

og einlægustu lýðræðisþjóðum Evrópu, sem allar hafa haft um áratugi hlutbundnar kosningar í stórum kjördæmum, — skipan, sem þær hafa tekið upp, eftir að þær höfðu um mjög langan aldur haft einmenningskjördæmi og meirihlutakosningu. Þessar þjóðir eru einhverjar allra friðsömustu lýðræðisþjóðir veraldarinnar, og mér er ekki kunnugt um það, að í þessum sjö þjóðlöndum séu raddir uppi um að hverfa aftur til einmenningskjördæma.

Ég vil nefna nokkur ríki, sem því miður hafa orðið að lúta í lægra haldi og missa sjálfstæði sitt fyrir ofbeldi erlendis frá, — ríki, sem fengu sitt sjálfstæði, settu sér stjórnarskrá og komu á sínu lýðræði og menningu til fyrirmyndar fyrir aðrar þjóðir eftir fyrri heimsstyrjöldina.

Tékkóslóvakía lögleiddi hjá sér hlutfallskosningar til beggja þingdeilda í fleirmenningskjördæmum, þar sem voru 6—40 þm. í hverju.

Lettland lögleiddi, þegar það fékk sitt sjálfstæði eftir fyrir heimsstyrjöldina, hlutfallskosningar í stórum kjördæmum og ákvað, að sérhvert kjördæmi skyldi kjósa fulltrúatölu í réttu hlutfalli við tölu kjósenda í kjördæmunum.

Lithaugaland ákvað einnig í sinni stjórnarskrá hlutfallskosningu til þingsins.

Eistland ákvað einnig í sinni stjórnarskrá, að þjóðþingið skyldi skipað 100 þm., kosnum á grundvelli hlutfallskosninga, að viðhöfðum almennum, jöfnum, beinum og leynilegum kosningum.

Þó að sorglega hafi farið fyrir sjálfstæði þessara þjóða, þá ætla ég þó ekki, að neinn haldi því fram, að það sé kosningafyrirkomulagið í þessum löndum, sem varð þess valdandi, að stórveldið í austri hremmdi þessar þjóðir og lagði þær undir sinn járnhæl.

Nú spurði hv. þm. S-Þ., hvort við gætum nefnt nokkurt land, sem tekið hefði upp hlutfallskosningar á hinum síðustu árum. Og hann sagði, að sér væri ekki kunnugt um neitt. — Þetta er ósköp eðlilegt, að hann hafi ekki heyrt um það og ég ekki heldur, vegna þess að langflestar lýðræðisþjóðir í Evrópu voru búnar að taka upp þetta skipulag áður, svo að þess vegna er ekki von, að hann heyri neitt um breytingar í því efni. Hins vegar eru viss ríki, sem hér hafa verið gerð að umtalsefni og eiga nú að vera aðalhaldreipi Framsfl. í andstöðu hans gegn slíku réttlætismáli og lýðræðiskröfu eins og hlutbundnar kosningar eru.

Fyrst og fremst er það Írland. Þar voru lögleiddar hlutbundnar kosningar árið 1922, bæði til þings og sveitarstjórna. Nú segja framsóknarmenn, að þar séu uppi ákveðnar till. og raddir um það að hverfa aftur frá því til einmenningskjördæmanna. Það er rétt, að till. hafa komið þar frá núverandi forsætisráðherra Íra, að ég ætla, um að hverfa til einmenningskjördæmanna. En um þetta standa miklar deilur í Írlandi og er með öllu óvíst og eftir þeim fregnum, sem ég hef, fremur ólíklegt, að þessi breyting nái fram að ganga.

Varðandi Frakkland, þá er mjög vitnað í það, að hlutbundnar kosningar í Frakklandi hafi orðið Frakklandi að falli, jafnvel oftar en einu sinni. Í fyrri heimsstyrjöldinni má náttúrlega segja, að Frakkland reyndist miklu veikara, bæði um hernaðarmátt og stjórn, heldur en menn höfðu gert ráð fyrir, og er talið, að sundrung meðal Frakka og stjórnleysi hafi valdið því að nokkru, hversu illa gekk fyrir Frökkum í fyrri heimsstyrjöldinni framan af, þangað til þeim barst liðstyrkur annars staðar frá. En gallinn í málflutningi framsóknarmanna er bara sá, að á þessum tíma voru einmenningskjördæmi og meirihlutakosning um allt Frakkland, því að það var ekki fyrr en árið 1919, eftir fyrri heimsstyrjöldina, sem hlutfallskosningar voru lögleiddar þar og þó að mjög takmörkuðu leyti.

Næsta haldreipið er svo það líklega, að hrun Frakklands 1940, í síðari heimsstyrjöldinni, og sundrung, óeining, stjórnleysi og ófarir Frakklands hafi átt rót sína að rekja til stjórnskipunarinnar og þá fyrst og fremst kjördæmaskipunarinnar. Við það er þetta að athuga, að á þessu tímabili var líka aftur búið að taka upp meirihlutakosningu í einmenningskjördæmunum, því að þessar takmörkuðu hlutfallskosningar í Frakklandi, sem voru teknar upp 1919, voru afnumdar 1927, og árin 1927—46, þangað til eftir síðari heimsstyrjöldina, voru einmenningskjördæmi með meirihlutakosningu í Frakklandi, svo að ekki stenzt sú röksemd.

Árið 1946 eru svo teknar upp hlutfallskosningar í Frakklandi, en stórfelld breyting er gerð árið 1951, svo stórfelld breyting, að aðalreglan frá 1951 er einmenningskjördæmi og meirihlutakosning. Það eru einmenningskjördæmi og meirihlutakosning frá 1951 og til nýju stjórnarskrárinnar, sem de Gaulle beitti sér fyrir, í langsamlega flestum kjördæmum. Það hafa verið 103 kjördæmi í Frakklandi, og það var aðeins í 8 kjördæmum, þ. e. Parísarborg og umhverfi hennar, sem var kosið hlutbundnum kosningum, að vísu töluvert fjölmenni, en það voru þó aðeins 8 kjördæmi af 103, þar sem kosið var hlutbundnum kosningum.

Nú hélt hv. þm. Str. (HermJ) því fram, að hlutbundnar kosningar hefðu steypt lýðveldinu í Frakklandi. Hann vill telja, væntanlega, að þar sé ekki lýðveldi eða lýðræði enn. Ég er honum ekki sammála um það, því þó að þar hafi orðið breyting mikil á stjórnháttum og vafalaust óhjákvæmilegt að fá þar styrkari stjórn en verið hafði, og þó að þeir atburðir hafi orðið með öðrum hætti en lýðræðisþjóðir telja æskilegar, þá er það í meginatriðum þannig, að núverandi forseti Frakklands hefur svipuð völd og forseti Bandaríkjanna. Í meginatriðum er það þannig samkv. stjórnarskránni.

Þessir þrír atburðir í Frakklandi, sem framsóknarmenn skrifa á reikning hlutbundinna kosninga, hrunið eða ófarirnar í byrjun fyrri heimsstyrjaldar, hrunið í byrjun síðari heimsstyrjaldar og valdataka de Gaulles, þetta fellur allt saman um sjálft sig, því að þetta er byggt allt saman á misskilningi og vanþekkingu. Árið 1914 eru einmenningskjördæmi með meirihlutakosningu, 1940 eru einmenningskjördæmi með meirihlutakosningu, og 1958, þegar

de Gaulle kemst til valda, þá eru einmenningskjördæmi og meirihlutakosning í 95 kjördæmum, en hlutbundnar kosningar í aðeins 8.

Þá er það Þýzkaland. Þar eiga hlutfallskosningarnar líka að hafa steypt Weimar-lýðveldinu og komið Hitler og nazistum til valda.

Árið 1918, þegar lýðveldið var stofnað, voru ákveðnar hlutfallskosningar til þingsins í 35 kjördæmum. Og það skipulag gilti fram yfir valdatöku Hitlers. En hver er nú sannleikurinn í því, að þetta fyrirkomulag hafi valdið svo mikilli ringulreið og fjölgað svo flokkum í Þýzkalandi, að það hafi orðið Weimar-lýðveldinu að falli? Ég skal vitna hér í ummæli mjög merks fræðimanns um þessi mál, sem skrifað hefur í Encyclopedia of the Social Sciences, sem er viðurkennd alfræðiorðabók um félagsvísindi og stjórnvísindi um allan heim. Hann skrifar þar, þessi höfundur, að það sé nokkuð almenn gagnrýni hjá andstæðingum hlutfallskosninga, að þær fjölgi flokkum og skapi erfiðleika um myndun meiri hluta á þingi. Síðan segir hann: „Vandleg vísindaleg rannsókn á stjórnmálaástandi og þróun fjölda landa, áður og eftir að hlutfallskosningar voru teknar upp, sýnir, að slík ályktun sem þessi hefur ekki við rök að styðjast. Í Belgíu hafði Kaþólski flokkurinn þingmeirihluta hreinan mörg ár, bæði fyrir og eftir 1899, þegar hlutfallskosningar voru lögleiddar.“ Sem sagt mörg, mörg ár, eftir að hlutfallskosningar voru lögleiddar, hafði þessi sami flokkur meiri hluta. Síðan segir þessi fræðimaður: „Hinir mörgu flokkar í Þýzkalandi voru til komnir fyrir 1918 og 1920, þegar gengið var frá stjórnarskránni með hlutbundnum kosningum.“ M. ö. o.: þessi fullyrðing um það, að hlutfallskosningar í Þýzkalandi hafi sundrað þjóðinni, sundrað þinginu, fjölgað flokkunum, grafið undan Weimar-lýðveldinu og komið Hitler til valda, hefur ekki við nokkur minnstu rök að styðjast. Alveg staðlausir stafir. Tala flokkanna var jafnmikil, áður en hlutfallskosningar komu, eins og eftir. Síðan bætir þessi fræðimaður við nokkrum athugasemdum t. d. um Sviss. Hann segir, að einn nýr flokkur hafi aukizt að fylgi eftir 1918, þegar hlutfallskosningar voru teknar upp, en sá flokkur var stofnaður áður. Hann var orðinn til áður, þó að hann yki fylgi sitt nokkuð eftir hlutfallskosningarnar. Og síðan bendir hann á, að í Bandaríkjum Norður-Ameríku, þar sem hlutfallskosningar hafa verið hafðar á nokkrum stöðum, aðallega varðandi bæjar- og sveitarstjórnarmál, hafi ekki orðið þess vart, að risið hafi upp smáflokkar í kjölfar þess. Síðan segir þessi fræðimaður: „Eðli flokkakerfisins er ekki eins komið undir kosningakerfinu og allt öðrum ástæðum og öflum, svo sem félagslegu ástandi, ástandi í efnahagsmálum, trúarlegum sjónarmiðum, kynþáttasjónarmiðum, tungumálum, stjórnmálaástandi í hverju landi á hverjum tíma.“

Ég ætla, að hér hafi nú verið svarað nokkuð þessum fullyrðingum, sem eru alveg rakalausar, um hrun lýðvelda og þjóða vegna hlutfallskosninga.

En við getum aðeins vikið hér lauslega að því, hvernig þessi mál horfa við hér hjá okkur sjálfum. Við höfum haft hlutfallskosningar um langan aldur. Ég ætla, að það sé um það bil hálf öld, síðan hlutfallskosningar voru upp teknar í bæjarstjórnarkosningum, og eru þær nú orðnar almennar um sveitarstjórnarkosningar. Ég veit ekki til þess, að þetta fyrirkomulag hafi skapað upplausn í bæjarstjórnunum. Ég veit dæmi þess, að flokkar og listar voru miklu fleiri, meðan kosið var meirihlutakosningu, á sumum stöðum og sums staðar, heldur en eftir að hlutbundnar kosningar voru upp teknar. Við höfum bent á höfuðstaðinn. Alveg án þess að fara nokkuð út í umr. um það, hvernig málefnum Reykjavíkurbæjar hafi verið stjórnað, þá er sannleikurinn sá, að nú í full 30 ár, síðan Sjálfstfl. var stofnaður, hefur sá flokkur haft hreinan meiri hl. í bæjarstjórn Reykjavíkur. Allan þennan tíma hafa verið þar hlutfallskosningar. Upplausnar vegna hlutfallskosninga eða myndunar margra flokka hefur alls ekki orðið vart í bæjarstjórnarkosningum á fjögurra ára fresti í þrjátíu ár í höfuðborg landsins. Og það má einnig benda á annað. Við síðustu bæjarstjórnarkosningar fyrir hálfu öðru ári skapaðist einmitt meiri hl., samhentur meiri hl., í fleiri bæjum en verið hafði. M. ö. o.: þó að hlutfallskosningar væru, þá skapaðist sums staðar samstæður meiri hl., sem ekki hafði verið þar. T. d. hefur sami flokkurinn hreinan meiri hluta í bæjarstjórnum utan Reykjavíkur í Vestmannaeyjum, í Keflavík, á Sauðárkróki, í Ólafsfirði. Það er aðeins í Ólafsfirði, sem meiri hl. eins flokks var áður eða fyrir þessar bæjarstjórnarkosningar. M. ö. o.: þarna hafa við þessar síðustu bæjarstjórnarkosningar bætzt við þrír kaupstaðir, þar sem er hreinn meiri hl. eins flokks. Auk þess mætti náttúrlega nefna í þessu sambandi Akranes. Þar er að vísu ekki einn flokkur, sem hefur meiri hl., en það er flokkasamsteypa, sem bauð fram sameiginlega með sameiginlegum málefnasamningi og á einum lista.

Reynslan af bæjarstjórnarkosningum hér á landi í marga áratugi bendir því ekki til upplausnar af hlutfallskosningum, þvert á móti.

Þingmönnum Framsfl. þykir það ákaflega mikils virði að geta vitnað í Vestur-Þýzkaland eða Sambandslýðveldið þýzka sem rök fyrir sínu máli, vegna þess að það hafi tekið upp einmenningsskipulag og meirihlutakosningu. Þetta er ekki nema hálfur sannleikur. Þegar setja skyldi Vestur-Þýzkalandi stjórnarskrá eftir styrjöldina, voru um það mjög skiptar skoðanir, menn skiptust í skoðanahópa um það, hvort ætti að hafa hlutfallskosningar eða meirihlutakosningar, og síðan var gerð málamiðlun. Málamiðlunin er á þá leið, að einmenningskjördæmi eða meirihlutakosning skuli gilda um 60% þm., en 40% þeirra eru kosnir með hlutfallskosningu í formi uppbótarþingsæta. Það eru 400 þm. fæst á þingi Vestur-Þjóðverja, og af þeim eru 240 kosnir meirihlutakosningu, en 160 eru kosnir sem uppbótarþingmenn eftir hlutfallsreglu. Og svo strangir eru Þjóðverjar í því að fylgja hugsjón og lögmáli hlutfallskosningar og jafnrétti milli allra

flokka, að ef það kemur fyrir í hinum einstöku kjördæmum, að einhver flokkur fær samtals fleiri þm. en hann á rétt á samkvæmt sinu atkvæðamagni, þá er þm. fjölgað til þess að jafna metin. Þannig hefur það komið fyrir, að þó að stjórnarskráin ákveði 400 þm. sem meginreglu, þá hafa þm. stundum verið fleiri til þess að ná fullkomnum jöfnuði milli stjórnmálaflokkanna.

Og loks komum við þá að þrautalendingu og haldreipi framsóknarmanna í þessu kjördæmamáli, það er hið heittelskaða Stóra-Bretland. Þar er þó öruggt, segja framsóknarmenn, og óumdeilanlegt, að eru einmenningskjördæmi með meirihlutakosningu, og Bretland eigum við vitanlega, ekki sízt eins og nú standa sakir, að taka okkur til fyrirmyndar um stjórnskipun og stjórnhætti. Nú er það að vísu rétt, að um marga hluti í stjórnskipun hafa Bretar sýnt mikinn stjórnmálaþroska á undanförnum öldum og Magna Charta þeirra frá 13. öld var vissulega ákaflega merkilegt plagg, merkilegt spor í þá átt að auka vald þjóðkjörins þings gegn konungi og tryggja mannréttindi. En þó er margs að minnast í stjórnsögu Breta. Þó að eftir aldagömlum ákvæðum hjá Bretum mætti vegna mannhelginnar engan mann hneppa í fangelsi eða taka af lífi án dóms og laga eða án venjulegrar dómsmeðferðar hjá óháðum dómstólum, þá gerðist það eitt sinn, að þegar þinginu brezka féll ekki við einn forsrh., þá gerði það sér lítið fyrir og samþykkti lög um, að hann skyldi tekinn af lífi, og það var gert án venjulegrar málsmeðferðar eða dóms. Og ef við lítum á stjórnskipun og sögu Breta, þá er vissulega vert að hafa það í huga, að þó að margt hafi verið þar með ágætum og til fyrirmyndar öðrum þjóðum, þá er auðvitað ákaflega margt þar líka úrelt og ranglátt, sem engin ástæða er fyrir okkur að taka til fyrirmyndar.

Svo að ég nefni nokkur dæmi vegna þess, hve framsóknarmenn vitna oft til Englands sem fyrirmyndarríkis í þessum efnum, þá hafa Englendingar arfgengt konungsdæmi. Er það kannske óskhyggja framsóknarmanna að breyta hér til og reyna að taka upp eitthvert slíkt fyrirkomulag á gamla vísu, sem að vísu stendur í nokkrum löndum enn, en flestar lýðræðisþjóðir eru þó fallnar frá? Önnur deild þingsins er lávarðadeildin, þar sem er sjálfkjörinn fjöldi aðalsmanna, erkibiskup og aðrir biskupar og höfðingjar. Hugsa framsóknarmenn sér kannske að gera þessa ágætu Ed., sem við stöndum í, að einhverri slíkri málstofu, þar sem yrðu sjálfkjörnir einhverjir höfðingjar í þjóðfélaginu?

Í Englandi kemur það fyrir, að kjósendur geta kosið samtímis í tveimur eða fleiri kjördæmum, hafa margfaldan kosningarrétt, ekki aðeins þar, sem þeir eiga heimili, heldur líka þar, sem þeir hafa kannske skrifstofu eða verzlun eða atvinnurekstur.

Ég vil nefna eitt nýlegt dæmi. Það kom fyrir í kosningum til Bretaþings 1951, að annar hinna stóru flokka þar, Varðveizluflokkurinn, Konservatívi flokkurinn, fékk meiri hluta á þingi Breta, en Verkamannaflokkurinn hafði fleiri atkvæði meðal kjósendanna. Er þetta í fullu samræmi við réttlætishugmyndir framsóknarmanna, að þar sem tveir flokkar nokkurn veginn jafnstórir deila um völdin, þar sé það allt í lagi, þó að sá flokkurinn, sem fær færri atkvæði hjá þjóðinni, fái meiri hluta á þinginu? En þetta skeði þar og getur iðulega skeð þar, sem fyrirkomulag eins og enska fyrirkomulagið er. Það má nefna annað dæmi frá Bandaríkjunum, að á seinni hluta 19. aldar var kosið þar. (**Gripið fram í:** Hefur það ekki skeð í Reykjavík í hlutfallskosningum?) Nei, ekki þetta, sem ég nefndi frá Bretlandi, það hefur aldrei skeð hér. Það hefur aldrei komið fyrir, að einn flokkur, sem fékk meiri hluta kjósenda, fengi ekki meiri hl. í bæjarstjórn, og getur ekki komið fyrir. — Í Bandaríkjunum gerðist það á seinni hluta 19. aldar, að kosinn var Bandaríkjaforseti, þó að mótframbjóðandi hans hefði nokkrum tugum þúsunda fleiri atkv., vegna þess að þar eru kjörmenn, sem velja forsetann, valdir í einmenningskjördæmum, og eins og ég skal minnast nokkuð á nánar, þá eru þær hættur jafnan fylgjandi einmenningskjördæmunum.

Varðandi Bertland vil ég að öðru leyti taka fram, að það er engan veginn einhugur um það að halda einmenningskjördæmunum í Bretlandi. Frjálslyndi flokkurinn þar, sem hefur að vísu mjög fá þingsæti, en á þó nokkurt fylgi með þjóðinni og á sér mjög glæsilega sögu, ekki sízt meðan hann var undir forustu þeirra Gladstones, Lloyd Georges og fleiri af mestu og göfugustu forvígismönnum Breta, — þessi flokkur beitir sér eindregið fyrir því að breyta kjördæmaskipuninni í Bretlandi og taka upp hlutfallskosningar. Hins vegar er það þannig, að stóru flokkarnir tveir, sem berjast um völdin og fara með völdin á víxl, virðast ekki hafa áhuga á því að breyta frá því, sem nú er.

En ég vil aðeins í sambandi við hið brezka fyrirkomulag bæta því við, og það er ekki út í bláinn, þegar ég segi, að það er ekki víst, að framkoma Breta gagnvart Íslendingum í landhelgismálinu væri slík sem hún er og hefur verið, ef þar hefðu verið hlutfallskosningar í stórum kjördæmum, því að það er vitað, að það eru viss tiltölulega fámenn einmenningskjördæmi, þar sem harðvítug barátta er jafnan milli aðalflokkanna, sem virðast ráða ótrúlega miklu um aðgerðir Breta í landhelgismálinu alla stund síðan 1952. En hv. framsóknarmenn telja, að í því sé fólgin í rauninni öll okkar sáluhjálp og tilvera sveitanna og líf íslenzkrar menningar, allt þetta sé undir því komið, að við tökum nú Bretann til fyrirmyndar um stjórnskipun og stjórnhætti.

Það er langt síðan fyrst hófust umræður hér á landi um hlutfallskosningar. Það mun hafa verið árið 1887, sem hinn merki bóndi og framfaramaður, Tryggvi Gunnarsson, skrifaði grein í Ísafold, sem birtist þar 16. marz 1887. Þessi bóndi og verzlunar- eða kaupfélagsstjóri um langan aldur ræddi þar um kjördæmamálið og þá miklu annmarka, sem væru

á því hvoru tveggja að hafa einmenningskjördæmi og að landið allt væri eitt kjördæmi, og hann lagði þar eindregið til, að farin væri sú leið að skipta landinu í 8 stór kjördæmi, eins og gert er með þessu frv., þó að mörkin séu að vísu nokkuð önnur milli einstakra lögsagnarumdæma en hann gerði ráð fyrir. Hann lagði til, að landinu væri skipt í 8 kjördæmi, sem hvert velji 3—5 þm. með listakosningum.

Sama ár skrifaði Jón Ólafsson ritstjóri og alþm. grein um þetta mál. Það var í Ísafold 9. apríl, og þar heldur hann því eindregið fram, að taka beri upp hlutfallskosningar, vegna þess að það sé réttlætismál að berjast fyrir jafnrétti allra að hlutfalli réttu. Og hann segir m. a.: „Sé tólftungur allra kjósenda fylgjandi einni og sömu skoðun, þá eiga þeir rétt á að kjósa tólftung þingmanna. Þá kemst skoðun þeirra að einmitt í því hlutfalli, sem hún á rétt á.“

Hv. þm. N-Ísf. (SB) vitnaði hér m. a. í Pál Briem amtmann, grein, sem hann skrifaði í Eimreiðina árið 1900, þar sem hann mælir eindregið með hlutfallskosningum sem fullkomnu réttlætismáli og jafnrétti kjósendanna, því að atkvæði sérhvers kjósanda á að hafa fullt gildi í hlutfalli við önnur atkvæði. Hann segir enn fremur: „Það er óeðlilegt, að meiri hluti borgaranna kjósi alla fulltrúana og útiloki minnihlutann frá því að ræða málin á fulltrúaþinginu. Meiri hlutinn hefur rétt til að velja meiri hluta fulltrúanna og til þess að ráða, eftir því sem hæfilegt þykir, en minni hlutinn á að geta kosið minni hluta fulltrúanna til að geta haldið fram sínum skoðunum á fulltrúaþinginu. Á þann hátt verða málin bezt rannsökuð og rædd, og þar sem um velferðarmál landsins er að tefla, þá er þetta bezt fyrir land og þjóð.“ — Þetta voru orð Páls Briems amtmanns í grein hans í Eimreiðinni. En þetta mun vera með því fyrsta, sem hér á landi mun hafa verið rætt og ritað um hlutfallskosningar, það sem ég gat hér um.

Það virðist vera meginstefna Framsfl. að hafa einmenningskjördæmi og meirihlutakosningar um val alþm. Þó hefur það óskiljanlega fyrirbrigði orðið, að þeir virðast ekki kæra sig um, að í Reykjavík séu einnig höfð einmenningskjördæmi og meirihlutakosningar. Sem sagt: tvímenningskjördæmunum, sem nú eru, það má skipta þeim sundur og láta þau kjósa hvert sinn þm. En hver eru rök þess hjá framsóknarmönnum, að ekki eigi þá á sama hátt að skipta Reykjavík upp í — við skulum segja — 12 einmenningskjördæmi? Þau hafa ekki komið fram, og er ákaflega erfitt að skilja þau, nema það muni eiga einhvern þátt, sem einhver hefur hér orðað, að það stæði í sambandi við það, að Framsfl. mundi ekki hafa miklar vonir um að fá þingmann í Reykjavík, ef hér væru einmenningskjördæmi, en muni gera sér einhverjar vonir um að fá einn, ef 12 verði kosnir með hlutfallskosningu. Mér þykir ákaflega ólíklegt, að slíkar hugsanir bærist í hugum jafnheiðvirðra manna og þeirra.

En varðandi einmenningskjördæmin er rétt að athuga, hverjir eru meginkostir þeirra og gallar.

Kostir einmenningskjördæmanna eru vitanlega ýmsir, sem hér hafa verið raktir í þessum umr. fyrr og síðar, m. a. nánari kynni og persónuleg tengsl milli þm. og kjósenda og að kjósandinn hafi betri aðstöðu til þess að koma sínum áhugamálum á framfæri við þingmennina.

Um kosti einmenningskjördæmanna skal ég hér ekki ræða frekar, það hefur verið rakið svo ýtarlega af öðrum. En hins vegar eru í lýðræðisríki varðandi kosningar til þjóðþings slíkir megingallar á þessu fyrirkomulagi, með einmenningskjördæmi og meirihlutakosningar, að ég tel slíkt skipulag mjög óheppilegt. Til þess að hugsanlegt væri, að einmenningskjördæmi gæfu nokkuð rétta mynd af þjóðarviljanum, þá þyrftu þau að vera svo að segja öll jafnfjölmenn, því að ef mismunur er mikill á fólksfjölda í einmenningskjördæmum, þá er alltaf fyrir hendi sú yfirvofandi hætta, eins og sagan sýnir hér á Íslandi rækilega og áþreifanlega, að einn tiltekinn stjórnmálaflokkur reyni sérstaklega að afla sér fylgis í fámennustu kjördæmunum og fái þannig miklu fleiri þingfulltrúa en fylgi hans meðal þjóðarinnar segir til um.

Það er því grundvallarskilyrði fyrir því, að einmenningskjördæmi geti staðizt, að kjördæmin séu nokkurn veginn jafnfjölmenn. Hér á landi er tæpast hægt að koma því við. Það er að vísu hægt að skipta Reykjavík niður o. s. frv. En vegna tilflutninganna í þjóðfélaginu mundi til þess að fullnægja þessu, að það yrði nokkurn veginn sami mannfjöldi í einmenningskjördæmunum, verða að breyta um sýslumörk. Það yrði að taka jafnvel einn hrepp eða hluta úr hreppi frá þessari sýslu og setja hann yfir til annarrar, til þess að þessu skilyrði yrði fullnægt. Með öðru móti er það ekki hægt. Og ég ætla, að mörgum íbúum sveitanna mundi þykja það harla undarlegt, og illa kemur það heim við kenningar framsóknarmanna um, að hvergi megi skerða sýslurnar að neinu leyti, ef einmenningskjördæmi ættu að vera þannig, að flestar sýslur yrðu klipptar sundur og jafnvel sveitir og hreppar til þess að ná þessu undirstöðuatriði, að kjördæmin væru nokkurn veginn jafnfjölmenn. Jafnvel þegar af þessari ástæðu tel ég það frágangssök.

En ef menn nú vildu fallast á þetta samt, þá tel ég, að einmenningskjördæmi, þó að þau séu nokkurn veginn jafnfjölmenn, séu svo varhugaverð, að ekki sé hægt að fallast á þau. Það kemur nefnilega iðulega fyrir í einmenningskjördæmum, að enginn frambjóðandi eða engin landsmálasamtök eða flokkur hafi þar hreinan meiri hl. Þar er kannske fleiri um að ræða, og sá, sem flest fær atkvæði, er kosinn, þó að hann kannske hafi ekki nema þriðjung atkvæða eða minna en það. Og þannig er það mjög vel hugsanlegt, að með slíku skipulagi, þó að kjördæmin væru jöfn að fólkstölu, þá gæti einn flokkur fengið hreinan meiri hl. á löggjafarsamkomu, þó að hann hefði kannske

20—30 eða 35% kjósendanna að baki sér, og slíkt samræmist vissulega ekki lýðræðishugmyndum.

Auk þess má að sjálfsögðu nefna hér þann ágalla á hinum smáu kjördæmum, sem Tryggvi Gunnarsson kom einnig inn á í Ísafoldargrein sinni, og það er, eins og hann orðar það, að með þeim hætti kæmust nesjaskoðanir að í almætti sínu og sá þröngi sjóndeildarhringur hvíldi yfir, þar sem kjósendur velja helzt þann, sem þeir halda að mundi verða sínu héraði fylgisamastur, án þess að láta það ráða úrslitum, hver gagnlegastur þm. mundi verða landinu í heild sinni. — Þessi voru orð Tryggva Gunnarssonar.

Í ályktun flokksþings framsóknarmanna um kjördæmamálið segir svo, að „flokksþingið telur, að stefna beri að því að skipta landinu í einmenningskjördæmi utan Reykjavíkur og þeirra kaupstaða annarra, sem rétt þykir og þykja kann að kjósi fleiri en einn þm. Með hæfilegri fjölgun kjördæmakosinna þm. falli niður uppbótarlandskjörið". Nú er það að vísu svo, að það er ekki heil brú í þeirri till. að ætla að hafa einmenningskjördæmi úti um allt land, nema í Reykjavík og einum eða tveimur kaupstöðum öðrum og hafa þar hlutfallskosningar, því að slíkt gefur ranga mynd af þjóðarviljanum. Hins vegar er náttúrlega hægt að hugsa sér hina leiðina: að hafa eintóm einmenningskjördæmi, og það er vissulega rétt að athuga í örfáum dæmum, hvernig þessar hugmyndir mundu taka sig út. Það er náttúrlega svo á sömu síðu, eins og málgagn Framsóknar, Tíminn, birtir þessar till. þeirra um einmenningskjördæmi og afnám uppbótarsæta, þá er þar á sömu síðu náttúrlega lýst yfir sem grundvallarstefnu Framsfl. að vinna að jafnrétti borgaranna.

Ef stefna Framsfl. um einmenningskjördæmin réði, — ég ræði þá í þessu sambandi um einmenningskjördæmi alls staðar, en ekki þessa fáránlegu hugmynd um að hafa hlutfallskosningar á einum eða tveimur stöðum, — ef einmenningskjördæmi væru alls staðar til þingkosninga og bæjar- og sveitarstjórnarkosninga, þá hefði útkoma bæjarstjórnarkosninganna hér í Reykjavík síðustu trúlega orðið sú, að einn og sami flokkur, Sjálfstfl., hefði fengið alla 15 bæjarfulltrúana. Hvorki Alþb., Alþfl., Framsfl. né aðrir hefðu komið þar neinum að. Er þetta réttlæti í augum framsóknarmanna? Ég vil segja, að ég tel það ekki. Ef við tökum þannig síðustu bæjarstjórnarkosningar í Hafnarfirði, þá urðu niðurstöður þeirra þá, að Alþfl. fékk 4 bæjarfulltrúa, Sjálfstfl. 4 og Alþb. 1. Ef þar hefðu verið annaðhvort einmenningskjördæmi eða við skulum segja bara hrein meirihlutakosning, þá hefði sá flokkurinn, sem hafði flest atkv., fengið alla bæjarfulltrúana; það var Sjálfstfl. með 1360 atkv., en Alþfl. hafði 1320. Ef meirihlutakosninga-hugsjónir Framsfl. hefðu ríkt þarna, þá hefðu sem sagt í síðustu bæjarstjórnarkosningum í Reykjavík Sjálfstfl. fengið alla 15 fulltrúana, og í Hafnarfirði hefði Sjálfstfl. fengið alla 9 fulltrúana kosna, en Alþfl. og Alþb. ekki einn einasta.

Ef við lítum á þingkosningar, hvernig þessar meirihlutakenningar koma þar út, og tökum alþingiskosningarnar 1953, — ég tek ekki þær síðustu, 1956, vegna þess að þá ruglaðist svo öll útkoma vegna kosningabandalags Alþfl. og Framsóknar, — hvernig hefði nú útkoman orðið í þeim þingkosningum, miðað við, að flokkarnir hefðu fengið sama atkvæðamagn og þeir fengu? Alþfl. fékk þá einn kjördæmakosinn þm. hér í Reykjavík, Þjóðvarnarflokkurinn fékk einn kjördæmakosinn og Sósíalistaflokkurinn fékk tvo kjördæmakosna. Ef nú einmenningskjördæma- og meirihlutaskipulag Framsfl. hefði gilt við þessar kosningar 1953 til Alþingis, þá hefði Alþfl. engan mann fengið, Alþb. engan og Þjóðvarnarflokkurinn engan. Framsfl. og Sjálfstfl. hefðu einir fengið þingmenn, og þeir hefðu fengið alla þingmennina. Framsfl. og Sjálfstfl. höfðu að baki sér 59% af þjóðinni, en hinir flokkarnir fjórir, sem buðu fram, Alþfl., Alþb., Þjóðvörn og Lýðveldisflokkurinn, höfðu til samans 41%. M. ö. o.: meirihluta- og einmenningskjördæmahugsjón Framsóknar hefði leitt til þess, að 41% af þjóðinni hefði ekki fengið einn einasta þm. á Alþingi.

Það þarf í rauninni ekki annað en að skýra þetta með slíkum dæmum til þess að sýna þessar furðulegu og fáránlegu réttlætishugmyndir framsóknarmanna um það, hvernig þjóðþingið á að vera skipað. Og í rauninni, þegar þeir um leið berja sér á brjóst og telja sig málsvara réttlætisins, þá verður manni vissulega á að hvá, því að það er í rauninni þannig, að framsóknarmenn virðast umgangast, — svo að ég noti nú einu sinni líkingu að dæmi hv. þm. S-Þ., — að framsóknarmenn virðast umgangast réttlætisgyðjuna með svipaðri léttúð og hún væri gleðikona, stokkin fáklædd út úr 3. síðu Tímans.

Ég gat þess hér áðan, að þær endurbætur, sem gerðar hafa verið á kjördæmaskipun og kosningatilhögun bæði 1934 og 1942, hafa því miður hrokkið skammt vegna þess, hvernig þróunin hefur orðið um atvinnuhætti og tilflutninga fólks í landinu. Og þetta kemur glögglega fram í því, er nú skal greina:

Við kosningarnar 1934 hefði orðið til þess að ná sem mestum jöfnuði fyrir alla þingflokkana að úthluta 26 uppbótarsætum í stað 11. Í næstu kosningum á eftir, 1937, var svo langt í land um fullkomið jafnrétti, að úthluta hefði þurft 38 jöfnunarsætum í staðinn fyrir 11. Í júlímánuði 1942 hefði þurft alls 34 uppbótarsæti, en vegna breytingarinnar, sem gerð var á því ári, þ. e. a. s. hlutfallskosninga í tvímenningskjördæmum, ásamt fleiri breytingum, þá hefði þurft í kosningunum í október aðeins 14 uppbótarsæti eða vantað 3, auk þeirra 11, sem ákveðin eru. 1946 hefði orðið að úthluta 14 uppbótarsætum til þess að ná jöfnuði.

Það eru að sjálfsögðu viss grundvallaratriði, sem gera verður sér grein fyrir, þegar rætt er um stjórnarskrá eins lands og hvernig eigi að haga kosningum til þjóðþingsins. Og þá er auðvitað sjálfsagt að hafa það fyrst og fremst í huga, að í lýðræðisríki eru og eiga allir menn

að vera jafnir fyrir lögunum. Það er orðað svo í yfirlýsingu frönsku stjórnarbyltingarinnar frá 1791, í 1. gr.: „Mennirnir fæðast og halda áfram að vera frjálsir og jafnréttháir.“ Nú er það að vísu þannig, að í fulla öld hefur mikið af baráttunni í þjóðfélögunum gengið út á það tvennt að fá kosningarréttinn almennari og fá hann jafnari.

Þegar Alþingi var endurreist með konungstilskipun frá 1843, var kosningarrétturinn ákaflega þröngur og fáir, sem gátu notið hans. Karlmenn einir höfðu kosningarrétt, og það kostaði langa baráttu, að konur fengju kosningarrétt. Þær fengu hann ekki til Alþingis fyrr en með stjórnarskrárbreytingunni 19. júní 1915. Þegar Alþ. var endurreist, var það enn fremur skilyrði til kosningarréttar, að maður ætti jörð eða steinhús eða timburhús, og landsetar höfðu því aðeins atkvæðisrétt, að þeir hefðu lífstíðarábúð á þjóðjörð eða kirkjujörð 20 hundraða að dýrleika. Þeir, sem uppfylltu ekki þessi skilyrði, höfðu því ekki kosningarrétt. Aðrir landsetar en þessir, sjómenn, iðnaðarmenn, verkamenn, hvers konar hjú, konur voru svipt kosningarrétti. Og svo var kosningarrétturinn takmarkaður, að í Vestmannaeyjum hafði enginn maður kosningarrétt, og þess vegna voru Vestmannaeyjar þingmannslausar frá 1845 til 1857, þegar kosningarrétturinn var nokkuð rýmkaður.

1857 var gerð sú breyting, að einnig skyldu hafa kosningarrétt bændur, sem hefðu grasnyt og gyldu nokkuð til allra stétta, einnig embættismenn, enn fremur þeir, sem hefðu lærdómspróf frá háskóla Kaupmannahafnar eða prestaskólanum, enda væru þeir ekki hjú. Kaupstaðaborgarar skyldu einnig fá kosningarrétt, ef þeir greiddu fjóra ríkisbankadali til *sveitar, og þurrabúðar- eða tómthúsmenn, sem* greiddu 6 dali. Menn þurftu þó að vera 25 ára að aldri. Hins vegar hafði enginn kosningarrétt, sem stóð í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk.

Á þessum rúmum 100 árum hefur orðið sú mikla breyting á um kosningarréttinn, að konur hafa kosningarrétt, efnahagur skiptir ekki máli, ekki fátækt fólks heldur, þeir, sem hafa þurft að þiggja sveitarstyrk, halda sínum kosningarrétti, 21 árs menn fá að kjósa, enda má heita, að kosningarrétturinn sé orðinn hér almennari en víðast hvar annars staðar. Það er líka orðin sú breyting á, að í stað þess að í upphafi munu hafa verið líklega um 8% landsmanna, sem höfðu kosningarrétt, þá munu það vera um eða yfir 60% nú.

Þessi barátta fyrir hinum almenna kosningarrétti hefur hjá okkur tekið alllangan tíma. En það er aðeins önnur hlið málsins. Hin hliðin er að jafna kosningarréttinn, og sú barátta er búin að standa hér lengi. En fyrst og fremst má segja, að hún hafi staðið í tæpa þrjá áratugi nú með litlum eða engum hvíldum. Og nú í ár má í rauninni fagna merkum áfanga til jöfnunar kosningarréttinum, þar sem aldarfjórðungur er liðinn, síðan ákvæðin um jöfnunarsæti voru sett inn í stjórnarskrána og ákveðið, að þingflokkar skyldu fá þingsæti í sem réttustu hlutfalli við atkvæðamagn sitt við almennar kosningar.

Eins og hér hefur komið fram í máli mínu, þá eru ýmis lönd, sem í stjórnarskrá sinni og kosningalögum ákveða, að allir borgarar þjóðfélagsins skuli hafa jafnt atkvæði, hvaða skoðanahópi eða stjórnmálaflokki sem þeir fylgja og hvar sem þeir eru búsettir í landinu. Sú er t. d. reglan bæði í Svíþjóð, í Finnlandi, í Sviss og fleiri löndum, sem framarlega standa um lýðræði, að þar breytist þingmannatalan jafnan í hverju kjördæmi eftir tilflutningum og að þar hafa þeir, sem í þéttbýli búa, nákvæmlega eitt atkv., eins og þeir, sem í strjálbýli búa. Mín skoðun er einnig sú, að þetta eigi að vera það meginsjónarmið, sem að er stefnt, og að það eigi ekki að miða við fermetra lands eða fjarlægðir frá einhverjum vissum stað, heldur fyrst og fremst við sjálft fólkið, því að það er það, sem hefur atkvæðisréttinn.

Nú er því haldið fram, að eðlilegt sé og sanngjarnt um þá, sem fjær búa höfuðborginni, að þeirra atkv. sé þyngra á metunum, og m. a. eru ýmsir þeirra, sem standa að þessu frv. og styðja það eindregið, þeirrar skoðunar. Þetta frv. felur einnig það í sér, að atkv. íbúa utan Reykjavíkur er allmiklu þyngra á metunum eða vogarskálinni heldur en atkv. Reykvíkinga. Nú er það svo, að ef á að finna einhverjar reglur fyrir þessari mismunun, þá er ákaflega erfitt að finna þær. Það mætti hugsa sér e. t. v., að eftir því sem fjarlægðin yrði meiri frá höfuðborginni, þá ykist atkvæðisrétturinn eða þungi hans, þannig að það yrðu þá væntanlega íbúarnir á Langanesi, sem hefðu mestan atkvæðisrétt. Það væri hugsandi að miða ekki eingöngu við fjarlægðina, heldur líka við samgönguerfiðleikana eða hversu auðvelt væri eða erfitt að komast til hins langþráða staðar, Reykjavíkur, til að reka sín erindi. Í þriðja lagi væri hugsanlegt að miða við þéttbýli og strjálbýli, og þá kemur það upp, sem m. a. hefur oftlega verið rætt í þessu máli, hver áhrif það á að hafa á atkvæðisréttinn úti á landi, ef stór kaupstaður er í því kjördæmi, eins og t. d. Norðausturlandskjördæmi, þar sem höfuðborg Norðurlands, Akureyri, er. Þessi atriði öll koma auðvitað hér til athugunar, fjarlægð, samgöngumöguleikar, þéttbýli, strjálbýli o. s. frv. En hvert þessara atriða sem maður tekur út af fyrir sig eða öll saman, þá er gersamlega ógerningur að finna nokkrar reglur til að miða þetta við eða fara eftir. Ef á að láta atkvæðin úti á landi vega þyngra, þá er það að verulegu leyti tilfinningamál og ekki hægt að meta það í einstökum tilfellum eða fyrir einstök kjörsvæði eða kjördæmi eftir neinum ákveðnum reglum.

Það mætti auðvitað segja, að ef þessi sjónarmið, sem m. a. hv. þm. S-Þ. lýsti hér í fyrradag, eiga að vera ríkjandi, að Reykvíkingar eða félög í Reykjavík, sem ættu eitthvað til Alþ. að sækja, væru svo áköf og ötul við að sitja um þingmenn og leggja þá í einelti, þangað til þeir létu undan, en hér séu ýmsar stofnanir, sem menn þurfi til að leita, þá má segja,

að sama ætti við kosningu alþm. innan Reykjavíkur og ég tala nú ekki um við kosningu til bæjarstjórnar í Reykjavík að láta íbúa Reykjavíkur njóta mismunandi réttar eftir því, hvar þeir búa í bænum, því að vissulega hafa þeir, sem búa í gömlum hverfum með fullgerðum götum, hitaveitu og öllum þeim þægindum, sem hér er um að ræða, miklu betri aðstöðu að mörgu leyti í þjóðfélaginu heldur en hinir, sem búa í nýjum hverfum eða úthverfum og vantar ákaflega margt. Ef þessi sjónarmið ættu að ríkja, þá ættu t. d. til bæjarstjórnar Reykjavíkur í rauninni þeir inni í Blesugróf, Breiðholtshverfi, Smálöndum og víðar að hafa tvöfaldan eða þrefaldan atkvæðisrétt á við þá, sem búa í gamla bænum.

Nú er ég á öðru máli um þetta, vegna þess að mitt meginsjónarmið er það, að atkv. eigi alls staðar að vera jöfn, hvar sem menn búa í landinu. Hitt er svo annað mál, sem hér kemur mjög inn á, að dreifing valdsins í hinu íslenzka þjóðfélagi er orðið eitt af okkar merkustu og mestu viðfangsefnum. Það er búið að draga allt of mikið af ríkisvaldinu hingað á þennan stað, og þegar þess er gætt, hversu langt við Íslendingar erum leiddir út á þá óheillabraut að láta flesta hluti, flestar athafnir vera háðar leyfum og samþykki nefnda, ráða og stjórna, þá er það auðvitað skiljanlegt, að slík sjónarmið komi fram. Um leið og horfið yrði frá því eftir föngum og reynt að fara að klifra niður stigann og afnema eitthvað af öllum þessum höftum, hömlum, leyfisveitingum, ráðum, nefndum og skriffinnsku, þá yrðu borgararnir miklu frjálsari um sínar gerðir og þá þyrftu þeir að sjálfsögðu um miklu færra að sækja með ærnum kostnaði, tíma og fyrirhöfn hingað til Reykjavíkur.

Hin stefnan eða sú stefna, sem virðist koma fram hjá framsóknarmönnum, að bæta kjör og aðstöðu fólksins úti á landi með því að niðast á Reykvíkingum og láta þá ekki hafa kosningarrétt á við annað fólk, — sú stefna getur náttúrlega ekki staðizt, að gera Reykvíkinga að hálfdrættingum eða ekki það á móti öðrum.

Ég heyrði það í ræðu einhvers framsóknarmanns hér í deildinni um daginn, að menn þyrftu að gera sér grein fyrir því, að það væru sameiginlegir hagsmunir fólksins úti á landsbyggðinni og í Reykjavík að draga úr aðstreyminu þangað, því að ef allt of mikið væri hlynnt að Reykjavík og of lítið gert fyrir fólkið úti á landi, þá streymdi fólkið utan af landi hingað til að keppa við Reykvíkinga um atvinnu. Þetta er náttúrlega engin ný speki. En ég held, að í þessu efni sé grundvallarmunur á skoðunum framsóknarmanna og sjálfstæðismanna. Framsóknarmenn virðast halda, að þeir geti dregið úr aðstreyminu og flóttanum úr sveitunum með því að sitja á rétti Reykvíkinga og skammta þeim úr hnefa miklu minni rétt en öðrum. Við sjálfstæðismenn erum á allt öðru máli. Rétt eftir að ég tók við starfi borgarstjóra í Reykjavík 1947, tók ég þessi mál nokkuð til meðferðar í bæjarstjórn Reykjavíkur við afgreiðslu fjárhagsáætlunar þar. Og ég vil, vegna þess að það snertir þetta mál nokkuð, taka hér eina setningu, sem skýrir afstöðu okkar, úr þessari ræðu frá í marz 1947. Þar segir:

„Ég er á þeirri skoðun, að ráðið til að draga úr aðstreymi til bæjarins sé fyrst og fremst að gera sem lífvænlegast annars staðar á landinu. Það er hagsmunamál okkar Reykvíkinga, að í kauptúnum og sjávarplássum fái menn sem bezt og mest atvinnutæki, svo að fólkið haldist þar kyrrt."

Kemur þar fram sem víða annars staðar, hve hagsmunir Reykvíkinga og annarra landsmanna eru nátengdir. Þetta hefur verið og er stefna okkar sjálfstæðismanna í þessum málum, hvort sem við erum búsettir í Reykjavík eða annars staðar. Hin aðferðin, sem framsóknarmenn vilja beita, nær vafalaust ekki tilgangi sínum: að ætla með rangindum að halda réttmætum atkvæðisrétti fyrir höfuðborgarbúum, svipta þá hluta af réttmætum atkvæðisrétti þeirra, til þess með þeim hætti að halda fólkinu kyrru úti á landsbyggðinni. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég drap á það hér áðan, að þær tilraunir, sem gerðar höfðu verið til lagfæringar á kjördæmaskipuninni 1934 og 1942 með uppbótarsætum, hlutfallskosningum í tvímenningskjördæmum og nokkrum fleiri breytingum, hefðu því miður ekki náð tilgangi sínum að fullu. Í stað þess að menn gerðu sér vonir um það, að Alþingi mundi sýna rétta mynd af þjóðarviljanum og flokkarnir fá þingsæti í réttu hlutfalli við atkvæðamagn sitt, þá fór svo, að við allar kosningar síðan hefur vantað nokkuð á, að uppbótarsætin nægðu til þessa, og stundum mjög mikið. Við alþingiskosningarnar 1934 hefði þannig í stað 11 uppbótarsæta þurft 26. Við næstu kosningar, 1937, hefði þurft 38 uppbótarsæti. Við júlíkosningarnar 1942 hefði þurft 34, við haustkosningarnar 1942 hefði þurft 14 og við kosningarnar 1946 hefði þurft 14. Síðan í kosningunum 1946 hefur þó alveg keyrt um þverbak. 1949 hefði þurft 27 uppbótarsæti til að jafna milli flokkanna. 1953 hefði þurft 28. Og nú síðast, 1956, hefði þurft hvorki meira né minna en 60 uppbótarsæti í stað 11 til þess að ná réttlátri útkomu milli flokkanna.

Í öllum þessum alþingiskosningum er það hin lága atkvæðatala Framsfl., sem veldur þessum erfiðleikum. Það er hið litla landsfylgi Framsfl., sem hefur alltaf orðið þess valdandi, að myndin hefur orðið svona röng. Sem annað skýringardæmi um ranglæti kjördæmaskipunarinnar nú skal ég nefna, að eftir atkvæðatölum síðustu alþingiskosninga ættu þingflokkarnir fjórir að hafa þingsæti sem hér segir, ef þau væru í réttu hlutfalli við atkvæðamagn þeirra: Sjálfstfl. ætti að hafa 23 þingsæti, en hefur 19, Alþb. ætti að hafa 10, en hefur 8, Alþfl. ætti að hafa 10 þingsæti, en hefur 8, Framsfl. ætti eftir atkvæðamagni sínu að hafa 9 þingmenn, en hefur 17, nærri tvöfalt meira en hann hefur rétt til. Það munar sáralitlu, hvort Framsfl. hefði aðeins fengið 8 þingmenn og þá Alþb. 11 í staðinn. Þetta er aðeins til nokkurrar glöggvunar á því, hversu herfilegt

ranglæti er hér og hve mikið skortir á, að Alþingi sýni rétta útkomu milli skoðana þeirra, sem uppi eru í landinu.

En það er ekki aðeins hið flokkslega ranglæti, heldur einnig hið staðarlega ranglæti, sem er sá megingalli á núverandi kjördæmaskipun, að hún getur ekki staðizt öllu engur. Ég á þar ekki eingöngu við ranglæti gagnvart Reykjavík annars vegar og ýmsum kjördæmum úti á landi hins vegar. Það er þannig eftir tölum síðustu alþingiskosninga, að á bak við hvern þingmann í Reykjavík standa 4700 kjósendur, á bak við hvern þingmann, þar sem fámennast er, þ. e. a. s. á Seyðisfirði, hins vegar aðeins 426 kjósendur. M. ö. o.: það þarf 11 Reykvíkinga til þess að vega upp á móti einum Seyðfirðing.

En það er eins, ef horft er á kjördæmin innbyrðis úti á landi, þá sést, hversu fráleitt þetta skipulag er. Þannig er það t. d., ef við tökum sveitarkjördæmi eins og Snæfellsnessýslu og kaupstaðarkjördæmi eins og Seyðisfjörð, þá jafngildir þar einn Seyðfirðingur fjórum Snæfellingum. M. ö. o.: hver Snæfellingur hefur fjórum sinnum minni áhrif á skipun Alþingis heldur en hver kjósandi á Seyðisfirði. Og í Borgarfirði, sem er að verulegu leyti einnig sveitakjördæmi, þarf hvorki meira né minna en sex kjósendur til að vega á móti einum kaupstaðarbúa á Seyðisfirði. Ef maður tekur annað dæmi, eins og t. d. kjördæmi hv. 1. þm. N-M., þá hefur það kjördæmi aðeins 1475 kjósendur, en tvo þingmenn, það eru m. ö. o. 738 kjósendur á bak við hvern þingmann. Einn Norðmýlingur ræður þannig jafnmiklu um skipan Alþingis og fjórir Borgfirðingar eða 6—7 Reykvíkingar. Það er því ekki aðeins, ef Reykjavík er borin saman við aðra landshluta, heldur ef sveitakjördæmin eru borin saman innbyrðis eða sveitakjördæmi borin saman við önnur kaupstaðakjördæmi, að útkoman er svo handahófskennd og ranglát, að slíkt getur auðvitað ekki staðizt.

Nú höfum við heyrt það hér í umræðum, bæði í hv. Nd. og Ed., hversu ýmsir Framsóknarþingmenn leggja á það mikla áherzlu, að Reykvíkingar megi undir engum kringumstæðum njóta jafnréttis um kosningaáhrif og skipun Alþingis á við aðra landsmenn. Einn hv. þm. komst að þeirri niðurstöðu í Nd., að ef þingmönnum í Reykjavík yrði fjölgað, þá mundi aukast í stórum stíl skrílmennska hér í Rvík og jafnvel væri hætta á, að Reykvíkingar færu þá aftur að tala dönsku, eins og þeir hefðu gert fyrir einni öld. En einn hv. þm. í þessari deild, hv. 1. þm. N-M., lýsti því fyrir okkur hér á mánudaginn, hvernig á því stæði, að hann væri á móti því, að Reykvíkingar hefðu jafnmikil áhrif á skipan Alþingis og sveitamenn. Hann sagði nefnilega, að sveitamenn gerhugsi málin, áður en þeir taka ákvörðun, en bæjarmenn séu hópsálir og þeir verði jábræður án þess að hugsa málin sjálfir. Þetta var hin sálfræðilega og pólitíska skýring hv. 1. þm. N-M., Páls Zóphóníassonar, á þessu. Nú er það svo, að hinn sjálfskipaði málsvari bænda, dreifbýlis og sveitamenningar, Framsfl., á hér í þessari hv. d. sex mikilsmetna fulltrúa. En einhver undarleg örlög hafa leitt til þess, að þeir hafa allir lent á mölinni og eru allir búsettir í kaupstað og eru því bæjarmenn. Í Reykjavík eru þrír þeirra búsettir, hv. þm. Str., hv. 1. þm. N-M. og hv. þm. Barð. Einn þeirra, hv. 1. þm. Eyf., er búsettur í höfuðborg Norðurlands, Akureyri, einn, hv. þm. S-Þ., í kaupstaðnum Húsavík, og einn, hv. þm. Seyðf., í kaupstaðnum Seyðisfirði. Sem sagt, þessir sjálfkjörnu málsvarar bændanna og dreifbýlisins og sveitamenningarinnar, það hefur hitzt svo einkennilega á, að þeir eru allir bæjarmenn, og virðast þá allir sex þessir mætu menn falla undir skýringu 1. þm. N-M., að þeim sé ekki trúandi fyrir atkv. á borð við aðra, vegna þess að þeir séu hópsálir, sem verði jábræður án þess að hugsa málin sjálfir. Mér finnst þetta harla harður dómur um þessa ágætu þingmenn í þessari deild, sem við allir metum mikils. En ég vil segja, að ef því er svona farið um þann virðulega part Framsfl., það einvalalið úr honum, sem skipar þessa hv. deild, hvernig er þá ástatt um þá Framsóknarþingmenn, sem skipa hinn óæðri bekk?

Það er, held ég, samdóma álit flestra, sem um lýðræði, lýðfrelsi og mannréttindi hugsa og skrifa, að uppspretta þjóðfélagsvaldsins felist í mannréttindum þeirra borgara, sem hópa sig saman í þjóðfélög, og valdið sé sameiginleg eign þeirra, og allir helztu og beztu frumkvöðlar lýðræðis og frjálsrar hugsunar á síðustu öldum, ég vil segja frá Thomas Jefferson, sem samdi sjálfstæðisyfirlýsinguna amerísku 1776, og fram til vorra daga, hafi verið á einu máli um það, að borgararnir eigi að vera jafnréttháir og að atkvæði eins eigi ekki að gilda meira en atkvæði annars manns. Þetta er m. a. orðað svo vel, eins og ég gat um fyrr í minni ræðu, af Páli Briem amtmanni: „Atkvæði eins kjósanda er ekki betra en annars.“ Skoðun mín er hiklaust sú, að allir landsmenn eigi að hafa jafnan atkvæðisrétt, vera jafnréttháir til áhrifa á skipan Alþingis, hvar sem þeir búa í landinu, og þessi skoðun er einnig viðurkennd í löggjöf og framkvæmd í fjölmörgum lýðræðislöndum, m. a., eins og ég gat hér um áðan, í Svíþjóð, Finnlandi, Sviss og mörgum fleiri, þar sem skýrt er tekið fram í stjórnarskránum sjálfum, að menn hafi jafnan atkvæðisrétt, hvar sem þeir búa í landinu, og jafnvel svo, að á tilteknum fresti eigi að endurskoða tölu hinna þjóðkjörnu fulltrúa í hverju kjördæmi, til þess að þessu marki sé náð.

Þetta frv. er spor í þá átt, sem ég nú hef lýst. En þó skortir töluvert á, að fullu réttlæti að þessu leyti sé náð. Að því leyti er þetta frv. áfangi, en ekki lokamark. Ég tel, að í framtíðinni verði að jafna betur metin milli kjördæmanna. En hins vegar tel ég sjálfsagt, að það sé gert á þeim grundvelli, sem hér er lagður, þ. e. a. s. nokkrum stórum kjördæmum með hlutfallskosningum. Ég tel, að það ætti ekki að gera landið allt að einu kjördæmi með hlutfallskosningum. Á því eru svo miklir annmarkar. En hins vegar ætti að jafna metin, jafna kosningarréttinn á grundvelli þessara

t. d. 8 kjördæma, eins og lagt er til í þessu frv. Ég vil þó taka fram í þessu sambandi, að mér finnst vel geta í framtíðinni komið til mála, að Reykjavík yrði skipt í kjördæmi. Það kom til orða í sambandi við þetta stjórnarskrárfrv., en niðurstaðan varð sú, að Reykjavík yrði haldið sem einu kjördæmi nú eins og verið hefur. Ég vil taka skýrt fram til að fyrirbyggja misskilning og útúrsnúning, að þegar ég tala um, að þetta frv. sé í mínum augum áfangi, en ekki úrslitalausn, þá á ég eingöngu við það, að það þarf að jafna betur kosningarréttinn, en skipulaginu að grundvelli til, þessum nokkuð stóru kjördæmum, því beri að halda og ekki gera landið að einu kjördæmi.

Ég teldi það líka æskilegt, sem einnig kom til orða, en fékkst nú ekki samkomulag um í þessu frv., að fulltrúatalan í hverju kjördæmi væri hreyfanleg. Það er óeðlilegt, eins og fólksfjölgun er mikil hér og flutningar miklir milli byggðarlaga eftir atvinnuháttum á ýmsum tímum, að rígbinda í stjórnarskránni sjálfri þannig tölu þingmanna fyrir hvert kjörsvæði. Hitt væri miklu eðlilegra, eins og í mörgum löndum er gert, að hafa fulltrúatöluna hreyfanlega, endurskoða hana eftir tilflutningum og fólksfjölda, t. d. á fjögurra ára fresti, eins og gert er í Finnlandi, eða á 10 ára fresti, eins og ákveðið er í Danmörku. Þetta er því fremur til athugunar framvegis, en um þetta náðist ekki samkomulag nú.

Því er haldið mjög fram hér, að verið sé að leggja sýslurnar niður með þessari stjórnarskrárbreytingu. Þetta er fjarri öllu lagi. Sýslur landsins halda sér, þær halda sínum mörkum, þær halda öllum sínum verkefnum og áhrifum, sem þær hafa. Sýslumennirnir starfa áfram með óbreyttu verkefni og starfssviði. Sýslunefndirnar verða kosnar áfram, eins og verið hefur, með sömu verkefnum og sama valdsviði og þær hafa haft. Sama er að segja um aðrar sveitarstjórnir og hreppsnefndir. Allt er þetta og verður óbreytt, a. m. k. af völdum þessa frv. Lögin um hlutverk sýslnanna, um réttindi þeirra, verkefni o. s. frv. halda gildi sínu. Á því er engin breyting gerð. Að tala um afnám sýslufélaganna er því fjarstæða ein. Hins vegar hafa verið uppi tillögur um það á hinum síðari árum að rýra vald sýslnanna. Þær till. eru ekki frá aðstandendum þessa frv., heldur úr öðrum áttum og þá helzt og mest frá mönnum, sem standa nærri Framsfl. Í till., sem uppi hafa verið t. d. hjá Austfirðingum og ýmsir áhrifamenn Framsfl. mjög beitt sér fyrir, hefur m. a. verið lagt til að stofna til fjórðunga eða fimmtunga og að hver fjórðungur eða fimmtungur á landinu hefði sína sérstöku stjórn og sitt þing, sem fengju ýmiss konar verkefni, sumpart með dreifingu ríkisvaldsins í hendur þeirra, en sumpart og ekki sízt með því að taka í sínar hendur töluvert af því valdi, sem sýslurnar hafa haft. M. ö. o.: þær tillögur, sem fram hafa komið á hinum síðari árum um að rýra vald sýslnanna, gera áhrif þeirra minni og draga úr þeirra verkefnum og valdi, það er ekki um það að ræða eftir þessu frv., en slíkar till. hafa einmitt komið fram hjá ýmsum áhrifamönnum Framsfl.

Þeir menn hér á landi, sem mest og bezt hafa hugsað og skrifað um lausn kjördæmamálsins, hafa yfirleitt komizt að einni og sömu niðurstöðu, að æskilegast væri fyrir þjóðfélagið íslenzka, fyrir staðhætti okkar og í réttlætisátt að skipta landinu í nokkur stór kjördæmi, við skulum segja 6—10 kjördæmi með hlutfallskosningum og þá ef til vill uppbótarsætum. Þessi varð niðurstaða fyrsta ráðherra Íslands, Hannesar Hafsteins, og þeirra ráðunauta og mörgu ágætismanna, sem honum stóðu næst. Þess vegna lagði hann fram frv. um það rétt eftir aldamótin, eða 1905, ætla ég að það hafi verið, að taka upp þessa skipan. Það náði ekki fram að ganga, en munaði ákaflega litlu, að sú skipan yrði samþykkt á Alþingi. Um það bil 20 árum síðar tók ungur hæfileikamaður, sem síðan hefur verið sýndur mikill trúnaður af íslenzku þjóðinni, þ. e. Thor Thors sendiherra í Washington, hann tók þetta mál upp, rannsakaði það rækilega og skrifaði gagnmerka grein um málið í tímaritið Vöku, að ég ætla árið 1926 eða 1927. Niðurstaða hans var nákvæmlega sú sama, að heppilegasta og æskilegasta lausnin væri nokkur stór kjördæmi með hlutfallskosningum. Þeir erlendir menn, sem mest hafa um þessi mál hugsað og skrifað á hinum síðari áratugum, hafa einnig bent á þessa leið, og allar okkar nágrannaþjóðir og frændþjóðir á Norðurlöndum hafa tekið upp þessa skipan og þorri lýðræðisþjóða í Evrópu. Það er síður en svo, að hér sé verið að fara inn á einhverjar nýjar og áður ókunnar brautir. Hér er verið að marka það skipulag, sem að beztu manna ráði, fróðustu og þeirra, sem mest hafa hugsað um málið, er talið heppilegast fyrir íslenzku þjóðina. Hér er með þessu skipulagi verið að vinna að því, eins og Jón Ólafsson ritstjóri og alþingismaður orðaði það í grein sinni í Ísafold 1887, að skapa jafnrétti allra að hlutfalli réttu. Það verður að stefna í þá átt, og ég er sannfærður um það, að frá hlutfallskosningum verður ekki fallið hér á landi fremur en í öðrum lýðræðislöndum flestum, sem þá skipan hafa tekið upp og séð hina miklu kosti þess fram yfir meirihlutakosningar.

Herra forseti. Tilgangur þessa frv. er að jafna kosningarréttinn meira en nú er og að gera Alþingi Íslendinga réttari mynd af þjóðarviljanum. Frv. miðar að því að draga úr því mikla misræmi, sem er um áhrifavald byggðarlaga og stjórnmálaflokka í landinu á skipan Alþingis. Meiri hluti stjskrn. telur, að sú kjördæmaskipun og kosningatilhögun, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, muni verða til verulegra umbóta frá því úrelta og ósamstæða skipulagi, sem við nú búum við.

Frsm. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Hún var löng, þessi yfirborðshógværa ræða hv. 6. þm. Reykv., og vegna þess, hve hún var löng, en ekki vegna þess, hvað hann sagði, þá hvarflaði mér í hug jafnvel skilningur á því, hvers vegna hv. 1. þm. Reykv. (BBen) og hv. 5. þm. Reykv. (JóhH)

hafa gefizt upp á því að halda fram skoðunum sínum á móti hv. 6. þm. Reykv., sem þeir héldu fram í stjórnarskrárnefndinni, þegar við vorum þar saman, því að satt að segja þykir mér það ákaflega undarlegt, að þeir skuli hafa týnt niður þeim skörpu meðmælum, sem þeir héldu þá fram vegna einmenningskjördæmafyrirkomulags. Og hér í þessum umræðum hefur verið minnzt á mjög sterk rök Bjarna Benediktssonar einmitt gegn því, sem hv. 6. þm. Reykv. var að halda fram. Hann sagði, að hann væri hræddur um, að ekki yrði hægt að endurskoða stjórnarskrána í heild, en nefndi hins vegar ákaflega mörg atriði og mörg þeirra mjög réttilega um það, sem breyta þyrfti. Hann sagðist vera hræddur um, að það yrði ekki hægt að endurskoða stjórnarskrána þrátt fyrir þetta í heild, nema ljúka fyrst kjördæmamálinu, sem væri mjög mikið hitamál. Hann kvað ekki sterkara að orði en þetta, að hann væri hræddur um það. Hins vegar er frv., sem hann stendur að og mælir með, allmörgum gráðum harðara en þetta. Ég hygg, að honum hafi þótt praktískt í rökræðum að beita þessari hógværð, að hann væri aðeins hræddur um.

Án þess að kappræða um þetta vil ég benda á, að það er alls ekki viðkunnanlegt að breyta stjórnskipunarlögum sí og æ, og hann gaf því sjálfur það nafn að hringla með stjórnarskrána. Og til þess að komast hjá hitanum, fram hjá þessum hita, var alveg tilvalið vegna kjördæmaskipunarinnar að taka málið út af Alþingi, því að þar er hitinn, en ekki úti á meðal þjóðarinnar, eins og við framsóknarmenn höfum bent á, og fela sérstöku stjórnlagaþingi að afgreiða endurskoðun stjórnarskrárinnar í heild.

Hv. 6. þm. Reykv. var svo hófsamur líka að því er stjórnlagaþing snerti, að hann vildi ekki fordæma þá hugmynd. En hann taldi, að með því væri þó verið að draga niður virðingu Alþingis, hinnar þúsund ára gömlu, virðulegu, einstæðu stofnunar, með því að vísa þessu máli til stjórnlagaþings.

Nú er fyrst á það að líta, að við verðum að taka Alþingi eins og það er, en ekki eins og hvernig það ætti að vera. Mér t. d. sýnist, að frv. það, sem hér liggur fyrir, lækki mjög hróður og virðingu Alþ. Ég tel, að það sé fyrir neðan virðingu Alþ., að þrír flokkar geri þar slíkan kaupskap sem gerður hefur verið.

Í öðru lagi er það svo þannig, að það er svo stór viðburður að setja lýðveldi stjórnarskrá, lýðveldi, sem er endurheimt eftir 7 aldir, að hann verðskuldar slíka viðhöfn, að kosið sé til þess sérstaklega. Og það er þetta, sem við framsóknarmenn höfum haldið fram, vegna þess að okkur hefur ekki fundizt, að hæstv. Alþ. ætlaði að valda því að afgreiða það mál svo virðulega sem skyldi.

Hv. 6. þm. Reykv. talaði allmikið um það, hvernig ég hugsaði eftir till. minni, að kosið yrði til stjórnlagaþings, og hann taldi, að það væri fráleitt ákvæði, sem ég vildi hafa, að stjórnmálaflokkar, sem eru starfandi eða hafa haft starfsemi uppi fyrir stuttu, mættu ekki beita sér sem slíkir við kosningar til stjórnlagaþings. Og hann fór um þetta dálitið háðulegum orðum. Það, sem ég segi um þetta í grg. fyrir till. minni, er á þessa leið, það er 4. liður í gr.:

„Lagt er til, að þeir stjórnmálaflokkar, sem fulltrúa eiga á Alþingi eða haft hafa menn í kjöri við alþingiskosningar, megi ekki bjóða fram til stjórnlagaþings. Er það ákvæði réttmætt og nauðsynlegt, til þess að þjóðin fái tækifæri til þess að losa stjórnarskrármálið úr fléttu við önnur málefni, sem flokkarnir hafa með höndum, en ekki koma stjórnarskrá sérstaklega við.“

Flokkaskiptingu þjóðarinnar um kosningar til Alþ. er alls ekki þar með raskað. Það er aðeins stefnan, sem þessi till. er byggð á, að leysa stjórnarskrármálið úr fléttu dagskrármálanna, sem flokkarnir hafa með höndum og hafa verið myndaðir til að hafa með höndum, hefja það yfir dægurþrasið og dægurmálin, fá um það flokka, sem aðeins eru myndaðir til þess að leysa það. Hv. 6. þm. Reykv. gerði nú dálitið gaman að því, hvernig þau samtök mundu verða, sem mynduðust um stjórnarskrármálið. Hann taldi upp sambönd nokkur, sem honum fannst að mundu þá taka stjórnarskrármálið að sér, þ. á m. nefndi hann t. d. Skreiðarsamlagið. Ég veit ekki, hvort það var af því, að honum hafi orðið litið til hv. þm. Vestm., sem er víst í stjórn þess fyrirtækis, en ég fyrir mitt leyti er viss um það, að hv. þm. Vestm. blandar ekki harðfiski og verzlun saman við stjórnarskrármálið.

Hv. 6. þm. Reykv. benti á, að Norðurlöndin öll hefðu um langan aldur haft hlutfallskosningar í stórum kjördæmum, og í nál. segir hann og meiri hl., að þessum þjóðum hafi vegnað vel undir þessu skipulagi. Út af fyrir sig hefur þetta ekki fullkomið sönnunargildi, því að vel gæti þeim hafa vegnað betur t. d. undir einmenningskjördæmafyrirkomulaginu. Og hv. þm. gat þess, að stjórnmálin væru róleg, ef ég man rétt, róleg, þjóðir þessar væru stjórnmálalega styrkar, skildist mér, og friðsamar, og má vera, að úr því að þær eru það, þá geti þær búið undir þessu skipulagi. En ég held, að þó að margt gott megi segja um okkur Íslendinga, þá séum við ekki pólitískt friðsamir og okkur veiti ekki af því að hafa það fyrirkomulag, sem sameinar meira en sundrar. Og satt að segja, þá man ég ekki betur en maður hafi frétt um mikla stjórnmálalega erfiðleika, sem Finnar hafa átt við að búa, sífelldar og endurteknar stjórnarkreppur hafi valdið þar erfiðleikum fjármálalega, öfugþróun, verðbólgustríði o. s. frv. Ég held þess vegna, að það sé ofmælt, að hlutfallskosningar í Finnlandi, sem voru víst teknar upp, meðan Finnar lutu Rússum, hafi sannað það þar, að fyrirkomulagið sé æskilegt. Þvert á móti væri þar hægt að finna sönnun fyrir of mikilli flokkaþróun. Ég veit ekki betur en að þar séu átta stjórnmálaflokkar og það sé einmitt þessi flokkafjöldi, sem valdi þar mestu um erfiðleikana með að mynda stjórnir.

Ég var að hugsa um það lengi undir ræð-

unni, hvers vegna ræðumaðurinn skyldi ekki nefna lýðræðisríki eins og Bandaríkin og Bretland. En þar kom, að hann aðeins nefndi Bandaríkin og talaði dálitið um Bretland. En fyrst og fremst virtist mér ræða hans, að því er snerti Breta, ætti að gera okkur fráhverfa því að hugsa okkur til fyrirmyndar kosningafyrirkomulag þeirra, af því að það hefði komið fyrir, að Bretar beittu harðræði og kæmu fram við okkur t. d. nú þannig, að við hljótum að telja mikil rangindi. En ég sé ekki, að þetta eigi nokkurt erindi í umr., þegar verið er að ræða um kosningafyrirkomulag, og víst er það almennt álitið og viðurkennt, að lýðræði standi einna traustustum fótum hjá Bandaríkjamönnum og Bretum. Við vitum það allir, að hlutfallskosningar bjóða upp á flokkaskiptingu, en einmenningskjördæmafyrirkomulagið er grundvöllur tveggja flokka kerfis. Það eru lögmál hlutfallskosninga að bjóða upp á flokkaskiptingu. Stærðfræðileg staðreynd er það, að þær efla til flokkadrátta. Þær eru í raun og veru það, sem kalla mætti deilingaraðferð. Einmenningskjördæmin eða meirihlutakosningarnar eru aftur á móti undirstaða tveggja flokka kerfis. Þær eru sameiningaraðferðin, gagnstæðar deilingunni, ef maður notar þá líkingu í þessum efnum. Og þó að það væri trú manna, þegar hlutfallskosningarnar komu til sögunnar, að þar væri fundin sanngjörn lausn, heppileg regla fyrir hið fullkomna lýðræði, sem gæfi lýðræði tækifæri til þess að greinast eftir skoðun, þá vitum við það nú orðið, reynslan hefur sýnt það, að það er annað, sem helgar lýðræðið, heldur en það, að það greini sig upp í sem smæstar einingar. Mennirnir eru þannig gerðir, að þeir þurfa á því að halda, að reglur þær, sem þeir fara eftir, knýi þá frekar til samstöðu en til sundrungar. Þess vegna er það, að einmenningskjördæmafyrirkomulagið reynist, þegar allt kemur til alls, lýðræðinu betur en hlutfallskosningarnar, sem menn um aldamótin héldu að væri einföld lausn fyrir hugsjón lýðræðisins um frjálshyggju.

Hv. 6. þm. Reykv. taldi það sönnun fyrir því, að hlutfallskosningar fjölguðu ekki flokkum, að flokkar hefðu ekki orðið margir í Reykjavík þrátt fyrir hlutfallskosningar þar. En hvers hefur Reykjavík notið? Hvað hefur hjálpað henni til þess að komast hjá vandræðum þeim, sem hlutfallskosningar valda sums staðar fyrir fjöldaþróun flokka? Það getur ýmislegt verið. Hún hefur t. d. um alllangt skeið notið þess að hafa hv. 6. þm. sinn fyrir borgarstjóra, og eftir kynnum mínum af honum, þá get ég vel hugsað mér, að það hafi haft nokkra þýðingu. En hún hefur notið annars líka, sem ég tel að sé stærra, því að þrátt fyrir ágæti hv. 6. þm. Reykv., sem ég tala um í fullri alvöru, þá býst ég ekki við, að það geti hrokkið til að halda niðri flokkaþróuninni, ef ekki hefði annað og meira komið til. Hún hefur notið þess, að landsmálaflokkar hafa ekki verið fleiri í landinu en raun hefur á orðið, vegna þess að framboðin hér í Reykjavík hafa nær eingöngu verið af hálfu landsmálaflokkanna. Og hvers vegna hafa ekki landsmálaflokkarnir verið fleiri hingað til? Höfuðástæðan til þess hefur verið sú, að einmenningskjördæmafyrirkomulagið hefur verið úti um landið. Það hefur staðið í vegi fyrir því, að margir flokkar hafi getað þróazt, þegar pólitískum forustumönnum hefur sýnzt vænlegt að stofna til flokkamyndunar oftar en gert hefur verið.

Þarna kemur fram, að það er ekki sérlega háskalegt að hafa hlutfallskosningar í Reykjavík, ef landinu er að öðru leyti skipt í einmenningskjördæmi. Þess vegna eru till. okkar einmitt mjög hagfelldar fyrir Reykjavík. Þær bjarga henni frá því að eyðileggja afstöðu sína með flokkadrætti. Og við teljum, að það rjúfi ekkert samræmi til skaða, þó að Reykjavík sé ekki skipt upp í einmenningskjördæmi, sem ég persónulega hefði samt getað hugsað mér, teljum, að það þurfi ekki að vera til neins skaða og rjúfi ekkert samræmi, vegna þess að Reykjavík er ein félagsleg heild, og gagnvart Alþingi hefur þessi heild samstöðu. Það er aftur á móti miklu frekar rétt, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði, að það gæti verið, að Reykjavík gæti talið sér einhverja sérstöðu eftir bæjarhlutum miðað við bæjarstjórnarkosningar. En gagnvart Alþingi kemur það ekki til greina.

Hv. 6. þm. Reykv. leitaði sér aðallega stuðnings fyrir skoðunum sínum og fyrir frv. sitt í áliti manna, sem voru uppi fyrir löngu. Hann nefndi Stuart Mill. Já, en tímar hafa breytzt nokkuð mikið síðan. Hann nefndi menn á Íslandi, sem voru uppi um aldamót eða rétt þegar hlutfallskosningarnar voru að byrja að koma fram. Mér skilst, að hlutfallskosningafyrirkomulagið hafi fyrst verið tekið upp í Belgíu 1899, og það var rétt eftir aldamótin, sem mest var talað um hlutfallskosningar sem æskilegar hér á Íslandi. Og hann gekk svo langt meðal Íslendinga, dáinna og þá um leið meðal dauðra skoðana, að hann leitaði til Jóns heitins Ólafssonar 1887. Það kom náttúrlega fyrir þann ágæta gáfumann, að hann hélt fram og var hrifinn af skoðunum, sem stóðust ekki, og Þorsteinn Erlingsson miðaði við það, þegar hann kvað vísuna:

Jón minn liggur lengi á;
leiðast mundi kríu
að vera að unga út eggjum frá
'89.

Ég hygg, að þessi egg, sem hv. 6. þm. Reykv. var að tína fram frá Jóni Ólafssyni, séu nú orðin fullkomin fúlegg. Og hann sagði, að hann hefði talið, Jón Ólafsson, að ef einn tólfti kjósenda væri með sérskoðun, ætti sá hópur rétt á tólfta hverjum fulltrúa. Þarna benti hann rækilega, hv. 6. þm. Reykv., á eðli hlutfallskosninga. Nú vil ég spyrja hann: Vill hann í raun og veru stofna til kosningafyrirkomulags, er leiddi til tólf flokka myndunar? Teldi hann það lýðræði á Íslandi æskilegt? Nei, ég held, að megi segja, að þarna hafi hv. 6. þm. Reykv. dottið um rökfærslur sínar í málinu.

Það væri nú ekki vit í því, að ég færi að taka upp öll atriði þau úr ræðu hv. 6. þm. Reykv., sem eru ámóta gild og þau, sem ég hef nefnt. Þá mundi þessi dagur ekki endast, þó að kvöldinu væri bætt við hann, og ég

sleppi því að gera það. En eitt vil ég nefna. Hann sagði, að við, allir framsóknarmennirnir hér í þessari hv. d., værum búsettir í þéttbýli, og hann vildi draga þess vegna í efa, að við værum eðlilegir og réttir fulltrúar dreifbýlis og bændastéttar. Allir erum við samt, þessir þm., aldir upp í sveit og höfum sumir okkar lifað þar mikinn hluta ævinnar. Og eitt er víst, að það hefur komið í ljós, að við skiljum þarfir sveitanna og bændastéttarinnar betur en hv. 6. þm. Reykv. og hans flokkur. Og ég spyr hv. 6. þm. Reykv., sem las upp falleg orð, sem hann hafði haft fyrir löngu um það, að það þyrfti að láta alla landsmenn búa við svo góð kjör, að tæki fyrir flutningana, þjóðflutningana, sem ægt hafa þjóðlífi okkar, — þá vil ég spyrja í því sambandi, af því að hann las upp þau fallegu orð: Finnst honum of mikið hafa verið gert fyrir sveitirnar? Heldur hann, að úti í dreifbýlinu sé lifað betra lífi, auðveldara og öruggara en í þéttbýlinu? Finnst honum, að höfuðborgin hans hafi borið skarðan hlut frá borði á síðustu árum? Ef svo er ekki, hvað er hann þá að tala um rangindi af hálfu Framsfl. í þjóðfélagsmálum, tala um, að þeir berjist fyrir ofrétti handa sveitunum?

Stjórnarskrárnefndin klofnaði í tvennt. Ekki virtist vera nokkur grundvöllur til málamiðlunar eða tilhliðrunar af hálfu meiri hl. í n., þ. e. fulltrúa Sjálfstfl., Alþfl. og Alþb. Af ræðu hv. 6. þm. Reykv. munu hv. dm. hafa heyrt, að hér er ekki rangt frá sagt. Fulltrúar þessara þriggja flokka, sem ég nefndi, vilja samþykkja frv., eins og það liggur fyrir og óbreytt. Þó að við framsóknarmennirnir byðum þeim upp á þær málamiðlunartillögur, sem við flytjum í nál. okkar á þskj. 474, þá hafnaði meiri hl. þeim hiklaust án þess að depla auga. Þó að við bentum hv. meðnm. okkar á galla á frv., sem þeir sumir a. m. k. viðurkenndu eða virtust viðurkenna, gat ekki komið til mála að fá þá til að nema þá galla brott, þeir urðu að samþykkjast, úr því sem komið var. Ekki varð samt um neina viðurkenningu að ræða á því, sem í höfuðatriðum ber á milli, en það er afnám núverandi kjördæma utan Reykjavíkur. Þá væri rangt frá skýrt, ef ég segði það, enda eru hinir horsku menn meiri hl. ekki líklegir til að láta í skyndi nefnd, eins og stjskrn. hérna er, rannsaka hjörtu sín og nýru.

Ég leyfði mér að benda á það í n., að ef ég setti mig í spor þeirra, er stæðu að frv. og hefðu samið það, og mældi það með þeirra mæli, sem ég að vísu viðurkenndi ekki réttan mælikvarða, þá væri auðsætt, að Norðausturlandskjördæmi, þar sem heimili mitt er, hefði fleiri kjósendur á bak við sína 6 þm. en samræmi væri í, þegar tekið er tillit til fjarlægðar þess frá miðstöð ríkisvaldsins. Þetta viðurkenndu tveir meirihlutamennirnir að væri rétt, en yrði ekki breytt. Hv. 6. þm. Reykv. minntist á þetta atriði í ræðu sinni um daginn sem dæmi um það, hve örðugt væri að ná fyllsta réttlæti, en hann taldi hér ekki miklu skakka, vegna þess að í þessu kjördæmi væri höfuðborg Norðurlands. Nú er það svo, að menn geta ekki rekið þar þau erindi, sem menn þurfa yfirleitt að reka við ríkisvaldið, og þar er ekki Alþingi, svo að hægt sé að fylgjast með störfum þess og beita áhrifum sínum um málefni daglega, eins og Reykjavík gerir gagnvart Alþingi. Og ég fyrir mitt leyti tel, að þetta kjördæmi sé að ýmsu leyti ósamræmismeira en önnur kjördæmi, af því að höfuðstaður Norðurlands er þar, ekki vegna stofnananna, sem þar eru og hægt er að reka erindi við sér til þæginda og spara sér ferðir til Reykjavíkur, því að það er ekki um þetta að ræða, heldur vegna þess, að það er svo stór þéttbýlisstaður, sem ber, strax og kjördæmið verður sett á laggirnar, ef frv. verður að lögum, þá ber það strax ofurliði sveitirnar í kring, og þar myndast ástand, sem gerir jöðrum sveitanna mjög örðugt að neyta þess réttar, sem hver landsbyggð þarf að geta neytt gagnvart löggjafarsamkomunni í gegnum umboðsmennsku þingmannanna. En sem sagt, hv. 6. þm. Reykv. leggur ekki mikið upp úr þessu misræmi, og hinir tveir töldu, að ekki yrði um breytt. Kaupsamningurinn er nefnilega frágenginn.

Þá bentum við minnihlutamennirnir á, að gert er ráð fyrir í frv., að allir þeir menn, sem verða á kjörlista, auk þeirra, sem ná kosningu sem aðalmenn, eigi að vera löglegir varamenn, svo margir sem til endist á listanum, stendur þar. Þetta þýðir það, að allir, sem eru á lista, sem fær mann kjörinn, komast að með vissum hætti og nægilega til þess að eiga rétt á því að fá kjörbréf. Samkvæmt gildandi lögum er það regla, að hver listi kemur að jafnmörgum varamönnum og aðalmönnum, og virðist það vera nægilegt. Til þess var vitnað í nál., að þessi regla gilti um sveitarstjórnir og bæjarstjórnir. En það er dálítið annað, þó að fulltrúar þar hafi langan hala varamanna, heldur en að setja upp þær hersingar gagnvart Alþingi. Og þetta fyrirkomulag í sveitarstjórnar- og bæjarstjórnarmálum er ekkert heppilegt, eftir því sem mér hefur reynzt. Ég sem oddviti og bæjarstjóri þekki það nokkuð, hve það er óþægilegt, að menn koma ókunnugir málum inn á fundi og taka þátt í afgreiðslum, þegar hægt er að kalla hvaða mann sem á lista hefur verið, sem komið hefur að manni, til starfa í staðinn fyrir sig. Ég hef reynt það að mæta á slíkum fundi með eintómum varamönnum og þurfa að afgreiða með þeim mál, sem var verið að vinna að, aðalfulltrúarnir voru búnir að kynna sér vel og þekktu, en varamennirnir komu að eins og álfar úr hól. Þess vegna er það alls ekki til fyrirmyndar á nokkurn hátt að taka upp sömu reglu gagnvart Alþ. og sveitarstjórnum og mjög óviðurkvæmilegt í raun og veru, þegar litið er á stigmuninn á Alþingi og sveitarstjórnum.

Ég var að gamni mínu að athuga það, hve margir gætu orðið kjörnir eftir þessari reglu til Alþingis sem aðalmenn og varamenn, og mér virtist fræðilegi möguleikinn vera sá, að þetta gætu orðið 682 menn. En ég skal játa, að það eru ekki miklar líkur fyrir því, að þeir

verði svo margir, því að ég reiknaði með því, að þá kæmi hver listi að einum manni. En mikill er nú hópurinn samt.

Ég reiknaði svo líka að gamni mínu, hve þeir mundu verða margir, hinir kjörnu menn, aðalmenn og varamenn, eftir því sem ég hef séð í blöðum þeirra, sem standa að kjördæmabreytingunni, gizkað á, að út úr næstu kosningum, eftir hinum nýju reglum, komi fyrir flokkana, og mér virtist, að eftir þeim útreikningum, sem þar hafa aðallega verið lagðir til grundvallar, muni hinir kjörnu geta orðið 304, — 304 þm. Í Reykjavík er þetta eðlilegt og alls staðar í raun og veru eðlilegt að hafa jafnmarga menn á hverjum lista og kjósa á í kjördæminu, miðað við aðalmenn og varamenn, og í Reykjavík yrðu þá á lista, eftir því sem frv. gerir ráð fyrir, 24 menn. Þegar listi kemur að einum manni, þá verða 23 varamenn. Ef maður hugsar um þetta svona að gamni sínu, þá er það ákveðið í lögunum, að maður megi taka varamann inn fyrir sig á Alþingi í hálfan mánuð. Ef nú einn flokkur kæmi hér að einum manni, þá mundu varamennirnir endast eitt ár, ef flokkurinn vildi skipta um, og það getur verið, og það getur haft töluvert áríðursgildi fyrir flokk að láta alla þá, sem á listanum eru, skreppa inn á Alþingi, þeir mundu hafa gaman af því, og þeir mundu eflast í pólitíkinni, og honum mundi kannske ganga betur að fá frambjóðendur, ef hann byði upp á þetta. Já, liðið mundi endast í ár. En Alþingi stendur nú ekki árlangt, eða hefur ekki staðið, hvað sem verður, þegar svona kosningar verða teknar upp.

Ég veit ekki, hvað líklegt er að valdi því, að þessi regla er upp tekin, eða hver af þríflokkunum hefur komið þessari reglu inn. Það er sennilegast, að sá, sem hefur minnsta möguleika til að koma að mönnum, hafi tekið þetta upp, minnsti flokkurinn, og þetta er náttúrlega jafnaðarmennska á vissan hátt. En hvers vegna stærsti flokkurinn hefur fallizt á þetta, það veit ég ekki, nema það sé ódýr góðsemi við þann minnsta.

Í sjálfu sér, ef við lesum þetta ofan í kjölinn, brjótum það til mergjar, skoðum það í smásjá, þá er þetta ein tegund verðbólgu. Þetta er verðbólgustefna í kjördæmamálinu. Mönnum kemur yfirleitt saman um, að verðbólguþróunin í íslenzku efnahagslífi sé háskaleg og hana þurfi að stöðva. Menn greinir á um það, hvernig eigi að stöðva hana, en ekki um það, að það þurfi að stöðva hana. Hins vegar gæta menn þess ekki, að hún á margar systur, verðbólgan, sem eru líka mjög viðsjárverðar og þarf að hafa gát á, að ekki verði of mikils ráðandi. Þetta slekti allt er eins og bakteríufaraldur, sem stendur þjóðinni í ýmsum myndum fyrir fullum þrifum þrátt fyrir miklar framfarir og margháttaða verndun.

Við tölum um los í ýmsum efnum, sem færist í aukana, eyðslusemi, gálauslega meðferð tómstunda, máske of marga lögboðna frídaga, ásókn í lélegar skemmtanir og lélegar, óþjóðlegar bækur og rit, afkáratilraunir, einkum lista, minnkandi ábyrgðartilfinningu o. s. frv. Þótt þetta tal um það, sem að er í þjóðlífi okkar og menningu, sé oft öfgafullt, þá er kjarni þess sannleikur og staðreynd, og það er mjög alvarleg staðreynd.

Frv. þetta er ein staðreynd um þetta los, sem vill gera sig gildandi og stutt er viljandi og óviljandi af mörgum. Það þarf stjórnmálalega léttúð til þess að afnema gömlu kjördæmin, eins og það gerir ráð fyrir, frv., og stofna í þeirra stað hin stóru hlutfallskosningakjördæmi. Þingmennirnir, sem hafa hver átt sinn reit til að annast fyrst og fremst og bera ábyrgð á, að því er þingmannsumboðið snertir, þeir eru settir út á víðavang fimm til sex manna kjördæmis, sem þeir hver og einn ná ekki til að kynnast eins vel og einmenningskjördæmunum og geta því ekki orðið því eins nærgætnir fulltrúar. Þetta sýndi eitt sinn hv. 1. þm. Reykv. (BBen) mjög glögglega fram á, en hv. 6. þm. Reykv. hefur engan veginn tekizt að kaffæra þau rök.

Einhver þm. þríflokkanna sagði í ræðu: Við erum að stækka félagsheildirnar með þessu. — Og mig minnir, ég vil ekki fullyrða það, að hv. 6. þm. Reykv. segði eitthvað á þessa leið, þó vil ég ekki fullyrða það. En hvaða félagsheild er 5—6 manna kjördæmi? 5—6 þm. eru ekki félagsheild. Sýslu- og bæjarfélögin verða áfram félagsheildir, eins og hv. 6. þm. Reykv. sagði réttilega, engu stærri heildir en áður fyrir þetta. En þær hafa ekki sinn sérstaka þm. lengur og missa mikils við það, einkum hin afskekktari sýslufélög og sveitir í þeim. Flokksstjórnarvaldið vex, því að hin stóru svæði velja sér ekki menn til framboðs. Fólk þeirra hefur ekki félagslega aðstöðu til þess, eins og nú er í einmenningskjördæmunum, og flokkabaráttan frá höfuðstöðvum flokkanna háir harða hildi á rúmu hólmgöngusviði hinna stóru kjördæma, og flokksstjórnirnar setja þar fram sína hermenn til framboðs. Þingmennirnir af ýmsum flokkum á þessum sviðum, stóru kjördæmunum, verða ekki alltaf að leggja saman krafta sína, þeir verða ekki alltaf að greiða götu hver annars, því að þeir eru sinn frá hverjum flokki, sem eru að takast á og reyna að vaxa hver yfir annan. Þeir verða ekki alltaf að keppa um það sín á milli að koma sem beztu til leiðar án þess að bregða fæti hver fyrir annan. Þannig er flokkabaráttan og keppnin um fylgi í kjördæmunum. Það er sannleikur, þó að það sé ekkert skemmtilegur sannleikur. Það er ein fylgja hinna mörgu flokka, að þessi barátta verður fyrirferðarmeiri en ella. Þingmennirnir á þessum svæðum verða ekki alltaf eins og samherjar í knattleik. Þeir verja án efa oft markið hvor fyrir öðrum, ef svo mætti að orði komast. Samvinna þingmanna af ýmsum flokkum verður ekki eins pósitív og þríflokkarnir tala um og láta í veðri vaka. Við þekkjum, hvernig þetta hefur oft verið, þar sem uppbótarþingmaður hefur komið inn á þing með kjördæmakjörnum þingmanni. Hafa þau kjördæmi jafnan orðið miklu sterkari en hin? Ég spyr. Ég hef ekki séð þess mikil merki.

Hins vegar er og hefur oft verið góð sam-

vinna milli manna, er á þingi hafa verið frá nágrannakjördæmum, þó að þeir hafi ekki verið af sama flokki. Þeir hafa sem sé ekki verið á sama leikvelli heima og því ekki átt þar í beinu höggi hvor við annan heima fyrir og ekki verið að búa sig undir slíka leiki sín á milli á þingi. Sú samvinna hefur oft verið minni stöðum mikils virði, það veit ég. Ég skal nefna persónulegt dæmi. Fyrir nokkrum árum var ég í fjvn., eins og ég raunar er nú, ásamt þm. frá Akureyri. Við vorum ekki samflokksmenn, en við vorum nágrannaþingmenn og þekktum dálítið til hvor hjá öðrum. Við höfðum hvor um sig sérstakan reit að annast. Við höfðum oft beina samvinnu við að koma málum fram í n. vegna þessara reita okkar. Ég man, að ég t. d. studdi hann í því að fá vissa fjárveitingu til Akureyrarhafnar, en hann mig í staðinn til þess að fá fjárveitingu til hafnar í Flatey á Skjálfanda. Hvort tveggja var bráðnauðsynlegt og réttmætt, og þetta gerðist samt af því, að Akureyri og Suður-Þingeyjarsýsla eru tvö kjördæmi. Ég fullyrði það. Ég gat gert fámennisstaðinn Flatey jafnsterkan og fjölmennisstaðinn Akureyri, af því að þetta voru tvö kjördæmi.

Ef þessi kjördæmi verða lögð niður sem slík og tekið upp hið stóra kjördæmi, Norðausturlandskjördæmi, þá segir Akureyrarþingmaðurinn að öllum líkindum við þm., sem á heima í Suður-Þingeyjarsýslu: Þú verður alveg eins og ég að styðja Akureyrarhöfn, annars segi ég eftir þér, og það kýs enginn þig á Akureyri, þar sem þú gætir þó annars fengið flesta kjósendur, ef þú styddir Akureyri. En Flatey verður látin sitja á hakanum, af því að þar eru svo fáir kjósendur.

Seinna hnígur svo að því, að enginn þm. verður búsettur annars staðar í kjördæminu en á Akureyri, nema þá fyrir tilviljun eina. Það verður byrjað með öðru, en lögmálin verða þau, að að þessu ber. Þar verður aðalhildin háð um kjörfylgið. Þar í kjördæminu hefur líka flokkavald allra flokka miðstöðvar sínar, að því leyti sem þær verða ekki í Reykjavík. En fyrst og fremst verða þær í Reykjavík, en umhyggjan fyrir strjálbýlinu minnkar, og það fer í auðn smátt og smátt. Þess vegna er þetta réttnefnd landeyðingarstefna, og þetta er sú stefna, sem býr í frv., hvort sem stuðningsmenn þess gera sér grein fyrir því eða ekki.

Það er bakteríufaraldur þjóðlífs okkar, sem þarna er að verki, ein systir verðbólgunnar, losið, sem ógnar menningunni, ormurinn, sem Edda segir frá, að leitist við að naga rætur meiðs Yggdrasils, lífsmeiðsins.

Skáldsnillingurinn og vitmaðurinn Tómas Guðmundsson flutti fyrir skömmu á Varðarfagnaði fyrir Sjálfstfl. ræðu. Frá henni var sagt í Morgunblaðinu, og mér finnst við hæfi að minna hv. 6. þm. Reykv. á hana, eftir þá ræðu, sem hann flutti hér áðan. Efni ræðu Tómasar Guðmundssonar var um samskipti einstaklingsins og ríkisvaldsins, eftir því sem Morgunblaðið sagði frá. Hann sagði, að þróunin miðaði í þá átt að ganga á rétt einstaklingsins, persónufrelsi hans, heimta meiri og meiri umráð handa ríkisvaldinu. Þetta kallaði hann „mannkynsfjandsamlega þróun". Hann vitnaði í sögu eftir rússneska rithöfundinn Samjatin, og hann tók upp úr sögunni orðrétt þetta: „Við erum komnir til að færa yður hina fullkomnu hamingju, sem er stærðfræðilega gallalaus." Er það ekki einmitt hamingjan, sem hv. 6. þm. Reykv. talaði um áðan í hlutfallskosningunum, stærðfræðilega gallalaus? Og þó er hún vitanlega ekki gallalaus. En þetta er ekki allt, sem haft var eftir rithöfundinum. „Ef þér látið yður ekki skiljast þetta," — að við séum sem sé að færa yður stærðfræðilega gallalausa hamingju, ef þér látið yður ekki segjast þetta, — „þá er skylda vor að neyða yður til að gerast hamingjusamir." Er það ekki þetta, sem þríflokkarnir eru að gera? Þeir ætla að neyða þjóðina til þess að taka á móti kjördæmabreytingunni, neyða hana til að gerast hamingjusama á þann hátt, sem þeim þykir henta.

Ég sé, að hv. 6. þm. Reykv., sem var sérstaklega ætlað að hlusta á þetta, hefur vikið úr sæti. Skyldi hann ekki vera væntanlegur rétt strax? Má ég ekki, herra forseti, bíða? Það væri undarlegt, ef honum þætti illt að hlusta á Tómas.

Ég var að vitna í orð, sem Tómas Guðmundsson tók upp úr sögu eftir Samjatin í ræðu sinni, og skal endurtaka þau, af því að hv. 6. þm. Reykv. þurfti að ganga út í síma og þetta finnst mér snerta hann alveg sérstaklega, af því að hér er um það að ræða, að verið er að rifja upp ræðu, sem flutt var á Varðarfagnaði, og líka af því, að ræðan var flutt af listamanni, en listir kann hv. 6. þm. Reykv. að meta. Hin tilvitnuðu orð, sem Tómas Guðmundsson tók upp úr sögunni eftir rússneska höfundinn, voru þessi: „Við erum komnir til að færa yður hina fullkomnu hamingju, sem er stærðfræðilega gallalaus," — eins og hlutfallskosningar, að dómi hv. 6. þm. Reykv. Og svo bætir skáldið rússneska við: „Ef þér látið yður ekki skiljast þetta, þá er skylda vor að neyða yður til að gerast hamingjusamir." Það er einmitt þetta, sem gæti verið „mottó" yfir frv. þríflokkanna. Þetta gæti verið „mottó" yfir því. Það skal fram, hvort sem mönnum þykir betur eða verr. Það skal gert að lögum, þótt fyrir liggi 55 erindi frá félagasamtökum, sveitarstjórnum og sýslunefndum, sem óska þess, að þetta verði ekki gert að lögum.

Tómas Guðmundsson lagði áherzlu á það, að hverjum manni væri það höfuðskylda að standa vörð um persónulegt frelsi gegn hvaða ofríki sem er.

Morgunblaðið dáðist að þessari ræðu, og hún hefur án efa átt það skilið. Ég dáðist að því, sem ég sá af henni í Morgunblaðinu. En hvers vegna læra áheyrendurnir, sem fá skáldið til að tala, ekki af þessari ræðu hans? Hvers vegna halda þeir jafnhiklaust áfram með þetta frv., sem miðar að því að efla ríkisvaldið, en **draga úr valdi**, sem einstaklingarnir hafa haft? Hvers vegna ætla þeir þrátt fyrir áminningar skáldsins að svipta einstaklingana í núverandi kjördæmum úti um land þeim persónulega

rétti að hafa fyrir sig og sína félagsheild sinn sérstaka fulltrúa á Alþingi? Eru þeir svo rammvilltir í þoku sinnar sjálfbirgingar að sjá ekki, hvert fljótið fellur, sem skáldið leiddi þá að? Eða skeyta þeir því ekki, þótt þeir styðji það, sem skáldið kallaði „mannkynsfjandsamlega þróun", svo að ég noti orð hans? Ég vil ekki halda það. Það er þokan, sem hlýtur að gera þetta.

Í þessu frv. er lagt til, að lokið verði við að bylta grundvelli þingræðis hér á landi og nýr grundvöllur lagður. Síðan Alþingi var endurreist, hefur það verið aðalregla, a. m. k. lengst af, að þingið hefur verið skipað fulltrúum, sem kosnir voru persónulegri kosningu sem trúnaðarmenn héraða eða kjördæma. Löggjöf og myndun ríkisstj. var þar með falin mönnum, sem meiri hl. eða a. m. k. stærsti hluti almennings í héraði treysti persónulega til að vinna að héraðsmálum og landsmálum. Þm. hafa að vísu í seinni tíð oftast boðið sig fram á vegum stjórnmálaflokka, en hver maður þó staðið fyllilega ábyrgur gagnvart kjósendum sínum.

Ef þetta frv. verður að lögum, er hin persónulega kosning að verulegu leyti úr sögunni. Þá munu menn fyrst og fremst kjósa flokka, en ekki menn. Ábyrgð hinna einstöku þingfulltrúa fer þverrandi og færist yfir á stjórnmálaflokkana að vonum. Flokkar, en ekki menn, verða ábyrgir fyrir löggjöf og landsstjórn. Sú ábyrgð verður ópersónuleg. Hér er um mikinn mun að ræða. Hér er einmitt um það efni að ræða, sem Tómas Guðmundsson gerði að umtalsefni.

Hér kemur líka til greina, að ríkissjóður er að verða meira og meira jöfnunarsjóður. Með honum og útflutningssjóði eru af Alþingi jafnaðar tekjur milli landsfólksins. Eru því persónuleg kynni þm. af högum og lífsafkomu umbjóðendanna nauðsynlegri nú en þau voru nokkru sinni áður.

Kjördæmin eru nú 28 talsins. Ef þetta frv. verður að lögum, verða 27 af þessum 28 kjördæmum lögð niður, en í þess stað stofnuð 7 stór kjördæmi með hlutfallskosningu. Þm. verða 60 í stað allt að 52 nú. Þm. er þannig fjölgað um 8. 12 verða kosnir í Reykjavík, tvö kjördæmi kjósa 6 þm. hvort, og 5 kjósa 5 þm. Uppbótarsæti 11 eins og nú, en sú breyting á, að þeim skal öllum úthlutað, hvort sem með þarf til jöfnunar eða ekki. Verðbólgan gerir sínar kröfur þarna líka.

Þetta fyrirhugaða afnám hinna gömlu kjördæma sætir að vonum mikilli mótspyrnu í landinu, eins og raun hefur borið vitni um nú í vetur. Ég nefndi áðan 55 erindi, sem komið hafa til mótmæla og að stendur fjöldi fólks og forustumenn í málefnum sveita og héraða. Það er satt að segja engin furða, þó að þessi mótmæli komi fram, þegar þetta mál er skoðað á sögulegum grundvelli, og mótspyrnuhreyfingin gegn afnámi kjördæmanna hefur farið sívaxandi og mun enn fara vaxandi.

Þegar Alþingi var endurreist árið 1843, var landinu skipt í 20 einmenningskjördæmi, þ. e. 19 sýslukjördæmi og Reykjavík. Ekkert þessara kjördæma hefur misst rétt sinn til þingmanns. En sex af sýslunum eru nú tvímenningskjördæmi, og þrem sýslum hefur verið skipt í tvímenningskjördæmi hverri, bætt við fimm kaupstaðakjördæmum, en Reykjavíkurþm. fjölgað úr einum í átta. Grundvöllur kjördæmaskipunarinnar, sýslurnar og fjölmennustu kaupstaðirnir, er því óbreyttur enn eftir 115 ár, en að verulegu leyti byggður á þjóðskipulaginu forna. En kaupstaðir hafa fengið kjördæmaréttindi smátt og smátt: Akureyri, Ísafjörður og Seyðisfjörður 1903, Hafnarfjörður 1928 og Siglufjörður 1942.

Það er rangt, sem einhvers staðar hefur verið sagt, að bænaskrár til hins fyrsta Alþingis 1845 hafi sýnt, að Íslendingar hafi í öndverðu verið óánægðir með kjördæmaskipunina. Þessar bænaskrár voru aðallega um rýmkun kosningarréttar, en auk þess var farið fram á, að nokkur kjördæmi fengju tvo fulltrúa, eins og síðar varð. Kjördæmaskipunina sjálfa töldu menn eðlilega, og til skamms tíma hafa forustumenn í þjóðmálum verið ósparir á að lýsa yfir því, að engin ástæða væri til að hrófla við hinum sögulega þróuðu kjördæmum, enda vitað hug almennings í kjördæmunum í þessu máli. Yfirlýsingar forustumanna í þessum efnum hafa hvað eftir annað að undanförnu verið lesnar hér, og ég sé ekki ástæðu til þess að endurtaka þær, en minni á þær. Sjálfir hafa þeir sumir hlýtt á sín eigin orð upplesin. Skylt er þó að geta þess, að sumir hafa reynt að nota sem rök fyrir afnámi kjördæmanna, að snemma á þessari öld, eða árið 1905, var á Alþ., í ráðherratíð Hannesar Hafsteins, flutt stjórnarfrv. um að taka upp hlutfallskosningar í stórum kjördæmum. Í Hannes Hafstein hefur líka geysilega mikið verið vitnað í umr. þessa máls. En einnig hafði verið vitnað í Jónas Jónsson, og ég hafði tækifæri til þess hér í fyrradag af sérstökum ástæðum að segja frá því, að þegar þetta var á hann borið á framboðsfundi í Þingeyjarsýslu fyrir alllöngu, þá viðurkenndi hann, að það væri rétt, að honum hefði litizt vel á hlutfallskosningar, en hins vegar lýsti hann því hreinlega yfir, að reynslan af hlutfallskosningunum, sem komið hefði fram síðan, hefði sannfært sig um, að það væri ekki heppilegt kosningafyrirkomulag. Og ekki þætti mér ólíklegt, að Hannes Hafstein mundi segja það sama, ef hann væri ofan moldar, og þess vegna finnst mér í raun og veru ekki vel gert af þeim, sem berjast fyrir þessu máli, að vera stöðugt að hafa eftir hinum látnu mönnum, sem voru uppi, þegar þetta kosningafyrirkomulag var rétt að byrja, hafa það eftir þeim sem sönnun í málinu, að þeir hafi aðhyllzt nýmælið.

Ýmsir mætir menn, fleiri en Hannes Hafstein, voru þá hlynntir þessu. Hlutfallskosningar voru þá lítt þekkt fyrirbæri og höfðu að sögn verið teknar þá alveg nýlega upp í Belgíu og í Finnlandi, sem þá laut Rússakeisara, eins og ég gat um áðan. Kostir þessa fyrirkomulags þóttu ýmsum stærðfræðilega álitlegir. Það stærra er hamingja. En gallarnir voru ekki komnir í ljós og ekki von, að menn sæju

þá fyrir. Málinu var frestað 1905, en á Alþ. 1907 var það fellt. Kjósendurnir tóku í taumana á milli þinga. Fyrir Alþ. 1907 lágu 30 þingmálafundargerðir um þetta mál, og á flestum fundum reyndust menn andvígir afnámi kjördæmanna. Þetta dugði. Andstæðingar frv. hófu þá gagnsókn í málinu og gerðu tillögur um að skipta landinu öllu í einmenningskjördæmi, en sú till. náði ekki heldur fram að ganga. Og þannig fór um þessi mál 1907.

Þrátt fyrir það, að hv. 6. þm. Reykv. gerði dálítið að umtalsefni stjórnmál í Frakklandi, og ég ætla ekki að leggja út í að hrekja það lið fyrir lið, þá er það víst, að dæmi Frakka, barátta þeirra og stríð vegna flokkamergðar, sem leiddi af þeirra kosningafyrirkomulagi, sem var í meginatriðum hlutfallskosningar, hún er dæmi, sem hræðir. Og Írar, sem eru þjóð, sem hugsar vel sín mál, þeir eru komnir að því að vilja hverfa frá þessu fyrirkomulagi. Og einmitt þá, þegar tímarnir hafa þannig breytzt, þá er það fjarstæða, að Íslendingar fari að ana að óþörfu út í fenið, sem aðrir eru að reyna að brjótast upp úr eða telja sig illa setta niðri í. Hin sögulega þróuðu kjördæmi eiga sögulegan og heföbundinn rétt til að eiga hvert um sig sérstakan fulltrúa á Alþingi Íslendinga, eins og hin sjálfstæðu samfélög héraðanna á þjóðveldisöld. Slíkur réttur er viss tegund af takmörkuðu sjálfstæði innan ríkisheildarinnar og styrkir hana. Takmarkað sjálfstæði ríkishluta er algengt fyrirbrigði í veröldinni og hornsteinar lýðvelda.

Í útvarpsumr., sem fóru fram við 1. umr. þessa máls í Nd., gerði hv. 5. landsk. þm. (BG) að umræðuefni hina svonefndu fjórðungsþingahreyfingu eða fylkjaskipunarhreyfingu, sem var sterkust austanlands og norðan, og hv. 6. þm. Reykv. talaði áðan um, að fjórðungsþingin hefðu viljað rýra vald sýslufélaganna, og minntist dálítið að öðru leyti á þessa hreyfingu. Og af því að ég var talsvert ákveðinn þátttakandi í þessari hreyfingu, vil ég taka þessi mál ofur lítið til athugunar, sérstaklega þó vegna þess, sem hv. 5. landsk. þm. sagði, því að ef hann hefði haft rétt að mæla, var það allverulegt innlegg fyrir þá, sem flytja þetta frv. En þm. sagði orðrétt: „Þessi hreyfing vildi stofnsetja úti á landsbyggðinni stærri, sterkari og sjálfstæðari félagsheildir. Hún vildi endurreisa byggðasjálfstæðið og leggja sýslurnar niður. Búnaðarsamband Austurlands samþykkti 1949, að þessar till. fælu í sér leið til þess að endurheimta hið horfna vald héraðanna. Blöð eins og Dagur á Akureyri og Tíminn studdu hreyfinguna. Þessi volduga hreyfing vildi stærri, sterkari, sjálfstæðari heildir og taldi, að á þann hátt einan gæti landsbyggðin vegið á móti hinu vaxandi þéttbýli. Þessir menn vildu kjósa aðra deild Alþ. í einmenningskjördæmum, en töldu vel hugsanlegt að hafa fimmtungana fyrir kjördæmi. Nú vil ég spyrja alla þá menn, sem aðhylltust þessa hreyfingu, hvort þeir telji ekki enn, að jafnvægi í byggð landsins, jafnvægi milli dreifbýlis og Reykjavíkur, verði bezt tryggt með stærri, sterkari, sjálfstæðari félagsheildum. Ég vil spyrja alla þá, sem mál mitt heyra úti um landið, hvort bezta leiðin til að skapa jafnvægi héraðanna móti Suðvesturlandi sé að búta þau í smærri og smærri, veikari og veikari heildir. Er ekki hin leiðin vænlegri, sem fjórðungssambönd Austurlands og Norðurlands, Þingvallafundir og blaðið Gerpir bentu á, að skapa stærri heildir, eins og kjördæmin, sem nú á að lögfesta? Á Reykjavík ein að hafa rétt til að vera stór í þessu landi?“

Þetta hef ég tekið upp úr ræðu hans, hv. 5. landsk. þm., í Alþýðublaðinu. Ég gat ekki tekið þátt í umr. í Nd. og verð því að minnast á þetta hér, ef ég á annað borð léti það ekki sem vind um eyru þjóta. En það finnst mér ekki rétt að gera, þar sem ég var mikið við þessi mál riðinn og þekki þau betur en hv. þm., því að hann er alveg ruglaður í ríminu, eða virðist ekki vita, hvað hann er að segja. Allt er hey í harðindum hjá þessum blessuðum mönnum, þegar þeir fara að vitna í fylkjasamtökin og telja, að þau hafi viljað það sama og þeir nú bera fram eða svipað.

Og þá er fyrst á það að líta, sem ég sagði áðan, að hin hugsuðu kjördæmi eru engar félagsheildir, alls engar félagsheildir. Það sýndi ég glögglega fram á, en á því grundvallast ályktun hv. 5. landsk. þm.

Ég hef hér í fórum mínum tillögur fjórðungsþinganna og finnst ástæða til þess að leiða þær fram sem vitni um það, að ég fer ekki með staðlausa stafi, þegar ég segi, að hinn hv. þm. hafi verið algerlega ruglaður í ríminu og misnoti staðreyndir til framdráttar sínum málstað.

Fjórðungsþing þessi, sem aðallega stóðu fyrir því að semja þessar till., voru fjórðungsþing Austfirðinga og fjórðungsþing Norðlendinga. Fjórðungsþing Austfirðinga gerði frumdrög að till., við í fjórðungsþingi Norðlendinga fjölluðum svo um þær og gerðum á þeim breytingar, sem við sendum austur og Austfirðingarnir féllust á, og síðan var fjórum mönnum falið að ganga frá till. og grg. um þær. Og þessir fjórir menn voru Hjálmar Vilhjálmsson sýslumaður á Seyðisfirði, nú ráðuneytisstjóri hjá félagsmálaráðuneytinu, Erlendur Björnsson bæjarstjóri á Seyðisfirði, nú bæjarfógeti þar, Jónas G. Rafnar lögfræðingur á Akureyri og Karl Kristjánsson, þá oddviti á Húsavík.

Þar segir um ágalla núgildandi stjórnarskrár: „Þegar ákveðin verða meginatriði stjórnarskrár lýðveldisins, verður að hafa hliðsjón af þeim ágöllum á stjórnskipun ríkisins, sem afdrifaríkastir hafa orðið á liðnum árum. Gallar þessir eru aðallega þrenns konar: Í fyrsta lagi of mikill samdráttur ríkisvaldsins á einum stað. Í öðru lagi sérstakir erfiðleikar í sambandi við myndun ríkisstjórna, hinar þrálátu stjórnarkreppur. Í þriðja lagi óeðlileg flokkaskipun.“ Þetta þrennt er talið upp sem höfuðágallar.

Þessar tillögur voru frágengnar árið 1949, en þær komu fram og félagssamtök þessi störfuðu að þeim á þeim árum, sem nýsköpunarstjórnin fyrst og fremst mótaði og landsbyggðin taldi að hefði þrengt kosti sína.

„Almennt mun viðurkennt, að stjórnarfar síðustu ára hefur stefnt um of að samdrætti alls opinbers valds á einum stað, í höfuðstað ríkisins, Reykjavík. Að sama skapi hafa aðrar byggðir landsins orðið útundan og háðar höfuðborginni í fjárhagslegu, atvinnulegu og menningarlegu tilliti. Hefur þróun þessi leitt til þess, að ofsalegur vöxtur hefur hlaupið í Reykjavík og fólki hefur fjölgað mjög í borginni og nágrenni hennar, um leið og því hefur fækkað annars staðar. Atvinna hefur þorrið og afkomu allri hnignað víðast hvar annars staðar á landinu, svo að til beinnar auðnar horfir á ýmsum stöðum, sem annars mega teljast byggilegir. Í kjölfar þessarar þróunar kemur glötun mikilla verðmæta á hinum hnignandi stöðum, röskun þjóðfélagslegs jafnvægis, samfara því að hætta skapast á einhæfingu atvinnuhátta, sem leiðir til þess, að almenn afkoma þjóðarinnar verður um of háð einstökum atvinnugreinum.

Meginorsakanna til þess, að þingræði í núverandi formi þess hefur reynzt þjóðinni svo illa sem raun ber vitni, er fyrst og fremst að leita í flokkaskipun þeirri, sem ríkir. Flokkaskipunin þróast og mótast á grundvelli þess kosningafyrirkomulags, sem gildir. Undir þessu skipulagi hafa þróazt í landinu 4 stjórnmálaflokkar. Enginn flokkur hefur fengið hreinan meiri hl. á Alþingi, og fullvíst má telja, að enginn hljóti slíkan meiri hl. í framtíðinni. Stjórnarmyndun í ríkinu er þess vegna háð því, að samstarf geti tekizt með tveim eða fleiri stjórnmálaflokkum um myndun ríkisstj. Reynslan hefur sýnt, að langur tími eyðist til þess að ná slíku samstarfi og enn lengri tími fer til þess að ná samkomulagi um stjórnarframkvæmdir, ef ævistundir stjórnarinnar hrökkva þá til þess.

Fyrst og fremst er áríðandi að dreifa ríkisvaldinu eins mikið og fært er, án þess að nauðsynlegur styrkleiki ríkisheildarinnar bíði tjón af þeim sökum. Til þess að ná því marki eru tvær leiðir gagnlegar: önnur að auka völd héraðanna og hin að auka völd forsetans. Hið fyrra miðar einkum að dreifingu ríkisvaldsins, en hið síðara treystir ríkisheildina bæði út á við og inn á við. Þar næst er brýn nauðsyn að endurbæta kosningafyrirkomulagið, sérstaklega með það fyrir augum, að flokkaskipun verði gleggri og eðlilegri en verið hefur."

Svo er talað um, að til þess að ná þessu markmiði er gert ráð fyrir, að landinu verði skipt í sex fylki, sem verði stjórnarfarslegar heildir með allvíðtæku starfssviði og valdi í ýmsum sérmálum. Hvergi er þó talað um það að leggja sýslurnar niður, og frekar er gert ráð fyrir því, að Alþingi veiti fylkjunum vald og rétt og jafnframt fylkisþingunum, heldur en hitt að upphefja á nokkurn hátt völd heimahéraðanna.

„Tvær leiðir eru til þess að veita fylkjunum völd og auka þannig völd héraðanna. Önnur er sú að ákveða í stjórnarskránni með upptalningu þau málefni, er lögð skuli til fylkjanna. Hin er sú að tryggja með stjórnskipuninni sjálfri, að hagsmunir fylkjanna megi sín jafnan mikils hjá löggjafarvaldinu, Alþingi, t. d. með því að veita fylkjunum eða réttara sagt fylkjaþingunum rétt til að skipa þingmenn annarrar þingdeildarinnar. Síðarnefnda leiðin, að tryggja fylkjunum sem slíkum mikla íhlutun á Alþingi með því að láta fylkin skipa aðra þingdeild þess, nær tilganginum með þeim hætti, að löggjöf, sem miðar að auknum héraðavöldum, á jafnan að mæta þeim áhuga og skilningi hjá löggjafarvaldi, sem nauðsynlegt er, til þess að aukning á valdi héraðanna verði annað en nafnið tómt."

Og enn stendur þar:

„Kjördæmakosningar án hlutfalls má hugsa sér bæði með einmenningskjördæmum og í kjördæmum, sem kjósa eigi fleiri þingmenn. Hið síðarnefnda leiðir til þess, að kjördæmin yrðu stór og kynni kjósenda af frambjóðendum ekki eins mikil og í einmenningskjördæmum, sem yrðu fámennari og minni. Val kjósenda milli hinna ýmsu frambjóðenda yrði því betur grundvallað í einmenningskjördæmunum. Á það er líka að líta, að þingmenn mundu að jafnaði þekkja betur hag og störf fólksins í smærri, fámennari kjördæmum og ættu þar af leiðandi að reynast betri fulltrúar umbjóðenda sinna. Einmenningskjördæmin hafa alla þá kosti, sem aðrar kjördæmakosningar án hlutfalls hafa, en tryggja betur val æfðari þingmanna en fleirskipuð kjördæmi mundu gera. Sá er höfuðkostur einmenningskjördæma, að þau tryggja hinum óbreytta kjósanda betri aðstöðu en honum hlotnast, þegar flokksstjórnir ráða mestu um framboð, eins og ætið verður við hlutfallskosningar. Sambandið milli frambjóðanda og kjósanda verður milliliðalaust. Í annan stað miða þær að sameiningu skyldra sjónarmiða og efla á þann veg einingu fólksins í þjóðfélagsmálum. Þeir, sem hafa lík sjónarmið, þótt eitthvað kunni að bera á milli, eru neyddir til að þoka sér saman og eiga samstarf, en hafa oftast litlar vonir um að koma manni á þing hver í sínu lagi. Einmenningskjördæmin miða þannig að því, að fjöldi stjórnmálaflokka verður ekki úr hófi fram og stefnur þeirra verða glöggt afmarkaðar hver gagnvart annarri. Auðveldar þetta málefnalegt mat kjósendanna á stefnum flokkanna. Líkur verða til þess, að hreinn meiri hluti geti skapazt, sem þannig fær aðstöðu til að ráða óháður. Stjórnmálaleg ábyrgð verður þá raunveruleg. Flokkur, sem hlýtur meirihlutaaðstöðu og mistekst hlutverk sitt, á raunverulega á hættu að verða settur hjá við næstu kosningar. Hins vegar vaxa sigurvonir hans, fari honum forusta stjórnmálanna vel og giftusamlega úr hendi. Miðar þetta að því, að hver kjósandi lærir að fara með atkvæði sitt, einnig hann verður ábyrgur, enda á hann mest á hættu, ef honum mistekst um val flokka eða stefnu."

Hvað finnst mönnum nú um þetta, sem ég er búinn að lesa? Er þetta innlegg fyrir þá, sem standa að frv. því, sem fyrir liggur? — [Frh.]

Umr. frestað.

Á 114. fundi í Ed., 8. maí, var fram haldið 2. umr. um frv.

Frsm. minni hl. (Karl Kristjánsson) [frh.]: Herra forseti. Þegar fundartíma í fyrrakvöld lauk, var þar komið framsöguræðu minni, að ég hafði lokið að lesa úr grg. tillagna fjórðungsþinganna nokkra þætti, er glögglega sýndu, að því fer viðs fjarri, að hreyfing sú, er hv. 5. landsk. þm. (BG) í útvarpsumr. nefndi réttilega volduga hreyfingu, vildi taka upp hlutfallskosningar í stórum kjördæmum.

Þessi hreyfing vildi leggja til grundvallar kosningum einmenningskjördæmi. Hún leit með réttu svo á, að hlutfallskosningafyrirkomulag væri undirstaða sundrungar og smáflokkaþróunar, en einmenningskjördæmi í aðalatriðum hið gagnstæða. Hún vildi dreifa ríkisvaldinu og gera með því lýðræðið sterkara, koma upp fylkisþingum með valdi, er Alþingi léti þeim eftir í vissum málaflokkum, er gerðu landsbyggðina sjálfstæðari og sterkari. Ekkert var þar talað um að leggja niður sýslufélögin.

Og nú skal ég lesa upp aðalatriði sjálfra till., er sýna þetta. Þar segir:

„Landinu skal skipt í fylki:

1) Reykjavík og Hafnarfjörður með næsta nágrenni, Höfuðborgarfylki.
2) Vesturland: Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla, Dalasýsla og Húnavatnssýslur, Bæjarhreppur í Strandasýslu, Vesturfylki.
3) Vestfjarðakjálkinn allur, Vestfjarðafylki.
4) Norðurland: Skagafjarðarsýsla að og með Norður-Þingeyjarsýslu, Norðurfylki.
5) Austurland: Norður-Múlasýsla að og með Austur-Skaftafellssýslu, Austurfylki.
6) Suðurland: Vestur-Skaftafellssýsla að og með Kjósarsýslu, þar með Vestmannaeyjar, Suðurfylki.

Hvert fylki verði stjórnarfarsleg heild með allvíðtæku starfssviði og valdi í ýmsum sérmálum. Vald og starfssvið fylkjanna skal ákveðið með lögum.

Í hverju fylki skal árlega háð fylkisþing. Á þingi þessu skulu sitja 15 fulltrúar, sem kosnir verða í einmenningskjördæmum, er hafi sem jafnasta kjósendatölu. Fylkisþing geta þó sjálf ákveðið tölu þm. sinna hærri, eða allt að 30 þm., en jafnframt skal þá fjölga kjördæmum að sama skapi.“

Svo er annað, sem snertir Alþingi:

„Alþingi skiptist í tvær deildir, Ed. og Nd. Í Ed. skulu sitja 18 fulltrúar, þrír úr hverju fylki, kosnir á fylkisþingum hlutbundnum kosningum. Kjörgengir eru aðeins menn búsettir í fylkinu. Í Nd. skulu sitja 30 þm., kosnir í einmenningskjördæmum.

Kjördæmaskipun skal þannig háttað, að sem næst jafnmargir kjósendur verði í hverju kjördæmi, og skulu kjördæmin að öðru leyti ákveðin sem samfelldust, eftir því sem staðhættir leyfa. Sveitarfélagi má ekki skipta milli kjördæma, nema hvor eða hver hluti verði meginhluti kjördæmisins. Kjördæmaskipun skal endurskoðuð á tíu ára fresti og gerðar á henni þær breytingar, sem nauðsynlegar reynast, til þess að fylgt verði áðurgreindri meginreglu um jafna kjósendatölu í kjördæmum. Endurskoðun þessi skal gerð af þriggja manna nefnd. Skal einn nm. tilnefndur af hæstarétti, annar af Alþingi og þriðji af forseta. Engu fylki má skipta í fleiri en 10 kjördæmi.“

Þetta eru meginatriði sjálfra till., sem hér geta skipt máli, og af þeim er sýnt, að í þær er ekki vitnandi fyrir þá, sem standa að frv. því, sem hér liggur fyrir, nema þá þeir vilji með þeim rífa sjálfa sig niður. Það er aðeins gert ráð fyrir því, að hlutfallskosningar geti átt sér stað innan fylkisþings, en þá er búið að kjósa með einmenningskjördæmafyrirkomulagi menn til fylkisþinganna, sem verða kjörmenn, og þá er búið að hefja kosningarnar í það hærra veldi, ef ég má komast þannig að orði, að hlutfallskosningar geta átt rétt á sér. Þær trufla ekki, og það er ekkert hætt við því, að megingallar þeirra, sem sé smáflokkaþrónunin og það, hvað örðugt er að mynda meiri hl., verði þar gildandi.

Þessar till. voru fram settar af því, að þeir, sem að þeim stóðu, töldu, að valdið í þjóðfélagsmálunum væri að dragast um of saman og þá sérstaklega til höfuðborgarinnar. Þá var líka fjárhagsráð t. d. í algleymingi. Og þeir töldu, að þessu fylgdu hættulegar afleiðingar fyrir land og lýð, ekki aðeins dreifbýlið, heldur líka fyrir Reykjavík. Sú skipan, er till. hljóða um, átti að framkalla nokkurs konar miðflóttaafl gegn aðdráttarafli höfuðborgarinnar, sem talið var og er of mikið, miklu meira en hollt er, bæði fyrir landsbyggðina og höfuðborgina. Þær voru því alger gagnstæða við þetta frv., sem veikir landsbyggðina, veikir miðflóttaaflið, eykur aðdráttaraflið, losar um úti á landsbyggðinni, svo að aðdráttaraflið verður áhrifameira en ella, þar sem hinir beinu umboðsmenn eru teknir af hinum ákveðnu félagsheildum, því að hin nýju kjördæmi verða, eins og ég gerði rækilega grein fyrir í fyrri hluta ræðu minnar, ekki félagsheildir, síður en svo, heldur verða þau, þessi nýju kjördæmi, áflogasvið 5—6 fulltrúa af ýmsum flokkum.

Uppbótarþm., sem komið hafa inn í þingið fyrir hlutfall í kjördæmum úti um land, hafa stundum verið kallaðir draugar. Ekki veit ég, hverjir hafa gefið þeim þetta nafn. Mér hefur fundizt það vera á allra munni oft og einatt. Þeir hafa sjálfsagt fengið þetta nafn sem samheiti af því, að þeir hafa þótt skapa reimleika í kringum þá þingmenn, sem hafa hlotið beinar kosningar úti á landinu, ekki af því, að þeir væru í sjálfu sér draugar sem menn, heldur fyrir það, að skipulagið, sem kom þeim inn á þingið, knýr þá til þess í glímunni um fylgið að skapa þá reimleika, sem hafa valdið því, að þeir hafa fengið þetta samheiti. Og mér virðist einhlítt, að hin stóru, nýju kjördæmi verði reimleikasvæði í þessari merkingu og það enn þá magnaðri og áhrifameiri en hin smáu reimleikasvæði, sem eru nú undir því fyrirkomulagi, sem gildir.

Fyrir stuðningsmenn þessa frv. er því það að vitna í till. frá fjórðungsþingunum sama og kalla yfir frv. hreina og beina fordæmingu. Till. þessar voru, eins og ég gat um í fyrri hluta ræðu minnar og mönnum er náttúrlega kunnugt, samdar af Austfirðingum og Norð-

lendingum og samþykktar á fjórðungsþingunum þar. Seinna voru þær einnig samþykktar af fulltrúum frá Vestfirðingum og Sunnlendingum, sem mættu til umr. um þær á sameiginlegum fundi fjórðungasamtakanna. Þær eru því mjög sterk mótmæli gegn þessu frv. og stuðningur við stefnu og till. okkar framsóknarmanna.

Svo skal ég láta útrætt um þessar till. En þó vil ég geta þess að lokum, að fjórðungsþingin hafa eindregið mælt með því, að stjórnarskrármálið verði leyst á stjórnlagaþingi, sem hefði það verkefni eitt að ganga frá stjórnarskránni, og á síðasta ári endurtók fjórðungsþing Austfirðinga enn einu sinni yfirlýsingu um þetta, ef ég man rétt.

Till. okkar minnihlutamannanna í stjskrn. eru rökstuddar í nál. okkar á þskj. 474. Þar er sögð í stuttu máli saga stjórnarskrármálsins, frá því að það var í n. við undirbúning lýðveldisstofnunarinnar 1944. Þá var stjórnarskránni ekki breytt nema það, sem minnst var hægt, til þess að láta ekki deilur um hana trufla einingu þjóðarinnar við endurreisn lýðveldisins. Hins vegar var gerð á Alþingi um það hátíðleg yfirlýsing og heit að ljúka endurskoðuninni í heild sem fyrst, og til þess voru skipaðar milliþinganefndir, ein fram af annarri. Síðasta n. hefur enn ekki skilað áliti eða lokið störfum sínum. Hjá henni liggja óafgreiddar till. um heildarendurskoðunina, bæði till. um breyt. á stjórnarskránni í mörgum liðum, sem skýrðir hafa verið hér í umr., og till. um að stofna til sérstaklega kjörins stjórnlagaþings eða þjóðfundar, er hafi það verkefni eitt að framkvæma heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar og setja lýðveldinu fullfrágengna stjórnarskrá til frambúðar. Sú till. ásamt grg., er henni fylgdi, er birt í heild í nál. Hjá n. bíða allar þessar till. að kalla má óræddar og algerlega óafgreiddar. Gerðabók n. er eins og bíll, sem hefur aðeins verið tekinn úr gír, en ekki úr gangi, og bíður þannig á stæði, og um n. get ég vel tekið undir það, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði, að hún er eins og mær, sem sefur, en er ekki dáin. Hún hefur verið stungin svefnþorni, sem formaður gat kippt brott, ef hann hefði viljað, þegar áhugi þríflokkanna hófst. Og sjálfsagt er nú að minu áliti fyrir hv. Alþingi að kippa svefnþorninu burt, svo að mærin vakni.

Við bendum á í nefndarálitinu, að frv. það, sem hér liggur fyrir, er alls ekki borið fram í anda lýðveldisstofnunarinnar 1944, heldur af tækifærissinnuðum hernaðarsamtökum þriggja flokka. Það er aðeins um breyt. á einni grein stjskr., en hún er í 80 gr., og það er borið fram án alls samráðs við fjórða þingflokkinn, sem skipar þó nálega ⅓ þingsæta, og það er sett fram þjóðinni sjálfri að óvörum. Frv. felur í sér byltingu á grundvallarskipun kosninga í landinu. Gegn því hefur stax risið mjög sterk mótmælaalda meðal almennings úti um land, enda mundi það, ef að lögum yrði, raska ævafornum rétti héraða landsins.

Við lítum svo á, að endurskoðun þeirri á stjórnarskránni, sem frestað var 1944, sé skylt og sjálfsagt að ljúka allri í einu. Stjórnarskránni á ekki að síbreyta. Hún er grundvallarlög lýðveldis okkar, og þegar þeim lögum verður breytt, á að ganga þannig frá þeim, að ætla megi, að þau geti verið óhreyfð til frambúðar. Enn fremur teljum við fyrstu skyldur við hið unga íslenzka lýðveldi að hvika ekki frá þeirri stefnu, sem mörkuð var í upphafi undir áhrifum hinna stóru stunda, þegar lýðveldið var stofnað, að hafa þau vinnubrögð við frágang stjórnarskrárinnar að láta mþn. allra stjórnmálaflokkanna fjalla um málið og fullreyna, hvort ekki fæst samstaða allra flokkanna um heilbrigða og giftusamlega afgreiðslu þess. Þess vegna teljum við sjálfsagt, að frv. á þskj. 368 verði vísað til stjskrn., sem skipuð var samkv. þál. 24. maí 1947 og ekki hefur enn lokið störfum eða skilað áliti.

Aðaltill. okkar er hin rökst. dagskrá, svo hljóðandi — með leyfi hæstv. forseta:

„Í trausti þess, að stjórnarskrárnefndin, sem skipuð var samkv. þál. 24. maí 1947, taki stjórnarskrármálið í heild til endurskoðunar á árinu 1959 með það fyrir augum, að till. hennar verði lagðar fyrir Alþingi eigi síðar en í ársbyrjun 1960, og athugi sérstaklega till. þær, sem fram hafa komið um, að málið verði afgreitt á sérstöku stjórnlagaþingi (þjóðfundi), tekur d. fyrir næsta mál á dagskrá.“

Með samþykkt þessarar dagskrártill. væri málinu beint inn á þá braut, sem ætlazt var til við lýðveldisstofnunina, að n. ynni nauðsynlegan undirbúning að heildarfrágangi stjórnarskrárinnar, gerði það, sem unnt væri, til að draga lærdóma af reynslu annarra lýðræðisþjóða á seinustu árum og skapa einingu allra flokka um málið. Gert er ráð fyrir, að n. ljúki störfum á þessu ári, svo að ekki þarf að setja fyrir sig tafir af þessu fyrir málið. Um leið tökum við fram, að n. skuli athuga sérstaklega till. um stjórnlagaþing. Að okkar áliti væri það virðulegasta afgreiðsla málsins að setja hinu unga íslenzka lýðveldi nýja stjórnarskrá á sérstaklega kjörnu stjórnlagaþingi og hefja það þannig yfir dægurþrasið og flokkabaráttuna um önnur mál.

Frv., sem við erum hér að ræða um, er ljót sönnun þess, að Alþ. hafi ekki þroska til að hefja sig yfir flokkshyggjur í þessu máli, sem ætti að vera heilagt mál og var heilagt mál 1944; þess vegna var það sem minnst höndum farið þá. Samkv. frv. hefur það verið gert að kaupskaparmáli milli þriggja flokka, og þeir líta svo á, að því er virðist, að þjóðin geti ekki riftað þeim kaupskaparsamningi, sem þeir hafa gert, þó að það verði lagt fyrir hana í næstu kosningum. Þjóðviljinn sagði um þetta 25. apríl: „Þegar hafa fengizt úrslit í kjördæmamálinu. Þrír stærstu stjórnmálaflokkarnir hafa náð samkomulagi um lausn þess, og það er algerlega óhugsandi, að úrslit kosninga geti nokkru breytt þar um.“ Í þessum orðum er sjúkdómur einræðisbakteríunnar, sem borizt hefur, — ja, líklega með austanáttinni, — og eftir ræðum og blöðum hinna flokkanna, sem að frv. standa, virðist hún hafa sýkt þá líka, eða þá nazismabakteríur, sem leggja má að jöfnu hinum. Þessi valdstjórnarhugsunarháttur þríflokkanna sýn-

ir, að ef málið ætti að fá lýðræðislegan undirbúning og afgreiðslu, þarf að vísa því til millibinganefndar og helzt af öllu til stjórnlagaþings.

Ef nú hv. Ed. þrátt fyrir þetta samþykkir ekki hina rökst. dagskrá okkar, þá leggjum við fram varatillögur á þskj. 474. Þessar brtt. gera ráð fyrir fjölgun kjördæmakosninna þm. í þéttbýlinu. Fjölgunin er við það miðuð, að hlutur þéttbýlisins sé aukinn í samræmi við fólksfjölgun, sem þar hefur orðið á síðustu árum. Við höfum ekki reiknað það dæmi nákvæmlega, en okkur virðist, að hlutur þéttbýlisins sé aukinn álíka með brtt. okkar og verða mundi, ef frv. það, sem fyrir liggur, yrði samþ., og mér hefur virzt á ræðum, sem hér hafa verið fluttar, t. d. ræðu, sem hv. þm. N-Ísf. flutti við 1. umr., að hann liti svo á, að þetta væri svo, hlutur þéttbýlisins gerður álíka mikill.

Við berum þessa till. fram til samkomulags, svo sem auðsætt er, þar sem meginstefna Framsfl. hefur verið og er einmenningskjördæmi. Okkur virðist augljóst, að ef till. okkar verða samþ., náist í höfuðatriðum sams konar réttlæti þéttbýlinu til handa og flokkarnir þrír telja takmark sitt að ná með frv. sínu. Munurinn á þessum leiðum, þ. e. stefnu frv. og stefnunni samkv. brtt. okkar, er þá orðinn í aðalatriðum sá, að samkv. frv. eru öll núverandi kjördæmi nema eitt, þ. e. Reykjavík, lögð niður, en samkv. leið okkar er réttlætinu náð án þess að leggja kjördæmin niður og stofna til hlutfallskosninga í stórum kjördæmum, en það teljum við háskalega byltingu.

Okkur virðist því auðsætt, að ef þm. greiða atkv. gegn brtt. okkar, hafi þeir meiri áhuga á því að leggja niður kjördæmin en að ná réttlætinu fyrir þéttbýlið, og fer þá allt þetta mál að verða allmikið öðruvísi og tilgangur þess allt annar en túlkað hefur verið opinberlega, nefnilega kaupskapur, sem miðast við að lama landsbyggðina og verða mundi þjóðarógæfa, líka ógæfa þéttbýlisins. Sá kaupskapur er augljóslega aðalatriðið, ef þessum till. okkar er hafnað.

Hv. 1. þm. Reykv. (BBen) flutti ágæta ræðu á útvarpskveldi í vetur, sem helguð var Einari Benediktssyni skáldi. Þar gerði ræðumaðurinn að umtalsefni m. a. það, sem Einar Benediktsson hafði sem spámaður, því að skáldin eru spámenn, sagt um meginhættur þjóðarinnar, er bæri að forðast. Ræðumaður tók þetta orðrétt upp eftir hinu spámannlega skáldi úr blaðagrein, sem skáldið hafði skrifað 1914: „Hið fyrsta og versta er auðn landsins. Við þá lífshættu býr þjóðin nú. Næst þar á eftir er önnur stór hætta, þ. e. samflutningur fólksins að einstökum stöðum í landinu.“ — Þegar ræðumaðurinn hafði tekið þetta upp eftir skáldinu, bætti hann við frá sér: „Þetta mundi nú kölluð hættan á því, að jafnvægi í byggð landsins raskaðist. Ekki spratt þó skilningurinn á þeirri hættu af því, að Einar gerði sér ekki grein fyrir þýðingu vaxtar Reykjavíkur fyrir velfarnað þjóðarinnar, því að ekkert skáld hefur betur kveðið um þá nauðsyn, svo sem er hann segir: Af bóndans auð hún auðgast, verður stærri og auðgar hann, þau hafa sama mið.“

Andstaða okkar, sem erum á móti frv., er byggð á því, að það felur einmitt í sér bæði þá fyrstu og verstu hættu og þá stórhættu, hættu landeyðingar og fólksflutninga, sem Einar Benediktsson talaði um og Bjarni Benediktsson virðist vera honum sammála um í ræðu sinni frá í vetur, — hættu, sem er sameiginleg hætta fyrir landsbyggðina og þéttbýlið, því að bæði þéttbýlið og strjálbýlið auðga hvort annað og hafa sama mið.

Dagskráin og varatillögurnar eru sömu till. sem framsóknarmenn báru fram í hv. Nd. og voru felldar þar af fylgjendum frv. Mér finnst ástæða til þess fyrir hv. Ed. að haga sér á annan hátt og fallast á aðra hvora till. okkar og þá helzt á dagskrártill. og sýna með því, að hún heiti með réttu efri deild.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Till. þær, sem felast í þessu frv., voru sýndar þjóðinni um síðustu áramót, þó að þær hafi ekki legið fyrir í frv.-formi nema nú í nokkra daga eða vikur. Málið hefur því verið mikið rætt, bæði í blöðum og á mannfundum og nú undanfarið hér á Alþ. Það má því vera, að ég segi fátt, sem aðrir hafa ekki vikið að, enda er það svo, að ég hef fæst af því heyrt, sem sagt hefur verið hér á Alþ., sökum þess að ég hef verið fjarverandi sökum veikinda, og satt að segja hefur farið eins um það, sem skrifað hefur verið um málið, að ég hef ekki haft dug til að lesa það allt, — ekki svipað því allt.

Mér þykir þó rétt að bæta nokkrum orðum við, sökum þess að hér stendur til að gerbylta kosningafyrirkomulagi þjóðarinnar, sem við höfum í aðalatriðum búið við, síðan Alþ. var endurreist fyrir 114—116 árum, eftir því, hvort menn miða við tilskipunina um endurreisn Alþingis eða það, þegar þingið kom fyrst saman. Og þetta kosningafyrirkomulag get ég ekki betur séð en að hafi gefizt vel.

Alþ. hefur staðið fyrir frelsisbaráttu þjóðarinnar og leitt hana til sigurs; það er fyrst og fremst Alþ. undir forustu ágætismanna, eins og Jóns Sigurðssonar og fleiri. Og það er Alþ. fyrst og fremst, sem hefur gert ráðstafanir til hinna miklu framfara, sem orðið hafa meðal þjóðarinnar á undanförnum áratugum, — Alþ., sem í aðalatriðum hefur verið kosið á þann hátt, sem nú er.

Ég er nú búinn að sitja nokkuð lengi á Alþ. Ég ætti því að þekkja þingið eins og það er og hefur verið undanfarna áratugi. En ef þetta frv., sem hér liggur fyrir, gengur fram, þá verður sú gerbreyting á skipun þingsins, að mér virðist að það muni hreint og beint verða önnur stofnun. Það má því ef til vill skoða orð mín hér sem eins konar kveðju til þess þings, sem ég hef alllengi setið á.

Það væri að sjálfsögðu ekkert nema gott um það að segja, þó að skipun Alþ. væri breytt, ef það væri til bóta og til heilla fyrir þjóðina. En því miður held ég, að þessi breyting verði það ekki, heldur þvert á móti. Annars er ekki heldur að vænta, eins og í pottinn er búið.

Þetta frv. er ekki árangur af neinni skipulegri og rólegri rannsókn á því, hvaða kjördæmaskipun henti hér bezt, — ekki á sögulegri þróun þessara mála, né heldur á staðháttum hér á landi, heldur eru flokkssjónarmiðin ein látin ráða. Einn af stuðningsflokkum þessa máls, Alþfl., er beinlínis hræddur við dauða sinn, — það vita allir, — og hyggur, að þessi kjördæmabreyting geti tryggt honum lífið. Þessi flokkur var þó eitt sinn svo öflugur, að hann kom manni að við allsherjarlandskjör, þar sem aðeins þrír menn voru kjörnir, og 2 alþm. að í Reykjavík af 6, og mann fékk hann kjörinn á Akureyri, sem reyndar hefur nú öðruvísi til komið; og það var sá tími, að þessi flokkur hafði 4 fulltrúa í bæjarstjórn Reykjavíkur, hann hefur einn nú.

Það er því ekki kjördæmaskipuninni að kenna, hvernig komið er fyrir flokknum, því að kjördæmaskipun var frá hans sjónarmiði ekki betri, þegar hann hafði svo mikið að segja sem ég var að lýsa, heldur er þetta til komið af hinu, að hann hefur tapað fylgi meðal þjóðarinnar. Og haldi sú þróun áfram, gagnar honum ekki neitt kjördæmabreyting, nema ef til vill rétt í bili. Dauðinn bíður hans þá óhjákvæmilega, hvernig sem kjördæmin verða. Eina ráðið fyrir flokkinn til nokkurrar frambúðar er því að vinna aftur eitthvað af þeirri tiltrú, sem hann áður hafði meðal þjóðarinnar. En því miður virðist hann ekki vera á þeim vegi staddur sem stendur, að þau straumhvörf séu líkleg. Ég segi: því miður, því að gjarnan vildi ég unna þeim flokki betra hlutskiptis.

Form. Sjálfstfl. er 1. flm. þessa frv. fyrir hönd flokksins. Það eru þó ekki mörg ár síðan hann lýsti því yfir fyrir hönd sama flokks, að Sjálfstfl. mundi aldrei — aldrei samþykkja að skipta landinu í nokkur stór kjördæmi með hlutfallskosningum, og það er enn styttra síðan annar ráðamaður flokksins taldi heppilegast, að allir þm. væru kosnir í einmenningskjördæmum, og færði fyrir því ýmis rök. Hvað veldur þessum breyttu viðhorfum?

Haft er eftir form. Sjálfstfl., — ég held í hans eigin flokksblaði, — að hann hafi vaxið að viti og þekkingu síðan hann lýsti þessu yfir. Ég verð að draga það mjög í efa, að hann hafi gert það, m. a. sökum þess, að hann er nú kominn á þann aldur, þegar mönnum er yfirleitt hætt að fara fram og flestum farið að fara aftur, jafnvel einnig andlega.

Önnur ástæða en aukið vit og þekking þykir mér líklegri að sé til hinnar síbreytilegu afstöðu Sjálfstfl., og hún er sú, að flokkurinn miði, eins og reynslan sýnir, afstöðu sína jafnan til þessa máls við það, hvernig honum hefur gengið í alþingiskosningunum næstu á undan. Það var t. d. langt frá því, að flokkurinn beitti sér fyrir breyttri kjördæmaskipan allan þann tíma, sem hann var í stjórn frá 1944 til 1956, og í kosningunum 1953 gerði hann sér miklar vonir um að fá meiri hl. á Alþ. með minni hl. kjósenda að baki og hefði áreiðanlega látið sér það vel líka að fá meiri hl. þm., þó að hann hefði ekki meiri hl. kjósenda.

Sama er auðvitað að segja um Alþb., sem nú hefur gengið til liðs við stjórnarflokkana í þessu aðalmáli þingsins, sem margir kalla, og verður því að skoðast sem stjórnarstuðningsflokkur að miklu leyti. Vitanlega er það ávinningsvon, sem varð til þess, að Alþb. fylgir þessu máli, býst við að fá fleiri þm. kosna með þessu móti heldur en ella, og vel gæti ég trúað því, að Alþb. yrði nú einmitt eini flokkurinn, sem nokkuð hefur upp úr þessu.

Vitanlega verður mér svarað og öðrum hefur verið svarað því, að það séu líka flokkshagsmunir, sem Framsfl. sé að berjast fyrir. Sumir hafa orðað það svo, að hann sé að verja sérréttindi sín í kosningafyrirkomulaginu og kjördæmaskipuninni. Þetta finnst mér vera bara hreint fávizkuhjal. Ég veit ekki til, að Framsfl. hafi nein sérréttindi í kosningum. Það hafa allir flokkar og allar stefnur sama rétt til að vinna sér fylgi í kjördæmunum, og það eru ýmsir þm. Sjálfstfl. þingmenn fyrir einmenningskjördæmi, og það var alllangan tíma svo, að sjálfstæðismaður var þm. fyrir fámennasta kjördæmi landsins, langfámennasta kjördæmi landsins. Ekkert þótti við það að athuga.

En hver sem í hlut á, hvort sem það eru þessir flokkar, sem að þessu máli standa, eða Framsfl., þá á ekki að miða kjördæmaskipunina við hagsmuni eins flokks, heldur þarfir þjóðarinnar og staðhætti hér á landi. Flokkar eru síbreytilegir, enda væri kosningabaráttan með öðru móti tilgangslaus, en er þó alltaf háð. En landið stendur á sínum stað, og íslenzka þjóðin heldur vonandi áfram að vera til. Að vísu skal ég játa það, að eins og gert hefur verið undanfarið, þarf annað slagið að breyta tölu þm. eftir því, hvernig fólkið flyzt til í landinu, en það hefur verið sýnt fram á það, að þetta er hægt að gera án þess að svipta kjördæmi þau, sem nú eru, þm. sínum.

Eitthvað það fáránlegasta, sem ég hef heyrt í umr. um þetta mál, er það, að sýslurnar séu einskis virði og sjálfstæði þeirra, því að sýsluskipunin sé ákveðin af dönskum einvaldskonungum. Sannleikurinn er þó sá, að það hefur haldizt sama héraðsskipun í landinu frá því á hinni fyrri þjóðveldisöld. Við vitum það, að goðorðin í gamla daga voru ekki beinlínis alveg staðbundin að lögum, þó að þau væru það að mestu leyti í reynd, en aftur voru þingin, vorþingin, fyrir ákveðin landssvæði, héruð, og sú héraðsskipun, sem ákveðin var á 10. öld með vorþingunum, hefur haldizt gegnum aldirnar að langsamlega mestu leyti. Hér hefur verið talað um fjórðunga, fjórðungaskiptingu landsins, og þessi nýju, stóru kjördæmi eigi að vera eins konar endurvakning fjórðunganna. En fjórðungarnir hafa í raun og veru ekki verið annað en landfræðileg hugtök. Landinu var að vísu skipt í fjórðunga á 10. öld, og þá voru settir fjórðungsdómar á Alþingi, einn dómur fyrir hvern fjórðung, sem vitanlega var gert bæði til þess, að kunnugir menn fjölluðu um mál þar, og sennilega einnig til þess að flýta dómsstörfum Alþingis, því að þá mátti taka fyrir fjögur mál í einu. Það var einhver tilraun gerð til þess að koma á fjórðungsþing-

um í þá daga, en ekki greina heimildir frá nema fjórðungsþingi í Vestfirðingafjórðungi, — ekki svo að ég viti til. Það er svo að sjá, að fjórðungsþing hafi aldrei komizt á í hinum fjórðungunum og staðið mjög stutta stund í Vestfirðingafjórðungi.

Nei, það eru þingin, vorþingin, og þingsóknirnar til þeirra, sem voru grundvöllur héraðsskipunarinnar. Síðan hafa þingin orðið að sýslum, og það helzt svo enn í tveim landsfjórðungum, að gömlu þingin eru enn í dag sýslur þar. Það eru Norðlendingafjórðungur og Sunnlendingafjórðungur. Til skamms tíma var hvert þing sýsla, og öll eru þau lögsagnarumdæmi, þó að sýslum hafi verið skipt í tvö sýslufélög. Sama er að segja um Þverárþing í Vestfirðingafjórðungi. Það helzt enn sem lögsagnarumdæmi.

Hv. þm. N-Ísf. hafði verið að tala hér um það undir umr. um þetta mál, að á 14. öld hefðu verið hér á landi aðeins 9 sýslur, og taldi, að hin nýju kjördæmi, sem hugsuð eru í þessu frv., væru eiginlega endurvakning þeirra sýslna, sem voru á 14. öld. Það mun vera rétt, að það voru 9 sýslumenn einhvern tíma á 14. öld, og ég hygg, að fyrst eftir það, að Gissur jarl dó, hafi sýslumenn Noregskonungs hér á landi verið enn færri. En þetta breytti ekkert héraðaskipuninni. Þingin héldust lengi fram eftir öldum, og þetta, sem hv. þm. N-Ísf. talar um, 9 sýslur, er ekki annað en það, að það var sami sýslumaðurinn sýslumaður í fleiri en einu þingi.

Menn þurfa ekki annað en lesa gamla annála til þess að sjá það, að þingin héldust, vorþingin héldust lengi, og þar fór héraðsstjórnin fram í fornöld, og þar fór hún fram lengi fram eftir öldum, því að það var hægt þar að gera ýmsar samþykktir, sem voru bindandi fyrir héraðið, t. d. eins og afréttarmál, fjallskil o. fl.

Þá heyrði ég það liggjandi í rúminu, þegar útvarpað var umr. um þetta mál frá hv. Nd., að þá var einn hv. ræðumaður að líkja nýju kjördæmunum, sem fyrirhuguð eru, við fjórðungana. Eins og ég vék að áðan, hafa fjórðungarnir aldrei verið neitt nema stuttan tíma, sem ég skal síðar víkja að, annað en landfræðileg takmörk. Þeir hafa ekki haft neina sérstaka stjórn eða nein sérstök samtök, enda hélt ég nú, að fjórðungar væru fjórðungar, en ekki áttungar. Hér er lagt til að skipta landinu í áttunga, en ekki fjórðunga, og þar af leiðandi virðist mér, að það sé nú lítið hægt að tala um það með sanni, að verið sé að endurreisa fjórðungana með þessum nýju kjördæmum, enda er þessum nýju kjördæmum ekki ætlaður neinn stjórnskipulegur réttur eða sjálfstjórn, menn eiga bara að hlaupa saman og kjósa alþm. fyrir þessi stóru svæði og annað ekki. En það má kannske segja, að þessi stóru kjördæmi líkist að sumu leyti öðrum stofnunum, sem um tíma voru hér á landi, þær stofnanir voru settar af dönskum einvaldskonungum, og það voru ömtin. Amtmennirnir stóðu beint undir dönsku stjórninni, og í raun og veru voru ömtin eins konar hlutar ríkisins. Landið var ekki nein heild, meðan ömtin voru, eða lengst af þann tíma, sem ömtin voru. Það var enginn innlendur æðsti yfirmaður amtmannanna.

Hv. 6. þm. Reykv. flutti hér á miðvikudaginn mjög fróðlegt erindi um kosningafyrirkomulag og kjördæmaskipun hjá ýmsum lýðræðisþjóðum. Ég fyrir mitt leyti þakka fyrir fræðsluna. Ég geri þó ráð fyrir, að ýmsir hér inni hafi vitað margt af því, sem hann var að fræða okkur um, t. d. eins og það, að það eru hlutfallskosningar til þjóðþinganna á Norðurlöndum, en aftur meirihlutakosning í Bretlandi og í Bandaríkjunum, sem ekki eru síður lýðræðisríki en Norðurlöndin, Holland og Belgía o. s. frv. Sviss taldi hann nú einnig til hinna beztu lýðræðisríkja, og kann það að vera, en það er nú nýafstaðin atkvgr. í Sviss, þjóðaratkvæði svokallað, þar sem fellt var að láta helming þjóðarinnar — eða rúmlega helming sennilega — fá atkvæðisrétt, svo að ég get nú dálítið efazt um, að það sé rétt að hampa Sviss sem alveg sérstöku fyrirmyndarlýðræðisríki. Það er ágætt land og ágæt þjóð, sem þar býr, eða þjóðir, en ég sé ekki, að íbúar Sviss standi framar í lýðræði öðrum þjóðum og ekki framar okkur Íslendingum.

Það er kunnugt, t. d. í Bandaríkjunum, sem ég held að enginn leyfi sér annað en að kalla lýðræðisríki, hvernig kosningarnar til efri deildarinnar eða senatsins eru, að hvert ríki, hvort sem það er fjölmennt eða fámennt, sendir tvo fulltrúa þangað. Hið nýja ríki Alaska sendir tvo fulltrúa þangað alveg eins og New Yorkríki, sem telur víst yfir 10 millj. íbúa, og senatið í Bandaríkjunum hefur töluvert mikið að segja, það ræður meiru um utanríkismálastefnu Bandaríkjanna heldur en fulltrúadeildin, og öll mál þurfa að samþykkjast af því, þannig að ef miðað er við þá stefnu, sem kemur fram í þessu frv., þá held ég, að Bandaríkjamenn taki yfirleitt ekki meira tillit til höfðatölureglunnar en við Íslendingar höfum gert, jafnvel þó að kjördæmum til fulltrúadeildarinnar sé annað slagið breytt eftir íbúatölu hvers landssvæðis.

Hv. 6. þm. Reykv. fræddi okkur á því, að lénin í Sviþjóð og fylkin í Noregi væru kjördæmi, og vissi ég það reyndar áður, og þessi svæði, lénin og fylkin, taldi hann svara til fjórðunganna hér. Ég álít, að það sé alveg rangt. Ég álít, að lénin í Sviþjóð eða landshöfðingjadæmin og fylkin í Noregi svari til sýslnanna hér, því að landið skiptist ekki stjórnskipulega í neina fjórðunga hér, landið skiptist bara í sýslur og bæi og svo sýslurnar í hreppa, og skipting Sviþjóðar er í lén eða landshöfðingjadæmi og skipting Noregs í fylki.

Þá upplýsti hv. þm. um kosningafyrirkomulag og kjördæmaskipun í Belgíu t. d., að Belgía skiptist í 30 kjördæmi og það væri hlutfallskosning í þeim öllum. Ég býst við, að þetta sé rétt. En ef við miðum við landsstærð Íslands og Belgíu, þá mundu þessi 30 kjördæmi í Belgíu svara til þess, að hér á Íslandi væru yfir 100 kjördæmi. Hv. þm. sagði að vísu og það réttilega, að það væri fólkið, sem kysi, en ekki landið, og þess vegna finnst honum þetta að sjálfsögðu ekki sambærilegt. En ég held

því alveg ákveðið fram, að það verði þó að taka tillit til landsins, þegar um kjördæmaskipun er að ræða.

Það kann vel að vera, að hlutfallskosningar, sem auðvitað hafa sína galla, geti notið sín vel í þéttbýli og fjölmenni. En þær geta ekki notið sín og eiga ekki sama rétt á sér í fámenni og strjálbýli, blátt áfram vegna þess, að til þess að hlutfallskosning geti átt sér stað í strjálbýlinu, eins og hér á landi, þá þurfa kjördæmin að vera svo óhæfilega stór, að fólkið þekkist ekki, og fólkið í þessum kjördæmum mun eiga mjög erfitt með að hafa nægileg samtök sín á milli, t. d. um val frambjóðenda og annað slíkt, sem á að gera og þarf að gera í kjördæmum, ef fólkið á að ráða því, hverjir eru þm. Ég sé ekki vel, hvernig t. d. Eyfirðingar og Norður-Þingeyingar eiga að geta haft þau samskipti og samstarf, sem þyrfti að vera í einu kjördæmi. Ég veit, að Eyfirðingar og Norður-Þingeyingar þekkjast yfirleitt mjög lítið og hittast mjög lítið. Og svona er þetta auðvitað víðar.

Og jafnvel þótt nú hefðu verið ákveðnar hlutfallskosningar um land allt, þá finnst mér, að það hefði ekki þurft að ganga eins róttækt til verks og gert er. Og svo að ég nefni það kjördæmi, sem ég á að lenda í, Norðausturlandskjördæmið, þá finnst mér, að þar hefði getað verið hlutfallskosning, þótt þar hefðu verið tvö kjördæmi og hin gömlu þing þar fengið að halda sér, Vaðlaþing kosið sérstaklega, þ. e. Eyjafjarðarsýsla og Akureyri, og svo Þingeyjarþing sérstaklega. Það hefði vel verið hægt að koma við hlutfallskosningum í þannig löguðum kjördæmum, og svo er víðar á landinu.

Það er náttúrlega rétt, sem hér hefur verið sagt, að Danakonungur, sem þá var konungur Íslands, ákvað kjördæmin í fyrstu að forminu til, en hann ákvað þau samkvæmt hinni gömlu og góðu héraðaskipan í landinu. En það höfðu bara merkir Íslendingar, áður en konungurinn ákvað þetta, stungið upp á svipaðri kjördæmaskipan eins og varð. Ég veit ekki, hve margir hv. þdm. hafa lesið t. d. greinar Baldvins Einarssonar í Ármanni á Alþingi um endurreisn Alþingis. Þar heldur hann því fram, að þótt þjóðin sé fámenn, þurfi þingmennirnir að vera nokkuð margir og kosnir í jafnmörgum kjördæmum, til þess að sem víðtækust þekking á högum þjóðarinnar sé fyrir hendi á Alþingi, og það, sem Baldvin Einarsson sagði um þetta mál fyrir meir en 100 árum, það finnst mér að mörgu leyti eiga enn við, jafnvel þótt samgöngur hafi batnað, því að ekki eru samgöngur orðnar svo góðar enn, að það eru oft ófærir vegir á milli þeirra byggðarlaga, sem nú eiga að renna saman í eitt kjördæmi.

Hv. 6. þm. Reykv. talaði mikið um það, að grundvöllur alls lýðræðis ætti að vera jafn kosningarréttur. Fræðilega er þetta auðvitað rétt. En hvernig á að koma hnífjöfnum kosningarrétti við? Ég held, að hann náist aldrei, hvernig sem að er farið. Það væri hægt að hugsa sér að skipta landinu í einmenningskjördæmi með alveg jafnri íbúatölu og kjósendatölu og að hver kjósandi hefði þar af leiðandi rétt til að kjósa einn mann á þing. Ja, mönnum kannske virðist, að þetta mundi vera jafn kosningarréttur, alveg jafn. En þó er alls konar aðstöðumunur úti um landið, sem gerir það að verkum, að menn eiga misjafnlega hægt með að nota sinn kosningarrétt. Og þó að landið væri gert að einu kjördæmi og kosið hlutfallskosningu að sjálfsögðu, þá hygg ég, að það sama yrði upp á teningnum, kosningarétturinn yrði ekki hnífjafn fyrir því vegna ýmiss konar aðstöðumunar. Og náttúrlega hnígur allt að því. Því hefur verið lýst yfir, að þetta frv. væri ekki nema áfangi á leiðinni til þess að jafna kosningarréttinn, sem kallað er, og auðvitað er stefnan sú að gera landið að einu kjördæmi. Mér er spurn: Hvers vegna þá ekki að gera það strax, alveg eins og að standa þarna við á leiðinni?

Ég vildi líka gjarnan spyrja flytjendur þessa máls, þó að það sé ekki stórvægilegt atriði, hvernig í ósköpunum stendur á því, að það á að slá fastri tölu uppbótarþm.? Þeir skulu verða 11, þó að engin þörf kunni að vera á þeim til jöfnunar á milli þingflokka. Er það svo, að þeim finnist, að Alþ. verði miklu starfhæfara, ef þm. eru 60, heldur en ef þeir yrðu eitthvað færri? Ég hef ekki trú á því, að Alþ. verði neitt starfhæfara fyrir það, þótt þm. sé fjölgað. Og mér er nú spurn: Hvar á að hafa þessa þm., þessa 60 þm.? Hér er ekki gert ráð fyrir, að neitt breytist við þetta frv. um deildarskipunina. Þar af leiðandi verða 20 menn hér í hv. Ed. Lítið í kringum ykkur, hv. þdm., og svarið þið mér svo: hvar eiga þessir 20 menn að vera, svo að þeir geti sinnt þingstörfum? Mér virðist vera alveg nógu þröngt í deildinni nú, þótt ekki sé fjölgað.

Eins og bæði ég hef lítillega sýnt fram á og aðrir á undan mér, er þetta frv. ávöxtur hentistefnu og byggt á því, hvað einstakir flokkar álíta hagsmuni sína. En þannig á ekki að fara að, þegar um sjálf stjórnskipunarlög landsins er að ræða. Auk þess er það til hreinnar og beinnar minnkunar að afgreiða nú aðeins einn þátt stjórnarskrárinnar, 15 árum eftir að lýðveldið var stofnað, þegar því var lýst yfir við það tækifæri, að öll stjórnarskráin yrði endurskoðuð mjög bráðlega. Vitanlega á að endurskoða stjórnarskrána í heild, og þess vegna á ekki að samþykkja þetta frv., heldur á þingið annaðhvort að krefjast þess, að n., sem skipuð var í málið 1947, ljúki störfum fyrir næsta þing, eða þá, ef það sýnist vonlaust, að setja nýja nefnd til að vinna þetta verk og ljúka því á þessu ári. En þessu frv. á að vísa frá nú. Ég mun því fyrst og fremst greiða atkv. með þeirri dagskrártill., sem fyrir liggur frá hv. minni hl. stjskrn., og það þrátt fyrir það, þó að ég hefði kosið, að sú dagskrártillaga hefði verið styttri en hún er.

Björn Jónsson: Herra forseti. Með frv. því til stjórnskipunarlaga, sem hér er rætt, er stefnt að því að tryggja rétt meiri hluta kjósenda til þess að ráða skipun meiri hl. Alþ. Það er einnig stefnt að því að draga verulega úr

því misrétti um raunverulegan kosningarrétt, sem ríkjandi er eftir búsetu í landinu. Og það er stefnt að því að tryggja minni hluta kjósenda fullt valfrelsi í kosningum og fulltrúatölu á Alþ. í sem fyllstu samræmi við fjölmenni hans.

Fyrir þeim, sem viðurkenna og trúa því, að frumatriði og grundvöllur þingræðis og lýðræðis sé valfrelsi, jafnrétti og vald meiri hl., ásamt eðlilegri vernd minni hl., getur enginn vafi leynzt um það, að þetta frv. er mikilvægt spor í átt til fyllri mannréttinda en við höfum átt við að búa. Og er þó ekki þar með fullyrt, að svo sé umbúið, að ekki verði um bætt, né að einstök atriði mættu ekki betur fara. Um slíkt má auðvitað ætíð deila, þó að það breyti engu um höfuðatriði málsins.

Það fer mjög að líkum, að andmælendur þessa frv. hafa hliðrað sér hjá því að gera hreint fyrir sínum dyrum, varðandi það, hvort þeir telji, að meiri hluti Alþingis eigi skilyrðislaust að vera skipaður í samræmi við meirihlutavilja þjóðarinnar. Sjálfir stóðu þeir að því fyrir réttum þremur árum að reyna að hrifsa til sín meiri hluta á Alþingi ásamt Alþfl. með rífum þriðjungi atkvæða þjóðarinnar, og hurð skall þar svo nærri hælum, að það tilræði tækist, að augu margra, sem áður voru sjóndapr-ir, opnuðust fyrir þeim geigvænlegu hættum, sem lýðræðinu og þingræðinu í landinu eru búnar af þeirri stjórnskipun, sem opnar leiðir fyrir slíku valdabraski. Menn eru ekki heldur búnir að gleyma því, að ekki eru nema sex ár síðan Sjálfstfl. og málgögn hans töluðu um það af yfirlæti, að flokkinn skorti aðeins 300—400 atkvæði í tilteknum smákjördæmum til þess að ná hreinum meiri hluta á Alþingi, enda þótt fylgjendur þess flokks teldust þá ekki langt yfir þriðjung landsmanna.

Sem betur fer, hafa þessar skuggalegu fyrirætlanir, sem þannig hafa verið bruggaðar til skiptis af foringjum allra borgaraflokkanna í landinu, mistekizt til þessa. En ekki sannar það, að svo mundi alltaf fara. Og hvar væri þá þingræði okkar statt, ef slík vélabrögð heppnuðust? Ef valdarán af slíku tagi yrði framið, væri eftirleikurinn auðveldari fyrir þá, sem fyrir valdbeitingunni yrðu, og kynni þá að styttast bilið milli stjórnarfars okkar og til dæmis ríkja Suður-Ameríku, sem stundum er vitnað til. Og mundu slíkar hættur vera minni í hernumdu landi, þar sem erlendur herafli og tilvist hans stendur í nánu sambandi við stjórnmálalegar hræringar?

Með þeirri stjórnlagabreytingu, sem nú er fyrirhuguð, er svo sem verða má girt fyrir það, að valdarán í líkingu við það, sem Hræðslubandalagið hugðist framkvæma 1956 og Sjálfstfl. 1953, yrði reynt eða gæti heppnazt, og yfirgnæfandi líkur tryggðar fyrir því, að flokkar, sem hefðu að baki sér meiri hluta kjósenda, hefðu stjórnarforustu á hendi, — og hver vill ekki, að svo verði?

Í orði er það viðurkennt af talsmönnum allra stjórnmálaflokkanna, líka Framsfl., að óhjákvæmilegt sé að draga verulega úr því misrétti um kosningarrétt, sem ríkjandi er eftir því, hvar kjósendur eru búsettir í landinu. Og ekki getur vafi leikið á því, að sú skipan, sem fer næst því að tryggja jafnan rétt allra landsmanna til áhrifa á löggjafarvaldið, samrýmist bezt grundvallarhugmyndum manna um raunverulegt lýðræði. Á hitt ber að líta, hvort íbúar þéttbýlisins hafa með öðrum hætti en hinum beina kosningarrétti slíkt áhrifavald í stjórnmálum, að réttmætt sé, að þeir eigi að tiltölu færri fulltrúa á Alþingi en þeir, sem í dreifbýlinu búa. Það mat verður að sjálfsögðu alltaf erfitt og óhugsandi, að þar geti nokkurn tíma orðið um óumdeilanlegan dómsúrskurð að ræða, að hvaða marki eigi að þrengja kosningarrétt fólksins í þéttbýlinu af þessum sökum. Líka kemur þar til, að ekki eru menn á eitt sáttir, þegar til þess kemur að skilgreina, hvað sé þéttbýli og hvað dreifbýli. Ræður þar fjarlægðin ein frá höfuðborginni, eða nær dreifbýlishugtakið aðeins til sveita og næstu sjávarþorpa? Nokkuð hafa mér virzt hugmyndir manna á reiki um þetta og þá ekki síður framsóknarmanna en annarra.

Með þeirri breytingu, sem þetta frv. felur í sér, er gert ráð fyrir því, að þingmönnum Reykjavíkur verði fjölgað um fjóra og Reykjaneskjördæmis um þrjá. Kjósendur að baki hverjum þingmanna Reykjavíkur yrðu þá um 3500 og Reykjaneskjördæmis um 2500, en annars staðar á landinu er kjósendatalan frá tæpum 1100 og upp í rúm 1800, miðað við kjörskrár, eins og þær nú eru.

Er nú unnt að ganga skemmra til móts við eðlilegar kröfur Reykvíkinga og íbúa á Reykjanesskaganum? Það segir sína sögu um þetta atriði, að andstæðingar frv., framsóknarmenn, lýsa því yfir, að þeir séu fúsir til að fallast á nákvæmlega sömu fjölgun og frv. gerir ráð fyrir í Reykjavík. Aðalmálgagn þeirra, Tíminn, hefur látið liggja að því, að lítil reisn væri í þeirri úrlausn, sem Reykvíkingum væri gerð nú, þar sem hlutur þeirra yrði nú tiltölulega minni en eftir kjördæmabreytinguna 1942. Að vísu tala framsóknarmenn nokkuð tveim tungum um fjölgun Reykjavíkurþingmanna. Láta þeir suma af þingmönnum sínum halda því fram, að hlutur Reykjavíkur sé gerður allt of mikill, og í sumum blöðum þeirra er því aftur haldið fram, að ekki ætti að fjölga þingmönnum höfuðstaðarins, þeir séu sannarlega nógu margir. Þannig spyr blaðið Dagur á Akureyri 22. f. m. með mikilli vandlætingu: „Hafa hagsmunamál Reykvíkinga verið fyrir borð borin á undanförnum árum vegna þess, að þeir hafi ekki átt nógu marga fulltrúa á Alþingi?“ En þessi tóntegund er ekki ætluð Reykvíkingum, og þegar við þá er talað, er breytt um róm. Þá er talin lítil reisn í fjögurra þingmanna fjölgun í Reykjavík, og þó er það einmitt hin sama fjölgun og þeir sjálfir leggja til. Sem sagt: fjölgun þm. í Reykjavík um fjóra er allt í senn: of lítil, of mikil og loks alveg hæfileg. Auðvitað sýnir slíkur málflutningur aðeins eitt, að hér er svo hóflega í sakirnar farið, að andmælendur frv. vita ekki sitt rjúkandi ráð, er

leita skal mótraka gegn þeirri leiðréttingu, sem íbúum höfuðstaðarins er hugsuð í þessu frv.

Svipað er að segja um fjölgun þingmanna í Reykjaneskjördæmi, á Miðvesturlandi og Norðausturlandi. Framsóknarmenn vilja, að Gullbringu- og Kjósarsýslu verði skipt í fjögur kjördæmi og Hafnarfjörður kjósi áfram einn þm. eða kjördæmið fái fimm kjördæmakosna þingmenn alls, en það er einmitt sú fulltrúatala, sem frv. gerir ráð fyrir. Einnig vilja framsóknarmenn fallast á nákvæmlega sömu þingmannafjölgun á Miðvesturlandi og Norðausturlandi og ráðgerð er með stjórnlagafrv. Hið eina, sem á milli ber að þessu leyti, er, að framsóknarmenn leggja til að fækka uppbótarþingmönnum um einn og láta fulltrúatölu Austurlands haldast óbreytta, þ. e. a. s. að Seyðisfjörður verði sérstakt kjördæmi, eins og verið hefur. Það er að vísu sagt, að þessar till. séu eins konar miðlunartill., sem þeir geti fallizt á til þess að forða öðru verra. En eru þær ekki samt nokkur vitnisburður um það, að nærri sanngjarnri lausn sé farið, þegar miðlunartill. frá hendi andstæðinga frv. eru ekki að þessu leyti, að því leyti sem tekur til atkvæðisréttar eftir búsetu, frábrugðnari frv. en svo, að þar skakkar aðeins einum fulltrúa? Minni gat sá munur tæplega orðið og því síður þar sem hér er um að ræða matsatriði, sem vafalaust má endalaust um deila. Persónulega er ég t. d. þeirrar skoðunar, að Norðausturlandskjördæmi bæri með réttu vegna fjölmennis og fjarlægðar frá höfuðborginni einum þingmanni fleira en því er ætlaður. Samkomulag gat hins vegar ekki orðið um þá breytingu, án þess að slík fjölgun yrði annars staðar á fulltrúatölu og þingmannafjölda í heild, að út á hálan ís hefði verið farið, bæði hvað snerti hlutföll milli fulltrúafjölda kjördæmanna og tölu þingmanna í heild.

Hv. þm. S-Þ. ræddi nokkuð í sinni framsöguræðu um Norðausturlandskjördæmið sérstaklega og taldi, að meiri hluti stjskrn. hefði sýnt ábendingum sínum um hinn rýra hlut þessa kjördæmis fullkomið tómlæti. Í nefndinni lýsti ég skoðun minni á þessu atriði, eins og ég hér hef gert, en sagði jafnframt, að ég teldi ekki koma til mála að stofna afgreiðslu málsins í hættu vegna ágreinings um eitt þingsæti í þessu kjördæmi. Við það álit mun ég standa, hvar sem er og hvenær sem er. Ég þykist sjá, að hv. þm. S-Þ. og ef til vill fleiri flokksbræður hans hyggist geta notfært sér til framdráttar á Norðausturlandi, að því er ekki ætlaður stærri hlutur en raun er á. En hver er alvara Framsfl. um þetta atriði málsins? Hvar eru till. þeirra um, að Norðausturlandi verði ætlaðir 7 þingmenn í stað 6? Þær hafa ekki sézt enn þá. Refirnir eru aðeins skornir til þess að reyna að vekja óánægju, en ekki til þess að freista þess að koma fram réttlæti. Annars hefðu þeir strax í hv. Nd. flutt brtt. um þetta, og annars hefði hv. þm. S-Þ. flutt till. um fjölgun þingmanna á Norðausturlandi í stjórnlaganefndinni í þessari hv. deild, en hvorugt hefur gerzt, og því falla ásakanir hv. framsóknarmanna af þessu tilefni um sjálfar sig eins og fleiri. Þeir hafa sannanlega aldrei ætlað Norðlendingum stærri hlut en þetta frv. gerir ráð fyrir. Hins vegar hafa þeir lagt til, að fjölgun þeirri um einn þingmann, sem fyrirhuguð er, yrði þann veg háttað, að Akureyri yrði gerð að tvímenningskjördæmi. Hlutfallskosning, svo banvæn sem hún er að dómi framsóknarmanna, var nógu góð handa Akureyringum, — og hvers vegna? Auðvitað vegna þess, að verulegar líkur mætti telja á, að Framsfl. fengi annan þm. kjördæmisins og tryggði sér þannig fjóra af sex þingmönnum Norðausturlands, enda þótt fylgið gefi ekki tilefni til fleiri en þriggja í mesta lagi. Þessi flokkur, sem þannig stendur að tillögugerð, er sannarlega ekki að taka afstöðu eftir þröngum flokkssjónarmiðum, eins og þeir orða það. Réttlætið er þar sannarlega ofar öllu öðru!

Hv. þm. S-Þ. gerði fleiri atriði varðandi Norðausturlandskjördæmi sérstaklega að umræðuefni, og var þar sumt ekki alls ófróðlegt. Hann sló á þann strenginn nú, að Akureyri mundi, er fram liðu stundir a. m. k., vaxa hinum byggðum kjördæmisins yfir höfuð og þar flestu ráða, allir þm. kjördæmisins mundu verða þar búsettir innan tíðar, sem sagt: hlutur Akureyrar yrði allt of mikill. Vel mætti segja mér, að þegar þessi hv. þm. kemur til Akureyrar í sumar til þess að leita sér þar fylgis, muni hann ekki minnast á þetta, heldur leggja á það þunga áherzlu, að verið sé að leggja Akureyri niður sem kjördæmi og slíkt sé þyngra böl en tárum taki. Það styður þá skoðun mína, að þannig muni þetta verða, að í málgagni Framsfl. á Norðurlandi, sem ætlað er bæði Akureyringum og sveitunum norðanlands, eru þessar andstæðu fullyrðingar túlkaðar til skiptis, sína vikuna hvor þeirra. Auðvitað mun Akureyri ekki verða sniðgengin, þegar flokkarnir ákveða frambjóðendur sína. En engum mun heldur reynast hagstætt að hunza vilja þeirra kjósenda, sem byggja Þingeyjarsýslur, eða kjósenda í Eyjafirði, sem eru samtals nokkru fleiri en helmingur kjósenda í þessu kjördæmi. Hitt skiptir þó mestu máli, að þegar stundir líða, munu bæði kjósendur og fulltrúar þeirra hætta þeirri fásinnu að metast á um það, hvaðan úr kjördæminu hver fulltrúi, sem á þing er kosinn, er, heldur verður það úrslitaatriði, hvort hann er nýtur fulltrúi kjördæmisins sem heildar, alveg á sama hátt og ekki er um það barizt, hvort frambjóðandi í Suður-Þingeyjarsýslu er búsettur í Húsavík eða í Mývatnssveit eða Eyfirðingur í Ólafsfirði eða á Dalvík. Á það er einnig að líta, að úrslit — barátta um 1—2 þingsæti í stóru kjördæmi — hljóta ávallt að ákvarðast af tiltölulega fáum atkv. Frambjóðandi í Norðausturlandskjördæmi t. d., þótt hann væri búsettur á Akureyri eða á Raufarhöfn, mundi því vissulega leita eftir kjörfylgi Flateyinga ekkert síður en annarra og telja sér hagstætt og skylt að beita sér fyrir málefnum þeirra. Þetta hlýtur hverjum manni að liggja í augum uppi. Hins vegar þótti mér ekki aðlaðandi sú lýsing, sem hv. þm. S-Þ. gaf hér af því, hvernig hann hefði unnið að málefnum Flateyinga í fjvn., haft sín

mál fram varðandi þá með því að kaupa því við þm. Ak., að hann skyldi sjálfur veita málefnum Akureyrar lið, ef hinn styrkti Flateyinga. „Þannig gerði ég Flatey jafnsterka Akureyri", sagði þm., og gætti stolts í röddinni. Það hafa þá ekki verið málefnin sjálf, skoðuð hlutlægt og metin, sem ráðið hafa atkv. þessara hv. þm., heldur vonin um, að greiði kæmi gegn greiða, og óttinn við, að mál hlyti ekki liðstyrk nema með hrossakaupum. Er ekki mikil eftirsjá í slíkum vinnubrögðum? Eða eru margir af hv. þm. orðnir svo samdauna þessu, að þeir geti ekki hugsað sér annað verklag heiðarlegra og vænlegra til árangurs fyrir byggðir landsins? En hvað um það, ég vil þakka fræðsluna um vinnubrögðin í fjvn., og það má sjálfsagt skilja ýmsa hluti betur í ljósi þeirrar fræðslu.

Hv. þm. S-Þ. sagði, að þm. kjörnir af mismunandi flokkum í sama kjördæmi hlytu ávallt að leitast við að bregða fæti hver fyrir annan og mundu því ekki vinna saman að framgangi héraðsmála, og ekki batnaði, þegar uppbótarmennirnir kæmu til skjalanna. Mér liggur við að halda, að hér sé mælt gegn betri vitund. A. m. k. er reynslan allt önnur. Mér hefur t. d. virzt, að þingmenn tvímenningskjördæmanna hér á hæstv. Alþ., þótt kjörnir hafi verið af tveim flokkum, hafi yfirleitt snúið bökum saman um málefni sinna kjördæma, og hið sama er að segja um kjördæmakosna þm. og landskjörna þm. Auðvitað er engin regla án undantekningar. Sitt kann hverjum að sýnast í einstökum málum, og ekki er heldur alltaf full samstaða um öll mál heima í héruðunum. En ekki held ég, að neinum reyndist það til pólitískrar farsældar að smeygja sér út úr samstarfi þm. hinna stóru kjördæma. Ég held, að almenningsálitið heima í héruðunum mundi þrýsta á slíkt samstarf og það mundi takast um flest héraðsmál, þm. hinna stóru kjördæma mundu mynda þingflokka, að nokkru leyti óháða flokkunum, um málefni sinna héraða og það mundi ólíkt sigurstranglegra þeim til framgangs en kaupmennska eins þm. eða tveggja, jafnvel þótt kænlega væri verzlað, eins og ég efast ekki um að Flateyjarverzlun hv. þm. S-Þ. hafi verið.

Fullt og óskorað valfrelsi kjósenda telja menn einn helzta hyrningarstein lýðræðis. En hafa menn að fullu notið þess með þeirri kjördæmaskipun, sem gilt hefur, þ. e. a. s. aðallega skipulagi einmenningskjördæma og hlutfallskosninga í tvímenningskjördæmum? Ég held ekki. Í einmenningskjördæmum hlýtur kosningabarátta langoftast að snúast um það, hvor tveggja hinna sterkustu flokka beri sigur úr býtum, algeran sigur, þar sem hinn sterkari fær allt, en hinn veikari ekkert. Oftast er þó raunverulega aðeins í milli tveggja frambjóðenda að velja, enda þótt margir flokkar bjóði fram. Þeim, sem hvorugan hinna sterku flokka aðhyllast, eru því raunverulega gerðir þeir kostir að velja hið skárra af tvennu illu eða láta atkvæði sín falla dauð að öðrum kosti. Í orði kveðnu er mönnum frjálst að skipa sér í flokka samkv. skoðunum sínum og sannfæringu, en í reyndinni er þetta frelsi miklum takmörkunum háð í landi, sem byggir stjórnskipun á einmenningskjördæmum, og hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmum eru bæði lítil og hæpin úrbót í því efni. Ekki leikur vafi á því, að skipulag einmenningskjördæma hefur haldið stjórnmálasamtökum alþýðunnar í landinu í skrúfstykki, hefur bútað sundur tengsl verkalýðsins í sjávarþorpum og kaupstöðum landsins og varnað honum að sameinast stjórnmálalega. Með því skipulagi hefur tekizt að viðhalda vonleysi meðal verulegs hluta verkalýðsstéttarinnar um árangursríka stjórnmálabaráttu. Verkalýðsstéttin hefur verið beitt andlegum pyntingum til þess að dreifa atkv. sínum á andstöðuflokka sína. Ekki er einasta, að atkv. hennar hafi verið metin allt að þrisvar sinnum minna en annarra stétta, heldur hefur raunverulegt valfrelsi hennar verið stórlega skert. En þetta vilja foringjar Framsfl. telja hið fullkomnasta lýðræði. Er það næsta ótrúlegt, að svo reynist, að bændastéttin, hinn eðlilegi bandamaður verkamanna í stjórnmálabaráttunni, sé almennt þeirrar skoðunar, að svipta beri alþýðustéttir bæjanna og sjávarbyggðanna stjórnmálalegu frelsi og sjálfsákvörðunarrétti. En mikil má blinda foringjanna vera, svo að notað sé orðalag framsóknarmanna, ef þeir halda, að í slíkri afstöðu felist umhyggja fyrir bændastéttinni. En því miður fer ekki á milli mála, að foringjar Framsfl. vita, hvað þeir eru að gera og hvað þeir vilja í þessu efni. Tilgangur þeirra er sá að neyða alþýðustéttirnar til þess að skipta sér upp til hópa í milli Framsfl. og íhaldsins. Helmingaskiptaregluna alræmdu á sem sé að útfæra í nýrri flokkaskipun, með nauðung. Einmenningskjördæmi alls staðar utan Reykjavíkur og jafnvel í Reykjavík, — a. m. k. gat hv. þm. S-Þ. vel hugsað sér það, að Reykjavík yrði einnig skipt í einmenningskjördæmi, — er framtíðarmarkmiðið, og uppbótarþingsætin á að leggja niður. Í dag mundi þetta þýða það, að Alþfl. fengi engan þm. kjörinn og Alþb. í hæsta lagi 3—4. Fulltrúar verkalýðsstéttanna yrðu ekki lengur að þvælast fyrir gömlu helmingaskiptaflokkunum á Alþ., og þeir gætu óáreittir ráðið þar öllu.

Í aðalmálgagni Framsfl., Tímanum, 21. marz s. l. er af tekinn allur vafi um það, að foringja Framsfl. dreymir um það að koma á þeirri kosningaskipun, að verkalýðshreyfingin glati með öllu stjórnmálasamtökum sínum og verði neydd til að leggja þau niður. Þar segir: „Meiri og furðulegri blekkingu er ekki hægt að hugsa sér," — þ. e. a. s. en þá, að till. framsóknarmanna séu hnefahögg í andlit vinstri manna. „Ef tillögur framsóknarmanna næðu fram að ganga, mundu vinstri menn sameinast í eina stóra fylkingu, eins og t. d. hefur átt sér stað í Bretlandi. Sú kosningatilhögun yrði til þess að sameina vinstri öflin. Tilgangur Sjálfstfl. með þessu fyrirkomulagi, þ. e. hinni breyttu kjördæmaskipun, er líka fyrst og fremst sá að auka sundrungu vinstri aflanna. Það sorglega er, að foringjar Alþfl. og Alþb. eru svo blindir og halda slíku dauðahaldi í

flokksbrot sín, að þeir sjá ekki þennan tilgang Sjálfstfl.“

Hér er vissulega ekki talað neitt tæpitungumál. Það er hin argasta blekking af foringjum Alþfl. og Alþb., argasta blinda að leggja ekki flokka sína niður og gerast áhrifalausir fylgisveinar Framsfl. Sú sameining vinstri aflanna, sem foringjar Framsfl. virðast hafa mestan áhuga fyrir, á ekki að verða til fyrir málefnalega samstöðu eða frjálsan vilja alþýðustéttanna, heldur á hún að byggjast á nauðungarlögum, sem veita Framsfl. og Sjálfstfl. alla valdaaðstöðu í landinu. Slík vinstri samvinna á sér áreiðanlega formælendur fáa utan foringja framsóknarmanna. En það er einmitt sú afstaða, sem í þessu lýsir sér, sem verið hefur verstur þrándur í götu árangursríkrar vinstri samvinnu í stjórnmálum um langan aldur, þ. e. a. s. tillitsleysi foringja Framsfl. við bandamenn sína úr verkalýðsstéttinni, og er reynslan af fyrrv. ríkisstj. og starfi hennar og þá ekki síst stjórnarslitunum glöggt dæmi um þetta.

Með hlutfallskosningum í allstórum kjördæmum verður af létt þeirri nauðung, sem fylgismenn minnihlutaflokka og þá alveg sérstaklega flokka verkalýðsstéttarinnar eru og hafa verið beittir til þessa dags. Stjórnmálasamtök verkalýðshreyfingarinnar fá í fyrsta skipti eðlileg og réttlát skilyrði til vaxandi áhrifa á löggjafarvaldið. Þess vegna lítur verkalýðsstéttin ekki aðeins á þessa stjórnlagabreytingu sem réttlætis- og mannréttindamál, heldur sem mikilvægan áfanga í hagsmunabaráttu sinni. Þetta sjónarmið reyna framsóknarmenn að gera tortryggilegt með því að benda á áhuga Sjálfstfl. og stuðning hans við kjördæmabreytinguna. Ekki geti honum gengið til velvilji til alþýðustéttanna. *Honum hafi þótt núverandi* kjördæmaskipun góð, meðan hann hafði von um að geta náð meiri hl. á Alþ. eftir þeirri skipan. Ranglætið hafi verið gott, meðan það gaf vonir um flokkslegan hagnað, en illt, þegar ekki var lengur hagur í því. — Auðvitað gera allir sér ljósa grein fyrir því, að afstaða Sjálfstfl. til *kjördæmamálsins mótast gersamlega* af sama hugarfari og afstaða Framsfl., þótt ólík sé, þ. e. a. s. af hagsmunum flokkanna, eins og þeir eru metnir af flokksforingjunum nú í augnablikinu. Nú í bili telur Sjálfstfl., að hin nýja skipan henti sér betur, — Framsfl., að hann missi eitthvað af rangfengnum þingstyrk *sínum. Báðir flokkarnir gera sig broslega* í augum alþjóðar með því að veifa fána réttlætisins. Það fer báðum jafnilla, þegar litið er til fortíðarinnar. Og Alþfl. getur líka fylgzt með að þessu leyti. Allir vita, að hann leitar nú eftir hverju hálmstrái til þess að bjarga líftórunni, og því undrar engan, þótt hann grípi nú í þann bjarghring, *sem að honum er réttur.* Við Alþýðubandalagsmenn erum hinir einu, sem höfum alltaf verið sjálfum okkur samkvæmir í kjördæmaskipunarmálunum og eigum ekkert sökótt við fortíð okkar í því efni.

Hv. þm. Str. (HermJ) sagði hér í umr., að allir flokkar hefðu lýst því yfir 1942, að þeir *mundu aldrei fallast á stór kjördæmi.* Þetta er rangt. Einar Olgeirsson, fulltrúi Sósfl. í stjskrn. Nd. þá, lýsti skilmerkilega þeirri afstöðu sinni, að hann teldi, að heppilegasta breytingin á kjördæmaskipuninni væri sú, að landið yrði gert að nokkrum stórum kjördæmum og að þorri þm. yrði kosinn í þeim með hlutfallskosningum og væri tala þm. í hverju kjördæmi í hlutfalli við kjósendatölu þess, en 11 uppbótarþingsæti yrðu auk þess, svo sem nú er. Með kjördæmabreytingunni nú er því í öllum meginatriðum fylgt þeirri stefnu, sem Sósfl. mótaði 1942.

Framsóknarmenn halda því að fólki, bæði beint og óbeint, sem nokkurs konar grýlu, að af þessari kjördæmabreytingu muni leiða það, að Sjálfstfl. nái meiri hl. á Alþ., og að þeim voða verði naumast forðað nema með því að viðhalda óbreyttri kjördæmaskipun eða a. m. k. að öllu óréttlætinu, sem henni fylgir, verði haldið, og helzt þyrfti þó að herða á því með því að fella niður uppbótarþingsætin.

Við Alþýðubandalagsmenn álítum hins vegar, að ekkert annað en frjáls stjórnmálaleg samstaða vinstri manna geti reynzt fær leið til þess að hnekkja valdi Sjálfstfl. og þvílíkra flokka. Við höfum enga trú á því, að sú ógæfa, að Sjálfstfl. nái völdum í landinu, verði hindruð með því að standa gegn því, að hann fái þingstyrk í samræmi við fylgi sitt meðal þjóðarinnar, allra síst ef það á einnig að kosta það, að verkalýðsstéttin sé svipt lýðræðislegum réttindum og valdi. Sterk og sameinuð verkalýðshreyfing verður alltaf og alls staðar traustasta vörnin gegn yfirgangi afturhaldsflokka, og henni einni er fært að undirbyggja þá samstöðu með bændum og millistétt bæjanna, sem getur tryggt þverrandi áhrif og völd flokka á borð við Sjálfstfl. Hin fyrirhugaða kjördæmabreyting skapar á margan hátt aukna möguleika á slíkri samstöðu.

Ég er t. d. þeirrar skoðunar, að Framsfl. sé ekki svo heillum horfinn, að hann sannfærist ekki um það, að honum muni ekki reynast lífvænt sem áhrifamiklum flokki í framtíðinni, ef hann heldur áfram að sýna verkalýðsstétt sjávarþorpanna og bæjanna sama tillitsleysi og oft hefur viljað við brenna, þegar sú skipan er komin á, að verkamenn og bændur beita kosningavaldi sínu í hinum sömu kjördæmum. Á sama hátt hljóta þeir flokkar, sem aðallega hafa byggt á fylgi verkafólks, að leitast við að móta stefnu sína í samræmi við þarfir *bændastéttarinnar og sinna málefnum hennar* betur en áður. Þannig er líklegt, að meðal vinstri manna fari ágreiningur minnkandi og traustari grundvöllur fáist til samstarfs. Og auðvitað eru þessar röksemdir jafngildar, þótt Sjálfstfl. reikni dæmið á annan veg.

Höfuðröksemdir framsóknarmanna gegn þessu frv. eru tvær: Í fyrsta lagi sú, að hlutfallskosningar séu úreltar og leiði til einræðis. Í öðru lagi, að kjördæmabreytingin sé árás eða tilræði við dreifbýlishéruðin, til þess gerð að eyðileggja þar allar framfarir og eyða byggðinni. Framsóknarmenn halda jafnfast við fullyrðingu sína um, að hlutfallskosningar séu ólýðræðislegar og stefni til einræðis, þrátt fyrir vitneskju sína

og annarra um það, að sú skipan er í fullu gildi um öll Norðurlönd, sem þeir þó gjarnan sem margir aðrir benda til sem hinna þroskuðustu lýðræðisþjóða. Þeir benda á Frakkland sem dæmi þess, hverjar afleiðingar hlutfallskosningar hafi. En hvernig er það í Frakklandi? Er ekki einmenningskjördæmaskipun einmitt sú leið, sem einræðisöfl eftirstríðsáranna hafa gripið til til þess að hnekkja þar áhrifum verkalýðshreyfingarinnar og koma á einræði? Gerist það ekki jafnsnemma þar, að komið er á einmenningskjördæmum yfir allt landið og að stærsti verkalýðsflokkur landsins, sem jafnframt er stærsti flokkur frönsku þjóðarinnar, er svo til þurrkaður út úr franska þinginu? Væri þá ekki eins hægt að halda því fram, að þróunin í Frakklandi sannaði það, að vissast væri að taka upp einræðisskipulag eða eitthvað í áttina við það, vegna þess að þá yrði bezt hindrað, að vankantar lýðræðislegrar stjórnskipunar yrðu stjórnarfarinu að fótakefli? Þannig liggur nærri að álykta. Og svo er jöfnum höndum og leitað er fanga í Frakklandi bent á kjör hreppanna í sýslunefndir, ekki detti neinum í hug að breyta því, að hver hreppur, smár eða stór, kjósi einn fulltrúa í sýslunefnd. Og þegar hoppað hefur verið frá Frakklandi til sýslunefndanna, þá er þetta þrístökk fullkomnað með því að bregða niður hjá Sameinuðu þjóðunum. Það þarf vissulega mikla íþróttamenn til þess að koma óbrotnir niður eftir slíka fimleika, sérstaklega fyrir þá menn, sem telja sig svo gróna við fortíðina og þá skipan, sem henni tilheyrir, að þeir geta sig hvergi hreyft. Annars vegar er talið, að stjórnskipunina eigi að sníða eftir kosningafyrirkomulagi til valdalausra n., sem hverjum manni í landinu stendur algerlega á sama um, hvernig eru skipaðar, enda svo lítill áhugi fyrir þeim, að allajafna er aldrei hróflað við neinum, sem þangað hefur einu sinni verið kosinn, jafnvel þótt hann sé kominn að kör, og hins vegar til alþjóðastofnunar, þar sem stórveldin hvert fyrir sig hafa neitunarvald í öllum þeim málum, sem mestu skipta.

En ef farið er að miða stjórnskipunina eftir öðrum félagslegum stofnunum, þá væri auðvitað nær lagi að taka kjör til sveitarstjórna sem hliðstæðu, m. a. vegna þess, að sveitarstjórnir fara með mikilsvert vald í þjóðfélaginu og við kjör til þeirra hafa sömu menn kjörgengi og kosningarrétt sem til Alþingis. Til sveitarstjórna hefur um langan aldur verið kjörið hlutfallskosningum. Og aldrei hafa heyrzt um það raddir, ekki heldur frá framsóknarmönnum, að þeirri skipan bæri að breyta. Samkvæmt kenningu þeirra nú væri þó tvímælalaust rétt að afnema hlutfallskosningar í bæjarfélögunum og skipta þeim hverju fyrir sig í hverfi, sem hvert um sig kysi einn fulltrúa. Með því væri lýðræðishugmyndum bezt fullnægt og sambandið við kjósendur tryggt að þeirra dómi. Íbúar úthverfanna eða einstakra gatna yrðu þá ekki hlunnfarnir eða afskiptir um framkvæmdir. Í Reykjavík yrðu göturnar í úthverfunum malbikaðar samtímis og miðborgin og hitaveitan yrði lögð í Kleppsholtið og Blesugrófina samtímis og í næstu hverfin við Hringbrautina. Eða halda menn ekki, að þessi bragarbót yrði á og aðrar slíkar, þegar það fyrirkomulag væri komið á, sem tryggði Sjálfstfl. ekki aðeins 10 bæjarfulltrúa af 15, eins og hann hefur nú, heldur að líkindum alla fulltrúana í bæjarstjórn Reykjavíkur? Halda menn ekki, að allt framferði þessa flokks mundi gerbreytast til bóta, ef hann fengi algert einræðisvald og enginn talsmaður minnihlutaflokka gæti komið fram gagnrýni innan borgarstjórnarinnar? Eða leynist kannske vafi hjá framsóknarmönnunum um, að þessi skipan reyndist þeirri betri, sem nú gildir? Ég veit það ekki, enda er það sjálfsagt þyngra á metunum, að með því að afnema hlutfallskosningar til sveitarstjórna mundi Framsfl. missa fulltrúa sína í bæjarstjórnum allra kaupstaða í landinu og gæti enga von haft þar um nein áhrif. Það eru flokkshagsmunirnir, sem ráða stefnunni, alveg eins og í afstöðunni til kjördæmabreytingarinnar.

Framsfl. vill láta trúa því og notar það raunar sem eina höfuðröksemd í þessu máli, — þó að það sé ekki kannske alltaf bein röksemd, þá er það sú undirstaða, sem raunverulega allt er byggt á, — að hann sé hinn eini og sanni málsvari og verndari þeirra, sem búa í dreifbýli landsins. Hann einn standi gegn þeirri eyðingu landsbyggðarinnar, sem allir hinir flokkarnir hafi myndað samsæri til að fullkomna með kjördæmabreytingunni, en í kjölfar hennar eigi að sigla fjárfestingarstefna, sem svipti byggðirnar öllum möguleikum til framkvæmda og framfara og reki þar fólkið nauðugt úr átthögum sínum. Lýðræðið sé ekki aðeins búið að vera, heldur standi fyrir dyrum útþurrkun þeirrar menningar, sem íslenzkar byggðir hafa haldið uppi í þúsund ár. Og þetta er víst ekki dekksta myndin, sem dregin hefur verið af öllum þeim ósköpum, sem af stjórnlagabreytingunni leiði. Það er auðvitað mál fyrir sig, hvort Framsfl. hefur reynzt dreifbýlinu sú stoð og stytta og slíkur bjargvættur sem hann vill vera láta og hvort réttlætanlegt sé af þeirri ástæðu að gefa honum sérréttindi umfram aðra flokka í landinu eða þverbrjóta grundvallarreglur þingræðis og lýðræðis til þess, að svo megi verða. Sumir draga það í efa. Sumir eru það langminnugir, að þeir minnast þess, að Framsfl. hefur síðustu áratugina verið meðsekur Sjálfstfl. um fjölmargar stjórnmálalegar aðgerðir, sem hafa orðið þungbærastar fyrir fólkið, sem heyr lífsbaráttu sína utan Reykjavíkur og Faxaflóabyggðanna, og mest hafa stutt að því, að byggðirnar hafa eyðzt. Og hann hefur einnig staðið gegn ýmsum þeim fyrirætlunum, sem drýgstar gætu orðið til þess, að þar yrði jafnlífvænlegt sem í þéttbýlinu á Suðvesturlandi. Því skal ekki neitað, að Framsfl. hefur oft reynzt ýtinn varðandi fjárveitingar til ýmissa framkvæmda í sveitum landsins, og skal það sízt lastað. Þeir hafa líka viljað halda uppi afurðaverði til bænda og styrkjastarfsemi ýmiss konar til landbúnaðarins. Allt er þetta gott, svo langt sem það nær, þó að misviturlega kunni að hafa

verið að staðið oft og tíðum. En að undirstöðunni að velmegun bændastéttarinnar, þeirri, að almenningur í kaupstöðunum og sjávarþorpunum hefði næg og góð atvinnuskilyrði og afkomu, hefur minna verið hugað, enda ástandið orðið slíkt undir langri samstjórn Framsfl. og Sjálfstfl., að til landauðnar hefur horft víðs vegar í þrem landsfjórðungum, eins og hv. þm. S-Þ. lýsti hér svo skilmerkilega með lestri sínum úr grg. fjórðungsþinganna, svo að það er í raun og veru ekki mikil ástæða til þess að bæta miklu við þá lýsingu, því að hún er alveg sönn.

Togararnir, sem keyptir voru á nýsköpunarárunum, hétu á máli framsóknarmanna gums, og það var talið mesta óráð að dreifa þeim til sjávarbyggðanna. En þeir hafa víða til þessa dags verið sú undirstaða, sem öll afkoma fólksins byggðist á. Að kröfu Alþb. lofaði vinstri stjórnin að kaupa 15 nýja togara til landsins. Þetta loforð var svikið af Framsfl. og Alþfl. En kaupstaðirnir, sem hugðust njóta góðs af þessum skipum, eru reynslunni ríkari, en þjóðin öll þeim mun verr á vegi stödd efnalega. Framsóknarmenn skamma íhaldið réttmætum skömmum fyrir það, að það standi og hafi staðið fyrir þeirri þróun, að mestur hlutinn af fjármagni þjóðarinnar dragist til Reykjavíkur *og næsta nágrennis hennar*. Sjálfir eru þó framsóknarmenn litlir eftirbátar íhaldsins í þessu efni. Samband íslenzkra samvinnufélaga t. d. undir þeirra forustu hefur vissulega átt sinn ríka þátt í því að draga alla inn- og útflutningsverzlunina til höfuðstaðarins, en það hefur einmitt verið einn allra veigamesti þátturinn í því að beina fjármagninu þangað, en mergsjúga landsbyggðina. Þeir hafa ekki heldur verið tregari en aðrir til að draga hverja stofnun hins opinbera, sem við hefur verið komið, til höfuðstaðarins. Og loks hefur Framsfl. átt sinn fulla hluta og tekið fulla ábyrgð á þeim verknaði, sem öllu öðru fremur hefur orsakað hina óeðlilegu og óæskilegu tilfærslu fólksins í landinu og ýtt hefur fleiri landsmönnum frá þjóðnýtum framleiðslustörfum úti um landsbyggðina og til óarðbærra og jafnvel þjóðhagslega háskalegra þjónustustarfa en nokkuð annað, þ. e. a. s. hernáminu.

Undir hinni sameiginlegu stjórn íhalds og Framsóknar hélt þessi öfugþróun áfram í vaxandi mæli, og það var ekki fyrr en áhrif verkalýðshreyfingarinnar og Alþb. komu til með vinstri stjórninni fyrir þremur árum, að nokkuð tók að rofa til eftir margra ára stjórn þessara flokka og ráðstafanir voru gerðar til þess, að fólksflóttinn yrði stöðvaður, með því að renna nýjum stoðum undir atvinnulíf sjávarþorpanna og kaupstaðanna úti á landi. Og hamlaði þó Framsfl. gegn því, að átak vinstri stjórnarinnar yrði svo sterkt sem þurft hefði að vera.

Þetta er kannske útúrdúr. En það mætti virða hann til vorkunnar, þegar sá áróður klingir við dag eftir dag og viku eftir viku, bæði utan þings og innan, að Framsfl. sé sjálfkjörinn forustuflokkur dreifbýlisins og verðskuldi því eins konar einkaleyfi ásamt Sjálfstfl. til þess að fara með umboð fyrir það á löggjafarþingi þjóðarinnar. Verðskuldun hans að þessu leyti er vissulega ekki meiri en svo, að hann eigi rétt á þingstyrk í samræmi við fylgi sitt í dreifbýlinu og meðal landsmanna í heild. Og þann þingstyrk mun hann fá með hinni nýju kjördæmaskipun. Honum er unnt réttlætis, en ekki forréttinda.

Það hefur ekki leynt sér í umr. um kjördæmamálið, að ótti foringja Framsfl. um það, að hin nýja skipan auki áhrif verkalýðsstéttarinnar, er ein höfuðástæðan til andstöðu þeirra. Hlutfallskosningar í stórum kjördæmum séu hinn æskilegasti vettvangur fyrir kommúnista til þess að vinna niðurrifsstefnu sinni fylgi, segja þeir. Þegar búið er að þýða slíka frasa á mælt mál, t. d. það, sem margir framsóknarmenn tala, þegar þeir eru í stjórn með okkur Alþýðubandalagsmönnum eða í annarri samvinnu, þá þýða þau, að hin nýja skipan skapi verkalýðshreyfingunni betri vígstöðu.

Hv. þm. Barð. (SE) spáði því í sinni ræðu og raunar hv. 1. þm. Eyf. (BSt) líka, að svo mundi fara nú líkt og 1942, að það yrði ekki íhaldið, sem uppskæri mesta vinninginn út úr kjördæmabreytingunni, heldur þeir, sem nú eru nefndir kommúnistar, en ekki Alþb.-menn, eins og þeir framsóknarmenn hafa þó tamið sér síðustu þrjú árin. Þessi ótti við áhrif verkalýðsstéttarinnar er vissulega ekki ástæðulaus. Um leið og þeim þvingunum, sem úrelt kosningaskipan beitir verkalýðshreyfinguna, er aflétt, þá mun hún notfæra sér fengin réttindi og senda fulltrúa úr sínum röðum úr hverju hinna nýju kjördæma inn á löggjafarþingið. Og þeir fulltrúar munu ekki stuðla að eyðingu byggðanna, fólksflótta til Suðurnesja né hlaða undir ofurvald verzlunarauðvaldsins hér í höfuðstaðnum, eins og hinir svokölluðu landsbyggðarfulltrúar borgaraflokkanna hafa gert. Þeir munu reynast beztu samstarfsmenn bændastéttarinnar um það að byggja upp atvinnulífið í dreifbýlinu og skapa þar skilyrði til menningarlífs. En stóryrði framsóknarmanna nú um endalok íslenzkrar menningar og lýðræðis og eyðingu byggðanna munu verða aðhlátursefni hverjum, sem þeirra minnist, en þeir sjálfir því fegnastir, að þau lægju gleymd og grafin. Þetta er mín trú.

Hv. þm. Str. (HermJ) sagði hér í frumræðu sinni, að Framsfl. hefði gert sér ljóst, að Alþfl. og Alþb. gætu ekki fengið eðlilegan fjölda þingmanna og af þeirri ástæðu hefði verið samið um það, þegar vinstri stjórnin var mynduð, að kjördæmaskipunin skyldi endurskoðuð. Hér viðurkennir hv. þm. gagnstætt því, sem flokksbræður hans yfirleitt halda fram, að það sé réttmætt, að hver flokkur hljóti þingstyrk í samræmi við fylgi sitt, en það er einmitt fyrst og fremst það, sem deilan snýst nú um, hvort tryggja eigi, og Framsfl. berst hatramlegast gegn. En hann hefur, eins og kunnugt er og ég hef lýst, lýst yfir þeirri stefnu, að þurrka eigi þessa flokka út af löggjafarþinginu, þó að þeir haldi fylgi sínu meðal þjóðarinnar. Og svo hefur hv. þm. Str. brjóstheilindi til þess að fullyrða, að með þeirri kjördæma-

skipun, sem hann berst fyrir að koma á, verði hlutföll milli flokka svipuð og verða mundu eftir því fyrirkomulagi, sem nú er fyrirhugað, eins og hann orðaði það í ræðu sinni. Hið sanna er, að samkvæmt aðaltill. Framsfl. um einmenningskjördæmi og afnám uppbótarsæta yrði Alþfl. sviptur öllum þingsætum nema ef til vill einu, en Alþb. öllum nema 2—4, hvort tveggja miðað við fylgi þessara flokka í síðustu kosningum. Ef farið væri að svokallaðri miðlunartill. Framsfl., mundi mjög hallast á þá hlið, að misrétti milli flokka ykist frá því, sem nú er, en minnkaði ekki, enda eru till. þeirra miðaðar við það. Samkvæmt þessum till., þ. e. a. s. miðlunartill., á að fjölga þingmönnum um 8, en svo vísdómslega er að staðið, að sterkar líkur séu á því, að Framsfl. hlyti 50% hinna nýju þingsæta, enda þótt fylgi hans yxi ekki frá því, sem verið hefur. Á þennan hátt lýsa hv. framsóknarmenn hugmyndum sínum um lýðræðið og þykjast svo hafa efni á því að ausa aðra flokka brigzlum fyrir einræðishneigð og flokkshagsmunastreitu. Svona eru þeirra till. Það stoðar vissulega ekki neitt fyrir hv. þm. Str. að halda því fram, að þeirra till. tryggi nokkurt réttlæti milli flokka.

Allir eða flestir ræðumenn Framsfl. í þessum umr. hafa rætt um, að sérstöku stjórnlagaþingi bæri að leiða stjórnarskrármálið til lykta, með því væri bezt tryggt, að þröng flokkssjónarmið réðu ekki úrslitum þess. Nú er að vísu erfitt að sjá annað en fulltrúar á slíku þingi mundu skiptast í flokka nákvæmlega eins og á Alþingi. Eða dettur nokkrum í hug, að flokkarnir mundu láta lönd og leið, hvernig stjórnskipun lýðveldisins yrði ákveðin? En m. ö. o., ef framsóknarmenn hafa talið og telja, að þennan hátt eigi skilyrðislaust að hafa á, hvers vegna sömdu þeir þá um það við myndun vinstri stjórnarinnar, að málið yrði leyst af Alþingi? Gleymdist þeim þá lífsnauðsynin á sérstöku stjórnlagaþingi, eða var fyrir fram ákveðið að svíkja loforðið um endurskoðun stjórnarskrárinnar, eins og reyndar varð niðurstaðan? Annað hvort hlýtur að hafa verið.

Ein af helztu röksemdunum gegn breyttri kjördæmaskipun telja framsóknarmenn þá, að í stórum kjördæmum slitni hin ágætu og lífsnauðsynlegu tengsl þingmanns og kjósanda. M. a. fjölyrti hv. 1. þm. N-M. (PZ) um þetta í athyglisverðri ræðu. Sagði hann m. a., að sá væri munur á sveitamenningunni og múgmennsku bæjanna, að sveitamenningin gerhugsaði þjóðmálin, en í bæjunum ríktu lögmál hópsálarinnar, þar hugsuðu menn ekki sjálfir, heldur flokkarnir fyrir þá. Mér virðist nú einsætt, að þeim ógæfusömu fórnardýrum múgmennskunnar, sem bæina byggja, gagni lítið tengsl við þingmenn sína, fyrst þeir eru sneiddir hæfileikanum til sjálfstæðrar hugsunar, og virðist þá samkv. þeirri göfugu kenningu þessa hv. þm. einu gilda, þótt þau tengsl séu af tekin. Þegar lítið er til þessarar sannfæringar hv. þm. og ef til vill fleiri flokksbræðra hans, þá skiljast kannske betur áhyggjur þeirra. Hv. 1. þm. N-M. orðaði þetta svona: Það á að gera sveitafólkið að múgmennum, sem fara eftir því, sem flokkurinn hugsar. — Og þetta eru sömu mennirnir, sem segja þetta, sem með flokksræðið að vopni freistuðu þess fyrir þremur árum að reka fylgismenn sína í mörgum kjördæmum eins og kvikfénað til þess að kjósa annan flokk en þann, sem öll sannfæring þeirra og skoðanir stóðu til, að þeir gerðu. Eða leituðu kannske hv. 1. þm. N-M. og aðrir foringjar Framsfl. eftir því með fundum í hverjum hreppi, sem þeir tala nú svo fjálglega um að vera þurfi undirstaða frjálsrar skoðanamyndunar, hvort þeir féllust á Hræðslubandalagsfyrirtækið? Nei, ég held, að þeim hafi verið stillt upp frammi fyrir orðnum hlut og skipað. — Auðvitað er allt fjasið um, að tengslin við þingmenn rofni, fjarstæða og öfugmæli. Með stækkun kjördæmanna hljóta allir þeir, sem leita eftir kjörfylgi, að leitast við að ræða við kjósendur sína sem víðast í hverju kjördæmi og kynna sér viðhorf þeirra, áhugamál og viðfangsefni. Í stóru kjördæmi hlýtur því hver þingmaður að ná persónulegum tengslum við fleiri kjósendur en í litlu kjördæmunum. Tengslin vaxa því, en minnka ekki.

Hv. 1. þm. N-M. sagði, að enginn væri hæfur þingmaður, nema hann hefði heildaryfirsýn yfir þarfir hvers einasta byggðarlags í landinu. En hvernig má slíkt verða, ef það á að vera hverjum manni ofraun að hafa yfirsýn yfir öll helztu vandamál og viðfangsefni þeirra kjördæma, sem nú eru fyrirhuguð? Er ekki einhver smáveila í þessu öllu saman? Sýnir þetta ekki, að leitin eftir rökum, sem eitthvert hald er í, er nokkuð torsótt?

Ég ætla ekki að fara hér í neinn eltingaleik við hv. framsóknarmenn í þessu máli, enda liggja höfuðatriði þess ljóst fyrir. Annars vegar er um það að ræða að viðhalda eða auka á ranglæti og mismunun um almenn mannréttindi, sem orðið er svo hróplegt, að jafnvel þeir, sem af því hafa hagnað, treystast ekki til að verja það nema með því að dulbúa varnir sínar í voðir misskilinnar eða tilbúinnar umhyggju fyrir þeim, sem þó verða í rauninni harðast úti. Hins vegar er það, hvort draga eigi úr misrétti, skapa heiðarlegri og réttlátari leikreglur í stjórnmálabaráttunni og tryggja eftir föngum, að Alþingi verði skipað í samræmi við vilja meiri hluta þjóðarinnar. Um þetta snýst málið, og út frá þessum meginatriðum hlýtur þjóðin að skera úr um það í kosningunum í sumar.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 474 felld með 10:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermJ, KK, SE, BjörgJ, BSt.

nei: FÞ, GTh, JK, SB, SÓÓ, AG, BjörnJ, EggÞ, FRV, FS.

2 þm. (JJós, PZ) fjarstaddir.

Brtt. 474 felld með 10:5 atkv.

1. gr. samþ. með 10:5 atkv.

2. gr. samþ. með 10:5 atkv.

3. gr. samþ. með 10:5 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10:5 atkv.

Á 115. fundi í Ed., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Björgvin Jónsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr. um breyt. á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, hefur verið rækilega rætt í hv. Nd. og í þessari hv. d. Það má því segja, að það sé að bera í bakkafullan lækinn að hafa um það öllu frekari umr., þar sem það er og jafnframt fyrir fram ákveðið, að málið skal keyrt í gegnum þingið breytingalaust. Þrátt fyrir þetta get ég ekki stillt mig um að fara um málið nokkrum orðum.

Frv. þetta er nánast bylting á skipan Alþingis og kjördæmaskipan landsins. Hér skal með einu pennastriki afnema sjálfstæði héraðanna og færa valdið til áhrifa á löggjafarsamkomuna úr höndum þeirra í hendur flokka.

Frv. þetta væri réttnefnt frv. til laga um alræði íslenzkra stjórnmálaflokka. Með auknum tækni og auknum hraða hafa stjórnmálaflokkarnir breytzt úr því að vera hagsmunasamtök manna með svipaðar skoðanir í það að verða það ægivald, er öllu vill stjórna. Í dag er það einn versti glæpur, er um getur, að vera ekki á sama máli og flokkurinn. Dæmin eru nærtæk, ef á þarf að halda. Hin alvitra flokksforusta vill hafa vit fyrir hinum almenna kjósanda. Fram til þessa hefur hin forna og heföbundna kjördæmaskipan vegið nokkuð upp á móti þessari óheillaþróun. Ekki er langur tími liðinn síðan fólkið í landinu tók fram fyrir hendur tveggja stærstu þingflokkanna og fór sínu fram þrátt fyrir ákvörðun þeirra um annað, m. a. til að koma í veg fyrir slíkt, og fyrst og fremst þess vegna er þetta frv. fram borið.

Enginn af flm. þessa frv. hefur minnstu áhyggjur vegna þess, að með samþykkt þess, ef að lögum verður, koma Norður-Ísfirðingar, Vestur-Húnvetningar, Seyðfirðingar, Austur-Skaftfellingar og Vestur-Skaftfellingar, svo að aðeins fáir séu nefndir, til með að tapa fulltrúum sínum af löggjafarsamkomum. Ég veit, að hv. þm. N-Ísf. (SB) og hv. þm. V-Sk. (JK) munu svara þessu þannig, að ekki séu þeir nú minni þm. fyrir sín héruð, þó að þeir séu kosnir í stórum kjördæmum. En það má um þessa menn segja, að þeir eru ekki eilífir frekar öðrum dauðlegum mönnum. Og hverjum dettur í hug að velja fulltrúa úr fámennustu byggðarlögum áttunganna, eftir að frv. þetta verður endanlega samþykkt? Mér kemur það a. m. k. ekki til hugar, að nokkur hinna íslenzku stjórnmálaflokka geri slíkt, og þori að fullyrða, að innan fárra ára eiga hin harðbýlli og strjálbýlli héruð engan málsvara hér á löggjafarsamkomu.

Björn Jónsson, hv. landsk. þm., hélt hér langa ræðu í gær. Um hann má það segja, að hann var allvígalegur og hjó þar títt til beggja handa. Hann hélt því fram sem bjargfastri skoðun sinni, að þetta frv. væri sá Kínalífselexír, er mundi bæta öll þjóðlífsmein. Af ræðu hans varð ekki annað ráðið en það, að frv. þetta væri fyrst og fremst sigur fyrir hann og hans flokksmenn: íhaldið, eins og hann orðaði það, fylgdi þessu frv. af heimsku, kratarnir af ótta og við framsóknarmenn værum á móti því af þröngsýni. Atkvæðin eiga alls staðar að vera jöfn, sagði Björn. Rétt á eftir sagði þessi hv. þm. þó: Persónulega er ég þeirrar skoðunar, að Norðausturlandskjördæmi hefði sökum fjölmennis og fjarlægðar frá höfuðstaðnum átt að fá einum þm. fleira, en vegna þess að þá koma upp kröfur frá öðrum, vildi ég ekki stofna afgreiðslu málsins í voða með því að halda þessari skoðun minni til streitu.

Þessi hv. þm. telur þá þrátt fyrir allt, að t. d. fjarlægð frá höfuðstaðnum hafi eitthvað að segja í sambandi við þingfulltrúafjölda. Fús er hann þó til þess að fórna skoðun sinni, ef aðrir ættu þar einnig af að njóta, fleiri en kjördæmi hans.

Hann fjölyrti einnig nokkuð um Flateyjarverzlun hv. þm. S-Þ. (KK), eins og hann orðaði það, og sagði, að þetta brall til þess að koma fram hagsmunamálum einstakra héraða væri ein höfuðástæðan til þess, að frv. þetta ætti að ná fram að ganga. Mikið er minn ágæti vinur nú gleyminn. Það er sárastutt síðan fjárl. voru afgreidd, og þá minnir mig, að hv. þm. hafi ekki verið sem ánægðastur með fjárveitingar til Akureyrarkaupstaðar og viðhaft þar um stór orð.

Núverandi kjördæmaskipun hefur haldið verkalýðsflokkunum í skrúfstykki. Framsfl. vill einmenningskjördæmi og vill þvinga fylgismenn verkamannaflokkanna inn í sínar raðir sem áhrifalausa fylgismenn, sagði hv. þm. Hinir áhrifalausu verkalýðsflokkar, eins og þm. orðaði það, eru nú í dag í slíku skrúfstykki, að þeir hafa þó skipt sér í tvennt og eiga báðir fulltrúa hér á löggjafarsamkomunni, og annar þessara flokka, sem er í skrúfstykkinu, fer í dag með stjórn landsins.

Svona rekst hvað á annars horn, og mikið álit hlýtur hv. þm. að hafa á Framsfl., þar sem hann slær því fyrir fram föstu, að ef einmenningskjördæmaskipulag yrði upp tekið hér á landi, þá hlytu stuðningsmenn Alþb. og Alþfl. skilyrðislaust að ganga inn í raðir framsóknarmanna án þess að hafa þar nokkur áhrif. Ég skal fúslega viðurkenna, þrátt fyrir það þótt ég sé framsóknarmaður, að ég er hv. þm. þarna alls ekki sammála. Ég held, að ef tveggja flokka kerfi yrði upp tekið hér á landi, mundi flokkaskipunin riðlast, og ég tel ekki, að það væri skeður neinn höfuðglæpur, þótt þjóðin væri ekki neydd til að flísast í ótal smáflokksbrot.

Þrátt fyrir fögur litklæði og stór slagorð máli þessu til réttlætingar skín þó alls staðar í gegn hinn eiginlegi tilgangur frv. Flutnings- og stuðningsmenn frv. endurtaka og undirstrika æ ofan í æ það, er við framsóknarmenn höfum mest varað við: Það verður að efla flokksvaldið. Við, sem skipum þessa hv. d., þurfum ekki að vera í neinum vafa. Hv. 6. þm. Reykv. (GTh), borgarstjórinn í Reykjavík, hélt hér í hv. d. þriggja tíma fyrirlestur um stjórnskipan ýmissa Evrópulanda. Inn í þennan fyrirlestur var ofið af hans alþekktu snilld vel orðuðum bröndurum um þriðju síðu Tímans,

bókmenningu bæjarbúa og gleðikonur. Þá sjaldan hv. 6. þm. Reykv. gerði íslenzka staðhætti að umræðuefni, varð hann að hafa eitthvað af þessu þrennu til að krydda með mál sitt.

Ég er einn af þeim, sem hafa mikið álit og að mörgu leyti dálæti á hv. 6. þm. Reykv. Það var mér þess vegna sérstakt ánægjuefni að heyra hann nú loksins skila hæstv. Alþingi skýrslu um utanferð sína hér um árið til þess að leita að stjórnarskrá handa lýðveldinu. Vona ég, að með þessu sé endanlega af honum rekið slyðruorðið, og þó að borgarstjórinn hafi í leiðinni kynnt sér ýmsar aðrar hliðar á menningu Evrópuþjóða, þá tel ég, að það sé fyrst og fremst hans persónulegt mál, en ekki okkar.

Ég ætla ekki að svo komnu máli að bera brigður á neitt af því, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði um stjórnskipunarlög annarra þjóða, enda hef ég ekki haft tækifæri til þess að kynnast því sem skyldi. Hitt vildi ég undirstrika, að þrátt fyrir það, að sjálfsagt sé að hafa stjórnskipan annarra landa til hliðsjónar, þegar stjórnskipunarlög vor eru endurskoðuð, þá verðum vér fyrst og fremst að miða stjórnskipunarlög vor við Íslendinga og íslenzka staðhætti.

Tilhneigingin til að drottna er jafngömul mannkyninu. Eftir því sem hraðinn og tæknin hafa vaxið, hefur sú krafa orðið æ háværari, að nauðsyn beri til þess að skipuleggja alla hluti og hefta þá í fjötra skriffinnsku og skipulags. Í þeim ríkjum, er kommúnistar hafa náð völdum í, er það þeirra fyrsta verk að leggja niður sem allra mest af sjálfstæðum atvinnurekstri og taka upp ríkis- og samyrkjurekstur. Þetta er byggt á þeirri höfuðkenningu, að allt of mikið vinnuafl og fjármunir fari forgörðum, ef leyfður sé rekstur sjálfstæðra fyrirtækja. Með því að skipuleggja þetta allt eftir kúnstarinnar reglum og nýta vinnuafl og fjármagn til fulls sé unnt á stuttum tíma að ná hinu setta marki. Morgunblaðið, höfuðmálgagn stjórnlagabyltingarinnar, hefur oft í vetur verið að skýra frá grundvallarbyltingu, sem hinn kommúnistíska stjórn Kína sé að gera á landbúnaði Kínverja. Blaðið á ekki nógsamlega sterk orð til að lýsa því, hvaða ofbeldis- og gerræðisbreyting þar sé á ferðinni. Rök hinna kínversku komma eru önnur. Þeir telja sig vera að lyfta Kínverjum á hærra stig með þessum aðgerðum sínum. Þeir segjast vera að rétta litla bróður hjálparhönd. Smábúskapur er of dýr, segja þeir. Með skipulagi og aftur skipulagi er hægt að ná til fullkomnunar. Vafalaust finnast margir Íslendingar, er hafa þá grunnmúruðu sannfæringu, að leiðin til aukinnar velmegunar fyrir íslenzku þjóðina liggi í gegnum aukin flokka- og ríkisafskipti. Þeir hinir sömu menn geta fylgt þessu frv. af sannfæringu. Fyrir þá er þetta kerfi mikilvægur áfangi að lokamarkinu.

Hin eiginlegu rök formælenda þessa frv. eru öll hin sömu og rök kínversku kommanna. Þrátt fyrir það, þótt frv. sé klætt í litklæði og viðhöfð um það skjall og faguryrði, eins og fólkið í þéttbýlinu rétti fámenninu bróðurhönd til einlægrar samvinnu um heill allra byggða Íslands, þá skín þó alls staðar í gegn hinn eiginlegi tilgangur.

Einar Olgeirsson, hv. 3. þm. Reykv., hefur einurð til þess að segja þetta umbúðalaust. Hann telur, að óhófleg fjárfesting í dreifbýlinu sé höfuðorsök erfiðleikanna í efnahagslífinu, og hann telur, að breytt kjördæmaskipun sé ein þess megnug að snúa þessari þróun við.

Prófessor Ólafur Björnsson, hv. landsk. þm., skilgreinir þetta á svipaðan hátt og nefnir uppbygginguna í dreifbýlinu pólitíska fjárfestingu.

Það er allt of almenn skoðun hér í höfuðborginni og næsta nágrenni, að það sé firra að stuðla að því, að byggð haldist á afskekktum stöðum. Hversu oft heyrir maður ekki: Hvaða vit er í því að vera að brúa þessa eða hina ána? Það eru aðeins örfáar hræður, er af því njóta gagns. Það er langtum betra að flytja þessar hræður hingað suður. Hér er nægilegt fyrir þær að gera. — Eða hve oft heyri ég ekki: Hvaða vit er í því að vera að fjárfesta svona mikið á Seyðisfirði? Það er ódýrara að byggja yfir alla Seyðfirðinga hér í Reykjavík. — Og þessir sömu menn segja eins og Einar Olgeirsson: Það er ekki unnt að stöðva þessa brjáluðu fjárfestingu með öðru móti en því að steypa kjördæmunum saman í stórar einingar, þar sem flokksvaldið yfirgnæfir algerlega byggðavaldið.

Ég ferðaðist lítið eitt um Jótland í vetur, keyrði m. a. um þau svæði, þar sem hagspekingar Danakonungs ætluðu íslenzku þjóðinni bólfestu, þegar þeir voru búnir að dæma Ísland óbyggilegt. Þá ætluðu Danir að rétta litla bróður sína hjálparhönd og bjarga okkur frá algerri tortímingu. Vart hygg ég, að hagspekingum þríflokkanna þættu þau skipti nú fýsileg. Mörg hin harðbýlli og fólksfærri héruð eru nú í dag í svipaðri aðstöðu gagnvart þeim, er miða þjóðlífið við útkomu á reiknistokk. Ekki eru margir áratugir liðnir, síðan sunnlenzkt verkafólk sótti í hundraðatali bjargræði á sumrum til Austurlands. Þá voru þar allir firðir fullir af síld og öðrum nytjafiski. Oft var sumarkaup þessa fólks á Austfjörðum einu peningarnir, sem það sá yfir árið. Þá var talið, að ýmsir bæir austur þar væru vel á vegi með að skáka Reykjavík. Síldin hvarf um stundarsakir. Erlendir veiðiþjófar urðu upp fiskimiðin. Erfitt árferði og illvígir sauðfjársjúkdómar herjuðu landbúnaðinn. Allt þetta samvirkt er þess valdandi, að fólksfjölgun hefur ekki verið ör á Austurlandi á síðustu árum. Íbúar Austurlands hafa nú vonandi yfirstigið mestu örðugleikana. Mikilvirk framleiðslutæki hafa verið byggð í landi. Fiskiskipastóll er nú þar orðinn bæði mikill og góður. Stórri vatnsvirkjun er nýlokið. Byggingum í sveitum og ræktun hefur fleygt fram. Hin nýja tólf mílna landhelgislína tryggir fiskimiðunum friðun fyrir erlendum ránsmönnum. Allar skynsamlegar líkur benda til, að einmitt þarna verði á næstu árum stórfelld fólksfjölgun. Austfirðingar hafa

með miklum dugnaði yfirunnið erfiðleikana.

Hvernig líta svo hagspekingar þriflokkanna á þessa viðleitni? Þar kemur enn fram snilld þeirra með reiknistokkinn. Hlutfallið er í augnablikinu óhagstætt hvað fólksfjölda viðkemur. Þá er bara að fækka um einn þm.

Einn af mestu valda- og virðingarmönnum hinnar heilögu þrenningar, hæstv. forseti sameinaðs Alþingis, Jón Pálmason, orðaði þetta þannig í útvarpsræðu sinni nú nýlega, að ekkert kjördæmi yrði lagt niður nema Seyðisfjörður, hin yrðu aðeins sameinuð. Nú hef ég ekki tekið eftir því enn þá í frv., að inn sé komið ákvæði um það að svipta Seyðfirðinga kosningarrétti, en vel getur verið, að það þyki heppilegra að setja það ekki inn fyrr en á sumarþingi.

Öðruvísi mér áður brá. Seyðfirzkir kjósendur kusu lengi gagnmerka sjálfstæðisþm. til setu hér á hv. Alþingi. Þá heyrðist aldrei á það minnzt, að sérstök þörf væri á því að gerbylta allri kjördæmaskipan landsins aðeins til þess að leggja niður þetta eina kjördæmi. Það hefði þótt tíðindum sæta árið 1953, ef þá hefði verið prédikað af frambjóðanda Sjálfstfl., að hin nauðsynlegasta breytingin á íslenzkum stjórnlögum væri sú að leggja einmitt þetta kjördæmi niður.

Það hafa orðið nú á síðustu árum þær breytingar á íslenzkum þjóðarhögum, að nauðsyn hefur verið endurskoðunar stjórnarskrárinnar, þ. á m. endurskoðunar kjördæmaskipanarinnar. Um þetta hafa allir flokkar verið sammála. Greint hefur á um leiðir, en enginn ágreiningur verið um, að leiðrétting væri nauðsynleg.

Framsfl. telur eðlilegast, að stjórnarskrármálið í heild sé tekið til endurskoðunar af þar til kjörnu sérstöku stjórnlagaþingi. Vitað er, að þessi till. á miklu fylgi að fagna hjá fólki úr öllum stjórnmálaflokkum víðs vegar um landið. Það hafa verið notuð sem höfuðrök gegn þessari till., að Alþingi setti niður við, að kosið yrði sérstakt stjórnlagaþing til að setja lýðveldinu stjórnarskrá. Vart munu finnanleg meiri falsrök en þessi. Ekkert er eðlilegra og æskilegra en það, að sérstakt þing setjist á rökstóla og setji lýðveldinu grundvallarstarfsreglur. Ætla mætti, að slíkt stjórnlagaþing yrði ekki eins rígskorðað af pólitískum flokkshagsmunum og Alþingi því miður er, og væri þá vel farið.

Þegar þessi leið reyndist lokuð, lýsti Framsfl. sig reiðubúinn til þess að hafa fullt samstarf um sanngjarna lausn kjördæmamálsins. Framsfl. hefur í þessari viðleitni sinni til að ná eiringu um þetta mál borið fram till., sem í öllum meginatriðum tryggja hinum almenna kjósanda í þéttbýlinu svipaðan rétt og hann fær með því frv., sem hér er til umræðu. Framsfl. hefur hins vegar verið algerlega ófáanlegur til þess að fórna sjálfstæði og sjálfræði héraðanna á altari flokksræðisins. Þar greinir á milli. Við teljum, að hin sögulega þróun kjördæmanna og sjálfstæði héraðanna sé svo rótfastur hluti af hinum íslenzka þjóðlífsmeiði, að þar megi ekki við hrófla. Flokksvaldið er of mikið þegar í dag, það þyrfti að minnka, en ekki að aukast. „Framsfl. hefur allt of marga fulltrúa miðað við fylgi flokksins meðal þjóðarinnar, þetta verður að breytast," er eitt af aðalkjörorðum forsvarsmanna þessarar stjórnlagabyltingar. Jafnvel Alþýðublaðið, blað bandalagsflokks okkar framsóknarmanna úr síðustu alþingiskosningum, notar þetta sem rök og birtir þeim til stuðnings tölur úr síðustu alþingiskosningum. Já, þetta mál þarf á undarlegustu röksemdafærslum að halda.

Önnur aðalrökin eru þau, að Framsfl. verði stórlega veiktur með þessu frv. og sé það höfuðástæðan til andstöðu flokksins. Þegar umbúðirnar eru teknar utan af þessu, hvað kemur þá í ljós? Í hinum smærri kjördæmum hafa allir stjórnmálaflokkar nákvæmlega sama rétt til að afla sér fylgis. Framsfl. hefur þar enga sérstöðu, enda á Sjálfstfl. marga merka alþingismenn á þingi nú úr fámennum kjördæmum. Við getum tekið sem dæmi gagnmerkan þingmann eins og hv. þm. V-Sk. (JK), er verður nú að lúta þeim örlögum, að forusta flokks hans hefur ákveðið að svipta umbjóðendur hans, Vestur-Skaftfellinga, þm. sínum.

Og hver er svo sannleikurinn um það, að Framsfl. verði stórlega veiktur með þessari breytingu? Jú, ef notuð er rökfræði flm. málsins, þá gæti leynzt í þessu svolítið sannleikskorn. Með því að hnitmiða þingmannatölu hinna einstöku kjördæma við það, að sem flest atkv. Framsfl. verði óvirk í kjördæmunum, ætla mennirnir með reiknistokkinn að gera tilraun til þess að hnekkja eitthvað þingmannatölu Framsfl. Af þeim rótum er runnin fækkun þm. á Austurlandi, og af sömu ástæðum er Norðlendingum og Sunnlendingum neitað um eðlilega fulltrúatölu, miðað við höfðatöluregluna. Hér gleymist aðeins það, að hvað sem mennirnir með reiknistokkinn reikna og reikna og hvaða útkomu sem þeir fá, þá er það kjósandinn sjálfur, sem setur krossinn á kjörseðilinn, en ekki reiknivélin. Hitt gleymist einnig, að Framsfl. hefur nú um árabil ekki átt þm. úr höfuðstaðnum og aldrei á Reykjanesi. Nú getur ekki einu sinni reiknistokkurinn breytt því, ef þetta frv. verður samþ., að þá fær Framsfl. kjörna þm. úr báðum þessum kjördæmum. Framsfl. veikist ekki við þessa breytingu, heldur þvert á móti. Hann, eins og allir hinir flokkarnir, styrkist og eflist. Það er alveg sama, hvernig þessu dæmi er velt fyrir sér, útkoman verður ávallt sú sama. Stjórnmálaflokkarnir eflast allir vegna þessara breytinga, flokksvaldið kemst í algleymi, réttur hins almenna kjósanda hverfur í skugga flokksvaldsins, og það verður þjóðin ein, sem tapar.

Þetta er nú í þriðja sinn á tæpum þremur áratugum, sem gripið er til þessa sama leiks. Ávallt er ranglætið orðið því meira að fáum árum liðnum og þörfin brýnni til breytinga. Nú er þó skeiðið nær á enda runnið, næsta skrefið hlýtur að verða landið eitt kjördæmi. Annars er nógu merkilegt að virða það fyrir sér, að alltaf er gripið til þessa ráðs, þegar mestir örðugleikar steðja að þjóðinni. Árið 1933, þegar mesta kreppa, sem yfir þjóðina hefur gengið, var í algleymi, var gripið til kjör-

dæmabreytingar. Árið 1942, í umróti síðari heimsstyrjaldarinnar, þegar svo mikil nauðsyn var talin á þjóðareiningu, að alþingismenn höfðu þá nýlega framlengt sín eigin kjörbréf, þá var einnig gripið til þessa ráðs. Og nú, þegar nær óyfirstíganlegir örðugleikar steðja að íslenzku fjármálalífi og lífsnauðsyn var eiingar þjóðarinnar um lausn þeirra vandamála, þá er einnig gripið til þessa ráðs. Þjóðarskútunni er fleytt á fyrningum og tilbúnum tölum yfir tvennar kosningar og strikið haldið beint út í fjárhagslega ófæru. Þjóðin er vitandi vits leynd staðreyndum um ástand efnahagsmálanna. Efnt er til tvennra kosninga, og að þeim loknum er meiningin að leysa efnahagsmálin a. m. k. að verulegu leyti á kostnað dreifbýlisins. Jafnvel nú er ekki til fulls hægt að leyna tilganginum. Verklegar framkvæmdir eru lækkaðar, raforkuáætlun dreifbýlisins er pörtuð í sundur og gerð að óskapnaði. Hvað mun þá á eftir fara, þegar vald héraðanna hefur verið afnumið, flokksvaldið er komið í algleyming og þeir menn, sem ráða mestu í þríflokkunum, geta þjónað þeirri hagspeki sinni, að öll fjárfesting utan Faxaflóa sé óarðbær og pólitísk fjárfesting, sem sé efnahagslífinu hættuleg, og þess vegna beri að stöðva hana?

Enginn vafi er á því, að ef frv. þetta nær endanlegu samþykki, þá verður ekki unnt að stöðva þá öfugþróun, sem nú er hafin. Þá munu aftur hefjast í stórum stíl flutningar fólks utan af landi hingað til Faxaflóasvæðisins. Heil landssvæði munu leggjast í auðn og fólkið þyrpast hingað suður. Allir sjá, hve geysihættuleg þessi þróun verður, ekki síður fyrir íbúa Faxaflóasvæðisins en aðra landsmenn. Þegar vinstri stjórnin tók við völdum árið 1956, var það eitt af aðalstefnumálum hennar að stöðva fólksflóttann utan af landi. Þetta tókst til mikillar blessunar fyrir alla aðila. Þessi stöðvun vannst ekki með neinu pennastriki eða töfraaðgerðum. Nei, stöðvunin náðist aðeins vegna þess, að vinstri stjórnin skildi þarfir fólksins úti um hinar dreifðu byggðir. Vinstri stjórnin veitti miklu fjármagni út á land til uppbyggingar framleiðsluatvinnuveganna. Þessi þróun sagði fljótt til sín í efnahagslífinu. Framleiðslan úti um landsbyggðina tók stór stökk fram á við. Stöðvun fólksflutninganna hingað suður til Reykjavíkur varð þess þegar valdandi, að atvinna í Reykjavík varð tryggari en verið hafði um stund og meiri, vegna þess að óeðlileg fjölgun varð ekki á vinnumarkaðnum. Þessi stefna vinstri stjórnarinnar mun lengst halda merki hennar á lofti. Uppbyggingunni á atvinnulífinu úti um landið er nú komið vel á veg. Þó er hægt með einu pennastriki að þurrka út eða lama mikið af því, sem áunnizt hefur. Sterk öfl hafa ávallt unnið á móti þessari stefnu. Því miður eru þessi öfl ofan á nú um stund. Ég trúi því þó ekki, fyrr en ég tek á, að fólkið, er byggir landsbyggðina, láti það viðgangast, að allt vald verði tekið úr þess hendi og verði flutt yfir á flokkshendur. Ég trúi því ekki heldur, að fólkið í þéttbýlinu skilji ekki þann voða, er að því steðjar, ef fólksflutningar utan af landi hefjast á nýjan leik. Eina ráðið til þess að koma í veg fyrir þetta hvort tveggja er, að kjósendur í landinu leysi í þessum kosningum af sér flokksviðjarnar og kjósi eingöngu með tilliti til skoðana sinna á þessu mikla máli. Ef svo verður, þá þarf ekki að efa úrslitin.

Þm. Framsfl. hafa nú í báðum hv. þd. lagt fram ýtarleg nál. í stjórnarskrármálinu og í ræðum greint greinilega frá skoðunum flokksins. Ég hef reynt að lýsa einum þeim þætti þessa máls, er ég tel mjög mikilsverðan, látið öðrum eftir að lýsa hinum sögulegu rökum, er einnig mæla öll á móti frv.

Hv. 6. þm. Reykv. (GTh), borgarstjórinn í Reykjavík, hélt, eins og ég sagði áðan, mjög langan fyrirlestur um stjórnskipunarlög almennt. Nokkuð miklu af tíma sínum varði þessi hv. þm. til þess að sýna og sanna þá höfuðkenningu sína, að án undantekninga eigi atkvæði að vera jöfn, eitt atkv. eigi að vera jafngilt, hvort sem það er norður á Hornströndum eða hér suður í Reykjavík. Hann tók skýrt fram, að þetta frv., er hér er til umr., væri meingallað að þessu leyti, þar sem mun meira atkvæðamagn væri á bak við hvern fulltrúa þéttbýlisins en þingfulltrúa utan af landi. Hann lýsti þeirri skoðun sinni, að þetta yrði að leiðrétta. Hann tók fram, að sín skoðun væri sú, að þetta ætti að leiðrétta á grundvelli þess skipulags, er hér væri lagt til. Á sama hátt lýsti þessi hv. þm. áhuga sínum og aðdáun á því, er hann kallaði þýzka kerfið, þar sem uppbótarsætum væri úthlutað, þar til fullum jöfnuði væri náð á milli þingflokka.

Yfirlýsingar 6. þm. Reykv. í þessu máli undirstrika allt það, sem við framsóknarmenn höfum sagt. Tilgangur frv. er að gera vald hinna strjálbýlli landshluta að engu. Hitt væri svo ákaflega fróðlegt að fá að vita, á hvern hátt hv. 6. þm. Reykv. ætlar að þjóna hinu fullkomna réttlæti. Eftir því sem hann lýsti skoðunum sínum, þá getur það ekki verið með því að leggja niður uppbótarsætin, heldur þvert á móti, að sú tala á að vera óbundin, þar til fullum jöfnuði er náð á milli þingflokka. Og þá er aðeins tvennt eftir: annaðhvort er að fækka stórlega þm. utan mesta þéttbýlisins frá því, sem lagt er til í því frv., sem hér er til umræðu, eða þá að fjölga stórlega þm. frá því, sem nú er ákveðið. Mér finnst, að þjóðin eigi kröfu á því að fá svör við því, hvernig þetta er hugsað, þar sem svona hlut er skilyrðislaust lýst yfir af jafnmikilsvirtum stjórnmálaleiðtoga og hv. 6. þm. Reykv. er.

Ég vil svo aðeins að lokum endurtaka það, að frv. þetta er fyrst og fremst fram borið til að eyða hinu forna byggðavaldi og færa allt vald í hendur misviturrar flokksforustu. Við framsóknarmenn höfum til sátta borið fram miðlunartillögur í málinu, sem í öllum aðalatriðum gátu tryggt fólkinu í þéttbýlinu sama áhrifavald og það, sem er í stjórnlagabyltingarfrv. Það, sem þar greinir á milli, er aðeins eitt, og það er, að við viljum ekki auka flokksvaldið á kostnað byggðavaldsins. Við viðurkennum, að til staðar eru fullkomnar ástæð-

ur til þess, að fólkið í þéttbýlinu fái meiri rétt til áhrifa á löggjafarsamkomuna en það hefur í dag. Við viljum láta það fá þennan rétt án þess að fótumtroða hina fornu héraðaskipun eða brjóta á bak aftur vald héraðanna. Við höfum varað við því gerræði, sem hér er verið að fremja, og berjumst gegn því eftir mætti. Fyrirsjáanlegt er, að málið verður keyrt í gegnum þingið. Þjóðin sjálf á næsta leik, og það er hún, er segja mun síðasta orðið.

Frsm. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég mun ekki að þessu sinni flytja langa ræðu, en vil aðeins segja nokkur orð, bæði af því, að ég á visst erindi sem frsm. minni hl., en þó jafnframt vegna nokkurra atriða, sem komu fram í ræðu hv. 8. landsk. þm. (BjörnJ) hér í gær og snertu mig jafnvel persónulega lítils háttar.

Ég beið með nokkurri eftirvæntingu eftir ræðu hv. 8. landsk., því að vitað var, að Alþb. í heild hafði verið tregt til samninga í kjördæmamálinu, ekki talið það einboðið hagsmunamál fyrir sig og sumir ekki reiðubúnir að flokka það undir einboðið réttlætismál heldur. Svo kom ræðan, og hún var alls ekki hjáróma ræðum sjálfstæðismanna í neinu, sem máli skipti, en steig í sumu talsvert hærra en ræður þeirra. Hún minnti mig á það, sem einhvers staðar stendur:

„Eldi heitari
brennur með illum vinum
friður fimm daga."

En framhaldið muna menn vafalaust. Það þarf nú ekki endilega að setja það í samband við fyrri hlutann hér, en ég vil þó leyfa mér að gera það:

„En þá slokknar,
er hinn sjötti kemur,
og versnar allur vinskapur."

Nú eru enn ekki liðnir fimm dagarnir, en sá sjötti kemur einhvern tíma.

Hv. 8. landsk. þm. viðurkenndi, að Norðausturlandskjördæmi væri afskipt eftir þeim mælikvarða, sem notaður hefði verið við að semja frv., en tók fram, eins og hann hafði tekið fram í n., að hann stæði með þessu eigi að síður. Hins vegar virtist hann sjá ástæðu til þess að álasa mér fyrir að hafa ekki flutt brtt. um leiðréttingu. Þegar ég heyrði undirtektir hans í n., sá ég ekki til neins að flytja um þetta brtt. Úr því að hann, sem viðurkenndi óréttinn og var málið sérstaklega skylt, vildi ekki styðja slíka till., þá hafði vitanlega enga þýðingu fyrir málið, að ég færi að flytja hana, og við framsóknarmenn höfum engar smærri till. borið fram, heldur aðeins till. um aðalatriði. Hitt er ég viss um, að ef hv. 8. landsk. þm. hefði haldið fast á rétti Norðausturlands, eins og honum var skylt að gera, þá hefði hann getað fengið þessu breytt, því að svo mikið lá þríflokkunum á samstöðunni. Hann hafði þá aðstöðu. Ég hafði hana enga. Hann getur því ekki komizt hjá ámæli fyrir þetta heima fyrir. Hann á, eins og málin stóðu, sök á þessu eins og aðrir þríflokkaþingmenn af þessu svæði alveg sérstaklega. Ef þeir hefðu allir staðið saman um þetta atriði, hefði þetta verið þeim leikur einn, það er ég viss um. En þeir hafa ekki lagt á þetta skylda áherzlu.

Svo vill hv. 8. landsk. halda því fram, að enginn þurfi að efast um samstöðu þm. allra flokka í hinum stóru fyrirhuguðu kjördæmum vegna málefna kjördæmanna, eða kjördæmisins, sem þá verður eitt. Honum fannst ljótt af mér að draga þá samstöðu í efa.

Segja má nú, að samstaðan hafi byrjað fallega í kjördæmamálinu sjálfu.

Hv. 8. landsk. var í ræðu sinni að reyna að fetta fingur út í þá samvinnu, sem ég nefndi sem dæmi, að verið hefði milli þm. Ak. og mín um útvegun fjár til Akureyrarhafnar annars vegar og hafnarbóta í Flatey á Skjálfanda hins vegar. Hann nefndi þá mjög svo eðlilegu nágrannasamvinnu okkar hrossakaup. Öll orð má misnota, eins og hann gerði þarna. En þegar þau eru misnotuð, þá verða þau feilskot. Ég sýndi fram á, hvað slík samvinna sem okkar þm. á Ak. hefði verið fáliðaða staðnum Flatey mikilsverð. Með því hefði hann náð sínum rétti eins og fjölbýlisstaðurinn, af því að hann átti, fáliðaði staðurinn, sinn sérstaka þm. í einmenningskjördæmi. Ég leiddi rök að því, að þetta yrði ekki fyrir hendi, þar sem þm. af ýmsum flokkum ættust við innan stóru kjördæmanna, og mundi ekki verða framvegis, að því er snerti Akureyri og Suður-Þingeyjarsýslu, í sama mæli og áður var. Þá yrði nefnilega Flatey og aðrir fámennir staðir miklu verr settir. Á stóru svæðunum tekst ekki sú heilbrigða samvinna milli manna af ýmsum flokkum, sem var með mér og þm. Ak. fyrir kjördæmi okkar, en hv. 8. landsk. þm. leyfði sér að nefna hrossakaup.

Það verður miklu heldur sú samvinna í stóru kjördæmunum, sem er nýafstaðin milli hv. 8. landsk. þm. og þm. Ak. við afgreiðslu málefna Akureyrar í sambandi við fjárlögin. Hvað vill hv. 8. landsk. kalla þá samvinnu? Kannske ósamtök. Nei, það er of veikt orð. Þar var í sumu maður á móti manni. Svona verður það í stóru kjördæmunum. Að kalla samvinnu, sem ég talaði um að verið hefði milli okkar fyrrv. þm. Ak., hrossakaup var ekki aðeins feilskot í venjulegri merkingu, það var feilskot, sem hitti skyttuna sjálfa.

Hv. 8. landsk. þm. talaði um það, sem hv. þm. Seyðf. (BjörgJ) minntist mjög vel á hér áðan, að einmenningskjördæmin hefðu haldið verkalýðshreyfingunni í skrúfstykki. Hv. þm. Seyðf. benti á það, að þetta skrúfstykki hefði þó ekki verið sterkara en svo, að verkalýðurinn hefði getað staðið í tveimur fylkingum. Satt að segja finnst mér, þegar svona er talað, að þá sé beinlínis stofnað til þess að rifja það upp, sem er raunalegt í sögu verkalýðsins, að hann gengur fram klofinn og hefur á því tapað miklu í verkalýðsbaráttu sinni og á margan hátt með því gert pólitíska lífið í landinu óheilbrigðara og misheppnaðra. Ég held þess vegna, að hv. þm. hefði átt heldur að biðja um þann kosningagrundvöll, sem væri enn sterkari til áhrifa um að sameina það, sem hefur ekki getað staðið saman í verkalýðshreyfingunni, en átt hefur að standa

saman að öllum réttum lögmálum. En þetta virðist einhvern veginn snúa öfugt fyrir hv. 8. landsk. þm., því að það er ekki aðeins þetta, að hann kenndi einmenningskjördæmunum um klofninginn, einmenningskjördæmunum, sem eru grundvöllur samstöðu, eins og allir vita, heldur sagði hann, að með breytingunni yrði aflétt þeirri nauðung, sem verkalýðurinn hefur búið við í þessu efni. Einmitt með kjördæmabreytingunni verður verkalýðnum gert léttara að greinast enn meir. Þá verður þeim mönnum, sem búa yfir sundrungaranda, gefið enn betra tækifæri til þess að kljúfa og skapa sundraðan lýð. Ég held þess vegna, að þegar verkalýðssinnarnir eru á móti einmenningskjördæmum, en halda, að hlutfallskosningar séu lausn á þessum sundrungaranda þeirra, þá fari þeir algerlega villir vegar og biðji um handa sér það, sem þeim kemur verst.

Hv. 8. landsk. þm. sagði, að sterk og sameinuð verkalýðsstétt verði það eina afl, sem geti bugað afturhaldið og íhaldið. Verkamenn og bændur verði að beita sér saman til þess. Hefur hann nú ekki með afstöðu sinni til þessa frv. tekið stefnu í öfuga átt til að ná þessu marki? Er ekki einmitt verið að skapa enn fyllri grundvöll fyrir þessar stéttir, sem hann nefndi, þetta fólk í landinu, sem hann nefndi, til þess að vera sundraður lýður? Og af hverju var það, sem vinstri stjórnin féll? Nú erum við alveg á sömu skoðun, við hv. 8. landsk., um það, að það hafi verið skaði, að vinstri stjórninni auðnaðist ekki að starfa lengur. En hvað var það, sem gerði það að verkum, að sú samstaða, sem hafði um stund tekizt, rofnaði? Frá mínu sjónarmiði var það, sem kom í veg fyrir áframhaldið, að verkalýðurinn, sem tók þátt í þessari samstöðu, gat ekki komið sér saman um niðurstöður á Alþýðusambandsþingi. Og af hverju var það? Það var af því, að þar áttust við tveir pólitískir flokkar, sem kepptu um völd innan Alþýðusambandsins. Ég er afar hræddur um það, að meðan svo er, þá gangi aldrei að ná því marki, sem hv. 8. landsk. þm. taldi að væri nauðsynlegt að stefna að og ég tel líka rétt að stefna að. Okkur greinir þess vegna ekki á um markmiðið, heldur leiðirnar að markinu, og ég held, að leið sú, sem hv. 8. landsk. í þetta sinn vill fara, sé villigata.

Hv. 8. landsk. þm. minntist á Frakkland og var eitthvað að segja í þá áttina, að við framsóknarmenn teldum þar mikla fyrirmynd, þar væri búið að brjóta niður það, sem hann kallaði frelsi, og taka upp nokkurs konar einræði. Ég vil lýsa því yfir, að ég tel Frakkland ekki fyrirmynd, en ég tel Frakkland vera hræðu, sem þeir, sem unna lýðræði, verða að forðast. Sundrungin vegna hlutfallskosninga var komin á svo hátt stig í Frakklandi, að landið var pólitískt að liðast; lýðræðið var að drepa sjálft sig. Það var fyrir þetta, að fram kom aftur maður, sem tók þau hörðu tök, sem máske hafa verið nauðsynleg, — ég skal ekki segja um það, — en a. m. k. eru ekki æskileg. Þess vegna vil ég, að það sé rétt skilið — alveg rétt skilið, að við framsóknarmenn teljum ekki æskilegt, að það gerist í stjórnmálum, sem gerzt hefur í Frakklandi. En við teljum rétt að taka Frakkland sem dæmi um það, sem við eigum ekki að láta gerast hjá okkur. Og eins og Íslendingar eru óstilltir í pólitík, þá þykir mér ekkert líklegra, þegar búið er að setja upp hlutfallskosningakerfið um land allt, en að þá greinist þeir og leysi þeir upp sitt lýðræði á svipaðan hátt og gerðist í Frakklandi. Þess vegna er ég á móti hlutfallskosningunum. Og ég vil endurtaka það, sem ég sagði hér áður, að þó að hlutfallskosningar hafi verið í Reykjavík og ekki leitt af sér fleiri flokka en þar hafa komið fram, þá er það því að þakka fyrst og fremst, að framboðin hafa verið miðuð í Reykjavík og flokkaskiptingin við landsmálaflokka. Einmenningskjördæmin sem aðalregla í landinu hafa komið í veg fyrir það, að smáflokkaþróunin yrði meiri en raun hefur á orðið, líka í Reykjavík.

Hv. 8. landsk. þm. sagði, að Framsfl. miðaði till. sínar við það, að hann hafi sem mestan hagnað pólitískt, ef þær gangi fram. Þetta er rangt ályktað. Það getur vel verið, að það sé rétt, sem hv. þm. sagði, að t. d. fengi Framsfl. annan þm. á Akureyri. En till. um Akureyri er aðeins í samræmi við það, sem er annars staðar á landinu, sem sé í tvímenningskjördæmum, sem við höfum ekki viljað ganga svo langt í að flytja till. um að lögð yrðu niður, enda eru þau kjördæmi, sem hafa tvímenningskosningar hjá sér, sjálfstæðar félagsheildir. En það er ekki annað fyrir aðra flokka en að auka fylgi sitt á Akureyri til þess að slá þennan möguleika niður, því að Framsfl. hefur engin sérréttindi, engin forréttindi. Það er rangt að túlka það svo, þó að hann hafi haft meira fylgi í ýmsum kjördæmum en aðrir flokkar, þar sem aðrir flokkar hefðu líka getað aflað sér fylgis, ef þeir hefðu unnið eins vel fyrir þau svæði landsins og Framsfl.

En Framsfl. vill stjórnlagaþing. Hann hefur flutt tillögur um stjórnlagaþing, og hann er eini flokkurinn, sem hefur viljað, að þjóðin sjálf taki við málinu af hinum pólitísku flokkum, og með því hefur flokkurinn sýnt það og sannað, að hann vill ekki gera stjskr.-málið að hagsmunamáli flokka; hann einn flokkanna hefur bréf upp á það, að það hefur ekki verið hans stefna. En hinir flokkarnir hafa verið á móti því. Vegna hvers? Ja, frv. virðist vera sönnun þess, að það sé vegna þess, að þeir hafa viljað gera stjskr.-málið að pólitísku hagsmunamáli fyrir sig.

Hv. 8. landsk. sagði í sambandi við till. um stjórnlagaþing: Ef Framsfl. telur það beztu leiðina, að málið verði afgreitt á stjórnlagaþingi, hvers vegna sömdu þá framsóknarmenn um það við myndun vinstri stjórnarinnar að leysa stjskr.-málið með vinstri flokkunum?

Þegar samið var um það að leysa stjskr.-málið með vinstri flokkunum, þá er ekkert um það talað, á hvern hátt ætti að leysa það, aðeins talað um að leysa það, áður en kjörtímabilið væri úti. Vel var hægt að hugsa sér, að með því að bera saman bækurnar rólega og skynsamlega samkv. þessum samningi hefði það getað orðið niðurstaðan að fela stjórnlaga-

þingi málið, svo að það er engin mótsögn í þessu. En þar að auki, ef hægt hefði verið að leysa málið, stjskr.-endurskoðunina, í heild á viðunandi hátt öðruvísi, þá hefur náttúrlega Framsfl. út af fyrir sig ekki sagt, að það kæmi alls ekki til mála. Ef nú vinstri flokkarnir hefðu á sínu stjórnartímabili getað leyst endurskoðun stjskr. á þann hátt, að heillavænlegt hefði mátt telja og því máli samboðið, þá hefði Framsfl. vitanlega getað sætt sig við það og látið niður falla till. um stjórnlagaþing.

En hann sagði annað í sambandi við þetta, hv. þm. Hann sagði, að Framsfl. hefði svikið þennan samning. Það er ákaflega mikil rangtúlkun. Kjörtímabilið var ekki á enda. Framsfl. hafði gengizt fyrir því, að n. var skipuð af stjórnarflokkunum til þess að vinna að þessu máli, og það stóð ekki á framsóknarmönnum að vinna í þeirri nefnd. Mér skilst, að það hafi staðið á öðrum, jafnvel að maður frá Alþb. hafi hvað eftir annað vikið sér undan að mæta á nefndarfundum til að ganga frá því. Og málið var alls ekki komið í eindaga, heldur miðað við kjörtímabilið. Samningurinn var bara um það að leysa það fyrir lok kjörtímabilsins.

Nú segi ég ekki, að það hafi verið Alþb., sem endanlega brást í því að leysa þetta mál eða rauf samninginn um það. Ég segi það ekki. Það var hinn samstarfsflokkur Framsfl., sem gekk úr leik, áður en Alþb. gerði það, og þess vegna tel ég fyrir mitt leyti, að engin svik af hálfu Alþb. hafi komið fram gagnvart þessum samningi vinstri stjórnarinnar. Ég tel það ekki, eins og málin leiddust út, þó að einhver fulltrúi hans hafi haft einhver undanbrögð, sem seinkuðu verkum í málinu; en málið var sem sagt ekki komið í eindaga þrátt fyrir það.

En það er hreinasta fjarstæða að halda því fram, að Framsfl. hafi svikið þann samning, sem gerður var um að ganga frá endurskoðun stjskr. fyrir lok kjörtímabilsins. Það voru aðrir, sem ollu því, að þetta varð ekki hægt.

Hv. 8. landsk. þm. gerði svolítinn útúrdúr úr ræðu sinni frá aðalefninu, — það gera menn oft, þegar svona stórt mál er á ferðinni, sem reyndar er ekki heldur hægt að segja endilega nákvæmlega um, hvar hefur sín landamerki. Hann var að segja, að Framsfl. færist ekki að tala sterklega sem dreifbýlisflokkur undir öllum kringumstæðum, þar sem hann t. d. vildi gegnum Samband ísl. samvinnufélaga draga alla innflutnings- og útflutningsverzlun til Reykjavíkur. Þetta er mjög skökk ályktun, sem er ekki hægt að láta vera að mótmæla, og hv. 8. landsk. hlýtur líka að fallast á það, ef hann hugsar betur um málið. Samband ísl. samvinnufélaga hefur nefnilega með skipakosti sínum og skipulagi unnið að því að beina verzluninni beinar leiðir milli framleiðenda og neytenda í mjög stórum stil. Hitt er það, að viðskiptalífið í landinu er þannig upp sett, að í mörgum tilfellum er örðugt að komast fram hjá höfuðstaðnum, Reykjavík, og það er eitt það lögmál, sem gerir það að verkum, að Reykjavík verður stór og sterk og nýtur mikils frá landsbyggðinni.

Hv. 8. landsk. var að tala um aðhlátursefni, — ég man nú ekki gerla, hvernig hann orðaði það, — ég man ekki, um hvað hann taldi að hlátur væri eðlilegastur í sambandi við þetta mál. En hlátur er góður, og hann lengir lífið. Við skulum ekki vera neitt að vanþakka það, ef koma fram hlátursefni. Íslendingar hlæja alls ekki of mikið. Og eftir ræðu hv. 8. landsk. fann ég, að kjördæmamálið, þó að alvarlegt sé, getur þó haft í för með sér hlátursefni. Það er hlátursefni, ef réttlínumennirnir í Alþb. — ég segi réttlínumennirnir í Alþb. — halda því fram eins sterklega og hv. 8. landsk. gerði, að þeir séu mestir lýðræðissinnar á Íslandi í þeim efnum, þeir séu hinir einu, sem ekkert eigi sökótt við fortíðina að því er lýðræðið snertir, þeir séu aðeins með kjördæmamálinu af því, að þeir vilji efla hið fullkomna, sanna lýðfrelsi. En þetta var þungamiðjan í ræðu hv. 8. landsk. Og hann lýsti svo sterklega lýðræðisstefnu sinni og samherja sinna, að þó að hv. þm. sjálfstæðisins, hv. þm. N-Ísf. og hv. 6. þm. Reykv., væru áður að tala um lýðræðisást sína og flokks síns, eftir því sem þeir virtust hafa kraftana til, verður það, sem þeir sögðu, eins og hjóm eitt, eftir að hv. 8. landsk. þm. talaði. Haldi hann og línubræður hans svona áfram, þá vantar ekki hlátursefni í kosningunum í sumar. Þá verður hlegið um allt Ísland. Það verður hollur hlátur. Við hann munu margir vitkast í þessu máli.

Í stjskrn. hreyfðum við framsóknarmenn hugmynd um, að ákvæði í frv. — fleiri eða færri — yrðu ekki látin taka gildi, nema kjósendur við sérstaka atkvgr. samþykktu ákvæðin. Meirihlutamennirnir vildu ekki taka undir þetta þá. En talað var um að hugsa þetta eitthvað betur, og við framsóknarmenn gátum þess í nál. okkar, að það gæti verið, að við bærum fram tillögu eða tillögur í þessa átt. Nú hefur hv. frsm. meiri hl., hv. form. stjskrn., skýrt mér frá því, að meiri hl. fallist ekki á till. um fyrirvara af þessu tagi í neinni mynd. Og þá höfum við nm. stjskrn. af hálfu Framsfl. ákveðið að bera ekki fram till. um þetta nú við 3. umr., vegna þess að við sjáum, að það hefur í sjálfu sér enga þýðingu, þær munu verða felldar, og við höfum enga sérstaka ánægju af því að vera að tefja þetta mál meira en rétt er til þess að ræða það.

Og auðvitað teljið þið, hv. þingmenn þriflokkanna, ykkur hafa framgang þessa frv. í hendi ykkar. Og það er alveg rétt. Þið eigið létt með það atkvæðamagnsins vegna að ráða afgreiðslu frv. hér. En málinu er, eins og hv. þm. Seyðf. sagði, ekki þar með lokið. Eftir er annar leikur og jafnvel tveir leikir, og það er ekkert víst, að þið vinnið þá leiki.

Björn Jónsson: Herra forseti. Hv. þm. S-Þ. hafði margar aths. að gera við þá ræðu, sem ég flutti hér í gær um þetta mál, og veit ég ekki, hvort ég muni gera öllum þeim aths. skil. En þó get ég ekki stillt mig um að taka a. m. k. eitthvað af þeim atriðum til meðferðar, sem hann gerði hér að umtalsefni.

Hv. þm. sagði, að Framsfl. hefði ekki svikið

neitt í sambandi við það loforð, sem hann gaf í stjórnarsáttmálanum um það, að kjördæmaskipunin yrði endurskoðuð, og þetta rökstuddi hann með því, að svo hefði verið frá þessu gengið, að þetta ætti að gerast á kjörtímabilinu, en nú hafi kjörtímabilinu aldrei verið lokið og þess vegna væri þarna ekki um nein svik að ræða. Þessi röksemd er byggð á algerlega röngum forsendum, því að í stjórnarsáttmálanum segir, að kjördæmaskipunina skuli endurskoða á starfstíma stjórnarinnar, og ég held, að þegar þetta er betur athugað, geti engum blandazt hugur um, að hver sá, sem hlaut það hlutskipti að semja við Framsfl., mundi einmitt hafa orðað þetta svona, vegna þess að Framsfl. er þekktur að því að sitja ekki í samsteypustjórn út heilt kjörtímabil. Það hefur verið reynslan að undanförnu, að hann hefur oftast nær rofið stjórnarsamstarf, þegar eitt ár var eftir af kjörtímabilinu, sennilega til þess að geta haft þessa afsökun fyrir þeim vanefndum, sem hjá honum hafa orðið á þeim loforðum, sem hann hefur gefið, þegar stjórn var mynduð og um hana samið. Ég held þess vegna, að það, sem ég sagði um þetta, standi algerlega óhaggað.

Ég vísa sömuleiðis til föðurhúsanna fullyrðingum hv. þm. um það, að starf þeirrar n., sem skipuð var af stjórnarflokkunum, hafi strandað á því, að fulltrúar Alþb. hafi neitað að mæta á fundunum, og ég þykist fullviss um það, að hann geti ekki fengið þessa fullyrðingu sína staðfesta af neinum af sínum flokksbræðrum. (**KK:** Ég neita að hafa sagt það, — haft undanbrögð við að mæta.) Já, n. mun e. t. v. hafa verið kölluð saman tvisvar eða þrisvar sinnum, og einmitt var hún kölluð saman, þegar leit út fyrir, að stjórnin mundi rofna. T. d. í maí í fyrra, þegar allir töldu stjórnina af, þá rauk hæstv. þáv. forsrh. (HermJ) til og kallaði n. saman til fyrsta fundar, þegar sýnilegt var, að stjórnin var að gliðna, og einmitt til þess að geta síðar skotið sér á bak við það, að ekki hafi verið vanrækt það loforð, sem í stjórnarsáttmálanum var gefið varðandi þetta.

Þá er ekki furða, þó að ýmislegt fleira fari á milli mála, þegar á þennan hátt er staðið að röksemdafærslu, enda var það svo, að í flestum atriðum var farið með enn meiri ósannindi en varðandi þetta. T. d. taldi hv. þm., að það væri hin mesta ósvinna að halda því fram, að Samband ísl. samvinnufélaga undir forustu framsóknarmanna hefði á nokkurn hátt stutt að því, að útflutningsverzlunin færi fram hér í gegnum Reykjavík, þetta væru hreinustu ósannindi, heldur hefði þvert á móti verið unnið að því að koma upp skipakosti, sem flytti vörurnar beint til og frá landsmönnum, hvar sem þeir væru búsettir í landinu. Það vill nú svo til, að ég hef nokkurn kunnugleika úr mínu byggðarlagi á þessari jafnvægisstefnu hv. framsóknarmanna og man, að á árunum fyrir síðari heimsstyrjöldina hafði Kaupfélag Eyfirðinga á Akureyri lagt drög að því að koma sér upp farskipaflota, hafði eignazt tvö skip, gerði þau út um árabil og átti í stríðslokin gilda nýbyggingarsjóði til þess að halda þessari starfsemi áfram og auka þennan skipakost. En þá gerist það, að þáverandi framkvæmdastjóri Kaupfélags Eyfirðinga tók við framkvæmdastjórn í Sambandi ísl. samvinnufélaga, og eitt af fyrstu verkum hans í því starfi var að beita sér fyrir því, að þessi skipaútgerð frá Akureyri yrði lögð niður og flutt hingað til Reykjavíkur. Og með ofurvaldi sínu í Sambandi ísl. samvinnufélaga tókst framsóknarmönnum að eyðileggja þennan blómlega atvinnuveg, sem Akureyringar og Eyfirðingar höfðu komið sér upp með eigin fjármagni.

Skip Sambands ísl. samvinnufélaga eru merkt stöðum úti á landi. Á þessum stöðum sjást skipin aldrei, ekki svo að árum skiptir, og ég veit ekki betur en a. m. k. eitt af þeim bæjarfélögum, sem hafa fengið þann heiður, að skipin hafi verið talin þeim til heimilis, standi nú í málaferlum við Samband ísl. samvinnufélaga um lítilfjörlegt útsvar, sem þessari útgerð var ætlað að greiða í þessu byggðarlagi.

Hv. þm. gerði sér tíðrætt um afgreiðslu á málefnum Akureyrar nú nýverið í fjvn. og á Alþ. og taldi, að það sýndi sig varðandi mig og hv. þm. Ak., að samvinna mundi ekki verða mikil milli þm. mismunandi flokka, þó að kjörnir væru í sama kjördæmi. Ég ætla ekki að fara út í neitt mat á því, að hvaða gagni samstaða okkar hv. þm. Ak. hefur orðið fyrir málefni kaupstaðarins. Það er annarra en mín að dæma það. En hitt veit ég, að í þau 3 ár, sem við höfum báðir setið hér á þingi, höfum við flutt hvert einasta mál, sem hefur varðað Akureyri, saman hér á Alþ., þangað til nú, að sú breyt. varð á, að hv. þm. Ak. varð ráðherra, og þá er það af ofur eðlilegum ástæðum, að hann hefur ekki verið flm. með mér að þeim till., sem ég hef flutt um málefni Akureyrar síðan. Ég er líka þeirrar skoðunar, að þó að það gerðist í einu eða tveimur tilfellum, að hæstv. ráðh., þm. Ak., greiddi atkv. gegn mínum till., þá var það ekki vegna þess, að hann væri mér ekki sammála um það, að hlutur Akureyrar hefði verið of rýr, og ég er sannfærður um, að ef hann hefði átt sæti í fjvn. eins og áður, þá hefði þessu verið á annan og betri veg farið. Ég þykist líka geta fullyrt, að afgreiðsla fjvn. á málefnum Akureyrar hafi alls ekki verið með vilja hæstv. ráðh., sem kemur einmitt fram í því, að á milli 2. og 3. umr. beitti hann sér fyrir því við fjvn., að nokkrar leiðréttingar yrðu gerðar í samræmi við mínar till. Ég held þess vegna, að það sé ekki hægt með neinum rétti að halda því fram, að við höfum spillt hvor fyrir öðrum varðandi málefni Akureyrar, heldur þveröfugt.

Hv. þm. S-Þ. sagði, að það hefði verið síður en svo, að Framsfl. hefði fallið frá því, að stjórnlagaþing ætti að afgreiða kjördæmamálið, enda þótt um endurskoðun á kjördæmaskipun hefði verið samið í sambandi við myndun vinstri stjórnarinnar. Ja, mér er nú bara spurn: Hvernig átti að tryggja það, að samkomulag milli flokkanna, milli þeirra flokka, sem stóðu að vinstri stjórninni, gæti haldizt og væri meira en orðin tóm, ef síðar átti að láta allt aðra stofnun en þessir flokkar höfðu

tökin á afgreiða málið? Ég held þess vegna, að það verði ekki hrakið, að ef framsóknarmenn töldu skilyrðislaust, að stjórnlagaþing ætti að afgreiða kjördæmaskipunina, gátu þeir ekki samið um það, að málið yrði leyst af vinstri stjórninni og af Alþingi.

Hv. þm. S-Þ. hélt áfram að berja höfðinu við steininn um það, að framsóknarmenn æsktu engra forréttinda, og taldi, að það væri síður en svo, að það væri verið að skapa Framsfl. forréttindi, þó að Akureyri t. d. kysi tvo menn hlutfallskosningu og síðan héldist kjördæmaskipunin óbreytt á Norðurlandi. Það væri hið fullkomnasta lýðræði. Það hefðu allir jafna möguleika í þessu efni. Eftir því eru það ekki nein forréttindi að geta fengið fjóra þingmenn af 6 út á 3700 atkv., meðan öðrum flokkum er gert að fá tvo eða þrjá þm. út á helmingi fleiri atkv. Það eru ekki forréttindi? (**KK**: Það eru engin lög um það, hvað atkv. eru mörg hjá hverjum flokki.) Nei, það verður erfitt bæði fyrir hv. þm. S-Þ. og aðra framsóknarmenn að halda því fram, að það sé ekki einmitt flokkshagsmunaleg togstreita, sem ræður þeirra gerðum í þessu og þeirra till. öllum. Eins og ég benti á í ræðu minni hér í gær, höfðu þeir gert till. sínar svo vísdómslega úr garði, að samkv. fenginni reynslu hefðu þeir fengið 50% af hinum nýju þingmönnum, enda þótt atkvæðamagn þeirra væri ekki meira en 25—26% af atkvæðum allra kjósenda í landinu.

Hv. þm. gerði það að gamanmálum að hafa hér yfir fornan kveðskap um það, að vinátta með illum vinum brynni eldi heitari í fimm daga, en þá væri vináttan úti. Ég held, að það hafi verið öllum ljóst af minni ræðu hér í gær, að samstaða okkar Alþb.-manna og sjálfstæðismanna í kjördæmamálinu stafar ekki af neinni vináttu. Þvert á móti. Afstaða okkar markast í fyrsta lagi af því, að hér er um mannréttindamál að ræða, og í öðru lagi og kannske ekkert síður af því, að hér er um hagsmuni verkalýðsstéttarinnar í landinu að tefla, að með hinni nýju kjördæmabreytingu sé skapaður betri grundvöllur en áður til þess að berjast fyrir málum hennar, teljum, að þetta mál sé, jafnframt því að vera mannréttindamál, hið mesta hagsmunamál fyrir verkalýðshreyfinguna í landinu. Ég ætla ekki að spá neinu um það, hvort þessi breyting verði til þess að sameina verkalýðsflokkana eða hvort illspár framsóknarmanna um það, að vinstri menn í landinu klofni í fleiri flokka en áður, rætast. Það treysti ég mér ekki til að fullyrða um. En ég veit, að þessi skipan, sem nú er verið að ganga frá og allir vita að verður ofan á, skapar grundvöll til sameiningar verkalýðshreyfingarinnar.

Frsm. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég ætla ekkert málþóf að hefja. Ég þarf þess ekki heldur. Hv. 8. landsk. þm. viðurkenndi ýmist beint eða óbeint flest af því, sem ég hélt fram í ræðu minni og snerti ræðu hans frá í gær. Hann viðurkenndi mistök á samvinnu milli þingmannanna frá Akureyri, en vonaðist bara til, að slíkt kæmi ekki fyrir aftur. Og það er gott að lifa í voninni, en stundum rætast ekki vonirnar.

Hann hélt því fram, að í samningi þeim, sem vinstri flokkarnir gerðu, þegar hin svonefnda vinstri stjórn var mynduð, um kjördæmamálið, hefði staðið, að átt hefði að endurskoða stjórnarskrána á starfstíma stjórnarinnar. Þetta er vafalaust rétt, að það hafi verið þannig orðað. En hitt er jafnvíst, að þegar þessi stjórn var mynduð, þá gerði hún auðvitað ráð fyrir því að sitja að völdum kjörtímabilið. Og annað kemur einnig til sögunnar, sem sannar það, að ég hafði rétt fyrir mér, og það er það, að að því er stjórnarskrármálið snertir, þá gerðu flokkarnir með sér sérsamning, og í þeim sérsamningi er tekið fram, að enginn flokkanna þriggja megi afgreiða málið á kjörtímabilinu með stjórnarandstöðunni gegn samstarfsflokkum sínum. Þetta var sérsamningur, og þar er miðað við kjörtímabilið. Og ég bið menn að taka eftir því, af því að stundum hættir mönnum til að snúa út úr, að þessi samningur var við það miðaður, að flokkarnir hefðu samstöðu í þessu máli út kjörtímabilið, og sú samstaða mætti vitanlega vera með stjórnarandstöðunni, ef það væri ekki gegn þeim flokkum, sem samninginn gerðu. Eðlilegast var vitanlega að afgreiða málið með samstarfi allra flokka. En þessir flokkar, sem tóku á sig sameiginlega að stjórna landinu, ákváðu það, að á kjörtímabilinu skyldu þeir ekki rjúfa þá samvinnu með því að afgreiða málið með stjórnarandstöðunni gegn einhverjum hinna flokkanna.

Ég þarf ekki að segja meira. Það liggur sjálfsagt ljóst fyrir öllum, sem hér eru, hvernig þessi samningur var haldinn. Ég fullyrði þrátt fyrir það, sem hv. 8. landsk. sagði, að Framsfl. rauf ekki þennan samning. Hann beitti sér fyrir því, að nefnd var skipuð, og sú nefnd, þó að hún ynni lítið, þá hafði hún tíma fyrir sér til kjörtímabilsloka, og enn fremur: það var síður en svo, að rekið væri eftir störfum hennar af samstarfsflokkum Framsóknar, sem þeir þó höfðu vitanlega í hendi sinni að gera.

Hv. 8. landsk. þm. sagði, að það væri ekki af neinni vináttu við Sjálfstfl., að Alþb. hefði gengið í lið með honum í kjördæmamálinu. Ja, af ræðu hans varð ekki annað séð í gær en að sá friður, sem Edda talar um, væri fullkomlega á ferðinni, sem ég líka vitnaði til. Og ekki efast ég um það, að Sjálfstfl. hefur talið sér það vinargreiða, þegar Alþb. sló til og gekk í félag um afgreiðslu kjödæmamálsins. Það hefur hann talið vinargreiða. Og síðan minnist ég ekki heldur að hafa heyrt hann kalla Alþýðubandalagið kommúnista, sem hann gerði iðulega áður. Hann nefnir það Alþýðubandalag með þeirri hlýju, að það er alls ekki ástæðulaust að hugsa sér, að eins og sakir standa sé mjög gott þarna á milli.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EggÞ, FRV, FS, FÞ, GTh, JJós, JK, SB, SÓÓ, AG, BjörnJ.
nei: HermJ, KK, PZ, SE, BjörgJ, BSt.
Frv. afgr. frá Alþingi (A. 498).

47. Sýsluvegasjóðir.

Á 38. fundi í Sþ., 15. apríl, var útbýtt frá Ed.: **Frv. til l. um breyt. á l. nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði** [146. mál] (þmfrv., A. 375).

Á 102. fundi í Ed., 16. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Mér er ekki kunnugt um, að mér hafi verið falin þessi framsaga. Hins vegar get ég skýrt frá því, hvað gerðist í nefndinni.

Vegamálastjóri hefur beðið n. um að flytja þetta frv. um breyt. á sýsluvegasjóðslögunum. En ástæðan til þess, að nauðsyn er á að breyta þessum l., er sú, að með nýja fasteignamatinu raskast svo hlutföllin, sem skipt er eftir sýsluvegasjóðsfénu úr ríkissjóði eða framlagi ríkissjóðs til sýsluvegasjóðanna, að það er óviðunandi. Og samgmn. er sammála um, að það beri nauðsyn til þess að koma þar annarri skipan á. Hins vegar hefur n. ekki kynnt sér svo rækilega þetta frv., að hún geti mælt með því, eða hver einstakur nm. vilji mæla með samþykkt frv., eins og það liggur fyrir. En n. taldi rétt að flytja það og láta það liggja fyrir hv. þm. til athugunar, en á milli umr. taki n. málið til ýtarlegrar meðferðar og geri grein fyrir sínum skoðunum á málinu fyrir 3. umr.

Þetta er allnauðsynlegt mál, og það verður ekki komizt hjá því að gera hér nokkra breytingu á lögunum á þessu þingi vegna þessa, sem ég sagði áðan, að hlutfallið hefur raskazt svo mikið, að það er ekki hægt að framkvæma lögin með góðu móti eins og þau eru nú, eftir að þetta nýja mat kom.

Ég vænti þess, að hv. þm. láti sér þessa skýringu nægja á þessu stigi, því að aðalatriðið var, að frv. kæmi fyrir sjónir hv. þdm., áður en frekar væri gert í málinu, en síðan mun n. taka það til ýtarlegrar meðferðar.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Þó að ég treysti því fullkomlega, að n. taki þetta mál til meðferðar milli umræðna, vildi ég samt leyfa mér að benda á, að það þarf að vera dálítill hraði á. Menn búast a. m. k. við því, að það sé farið að draga að þinglausnum, en þetta mál er mál, sem þarf að fá afgreiðslu á þessu þingi. Það er hér á ferðinni í fyrri d., og þess vegna þarf n. að vinda að því bráðan bug að fara í gegnum það og gera við það brtt., ef hún telur þess nauðsyn.

Það var aðeins þetta, sem ég vildi benda á, því að það er alveg óviðunandi, ef frv. dagar uppi.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég verð að segja það, að mér finnst litlar skýringar hafi verið gefnar hér í hv. d. á nauðsyn þessa máls, og er það kannske að vonum, því að það leit svo út, að n., sem flytur þetta mál, hefði láðst að tilnefna frsm., því að sá hv. þdm., sem formaður n. tjáði mér að væri frsm. n., vildi ekki við það kannast og sagðist ekki til þess vita, að honum hefði verið falin framsaga málsins.

Ég skal játa, að það er svo stutt síðan þessu frv. var útbýtt hér, að ég hef ekki enn kynnt mér það neitt rækilega, og mér fyrir mitt leyti hefði ekki veitt af frekari skýringum. Að vísu er hér allýtarleg grg. með frv., en hana hef ég ekki enn þá haft tækifæri til að lesa.

Ég vildi því mælast til þess að fá nú þegar við þessa umr. skýringar á því, greinilegri en komið hafa, því að þær mega heita engar, hvaða nauðsyn það er að setja þau lagaákvæði, sem hér er farið fram á að setja. Að vísu skil ég ástæður þær, sem hv. 1. þm. N-M. (PZ) færði hér fram, mætavel, að ef á að setja þessi lagaákvæði, þá þarf að gera það nú fljótt, ef það á að öðlast gildi, áður en sýslunefndarfundir eru almennt haldnir.

Ég ætla ekki að segja frekar að sinni. Ég vildi gjarnan óska eftir nánari skýringum á frv. Mér virðist við fljótan yfirlestur, að hér eigi að raska töluvert því hlutfalli, sem verið hefur undanfarið á milli sýslna, og vil því gjarnan þegar á þessu stigi málsins fá skýringar á því, hvaða nauðsyn ber til þess.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Út af því, sem hv. 1. þm. Eyf. (BSt) sagði, að hér hefði verið einhver misskilningur í því, hver væri frsm. þessa máls, þá minnist ég þess núna, að hv. form. samgmn. Ed. mun hafa nefnt þetta við mig. En hins vegar hefur enginn fundur í samgmn. Ed. verið haldinn um þetta mál, heldur kom málið fyrir samvinnunefnd samgöngumála, þ. e. sameiginlegan fund nefndanna frá báðum deildum með vegamálastjóra, og á þeim fundi var talið heppilegra, að málið kæmi fyrir þessa hv. d., af því að annríki væri meira í hv. Nd., en í n. þessarar hv. d. hefur enginn fundur verið haldinn um sjálfan flutning þessa máls. Af þessum ástæðum hygg ég, að það sé, að það hefur orðið einhver misskilningur um það, hver væri frsm. málsins.

En ég held, að þetta skipti ekki miklu máli, hver það er, og að nm. geti ekki gefið hér meiri skýringar en eru í grg. frv., því að samvn. samgm. hraðaði því að flytja málið inn í þingið, svo að hv. þm. gætu athugað það. Upplýsingarnar, sem lágu fyrir okkur, eru þær sömu og nú liggja fyrir í grg., og er alveg eins á færi hvers þm. að kynna sér það eins og það var á færi okkar í n. að gera það á tveimur skyndifundum.

Það er einmitt í þeim tilgangi gert að hafa þetta með þessum hætti að hindra ekki málið, af því að það er nauðsynlegt, að það gangi fram. Aftur á móti hefði það tafið flutning þess nokkuð, ef við hefðum farið að ræða það

sérstaklega nánar í samgmn. Ed., áður en það var flutt. Við töldum þennan kostinn alveg eins góðan, að allar upplýsingarnar í málinu, sem hægt var að fá frá vegamálastjóra, lægju nú fyrir öllum hv. dm., eins og þær lágu fyrir n. Og ég held, að það sé ekki hægt að saka n. um neina vanrækslu í þessum vinnubrögðum. Við erum aðeins að greiða fyrir því, að hver þm. geti sett sig inn í málið eins fljótt og við getum það sjálfir, með því að leggja þetta svona fram.

Ég efast um, að ég geti gefið hv. 1. þm. Eyf. frekari skýringar á þessu máli. En ástæðan til þess, að málið er flutt, er þessi, sem ég sagði áðan, að með nýja fasteignamatinu raskast svo mjög grundvöllurinn fyrir skiptingu ríkisframlagsins til sýsluvegasjóðanna, að það er alveg óviðunandi. Auk þess mundi, ef ekkert væri að gert, ríkisframlagið hækka um hér um bil helming.

Eins og menn sjá hér í grg., þá segir, með leyfi hæstv. forseta: „Á fskj. I eru einnig reiknaðar út tekjur sýsluvegasjóðanna miðað við það, að hámarksálag á fasteignir lækki úr 12 og 6‰ í 6 og 3‰.“ M. ö. o.: það er lækkaður stiginn um helming vegna hækkunar á fasteignamatinu. En þó að þetta sé gert, þá bætir það ekki úr ósamræminu, heldur eykur það. Þess vegna eru ákvæðin í síðustu mgr. 1. gr. frv.: „Vegamálastjóri annast skiptingu á framlagi ríkissjóðs samkv. 1. mgr., og skal við skiptinguna aðallega miðað við lengd sýsluvega í hverri sýslu, en jafnframt skal þó höfð hliðsjón af, hve mikill hluti veganna er lagður, ruddur eða ekki akfær og með hve háum hundraðshluta sýsluvegasjóðsgjald er innheimt.“ Hér er alveg ný regla um skiptinguna á þessu sýsluvegasjóðsgjaldi, og það verður að koma ný regla, um leið og fasteignamatið hækkar annars vegar og ef á að lækka ákvæðið um skiptinguna hins vegar, þ. e. a. s. úr 12 og 6‰ niður í 6 og 3‰.

Ég held, að það verði ekki með sanngirni krafizt af samgmn. frekari upplýsinga á þessu stigi, af því að málið er lagt þannig fyrir, að það eru prentuð öll gögn með því, sem n. hafði, áður en hún gat sjálf kynnt sér málið frekar. Og það er eingöngu gert í þeim tilgangi, að hv. þm. d. fái að sjá þetta sem allra fyrst, af því að síðan þarf að hraða málinu.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Mér þykir nú þetta allt töluvert vafasamt, sem hér hefur komið fram, og ætti e. t. v. að taka það til nánari meðferðar frá öðrum stað en þessum ræðustóli.

Hefur þetta mál verið löglega flutt hér í þessari hv. d.? Það væri mjög til athugunar, ef miða á við orð hv. þm. Barð. (SE), sem enginn veit, hvort er frsm. n. eða ekki.

Það er nefnilega þannig, að samvn. samgm. beggja d. hefur engan rétt til að flytja frv. í þessari d. eða í hvorugri þd. Er þetta frv. flutt af henni? Eða er það flutt af samgmn. Ed.? Það veltur töluvert á því, því að ef það er flutt af samvn. samgm. í báðum d., þá ber að vísa málinu frá tvímælalaust, því að sú n. hefur engan rétt til að flytja frv. hér í hv. deild.

Svo er það um það, hvort nægilegar skýringar hafi komið fram í þessu máli, — og hv. þm. Barð. segir, að það sé óþarfi að gefa þær, því að frv. fylgi ýtarleg grg., sem þm. geti lesið.

Hér hefur oft verið kvartað um það við 1. umr. mála, þegar stjórnarfrv. hafa verið til umr., þótt þeim hafi fylgt grg., ef ráðh. er ekki við til þess að innleiða málið og gefa á því skýringar. Mér finnst, að þær aðfinningar, sem um þetta hafa komið fram, eigi alveg eins við um þetta, þó að grg. fylgi málinu. Það er svo með öll frv., að þeim fylgir grg., að vísu mismunandi ýtarleg, en það þykir þó hæfa, að flm. eða þeir, sem standa að flutningi máls, geri grein fyrir málinu þegar við 1. umr.

Að svo miklu leyti sem komu nokkrar skýringar fram hjá hv. þm. Barð., þá var það þessi, að það yrði að breyta ákvæðunum um framlag ríkissjóðs til sýsluvega vegna breytts fasteignamats. Og skiljanlegt er það, að í samræmi við hækkað fasteignamat er réttmætt sennilega að lækka framlag ríkissjóðs, þ. e. a. s. að hundraðshluta. En hvers vegna þarf að beita öðrum reglum við úthlutun þessa fjár en áður hefur verið, þó að fasteignamatið hafi hækkað? **(Gripið fram í:** Það hefur hækkað svo misjafnt í sýslunum.) Því hefur engin skýring komið á.

Hv. þm. Barð. grípur fram í og segir: af því að það hefur hækkað svo misjafnt í sýslunum. Vitanlega er það engin tilviljun eða einhver dómur æðri máttarvalda, að það hefur hækkað misjafnt í sýslunum. Það er sjálfsagt fyrir það, að fasteignirnar í sýslunum hafa sums staðar tekið miklum umbótum og annars staðar minni. Og ég ætla, að það sé þannig, að einmitt í þeim sýslum, þar sem fasteignamatið hefur hækkað, sé mest þörf á daglegum bifreiðasamgöngum um héruðin og mest þörf að nota vegina, svo að ég er alls ekki viss um, að þetta sé réttur mælikvarði að breyta hlutfallinu á milli sýslnanna vegna þess, þó að fasteignamat hafi hækkað meira í einni sýslu en annarri, — alls ekki viss um það.

En ég vil gjarnan, og það raunar frekar sem forseti d. heldur en þm., fá að vita það, af hverjum þetta frv. er flutt.

Björgvin Jónsson: Herra forseti. Ég get upplýst 1. þm. Eyf. (BSt) um það, að þetta mál er flutt af samgmn. Ed. og afgr. á allan hátt þar á þinglegan hátt. Það virðist hafa orðið, sennilega við boðun dagskrár í dag, einhver misskilningur, þannig að frsm. málsins virðist ekki hafa gert sér grein fyrir, að það kæmi hér á dagskrá, eða þá í öðru lagi talið, að grg. frv., sem er mjög ýtarleg og henni fylgja mjög margar ýtarlegar töflur, væri það ýtarleg, að þm. almennt gætu gert sér grein fyrir eðli frv. eftir henni.

Ég vil eindregið mælast til þess, að frv, verði afgr. til 2. umr. nú á þessum fundi.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Mér finnst, að það gæti í þessu dálítils misskiln-

ings. Við skulum minnast þess, að þegar lög voru sett um fasteignamat, um breytingar á því seinast, þá voru þau sett til þess að reyna að koma einhverju samræmi í mat á jörðum og reyndar húsum líka, sem höfðu breytzt eða raskazt frá því, sem var 1942, fyrir aðstæður í þjóðfélaginu, sem það opinbera að nokkru leyti a. m. k. hefur átt aðild að. Þó var það nú svo, að þegar þessi lög voru sett, urðu ýmis ljón á veginum.

Fyrsta ljónið var Sjálfstfl., og eiginlega var hann ljónið, sem lagði *tvær hindranir í veg* fyrir það, að hægt væri að koma fasteignamatinu í sæmilegt horf, annars vegar með því að afsegja að vera með frv., ef hækkað væri í Reykjavík meira en fimmfalt, þó að vitað væri, að Reykjavíkursöluverð á íbúðum og lóðum hefði hækkað ákaflega miklu meira eða 12—15-falt. Þar af leiddi svo aftur, að það var ómögulegt að hækka landið, til þess að það væri í samræmi við Reykjavík. Það varð þess vegna að reyna að vera álíka mikið neðan við um allt land eins og manni fannst maður verða að vera með Reykjavík, þegar miðað var við söluverð, og ekki mátti hækka þar meira en fimmfalt. Þess vegna er það, að fasteignamatsverðið á jörðum og húsum núna um landið þvert og endilangt er ekki í samræmi við verðgildi jarðanna við kaup og sölu. Hitt voru gjöld af fasteignum, sem ekki máttu hækka, þó að matið hækkaði, en það var krafa Sjálfstfl. líka.

Nú var það áður svo og er enn, að þær sýslur, sem höfðu sett sér sýsluvegasamþykktir, greiddu í sýsluvegasjóð visst gjald af fasteignamati jarða og húsa í sýslunni og fengu á móti visst framlag frá ríkissjóði og hækkandi eftir framlagi sínu. Þegar svo matið er orðið breytt og á að fara að innheimta fasteignagjaldið eftir þessu nýja mati, þá kemur það þannig út, ef ekkert er að gert og lögunum er ekki breytt, að sýslur, sem ekkert hafa að gera orðið með sitt sýsluvegafé, af því að þær hafa sama sem enga sýsluvegi, og ein þeirra hefur enga sýsluvegi, ekki einn einasta spotta, — ríkið er búið að taka þá alla, — þær fá gjald í sjóðinn, sem þær ekki beint þurfa, meðan aðrar, sem hafa verið lækkaðar, eru illa vegaðar enn þá, með mikla sýsluvegi og þurfa mikið fé í þá, fá sama og ekki neitt. Til þess að reyna að ráða bót á þessu er það, sem vegamálastjóri semur þetta frv. og leggur það fyrir þm. til flutnings.

Ég vil ráða bót á þessu, og ég vil þess vegna leggja áherzlu á það, sem ég sagði áðan, að þetta frv. komist sem allra fyrst í gegnum þingið, og alltaf áður en því verður slitið.

Þess vegna ítreka ég það, sem ég sagði áðan, að n. vindi sér að því að reyna að lesa frv. rækilega í gegn og vita, hvort hún finnur aðra heppilegri leið en nefnd er í síðustu mgr. 1. gr. til þess að reyna að minnka það misræmi milli veganna og vegaþarfanna í hinum ýmsu sýslum og þess fjár, sem þær koma til með að fá eftir þeim reglum, sem nú gilda. Það getur vel verið, að þeir geti fundið einhverja heppilegri leið en að leggja það eins mikið á vald vegamálastjóra og gert er í 1. gr. Ég er ekkert viss um það, en það þarf að grandskoðast, og það þarf að ákveða um það, þannig að það komi ekki fram það hróplega misrétti, sem kemur til með að verða, ef sýsluvegalögunum, sem nú gilda, er ekki breytt.

Sigurður Ó. Ólafsson: Herra forseti. Ég sá þetta frv. fyrst í gær og leit nokkuð yfir það í morgun, og ég verð að segja það, að við að lesa frv. yfir og þær töflur, sem fylgja með í grg., *þá virðist mér hér vera um hreina bylt*ingu að ræða á þessu sviði.

Nú er þessu hagað á þann veg og hefur verið, síðan lög um sýsluvegasjóði voru sett, að þá hefur það verið nokkuð á valdi hvers sýslufélags, sem sjóðina mynduðu, hvað það legði mikið á sig sjálft. Eftir því sem sýslufélögin lögðu meira á sig, eftir því styrkti ríkissjóður þau meira. Þetta hefur farið eftir föstum reglum, eftir fasteignamati í hverju héraði og svo eftir föstum reglum, hvað hvor aðili hefur lagt fram. Nú er það vitað, að sýslufélög hafa lagt mjög misjafnt á sig með vegagerðir og lagningu sýsluvega. Meira að segja er það svo, að nú munu vera 3 sýslur, sem enn hafa enga sýsluvegasjóði hjá sér, eftir því sem mig minnir að standi í grg. þessa frv. frá vegamálastjóra. En þeim sýslum, sem byrjuðu strax og voru alltaf í hámarki með sitt tillag, hefur vitanlega gengið bezt að leggja sína vegi. Nú á að gerbreyta þessu á þann veg, að í staðinn fyrir að fara nú eftir föstum reglum, þá á að fela einum manni, vitanlega manni, sem ætti að vera kunnugastur þessum málum á landinu, vegamálastjóranum, þá á að fela honum það einum, hvernig hann úthlutar þessu fé, ríkisstyrknum.

Það er á tvennan hátt, sem þetta frv. hefur breytingu í *för með sér fyrir sýsluvegasjóðina*. Í fyrsta lagi er það, sem hv. þm. Barð. (SE) minnti á, að nauðsynlegt væri að breyta hámarki prómille-gjaldsins, sem sýslurnar leggja á og miðað er við fasteignamat, vegna nýja fasteignamatsins. Þetta er náttúrlega alveg sjálfsagt að gera, að lækka þetta, og með því að lækka það úr 12‰ og 6‰ niður í 6‰ og 3‰, þá verður um svipaða upphæð að ræða og áður var með gamla matinu miðað við allt landið. En þá er það hin breytingin, sem frv. hefur í för með sér og gerbreytir þessu máli. Ég skal ekki fara mikið út í þetta, vegna þess að ég hef haft svo lítinn tíma til þess að kynna mér þetta, en með því að líta fljótlega yfir frv., þá finnst mér þetta hrein bylting á þessu sviði.

Hv. 1. þm. N-M. (PZ) lagði á það áherzlu, að þessu máli yrði að koma fram á þessu þingi. Ég legg á það áherzlu, að þetta mál verði mjög nákvæmlega rannsakað og það sé mjög vafasamt, hvort það eigi að ganga fram á þessu þingi. Og ég vil skjóta því til n., að hún leggi mikla vinnu í þetta og geri nákvæmlega grein fyrir því, hvernig þessi lög breyta hjá hinum ýmsu héruðum, sem nú hafa lagt hjá sér mikið af sýsluvegum og á nú sum hver sem sagt að skera niður og svipta nær öllum ríkis-

styrknum. Það eru dæmi til þess í frv., að það hafi þau áhrif.

Í frv. er skýrt frá, hvað mikið sé lagt af sýsluvegum, en það er ekki víst, að þar komi fram rétt mynd. Ég get sagt það t. d. og upplýst það um Árnessýslu, að það hefur verið kostað kapps um það að taka ekki fleiri vegi í sýsluvegatölu hvert sinn en það, að mögulegt væru að klára þá og koma þeim af á næstu fjórum árum. Nú er t. d. í Árnessýslu eftir að leggja eitthvað 13 km vegi, sem eru alveg ólagðir, og 35 km, sem aðeins eru upphlaðnir. En með þessum lögum liggur við, að því sé slegið föstu, að þarna sé lokið öllu þessu starfi. En ég get bara upplýst, að það bíður núna að taka fleiri tugi km í sýsluvegi, sem eru hreppavegir og ólagðir vegir, en nauðsynlegt að leggja. Og svo er eitt t. d., að það er ekki alltaf að marka vegalengdina. Sum héruð eru þannig, að hver einasti vegarspotti er kannske tvisvar sinnum dýrari en í öðrum héruðum. Þetta er náttúrlega afskaplega misjafnt. (**BSt:** Sumum þeirra tíu sinnum meira slitið þar að auki.) Já, og þá má benda á vegi t. d., sem lagðir eru um mýrar og heiðar, grjótlausar heiðar, þar sem hætt er við holklaka á hverju einasta vori, og það fara um þessa vegi 5—10 tonna bílar tvisvar á hverjum einasta degi. Þessa vegi verður því að gera svo öfluga, að það er ekki neitt líkt því, sem er í mörgum héruðum úti um land. En þessa virðist ekki eiga að taka tillit til, heldur líta á vegalengdir eins og þær eru í dag og gerbreyta tillaginu frá ríkissjóði til héraðanna yfirleitt.

Ég vil endurtaka það, að ég skora á hv. samgmn. að athuga þetta frv. gaumgæfilega og gefa okkur eins nákvæma skýringu á þessum málum og hægt er, og ég verð að segja það, að ég er algerlega á móti því, sem fram kom hjá hv. 1. þm. N-M., að það ætti að flýta þessu máli og drífa þetta áfram núna, þótt ekki séu nema fáir dagar eftir af þessu þingi. Ég veit ekki betur en að á árinu 1958, eða á s. l. ári, þá hafi verið farið eftir gamla matinu með breytingu á fasteignamatsgjaldinu, og ég hef ekki orðið var við annað en að það hafi getað gengið, og ætti því að geta gengið eitt ár enn.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég vil taka undir þau orð hv. 1. þm. N-M. (PZ), að þessu máli verði hraðað sem mest og það gangi í gegn á þessu þingi. Sannleikurinn er sá, að það er bráðnauðsynlegt að fá þessa löggjöf. Það er augljóst mál, að þegar fasteignamatinu er breytt, þá fer allt féð, sem ríkissjóður veitir, í þær sýslur, sem bezta hafa aðstöðu og þar af leiðandi hafa langhæst fasteignamat. Hinar, sem fjær liggja, verða út undan. Mér er kunnugt um það, að vegamálastjóri er búinn að leggja mikla vinnu í þetta mál og reyna að leysa það á sem hagkvæmastan hátt. Ég efast stórlega um, þótt hv. 2. þm. Árn. (SÓÓ) telji, að hér séu vafasöm ákvæði í 3. málsgr. 1. gr., að það sé hægt að finna neina leið betri. Það er misskilningur, að það eigi að leggjast í hendur eins manns. Hann á að fara eftir ákveðnum reglum, og ég efast ekki um það, að vegamálastjóra er trúandi til þess. Ef hv. þm. getur bent á einhverja heppilegri leið, þá er það vel þegið. En ég vil undirstrika það, að þetta mál gangi í gegn sem allra fyrst og megi ekki stranda hér á Alþingi.

Ég vil aðeins með nokkrum orðum vekja undrun mína á því, að menn voru hér fyrr við umr. að deila um, hvort frv. væri löglega flutt inn í deildina. Ég veit ekki, hvort er hægt að gera það meira löglega en gert hefur verið. Þetta mál er tekið fyrir af sameinuðum samgöngumálanefndum Alþingis, og þar er samgmn. Ed. falið að flytja það. Hún tekur að sér að gera það. Ég sé ekki, að þetta sé neitt brot á þingsköpum eða neinum reglum, að slík aðferð sé viðhöfð. Og hvað ræðu hv. frsm. snertir, sem mundi það ekki, að hann var frsm., þá tel ég það ekkert vítavert af honum, þó að hann hafi ekki á reiðum höndum neina ýtarlega ræðu um þetta mál, vegna þess að ég hygg, að það hafi ekkert frv. verið lagt hér fram, sem betur er gerð grein fyrir en þetta frv., ef menn nenna að lesa það og kynna sér það, sem þar er lagt til málanna.

Ég hef svo ekki meira um þetta að segja.

Bernharð Stefánsson: Út af ummælum hv. þm. V-Sk. (JK) út af því, að hér var um tíma dregið í efa, að þetta frv. væri löglega lagt fyrir d., þá var það að gefnu tilefni, því að hv. þm. Barð. (SE) sagði, að frv. væri frá samvn. samgöngumála, og vitanlega hefur samvn. samgöngumála beggja d. ekki neinn rétt til að leggja frv. fyrir aðra þd. En svo upplýstist það aftur, að formaður samgmn. þessarar hv. d. lýsti því yfir, að frv. væri frá henni, og þar með er það upplýst, að það er þó löglega lagt fyrir þessa hv. d. En það upplýstist ekki fyrr.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það er gott, að hæstv. forseti er þá orðinn ásáttur um, að málið er löglega lagt fyrir.

Ég gat þess í upphafi, að vegamálastjórinn hefði lagt málið fyrir samvn. samgöngumála og það hefði verið samkomulag í þeirri n., að samgmn. Ed. flytti málið. (**BSt:** Það kemur fyrst nú.) Það hélt ég, að ég hefði sagt skýrt í fyrstu ræðu minni. En þetta er allt í lagi, fyrst hæstv. forseti fellst nú á, að það sé löglega flutt.

Hv. 2. þm. Árn. (SÓÓ) sagði, að hann teldi jafnvel ekki nauðsyn á að hraða málinu gegnum þetta þing. Ekki ætla ég að fara að deila um þetta. En ég vil þó benda á það, að ef ekki á að afgreiða málið á þessu þingi, þá væri betra, að fjvn. fengi einhverja vitneskju um það, því að þá þarf að hækka fjárlögin sem nemur þeirri hækkun, er hið nýja fasteignamat skapar, og það er þó nokkur upphæð. Eins og stendur í grg. þessa frv., þá mundi sú upphæð hækka hér um bil um helming, ef ekki er breytt lögunum. Ég veit ekki, hvort það er alveg skaðlaust að láta málið bíða.

Hv. 2. þm. Árn. drap á það líka, að sýslufélögin hefðu fengið framlag frá ríkissjóði í réttu hlutfalli við það, sem þau legðu á sig

sjálf. Þetta er að vísu rétt. En það fer ekki alltaf saman við þörfina á fjárframlögum til sýsluveganna. Og löggjöf um upptöku nýrra þjóðvega í hverju héraði hefur ekki heldur farið eftir þessu, svo að það sannar ekki, hver þörfin er fyrir nýja sýsluvegi, hvað sýslufélögin leggja á sig sjálf. Fasteignamatið sjálft er svo gerólíkt eða hækkun þess svo gerólík í hinum einstöku sýslufélögum, eins og segir í þessari grg., að í einni sýslunni hefur fasteignamatið hækkað um 48%, en í annarri um 409%, enda segir vegamálastjórinn í grg., með leyfi hæstv. forseta: „Af því, sem að framan greinir," þ. e. a. s. hann er búinn að gera grein fyrir þessu ósamræmi, „og við athugun á þeim upplýsingum, sem sýndar eru á fskj. I—IV, virðist mér ljóst, að hið nýja fasteignamat sé með öllu ónothæfur grundvöllur fyrir skiptingu á ríkisframlagi til sýsluveganna eftir gildandi lögum."

Ég held, að það fari varla á milli mála, að það sé full nauðsyn á því að afgreiða málið á þessu þingi. Hitt þarf ekki að efast um, að nm. samgmn. eru allir á einu máli um það að taka þetta mál til ýtarlegrar athugunar og að ástæðan til þess, að það er ekki búið að því, er sú ein að koma frv. fyrir augu hv. þm. í tæka tíð, jafnsnemma og nm. sjálfir geta farið að athuga það að nokkru ráði. Og mér þykir hart, ef það á að fara að deila á n. fyrir það, að hún er að hraða máli í hendur hv. þm., til þess að þeir geti athugað það samhliða.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 105. fundi í Ed., 21. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Þetta mál um sýsluvegasjóðina vildi ég biðja hæstv. forseta að taka út af dagskrá. Ástæðan er sú, að strax eftir 1. umr. málsins hafði samgmn. fund um málið. Á þann fund komu þeir hv. 1. þm. Eyf. (BSt) og hv. 2. þm. Árn. (SÓÓ) og óskuðu eftir að mega lýsa brtt. við þetta frv., sem þeir hugðust flytja, eða þó öllu heldur vildu biðja n. að flytja. Þeir afhentu n. skriflegt uppkast að þessari brtt., og höfum við haft það síðan. Mér var þá falið að eiga viðræður við vegamálastjóra um þessa brtt., því að við vildum gjarnan leitast við að ná samkomulagi innan n. um frv., svo að því yrði frekar hraðað í gegnum þessa hv. deild.

Vegamálastjóri gat fallizt á þessa brtt. að nokkru leyti. Nú er búið að útbýta henni hér sem þskj., og till. er flutt af þessum hv. þm., sem ég nefndi, en hv. 1. þm. Eyf. liggur veikur og getur ekki tekið þátt í þessum umr. Ég gat komið skilaboðum til hans í morgun til þess að fá vitneskju um það, hvort hann óskaði eftir, að þessu yrði eitthvað frestað vegna veikinda hans, og óskar hann eindregið eftir því, að málið sé tekið út af dagskrá að þessu sinni. Þetta ætti ekki að þurfa að hindra málið neitt eða a. m. k. sáralítið, vegna þess að ef það tekst samkomulag um þetta mál innan samgmn., þá verður allur gangur málsins greiðari, bæði í þessari d. og hv. Nd.

Ég vil því ítreka beiðni mína til hæstv. forseta, að hann fresti umr. og taki málið út af dagskrá af þessum ástæðum.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég vil fyrir mitt leyti algerlega mótmæla því, að þetta mál sé tafið með því, að það sé tekið út af dagskránni núna, og ég skil ekki satt að segja, af hvaða ástæðu það er. Ég veit ekki betur en samgmn. sé samþykk þessari miðlunartill., sem fram er komin, og það breytir engu í málinu, hvort hv. 1. þm. Eyf. er mættur eða ekki, það er ég alveg sannfærður um. Og ég sé enga ástæðu til þess að fresta málinu, það getur verið til þess bara, að það dagi uppi. Hér í bænum gengur illkynjuð inflúenza. Það veit enginn, hve margir þm. leggjast á næstu dögum. Ég fyrir mitt leyti er algerlega andvígur þessu, og ég skil ekki í því hjá hv. frsm. að vera að koma með þessa till. án þess að ráðgast við okkur meðnm. sína.

Björgvin Jónsson: Herra forseti. Ég vil eingöngu koma hér til að taka undir orð hv. þm. V-Sk. (JK). Ég sé ekki, að það sé nokkur ástæða til að fresta þessu máli nú. Það er enginn ágreiningur í n. um málið, og það er ágreiningslaust, að nm. lýsa fylgi sínu við till. þeirra hv. 2. þm. Árn. (SÓÓ) og 1. þm. Eyf. (BSt). Ég vil aðeins undirstrika það, að þetta mál er svo mikilvægt, að það er mjög nauðsynlegt, að Alþingi láti vilja sinn í ljós um, hvort það á að verða að lögum eða ekki, og ber brýna nauðsyn til, að því verði hraðað sem allra mest.

Sigurður Ó. Ólafsson: Herra forseti. Mér skilst, að þessar umr., sem nú hafa farið fram um þetta mál, séu utan dagskrár. Ég vil þá segja nokkur orð í sambandi við þetta, skal ekki vera langorður.

Ég vil vísa til ummæla frsm. þessa máls, frsm. samgmn., hv. þm. Barð., um það, að þar sem hv. 1. þm. Eyf. er veikur, en hann er annar flm. að þessari till., og ég hef ekki haft möguleika á því að bera mig saman við hann um þá breyt., sem ég gerði á till. vegna tilmæla vegamálastjóra, sé eðlilegt að fresta nú umræðu um málið. Ég vil þess vegna taka eindregið undir tilmæli frsm., hv. þm. Barð., að málinu verði nú frestað.

Ég vil ekki fara fleiri orðum um þetta að þessu sinni utan dagskrár, en það verður tækifæri til þess að gera það aftur, þegar málið verður tekið til umræðu.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Þar sem flm. till. leggur svo mikla áherzlu á það að fresta málinu, þá fyndist mér réttast af honum að taka till. aftur til 3. umr., þá getur hann rætt hana við meðflm. sinn, en er ekki að tefja málið fyrir það. Ég veit, hver tilgangurinn er hjá þessum hv. þm. Hann er sá að koma málinu fyrir kattarnef, og því mótmæli ég algerlega. Þetta er fullkomlega sanngjarnt, ef þessi

hv. þm. vill ræða við meðflm. sinn, að hann geri það milli umr., en taki till. aftur.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Út af ummælum hv. þm. V-Sk. (JK) og hv. þm. Seyðf. (BjörgJ) vil ég segja, að það er rangt hjá þeim, að það liggi fyrir nein samþykkt frá hálfu samgmn. um að fylgja þessari till. Hún hefur aldrei komið til atkv. í n., heldur aðeins milli einstakra nm. Hitt er alveg rétt hjá hv. þm. V-Sk., að það er nauðsyn á að hraða málinu, og ég er honum alveg sammála um það, það á að hraða því. En við erum ekki að hindra málið, þó að það verði tekið út af dagskrá núna, þar sem allar horfur eru á, að fullt samkomulag geti náðst um það, og þá gengur það þeim mun hraðar.

Sérstakt tilefni er nú til að verða við þessari beiðni hv. 1. þm. Eyf., þegar hv. 2. þm. Árn. (SÓÓ) upplýsir nú, að hann hefur látið prenta till. breytta frá því, sem þeir gengu frá henni í félagi upphaflega, og hv. 1. þm. Eyf. hefur verið veikur síðan og hefur ekki séð hana í þessu formi.

Ég krefst þess því, að þetta mál verði tekið út af dagskránni.

Björgvin Jónsson: Herra forseti. Út af ummælum hv. þm. Barð. (SE) vildi ég aðeins taka fram, að á fundi, sem haldinn var í samgmn. fyrir helgi, var þessi brtt. að vísu ekki borin undir atkv., en á nefndarfundinum lýstu allir nm., þeir sem mættir voru, sig fylgjandi því, að n. lýsti sig meðmælta brtt. eða jafnvel flytti hana sem sína. Og þar sem ein umr. er eftir um málið og það virðist vera samróma álit a. m. k. flestra þeirra, sem hér hafa talað, að nauðsyn beri til, að málið fái afgreiðslu á þessu þingi, þá hefði ég viljað beina þeim tilmælum til 1. flm. till., að hann drægi hana aftur til 3. umr. og að málið yrði afgreitt til 3. umr. á þessum fundi.

Sigurður Ó. Ólafsson: Herra forseti. Ég vil í tilefni af þessu, sem fram kom núna síðast frá hv. þm. Seyðf. (BjörgJ) segja það, að ég mun ekki taka till. aftur til 3. umr. Ef umr. um málið verður fram haldið núna, þá mun ég halda þá ræðu um málið, sem ég hafði hugsað mér að gera.

Forseti (PZ): Það er óskað eftir því, að þessu máli sé frestað, og það er gert af einum nm. samgmn. Hins vegar eru aðrir, sem vilja, að málið sé tekið fyrir nú og haldi áfram. Ég hef áður lýst yfir í þessu máli, að ég tel ákaflega nauðsynlegt, að þetta mál nái fram að ganga. En þar sem það liggur fyrir, að annar sá, sem prentaður er sem flm. till., hefur ekki séð hana í því formi, sem hún er í núna, og að því er virðist ekki einu sinni heyrt hana í því formi, sem hún er í nú, þá sé ég mér ekki annað fært en að fresta umr., en málið verður tekið fyrir á næsta fundi d. Það er tekið af dagskrá núna.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 106. fundi í Ed., 22. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 375, 423).

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég greindi frá því við 1. umr. þessa máls, að vegamálastjóri hefur samið þetta frv. Hann ræddi þetta mál við samvinnunefnd samgöngumála og lagði áherzlu á, að það næði fram að ganga á þessu þingi. Hann gerir ýtarlega grein fyrir því í grg. frv., að núverandi fasteignamat í landinu sé gersamlega ónothæfur grundvöllur fyrir skiptingu ríkisframlags til sýsluvegasjóða.

Samkvæmt gildandi lögum geta sýslufélög lagt á vegaskatt til sýsluvegasjóðanna eftir fasteignamati í sýslunni. Hámark þessa vegaskatts má vera sem svarar 12‰ af fasteignamati lands og lóða og 6‰ af fasteignamati húsa. Þessari reglu er ekki breytt með þessu frv. Sýslunefndir höfðu heimild til þess að leggja allt að 70% álag á þennan vegaskatt, en sú heimild féll úr gildi við síðustu áramót. Ríkisframlagið til sýsluvegasjóðanna fer eftir því, hversu háan vegaskatt sýslufélögin innheimta heima fyrir. Sem dæmi má nefna, að ef þau innheimta aðeins sem svarar 2‰ af landverði og 1‰ af húsaverði, þá er ekkert ríkisframlag á móti því. Síðan kemur til ríkisframlag eftir því, hve hátt gjald sýslufélögin innheimta, og hámarkið er það, eins og ég drap á áðan, að leggi sýslufélag 12‰ á fasteignamat lands og 6‰ á fasteignamat húsa, fær sýslusjóður þrefalt framlag á móti því, sem er umfram næsta stig þar á undan, en það er mesta framlagið.

Fram til síðustu áramóta var vegaskattur til sýsluvegasjóða innheimtur samkvæmt gamla fasteignamatinu, og ríkisframlagið var því að sjálfsögðu í samræmi við það. En frá síðustu áramótum er nýja fasteignamatið orðið mælikvarðinn í þessum efnum.

Verði lögunum um sýsluvegasjóðina ekki breytt nú, þá gerist tvennt fyrst og fremst: Heildarupphæð ríkisframlagsins hækkar mikið vegna hækkunar á fasteignamatinu í landinu, því að heildarupphæð ríkisframlagsins er aðeins háð framlögum sýslufélaganna. Í öðru lagi: skipting ríkisframlagsins til sýsluvegasjóðanna gerbreytist, vegna þess að hækkun fasteignamatsins er svo mismikil í héruðunum, og sú skipting yrði þá ekki í neinu samræmi við þarfir sýsluvegasjóðanna.

Ef frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 375, verður samþ., þá eru afnumdar þessar reglur, sem ég nefndi, um ríkisframlagið, að það fari eftir fasteignamati viðkomandi sýslufélaga. Í staðinn fyrir það koma ákvæði 1. gr. frv., sem eru þau, að vegamálastjóri skal skipta ríkisframlaginu eftir lengd sýsluveganna, eftir ástandi þeirra og eftir því, hversu há sýsluvegagjöld eru innheimt í hverju sýslufélagi.

Annað atriði, sem breytist með samþykkt þessa frv., er það, að framlag ríkissjóðs skal ekki vera lægra en sem nemur 6‰ af fasteignamati lands og lóða og 3‰ af fasteignamati húsa, og það skal ekki verða hærra en tvöföld sú upphæð, sem innheimt er af sýslufélögum.

Í gildandi lögum er bæði lágmark og hámark ríkisframlagsins bundið því, hversu há

sýsluvegagjöld eru innheimt í héruðunum. Hámark upphæðarinnar úr ríkissjóði til sýsluvegasjóðanna er því ekki bundið nú. Þótt ríkisframlagið megi ekki fara niður fyrir 6‰ og 3‰ af fasteignamati, eins og ég sagði áðan, þá helzt áfram heimild sýslufélaganna til að innheimta sýsluvegagjöld allt að 12‰ og 6‰ fasteignamatsins, alveg eins og áður var. En ef sýslufélag notfærir sér þá heimild t. d. að innheimta sýsluvegagjald, sem svarar 12‰ fasteignamats, þá er ekki þar með sagt, að ríkisframlagið verði tvöföld sú upphæð, öðru nær. Það er af því, að samkvæmt frv. á heildarupphæð ríkisframlagsins að vera bundin ákvæði fjárlaga.

Í fjárlagafrv. því, sem verið var að samþ. til 3. umr. í gær, er fjárveiting til sýsluvegasjóðanna 3.3 millj., og er það óbreytt frá því, sem var í frv., eins og það var lagt fyrir þingið, og á því að hækka það frá því, sem það var á fjárl. síðasta árs, um 550 þús. Þetta mun vera með tilliti til hins hækkaða fasteignamats.

Sérákvæði hafa verið í fjárl. um framlög til þeirra sýslufélaga, sem hafa ekki sýsluvegasjóði, því að þar hefur gilt önnur regla um ríkisframlagið. Þar leggur ríkið krónu á móti krónu. En þar sem sýsluvegasjóðir eru, þar fer ríkisframlagið eftir þeim reglum, sem ég nefndi áðan. Á s. l. ári voru fjögur sýslufélög í landinu, er ekki höfðu sýsluvegasjóði. Nú hafa öll þessi sýslufélög tilkynnt vegamálastjórninni, að þau muni stofna sýsluvegasjóði á þessu ári.

Í 2. gr. frv. er ráðh. veitt heimild til þess að neita um staðfestingu á sýsluvegasjóðssamþykkt, ef hún hefur í för með sér óeðlilega lengingu sýsluvegakerfisins. Þetta er vegna þess, að nýja reglu á að taka upp um úthlutun ríkisframlagsins til sýsluvegasjóðanna, þ. e. að reglan á að vera sú, að vegamálastjóri skiptir ríkisframlaginu eftir lengd sýsluveganna, ástandi þeirra og eftir framlaginu heiman úr héruðunum.

Ef ekki væri settur þessi varnagli í 2. gr. frv. um vald ráðh. til að hafa nokkurn hemil á lengd sýsluveganna, þá væri hægt fyrir sýslunefndir að hafa veruleg áhrif á það, hve mikinn hluta af ríkisframlaginu sýslurnar fengju, með því að lengja sýsluvegina, þar sem það er ein aðalreglan, sem skipting ríkisframlagsins á að fara eftir, hvað þeir eru langir.

Við 1. umr. þessa máls kom fram ágreiningur um málið frá tveimur hv. þm. þessarar deildar, hv. 1. þm. Eyf. (BSt) og hv. 2. þm. Árn. (SÓÓ). Tjáðu þeir samgmn., að þeir mundu flytja brtt. við frv. Þessa brtt. hafa þeir nú flutt. Vegamálastjóri hefur athugað þessa brtt. og breytti henni nokkuð, og í því formi er hún flutt. Flm. féllust á sjónarmið vegamálastjórans og tóku því það ráð að flytja till. í því formi, sem vegamálastjóri gat fallizt á.

Nú hefur svo óheppilega viljað til, að annar flm. þessarar brtt., hv. 1. þm. Eyf., er búinn að vera veikur, síðan málið var til 1. umr. Ég beitti mér fyrir því á fundi þessarar hv. d. í gær, að þetta mál yrði tekið út af dagskrá, þrátt fyrir hörð mótmæli þeirra hv. þm. hér í d., sem eru mér alveg sammála um þá nauðsyn, að þetta mál gangi fram. En ástæðan var sú, að ég vildi prófa, hvort ekki væri unnt að ná fullu samkomulagi flm. brtt. og nefndarinnar um málið. Það var að vísu erfitt að prófa þetta, vegna þess að hv. annar flm. var veikur og er það enn, en þó hef ég fengið þau skilaboð frá honum, að hann sætti sig við brtt., enda er hann flm. að henni. En efni brtt. á þskj. 423 er það, að reglan um skiptingu ríkisfjárins, sem nefnd er í 1. gr. frv., þ. e. lengd sýsluveganna, ástand þeirra og framlög héraðanna, skuli þó takmarkast af því, eins og segir í brtt., að framlag til sýslu skal aldrei vera lægra en hún leggur til sýsluvegasjóðs, og þetta breytir allmiklu. Þannig var till. upphaflega úr garði gerð, en vegamálastjóri fékk þá viðbót við hana, að þetta skuli vera miðað við 6‰ af fasteignamatsverði lands og lóða og 3‰ af fasteignamatsverði húsa, þ. e. a. s. sýslufélag getur ekki aukið eigið framlag úr hófi fram til þess að soga til sín þeim mun meira af ríkisframlaginu. Sýslufélag getur að sjálfsögðu lagt fram sem svarar 6 og 3‰ af fasteignamatinu og fengið ríkisframlag samkvæmt því, en ef sýslufélag ætlar að auka þetta og fara t. d. upp í 12‰ af fasteignamatinu, þá er samkv. brtt., eins og hún er flutt, ríkissjóði ekki skylt að leggja jafnmikið fram á móti því.

Í dag hélt samgmn. fund um þetta mál. Þar voru að vísu tveir hv. nm. fjarstaddir, hv. 4. landsk. (FRV) og hv. 4. þm. Reykv. (EggÞ). Nefndarmenn urðu sammála um að mæla með samþykkt frv. með þeirri brtt., sem hér liggur fyrir. Um þetta er fullt samkomulag þeirra nm., sem mættu á þessum fundi.

Ég hygg, að hv. flm. brtt., hv. 1. þm. Eyf. og hv. 2. þm. Árn., séu í raun og veru sammála okkur um þetta, þegar þessi brtt. er komin til. Þau skilaboð fékk ég frá hv. 1. þm. Eyf. í gærkvöld, að hann sætti sig við þessa lausn, og ég ætla, að hv. 2. þm. Árn. geri það í raun og veru líka. En þó er hann ekki ánægður, það skal ég viðurkenna. Það er ekki heldur eðlilegt, að hann sé það út af fyrir sig, því að hans sýslufélag hlýtur að lækka í framlagi frá ríkinu, miðað við það, sem áður var. En það er ekki auðvelt mál að leysa þennan vanda svo, að allir verði ánægðir.

Það stendur nokkuð sérstaklega á um það sýslufélag, sem hv. 2. þm. Árn. er fulltrúi fyrir. Þetta sýslufélag hefur fengið mjög ríflegan hluta af ríkisframlaginu, af því að fasteignamat í þessu sýslufélagi hefur verið allhátt, þ. e. a. s. þar hafa komið til mjög miklar fjárfestingar og framkvæmdir og það frá öðrum héruðum, eins og t. d. Sogsvirkjunin, sem hefur veruleg áhrif á það, hver hlutur þessa héraðs er úr ríkisframlaginu og þá jafnframt framlag sýslunnar sjálfrar. Þetta hérað fékk á árinu í fyrra tæp 22% af ríkisframlaginu, en lengd sýsluveganna í þessu héraði var rúm 11% af lengd sýsluveganna í landinu. Ef hins vegar ætti að láta lögin gilda óbreytt, með því að sjálfsögðu að nýja fasteignamatið yrði skattgrundvöllurinn, því að það verður það, þá mundi þetta misræmi aukast enn að miklum

mun. Mér hefur virzt, að hv. 2. þm. Árn. hafi fullan skilning á því, að hér þurfi nokkru um að breyta.

Hitt er þó öllu þyngra á metunum, að önnur sýslufélög í landinu og það langsamlega flest þeirra fá ofur lítið bættan hlut með þessari lagabreytingu. Get ég nefnt sem dæmi, að eitt sýslufélag, sem er með 9% af sýsluvegunum í landinu, fékk 1948 aðeins um 4% af ríkisframlaginu. Hér virðist vera farinn mjög sanngjarn millivegur í þessu máli með því að samþykkja brtt. á þskj. 423, og þótt svo verði, þá eru þau sýslufélög, sem fengu drýgstan hlut af ríkisframlaginu áður, með drýgstan hlut enn. Að vísu lækka þau, en ekki tiltölulega mikið. Og hitt skeður auðvitað um leið, að önnur sýslufélög í landinu hækka við þetta.

Ég hef fengið töflu yfir það frá vegamálastjóra, hvernig ríkisframlagið mundi skiptast, ef þetta frv. yrði samþykkt með brtt., en þá þarf hann að vísu að geta í eyðurnar um það, hver muni verða sýsluframlögin, því að það veit hann ekki fyrir. Sú skýrsla ber það ótvírætt með sér, að hér verður mikilsverð leiðrétting gerð fyrir flest sýslufélögin í landinu, þau sem hafa átt erfiðast í þessum efnum. Það er að vísu ekki að öllu leyti gert á kostnað hinna, sem mest höfðu framlögin áður, heldur er fjárframlagið aukið, eins og ég sagði áðan, um hér um bil 21%, en það er líka gert á kostnað þeirra, en þau eru mjög fá, og það er ekki tilfinnanleg lækkun, sem þau ættu að verða fyrir.

Eins og ég drap á áðan, beitti ég mér fyrir því í gær, að þessu máli yrði frestað þá, svo að séð yrði til fulls, hvort fullt samkomulag yrði um málið, því að það greiðir fyrir framgangi málsins í síðari d., að svo geti orðið. Ég vil beina því til hæstv. forseta nú, hvort hann sjái sér ekki fært að setja nýjan fund hér í d. í dag að loknum þessum fundi og taka þetta mál á dagskrá til 3. umr. og freista þess, að afbrigði fáist samþykkt fyrir því. Það er í samræmi við það, að ég vil ekki hindra málið, vildi það ekki í gær og vil það ekki heldur í dag, heldur vil ég beita mér fyrir því, að því sé hraðað, af því að það er svo aðkallandi, að málið nái að komast í gegnum þingið.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar að þessu sinni, en vænti þess fastlega, að hv. dm. sjái, að hér er nauðsynjamál á ferðinni annars vegar og að hins vegar hefur n. leitazt við að sætta alla aðila á lausn málsins.

Sigurður Ó. Ólafsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. samgmn. fyrir það, að hún tók á því með fullum skilningi, að sanngjarnt væri að breyta frv. frá því, sem það nú liggur fyrir, í þá átt að gera það viðunanlegra. Eins og hv. frsm. tók fram í sinni ræðu, hefur n. samþykkt að greiða atkv. með þessari till. okkar hv. 1. þm. Eyf. (BSt), sem er á þskj. 423. Að öðru leyti hef ég ekki mikið um ræðu hv. þm. Barð. (SE) að segja, hann skýrði þetta mál frá sínu sjónarmiði. Ég er honum þar að mörgu leyti ósammála, en þó þarf ég ekki að leiðrétta neitt, sem hann sagði; hann skýrði frá málinu eins og það liggur fyrir og frá sínum bæjardyrum séð. En þrátt fyrir þetta samkomulag, sem varð á milli mín og hv. samgmn. um samþykkt þessarar till., þá sé ég ekki ástæðu til annars en að láta í ljós mitt álit á frv., eins og það liggur fyrir. Ég er ekki samþykkur grundvallaratriðum frv. og þykir skylt að láta skoðun mína í ljós um málið í heild.

Góðar samgöngur til lands og sjávar eru lífæð hvers héraðs í okkar strjálbýla og samgönguerfiða landi. Það má segja, að afkomumöguleikar fólksins, sem býr úti á landinu og ekki sízt í þeim héruðum, sem framleiðsla þeirra er bundin við samgöngur góðar, t. d. í landbúnaðarhéruðum, sem framleiða mjólk að mestu leyti, að afkoma þessa fólks sé bundin við öruggar samgöngur, og er þetta skiljanlegt, þegar tekið er tillit til þeirrar gerbreytingar, sem á hefur orðið undanfarna áratugi, miðað við það, þegar afurðir búanna voru að mestu leyti unnar heima á hverjum bæ, en nú eru þær fluttar daglega á sölu- eða vinnslustaði. Og vitanlega kallar þessi mikla breyting á sterka og örugga vegi, sterkar og öruggar samgöngur, enda verður ekki sagt annað en undanfarna áratugi hafi verið lagt mikið fé til vega og samgöngubóta um land allt og auðvitað ekki sízt í þeim héruðum, sem eiga allt sitt undir samgöngunum.

Hjá okkur hér á landi er vegunum skipt í þrjá höfuðkafla eða höfuðflokka, þ. e. þjóðvegi, sýsluvegi og hreppavegi. Þjóðvegirnir eru sem kunnugt er kostaðir af ríkinu eingöngu, bæði nýbyggingar og viðhald. Sýsluvegirnir eru kostaðir eftir vissum reglum og gildandi lögum settum af Alþingi, að nokkrum hluta heiman úr héraði og að nokkrum hluta frá ríkissjóði. Hreppavegirnir eru kostaðir af hreppunum, ýmist eingöngu eða þá einstaklingum með hreppum.

Það, sem ég ætla hér að gera að umtalsefni, eins og gefur auga leið vegna þess frv., sem hér er til umræðu, eru sýsluvegirnir. Þetta frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 375, um breytingu á lögum um sýsluvegasjóði, flutt af hv. samgmn. þessarar hv. d., en samið af vegamálastjóra, liggur nú fyrir hér til 2. umr. Ég get ekki látið hjá líða að fara nokkrum orðum um frv. sjálft, þótt hv. frsm. n. hafi gert það hér áðan í sinni ræðu, og um leið minnast á þau áhrif, sem það að mínu áliti hlýtur að hafa á starfsemi sýsluvegasjóða landsins yfirleitt, og um leið á hið þýðingarmikla hlutverk þessara sjóða, sem er að styðja að aukinni vegagerð í hinum ýmsu héruðum landsins, þar sem þeir hafa verið stofnaðir.

Gildandi lög um sýsluvegasjóði eru frá 1933 með áorðnum breytingum frá 1947. Höfuðtilgangur þessarar lagasetningar var sá að örva hin ýmsu héruð til að leggja nokkuð af mörkum sjálf til aukningar vegakerfa sinna. Eftir því sem þau lögðu meira fram til sýsluvegasjóðs, því ríflegra varð tillag ríkisins hlutfallslega. Ákvæði lútandi að þessu voru sett í lögin 1947, og eru þau þessi, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú er á einu ári varið meira fé úr sýsluvegasjóði og með framlagi samkvæmt síðari

málslið 6. gr. en svarar 2‰ af fasteignaverði lands og lóða og 1‰ af fasteignamati húsa, og skal þá ríkissjóður greiða á móti því, sem umfram er, sem hér segir: Móts við það framlag, sem svarar til 2—4‰ af land- og lóðaverði og 1—2‰ af húsaverði, greiðist jafnmikið framlag úr ríkissjóði, móti framlagi, er nemur 4—10‰ af land- og lóðaverði og 2—5‰ af húsaverði, greiðist tvöfalt framlag úr ríkissjóði, en þrefalt á móti því, sem umfram er.“

Þetta er hin gildandi regla um úthlutun sýsluvegafjár nú til hinna einstöku sýsluvegasjóða eftir gildandi lögum. En hámark þess, sem sýslufélög mega leggja í sína eigin sjóði, er 12 og 6‰ fasteignamatsverðs í sýslunni. Þegar þessi breyting var gerð á lögunum, þ. e. a. s. 1947, sem ég minntist á núna, þá mælti Jón Sigurðsson, þm. Skagf., svo m. a.:

„Við flm. leggjum því til, að þeirri reglu verði fylgt, að því meir sem sýslufélögin leggja á sig, því ríflegar komi ríkissjóður á móti þeim. Hygg ég, að hér sé vel stillt í hóf, og erum við flm. þess fullvissir, að því fé, sem ríkissjóður legði þannig fram, yrði vel varið.“

Þannig fórust þessum hv. þm. orð, þegar hann mælti fyrir þeirri breytingu á lögunum, sem nú á að nema úr gildi, og hugsunin er þessi, sem ég benti á áðan, að örva hin einstöku héruð til þess að leggja sem mest fram úr eigin vasa, leggja sem mest á sig, eftir því yrði ríkissjóður ríflegri í framlögum til þeirra. Þetta lýsir sem sagt einkar glögglega þeirri hugsun, sem að baki lá þessari lagasetningu um sýsluvegasjóði, en hún var sú, sem ég nú drap á.

En samkvæmt þessu frv. verð ég að segja það, að úthlutun á ríkisstyrknum til hinna einstöku sýslufélaga gerbreytist. Samkvæmt núgildandi lögum um sýsluvegasjóði er heildartillag ríkissjóðs til þeirra ekki bundið við hámark, heldur aðeins ákveðið, að tillagið skuli vera, eins og ég áðan benti á, miðað við tillag viðkomandi sýslu, sem er þó ákveðið í hámarki 12 og 6‰ fasteignamatsverðs. Það er því ekki rétt, þegar sagt hefur verið sem svo, að stóru sýslurnar gætu gleypt, eins og það hefur verið orðað, allt sýsluvegaféð, ef þær legðu nógu mikið fram sjálfar, m. ö. o.: eins og lögin voru, áður en þetta fasteignamat breyttist, að þá rynni þetta og þetta mikill hluti ríkistillags til sýsluvega til nokkurra fárra, stórra sýslufélaga. Þetta er ekki rétt nema að nokkru leyti, vegna þess að ríkið veitir fé, eins og margtekið er fram, eftir sömu hlutföllum um allt land, eftir því hlutfalli, sem sýslurnar leggja til sjálfar. Ég skal til skýringar þessu t. d. benda á, að ef Árnessýsla, sem er langstærsta sýslan hvað sýsluvegasjóð snertir, allt í einu hætti t. d. að leggja fé í sýsluvegasjóð sinn, hvaða aðili mundi græða á því? Það er vitanlega ríkissjóður. Tillag ríkissjóðs til Árnessýslu félli niður, vegna þess að hún sjálf hætti að leggja til síns eigin sýsluvegasjóðs. Önnur sýslufélög, aðrir sýsluvegasjóðir á landinu mundu ekki fá einn eyri af þessu fé, eins og lögin eru núna. Sá eini aðili, sem á þessu mundi græða, er ríkissjóður sjálfur. Ef þetta er ekki réttur skilningur minn, þá veit ég, að þeir menn, sem þessum málum eru kunnugastir, leiðrétta þetta. En ég bendi á þetta vegna þess, að það er stundum sagt, að stærstu sýslurnar hafi hrifsað til sín mestan hluta af ríkistillaginu til sýsluvegasjóðanna, og er þá látið í það skína, ef það er sagt skýringalaust, að ríkistillag til sýsluvegasjóða væri fyrir fram ákveðin upphæð, og eftir því sem einhver sýsla tæki stærri hluta af því til sín, fengju hinar minna. En þetta er alger misskilningur, eins og ég hef sýnt fram á og eins og lögin eru núna. En aftur get ég ekki betur séð en samkvæmt þeirri breytingu, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, breytist þetta á þann veg, að heildartillagið verður bundið við hámark. Í 1. gr. segir: „Framlag ríkissjóðs skal þó aldrei vera hærra en tvöföld heildarupphæð innheimtra sýsluvegasjóðsgjalda um land allt næsta ár á undan.“ Þess vegna verður afleiðingin sú, ef þetta frv. verður samþykkt, að heildarupphæð ríkissjóðs til sýsluvegasjóða er bundin við hámark, en óbundið það, sem sýslur geta lagt til þeirra, og eiga þá kröfu á mótframlagi frá ríkissjóði, þá getur það bitnað á hinum sýsluvegasjóðunum, þannig að þeir fái minna en ella. M. ö. o.: samkvæmt frv. á að binda ríkissjóðsframlagið við hámark.

Ég hef ekki hugsað þetta mál svo, að ég geti gert mér í hugarlund, hvort þetta geti ekki haft einhverjar slæmar afleiðingar, að setja þetta í lögin, að tillag ríkissjóðs skuli vera bundið við hámark. Fasteignamatið, sem tillagið er bundið við, er óbreytt árum saman. Ríkissjóðstillagið er bundið við það, og það — fasteignamatið — breytist ekki árum saman. En hver er kominn til að segja, að fjárþörf sýsluvegasjóðanna breytist ekki? Við getum bara litið til baka og séð, hvaða geysilegum breytingum allt verðlag í landinu hefur tekið núna undanfarin 10—15 ár, en allan þennan tíma var gamla fasteignamatið gildandi. Ég skal ekki fullyrða um það, hvort hámarksákvæðið til sýsluveganna getur haft einhver áhrif í framtíðinni til verra fyrir sýsluvegasjóðina, og er það vegna þess, að ég hef ekki haft tækifæri til að athuga það, og þess vegna vil ég ekki fullyrða það, en ég aðeins bendi á þetta.

Ég vil þá aðeins athuga frv. nokkru nánar en ég hef gert.

1. gr. inniheldur aðalefni frv. Þar segir, að árlega skuli veita úr ríkissjóði til sýsluvega upphæð, sem eigi sé lægri en sem nemi 6‰ af samanlögðu fasteignamatsverði landa og lóða og 3‰ af samanlögðu fasteignamatsverði húsa í öllum sýslum, þar sem sýsluvegasjóðsgjald er innheimt. Og þarna er að finna lágmarkið, sem gilda skal um þetta atriði. Og þá segir enn fremur: „Framlag ríkissjóðs skal þó aldrei vera hærra en tvöföld heildarupphæð innheimtra sýsluvegasjóðsgjalda um land allt næsta ár á undan.“ Þarna er að finna hámarkið, þessa upphæð, sem skipta skal árlega á milli sýsluvegasjóða landsins, og hvorki meira né minna. Þá kemur 3. málsl. 1. gr., sem segir: „Vegamálastjóri annast skiptingu á framlagi ríkissjóðs samkv. 1. málsgr., og skal við skipt-

inguna aðallega miða við lengd sýsluvega í hverri sýslu, en jafnframt skal þó höfð hliðsjón af, hve mikill hluti veganna er lagður, ruddur eða ekki akfær og með hve háum hundraðshluta sýsluvegasjóðsgjald er innheimt.“ Í fljótu bragði lítur þetta nógu vel út, að það á að breyta úthlutunarreglunum til þess að hjálpa þeim héruðum, sem eru styttra á veg komin með sína vegi. En þegar farið er að grandskoða ákvæðin nokkuð, þá kemur ýmislegt í ljós. Skiptingin á ekki að fara núna eftir því, hvað hver sýsla leggur af mörkum, ekki nema að nokkru leyti eða litlu leyti, en aftur lengd veganna, sem ræður, hvað mikill hluti þeirra er akfær eða hálfgerður. Ekkert tillit skal taka eftir frv. til þess, hvort umferð er um þá daglega allt árið með þungum vöruflutningabílum, 5—10 tonna bílum, eða hvort þeir eru í notkun nokkra mánuði ársins og þá ef til vill að mestu leyti með létta umferð. Og útkoman verður sú, að þær sýslur, sem hafa mesta sýsluvegi og ég vil segja ekki minni nauðsyn á að hafa sýsluvegina en aðrar, þær verða aðallega fyrir barðinu á frv. vegamálastjóra, þeirra framlag er stórlega skert, svo að það þykir manni nokkuð úr hófi fram, og þá á ég við það, eins og frv. liggur fyrir í byrjun.

Með frv. fylgir grg. vegamálastjóra. Þar er að finna ýmsar fróðlegar töflur. M. a. er tafla þar, sem segir um, hvernig tillag ríkisins skiptist milli sýsluvegasjóða landsins, ef miðað er við hið nýja fasteignamat og allar sýslur miða tillag sitt við 6‰ af land- og lóðaverði og 3‰ af húsaverði. En það athugist, að sýslurnar hafa heimild til þess að miða við 12‰ og 6‰ eftir núgildandi lögum og einnig áfram, þó að þetta frv. verði samþykkt.

Ég vil þá minnast á útkomuna hjá nokkrum sýslum. Ég vil minna á eina sýslu t. d., og tek þær þá bara holt og bolt, að samkv. nýja fasteignamatinu og miðað við, að sýslutillag sé 6‰ og 3‰, þá á ríkissjóður að veita þessari sýslu 112 þús. kr., en heimatillagið er 67 þús. kr. Þetta virðist vera sem sagt mjög nálægt þeim reglum, sem nú gilda, að ríkissjóðstillagið sé heldur meira, ef þessi sýsla er í hámarki með sitt tillag. Samkvæmt tillögu vegamálastjóra, eins og frv. er, á þessi sýsla að fá 108 þús. í staðinn fyrir áður 112 og borga 86 þús. kr. sjálf í staðinn fyrir 67 þús. kr. áður. Þetta er ekki mjög mikil breyting hjá þessari sýslu. — Ég vil minna á eina, sem á að greiða sjálf 76 þús. kr. eftir núgildandi fasteignamati, og 126 þús. kr. fær hún úr ríkissjóði. Þessi sýsla á eftir till. vegamálastjóra að leggja sjálf til 129 þús. og fá 245 þús. kr. Þessi sýsla hækkar sem sagt, hún fær næstum því tvöfalt sitt tillag.

Ég skal ekki fara langt út í þetta til þess að þreyta ekki hv. dm. En ég vil, úr því að ég er byrjaður á að skýra frá því, hvernig þetta kemur út eftir þessum till. vegamálastjóra, minnast á Árnessýslu, sem er, eins og ég sagði áðan, stærsta sýslan. Eftir núgildandi lögum, ef hún miðaði tillag sitt við 6‰ og 3‰ eftir núgildandi fasteignamati, þá leggur hún sjálf til 423 þús., en á að fá 705 þús. úr ríkissjóði á móti því. Eftir till. vegamálastjóra ætti Árnessýsla að leggja til sömu upphæð sjálf, 423 þús., en fá úr ríkissjóði 184 þús. M. ö. o.: það á að kippa af tillagi til hennar, miðað við núgildandi fasteignamat, rúmlega hálfri millj. kr. Þetta er aðeins skyndimynd af því, hvernig frv. verkar, ef það verður samþykkt óbreytt. Verði okkar till. samþykkt, þá vitanlega gerbreytist þetta.

Í grg. frv. segir vegamálastjóri, með leyfi hæstv. forseta:

„Í grg. minni til samgmn. Alþingis, dags. 2. marz þ. á., um till. til breyt. á vegalögum er að því vikið, að mikil nauðsyn sé á því að hækka verulega framlög til sýsluvega, bæði úr héraði og úr ríkissjóði.“

Þetta segir vegamálastjóri í grg. sinni. En hvernig kemur þessi hækkun til sýsluveganna fram eftir frv.? Það hefur verið bent á, að það hækkar nokkuð vegna hærra fasteignamats, en síðan stendur það í stað vegna hámarksins. Tillag ríkissjóðs er ekki hækkað, en það er sett í hámark, en skiptingu ríkistillagsins er háttað á þá leið, að tillag til sumra héraða er stórlega hækkað með því að svipta önnur héruð miklum hluta styrksins, þau héruð, sem hafa ekki minni þörf á góðum vegum og vegirnir liggja mjög þungt á fjárhagslega, hafa ekki minni þörf á því en önnur. Mér finnst þess vegna, að þessi hækkun, sem héruðin úti um land fá, sé ekki rétt fengin.

Við 1. umr. frv. kom það skýrt fram hjá flm., að þessu máli yrði hraðað í gegnum þingið, því að það yrði að samþykkjast og það sem fyrst og að mér virtist óbreytt. En þetta viðhorf breyttist þó nokkuð, þegar við hv. 1. þm. Eyf. fórum á fund samgmn. og tjáðum henni, að við mundum flytja brtt. við frv., og skýrðum frá efni hennar. Nm. tóku þessu mjög vinsamlega, tóku vinsamlega afstöðu til tillögunnar og kváðust mundu skýra vegamálastjóra frá efni hennar. Síðar tilkynnti nefndin okkur, að hún mundi samþykkja tillögu okkar, þó með því skilyrði, að við breyttum henni nokkuð að tillögu vegamálastjóra. Frá þessu hefur hv. frsm. n. skýrt, og þarf ég ekki að rekja það nánar. Nú höfum við flutt þessa till., og hún liggur hér fyrir á þskj. 423, og till. er um að breyta að nokkru 3. mgr. 1. gr., að því leyti, að framlag til sýslu skuli aldrei vera lægra en hún leggur sjálf til sýsluvegasjóðs, en nefndin gerði þá kröfu að boði vegamálastjóra, að við þetta skyldi bætast, að þá yrði tillag sýslu miðað við 6‰ fasteignamatsverðs lands og lóða og 3‰ fasteignamatsverðs húsa. Þetta ákvæði tókum við síðan upp í okkar till., og nú er það einmitt í henni, eins og hún liggur hér fyrir. En ég vil geta þess, að þrátt fyrir þetta er tillagan, þó að hún yrði samþykkt, engan veginn að mínu áliti allra meina bót hvað frv. snertir. Ég held því fram, að hún sníði verstu ágalla af frv., en breyti því ekki í grundvallaratriðum. Það er álit mitt, að frv. stefni ekki í rétta átt.

Nú vil ég taka fram, að andstaða mín gegn þessu frv. byggist hvorki á því, að ég vilji koma málinu fyrir kattarnef, eins og hv. þm. V-Sk. lét hér skína í í gær, né að ég viðurkenni ekki fyllilega þörf hinna ýmsu héraða

fyrir aukið tillag til sýsluvega. Það er langt frá því, og enginn taki orð mín svo. Ég skal fyllilega viðurkenna þörf þeirra. En ég felli mig ekki við það, að þessari þörf þeirra sé fullnægt með því að taka tillagið af sumum héruðum, sem mjög mikla þörf hafa fyrir það og kannske er lífsskilyrði, eins og ég hef tekið fram, að samgöngurnar séu sem allra beztar, að það sé tekið tillagið af þeim til þess að hækka hjá hinum. Ég hefði álitið, að hægt hefði verið að hafa aðrar aðferðir við þetta, vegna þess að svona aðferðir eru ekki til annars en að vekja óþarfa úlfúð og óánægju og ég vil segja: auka ef til vill misræmið á milli héraða, þvert á móti því, sem frv. er ætlað að gera.

Ég er ekki í vafa um, að ýmsar aðferðir hefði verið hægt að hafa og finna til þess að bæta hag þessara héraða á annan hátt en þennan eða án þess að skerða hlut annarra sýslufélaga. Það má t. d. benda á, hvort ekki hefði verið réttara í þessu máli að binda hámark prómillegjaldsins við 6‰ og 3‰ í lögunum, í staðinn fyrir að láta helmingi hærra gjaldið gilda, 12 og 6, eins og það er enn þá í lögunum og verður áfram, — hvort ekki hefði verið réttara að breyta því og taka bara niður í 6 og 3, með heimild til hækkunar hjá þeim sýslum, sem ekki hafa fengið fasteignamat hjá sér hækkað til helminga eða rúmlega það. Þetta finnst mér að hefði getað verið til athugunar, og ef þetta hefði verið haft einhvern veginn á þennan hátt, þá hefði verið hægt að hafa úthlutunarreglurnar óbreyttar eins og þær eru núna. Einnig gæti ýmislegt fleira komið til greina, sem ég skal ekki rekja hér.

Ég get ekki að lokum látið vera að minnast lítið eitt á undirbúning þessa máls og tilkomu þess inn á hv. Alþ. Í grg. frv. segir m. a.:

„Af því, sem að framan greinir, og við athugun á þeim upplýsingum, sem sýndar eru á fylgiskjali I—IV, virðist mér ljóst, að hið nýja fasteignamat sé með öllu ónothæfur grundvöllur fyrir skiptingu á ríkisframlagi til sýsluveganna eftir gildandi lögum.“

Þetta segir vegamálastjóri í grg. Og í grg. segir enn fremur þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Í grg. minni til samgöngumálanefnda Alþ., dags. 2. marz þ. á., um tillögur til breyt. á vegalögum er að því vikið, að mikil nauðsyn sé á því að hækka verulega framlag til sýsluvega, bæði úr héraði og frá ríkissjóði, ef bygging þeirra á ekki að dragast fleiri mannsaldra, og vil ég undirstrika það hér. En þó að eðlilegt yrði talið að innheimta aukin framlög frá sýslunum sem gjald miðað við fasteignamat, þá tel ég ófært að skipta auknu ríkisframlagi á sama grundvelli og verið hefur.“

Þetta segir vegamálastjóri í grg. fyrir frv. Og hann segir enn fremur, að hann hafi sagt þetta eða lagt þetta fram skriflega 2. marz hjá samgöngumálanefndum. Nú virðist mér, að þar sem vegamálastjóri segir alveg hiklaust, að þetta sé ófær grundvöllur, sem nú er verið að löggilda, ófær grundvöllur til þess að fara eftir, og hann lætur samgöngumálanefndir beggja deilda vita þetta 2. marz, því er ekki frv. þetta lagt þá fram strax, til þess að það hefði þó verið mánuði lengur eða vel það hægt að átta sig á þessu stórkostlega máli? Það mátti samgöngumálanefndunum vera ljóst um þetta mál, svona gerbreytingu í þýðingarmiklu og viðkvæmu máli, að það mundu verða gerðar tilraunir til þess að lagfæra, ef stórir gallar mundu verða þar á, og enginn vafi var á því, að það mundi verða stórgallað í augum sumra, sæmilegt í augum sumra, en ágætt hjá öðrum. Þetta finnst mér samgöngumálanefndir, sem vissu um þetta álit vegamálastjóra, hafa ekki gert rétt, að hraða þá ekki því að láta þetta frv. koma fram, til þess að tími gæfist til að athuga það.

Ég vil svo að síðustu endurtaka það, að að samþykktri till. á þskj. 423, þ. e. a. s. till. okkar hv. 1. þm. Eyf. (BSt), að henni samþykktri skal ég viðurkenna það, að allra verstu annmarkar eru numdir af frv. þessu, og þess vegna mun ég ekki ganga á móti framgangi málsins að því svo breyttu. En ég vil þó segja það, að ég stend við þær athugasemdir, sem ég hef gert við frv. nú.

Viðvíkjandi þeirri ósk hv. frsm. að setja nú annan fund í dag til þess að afgreiða málið út úr deildinni, þá vildi ég láta í ljós þá skoðun og skjóta því til hv. frsm., hvort hann sæki það svo fast eða nefndin sæki það svo fast, að þetta sé gert, að það sé alveg ófrávíkjanlegt að ljúka málinu á öðrum fundi í dag. Eins og fram hefur komið og sést á þskj. 423, er hv. 1. þm. Eyf. annar flm. að brtt. Ég hef ekki náð í hann í síma, þar sem hann hefur verið veikur, en hv. frsm. hefur fengið boð frá honum, að hann vildi samþykkja till., eins og hún liggur fyrir, með þessari breyt., sem inn er komin í hana vegna beiðni eða að tillögu vegamálastjóra. En ég gæti vel trúað því, að hv. 1. þm. Eyf. hefði haft löngun til þess að láta álit sitt í ljós um málið, og þess vegna hefði ég óskað eftir því, að það hefði verið látið nægja í dag að vísa málinu til 3. umr. Það væri þá hægt að taka það aftur á dagskrá, t. d. á föstudaginn, og ég mundi ekki gera frekari tillögur um að fresta málinu, ef hv. 1. þm. Eyf. yrði þá ekki kominn til þings.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég get haft þetta fremur stutt. — Hv. 2. þm. Árn. (SÓÓ) ræddi málið af mikilli sanngirni og prúðmennsku, verð ég að segja, þótt hann að sjálfsögðu haldi fram sínum sjónarmiðum í þessu máli.

Ég vil þá benda hæstv. forseta á það, sem ég gleymdi í ræðu minni áðan, að það mun vera villa í 3. gr. frv.: „Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin 2. gr. laga nr. 150 17. maí 1947.“ Þetta er rangt. Þau eru ekki nr. 150, heldur nr. 50, svo að ég vænti þess, að hæstv. forseti láti leiðrétta þetta nú þegar.

Þá vil ég leiðrétta einn hlut, sem ég sagði hér áðan, að þeir, sem voru fjarverandi á fundi samgmn. í morgun, voru hv. þm. V-Sk. (JK) og hv. 4. þm. Reykv. (EggÞ), því að það eru þeir, sem eiga sæti í þessari hv. n., en ég

hafði sagt, að það hefði verið hv. 4. landsk. (FRV), en hann á ekki sæti í nefndinni.

Hv. þm. lagði áherzlu á það, hversu það væri nauðsynlegt, að ríkisframlagið færi hækkandi eftir því, sem sýslufélögin legðu meira fram sjálf. Út af fyrir sig vil ég ekki mótmæla þessu. En það verður þá alveg samhliða að líta á það, hvaða möguleika þessi sýslufélög hafa til þess að leggja mikið fram. Þegar fasteignamatið hækkar aðeins um 48% í einni sýslu, en um 409% í annarri sýslu og heimild sýslufélaganna til þess að innheimta sýsluvegagjald fer eftir þessu fasteignamati, þá sjá menn, hversu mjög misjafnir möguleikar eru fyrir sýslufélögin að leggja eigið framlag fram. Sú sýsla, þar sem fasteignamatið hækkar ekki nema um 48%, getur aldrei komizt nema í hámark hundraðstölunnar af þessu fasteignamati. En hin sýslan getur það alveg eins, sem hefur fengið 409% hækkun á fasteignamat sitt. Og það er þetta, sem gerir það að mínum dómi útilokað að láta fasteignamatið gilda sem mælikvarða á ríkisframlagið.

Hann gat þess, að að óbreyttum lögum tapaði ekkert sýslufélag á því, þótt ríkisframlagið hækkaði til annars sýslufélags. Þetta er alveg rétt. Það breytir ekki framlögum ríkisins til hinna sýslufélaganna, ef lögunum er ekkert breytt. En þörfin fyrir að breyta lögunum er einmitt sú, að það eru heftir möguleikar þeirra sýslufélaga, sem hafa lágt fasteignamat og kannske erfiðari fjárhag, til þess að leggja sýsluvegi, ef lögunum er ekki breytt. Hv. þm. skýrir alveg rétt frá þessu. Með þessu frv. breytist þetta aftur á móti. Hann nefndi sem dæmi, hvað ríkisframlag til Árnessýslu mundi lækka mikið, ef frv. þetta yrði samþykkt og ef brtt. kæmi ekki til. Það er alveg rétt. En við skulum ræða málið eins og það liggur fyrir og eins og nefndin mælir með því, að brtt. sé samþ. Þá er þetta ekki eins óskaplegt og maður skyldi halda, því að þá lækkar ríkisframlagið ekki nema úr 603 þús. niður í 537. Árnessýsla mundi á eftir fá þó um sjötta hluta af öllu ríkisframlaginu, ef brtt. er samþ. eins og n. leggur til. Það er því ekki nema að litlu leyti, sem þetta er á kostnað þessara sýslufélaga, að framlag ríkisins til hinna sýslufélaganna hækkar. Það er líka, eins og ég sagði áðan, fyrir það, að framlagið í heild verður nú hækkað. Ef við aftur á móti förum út í að gera okkur grein fyrir sjálfum þörfunum, lengd sýsluveganna í hverju héraði og ástandi þeirra, þá hljótum við að sjá, að það er erfitt að standa á móti jafnmiklu sanngirnismáli og þetta frv. er. Eitt af þeim sýslufélögum, sem kynnu að lækka við þessa breyt., hefur t. d. ekki einn einasta km óbílfæran í sínum sýsluvegum. Það er dálitill munur en er um önnur sýslufélög, sem greinilega er skýrt frá í nál. með frv.

Hv. þm. sagðist hafa kosið helzt, að hægt hefði verið að mæta þessum þörfum sýslufélaganna, sem mesta þörfina hafa, án þess að lækka hjá neinum öðrum. Ég get tekið alveg undir þetta. Það væri skemmtilegast. En þá má ekki setja hámark á ríkisframlagið. Nú hafa alþm. það á valdi sínu, hvað þeir veita mikið til þessa, með því að það er ákveðið í fjárlögum. Ég vil ekki fullyrða um það, hvernig þetta kann að verka í framtíðinni. Hitt vil ég þó segja, að óeðlilegt er það ekki, að Alþ. sjálft ákveði með afgreiðslu fjárlaga, hvað það vill leggja til þessara framkvæmda og hvað það vill leggja til hinna. Það er ekki óeðlilegt út af fyrir sig. En víst er það svo um ýmis mál, að ríkið er bundið við að leggja fram samkv. sérstökum lögum, öðrum en fjárlögum, svo að það er ekkert einsdæmi og fjarri því, þó að svo væri um ríkisframlagið til sýsluveganna. En þá verður það líka að vera tryggt, að ríkið geri það. Það er t. d. í lögum, hvað ríkið á að leggja til skólabygginga, svo að ég nefni dæmi. En það er orðinn nokkur dráttur, vægast sagt, á því, að ríkið hafi gert þetta, og heyrt hef ég þeim rökum beitt, að þótt ríkið eigi að leggja svona og svona mikið fram, þá sé ekki sagt í lögunum, að það eigi að gera sama árið og ætlazt er til að framlögin komi. Þetta atriði skal ég viðurkenna að er fyllilega athyglisvert, hvort á að fallast á þetta ákvæði, að hámark ríkisframlagsins skuli bundið í fjárlögum. Ég hef samt gert það og vil undir engum kringumstæðum hindra þetta frv. út frá þessu atriði.

Loks kom hv. 2. þm. Árn. (SÓÓ) að því atriði, að samgmn. hefði ekki verið fljót í störfum sínum með þetta frv., því að samkv. grg. hefði vegamálastjóri skrifað samgöngumálanefndum bréf 2. marz út af þessu máli, sem nú væri fyrst að koma hér til 2. umr. í dag. Því skal ég svara, að þetta bréf hefur aldrei komið til samgöngumálanefndar efri deildar. Þegar samvinnunefnd samgöngumála eru skrifuð bréf, þá ganga þau til samgöngumálanefndar Nd., og það var ekki 2. marz, sem þetta mál var lagt fyrir okkur, það var ekki einu sinni 2. apríl. Það var 8. apríl, sem þetta mál var lagt fyrir fund samvn. samgm. Það er ekki lengra síðan.

Að lokum drap hv. þm. á það, hvort ég legði á það áherzlu, að hæstv. forseti boðaði fund hér að loknum þessum fundi til að taka málið til 3. umr., og benti hann á, að hv. 1. þm. Eyf. (BSt) væri fjarstaddur og gæti ekki tekið þátt í meðferð þessa máls í þessari hv. d., ef þetta yrði gert. Það er slæmt að vísu, að hv. 1. þm. Eyf. er hér ekki viðstaddur. En ég hef enga vissu fyrir því, að hann verði viðstaddur, þó að þetta yrði dregið fram á föstudag, og það er annað, sem ég legg meiri áherzlu á, þ. e. að málið nái fram að ganga. Ég hef skilið það svo, að það muni vera stutt til þinglausna, og málið á eftir að fara í gegnum Nd. Ég vil ekki stofna málinu í hættu með því að draga nú í tvo daga síðustu umr. í þessari hv. deild, til þess eins að vonast eftir því, að hv. 1. þm. Eyf. geti þá verið viðstaddur. Ég vil heldur taka það á mig, eftir að búið kann að vera að samþ. þá brtt., sem hann er sjálfur flm. að, að leggja til, að þetta verði gert, málinu verði hraðað svona, eins og ég lagði til við hæstv. forseta áðan, af því að hitt vil ég ekki að komi fyrir, að málið dagi uppi.

ATKVGR.
Brtt. 423 samþ. með 9 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 107. fundi í Ed., 24. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 434).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 115. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 117. fundi í Nd., 27. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Þetta frv. um breyt. á lögum um samþykktir um sýsluvegasjóði var borið fram í Ed. fyrir skömmu og hefur hlotið þar afgreiðslu með nokkrum breytingum. Ég vil vekja athygli á því, að í þessu frv. felast allstórtækar breytingar á l. um samþykktir um sýsluvegasjóði, og mér virðist, að þessar breytingar séu þess eðlis, að Alþingi hefði þurft að taka sér nokkru lengri tíma til afgreiðslu þessa máls en horfur eru á að verði með tilliti til þess, hve skammt er liðið síðan þetta mál var lagt hér fram á Alþingi.

Þetta frv. felur aðallega í sér þá breytingu, að í stað þess, að framlag ríkissjóðs til sýsluvegasjóða hefur farið hækkandi eftir því, hve mikið var lagt fram í þessu skyni heima fyrir í sýslunum, þannig að þörfin fyrir þessar framkvæmdir og fjárframlög í sambandi við það hefur til þessa verið grundvöllur fyrir þátttöku ríkisins í þessum vegaframkvæmdum, þá á samkv. þessu frv. að skera þetta framlag allverulega niður. Það er að vísu gert ráð fyrir því, að árlega skuli verja til sýsluvega upphæð, sem sé ekki lægri en 6‰ af samanlögðu fasteignamatsverði og 3‰ af lóðarverði í sýslunum, þar sem samþykktir hljóða um það, að sýsluvegasjóðsgjöld séu á lögð í samræmi við þetta. Hins vegar er sett það hámark á framlag ríkissjóðs, að það skuli aldrei vera hærra en tvöföld heildarupphæð innheimtra sýsluvegasjóðsgjalda um land allt næsta ár á undan. Hér er sem sé alveg snúið frá því að mæta þeirri þörf, sem heima fyrir í sýslunum er talin vera fyrir framkvæmdir í þessu efni.

En í stað þess, að þetta hefur verið grundvöllur fyrir framlagi úr ríkissjóði, hve langt hefur verið gengið í framlögum heima fyrir, þá á að leggja á vald vegamálastjóra að skipta þessu framlagi eftir reglum, sem fram er tekið um í þessu frv., og það virðist, að sá grundvöllur, eins og hann er orðaður í frv., sé harla óákveðinn og sé þess vegna ekki í skjótu bragði hægt að gera sér glögga grein fyrir, hvernig þetta muni koma út. Er þess þó að sjálfsögðu að geta, að sem fylgiskjal með þessu frv. eru nokkrir útreikningar, þar sem sýnt er, hvernig þetta muni breytast, þ. e. a. s. miðað við frv. eins og það var upphaflega lagt fram í Ed.

Nú hafa verið gerðar nokkrar breytingar á frv., sem ég tel að séu til bóta, en vitanlega breyta í nokkrum atriðum þessum útreikningum, sem frv. fylgja.

En sem sagt, þessi grundvöllur, sem nú á að byggja framlögin á, mér virðist, að hann sé nokkuð óákveðinn, og væri þess vegna máske ástæða til að gera þar nokkrar umbætur á í meðferð þessa máls hér í deild.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því í þessu frv. að takmarka allmikið frá því, sem verið hefur, rétt sýslufélaganna til þess að ákveða um hjá sér, hvað skuli af vegum í sýslunum falla inn í hið almenna vegakerfi landsins, og er það atriði að sjálfsögðu einnig til athugunar og þyrfti að gera þar á að mínu viti nokkrar breytingar. Sá varnagli, sem hér er sleginn, er miðaður við það, að e. t. v. mundu sýslufélögin ganga lengra en rétt væri í þessu efni. En ég álít, að þau eldri ákvæði um þetta, sem hafa ekki, svo að mér sé kunnugt, valdið neinum árekstrum, mundu alveg nægja.

Ég vildi aðeins hreyfa þessu máli, að hér er um mjög stórtækar breytingar að ræða, að því er tekur til fjárframlags til sýsluvegasjóða, vekja athygli samgmn., sem að sjálfsögðu fær þetta mál til meðferðar, og ég hefði fyrir mitt leyti talið eðlilegt um þetta mál, ef það gæfist nokkru lengri tíma til athugunar á þessu frv. en horfur eru á að verða muni, miðað við það, hve nú er talið að skammt sé til þingslita.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Það er rétt, sem hv. þm. Borgf. (PO) benti á, að frv. það, sem hér liggur fyrir, er flutt af samgmn. Ed. Ég ætla ekki að ræða einstök atriði þess. Þetta mál fer væntanlega til samgmn. þessarar d., og þá verða tekin til athugunar ákvæði frv. En af því að mér er kunnugt um það, hvaða ástæður liggja til þess, að frv. þetta er fram borið nú og þess er óskað, að það verði lögfest, áður en þessu þingi lýkur, þá þykir mér rétt, einkum vegna þeirra ummæla, sem komu fram í ræðu hv. þm. Borgf., að benda á þær ástæður.

Nú um langt skeið hefur fasteignamatið í sýslunum verið grundvöllur undir fjárframlög til sýsluvegasjóðanna. En það er skammt síðan fasteignamatinu var breytt með svonefndri samræmingu á matinu um land allt, og nýlega hafa verið gefnar út nýjar fasteignamatsbækur. Við þetta nýja fasteignamat breytist þessi grundvöllur, og hér á þingi í fyrra var ekki nægilega búið að glöggva sig á því, hve miklar breytingar þetta hefði í för með sér. Þá var með sérstakri lagasetningu til bráðabirgða ákveðið, að á árinu 1958 skyldi gamla fasteignamatið verða lagt til grundvallar undir fjárframlög til sýsluvegasjóðanna. En þessi lagasetning var aðeins bundin við árið 1958 og féll raunverulega úr gildi 1. janúar s. l., þannig að eins og málin standa nú eru í raun og

veru engin lagafyrirmæli til að grundvalla þetta á, og þetta knýr á um að gera einhverja skipan á þessum málum nú, áður en þessu þingi lýkur.

Þá kemur það til athugunar að gera þá breytingu að leggja nýja fasteignamatið til grundvallar í stað hins gamla. Við athugun á því hefur komið í ljós í fyrsta lagi, að þá þyrfti fjárveiting á fjárlögum að hækka úr 3 millj., sem hún er ákveðin í frv. nú, upp í fullar 6 millj. kr., ef á að haldast það hlutfall milli framlaganna heiman að og þess, sem ríkið greiðir samkv. ákvæðum l., eins og þau hafa verið. Nú hefur samgmn. fengið þær fréttir, ef svo má segja, frá fjvn., meira að segja á form. fjvn. sæti í samgmn. Nd., að það verði ekki stefnt að því á þessu þingi að hækka þetta framlag í fjárl., svo sem vera þarf, ef nýja matið á að vera lagt til grundvallar óbreytt, enda eru í fjárlagafrv., eins og það liggur fyrir nú eftir 2. umr., ákveðnar 3 millj. kr. í þessu skyni, en ekki 6.

Það hefur einnig komið í ljós við athugun á þessum málum, að ef nýja fasteignamatið verður lagt til grundvallar, þá breytist mjög mikið skiptingin á framlaginu milli sýslnanna innbyrðis eða milli sýslnanna hverrar um sig frá því, sem verið hefur samkv. gamla fasteignamatinu. Orsök þess er sú, að við samræmingu á fasteignamatinu var hækkunin misjöfn í hinum ýmsu sýslum eftir því, hvernig aðstaða til búskapar og markaðsskilyrða og annars slíks var metin á hverjum stað af þeim, sem fasteignamatið samræmdu. Og þetta leiðir til þess, að það eru nokkrir annmarkar á að fylgja að öllu leyti sömu reglum um skiptingu milli sýslnanna eins og gert hafði verið um mörg ár. Ákvæði þessa frv., sem að sjálfsögðu verða athuguð í samgmn. og ég skal ekki ræða í einstökum atriðum hér, eru viðleitni í þá átt að finna þarna meðalveg, finna þarna málamiðlun, sem bæði sýslurnar hver um sig og gagnvart fjárframlögum úr ríkissjóði megi við una.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til samgmn. með 21 shlj. atkv.

Á 122. fundi í Nd., 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 434, n. 467).

Frsm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls var gerð grein fyrir því, hvaða ástæður liggja til þess, að frv. þetta er flutt.

Samgmn. hefur athugað málið og orðið ásátt um að leggja til, að frv. verði samþ. með lítils háttar orðalagsbreytingu við 2. gr., eins og sjá má í nál. á þskj. 467.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 467 samþ. með 20 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 123. fundi í Nd., 8. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 484).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 114. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 115. fundi í Ed., 9. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 116. fundi í Ed., 11. maí, var frv. aftur tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 520).

---

48. Ítala.

Á 101. fundi í Nd., 6. apríl, var útbýtt:

Frv. til l. um ítölu [135. mál] (þmfrv., A. 343).

Á 102. fundi í Nd., 7. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt samkv. ósk stjórnar Búnaðarfélags Íslands og er breyt. á l. um ítölu, sem voru sett á árinu 1943. Þau lög eru heimildarlög og komu ekki til framkvæmda fyrr en á s. l. ári, en þá kom fram beiðni um ítölu í einum hreppi. En þegar átti að fara að hefjast handa um ítölumatið, kom í ljós, að lögin voru að nokkru leyti orðin úrelt vegna breyt., sem hér hafa orðið, síðan lögin voru sett, og að í þau vantaði nauðsynleg ákvæði miðað við núverandi aðstæður. Þeir, sem áttu að framkvæma ítölumatið, treystu sér þess vegna ekki til þess af þessum ástæðum, og liggur þannig það verk enn þá fyrir. Af þessu leiddi, að hinu umbeðna ítölumati var frestað, þar til áðurgreind vansmíði á gildandi lögum fengjust lagfærð. Búnaðarfélag Íslands lét því endurskoða gildandi lagaákvæði um ítölu með það fyrir augum að ráða bót á þessum ágöllum. Sú endurskoðun var lögð fyrir síðasta búnaðarþing, sem gekk frá frv. ágreiningslaust í þeirri mynd, sem landbn. hefur nú lagt það fyrir Alþingi.

Hér er um nauðsynlega ráðstöfun að ræða, lagfæringu, sem þarf að gera á þessu þingi, svo að löggjöfin um þetta efni verði nothæf og geti komið til framkvæmda.

Þar sem frv. er flutt af n., þarf að sjálfsögðu ekki að vísa því til n., en landbn. mun athuga frv. gaumgæfilega að lokinni þessari umræðu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 107. fundi í Nd., 14. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 343, n. 369).

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Landbn. hefur yfirfarið þetta frv. allrækilega, borið það saman við gildandi lög og einnig athugað þær tillögur, sem búnaðarþing gerði og voru teknar upp í þetta frv. Loks hefur hún kallað á sinn fund ráðunauta Búnaðarfélags Íslands, sem undirbjuggu breytinguna, og að því búnu lagði n. til, að frv. yrði samþykkt með þeim breytingum, sem hér liggja fyrir. En þessar breytingar eru í raun og veru engar eða varla teljandi efnisbreytingar.

Það er þá fyrst og fremst skilgreining á því, svo að ekki verði um villzt, hverjir hafi atkvæðisrétt í þessu máli, sem vantaði í ákvæði frv., eins og það liggur fyrir.

Í öðru lagi leggur n. til, að bæjarfélögum sé hér bætt við, vegna þess að það er kunnugra en frá þurfi að segja, að ýmis bæjarfélög geta komið þarna mjög til greina, eiga þarna aðliggjandi lönd og jafnvel afréttarstykki, svo að þau hljóta einnig að verða aðilar þessa máls, þegar til ítölu kemur.

Að öðru leyti eru í raun og veru ekki breytingar, því að ég tel það ekki breytingar, a. m. k. ekki efnisbreytingar, þó að orðið „sveitarstjórn" komi í staðinn fyrir „hreppsnefnd", og annað þess háttar.

N. mælir mjög eindregið með því, að þetta frv. verði samþykkt, og eins og tekið var fram við 1. umr., þá eru núgildandi lög þannig, þau eru fyrir rás tímans og margvíslegar breytingar, sem orðið hafa, þannig, að þau í raun og veru eru ekki framkvæmanleg, eins og þau eru. Þess vegna er aðkallandi, að þessi breyting, sem hér er gert ráð fyrir, sé gerð, svo að lögin geti komið til framkvæmda.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Eftir að hafa lesið þetta frv. yfir, sýnist mér, að þarna sé ekki um neinar veigamiklar breytingar að ræða á gildandi lögum. Það er helzt þetta atriði, að það er gert ráð fyrir því hér, að bæjarfélög verði tekin hér inn í lögin, og getur vitanlega verið ástæða til þess að gera þá breytingu. Annars sýnist mér, að þarna sé um litlar breytingar að ræða.

Það eru hér þó örfá atriði, sem ég vildi minnast á.

Í 2. gr. frv. segir, „að ef hreppsnefnd berst krafa frá ¼ búenda innan sveitarfélags eða afmarkaðs sveitarhluta um, að ítölumat verði framkvæmt á jörðum í sveitinni eða sveitarhlutanum eða á afréttarlöndum innan hreppsins, skuli boða til fundar um málið". Hér stendur í frumvarpsgreininni „á afréttarlöndum innan hreppsins", en í l. er talað um afréttarlönd hreppsins, og ég hefði haldið, að það væri ekki ástæða til að gera breytingu á þessu. Það er kunnugt, að mörg sveitarfélög eiga afréttarlönd eða ráða yfir afréttarlöndum, sem eru utan hreppsfélagsins, og mér sýnist, að það geti vel komið til álita, að það sé ástæða til að ákveða ítölu í þau lönd. Þess vegna vildi ég biðja hv. n. að athuga, hvort þetta „innan" á ekki að falla þarna burt, að það verði bara rætt um afréttarlönd hreppsins, eins og er í l. En séu einhverjar sérstakar ástæður fyrir þessari breyt., þá þætti mér gott að fá að vita, hverjar þær eru.

Næst er það viðkomandi 4. gr. frv. Hún er, held ég, alveg samhljóða fyrri mgr. 4. gr. í l., eins og þau nú eru. En í l. er önnur mgr., sem hér hefur verið felld niður, og hún er um það, að sýslunefnd sé heimilt að ákveða ítölu í lönd hreppsfélags, þótt ekki hafi fengizt meirihlutasamþykki fyrir því á fundi í hreppsfélaginu, ef sýslunefndin telur það nauðsynlegt til verndar afréttarlöndum eða einstökum jörðum innan hreppsins eða í nágrannasveitum fyrir of miklum ágangi búpenings.

Það er þannig í l. nú og gert ráð fyrir, að svo verði enn, samkv. frv., að það séu sýslunefndir, sem geri samþykktir um ítölu. Og ég er í nokkrum vafa um, að það sé ástæða til að fella niður þessa heimild úr l., sem sýslunefnd hefur nú til að gera samþykkt um ítölu í lönd hreppsfélags, þó að ekki hafi fengizt meirihlutasamþykki fyrir því meðal ábúenda í hreppnum, ef sýslunefnd telur, að þess sé brýn þörf, eins og segir í gr. nú, til verndar afréttarlöndum eða einstökum jörðum innan hreppsins eða í nágrannasveitum fyrir of miklum ágangi búpenings. Ég vildi einnig biðja hv. n. að athuga þetta, hvort er ástæða til eða það er rétt að fella niður þessa heimild. Þetta er aðeins heimild fyrir sýslunefndir.

Þá er hér í þriðja lagi ákvæði í 8. gr., fyrri mgr. 8. gr. Þar er talað um skiptingu milli jarða í sveitarfélagi eða upprekstrarfélagi, þegar ítala hefur verið ákveðin, og segir þar m. a., að við þessa skiptingu, — en þar á að miða við eða gert ráð fyrir að verði miðað við landverð jarðanna, — og segir síðan: „Nota skal elzta fasteignamat, sem við verður komið, en jafnframt tekið tillit til þeirra breytinga, sem kunnugt er að orðið hafa á beitarþoli lands, eftir að fasteignamatið var gert." Mér er ekki ljóst, hvers vegna á að miða við elzta fasteignamat, sem finnanlegt er, við þessa skiptingu. Ég vildi biðja n. einnig að athuga þetta og vildi fá skýringar á því, ef talið er, að þetta eigi að vera svo.

Það er aðeins leiðrétting hér í 12. gr. frv. Þar er talað um, þegar ítala er gerð í lönd tveggja eða fleiri hreppa, og þá skiptist kostnaðurinn milli þeirra eftir meðaltalstölu fjallskilaskylds penings í hreppnum s. l. fimm ár. Þetta ætti að vera „hreppunum", geri ég ráð fyrir. Það er aðeins, ef n. vildi athuga að leiðrétta það orðalag.

Í grg., sem frv. fylgir, segir um 2. gr., að þar sé sú ein efnisbreyting, að ábúendur einir, hvort sem leiguliðar eru eða bændur á eignarjörð, eru atkvæðisbærir um, hvort ítölumat skuli gert. En í gildandi lögum hafa jarðareigendur þennan rétt, þótt ekki séu bændur í hreppnum. Þarna er ekki rétt frá greint í grg., og lítur út fyrir, að þeir, sem sömdu frv. eða grg., hafi ekki veitt því eftirtekt, að það var gerð smábreyting á l. 1945 og þá var numin burt þessi aðild jarðareigenda að málinu,

svo að þetta er ekki rétt. En það skiptir vitanlega ekki máli; þetta er aðeins í grg.

Ég held, að það sé ekki fleira, sem ég hef komið auga á, sem ástæða væri til að gera hér athugasemdir við. Eins og frsm. gat um upphaflega, er í 6. gr. ákvæði um, að það skuli ekki aðeins ákveða tölu sauðfjár og hrossa, þegar metin er ítala í land og hvernig það skuli lagt í einingar, heldur skuli einnig kýr teknar með, sem mun ekki vera í l. núna, og ég sé, að það er gert ráð fyrir því, að tvær mjólkurkýr jafngildi einu hrossi eða geldneyti, sem er veturgamalt eða eldra. Þetta er e. t. v. miðað við ákveðinn stað á landi hér, þar sem eru geldneyti að sögn allmörg, sem er sennilega beitt að vetrinum, en annars hefði ég haldið, að yfirleitt væri ekki ástæða til að gera ráð fyrir því, að mjólkurkýr notuðu minna land en geldneyti, þar sem þeim er ekki beitt lengri tíma en mjólkurkúm. En þetta er fráleitt mikilsvert atriði og ekki ástæða til að gera athugasemd út af því.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Herra forseti. Út af aths. hv. þm. V-Húnv. skal ég með ánægju verða við því að athuga nánar þau atriði, sem hann minntist á. En út af þriðja atriðinu, sem er að miða við elzta fasteignamatið, þá byggist það á því, að við þá tilraun, sem gerð var að koma á ítölumati núna s. l. sumar, þá sýndi það sig, að á sumum landlitlum jörðum höfðu verið gerðar svo miklar jarðabætur, t. d. svo mikil framræsla og aðrar slíkar aðgerðir, sem hafa hleypt fasteignamatinu svo gífurlega fram, að það er ekki lengur í neinu samræmi við það beitiland, sem jörðin hefur. Þeir, sem við ítölumatið fengust, töldu, að hlutfallinu væri svo raskað með þessu nýja fasteignamati, að það yrði ekki hægt að leggja það til grundvallar, þegar ætti að fara að meta, hvaða rétt jörð ætti til ítölu búpenings í beitiland. Aftur á móti mundi matið, sem löggilt er 1861, vera miklu nær hæfi, ef bætt væri við því, sem hér er gert ráð fyrir, og þess vegna var það, að bæði þeir, sem sömdu frv., og líka sú nefnd í búnaðarþingi, sem athugaði þetta sérstaklega, töldu, að eins og málið horfði við, væri tæplega gerlegt að leggja annað mat til grundvallar. Og landbn. Nd. taldi, að eftir atvikum yrði sennilega við þetta að sitja vegna þessarar röskunar, sem ég gat um áðan.

Að öðru leyti skal ég fúslega verða við því, að við athugum þetta nánar, og ég vil lýsa því yfir, a. m. k. fyrir minn part, að ég er mjög þakklátur fyrir, ef einhverjir dm. rækju augun í eitthvað, sem mætti betur fara, því að þessi löggjöf er talsvert mikið vandamál, ef hún á að koma að fullum notum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 369,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 369,2 samþ. með 20 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 369,3 samþ. með 19 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
6.—7. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 369,4 samþ. með 19 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 369,5 samþ. með 19 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
10.—11. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 369,6 samþ. með 18 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
13.—18. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 109. fundi í Nd., 16. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 110. fundi í Nd., 17. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 378).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 103. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 104. fundi í Ed., 18. apríl, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 113. og 114. fundi í Ed., 6. og 8. maí, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 115. fundi í Ed., 9. maí, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 378, n. 476).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Það er náttúrlega ekki nýtt, að menn hafa talað um það sín á milli, að þessi maður ætti margan fénað í sínum högum og hann gengi mjög á öðrum o. s. frv. Þetta hefur verið svo öldum saman, og hefur verið reynt að gera við því á ýmsa vegu. Benedikt Halldórsson lét 1651 ganga dóm í Skagafirðinum um það að takmarka hross, Skúli Magnússon gerði það h. u. b. 100 árum seinna, og þó fjölgaði hrossunum alltaf upp yfir það, sem ákveðið var, og fór allt í vandræði.

Núna á seinni árum hefur maður heyrt ákaflega mikið talað um það af mörgum, að það væri ofsett í landið og þyrfti á einhvern hátt að gera ráðstafanir til þess, að það verði ekki örtröð á því, eins og menn halda að geti orðið, ef ekkert er að gert.

Vegna þessa flutti þm. V-Húnv. á sínum tíma frv. til l. um ítölu, og það eru þau, sem hér liggur fyrir að breyta. Því er þetta frv. um ítölu, sem komið er hingað frá Nd., í raun og veru breyting á lögum, sem sett voru á Alþingi á sínum tíma og þm. V-Húnv. beitti sér fyrir.

Þau hafa þó ekki verið framkvæmd, þó að nokkuð langt sé síðan þau voru sett, og þegar kom að því, að átti að fara að framkvæma þau á s. l. sumri, þegar Hvammshreppur í Vestur-Skaftafellssýslu hafði beðizt þess, að þessi lög yrðu framkvæmd hjá sér og tekin ítala, sem kallað er, þ. e. að ákveða af sérstökum matsmönnum, eins og tilfært er í lögunum, hvernig þetta eigi að metast, — þeir skyldu meta, hve margar skepnur mættu vera á hverri jörð og í afréttinni í heild í hreppnum, til þess að hún væri ekki ofsetin og þó fullsetin, eins og það er orðað í lögunum, þá kom í ljós, að lögin voru með annmörkum, sem gerðu það að verkum, að það var ekki hægt að framkvæma þau. Það var komið svo langt, að það var búið að skipa menn til að meta ítöluna, og þeir voru byrjaðir að athuga sinn gang, þá rákust þeir á tvö ákvæði, sem vantaði mjög tilfinnanlega inn í lögin, eins og þau voru, til þess að hægt væri að framkvæma ítöluna.

Nú eru menn ákaflega skiptir um þessa ítölu í heild. Sumir, kannske hvað helzt þeir, sem vilja hafa sem flest um sig og kannske sérstakt gagn af annarra landi, þeir kæra sig ekkert um, að slíkt komi fram. Aðrir vilja fá það til þess að reyna að láta ganga sem jafnast og réttast yfir, eftir því sem landsþröng verður á þessum eða hinum staðnum. En þegar þetta var komið í óefni hjá Búnaðarfélagi Íslands, þá fékk Búnaðarfélag Íslands þá Halldór Pálsson annars vegar og Ásgeir L. Jónsson hins vegar til að semja uppkast að breytingum við lögin, sem til voru um ítölu, og þeir settust að seinni partinn í fyrrasumar eða í haust til að gera þetta. Þau eru frá 1943, ítölulögin, sem nú gilda, a. m. k. þangað til þessi eru komin fram. Og þeir gerðu þetta, og þetta er það lagauppkast, sem þeir sömdu og lögðu fyrir búnaðarþing, sem setti í það undirnefnd og athugaði það rækilega og sendi það svo Alþingi. Landbn. neðri deildar, en í henni er form. einn af þeim, sem eiga setu á búnaðarþingi, flutti það inn í Alþingi.

Nú er það svo, að það er ýmislegt í þessum lögum, sem maður hefur ekki enn þá neina reynslu um, hvernig það gengur. Þau eru ný, það er verið að biðja um fyrstu ítöluna núna, og okkur, sem í landbn. stöndum og unnum, kom saman um það, að í raun og veru þyrfti helzt af öllu að fást reynsla á þetta og meira um þetta vitað en við núna vitum, og kom mjög til tals að fresta aðalmálinu og lofa því að liggja. En þá sáum við, að þau ákvæði, sem helzt strandar á, að hægt sé að framkvæma matið núna í Hvammshreppnum og annars staðar, þar sem kynni að verða beðið um það, þau þurfa að koma inn, og það þarf að fást svolítil reynsla á þessu öllu, og þess vegna vorum við fjórir, sem vorum saman á fundinum seinast, því að einn nefndarmaður var þá ekki á honum, sammála um að leggja til við d., að frv. yrði samþykkt með ofur litlum breytingum. Og breytingarnar, sem við leggjum til, eru þá þessar fyrst og fremst, að bætt sé aftan við 1. gr. frv. ákvæði um það, að þar megi þó ekkert gera, sem komi í bága við sauðfjárveikivarnirnar.

Önnur brtt. er við 14. gr. Þar virðist hafa gleymzt að setja „stjórn Búnaðarfélags Íslands", því að það er í samræmi við það, sem búið er að gera í öðrum greinum áður í frv. Þar sem í lögum frá 1943 var ákveðið, að sandgræðslustjóri skyldi koma til og segja um, hvort væri hætt við ofbeit í þessu landi eða ekki, þá er nú þessu breytt til og stjórn Búnaðarfélagsins sett í staðinn fyrir sandgræðslustjóra nema í einni grein, þar hefur orðið „sandgræðslustjóri" staðið eftir, og það má nánast taka þessa brtt. sem leiðréttingu í samræmi við það, sem búið er að gera annars staðar í frv.

Þá er sett inn ný grein á eftir 14. gr. um það, að þessi lög skuli endurskoðast ekki seinna en 1963. Þá er gengið út frá því, að það sé þá búið að reyna þau svo, að það séu búnir að koma fram aðalannmarkarnir á þeim í framkvæmd og a. m. k. alltaf í umræðum manna á milli, svo að það liggi fyrir miklu ljósar en núna, hverju helzt þarf að breyta, til þess að lögin nái betur tilgangi sínum.

Það síðasta á þessu þskj. er ekki annað en það, við 17. gr., að þar er rétt til vísað í lög, sem þurftu að falla úr gildi, og látin eiga sig önnur lög, sem var búið að nema úr gildi áður og þurfti þess vegna ekki aftur að taka upp.

Eins og þið heyrið, þá mæli ég með frv. og við gerum það a. m. k. allir þessir fjórir, sem vorum þarna, við gerum það allir saman með því ákveðna fororði, að lögin verði endurskoðuð mjög fljótt, eða strax og það fæst úr því skorið, hverju þarf að breyta meiru en gert er í þessum lögum. Ég get búizt við, að það komi margt þar upp á, sem menn hafa ekki áttað sig á. Gildir það sérstaklega um kaupstaðina, en hvernig ítala skuli þar gerð, er alveg óleyst með þessu frumvarpi.

Annars skal ég geta þess, hvað það er, þetta tvennt, sem gerir það að verkum í gömlu lögunum, að ekki er hægt að framkvæma lögin. Annað er það, að eins og lögin eru núna frá 1943, þá er ekkert ákveðið um það, hvernig eigi að meta ítölu í landinu, þar sem komið hefur verið til byggð, sem engan hlut á í sameiginlegu afréttarlandi. Við getum tekið Hvammshreppinn sjálfan sem dæmi, sem núna óskar eftir ítölu. Og af hverju óskar Hvammshreppurinn eftir ítölu? Ja, meðfram kannske af því, að þar eru misstór lönd. — Já, við skulum taka bæði dæmin frá Hvammshreppi, úr því að við erum með hann og hann hefur beðið um hana. Þar hefur komið upp þorp, sem heitir Vík í Mýrdal. Þetta þorp er byggt á landi tveggja jarða, Norðurvíkur og Suðurvíkur, þessara tveggja jarða. Ábúendurnir þar hafa verið góðir drengir og velviljaðir, og þeir hafa lofað Pétri, að hann mætti byggja og fá sér þarna 200 metra lóð eða eitthvað undir hús, sem hann vildi byggja þar, og svo hafa þeir leyft öðrum, einhverjum Jóni, að hann mætti byggja þarna, fá lóð þar undir hús. Hins vegar hafa ekki verið gerðir neinir samn-

ingar, en þeir hafa átt að borga kannske eitthvað og kannske ekkert, margir ekkert og sumir 10 kr. eða 5 kr. eða eitthvað lítið fyrir þessar lóðir. Svo setjast þeir þarna að. Svo langar þá til að hafa garð, fá leyfi til að hafa garð, þar sem engum er mein að því, og þeir borga ekkert fyrir hann, og svo fara þeir að rækta þarna túnblett, og svo, áður en nokkur veit af, þá eru þeir búnir að fá þarna 20—30 hesta blett kannske, kannske á lóðinni, sem þeir fengu upprunalega, og kannske á engri lóð, sem þeir hafa fengið, heldur bara ræktað það út í sandinn og enginn amazt við. Hvaða rétt eiga nú þessir menn til beitilands fyrir fénaðinn, bæði í landi jarðarinnar, sem lofaði þeim að byggja hús þarna handa sjálfum sér að búa í, og í afréttinni, sem er sameiginleg fyrir allar jarðirnar í hreppnum? Áður en hægt væri að meta ítölu á jarðirnar, þá var náttúrlega alveg nauðsynlegt að fá úr því skorið, hvaða réttur þessu fylgi, þessum húsum í Víkinni.

Ég lít á, eins og frv. núna gerir, að rétturinn fylgi jörðinni. Þó að einhver maður hafi leyft manni að byggja hús í einhverju landi, þá gefi hann ekki þeim manni, nema þá það sé sérstakur samningur um það gerður, rétt í veiði eða rétt til sameiginlegs upprekstrarlands í afrétt o. s. frv. Það voru allt ákvæði, sem fylgdu jörðinni áður. Hann hefur ekkert af þeim látið frá sér, hann hefur bara leigt þennan ákveðna blett til að byggja á honum hús.

Þetta var annað, sem þurfti úr að skera og er gert með frv., eins og það er núna. Hitt, sem þurfti beinlínis að breyta, eins og það var hugsað í fyrra frv., var tekið fram, að ítalan skyldi metin eftir fasteignamati jarðanna, og þegar svo var til orða tekið, þá var auðvitað talað um síðasta fasteignamat. Nú er það svo, að síðan fasteignamat hefur farið fram, — við skulum segja, að það hafi verið eitthvert samræmi í þeim reglum, sem farið hefur verið eftir, og þó hefur það nú ekki verið mikið, — en matið hefur breytzt eftir því, sem ræktaða landið á jörðinni hefur aukizt.

Ég tek í Mýrdalnum ósköp litla jörð, sem að fornu mati, 1861, hefur verið metin, ég man ekki hvað, en mjög lítið eða nokkur hundruð, enda mjög landlítil. Nú hefur mikið til allt landið verið ræktað og rekinn þar búskapur í nokkuð stórum stíl og fasteignamatið orðið hátt. Önnur jörð í þessum hrepp líka, sem hefur kannske stækkað túnið um einn tuttugasta á við það, sem litla jörðin hefur gert, á jafnframt beitiland, sem er margfalt á við land hinnar, sem ekkert er orðið. Ef við ættum að fara að meta ítölu milli þessara jarða núna, þá yrði jörðin með mikla túninu nýja látin hafa miklu meira en hin, þótt hún eigi ekkert beitiland. Þess vegna er nauðsynlegt, þegar á að fara að meta ítölu jarða, að þá sé ekki tekið nema sem minnst tillit til umbóta, sem gerðar hafa verið á jörðunum, nema, eins og segir í frv., að því leyti, að það sé tekið tillit til þess, þegar beitt er á ræktað land. Þá hefur komið þar meiri kúarækt, og þá er tekið tillit til þess.

Það er eiginlega ekki hægt að framkvæma ítöluna eftir gildandi lögum fyrr en búið er að samþykkja þessi lög, og það er sem sagt von mín og okkar fjögurra, sem vorum á fundi landbn., að með því að samþykkja þetta núna, þá muni fást á næstu árum mikilsverðar upplýsingar um það, hvernig enn þurfi að breyta lögunum til þess að ná sem bezt þeirri skipun á beitirétti jarðanna, sem við öll viljum ná. Ég vona þess vegna, að menn geti orðið okkur sammála um það að láta þetta fara fram með þessum breytingum, því að við megum ekki standa í vegi fyrir því, að það sé hægt að framkvæma ítöluna, með því að lofa ekki að breyta lögunum, eins og Nd. hefur gert. Þó vil ég nú svolítið breyta frv.

ATKVGR.

Brtt. 476,1 samþ. með 13 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—13. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 476,2 samþ. með 13 shlj. atkv.

14. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 476,3 (ný gr., verður 15. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

15.—16. gr. (verða 16.—17. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 476,4 (ný 17. gr., verður 18. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

18. gr. (verður 19. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 116. fundi í Ed., 11. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 499).

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. Þeir, sem hafa samið þetta frv., virðast ekki hafa munað eftir því í svipinn, að til væru kaupstaðir á Íslandi, því að frv. miðar eingöngu við sýslur og sýslunefndir, en ekki kaupstaði, að öðru leyti en því, að á einum stað í frv., ég held í 7. gr., er minnzt á kaupstað.

Það verður að teljast mjög hæpið, eins og frv. er úr garði gert, að bæjarstjórnir hafi heimildir til að gera samþykktir um ítölu, en a. m. k. í ýmsum þeirra er full þörf á því, ekki síður en í sýslum. En ég hef bent hv. frsm. landbn. á þetta, og hann hefur viðurkennt þennan ágalla á frv., en talið, að ekki þyrfti að bæta úr því vegna þess, hve mjög þyrfti þá að breyta því.

Ég hef ekki borið fram brtt. um það, þar sem frsm. telur töluverðan vanda á höndum, en vil benda á þetta og vænti þess, að við þá endurskoðun laganna, sem gert er ráð fyrir í frv., hafi menn þetta í huga, að það séu líka til kaupstaðir á Íslandi.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. Ég gat þess í framsöguræðu minni í fyrradag, að þetta mál þyrfti ákaflega miklu meiri athugunar við en það hefði fengið. Þó hafa verið í því ágætir menn eins og 2. þm. Skagf. (JS) bæði á búnaðarþingi og í n. í Nd. En það er mikið rétt, mér er það alveg ljóst, að það vant-

ar alveg sérstakan kafla í frv., til þess að það sé hægt að gera ítölu í afrétti, sem Reykjavík t. d. á ein út af fyrir sig, en er komið of margt fé í. Það er ekki hægt eftir þessu frv. og ekki heldur eftir því, sem til er, enda eru í Reykjavík rétt að segja 4000 fjár á fóðri í vetur, í Kópavogi rétt að segja 2000 og í Hafnarfirði dálítið á fjórða. Það er á tíunda þúsund fjár, sem þessir kaupstaðir, sem liggja allir saman, eiga. Afréttir þeirra liggja saman, og þurfi að ákveða, hvað hver megi hafa margt fé á afréttinum og hvaða einstaklingar, þá vantar ákvæði um það í frumvarpið. Það er alveg rétt, það vantar alveg kafla í frv. um það. En það er alveg sama, það mundu ekki koma að neinu gagni heldur gömlu lögin, ítölulögin, sem gilda núna, í þessu tilfelli. Það er alveg sérstakt atriði, sem þarna er um að ræða, bæði um, hvernig á að taka málið upp, og einhvern leiðarvísi um það, hvernig bæirnir ættu að skipta í landið til beitar, ef það er ekki nóg fyrir alla, bæði milli bæjanna og einstaklinga í bæjunum. Ég treysti mér ekki á þeim tíma, sem við höfum hérna, til að fara út í þetta, en taldi hins vegar og tel, að með þessu frv., samanborið við það eldra, sé leyst úr tveimur mikilsverðum atriðum, sem vantaði í frv. frá 1943 og gera þó mögulegt víða á landinu, t. d. í þeim hreppi, sem núna heimtar ítölu, Hvammshreppi í Mýrdal, að framkvæma hana. Og þess vegna vil ég mælast til þess, að þessi deild láti frv. ná fram að ganga eins og það er, en biðji hæstv. stjórn og stjórnir, að það verði endurskoðað sem fyrst, svo að það geti náð til kaupstaðanna líka alveg fullkomlega. Tilvikin eru svo mörg, að það þarf ákaflega mikla nákvæmni og athugun á, hvernig það verður gert, svo að réttlátt sé, og miklu lengri tíma en á þeim fáu dögum, sem það er hér til umr.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 124. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Ed., eftir 3. umr. þar.
Á 125. fundi í Nd., 12. mai, var frv. tekið til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 531).

---

49. Húsnæði fyrir félagsstarfsemi.

Á 58. fundi í Nd., 19. jan., var útbýtt:
Frv. til l. um afnotarétt húsnæðis fyrir félagsstarfsemi [83. mál] (þmfrv., A. 170).

Á 59. fundi í Nd., 20. jan., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 27 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Forstöðumenn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og forstöðumenn nokkurra annarra stéttarfélaga í Reykjavík hafa farið þess á leit við hv. þm. Snæf. og mig, að við flyttum þetta frv. Efni frv. er það, að styrktarsjóðum Farmanna- og fiskimannasambandsins, Vélstjórafélags Íslands, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar, Mótorvélstjórafélags Íslands, Félags íslenzkra loftskeytamanna, Skipstjórafélags Íslands, Stýrimannafélags Íslands, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Ægis, Reykjavík, Félags bryta, Kvenfélagsins Keðjunnar og Kvenfélagsins Hrannar verði heimilað að taka húseignina Bárugötu 11 í Reykjavík til afnota fyrir félagsstarfsemi sína. Þannig stendur á, að þessi félagasamtök hafa húsnæði, mörg þeirra, svo og sjómannablaðið Víkingur, víðs vegar um bæinn, en telja það vera sér óhagstætt og að ýmsu leyti ófullnægjandi, einkanlega vegna þess, að mörg þessara félagasamtaka hafa sameiginlega launaða starfskrafta og kemur því miklu betur, að félagsstarfsemi þeirra geti farið fram undir sama þaki. Nú eiga þessi félagasamtök kost á að kaupa íbúðarhúsið Bárugötu 11 í Reykjavík, sem er einbýlishús, sem Kornelíus heitinn Sigmundsson byggingameistari átti, og auk þess hyggjast þau nota kjallarahæð hússins fyrir húsvarðaríbúð og innrétta efstu hæð hússins, sem fram til þessa hefur verið óinnréttuð, en hafa síðan aðalstarfsemi sína á tveimur efri hæðum hússins. Þarna er því um að ræða, að húsnæði, sem þessi félög hafa notað víðs vegar um bæinn, losnar, en til þessara nota fyrir þessi mörgu stéttarfélög er tekin ein íbúð, eitt íbúðarhús, sem var byggt upphaflega sem einbýlishús. Ein fjölskylduíbúð verður þó í húsinu, sem sé íbúð húsvarðar.

Við teljum, flm., að þó að vissulega verði að gæta varúðar um það að taka íbúðarhúsnæði hér í Reykjavík til annarra nota, meðan skortur er á íbúðarhúsnæði, þá sé þó hér svo brýn nauðsyn fyrir hendi, að því er snertir þessi félög, að það beri að líta á þessa nauðsyn og veita þeim heimild til að búa um sig fyrir starf þessara félaga í nefndu húsi og heimila þeim þannig notarétt af því til annars en íbúðar, að öðru leyti en því, sem ég hef þegar sagt um íbúð húsvarðar, sem þarna verður. Þetta hús þykir samtökunum líka hentugt sér vegna þess, að það liggur nærri höfninni, en Farmanna- og fiskimannasambandið og félög, sem í því eru, eiga daglegt samstarf við skip og höfn, og að því leyti hentar húsnæðið þeim einnig vel.

Til þess má vitna, að Alþ. hefur áður í tveimur tilfellum veitt sams konar frávik frá gildandi lögum, og átti Vinnuveitendasamband Íslands hlut að máli í öðru tilfellinu og styrktarsjóðir Múrarafélags Reykjavíkur og Félags íslenzkra rafvirkja hlut að máli í hinu tilfellinu, og er hér mjög svipað ástatt, að fjölmenn

og víðtæk félagasamtök fara fram á það að fá afnotarétt af húsum, sem byggð voru til íbúðarhúsnæðis, til sinnar starfsemi. Ég hygg, að flestir fallist á, að hér sé nokkuð rik nauðsyn að baki þessu frv. og svipað ástatt og í hinum tveimur tilfellunum, sem ég nefndi.

Ég legg til, að málinu verði að lokinni umr. vísað til hv. heilbr.- og félmn.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Ég er ekki á móti því, að þessi félagasamtök, sem hér um ræðir, fái rétt til þess að kaupa íbúðarhúsnæði til notkunar fyrir starfsemi sína. En mér finnst til of mikils ætlazt, að Alþ. sé látið samþykkja lög í hvert skipti, sem slík félagasamtök óska eftir að eignast íbúðarhúsnæði til sinna þarfa. Þess vegna finnst mér, að rétta leiðin hjá hv. flm. hefði átt að vera sú að koma með breyt. á l. og fela það á vald ráðh. að gefa þessa undanþágu, sem hér er um að ræða. Við skulum ekki ímynda okkur, að þetta verði síðasta lagafrv., sem flutt verður í þessu skyni, ef heimild verður ekki gefin eða breyt. verður ekki gerð á l. frá því, sem þau eru nú. Ég sé ekki, að Alþ. eigi auðvelt með að neita öðrum félagasamtökum um slíka heimild eftir þau fordæmi, sem þegar hafa verið gefin í þessu efni. Ég vil þess vegna skora á hv. flm., að þeir breyti þessu frv. sínu á þann veg, að gefin sé heimild í l. til ráðh. að ákveða um þetta atriði.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykv. bar fram þau tilmæli til okkar flm. að breyta frv., sem hér liggur fyrir til umr., á þann veg, að ráðh. yrði heimilað að taka húsnæði, að mér skildist til afnota fyrir félagasamtök, taka það til annarra nota en íbúðarhúsnæðis. Hann taldi, að það væri að gera Alþ. of mikið ómak af litilli ástæðu, litlu tilefni að flytja frv. sem þetta.

Ég hygg, að slík mál séu engin hégómamál. Ég hygg, að það hafi varðað Vinnuveitendasamband Íslands nokkru að fá heimild til þess að nota það íbúðarhúsnæði, sem það fékk til sinnar félagsstarfsemi, og að Alþ. hafi stundum fengizt við óþarfari verk en að greiða fyrir jafnfjölmennum samtökum og Vinnuveitendasambandinu og Múrarafélagi Reykjavíkur og rafvirkjafélaginu, en þessi félög fengu áheyrn hjá Alþ. undir sams konar kringumstæðum á síðasta þingi.

Þegar svo litið er á hina hliðina, hvort eigi að rýmka mjög um enn til þess að heimila að taka íbúðarhúsnæði í Reykjavík til annarra nota en íbúðar, þá verður a. m. k. öllum ljóst, að þar er ekki um smáatriði að ræða. Það var svo, að það voru teknir tugir íbúða, ef ekki hundruð, á ári hverju þrátt fyrir tilfinnanlegan skort á íbúðarhúsnæði í Reykjavík, til skrifstofuhalds og verzlana á undanförnum árum, og stóðst hvergi við, hvernig sem byggt var í Reykjavík, húsnæðisleysið hélt sífellt áfram. Þetta, að það var lagt bann að lögum við því að taka íbúðarhúsnæði til annarra nota en til íbúðar, það varð einn liðurinn í því að fá tök á þessu máli, að íbúðarhúsnæðið í Reykjavík rynni ekki úr greipum þeirra, sem áttu að fá íbúðarhúsnæði, þegar hér var verið að byggja hús. Það voru engu síður gömlu húsin, sem fóru til alls annars en íbúðarhúsnæðis, og húsnæðisbölið hér hélzt við og virtist vera ólæknandi. Ég held, að þó að nokkuð hafi úr rætzt í þessu efni að undanförnu, þá sé enn full ástæða til þess að fara mjög varlega í það að opna gáttir til þess að auðvelda að taka íbúðarhúsnæði til annarra nota.

Ég óskaði þess ekki, meðan ég gegndi störfum félmrh., að hafa undanþáguheimildir í l. til þess að mega víkja frá þessu í einum og öðrum tilfellum, og ég veit ekkert um það, hvort núverandi félmrh. teldi það æskilegt að standa fyrir þeirri skothríð undanþágubeiðna, sem hann mundi fljótlega standa frammi fyrir, ef gerðar væru breyt. á l. nú, þótt það kunni að koma að því síðar annaðhvort að gera breyt. á þeim eða afnema þau, ef tekst að lækna það húsnæðisböl, sem hér hefur ríkt, og tel ég rétt, að hann segi frekar til um það. Ég mun ekki gerast flm. að því að opna neinar gáttir til þess að auðvelda að taka íbúðarhúsnæði í Reykjavík til annarra nota, eins og sakir standa, þó að málið hafi nokkuð lagazt á síðustu árum. Ég held, að Alþ. megi vel una því að taka um það ákvörðun, hvenær það telji ástæðu til að leyfa í einstökum tilfellum með lagasetningu að taka íbúðarhúsnæði í borginni til annarra nota en íbúðar, og tel það vera varfærnislegustu leiðina í þessu efni, eins og sakir standa, og fulla þörf á því enn þá að hafa nokkrar gætur á því, að íbúðarhúsnæði í borginni sé ekki hrifsað til hinna og annarra nota, nema rík ástæða sé til.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir það, sem fram kom hjá hv. 2. þm. Reykv., að sá háttur, sem hér er á hafður og hefur í einstökum tilfellum áður verið á hafður, er mjög óviðkunnanlegur, að það þurfi að leita til Alþingis um sérstaka löggjöf í hverju tilfelli, ef húsnæði, sem áður hefur verið notað til íbúðar, á að notast til annarra þarfa, og þá oftast nær og í öllum tilfellum, sem við höfum dæmi um, hefur hér verið um ákveðin félagasamtök að ræða og væntanlega afnot þeirra af eigin húsnæði.

Það er ekki sama, hvernig Alþ. hagar störfum sínum og hvernig með löggjafarvaldið er farið, og ég held, að með engu móti verði réttlættur þessi háttur, ef menn athuga það nánar. Það eru sett um það lög árið 1956, bráðabirgðalög um haustið, sem svo eru staðfest aftur, eins og venja er til, á þinginu, um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum. Og það er tekið fram í þessum lögum, að íbúðarhúsnæði, sem nánar er skilgreint í 1. gr. l., megi aðeins nota til íbúðar. Í þessum lögum er svo viss undanþáguheimild í 3. gr., þar sem segir, að félmrh. sé heimilt að undanþiggja kaupstaði ákvæði laga þessara, ef fyrir liggur ósk hlutaðeigandi bæjarstjórnar um það og ekki er þar um að ræða skort á íbúðarhúsnæði. Þessi undanþáguheimild, sem hérna er, er næsta óeðlileg, að það sé í fyrsta lagi komið undir ósk hlutað-

eigandi bæjarstjórnar, hvort félmrh. sé heimilt að veita undanþágur, og þá aðeins ef ekki er um að ræða skort á íbúðarhúsnæði í viðkomandi kaupstöðum.

Í sjálfu sér má sjálfsagt oft um það deila, hvort skortur sé á íbúðarhúsnæði eða ekki. En ég fullyrði, að það hafi verið gert allt of mikið úr því hjá hv. síðasta ræðumanni, 7. þm. Reykv., að þessi löggjöf hafi haft einhver veruleg áhrif til þess, að íbúðarhúsnæði væri ekki misnotað, eins og hann vildi vera láta. Ég tók svo eftir, að hann talaði um, að íbúðir í hundraðatali hefðu þannig verið misnotaðar, og ég hygg, að það fái ekki staðizt, þegar það mál er nánar athugað. Og dæmin, sem við höfum nú fyrir okkur um undanþágurnar, eru sárafáar, tvær áður og þetta er víst sú þriðja, að ég hygg. Það kann hins vegar að vera, að það séu fleiri félagasamtök, sem vildu hafa notað sér að fá undanþágur, ef það væri auðveldara en raun ber vitni. En sannleikurinn er sá, að það er ekkert refsivert við það, ef þessi félög hafa eignazt þetta húsnæði, að láta það standa ónotað. Það er bara, ef það er notað til þeirra félagsstarfsemi, að þá er þetta orðið refsivert og sektarákvæði stórkostleg fyrir notkunina. Og í ýmsum tilfellum er það svo, að þó að skortur sé á íbúðarhúsnæði, þá er kannske húsnæði, sem hægt er að nota til íbúðar, ekki fullnýtt, þó að það sé hins vegar ekki notað til ýmiss konar annarra þarfa og félagsstarfa, eins og hér er um að ræða.

Ég er því mjög sammála því, sem fram hefur komið, að það er bæði óeðlilegt efnislega séð og einnig formlega að hafa lög frá 1957, 18. febr. 1957, um afnot íbúðarhúsa í kaupstöðum, þar sem beinlínis er bannað að nota þau nema til íbúðar, en svo fáum við einstakar lagasetningar, — nú held ég þá þriðju í röðinni, — þar sem vissar heimildir eru leyfðar fyrir félagasamtök til þess að nota eigið húsnæði, sem þau ætla að festa kaup á og áður hefur verið notað til íbúðar, til sinnar félagsstarfsemi. Í sjálfu sér væri þá hitt sýnu nær, að löggjöfinni um þetta fortakslausa bann gegn annarri notkun íbúðarhúsnæðis frá 1957 og upphaflega 1956 í bráðabirgðalögunum hefði verið breytt og felldar inn þessar heimildir í breytingar á löggjöfinni. En aðalatriðið held ég sé það að taka þetta mál til nýrrar meðferðar. Ég segi alveg eins og hv. 2. þm. Reykv.: ég hef ekkert að athuga við það, að þetta mál nái nú fram að ganga, og það er þannig, eftir því sem mér hefur verið tjáð, í pottinn búið, að það getur skipt nokkru máli fyrir þessi félagasamtök að fá málið fljótt afgreitt, og sjálfsagt yrði nokkru umfangsmeira að taka upp annan hátt í þessu máli. Mér finnst það geti bæði komið til greina, eins og vikið hefur verið að, að það séu almennar undanþáguheimildir fyrir framkvæmdavaldið í landinu, framkvæmdastjórnina, að ráðherrann, sem fer með félagsmál, veiti þessa undanþágu eða þá húsnæðismálastjórnin, sem eftir l. um íbúðarhúsnæði hefur með höndum yfirstjórn húsnæðismálanna í landinu, eins og þar er ákveðið.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð nú, en ég vildi ekki láta hjá líða að taka undir þá skoðun, sem hér hefur komið fram, að þetta mundi ekki verða síðasta undanþágubeiðni í þessu efni og það væri æskilegra og hentaði betur, að þetta mál yrði tekið til almennrar athugunar og komið í annað form en nú er.

Flm. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Ekki er ég sammála hv. 5. þm. Reykv. um, að neitt óeðlilegt sé við það, að það sé fyrst og fremst í höndum bæjarstjórnar viðkomandi bæjarfélags, hvort þessar hömlur séu á um notkun íbúðarhúsnæðis eða ekki. Það er venjulega svo, að þegar húsnæðisskortur sverfur að, skortur á íbúðarhúsnæði verður tilfinnanlegur, þá ber þau mál mjög fljótlega að bæjarstjórninni. Og bæjarstjórnin verður þá oft og tíðum að ráða fram úr miklum vanda, að svo miklu leyti sem henni reynist það þá fært. Ég held, að það sé því mjög eðlilegt að láta það í vald bæjarstjórnanna, hvort þær vilji hafa hömlur á þessu eða telji ástæðu til þess í viðkomandi bæjarfélagi eða ekki.

Það hefur nú farið þannig, þótt þetta stæði opið bæjarfélögunum, að mér er ekki kunnugt um, að umsókn hafi borizt, nema þá frá einu bæjarfélagi, um það, að lögin skyldu þar ekki hafa gildi. Það var frá bæjarstjórn Akureyrar, sem slík beiðni barst út af ákveðnu tilfelli, einu húsi, sem bæjarstjórnin þá á tímabili hafði hug á að taka til annarra nota, en að nánar athuguðu máli hvarf bæjarstjórnin frá því að vilja fá þessa heimild á hendur, og er mér því ekki kunnugt um, að neitt bæjarfélag hafi notfært sér það að vera laust við þessa lagaheimild.

Annað atriði, sem ég ætlaði að segja örfá orð um viðvíkjandi andspyrnu við þetta frv., er það, að það var vefengt af hv. 5. þm. Reykv., að það hefðu verið nokkrir tugir eða nokkur hundruð íbúða á ári hverju, sem hér í höfuðborginni hefðu verið hrifsuð til annarra nota en íbúðar. Hygg ég, að það styðji nokkuð mitt mál, að einmitt á þeim dögum, sem lögin voru sett, kom í ljós, að það voru margir tugir íbúða, sem fólk var þá á flugstig með að taka frá íbúðarhúsnæðisnotkun til annarra nota. Það voru nokkur stórhýsi hér í borginni með tugi íbúða hvert um sig, sem þá var verið að taka frá því að vera íbúðarhúsnæði, eins og þau höfðu verið teiknuð til þess að verða, og átti að taka þau til skrifstofuhalds og verzlunarrekstrar, sem er að vísu nytsamleg notkun á húsnæði. Það höfðu verið fengnar lagalegar heimildir til þess, að þetta húsnæði yrði íbúðarhúsnæði, en var sýnilegt, að taka átti það til annars, og reyndist svo. Það voru tugir íbúða í einu, tveimur eða þremur stórhýsum, sem löggjöfin hindraði í því að halda fram þeirri stefnu, nema þá með því að komast undir allþung viðurlög. Á þessum sömu dögum var Vinnuveitendasamband Íslands líka að taka íbúðarhúsnæði og Múrarafélagið og rafvirkjafélagið og margir fleiri aðilar, og nægir þetta eitt til þess að sýna, að þarna voru margir tugir íbúða bara þessa dagana, þegar lögin voru

sett, á leiðinni að hverfa úr notkun íbúðarhúsnæðis og til annarra nota. Ég held, að það geti enginn með góðri samvizku, sem þekkir til hér í Reykjavík, neitað því, að þetta var óþolandi. Það var verið að taka íbúðarhúsnæði, sem var mikill skortur á, til margvíslegra annarra nota, og það réðst engin bót á húsnæðisskortinum, hvernig sem byggt var.

Ég játa, að það getur vel komið svo, að viðhorf breytist á þann veg, að ekki sé ástæða til að hafa slíkar hömlur á eignarrétti manna um íbúðarhús, og er æskilegt, að það ástand skapist. En ég álít, að það sé ekki öruggt enn. Þeir, sem hafa áhyggjur af húsnæðisskorti fólks hér í Reykjavík, ættu ekki að flýta sér um of til þess að taka lokur frá og gera það auðveldara, að hið fyrra ástand komist á á ný. Mér er vel kunnugt um það, að meðan ég gegndi störfum félmrh., þá dundu á mér einmitt fyrstu vikurnar og mánuðina, eftir að þessi lög voru sett, tugum saman alls konar beiðnir um að fá undanþágu frá l., og það var mín bezta hlíf, að það var engin undanþáguheimild til í l. önnur en í því formi, að ef engin húsnæðisþröng væri í bæjarfélagi, þá gæti bæjarstjórn viðkomandi bæjarfélags tekið á sig ábyrgðina á því að hleypa lokum algerlega frá. Og það hefur enginn notað.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég vil aðeins bæta hér litlu við það, sem ég áður hef sagt.

Ég lagði áherzlu á, að það mundi hafa verið gert allt of mikið úr því af hv. 7. þm. Reykv., að þessi lög hefðu komið í veg fyrir, að íbúðarhúsnæði, sem áður hafði verið þannig notað, væri notað til annars. Hann dregur nokkuð úr núna, og það, sem í fyrri ræðunni var talið í hundraðatali, er að vísu talið í tugum núna. En þó eru dæmin, sem við höfum fyrir okkur, sárafá. Sannast að segja geri ég ráð fyrir og er kunnugt um það, að þetta hefur oft verið í þeim tilfellum, sem menn hafa haft hug á þessu, þar sem íbúðarhúsnæði er orðið gamalt og óhentugt, og það má m. a. segja um það húsnæði, sem nú er verið að ræða um í þessu frv., þar sem eru mjög stórar íbúðir og ekki sem hentugastar til íbúðar. Og þegar við höfum það í huga, að á þessum árum, frá því að þessi lög voru sett, hefur verið lokið við 8—9 hundruð íbúðir í Reykjavík, sjáum við, hvað þetta hefur sáralitla þýðingu. Og ég endurtek það, sem ég sagði áðan: að mínum dómi er þetta algerlega óraunhæft í sambandi við það, hvort með þessu sé stuðlað að því að koma í veg fyrir húsnæðisskort eða ekki eða draga úr húsnæðiseklunni í bænum. Þetta er í svo fáum tilfellum og oft og tíðum þannig, að einmitt íbúðarhúsnæði, sem leitað er eftir að breyta, liggur miðsvæðis í miðjum bænum og er orðið miklu síður hentugt en áður var af þeim sökum og öðrum til þess að notast til slíks, en miklu fremur og eðlilegra, að það væri notað til skrifstofustarfa eða til félagsstarfsemi einstakra samtaka, eins og hér er um að ræða.

Hins vegar vil ég leiðrétta það, að það hefur ekki verið, hvorki af minni hálfu né 2. þm. Reykv., andspyrna gegn þessu frv., því að báðir tókum við það fram, að við mundum ekki spilla fyrir því á nokkurn hátt, að það næði fram að ganga, en vildum hreyfa þessum sjónarmiðum, og það má segja, að það hafi hver þingmaður í hendi sinni að athuga þau mál nánar. En ég held, að það væri farsælla fyrir alla, að það yrði fundinn nýr háttur á meðferð þessara mála, miðað við það, sem verið hefur að undanförnu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 21 shlj. atkv.

Á 124. fundi í Nd., 11. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 170, n. 494, 266).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. N. hefur rætt frv. og er sammála um að leggja til, að það verði samþ., en það fjallar um að taka húseignina Bárugötu 11 í Reykjavík til afnota fyrir starfsemi nokkurra félaga, sem hana hafa keypt, og er alveg hliðstætt nokkrum öðrum heimildum, sem veittar hafa verið af Alþingi.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég hafði ásamt hv. þm. Sigíf. lagt fram brtt. við frv. þetta, sem er á þskj. 266 og er þess efnis, að Trésmiðafélagi Reykjavíkur verði heimilað að taka þakhæð hússins nr. 8 við Laufásveg í Reykjavík til afnota fyrir félagsstarfsemi sína. Ég vil leyfa mér að beina þeirri fsp. til hv. n., hvort ekki beri að líta á nál. hennar á þá lund, að hún fallist á, að eðlilegt sé, að þessi heimild verði einnig veitt og þessi brtt. við frv. því einnig samþ., og þætti vænt um að heyra álit n. um það, áður en ég orðlengi frekar um málið.

Frsm. (Kjartan J. Jóhannsson): Herra forseti. Það hafði láðst, þegar þetta var rætt í n., að athuga og taka ákvörðun um brtt. líka, en ég hef haft samráð við meiri hl. n., og hún er sammála um að leggja til, að þessi brtt. verði samþykkt.

ATKVGR.
Brtt. 266 samþ. með 18 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 125. fundi í Nd., 12. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 515).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 117. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 118. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Eggert Þorsteinsson: Herra forseti. Þau félagasamtök, sem hér eiga hlut að máli, höfðu samráð við heilbr.- og félmn. beggja d. um flutning þess, og þó að málið hafi verið svo lengi á döfinni hjá hv. Nd., þá er áreiðanlegt, að um mál þetta er enginn ágreiningur, a. m. k. var ekki um hann vitað í hv. félmn. beggja d., þegar fram á flutning þess var farið. Ég vil því mjög eindregið mælast til þess við forseta, ef ekki koma fram sérstök andmæli gegn því, þar sem svo er áliðið þingtímans, að reynt yrði að hraða framgangi þessa máls, og ég tel ekki heldur ástæðu til þess, að málið fari hér til n. Hér er ekki um svo viðamikið mál að ræða, að það þurfi sérstakrar rannsóknar við, enda mun hv. n. í Nd. hafa aflað sér þeirra upplýsinga, sem þörf var á. Það er vitað, að félmrn. er meðmælt þessu og að umrædd félög, sem í frv. frá greinir, hafa þegar fest kaup á þessu húsi út á loforð þingnefnda beggja deilda um stuðning við málið.

Ég mælist þess vegna eindregið til þess, að málið þurfi ekki til n. að fara, þar sem óvíst er um framhald á deildafundum, þó að þeir kunni að verða einhverjir, og að málið fái sem skjótastan framgang hér í deildinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 119. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 120. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 536).

---

50. Hafnargerðir og lendingarbætur (frv. JJós).

Á 58. fundi í Ed., 29. jan., var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur [92. mál] (þmfrv., A. 204).

Á 62. fundi í Ed., 2. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 12 shlj. atkv., að það yrði tekið til meðferðar.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þetta frv. um breyt. á l. nr. 29 frá 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, er flutt hér samkvæmt tilmælum bæjarstj. Vestmannaeyja.

Eins og kunnugt er, hefur síðustu áratugina mjög verið unnið að því að bæta hafnarskilyrði við Vestmannaeyjar og til þess verið varið miklu af opinberu fé, almannafé, fyrir utan það, sem Vestmanneyingar hafa sjálfir á sig lagt í því efni. Árangurinn af þessu áratuga starfi er orðinn mjög góður að mínu áliti og flestra, er til þekkja. Það hefur fallið í minn hlut að vera málsvari eyjanna í þessu máli, frá því að ég kom fyrst á þing, árið 1924, og var þó málinu af stað hrundið áður á hv. Alþingi af fyrirrennara mínum í því þingsæti, í þingmannssæti Vestmannaeyja.

Minnist ég þess með þakklæti, hversu hið háa Alþingi hefur jafnan drengilega stutt að þeim framkvæmdum, sem þarna hafa verið hafðar með höndum, enda var nauðsynin mikil, og ég held, að árangurinn sé orðinn mjög góður nú. Höfnin er komin í það horf, að hin stærstu skip, sem hér annast fólks- og vöruflutninga, hafa þar greiðan aðgang að í öllu sæmilegu veðri, og fiskiskipafloti eyjanna sjálfra er traustlega og vel geymdur innan hafnarkvíanna, svo að óvíða mun það betur vera. Og ekki aðeins kemur þetta að gagni fyrir báta Vestmannaeyja sjálfra, heldur er nú orðið svo á ári hverju, að fleiri og fleiri skip frá héruðum víðs vegar af landi hér leita til Vestmannaeyja um aflatímann og athafna sig þar með góðum árangri. Kemur því þessi hafnargerð að vissu leyti alþjóð að notum á þann hátt líka.

Eins og kunnugt er, eru í þeim lögum, sem hér er farið fram á breytingar á, talin upp í 1. málsgr. 1. gr. laganna þau mannvirki, sem má hafa með höndum við byggingu hafna og við lendingarbætur, og teljast náttúrlega til þeirra hafnargarðar og bryggjur, dýpkanir, uppfyllingar, dráttarbrautir, þurrkvíar o. fl., svo sem kranar og innsiglingarmerki, sem er allt mjög nauðsynlegt, að sé vel fyrir hendi á slíkum stöðum. Þá er það ekki síður nauðsynlegt, að hafnsaga sé góð og að þeir, sem hafa hana með hendi, hafi ráð á góðum farkostum til að annast starfa sinn. Er þetta ekki hvað sízt orðið mjög aðkallandi í Vestmannaeyjum,

jafnmikill fjöldi skipa sem þangað sækir, sem kemur beint af hafi og verður að taka lóðs oft og tíðum fyrir opnu hafi.

Nú hefur bæjarstjórn hug á því að bæta farkost hafnsögumanna og vill hafa leyfi til að verja nokkru af því fé, sem til hafnargerðarinnar sjálfrar er veitt, í þessu skyni, eins og það er heimilt nú samkvæmt lögunum að nota þetta fé til uppfyllingar, dráttarbrauta, þurrkvía og lendingarmerkja, innsiglingarmerkja o. s. frv. En í þeirri upptalningu, sem í 1. gr. laganna er, er hvergi minnzt á hafnsögumannsbáta. Fyrir því hef ég eftir beiðni bæjarstjórnar flutt þetta frv. um, að í þessa upptalningu um aðgerðir, sem miða að því að koma hafnarframkvæmdum fyrir á forsvaranlegan hátt, megi líka taka hafnarbáta eða kostnað við að koma þeim upp, og fyrir því er þetta frv. flutt.

Það er óþarfi fyrir mig að hafa mörg orð um nauðsyn þessa máls. Hún liggur í augum uppi, jafnvel þótt menn séu ekki á staðnum, aukin heldur fyrir þá, sem þessa höfn sækja á stórskipum, sem þurfa að taka hafnsögumann utan hafnar, og tel ég víst, að hv. alþm. muni sjá eins og ég fram á þá nauðsyn, sem vakir fyrir bæjarstj. kaupstaðarins í þessu efni.

Vil ég mælast til þess, að að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn. til frekari athugunar og væntanlega til samþykkis.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 10 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., 24. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Ed., 26. febr., var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 204, n. 269).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. Þegar þetta mál var síðast á dagskrá, var ég því miður ekki viðlátinn, — ég var að hitta lækni, — og var svo málið tekið út í það sinn.

Eins og segir í nál. á þskj. 269, þá var sjútvn. alveg sammála um að leggja til, að frv. yrði samþ. óbreytt, eftir að hafa athugað það og borið efni þess undir vitamálastjóra, eins og þar segir.

Ég sem flm. frv. fyrir hv. bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar er þakklátur fyrir þessa greiðu afgreiðslu hv. n. á málinu og vona, að það fari þá úr því greiðlega í gegnum deildina.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9:1 atkv.

2. gr. samþ. með 9:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:1 atkv.

Á 77. fundi í Ed., 2. marz, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 84. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 86. fundi í Nd., 5. marz, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til sjútvn. með 24 shlj. atkv.

Á 127. fundi í Nd., 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 204, n. 524, 334, 523).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 204, er komið frá hv. Ed. og hefur hlotið þar samþykki. Við þetta frv. var á milli umr. borin fram brtt. á þskj. 334, varðandi hækkun á þeim hluta stofnkostnaðar, sem helmingur ríkisframlags er greiddur út á.

Þá er þess að geta, að í deildinni hefur komið fram frv. á þskj. 323, sem er eins og frv. á þskj. 204 um breyt. á lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, en fjallar um önnur atriði. Og legið hefur fyrir brtt. við það frv., sem ég ætla að hafi verið á þskj. 440.

Sjútvn. hefur sent bæði þessi frv. til umsagnar vitamálastjóra og enn fremur þær brtt., sem fram hafa komið við þau. Vitamálastjóri hafði að vísu látið sjútvn. Ed. í té umsögn um frv. á þskj. 204, og hefur sjútvn. þessarar hv. d. fengið afrit af þeirri umsögn.

Umsagnir vitamálastjóra eru prentaðar í nál. á þskj. 524, en niðurstaða þeirra er sú, að vitamálastjóri mælir með samþykkt frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 204, og samþykkt brtt., sem fyrir hefur legið á þskj. 334. Hins vegar hefur vitamálastjóri mælt gegn þeim breyt., sem felast í frv. á þskj. 323, og sömuleiðis lýst sig mótfallinn brtt. á þskj. 440.

N. hefur rætt þetta mál á nokkrum fundum. Þar hefur það verið upplýst, m. a. frá vitamálastjóra, að lögin um hafnargerðir og lendingarbætur eru í endurskoðun milli þinga samkvæmt ráðstöfun síðasta Alþingis og þeirri endurskoðun er ekki lokið, en gera má ráð fyrir, að henni verði lokið, áður en langt líður. Þetta er m. a. ástæðan til þess, að vitamálastjóri hefur mælt gegn sumum þeim till., sem hér liggja fyrir. Það gildir a. m. k. um hina till., að hann vill láta þetta bíða eftir því, að endurskoðuninni ljúki. Hins vegar hefur hann, eins og ég sagði, mælt með frv., sem kom frá Ed., með einni brtt. Þessa brtt. telur hann vera aðeins leiðréttingu í sambandi við breyt. á verðlagi á síðustu þrettán árum og eftir atvikum eðlilegt að mæla með frv. frá Ed., en það frv. er um það, að kostnaður við hafnsögubáta skuli teljast til stofnkostnaðar.

Þegar sjútvn. kom saman til fundar til þess að afgreiða þetta mál, voru ekki nema þrír nm. mættir. Þessir þrír nm. ákváðu þó eigi að síður að afgreiða málið, enda þótt e. t. v. megi telja vafasamt, að það geti gengið fram svo síðla þings. Þessir þrír nm. ákváðu að afgreiða málið, og er till. um afgreiðslu þess í nál. á þskj. 524.

Það er till. meiri hl. n., að samþykkt verði frv. á þskj. 204, að viðbættri brtt. þeirri, sem ég nefndi áðan á þskj. 334, og hefur n. tekið þá brtt. inn í till. sína á þskj. 524. Það er þessi afgreiðsla, sem vitamálastjóri hefur mælt með. Hins vegar er nefndin, eða a. m. k. meiri hluti hennar, sem þátt tók í afgreiðslu, á móti því, að aðrar breytingar verði gerðar á frv. en þessar, sem vitamálastjóri mælir með, og það er með sérstöku tilliti til þeirrar endurskoðunar á hafnarlögunum, sem stendur yfir. Ef fleiri breytingar verða samþykktar, mun nefndin eða meiri hl. hennar ekki telja sér fært að mæla með frv., því að hún telur óeðlilegt, að gerðar séu miklar breytingar á hafnarlögunum, þegar svo stendur á, að endurskoðun stendur yfir og skammt undan að henni ljúki.

Meðmæli nefndarinnar eru sem sagt með þeim fyrirvara, að ekki verði aðrar brtt. samþykktar en þessar, sem vitamálastjóri hefur mælt með og fram koma í frv. sjálfu og í nál. Þó lét einn nm. þess getið, að hann stæði ekki að þessum fyrirvara á meðmælunum og mundi bera fram brtt. Það hefur hann gert. Hann hefur borið þær fram á þskj. 523, og þessar brtt. eru að efni til samhljóða frv. á þskj. 323 og brtt. á þskj. 440.

Niðurstaðan er þá þessi hjá nefndinni eða meiri hl., sem þátt tók í afgreiðslu, að með tilliti til þess, að endurskoðun hafnarlaganna stendur yfir, sé rétt að gera sem minnstar breytingar á lögunum, meðan sú endurskoðun stendur yfir. Nm. geta þó eftir atvikum mælt með því, byggt á meðmælum vitamálastjórans, að frv. sé samþykkt með þessari brtt., sem vitamálastjórinn hefur mælt með.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Svo sem fram hefur komið í ræðu hv. frsm. sjútvn., þm. N-Þ., voru allir þeir nm., sem viðstaddir voru á þeim fundi sjútvn., þar sem afgreiðsla þessa máls fór fram, meðmæltir því, að frv. yrði samþykkt og einnig yrði þar við bætt einni brtt., sem fram hafði komið við það frv. Hún er um það, að ríkið greiði framvegis helming af kostnaði við þær hafnarframkvæmdir, sem áætlað er að nema muni allt að 1 millj. og 600 þús. kr., í staðinn fyrir að sú regla gilti einungis að því hámarki, að ríkið greiðir, svo sem nú standa lög til, helming þeirra hafnarmannvirkja, sem áætlaður kostnaður við er ekki yfir 800 þús. kr.

Nefndin er öll sammála um það, með tilliti til þess, að þetta hámarksákvæði er frá árinu 1946 og vitamálastjóri hefur bent á og ekki verið vefengt, að slíkar framkvæmdir, sem þá var um að ræða og áætlaðar mundu þá hafa verið á 800 þús. kr., muni vart verða framkvæmdar nú fyrir minna en tvöfalt það verð.

Tveir þeirra nm., sem að afgreiðslunni stóðu, töldu, að ekki bæri að taka aðrar breytingar inn í þetta frv. en hér um ræðir. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, eins og fram kemur í sérstakri bókun frá mér í nál., að vert sé einnig að gera á frv. þær breytingar, sem felast í frv. til laga um sama efni á þskj. 323 og á brtt. við það á þskj. 440.

Þessar breytingar eru í fyrsta lagi, að þar sem segir í lögunum, að framlagsskyldar af ríkisins hálfu sem hafnarmannvirki skuli vera verbúðir í viðleguhöfnum, þá er nú lagt til, að hér verði um að ræða allar verbúðir, sem reistar kunna að verða með samþykki hafnarmálastjórnarinnar á vegum viðkomandi hafna. Mér er kunnugt um, að það er ekki vandalaust fyrir yfirvöld hafnarmálanna að greina þar á milli, hvar á að telja viðleguhafnir og hvar ekki, enda getur hver maður séð, að það fer engin hafnarstjórn að leggja út í það að byggja verbúðir bara fyrir heimafólk. Það væri óskynsamlegt frá fjárhagssjónarmiði viðkomandi sveitarstjórnar, bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, og þar af leiðandi tel ég, að sjálfsagt sé að gera þetta ákvæði almennt.

Enn fremur er í því frv. lagt til, að viðkomandi hafnarnefndum eða hafnarstjórnum sé leyft að leggja vörugjald á þær vörur, sem um hafnir fara, einnig í þeim tilfellum, að viðkomandi hreppsfélag hefur ekki sjálft lokið bryggjugerð, en svo er því háttað, að það er ekki heimilt samkvæmt lögum nú. Hins vegar virðist það engu breyta um verðlag á vörum, því að vörurnar eru yfirleitt seldar á sama verði á þeim stöðum, þar sem slíkt hafnargjald er ekki tekið, og rennur þess vegna til annarra aðila. Nú stendur einmitt svo á, máske á fleiri stöðum en einum, að viðkomandi hreppsnefnd ráðgerir að hefja bryggjusmíði og þarf mjög á tekjum til þess að halda, og verður að teljast, að breyting, sem færi í þessa átt, væri viðkomandi byggðarlagi farsælli en að halda óbreyttum háttum þeim, sem nú eru.

Enn fremur tel ég eðlilegt, að tekið sé inn í frv. og gert að lögum það ákvæði, sem felst í brtt. á þskj. 440. Hún er um það, að auk annarra hafnarmannvirkja, sem þá hafa verið talin, verði sjómannastofur einnig framlagsskyldar af ríkisins hálfu sem hafnarmannvirki. Um þær gegnir í rauninni alveg sama máli og um verbúðir, að það er engin hætta á því, að hafnarnefndir eða hafnarstjórnir héraðanna fari að koma upp slíkum byggingum, nema því aðeins að brýn þörf sé fyrir þær. Með því að viðurkenna sem framlagsskylt eins og önnur mannvirki tilheyrandi hafnargerðum t. d. dráttarbrautir og krana er í rauninni viðurkennt, að teljast eigi til hafnargerða flestir þeir hlutir eða allir, sem til þess mega verða að hlynna að og þjóna skipaflotanum, þannig að hann geti fengið sínar viðgerðir, hann geti fengið sínar afgreiðslur, eins og eðlilegt má teljast. Á sama hátt hefur þetta ákvæði verið látið ná til fólksins, sem við hafnir vinnur, með því að viðurkenna verbúðir sem framlagsskyldar á sama hátt og hafnargerðirnar sjálfar. Hluti af því hlutverki er að sjálfsögðu það, að sjómannastofur geti undir þetta fallið, því að eðlilegur samkomusalur með þar til heyrandi lesstofum og möguleikum til veitinga, eðlilegrar veitingastarfsemi, er auðvitað alveg sama eðlis og verbúðirnar sjálfar. Hvort tveggja þjónar því hlutverki að hlynna að því fólki, sem við hafnirnar vinnur og ekki á heimili á þeim stað, sem um er að ræða.

Ég tel þess vegna sjálfsagt, að öll þessi atriði séu tekin inn í hafnarlög, og hef ég ekki getað á það fallizt, sem aðrir nefndarmenn, þeir sem í afgreiðslunni tóku þátt, hafa þó viljað halda fram, að endurskoðun hafnarlaganna eigi endilega að koma í veg fyrir slík ákvæði og þar eigi að leggja til hliðar það mat, hvort um sé að ræða eðlilegar, sanngjarnar og réttlátar breytingar, eða hitt, hvort það eigi bara að bíða. Ég sé ekki, að þetta séu neitt stórkostlegri breytingar á hafnarlögunum, sem hér hafa verið lagðar til, heldur en hinar, sem nefndin í heild eða sá hluti hennar, sem var viðstaddur afgreiðsluna, mælir með, og ég get ekki heldur fallizt á það þrátt fyrir það, sem rétt er og fram kom í ræðu hv. frsm., að vitamálastjóri hefur mælt með þeim einum breytingum á hafnarlögunum, sem nefndin í heild leggur til að samþykktar verði, en gegn hinum. Ég get ekki fallizt á, að það eigi að vera hlutverk eins ákveðins embættismanns, en ekki Alþingis sjálfs, að úrskurða um það, hvað eðlilegt og sanngjarnt er í þessum efnum. Það brýtur í rauninni alveg í bága við eðli slíks embættis, að svo sé farið að, því að það er Alþingi, sem á að ákveða, hvað gera skal í þessum efnum, en viðkomandi embættismaður á að sjá um framkvæmd á því.

Ég læt svo útrætt um þetta. Með tilliti til þess, að hér er mjög liðið á tíma og Alþingi hefur mjög nauman tíma til að afgreiða málið, þá mun ég ekki orðlengja frekar um þetta, en tel, að það eigi að samþykkja allar þær breytingar á hafnarlögum, sem hér hafa verið fluttar tillögur um, því að þær eru eðlilegar og sanngjarnar.

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég skal aðeins bæta fáum orðum við það, sem ég sagði áðan um þetta mál.

Það er sjónarmið nefndarinnar eða meiri hluta hennar, að ekki sé ástæða til þess að fara langt í því að gera breytingar á hafnarlögunum, á meðan þau eru í endurskoðun, sérstaklega með tilliti til þess, að þess er skammt að bíða, að þeirri endurskoðun ljúki. Nú er það svo, að ef allar þær breytingar væru samþykktar, sem stungið hefur verið upp á, þá eru þær töluverðar og miða yfirleitt í þá átt að auka útgjöld ríkisins til hafnargerða. Nú er ekki nema gott um það að segja, ef ríkið treystist til þess að leggja ríflega fram fé til hafnargerða, og sízt mundi ég vera þess letjandi, að þau framlög væru aukin, en á meðan svo er ekki, þá þýða breytingar af því tagi, sem hér er um að ræða, annaðhvort það, að þær verða bókstafur einn, eða þá, að fé dregst frá öðrum framkvæmdum, hafnargörðum, bryggjum, dýpkunum og öðrum þeim framkvæmdum, sem taldar hafa verið nauðsynlegastar. Ef á annað borð er bætt við einhverjum framkvæmdum og þær gerðar framlagshæfar, getur auðvitað verið um ýmislegt að ræða, og það er ákaflega eðlilegt, að þeir, sem hafa með höndum endurskoðun þessa máls, geri sér þá grein fyrir því, hvað þar eigi helzt upp að taka.

Nú var það þess vegna niðurstaðan að gera sem minnstar breytingar, að tillögurnar væru miðaðar við það, að sem minnstar breytingar væru gerðar. Nefndin vildi ekki með öllu fyrir það synja að samþykkja einhverjar breytingar og þá með sérstöku tilliti til þess, að frv., sem hér liggur fyrir, hafði hlotið samþykki í annarri deild þingsins, og sýndist þá eðlilegt að láta það ráða, hverju vitamálastjóri mælti með: að mæla með þeim till. við þingið, sem vitamálastjóri mælti með við nefndina. Þessar breytingar allar hafa verið undir hann bornar, eins og venja er að bera breytingar á lögum undir forstöðumenn stofnana, sem lögin snerta, og að sjálfsögðu er þessarar umsagnar leitað vegna þess, að talið er, að stofnanirnar hafi sérþekkingu á málunum, þó að umsagnir þeirra geti hins vegar ekki bundið Alþingi. En jafnhyggilegt getur það verið fyrir alþm., sem eru ekki sérfróðir, að fara eftir ráðum þeirra.

Þessar tvær breytingar, sem hér er um að ræða og í frv. felast og í brtt. n., eru þær breytingar, sem vitamálastjóri virtist telja svo aðkallandi, að ekki væri ástæða til þess að láta þær bíða, og þar sem vitamálastjóri er mikið við endurskoðun laganna riðinn, þá er ekki heldur ólíklegt, að niðurstaðan verði sú, að þær verði till. þeirra, sem við endurskoðunina fást, þó að um það sé auðvitað engu hægt að spá með vissu.

Um hinar breytingarnar, brtt. á þskj. 523, ætla ég ekki að ræða efnislega, vegna þess að meiri hl. nm. mælir gegn þeim af þeim ástæðum, sem ég nefndi áðan. Vel má vera, að einhverjar af þeim þyki þess eðlis við endurskoðunina, að ástæða sé til þess að taka þær upp í lög, og það, að nefndin leggur á móti þeim till., þýðir því ekki endilega það, að hún sé og verði mótfallin efni þeirra allra. Að mínum dómi má gera nokkuð upp á milli till.

Eins og hv. flm. tók fram, er fyrri till. þess efnis að taka upp í upptalningu laganna sjómannastofur. Ætlazt er til þess, að ríkið greiði styrk til þess að koma upp sjómannastofum. Enn fremur er gert ráð fyrir því, að framlag sé yfirleitt greitt til verbúða, hvar sem er á landinu, í stað þess að nú er eingöngu heimild til að greiða til verbúða í viðleguhöfnum. Þetta eru hvort tveggja till., sem kalla á ný útgjöld úr ríkissjóði, ef eftir þeim lagaákvæðum væri farið, ef til kæmi. Ég ætla ekki að leggja dóm á efni þeirra út af fyrir sig að þessu sinni, enda ekki ástæða til þess. Enn fremur er till. þess efnis, að hafnarsjóður geti innheimt hafnargjöld, þó að ekki hafi verið ráðizt í neinar framkvæmdir á staðnum. Þetta atriði telur vitamálastjóri út af fyrir sig mjög vafasamt, en ég tel, að það sé um það eins og hin atriðin, sem nefndin treysti sér ekki til að mæla með nú, að það eigi að koma til athugunar við endurskoðunina, og þó að Alþingi felli þessa brtt. nú, þá eigi það ekki að hafa nein áhrif á endurskoðunina, hún eigi að taka það til vinsamlegrar og gagngerðrar athugunar eigi að síður, eins og annað, sem til mála kemur að breyta í hafnarlögunum.

ATKVGR.
Brtt. 334 tekin aftur.
Brtt. 523,1 felld með 15:4 atkv.
1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 524 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 523,2 felld með 15:5 atkv.
2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 128. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 539).
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 122. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að frv. væri endursent frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á 123. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til einnar umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 544).

Önnur mál.

I. Almennar stjórnmálaumræður.

Á 48. fundi í Sþ., 11. maí, voru teknar á dagskrá:

Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumr.).

Forseti (JPálm): Þá er fundur settur í Sþ. Er þegar gengið til dagskrár og tekið fyrir eina málið, sem er á dagskránni, sem eru almennar stjórnmálaumræður, eldhúsdagsumræður.

Þessari umræðu verður hagað þannig í kvöld, að hver þingflokkur hefur til umráða samtals 55 mínútur, sem er skipt í tvær umferðir, 30 mínútur í fyrri umferð og 25 mínútur í seinni umferð. — Röð flokkanna í kvöld er þannig, að fyrst er Framsóknarflokkur, þá Alþýðubandalag, síðan Sjálfstæðisflokkur og síðast Alþýðuflokkur.

Nú hefst umræðan, og tekur fyrst til máls fulltrúi Framsfl., hv. þm. Str., Hermann Jónasson.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Það er löngum haldið uppi ádeilum á ríkisstjórnir, núverandi og fyrrverandi, fyrir stefnu þeirra og verk. Til þess að reyna að draga fram hið sanna ætla ég að bera fram nokkrar spurningar og svör í samræmi við staðreyndir í ýmsum stærstu málum þjóðarinnar, sem hana skipta mestu um alla afkomu og velferð.

Ég ætla að bera fram nokkrar spurningar viðkomandi fyrrverandi ríkisstjórn. — Var ástandið gott, þegar fyrrv. ríkisstj. tók við? Nei, sjóðir voru allir tæmdir, flestar framkvæmdir að stöðvast vegna fjárþrots og útflutningsframleiðslan á heljarþröm. Þessu eymdarástandi kippti fyrrv. ríkisstj. í lag á fyrstu mánuðum valdatímabilsins.

Var framleiðsla þjóðarinnar rekin af kappi í tíð fyrrv. ríkisstj.? Já, aldrei með meira fjöri og minni stöðvunum.

Var atvinnuleysi? Það mun sjaldan eða aldrei hafa verið jafnari vinna um allt land.

Voru miklar framfarir? Aldrei meiri framkvæmdir né jafnari um allt landið.

Hvernig voru tekjur almennings? Talið er, að þær hafi orðið með allra mesta og jafnasta móti um allt land.

Voru miklir fólksflutningar til suðvesturhluta landsins? Þeir næstum stöðvuðust.

Þetta eru staðreyndir, og þær tala sínu máli. Það er eftirtektarvert, að þeir stjórnmálaflokkar, sem felldu fyrrv. ríkisstjórn, hafa lagt sig meira fram við það en flest annað að telja þjóðinni trú um, að þeir séu saklausir af því verki. Skyldu þeir sverja af sér verkið vegna þess, að þeir haldi, að stjórnin hafi verið óvinsæl með þjóðinni? Þessu getur hver maður svarað fyrir sig.

Nú segir fyrrv. stjórnarandstaða að vísu: Fyrrv. ríkisstj. sveikst um að leysa efnahagsmálin og hljóp frá öllu, þegar dýrtíðaraldan var að skella yfir. Við skulum einnig athuga þetta í ljósi staðreyndanna. — Þegar fyrrv. ríkisstj. fékk samþ. efnahagslögin vorið 1958, opnuðust alveg nýjar leiðir til þess að skapa jafnvægi í öllum greinum efnahagsmálanna. Í grg., sem fylgdi efnahagsfrv. og allir fyrrv. ráðh. stóðu að, var skýrt fram tekið, að til þess að lögin næðu tilgangi sínum, mætti kaupgjald ekki hækka um meira en 5%. Ef hækkunin yrði meiri, færi dýrtíðarflóðið af stað og efnahagskerfið úr skorðum. Þegar þessi skýrsla, þessi staðreynd, birtist í útvarpi og blöðum, var eins og óteljandi árar væru settir í gang. Sjálfstfl. magnaði nú og margfaldaði fyrri áróður fyrir kauphækkun með íhaldsdeild Alþfl., og Þjóðviljinn, undir stjórn kommúnistadeildarinnar, birti æðisgengnar hvatningargreinar um nauðsyn kauphækkunar. Þessi samstillti áróður hlaut að bera tilætlaðan árangur. En hann var gerður gegn betri vitund. Allir kumpánarnir, sem að áróðrinum stóðu, vissu upp á hár, að enginn grundvöllur var til fyrir kauphækkun. Þeir vissu hins vegar, að ef kaupið hækkaði nægilega mikið, kollvarpaði það efnahagsl. og felldi ríkisstjórnina.

Kaupið hækkaði um 6—10% umfram 5%; skemmdarverkið hafði tekizt. Nú var ekki annað eftir en að láta Alþýðusambandsþingið neita að falla frá nokkru af þessum kauphækkunum í nokkurri mynd. Með samstilltu átaki sömu aðila heppnaðist það skemmdarverk einnig prýðilega, eins og landfrægt er orðið.

Tillaga ráðherra Framsfl., þar sem launamönnum voru tryggð sömu lífskjör og í febrúar 1958 eða í október 1958, voru felldar í ríkisstj., en úrslitakostir, sem Alþýðusambandsþing hafði verið látið samþykkja, gerðir að úrslita-

kostum í ríkisstj. og hún þar með felld, eins og til hafði verið stofnað með samfelldri hernaðaraðgerð.

Nú reyndi Sjálfstfl. að fá Alþb. og Alþfl. til að mynda með sér ríkisstj. Eftir að það mistókst, gaf Sjálfstfl. út hátíðlegan boðskap, dags. 9. des. 1958, um það, hvað þyrfti að gera til þess að koma efnahagsmálunum aftur í jafnvægi. Þar segir með stórri fyrirsögn:

„Lækkun kaupgjalds og verðlags. — Launþegar afsali sér 6% af grunnkaupi sínu, og verð landbúnaðarafurða breytist vegna hliðstæðrar lækkunar á kaupi bóndans og öðrum vinnukostnaði við landbúnaðarframleiðsluna. Þó verði grunnlaun engra stétta lægri en þau voru, þegar efnahagsráðstafanir ríkisstj. tóku gildi s. l. sumar. Ráðstafanir þessar til stöðvunar verðbólgunnar eru aðeins fyrsta skrefið til jafnvægisbúskapar og heilbrigðrar þróunar í atvinnulífi þjóðarinnar."

Í þessari yfirlýsingu er sagt, að kaupið þurfi að lækka aftur um 6%, þ. e. að launin þurfi aftur að lækka niður í það, sem ráðgert var í efnahagslöggjöf fyrrv. ríkisstj. Sagt er orðrétt, að þetta sé „fyrsta skrefið til jafnvægisbúskapar og heilbrigðrar þróunar í atvinnulífi þjóðarinnar".

Með þessu játar Sjálfstfl. frammi fyrir alþjóð, að kauphækkunarherferðin hafi verið vísvitandi skemmdarverk. Til þess að hægt sé að stjórna landinu sé hið fyrsta nauðsynlega að lækka kaupið aftur.

Ég hef heyrt ýmsa sjálfstæðismenn halda því fram, að þessi játning hafi komizt í Morgunblaðið af vangá. Það skiptir engu máli. Hin gífuryrta og margendurtekna árás Sjálfstfl. á fyrrv. ríkisstj. fyrir að hafa ekki leyst efnahagsmálin verður heldur ríslág, þegar fyrir liggur játning um það, að það var Sjálfstfl. og kumpánar hans, sem með vísvitandi skemmdarverkum komu í veg fyrir lausnina. Það er svo mál út af fyrir sig, að þegar samið var við Alþb. 1956 um stjórnarsamstarf, hellti Sjálfstfl. og handbendi hans óhróðrinum yfir hinn vestræna heim út af þessari stjórnarmyndun, taldi þetta samstarf stórhneykslí og varaði hinar vestrænu þjóðir við hættunni, kommúnistar mundu öllu ráða í ríkisstj. Áhrif þessa áróðurs til þess að vinna þjóðinni ógagn út á við urðu veruleg. En fyrsta verk Sjálfstfl., eftir að fyrrv. ríkisstj. féll, var að knékrjúpa kommúnistum og biðja þá fund eftir fund að koma með sér í ríkisstj. Finnst ykkur þetta ekki sýna heiðarleik og heilindi og andlegan skyldleika við framkomuna í efnahagsmálunum?

Illyrtar og margtuggðar eru árásir Sjálfstfl. á fyrrv. ríkisstj. út af því, að hún hafi tekið mikil lán, og hvar í veröldinni sem til stóð að taka þessi lán, voru þau kölluð mútur. Þó voru lán fyrrv. ríkisstj. tekin eins og lán höfðu verið tekin áður, sbr. Marshallhjálpina. En Sjálfstfl. hefur verið hálfskömmustulegur og lítið minnzt á lántökur undanfarið. Ástæðan er sú, að nú nýlega var farið í fótspor fyrrv. ríkisstj. og lán tekið í Bandaríkjunum. Einnig á þessu sviði þurfti Sjálfstfl. að ganga á bak orða sinna, ómerkja áróður sinn og verða sér til minnkunar.

Ár eftir ár hefur Sjálfstfl. sagt þjóðinni, að ríkisreksturinn væri mesta sukk, sem yrði auðvitað lagfært, þegar flokkurinn kæmi þar nærri. Meðan Eysteinn Jónsson vann með sjálfstæðismönnum, bað hann þá hvað eftir annað um sparnaðartillögur; þær komu aldrei. Nú hafa sjálfstæðismenn haft sérfræðinga sína við skoðun fjárl. í 4 mánuði með fjmrh. Útkoman er eins og af öðru, sem þeir hafa sagt: Sparnaðartillögur fyrirfinnast ekki, nema ein einasta, um innheimtu orlofsfjár, nokkur hundruð þúsund. En í þess stað eru verklegar framkvæmdir, raforkuframkvæmdir alveg sérstaklega, skornar niður, svo að skiptir tugum milljóna. Orðheldnin er söm við sig hjá Sjálfstfl., einnig í þessu máli.

Þó er framkoma Sjálfstfl. í landhelgismálinu eitt hið mesta óþurftarverk, sem hann hefur unnið. Eftir útfærsluna lék flokkurinn lengi vel tveim skjöldum, sem var til þess fallið að ýta undir þá skoðun með erlendum þjóðum, að við Íslendingar stæðum ekki saman í málinu. Jafnframt var látið skína í þá fjarstæðu, að það væru kommúnistar, sem stæðu að þessum aðgerðum okkar. Þetta var einnig til hins sama fallið. Ég efast um, að Bretar hefðu ráðizt í þá óhæfu, sem þeir hafa undanfarið framið við Íslandsstrendur, ef þeir hefðu ekki vegna þessara blaðaskrifa og fleira haldið, að íslenzka þjóðin stæði ekki einhuga í málinu.

Talað hefur verið með talsverðum hávaða um að kæra athæfi Breta fyrir ráði Norður-Atlantshafsbandalagsins. Kæran getur þýtt tvennt, þ. e. tvær ólíkar leiðir. En Sjálfstfl. hefur margspurður aldrei fengizt til að segja, hvað hann meinar. Kæran getur þýtt það, að við séum með henni að gefa til kynna, að við viljum, að ráð NATO beiti sér fyrir því, að teknir séu upp samningar í málinu. Málið var til ýtarlegrar umræðu í NATO. Að biðja um að taka það þar upp aftur getur fallið í sér undanhald. Þá leið tel ég óhugsandi með öllu. En kæran getur líka þýtt annað og meira. Hún getur þýtt það, að ef NATO-ráðið geti ekki fengið Breta til þess að hætta ofbeldisaðgerðum sínum, verði málinu af Íslands hálfu fylgt eftir með viðurlögum. Á þessa leið var bent í samþykktum frá Akranesi, sem voru hinar fyrstu. Einnig var bent á það sama í samþykktum stúdentafundar og í samþykktum Skagfirðinga nýlega. Það getur komið að því innan stundar, að ekki verði hjá því komizt að athuga þessa leið, — ekki hina fyrrnefndu, heldur hina síðarnefndu.

Sjálfstfl. hefur oft ráðizt á fyrrv. ríkisstj. fyrir það að framkvæma ekki þál. frá 28. marz 1956 um brottför hersins. Á þeim tíma, sem samþykktin var gerð, 28. marz, var friðvænlegt í heiminum og friðarhorfur bjartar. En á þeim tíma, sem átti að semja um brottför hersins, haustið 1956, hafði hvort tveggja brotizt út, uppreisnin í Ungverjalandi og styrjöldin í Súez, sem olli því, að heimurinn var að allra áliti nær heimsstyrjöld en hann hefur verið nokkurn tíma, síðan heimsstyrjöldinni lauk.

Þeir Íslendingar munu vera mjög fáir, sem töldu annað koma til mála en að fresta samningum um brottför hersins, eins og á stóð.

Skoðanir framsóknarmanna og stefna, sem fram kemur í ályktuninni 28. marz, hefur ekki breytzt, en horfurnar, sem þá voru í heimsmálum, gerbreyttust, án þess að nokkur gæti séð það fyrir 28. marz. Þetta eru sögulegar staðreyndir.

En er nú saga Sjálfstfl. slík í hervarnarmálunum, að hann sé þess um kominn — þar frekar en á öðrum sviðum — að gera sig að dómara yfir öðrum? Þegar við gerðumst þátttakendur í NATO, var það með því fororði, sem þáverandi utanrrh., Bjarni Benediktsson, fékk loforð fyrir, að her skyldi aldrei vera á Íslandi á friðartímum. Þegar herinn var tekinn inn í landið vegna meintrar yfirvofandi striðshættu vegna Kóreu-styrjaldarinnar, var ákveðið, að hernum mætti víkja úr landi með 18 mánaða fyrirvara. — Hvernig Bjarni Benediktsson lét herinn vaða hér uppi eftirlitslaust, er saga, sem þjóðin þekkir og er ekki búin að gleyma. Það vansæmdar- og niðurlægingarástand, sem þjóðin var komin í vegna þess, var fyrst lagfært verulega, er dr. Kristinn Guðmundsson tók við störfum sem utanrrh. Nú notar Bjarni Benediktsson hvert tækifæri til þess að ráðast á dr. Kristin Guðmundsson og til þess að smeygja þeirri hugsun inn hjá landsmönnum í ræðu og riti, að friðarhorfur hafi ekkert að segja, meðan kommúnismi sé til, logi allt undir yfirborðinu og því viti enginn, hvenær ófriður gjósi upp. Þessi röksemdafærsla þýðir auðvitað, að her þurfi að vera á Íslandi, meðan heimskommúnisminn er til. Við þessari stefnu skyldu menn gjalda varhuga.

Árás Sjálfstfl. á fyrrv. ríkisstj. fyrir að hafa ekki framkvæmt áætlunina frá 28. marz er eingöngu yfirdrepsskapur, til þess gerður að leiða athyglina frá því, sem hann sjálfur er að fara og reyna að leiða landsmenn inn á. Einnig í þessu máli er Sjálfstfl. samur við sig. Það er stíll í öllu þessu.

Það er erfitt að segja, hvar Sjálfstfl. kemst lengst í óheilindum, sem víða verða augljós, þegar hann nú kemst í stjórnaraðstöðu og á að standa við fyrri orð. Það er mál út af fyrir sig, að sjálfstæðismenn héldu því fram dögum saman á Alþ., að Alþýðuflokksþingmenn væru flestir ólöglega kosnir og ættu að víkja af þingi, en nú nota þeir þessa ólöglega kosnu þm. fyrir ríkisstj. og til þess að fela sig og úrræðaleysi sitt bak við. Og eitt helzta málið, sem Sjálfstfl. nú beitir sér fyrir, er byltingarkennd breyting á kjördæmaskipun landsins. Í þessu stóra máli hafa flestir af forvígismönnum Sjálfstfl. fyrr sagt skoðun sína, svo að þjóðin hefði átt að mega vita, hvar Sjálfstfl. stóð, ef orðum foringjanna væri treystandi. Það er óþarft að lesa hér öll þessi ummæli og svardaga, en það er skemmst af því að segja, að þar er þjóðin fullvissuð um það, að lífsnauðsyn sé fyrir héraðakjördæmin að hafa sérstaka fulltrúa, þess vegna komi aldrei til mála að taka þessa fulltrúa af dreifbýlinu með því að breyta kjördæmaskipun landsins, þannig að hlutfallskosningar verði í stórum kjördæmum. Þetta eitt sé víst og það, sem allir geti reitt sig á. Og þetta ætti nú öllu öðru fremur að geta staðizt, þar sem álit hlutfallskosninga fer stöðugt minnkandi. Þær þjóðir, sem hafa breytt kosningalögum og stjórnarskipun seinni árin, hafa horfið frá hlutfallskosningum. En nú hefur Sjálfstfl. komið sér upp ríkisstj. til þess að gera einmitt það, sem formaður hans lofaði m. a., að aldrei skyldi gert. Nú er rétt úr ránfuglsklóm til að hrifsa það, sem lofað var, að aldrei skyldi snert, sjálfstæði kjördæmanna og réttur þeirra til að hafa sérstakan þm. Og nú er rökunum alveg snúið við: það að leggja kjördæmin niður, þurrka þau út, afmá, það er nú kallað að styrkja þau. — Hvað er það, sem Sjálfstfl. getur ekki boðið kjósendum sínum án nokkurs tillits til þess, hvað hann hefur sagt um málið áður, ef hann getur boðið þeim þetta með sæmilegum árangri?

En nú þykjast forvígismenn Sjálfstfl. báðum fótum í jötu standa og tala drýgindalega. M. a. er sagt við bændur: Gætið ykkar, ykkur er að fækka, hafið hægt um ykkur, komið ykkur vel við okkur, annars mun ykkur illa farnast. Í ofmetnaði sínum virðast þessir menn ekki skilja það, að bændur eru um ófyrirsjáanlegan tíma ein stærsta stétt þjóðarinnar og ein hin máttugasta, ef hún vill láta sér lærast að treysta nægilega félagssamtök sín, eins og aðrar stéttir gera. Samstillt bændastétt er fær um að halda rétti sínum fyrir hverjum sem er. En þessar hótanir, þótt dulbúnar séu, sýna betur en allt annað, hvert er stefnt með kjördæmaráninu. Það staðfestir og niðurskurður verklegra framkvæmda úti um landið, þó að það sé aðeins örlítil byrjun á því, sem síðar kemur.

En þrátt fyrir alla hringsnúninga og hringsól Sjálfstfl. tekur þó út yfir allan þjófabálk, þegar kemur að lausn efnahagsmálanna. Sjálfstfl. hefur talað og skrifað mikið um fyrirhugaðar stóraðgerðir sínar í þeim málum, ef hann aðeins fengi að fara um þessi mál höndum. Hver eru úrræðin? Þau fyrst, sem ég hef nefnt, að fella niður þá kauphækkun, sem launamönnum var í sumar sagt að væri sáluhjálparatriði og réttlætismál að þeir fengju. Og þeir fengu hana. Nú er stofnað til þess með miklum umsvifum að bjarga þjóðinni út úr dýrtíðarflóðinu. Og þá er það allt í einu orðið jafnmikið réttlætismál og sáluhjálparatriði að taka af launþegum aftur kauphækkunina, sem var svo nauðsynleg kjarabót s. l. sumar. Þetta er aðalráðstöfunin. Og svo er vísitala borguð niður í 175 vísitölustig og þjóðinni sagt, að búið sé að ráða niðurlögum dýrtíðarinnar. Þessar niðurgreiðslur kosta talsvert á annað hundrað millj. kr. eða eins mikið og meginhluti verklegra framkvæmda, sem fé er veitt til á fjárlögum. Til viðbótar þessum geysilegu niðurgreiðslum eru svo stórauknar bætur til útflutningsframleiðslunnar. Þetta ásamt nokkrum minni upphæðum veldur hækkun útgjalda fyrir ríkissjóð og útflutningssjóð, sem nemur um 250 millj. kr. Þetta er jafnað með því að eyða milljónatugum af tekjuafgangi síðasta árs, fá 25 millj. með hækkun áfengis og tóbaks,

ná 25 millj. kr. með hækkun innflutningsgjalda á bílum og auka stórkostlega innflutning þeirra. Hitt er svo jafnað á pappírnum með niðurskurði fjárveitinga til verklegra framkvæmda, falskri lækkun á lögboðnum útgjöldum fjárlaga og hækkun á tekjuáætlun fjárlaganna, er nemur um 60 millj. kr.

Rétt fyrir jólin birtir Morgunbl. grein með fyrirsögninni: „Almenningur borgar hvern eyri, sem fer í niðurgreiðslurnar.“

Nú er þó fólki allt í einu talin trú um, að dýrtíðin sé stöðvuð, a. m. k. í bráð, með niðurgreiðslum. Nú er þjóðinni sagt, að engar álögur þurfi á almenning til þess að greiða dýrtíðina niður, því að fjárlögin séu tekjuhallalaus þrátt fyrir mikið á annað hundrað millj. króna niðurgreiðslur. Stjórnarflokkarnir segja þetta á móti betri vitund. Þeir vita, að stórfelldur tekjuhalli vofir yfir, og afleiðingarnar koma í ljós í haust. Þá verður krafizt mikilla álagna á almenning eða gengisfellingar. Það á að blekkja almenning fram yfir tvennar kosningar, til þess er Alþýðuflokksstjórnin notuð og til að dylja, að Sjálfstfl. hefur engin úrræði. Hverjum dettur í hug, að flokkurinn sýndi ekki úrræði sín fyrir kosningar, ef þau væru til og vinsæl?

Ég hef dregið fram nokkrar staðreyndir um Sjálfstfl. Reglan virðist vera loforð, að lofa og vanefna. Ekki vil ég halda því fram, að þetta sé óbrigðul regla, þó að hún sé nærri lagi. Hið sanna er, að flokkurinn miðar öll sín viðhorf til málefna og manna við hagsmuni fámennrar klíku, sem ræður flokknum og sækist með sjúklegri áfergju eftir völdum og auði. Málefni er gott eða illt, einstaklingur góðmenni eða fúlmenni, eingöngu eftir því, hvort hann styrkir klíkuna eða vinnur á móti henni. Á þessa vog er kjördæmamálið auðvitað fyrst og fremst vegið. Þess vegna verður afstaða til þess máls eins og allra annarra mála eitt í dag og annað á morgun, allt eftir því, sem hæfir hagsmunum klíkunnar. Þeir, sem ekki skilja þetta, láta blekkjast. En ef menn skilja þetta innsta eðli Sjálfstfl., verður flest í fari hans auðskilið.

Formaður Sjálfstfl. ræddi eitt sinn um þrenns konar hagsmuni, sem hann vildi berjast fyrir. Röðin var ósjálfrátt þessi: fyrst hagsmunir okkar, næst hagsmunir flokksins, síðast hagsmunir þjóðarinnar. Þetta var prentað eftir honum í Mbl. og var umræðuefni um land allt. Út frá þessu ættu menn t. d. að skilja, hvers vegna íhaldinu er orðið svona hlýtt til flestra forvígismanna Alþfl. seinni árin.

Ég kem að lokum aftur að kjördæmamálinu. Það er höfuðmál þeirra alþingiskosninga, er nú fara í hönd. Um það stendur baráttan fyrst og fremst, a. m. k. víðast hvar á landinu, hvort flokksvaldinu á að líðast að sölsa undir sig rétt kjördæmanna. Héraða- og kaupstaðakjördæmi með sinn hefðbundna rétt til að eiga sérstaka fulltrúa á Alþingi Íslendinga eru meðal höfuðvirkja alþýðunnar til sjávar og sveita í baráttunni fyrir því að halda jafnvægi í byggð landsins og treysta grundvöll framtíðarinnar. Þessi varnarvirki ætla forustumenn Sjálfstfl. sér að brjóta niður, og þeim hefur tekizt að lokka skammsýna foringja hinna svokölluðu verkalýðsflokka til að ganga með sér að því verki. Sumir úr þeim hópi leyfa sér að segja, að þetta sé hagsmunamál verkalýðsins í landinu. Það er furðudjarft að halda slíku fram, þegar vitað er, að fjöldi verkamanna í kjördæmum, sem leggja á niður, er algerlega andvígur og hefur opinberlega mótmælt því, að þannig verði farið að.

Forustumenn þriflokkanna munu reyna að bera sig mannalega í þessum umr. En undir niðri er þeim órótt. Þeir hafa víða fengið orð í eyra í vetur frá mörgum þeirra, sem áður fylgdu þeim að málum. Mótspyrnuhreyfingin í kjördæmamálinu fer vaxandi, og hún mun enn færast í aukana fram að kjördegi. Nú reynir á það fyrir alvöru, hvort fólkið í byggðum landsins lætur bjóða sér hvað sem er, ef það, sem á að gera, hefur á sér einhvern vissan flokksstimpil, eða hvort menn leyfa sér að snúast til sjálfsvarnar, neita að þurrka út kjördæmi sitt og minna á gefin heit. Væri ekki hollt fyrir okkur kjósendur í þéttbýlinu að leiða hugann að því næstu vikur, hvort við stöndum ekki í einhverri þakkarskuld við fólkið úti um landið, m. a. fyrir þann menningararf, er einn var svo máttugur, að hann gerði okkur þrátt fyrir veraldlegt umkomuleysi að sjálfstæðri þjóð í eigin vitund og aflaði okkur viðurkenningar annarra þjóða fyrir því, að við ættum skilið að vera sjálfstæð þjóð? Ættum við ekki að hugleiða það, hvort það muni auka giftu þéttbýlisins og þjóðarinnar í heild að veikja nú með kjördæmabyltingu aðstöðu einmitt þessa fólks í lífsbaráttu þess? Enn er þessu máli ólokið. Kjósendur eiga leikinn. Það er á þeirra valdi að fella frambjóðendur þriflokkanna í kjördæmunum og draga svo úr fylgi þeirra nú, að þeir fari að hugsa sig betur um. Það er ekki alveg víst, að það þurfi fullan helming atkv. í sumar á Alþingi til þess að fella það, sem nú hefur verið komið fram. Ef þriflokkarnir tapa nokkrum kjördæmum, munu einhverjir úr þeirra hópi gera sér ljóst, að kapp er bezt með forsjá, eða það ættu þeir a. m. k. að gera, ef þeir líta lengra en til dagsins í dag.

Framsóknarmenn um land allt og aðrir andstæðingar kjördæmabyltingarinnar: Heilir hildar til, heilir hildi frá.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Háttvirtir áheyrendur. Eðli ríkjandi stjórnarstefnu má nokkuð marka af því, að það er höfuðeinkenni á núv. valdhafa landsins, Sjálfstfl., að hann leggur á það sérstaka áherzlu að segjast stefna að allt öðru en hann framkvæmir og sýnast vera annar en hann er. Í rökréttu samhengi við þetta hefur hann þó látið hjá líða þrátt fyrir valdaaðstöðuna að koma á stjórn í eigin nafni, og því er hér nú að formi til Alþfl.-stjórn, þó að stjórnarathafnirnar sverji sig beint í íhaldsættina. Þegar stjórnarstefnan er tekin til athugunar, verður því auðvitað fyrst og fremst að beina gagnrýninni að höfundi og eiganda stefnunnar, Sjálfstfl., þótt hann haldi sig í felum. En það er gamall siður slóttugra

ribbalda að senda fákæna umkomuleysingja fram á athafnasviðið til fólskuverka og hugsa málið út frá því gamla og refslega sjónarmiði, að það sé gott að hafa strákinn með í förinni til að kenna honum um klækina.

Það var sem sagt Sjálfstfl., sem tók við völdum hér á messudegi hins blessaða Þorláks í lok jólaföstu í vetur, þó að Alþfl. legði til ráðherrana, og var það framlag Alþfl. til valdatöku íhaldsins raunar ekkert í líkingu við þrumu úr heiðskíru lofti, því að hluti flokksins hafði þá um skeið unnið að því kappsamlega með Sjálfstfl. að efla í verkalýðshreyfingunni óvild milli hennar og fyrrv. ríkisstj. Þar gerðust þessir kauplækkunarsamherjar meira að segja kaupkröfumenn um skeið, og núv. málgagn valdhafanna, Morgunblaðið, þreytti kapp við málgagn ráðherranna, Alþýðublaðið, um að ausa óhróðri á þau félagssamtök verkamanna, sem hugleiddu með gát, hverjar leiðir væru verkafólki farsælastar til bættra kjara. Eða hver man nú ekki lengur illmæli blaða þessara um Dagsbrúnarstjórnina fyrir það, að hún efndi ekki nógu fljótt til verkfalla til að ná fram hækkuðu kaupi, og allt þótti þeim of seint ganga með Dagsbrún, á meðan Dagsbrún undirbyggði mál sinna manna af festu og einbeitni? Þá taldi íhaldið kauphækkun sjálfsagða. Þá töldu kratarnir það glæpsamlegt að láta hjá líða viku eða daga að hækka kaup. Slíkt ætti að gerast á stundinni.

Í þessu höfðu núv. stjórnarflokkar raunar margt rétt fyrir sér. Vissulega var tekjuskipting þjóðarinnar röng á tímum þessa boðskapar, eins og hún alla daga hefur verið, þannig að hið vinnandi fólk fékk til sín minna af þjóðartekjunum en sanngjarnt var. Svo hefur þetta jafnan verið, og er rangskiptingin raunar miklu meir í óhag hinu vinnandi fólki nú en þá var.

Það þætti víst ekki vita á gott, ef kölski færi að þylja guðsorð. Og það vissi ekki heldur á gott, þegar íhaldið prédikaði kauphækkunina sem sinn boðskap.

Fyrstu lögin, sem núv. stjórnarvöld settu, hétu lög um niðurfærslu verðlags og launa. Það kom sem sagt í ljós, að fyrsta blaðið, sem hinir fyrrverandi kauphækkunarboðendur úr röðum íhalds og Alþfl. sýndu Alþingi, var einmitt frv. um kauplækkun, frv. um ógildingu allra kaupsamninga í landinu og lækkun á öllu kaupi um 13.4%, þ. e. um kr. 3.19 á hvern dagvinnutíma í almennri vinnu og um kr. 6.38 á hvern næturvinnutíma. Liðsinni það, sem þeir fáum mánuðum áður þóttust leggja verkalýðsstéttinni, reyndist ekkert nema skrumið eitt og eingöngu til þess ætlað að koma fjandmönnum vinnandi fólks á valdastóla til þess að rýra kjör þess, til þess að minnka hlutdeild þess í þjóðartekjunum.

Eftir að hið lögþvingaða kauprán hafði átt sér stað, hefði mátt ætla, að ekki væru maðkarnir í mysunni í íslenzku efnahagslífi, því að af hálfu þeirra, sem meta lítils hlut hins vinnandi fólks, er jafnan talið, að enginn efnahagslegur vandi eigi rætur til annarra hluta að rekja en til of hárra kaupgreiðslna. Og það voru einmitt þeirrar skoðunar menn, sem nú höfðu stillt kaupið á það, sem þeim fannst hæfilegt.

En um svipað leyti og kauplækkunarhugsjónir stjórnarflokkanna urðu að veruleika kom einnig annað á daginn, sem ekki var með öllu heldur þýðingarlaust fyrir fjárhag hins opinbera. Á vegum stjórnarinnar hafði sem sagt verið gerður nýr verðbótasamningur við framleiðendur. Ekki getur samningur sá kostað minna en 100 millj. kr. í auknum útgjöldum og er sumpart fólginn í aukinni verðbótagreiðslu, en að nokkru í því, að ríkissjóði er gert að greiða að fullu lán þau, er ríkið er í ábyrgð fyrir vegna bráðafúaviðgerða á bátum, og er þar enginn skilsmunur gerður á, hvort lántakandinn, sem lánið fær upp gefið, er efnalega á flæðiskeri eða hvort sá, er gjöfina fær, er milljónamæringur og í engum vandræðum með skuldir sínar, en svo er því raunar háttað um suma þá, sem ríkisvaldið víkur nokkrum hundruðum þúsunda að gjöf í leiðinni, þegar samið er um rekstrargrundvöll yfirstandandi árs. En þetta voru raunar sömu samningarnir sem ráðizt var í aftan að sjómönnum og ríkisstj. hafði af fiskverði til þeirra um 90 kr. af hverju tonni hreinlega með því að hafa rangt við í samningunum við þá. En þær eru svo sem ekki hér með upp taldar, efnahagsráðstafanirnar, sem af stjórnarvaldanna hálfu voru framkvæmdar á öndverðu þessu ári. Í tveim áföngum hafa verið ákveðnar stórfelldar auknингar á niðurgreiðslu vöruverðs og þjónustu. Tók hin fyrri þeirra gildi í ársbyrjun, en hin síðari hinn 1. marz. Þessar auknu niðurgreiðslur eru taldar kosta 120 millj. kr. á þessu ári, en þó vafalaust nær 130 millj., ef framkvæmd verður niðurgreiðsla sú á innfluttum áburði, sem stjórnin hefur nú aflað sér aukaheimildar til.

Þegar til fjárlagaafgreiðslu kom, var ljóst, að núv. stjórnarflokkum hafði tekizt á sínum 4 mánaða valdaferli að efna til útgjaldaauknингar, sem gat ekki numið lægri fjárhæðum en 250 millj. kr., en það er upphæð, sem samsvarar næstum þriðjungi af heildartölu fjárlaga s. l. árs. Og þegar tillit er tekið til þess, að til hækkunarinnar er efnt á einum ársþriðjungi, þá verður skiljanlegt, að menn reki í vörðurnar, þegar spurt er, eins og einn hæstv. ráðh. hefur nýlega gert og með nokkru stolti, að því er virðist: Hvenær hefur nokkur stjórn gert eins mikið á jafnskömmum tíma? Hitt er annað mál, að almennt verður ráðh. sjálfsagt ekkert öfundaður af þessu Íslandsmeti sínu, og hins munu menn frekast vilja óska, að langur tími líði, áður en því verði hnekkt.

Nú ræður það af líkum, að þegar stofnað hefur verið til tröllaukinna útgjalda, samtímis því að vinnandi fólk er rúið kaupi, var ekki álitlegt að leggja á nýja skatta til að mæta gjöldunum, sem til hafði verið stofnað. Það skildi stjórnarliðið, og fór um það nokkur hrollur, enda höfðu kosningar verið boðaðar á þessu vori, og almenn skatta- eða tollaaukning hlaut að stinga illa í stúf við hina boðuðu stefnu um niðurfærslu. En nú voru góð ráð

dýr. Fjárlög varð að setja. Þar varð að áætla og ákveða tekjur og gjöld ríkissjóðs. Útflutningssjóður, sem inna skal af hendi niðurgreiðslur og verðbætur, varð einnig að sýna áætlun um tekjur á móti gjöldum. En með því að báðir þessir sjóðir fá að mestu tekjur af innflutningi, varð auðvitað einnig að gera áætlun um innflutning til landsins á árinu, og sú áætlun varð að sýna svo mikinn innflutning á gjaldahæstu vöruflokkunum, að tekjur hins opinbera drýgðust að verulegum mun og teygðust í áttina að því að mæta útgjöldunum.

Þessi innflutningsáætlun er raunar einhver veigamesta upplýsing, sem um það er fáanleg, hver stefna stjórnarvaldanna raunverulega er. Ráðherrar og hvers kyns valdamenn geta haldið ræður og sagt, að þeim búi þetta eða hitt í huga, að þeir vilji efla framleiðsluna, að þeir vilji treysta efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar og þar fram eftir götunum, og ekki vil ég efast um, að slíkar óskir hreyfi sér einhvers staðar inni fyrir hjá flestum þeirra. En af orðum þeirra einum saman verður ekki mikið ráðið um það, hver einlægni þeirra er. Það sést miklu betur á því, hvað þeir hugsa sér að flytja inn frá útlöndum fyrir gjaldeyri þjóðarinnar.

Þegar innflutningsáætlunin er skoðuð, kemur fyrst í ljós, að innflutningur fiskiskipa er ráðgerður stórum mun minni en að undanförnu, raunar nokkru minni en svo, að ætla megi, að nægilegt sé til viðhalds fiskiskipaflotanum, svo að ekki sé minnzt á svipaða aukningu og varð á s. l. ári. Ekki verður þessi niðurskurður skipainnflutningsins skýrður með neinni almennri gjaldeyrissparnaðarnauðsyn, því að gjaldeyristekjur þjóðarinnar hafa aldrei verið meiri en á s. l. ári, öll framleiðsla okkar er í fullum gangi og líkur til, að stefna núverandi stjórnarflokka geti þrátt fyrir allt ekki orðið svo fljótvirk, að framleiðslan dragist saman á þessu ári. En innflutningsáætlunin sannar, að stefnan í þessu efni er: fiskiflotinn skal minnka.

Hvað skal þá koma í staðinn fyrir fiskiskip, hvaða innflutning á að auka? Þess þarf ekki lengi að leita. Fólksbílainnflutning á að auka um 40%. Í fyrra voru fluttir inn rösklega 850 fólksbílar, nú eiga þeir að verða rúmlega 1200. Sú stefna, sem fylgt hefur verið að undanförnu, að auka og bæta fiskiskipaflotann og kjör sjómanna, á nú greinilega að víkja, og þótt ekkert standi beinlínis um það í innflutningsáætluninni, getur það tæpast svifið fram hjá, svo að ekki verði eftir því tekið, að nákvæmlega samtímis ráðagerðunum um að láta bátaflotann rýrna er samið um að leyfa hinu erlenda hernámsliði að koma sér upp nýjum stöðvum einmitt í næsta nágrenni við aflasæl og uppvaxandi sjávarþorp vestur á Snæfellsnesi. Bílar hafa um langt skeið verið sá innflutningur, sem hæst aðflutningsgjöld og tolla hefur borið. Það var því auðvitað engin tilviljun, að einmitt á þeim skuli ráðgerður aukinn innflutningur.

En af stjórnarvaldanna hálfu hefur ekki verið látið sitja við það eitt að auka innflutninginn, sem út af fyrir sig væri ekkert ámælisvert, ef gjaldeyrisástæður leyfðu. En af þeirra hálfu hefur einnig verið ráðgert að hækka aðflutningsgjöldin af bílunum, þannig að í stað þess, að bílar hafa hér að undanförnu verið seldir á svo sem sexföldu innkaupsverði nýir út úr umboðum, verða þeir framvegis væntanlega seldir á sjö- eða áttföldu innkaupsverði, ef fram gengur lagafrv. stjórnarinnar um þetta efni, sem nú er hér til afgreiðslu á Alþingi.

Það er sem sagt eitt skrefið að því marki að sýna hallalausan ríkisbúskap á blaði, að efnt hefur verið til nýrra verðhækkana mitt í niðurfærslu verðlags og launa, eins og stefnan heitir, bæði á bílum og einnig á einkasöluvörum ríkisverzlana, áfengi og tóbaki. Upp úr þessu áætlar ríkisstj. samtals að hafa 50—60 millj. kr. Það er því með öllu rangt, sem stjórnarliðar fullyrða öðru hverju, að engar nýjar álögur hafi verið framkvæmdar.

Þessar ráðstafanir, sem þá hafa verið gerðar, hossa þó ekki hærra í hítina en svo, að nálægt 200 millj. kr. af bagga þeim, sem stjórnin hefur bundið þjóðarbúskapnum, eru samt óleystar. Og hvernig er ætlunin að standa undir þeirri byrði?

Nú vita það allir, sem fylgzt hafa með málum, að stjórnarvöldin gera enga raunhæfa tilraun til þess að láta tekjur yfirstandandi árs jafnast gjöldunum. Og þau hafa sýnt, að þau telja það engu máli skipta, þótt upp verði staðið frá skuldahaugum og galtómum hirzlum. En á pappírum sínum og plöggum leggja þau ofurkapp á að láta standa letrað, að gjöld og tekjur mætist. En einnig það hefði þeim orðið næsta erfitt, ef viðskilnaður fyrri stjórnar hefði verið slíkur sem sá næsti verður. Helming þeirrar upphæðar, sem þannig vantar, eftir að nefndar verðhækkanir hafa verið taldar til tekna, fá stjórnarvöldin að arfi frá fyrrv. ríkisstj. Tekjuafgangur ríkissjóðs á s. l. ári nam raunverulega um 70 millj. kr. auk óinnheimtra tollskulda. En af því að honum var að nokkru leyti varið til ýmiss konar lána fyrir s. l. áramót og einnig til þess að greiða upp eldra ríkislán, urðu þó ekki nema 25 millj. af honum eftir, sem hægt var að taka inn á tekjudálk fjárlaganna. Um 30 millj. kr. falla til í fjárlagatekjur með því hætti, að fyrri ríkisstj. lét lausar til Sogsvirkjunarinnar ýmsar efnivörur, án þess að tollur væri af þeim greiddur, og hafði þannig myndazt tollskuld, er ríkið átti hjá fyrirtæki þessu. Nú er á hinn bóginn ráðgert að innheimta skuld þessa í ár, og verkar skuldagreiðsla þessi því alveg á sama hátt og tekjuafgangurinn, enda raunverulega hluti af honum.

Við áramótauppgjör ríkissjóðs kom í ljós, að ýmsir og flestir tekjustofnar ríkisins gáfu mun meiri tekjur en ætlað hafði verið á fjárlagafrv., og þannig voru tekjur ríkisins þar vanreiknaðar um eitthvað yfir 50 millj. kr. að minnsta kosti. Með því að breyta áætlun þessari *hóflega og hirða þá fjármuni, sem eftir* lágu beinlínis í kassa eða í skuldakröfum á Sogsvirkjunina, þegar fyrri stjórn stóð upp, hafði núv. stjórn Sjálfstæðis- og Alþfl. borizt í hendur eins konar happdrættisvinningur eitt-

hvað yfir 100 millj. kr. að upphæð og auðvitað sá langstærsti, sem um getur hér á landi fyrr og síðar.

Þótt sögunni af því, hvernig íhaldsöflin, sem nú stjórna landinu, setja endanlega upp áætlanir sínar um fjármálastjórnina, sé hér ekki lokið, þá er þó engin leið að hlaupa svo hratt fram hjá stóra happdrættisvinningnum, sem fjármálastjórn Eysteins Jónssonar færði íhaldinu upp í hendur, að þar sé ekki skoðuð nokkru nánar sú veila fyrri ríkisstj., sem ásamt íhaldssamvinnu Alþfl. í verkalýðshreyfingunni lagði framfarastefnu hennar því sári, að hún má sín nú ekki um skeið.

Það var einn helzti ágreiningur Alþb. og Framsfl. í fyrri ríkisstj., að undir forustu fjmrh. og með stuðningi Alþfl. leitaðist Framsfl. jafnan við að hafa skattheimtu hins opinbera af þjóðinni hærri og meiri en Alþb. taldi nauðsyn á. Þetta varð t. d. opinbert ágreiningsefni þessara flokka á s. l. vetri, og reyndi Tíminn mjög að ófrægja Lúðvík Jósefsson með því, að hann teldi tekjuþörf bæði útflutningssjóðs og ríkissjóðs minni en hún raunverulega væri, og bar þar raunar svo á milli, að þar sem Lúðvík taldi í milljónatugum, þar nefndi Eysteinn til hundruð milljóna. Þegar svo tekjuaukningin var ákveðin með lögum um útflutningssjóð á s. l. vori, voru báðir auðvitað óánægðir, Framsfl., sem taldi tekjurnar ekki mundu hrökkva, og Alþb., sem taldi hér oftekið. Reynslan hefur nú sýnt, hvað rétt var. Með ráðstöfunum, sem þó voru allar hóflegri en ella hefði orðið fyrir andspyrnu Alþb., var dýrtíðin aukin meira en þörf var á, því að útflutningssjóður stóð við allar sínar skuldbindingar og greiddi upp gömul vanskil, en um 100 millj. kr. flóðu út af kassanum hjá Eysteini og hafa nú hafnað sem happdrættisvinningur hjá leppstjórn íhaldsins. Fyrir alla þá menn í landinu, sem vilja, að rekin sé raunverulegvinstrisinnuð stjórnarstefna, er hér fenginn dýrmætur, en einnig dýrkeyptur lærdómur.

Þá er það ekki síður athyglisvert, einkum fyrir þá, sem treyst hafa á heiðarleik og einlægni Framsóknarforingjanna í vinstra samstarfi, að líta á það, hvernig stjórnarslitin fóru fram. Eysteinn Jónsson með 100 millj. kr. afganginn sinn gerði skilyrðislausa kröfu um, að verkalýðssamtökin samþykktu á sig kauplækkun til að vinna bug á þeirri dýrtíð, sem ekki hvað sízt hafði skapazt af óhóflega hárri skattheimtu. Um ráðstöfun á sjóði sínum var hann ekki til viðtals. Það var sem sagt ákveðið að slíta stjórnarsamstarfinu. Þingi verkalýðssamtakanna voru settir úrslitakostir, sem fyrir fram var þó vitað að þau mundu hafna. Slíkt var raunar aðeins að fullnægja formsatriði, sem skammsýnustu öflin í Framsfl. töldu sér henta á því augnabliki. Sú þröngsýni og sá einstrengingsháttur, sem þarna var að verki, er næsta torskilinn, þegar á það er litið, að allur þorri hinna almennu flokksmanna Framsfl. vildi vissulega og vill enn standa að heiðarlegu vinstra samstarfi um stjórn landsins.

En hvort sem hið furðulega framferði flokksforingjanna með afgangssjóðinn og kauplækkunarkröfuna hefur á sínum tíma heldur verið hugsað sem tilraun til að halda hinu mjög riðandi Hræðslubandalagi Framsóknar og Alþfl. saman eða beinlínis með próventu hjá íhaldinu fyrir augum, skiptir raunar ekki lengur neinu máli, því að hvorugt hefur tekizt. Engum, sem vill Framsfl. vel, blandast nú hugur um það, að með stjórnarslitunum stigu flokksforingjarnir alvarlegt öfugspor. Ástæðan til þess liggur ekki alveg í augum uppi. Er trúlegt, að hún eigi rót sína í hinni ranglátu kjördæmaskipun og því kosningabraski, sem flokkurinn framkvæmdi í skjóli hennar 1956 með þeim árangri, að hann fékk 17 þm. út á tæp 13000 atkv., þegar t. d. Alþb. fékk 8 þm. út á tæp 16000 atkv. Það væri a. m. k. ekkert furðulegt, þótt ýmsar stærðir rugluðust fyrir þeim, sem temja sér að líta á þennan kosningaárangur sem hið eina sanna réttlæti, og víst er um það, að stærð og styrk verkalýðshreyfingarinnar hafa Framsóknarforingjarnir vanmetið illa á síðasta hausti.

En þrátt fyrir þá sjóði, sem skildir voru eftir, þegar fyrri stjórn vék frá, og þrátt fyrir verulegar fjárhæðir í nýjum álögum var þó enn ófyllt í skarð aukinna útgjalda, svo að nam hálfu til heilu hundraði millj. kr. Í fjárl. var þetta fyllt að kalla með niðurfellingu ýmiss konar útgjalda ríkisins. Nú er það auðvitað allra góðra gjalda vert, að sýnd sé, þótt ekki væri nema dálítil viðleitni til sparnaðar í rekstri hins opinbera. Þá leið kusu hins vegar núverandi stjórnarflokkar ekki að fara. Á nokkrum liðum hefur þó verið lækkað framlag hins opinbera til verklegra framkvæmda, svo sem til skólabygginga, sjúkrahúsabygginga, til byggingar íbúða í því skyni að útrýma heilsuspillandi húsnæði, og á fleiri slíkum póstum hefur verið ráðgert að leggja fram nokkru minna fé en lögboðið er að ríkið greiði. Þetta er auðvitað enginn raunverulegur sparnaður, því að eftir sem áður ber ríkinu skylda til að inna þessar greiðslur af hendi. Með því að áætla þessa liði lægra en lög standa til er því einungis velt yfir á bæjar- og sveitarfélög, sem hafa slíkar framkvæmdir á döfinni, að standa undir fjáröflun til þeirra og taka á sig kostnað, sem af því leiðir, að ríkið skýtur skyldu sinni á frest. Hinn raunverulegi greiðlusparnaður í till. stjórnarinnar var sáralítill, máske þó einhvers staðar á öðrum milljónatugnum, og mun einkum segja til sín í holóttari þjóðvegum og minnkuðum flugvallarframkvæmdum og einnig með breyt. á raforkuframkvæmdunum, því að á þessum liðum er sparnaðurinn einna helzt ráðgerður. Till. Alþb. um sparnað á ríkisrekstrarliðum voru allar felldar. Þær voru t. d. um að sameina íslenzku sendiráðin á Norðurlöndum, um að láta nægja að hafa eitt sendiráð í París, en þar eru, svo sem kunnugt er, tvö íslenzk sendiráð nú, annað til að sinna venjulegum sendiráðsstörfum, en hitt til að sýna hernaðarbandalaginu NATO sóma og virðingu, samtímis því sem helztu forustuþjóðir þess ýmist beita okkur þjófnaði og ránskap í skjóli þess, að þær eiga vígdreka og fallbyssur, eða sitja hér í víghreiðrum sem ráðnir verndarar

okkar og horfa á vígdrekana varna varðbátum okkar eðlilegrar löggæzlu við strendur landsins, samþykkir ræningjunum í einu og öllu. Þá var ekki heldur nálægt því komandi hjá stjórnarflokkunum, að sparaður yrði kostnaður við sendiráðið í Lundúnum, á meðan Bretar telja sér ekki fært að umgangast okkur eins og sjálfstæða þjóð. Sparnaðarandi stjórnarvaldanna var ekki heldur slíkur, að forsvarsmenn hennar treystust til þess að spara svo sem 5% af útgjöldum stjórnarráðsins, utanríkisþjónustunnar, dómgæzlunnar eða toll- og skattaskrifstofanna. Þeir felldu slíkar tillögur. Þeirra sparnaður var svo sem enginn í reynd, heldur aðeins tölur á blaði, að mestu samhengislausar við veruleikann og settar fram til þess eins að sýnast.

Á fjárlagaafgreiðslunni er því raunverulega stórkostlegur halli, bæði vegna þess, að þessa árs tekjur eru þar ætlaðar miklum mun minni en útgjöldin, því að auðvitað eru hvorki tekjuafgangurinn frá 1958 né væntanlega innborgaðir tollar frá eldri tímum þessa árs tekjur, og eins vegna hins, að fyrirsjáanlega hljóta að hlaðast upp skuldahalar, bæði hjá ríkissjóði vegna vangreiddra ýmiss konar lögboðinna framlaga, t. d. til skólabygginga, einnig hjá útflutningssjóði, þannig að í sama horf sæki hjá honum og á fyrri valdatíð Sjálfstfl., þegar útvegsmenn og bændur fengu ekki lögmætt uppgjör fyrir framleiðsluvörur sínar fyrr en mánuðum og árum síðar en vera hefði átt, enda er þess þegar farið að gæta og vanskil útflutningssjóðs nema þegar um nokkrum tugum milljóna.

Það væri blindur maður, sem sæi ekki, að nú hefur verið tekin upp stefna á gömlu íhaldshugsjónina, þessa sem flokkurinn kærir sig þó ekki um að verði sýnileg fyrr en eftir kosningar. Nú er það í uppsiglingu, að kreppt sé að framleiðslunni með vanskilum hins opinbera og með því að varna henni eðlilegrar endurnýjunar á tækjum sínum og þó ekki síður með því að deyfa áhuga íslenzkra manna fyrir sjósókn með því að svíkja þá í samningum. Gleggsta og ótvíræðasta dæmið um það, hvert stefnir, er þó máske það, að af 98 millj. kr. erlendu lánsfé ríkisins, sem ráðgert er að endurlána til opinberra sjóða og framkvæmda á næstunni, er fiskveiðasjóði, einu stofnlánastarfsemi útvegsins, ekki ætlaður einn einasti eyrir. Það á sem sagt ekki langt í land, eins og nú horfir, að leitt verði yfir okkur sams konar atvinnulegt ósjálfstæði og orðið var á hinum fyrri valdadögum íhaldsins, þegar ekki mátti á milli sjá, hvorum við vorum háðari, Bandaríkjamönnum eða Færeyingum.

Fjármálastefnan sjálf er heldur engin niðurfærslustefna, nema hún er óumdeilanlega kauplækkunarstefna. Hækkun fjárlaga úr 807 millj. í 1033 millj. boðar vissulega enga niðurfærslu. Verðlag hefur yfirleitt ekki lækkað nema þá í beinu sambandi við kauplækkanir og niðurgreiðslur, og á mörgum sviðum hefur það beinlínis hækkað þrátt fyrir niðurgreiðslurnar og kaupránið. En það alvarlegasta er þó mitt í öllu þessu, að enn er safnað skuldahaugum, sem fyrr eða síðar verður að greiða upp með almannafé, þannig að enn er kallað á nýja kjaraskerðingu, sem auðvitað verður framkvæmd með þeirri gengisfellingu, sem að er stefnt af stjórnarvaldanna hálfu á komandi hausti, þegar hjá eru liðnar kosningar þær, sem Sjálfstfl. ætlar að leyna andliti sínu fram yfir, ef þau öfl ráða þá enn, sem nú stjórna.

Af öllu þessu verður glöggt séð, að Sjálfstfl. hefur fulla ástæðu til þess að reyna að leyna áformum sínum og láta sem minnst á sér bera sem framkvæmdaaðila þessarar stefnu, þótt hann fagni því mjög að ráða. En hann getur hins vegar ekki, hvernig sem hann reynir, komizt hjá því að verða dreginn til ábyrgðar fyrir verk sín, til þess eru fingraför hans of ljós og greinileg, og í komandi kosningum hlýtur allur landslýður að gera þá spurningu upp við sig, hvort stefna íhaldsins sé þjóðholl. Er gengisfelling og aukin kjaraskerðing æskileg? Er þrengdur hagur framleiðslunnar lyftistöng fyrir íslenzkan þjóðarbúskap? Eru þjónustustörf hjá erlendu herliði æskilegur atvinnuvegur fyrir Íslendinga? Nei, vissulega ekki. Allt þetta brýtur í bága við velferð íslenzku þjóðarinnar. Öll meginstefna Sjálfstfl. í efnahagsmálum gerir það, og ekki hefur hún sízt verið óþjóðholl, stefna hans í okkar langstærsta efnahagsmáli, landhelgismálinu, þar sem þessi flokkur auðmannastéttarinnar reynir stöðugt að draga það mál inn á samningaumleitunargrundvöll hjá hernaðarbandalagi því, sem Sjálfstfl. á sínum tíma hafði forgöngu um að draga okkur inn í og þar sem greinilega eru allsráðandi þau öfl, sem okkur eru fjandsamlegust í þessu lífsnauðsynjamáli okkar. Raunar er það helzt á flokksforingjum íhaldsins að heyra, að þeir telji, að íslenzk ríkisstjórn eigi fyrst og fremst að vera nokkurn veginn ómenguð umboðsstjórn fyrir NATO og lítið annað.

En góðu heilli hefur nú raunverulega komið í ljós, að við höfum náð svo stórum sigrum í landhelgismálinu, að ekkert nema hin herfilegustu þjóðsvik hérlendra manna getur forðað Bretum frá fullum ósigri í málinu, eins og nú er komið. Það liggur fyrir í skýrslum þeirra sjálfra, að afli sá, sem þeir hljóta nú á Íslandsmiðum, er aðeins lítið brot af því aflamagni, sem þeir áður tóku hér, því að auðvitað er ekki hægt að stunda fiskveiðar með þeim hætti, sem Bretar gera nú. Þannig er að vísu hægt að reka hernað, en ekki veiðar með árangri. Á hinn bóginn verður það tæpast talin tiltiljun ein heldur, að bátafloti okkar hefur í heild skilað meira aflamagni á land á einni vertíð en nokkru sinni fyrr, þrátt fyrir það að næstum hálft vertíðartímabilið týndist í frátafir vegna óvenju þrálátra illviðra.

Því ber að fagna, að Alþingi hefur nú samþ. einróma ályktun um að hvika hvergi frá 12 mílna fiskveiðilandhelginni, og vonandi reynast allir flokkar trúir þeirri samþykkt, einnig eftir kosningar, þótt fordæmi íhaldssinnuðu flokkanna og sósíaldemókrata frá Færeyjum sanni, að þeim flokkum auðnaðist ekki þar að standa við fyrri kosningaloforð sín, þegar þeir höfðu hlotið þingmeirihluta út á þau. Og vís-

asti vegurinn fyrir íslenzka kjósendur til að vera fullvissir um, að ekki verði upp á okkur svikin einhvers konar Færeyingalandhelgi eftir kosningar, er að sýna þeim flokkum, sem sótt hafa það að skjóta landhelgismálinu á vettvang til fjandmanna okkar, ekki allt of mikinn trúnað í komandi kosningum.

Alþýðubandalagið lýsir yfir andstöðu sinni gegn núverandi stjórnarstefnu. Stefna Alþb. er framleiðslustefna, sú stefna, að vandamálum efnahagslífsins beri að mæta með því að gera allt, sem unnt er, til að auka framleiðslu okkar. Við Alþb.-menn neitum því, að undirrót vandamálanna sé fyrst og fremst of hátt kaupgjald við almenn störf. Og við teljum lögþvingaðar lækkanir frá hinu umsamda kaupi ekki rétta lausn á efnahagsvandamálum. Aukin framleiðsla er okkar leið til efnahagslegrar velmegunar. Þátttaka Alþb. í síðustu ríkisstj. miðaði að því að ná þessu marki, og í því efni náðist sannarlega mikill árangur, þótt á þeirri braut væri skemmra gengið á sumum sviðum en við hefðum kosið. Með þeirri stjórnarsamvinnu var atvinnuleysinu útrýmt af Íslandi. Með henni varð líka þeirri öfugþróun íhaldsstjórnartímabilsins, sem hrakti Íslendinga í land af fiskiflotanum, snúið við, þannig að nú er floti okkar aftur að langmestu leyti mannaður Íslendingum. Og fyrir atbeina Alþb. hefur nú verið framkvæmd sú landhelgisstækkun, sem gefur allri þjóðinni bjartari framtíðarvonir.

Alþb. harmar það, að Alþfl. skyldi skorta svo einlægni og manndóm til að vinna að hagsmunamálum alþýðufólks, að hann hefur nú tekið upp íhaldssamvinnu gegn flestum sínum fyrri áhugamálum. Alþb. harmar það einnig, að skammsýni og röng fjármálastefna Framsfl. skyldi reynast svo ósveigjanleg, að hún hlaut tvímælalaust að greiða afturhaldsöflunum veginn til valda.

En þótt nú sé hér rekin kauplækkunarstefna, sem grípur til verkamanna, sjómanna og bænda, þótt nú séu skornar hér niður verklegar framkvæmdir, þótt nú séu gefnar hér milljónagjafir af opinberu fé til stórgróðamanna og þótt nú sé hlaðið upp vanskilaskuldum, þá er þetta ekki stefna íslenzkrar alþýðu, þá er þetta ekki stefna hinnar framsæknu íslenzku þjóðar. Og það vita höfundar og eigendur stefnunnar og hafa því fulla ástæðu til þess að vilja sýnast annað en þeir eru. Íslenzk alþýða býr yfir miklum þrótti. Hún veltir Grettistökum, hvar sem hún beitir samstilltu afli sínu. Afköst hennar í framleiðslu eru þau mestu, sem dæmi þekkjast um. Þess vegna blasir framtíðin við þjóðinni einnig nú, þótt svikráðir leppar auðmannastéttarinnar haldi sinni feigu hönd um stjórnvöl þjóðarskútunnar.

Alþb. treystir því, að þrátt fyrir annríki vinnandi fólks gefi það sér tíma til að glöggva sig á því, hverjir vinni að þjóðmálum í þess hag og hverjir vinni gegn því, og láti þar engin dulargervi villa um fyrir sér. — Góða nótt.

Ólafur Thors: Herra forseti. Ég mun að þessu sinni láta nægja að vísa til hinna mörgu, merku og margþættu till., sem síðasti landsfundur sjálfstæðismanna samþykkti, eins og þær liggja fyrir og hafa birzt almenningi í blöðum og í útvarpi. Þær sýna kosningastefnuskrá Sjálfstfl., og mun ég og aðrir ræða þær ýtarlega á næstunni í blöðum, útvarpi og á mannfundum. Eldhúsdagurinn er líka, svo sem flestir vita, fyrst og fremst dagur reikningsskila við valdhafana.

Þegar núverandi hæstv. ríkisstj. var mynduð í desembermánuði s. l., gaf hún okkur sjálfstæðismönnum þrjú fyrirheit:

1) Að ríkisstj. mundi beita sér fyrir vissum aðgerðum, sem sérfræðingar í efnahagsmálum töldu að megnuðu að stöðva verðbólguskriðuna, þar til auðið yrði að freista þess að sameina þjóðina um varanlegri lausn þeirra miklu vandamála.

2) Að Alþfl. mundi flytja með Sjálfstfl. frv. um breytingu á kjördæmaskipuninni í höfuðefnum eins og það frv., sem nú hefur verið lögfest.

3) Að hvernig svo sem um það frv. færi, skyldi þing rofið og nýjar kosningar fara fram snemma á þessu sumri.

Gegn þessu hét Sjálfstfl. því að freista þess til hins ýtrasta að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög með Alþfl. og að verja hæstv. ríkisstj. vantrausti, þar til búið væri að afgreiða fjárlög og útséð um örlög kjördæmabreytingarinnar.

Hæstv. ríkisstj. hefur staðið við öll þessi fyrirheit. Við teljum þess vegna ástæðulaust að deila á hana. Við sjálfstæðismenn höfum einnig að okkar leyti efnt samkomulagið og ber því ekki lengur skylda til að verja stjórnina vantrausti. Við munum þó gera það, vegna þess að við erum andvígir stjórnarskiptum fyrir kosningar. Eftir kosningar munum við taka það mál til nýrrar athugunar.

Rétt þykir mér að geta þess, að fjárlögin, sem Alþingi hefur nú samþykkt, eru þau hæstu, sem fram að þessu hafa þekkzt hér á landi. Er það í áframhaldi af stefnu undanfarinna ára undir forustu Eysteins Jónssonar. Hærri og hærri fjárlög, dýpra og dýpra í buddu skattþegnanna, fleiri og fleiri milljónatugi í heimildarlausar umframgreiðslur, þetta virðist hafa verið leiðarljós fjármálastjórnarinnar upp á síðkastið.

Ég er ekki allsendis ánægður með þessi fjárlög. Vegna viðskilnaðar fyrrv. stjórnar við sjóði ríkisins annars vegar, en hins vegar viðleitni núverandi valdhafa til að forðast nýjar álögur, hefur tekjuáætlun fjárlaganna ef til vill verið teygð fullhátt. Er það varhugavert, en þó miklu skárra en að falsa hana algerlega vísvitandi, svo sem gert hefur verið undanfarin ár. Hefur það athæfi átt að heita búhyggindi, en verið undirrót siðspillandi óhófseyðslu og einræðis ríkisstjórnar og einkum þó fjmrh. yfir milljónatugum. Eru það víti til varnaðar, og verður Alþingi hér eftir raunverulega að afgreiða fjárlögin, en ekki að sitja krunkandi mánuðum saman yfir smámunum og láta svo allt enda í sem næst einræði fjmrh. bak við Alþingi.

Læt ég svo útrætt um núverandi ríkisstjórn, enda aðrir, sem dóms bíða.

Hinn mikli sökudólgur er fyrrv. ríkisstj. og allir þeir, sem ábyrgð bera á henni, að meðtöldum núverandi ráðherrum. Ákæruskjal mitt á hendur þeim er prentað í Mbl. 13. marz s. l. Það tók mig 2½ klst. að flytja það á landsfundi sjálfstæðismanna og var þó aðeins stiklað á því stærsta. Það mun nú og birtast í landsfundarskýrslunni. Til þess vísa ég. En hér verð ég fáorður, enda naumur tími til umráða fyrir mig, m. a. vegna þess, að við sjálfstæðismenn viljum, að raddir sem flestra sjálfstæðismanna heyrist í þessum umr.

Hv. þm. Str. (HermJ) tókst að sýna tvennt í sinni furðulegu ræðu hér í kvöld: Að hann er furðu gleyminn eða alveg úti á þekju í þjóðmálunum og að hann er óvenju spaugilegur karl. Eftir að hafa deilt hart og auðvitað án raka á okkur sjálfstæðismenn hugðist hann ganga frá mér sjálfum alveg dauðum með því að skýra frá því, að í ræðu hafi ég lýst yfir, að við sjálfstæðismenn mundum berjast fyrir okkur, fyrir flokk okkar og fyrir þjóðina. Þessi ummæli mín lýstu vel innræti mínu og flokksins, sagði Hermann Jónasson. Ég skal nú fræða Hermann Jónasson á því, að Einar Þveræingur notaði sömu vinnubrögð í frægri ræðu sinni, en þó kann ég skil á öðrum manni, sem Hermann Jónasson metur enn meir en Einar Þveræing, en hann heitir líka Hermann Jónasson. Þegar Hermann Jónasson var forsrh., stóð hann hér frammi fyrir þingheimi og hrópaði hástöfum: Heill forseta vorum og fósturjörð. Nú vita að sönnu allir, að Hermann Jónasson metur vel og elskar forseta Íslands. Þó þykir víst, að þessi mikli fósturlandsvinur elski ættjörðina enn meir. Hermanni Jónassyni hefur því orðið sama skyssan á og Einari Þveræingi og mér, að nefna síðast það, sem hann metur mest, — ef það er skyssa.

Fjarstæðukenndust var þó árás Hermanns Jónassonar á okkur sjálfstæðismenn út af landhelgismálinu. Allir vita þó, að það erum við sjálfstæðismenn, sem frá öndverðu höfum haft alla forustu á hendi í þessu mikla máli. Hinir fyrstu og stærstu sigrar unnust fyrir okkar atbeina, og síðan höfum við alltaf fylgt málinu fram af ráðum og dáð. Mundi og betur komið en raun ber vitni, ef okkar ráðum hefði verið fylgt.

Karl Guðjónsson beindi einnig kaldyrðum til okkar sjálfstæðismanna út af þessu máli. Honum og flokksbræðrum hans er hentast að hafa hægt um sig, því að margir af þeim örðugleikum, sem við nú stríðum við, stafa einmitt af því, að þeir mátu ekkert minna að kveikja ófriðarbálið en að leysa landhelgismálið.

Alveg af sömu hvötum spruttu árásirnar á Bjarna Benediktsson út af stjórn hans á varnarmálunum. Allir vita, að hann hefur í þeim efnum borið langt af öðrum, sem um þau mál hafa fjallað, að þeim annars ólöstuðum. Á þetta sama við um alla utanríkismálastjórn hans, því að það var einmitt hann, sem tókst með einurð og festu að skapa virðingu fyrir íslenzkum stjórnarvöldum út á við, en halda jafnframt vinfengi annarra þjóða.

Hermann Jónasson sagði, að það hefði verið regla hjá okkur sjálfstæðismönnum að lofa miklu og vanefna allt. Ég vil nú upp á gamlan kunningsskap taka Hermann Jónasson á hné mér og bæta upp minnisleysi hans og gleymsku.

Í marzmánuði 1956 mælti þjóðkunnur maður þessi viðfrægu orð: „Haldið hefur verið lengra og lengra inn í eyðimörk fjárhagslegs ósjálfstæðis.“ Man Hermann Jónasson, hver þetta var?

Skömmu áður hafði hann og aðrir áhyggjufullir og einkum þó hræddir föðurlandsvinir myndað með sér fóstbræðralag, sem nefnt var Hræðslubandalagið. Í stefnuyfirlýsingu þess sagði m. a.: „Nú verður að brjóta í blað í íslenzkum stjórnmálum. Ef ekki verður gripið fast í taumana, myndast algert öngþveiti í efnahags- og fjármálalífi þjóðarinnar.“ Og aðalblað bandalagsins sagði: „Niðurgreiðslurnar eru engin framtíðarlausn, heldur hættuleg svikaleið. Gegn þessum voða þarf þjóðin að rísa áður en það er of seint.“

Var nú einskis látið ófreistað til þess, að takast mætti að „brjóta í blað“, og ekki skirrzt við að hagnýta veilur úreltrar og ranglátrar kjördæmaskipunar né heldur að rjúfa orð og eiða í þessu skyni, sbr. Hræðslubandalagið og samstarfið við kommúnistana.

Hinn 24. júlí 1956 myndaði hinn áðurnefndi viðkunni maður ríkisstjórn og tilkynnti þjóðinni, að „stjórnin hefði verið stofnuð til samstarfs á grundvelli nýrrar stefnu“. Hét hann síðan að aflétta sköttum og hætta niðurgreiðslum og uppbótum, greiða skuldir og lægja verðbólguna. Jafnframt skyldu af þjóðinni þvegin óþrif erlends varnarliðs í landinu.

Hefst nú löng saga vanefnda, niðurlægingar og vonbrigða. Hún er öllum kunn. Menn vita, að niðurgreiðslur og uppbætur fóru sívaxandi. Sköttum var ekki af létt, heldur á lagðir 1090 millj. kr. nýir árlegir skattar auk stóreignaskatts, sem nemur 130 millj. kr. Verðbólgan hjaðnaði ekki, heldur óx hún um 24½%. Erlendar skuldir lækkuðu ekki, heldur hækkuðu um 436 millj. kr. Og allt þetta skeði í augsýn hersins, því að hann fór ekki, heldur sat sem fastast eins og ormur á því erlenda gulli, sem hingað streymdi í beinu sambandi við áframhaldandi dvalarheimild hans á Íslandi. Sveið mörgum góðum Íslendingi sárast, að betlilánin voru órjúfanlega tengd rétti vinaþjóðar til að verja ættjörð okkar, ef nauður rekur til. Lá heiður Íslands eftir á þeim blóðvelli. Hermann Jónasson sannaði það áðan, að hann er stoltur af þessari þjóðarskömm. Rek ég þetta ekki frekar að sinni. Sögulokin þekkja menn.

Hermann Jónasson féll í glímunni við verðbólguna. Hann taldi óþarft að ræða málið við Alþingi Íslendinga. Hann gafst upp. Hann lét nægja að tilkynna Alþingi hinn 4. des. s. l., að hann hefði beðizt lausnar, vegna þess að „ný verðbólgualda væri skollin yfir“ og að innan stjórnar hans væri „engin samstaða“, heldur

hver höndin upp á móti annarri. Dánarvottorð líflæknis ríkisstjórnarinnar hljóðaði þannig: „Þjóðin er að ganga fram af brúninni.“ Það var undirritað af sérfræðingi ríkisstj. í efnahagsmálum, Jónasi Haralz ráðuneytisstjóra.

Eftir dauðann iðraðist Hermann Jónasson og bað um þjóðstjórn, þ. e. a. s. að fá flokkinn, sem hann hafði talið allra meina bót að gera með öllu áhrifalausan, til þess að leggja á ráðin og bjarga þjóðarskútunni úr strandinu. Önnur bjargráð kom hann ekki auga á. Það var kannske von.

Svona stóðu sakir, þegar flokksþing Framsfl. kom saman um miðjan marz s. l. Foringinn sagði hátt til lofts og vítt til veggja, en hjörðin kenndi andþrengsla.

Menn minntust nú þess, að í upphafi vinstra tilhugalífsins var það æðsta markmiðið að hrekja stærsta flokk þjóðarinnar út í yztu myrkur stjórnmálalegs áhrifaleysis, eins og Hermann Jónasson hældist um af. Nú skyldi gera góða veizlu. Völd, bein og bitlingar. Allt var ein gleðivíma í vistarverum vinstrisinna. Heitust var þó ást ráðherranna til stólanna. Þeir hétu hver öðrum 20 ára samstarfi og samlífi í einingu og ást.

En snögglega dró fyrir sólu, og fyrr en varði hrönnuðust skýjabólstrarnir um allan himin gleðinnar. Þjóðin hafði tekið í taumana.

Við bæjar- og sveitarstjórnarkosningarnar í janúar 1958 var því yfir lýst af öllum, að þær snerust fyrst og fremst um traust eða vantraust á stjórn Hermanns Jónassonar. Þrír flokkar stóðu gegn einum. Þessi eini fékk þó traust meiri hl. þeirra 80% kjósenda, sem til var leitað, og þar af í sjálfum höfuðstaðnum hvorki meira né minna en 57% greiddra atkvæða.

Þá fór að fara um vinstri mennina. Þeir urðu hræddir, fyrst hver við annan, en síðan hver við og um sjálfan sig. Allir hugsuðu um að koma sjálfum sér undan, forða sér, áður en skipið sykki. Eins og fyrr getur, komst sá síðasti í land 4. des. s. l. Þá hófst innbyrðisorrustan. Ekki aðeins var nú ástin kulnuð, heldur hafði og heiftareldurinn brennt hof Hræðslubandalagsins til ösku. Í stónni lá 20 ára valdadraumurinn. Framsókn rambaði á stokknum og tautaði: Þeim skal ég verst, sem ég unni mest, og beindi flestum eiturörvum sínum að Alþfl. Sannarlega máttu foringjar Alþfl. segja: „Önnur var ævin, er Gaukur bjó á Stöng.“ Blíðara var atlætið, meðan Hermann og Eysteinn sátu í stjórnarráðinu og héldu sig hafa lífstíðarábúð á Steinastöðum kratanna. Annað var á sömu bók lært.

Ekkert varð úr 20 ára útlegð sjálfstæðismanna. Sumir segja jafnvel, að þeir ráði þó nokkru. Ekkert varð heldur úr einræði eyðimerkurleiðtogans. Sumir segja jafnvel, að hann sé yfirgefinn og áhrifalítill o. s. frv.

Vissulega olli þetta öllum þeim miklum vonbrigðum, sem trúðu á vinstra samstarf eða óskuðu þess vegna beina og bitlinga. En nú var komið sem komið var.

Það mun því ekki ofmælt, að forustumenn Framsfl. utan af landsbyggðinni komu kvíðnir til mótsins. En fæstir munu þó hafa gert sér fulla grein fyrir því, hversu hörmulega flokksforustan hafði haldið á málum og hversu herfilega hún hafði gloprað úr höndum sér og mölbrotið fjöregg flokksins. Sagt er, að mörgum hafi brugðið, er þeir horfðust í augu við grímulausan sannleikann. En í liðinu er margur röskur kappi, hertur í eldi áratuga þrotlausrar baráttu. Ekki að brotna, sögðu þeir. Við snúum vörn í sókn. Við drekkjum syndum og svikum foringjanna í Reykjavík í orðaflaumi um kjördæmamálið. Við teljum sveitunum trú um, að þær verði sviptar valdi sínu, og heitum þeim forustu um vandamál þeirra og hagsmuni og undir vígorðinu „verndum sveitirnar“ mörkum við fasta, ákveðna og óbifanlega stefnu í stærsta máli þjóðarinnar, kjördæmamálinu.

Í það vígi skyldi nú liðinu stefnt. Þaðan skyldi varizt til hinztu stundar. Í nafni ástar til sveitanna skyldu gerðar útrásir, og stóra sigra átti jafnvel að vinna. Þeir, sem ætluðu að drepa sveitavaldið með 11 uppbótarþm., skyldu sjálfir drepnir. Þeir, sem ætluðu að éta upp ríkissjóðinn með því að fjölga þm. upp í 60, skyldu sjálfir étnir. Þeir, sem ætluðu að svíkja byggðavaldið með því að fjölga þm. Reykv., skyldu sjálfir svikarar o. s. frv. Stefnan var ein, óbrotin og hrein: Afnám allra uppbótarþingmanna. Enga þingmannafjölgun, ekki um svo mikið sem einn einasta. Enga fjölgun þm. í Reykjavík. Engar hlutfallskosningar. — Og hjörðin hélt heim, uggandi að sönnu og raunamædd, en þó ekki svipt síðustu voninni. Sveitirnar skyldu þeir vernda, eða öllu heldur, sveitirnar skyldu vernda þá.

Rétt er að skýra frá því, að þegar þessir loftkastalar voru byggðir, mun Reykjavíkurvald Framsfl. hafa treyst því, að kjördæmabreytingin næði ekki fram að ganga, enda haft til þess ærna ástæðu, sem ég ræði ekki að þessu sinni. En þrátt fyrir það var mikill uggur í flokksþingsmönnum Framsfl. og ekki að ástæðulausu.

Nú leið og beið, þar til hinn 11. apríl, að um landið spurðust þau tíðindi, að formenn allra flokka Alþ., að Framsfl. undanskildum, hefðu sameiginlega flutt frv. um kjördæmabreytingu. Hvað var nú á seyði? Höfðu þá forustumenn framsóknarmanna enn reynzt falsspámenn? Mundi kannske kjördæmamálið ná fram að ganga eftir allt saman? Þannig spurðu margir, en engir ákafar en hinir nýheimkomnu flokksþingsmenn Framsóknar.

Reykjavíkurforustan mun enn þótzt hafa örlög málsins í höndum sér og því talið sér fært að róa liðið.

Bar nú ekkert til tíðinda fyrr en 14. apríl, að fram fóru útvarpsumræður frá Alþ. um kjördæmamálið. Forustumenn Framsóknar í strjálbýlinu biðu með mikilli eftirvæntingu boðskapar liðsodda þeirra í Reykjavík og þóttust þess vissir, að við hinir fengjum nú maklega hirtingu. Þetta fór nú nokkuð á annan veg, en það er önnur saga og kannske engin nýjung. Hin miklu tíðindi voru hinar óvæntu yfirlýsingar eins höfuðleiðtoga framsóknarmanna við þessar umr. Framsóknarmenn um land allt voru sem þrumu lostnir. Menn spurðu sjálfa

sig: Heyri ég rétt? Var hugsanlegt, að hin fámenna framsóknarklíka í Reykjavík dirfðist að gera heyrinkunnugt, að hún ætlaði að þurrka gersamlega út glænýjar samþykktir flokksþingsins og það í sjálfu því máli, sem flokksþingið hafði ákveðið að reyna að láta kosningarnar snúast um? Voru þessir menn algerlega heillum horfnir? Fór þá allt saman: fyrirlitning þeirra fyrir öllu forustuliði flokksins úti á landsbyggðinni, óskammfeilni þeirra og fyrirhyggjuleysi?

Um margt þetta og margt fleira spurðu menn. Þeir þurftu ekki lengi að bíða í óvissunni. Leiðtoginn lýsti yfir, að það væri allsendis ástæðulaust að halda fast við 52 þm. og þaðan af síður að afnema uppbótarþingsæti. Þvert á móti. Þm. ættu einmitt að vera 60 og uppbótarþm. ekki færri en 10. Reykjavík væri vel að því komin að fá 12 þm. í stað 8. Og hlutfallskosningar væru alls ekki forboðnar, heldur gætu þær einmitt verið ágætar, þó með fyrirvara, þ. e. a. s. þeim, að þær ættu aðeins að gilda þar, sem Framsfl. græddi á þeim; annars staðar væru þær sama og útrýming bændamenningarinnar á Íslandi.

Við þetta vil ég bæta því, að á nærri hálfs fjórða áratugs þingmennskutíð minni hef ég aldrei heyrt jafnfjarstæðukenndan málflutning sem framsóknarmenn hafa nú haft í frammi í kjördæmamálinu. Hafa þeir sér til afsökunar, að í málinu verður engum vörnum við komið. Það er t. d. á einskis manns færi að verja þá óhæfu, að 15% kjósenda fái kosna 17 þm., þegar 42% fá aðeins 19, svo að aðeins eitt dæmi sé nefnt.

Um rökin læt ég nægja eina einustu tilvitnun — í ritstjórnargrein Tímans, dags. 25. f. m. Hún er kjarni í málsvörn framsóknarmanna og táknræn fyrir allan þeirra málflutning. Þar segir, að höfuðtilgangur kjördæmabreytingarinnar sé að veikja Framsfl. Síðan heldur áfram: „Einnig það er örvona tilraun. Framsóknarflokkurinn mun síður en svo veikjast við þessar tiltektir. En dreifbýlið allt er verr farið en áður.“

Þessi örfáu orð úr Tímanum sýna prýðilega mynd af framsóknarmönnum um þessar mundir. Allir drættir eru skýrir. Tilgangur okkar með kjördæmabreytingunni er ekki réttlæti, heldur refsing. Hamfarir Framsóknar eru sízt vegna eigin hagsmuna, — það er nú eitthvað annað, — enda engin ástæða til, því að „Framsfl. mun síður en svo veikjast við þessar tiltektir“. Markið er hærra og göfugra, hugsjónin stærri og háleitari. Nú skal bitið í skjaldarrendurnar, því að „dreifbýlið allt er verr farið en áður“.

Langar skýringar eru óþarfar. Aðeins spyrja menn: Hvernig má það vera, ef „Framsfl. mun síður en svo veikjast“, þ. e. a. s. styrkjast, að þá skuli leiða af því, að „dreifbýlið allt er verr farið en áður“? Hvernig fær þetta staðizt, nema í því felist játning á, að ekkert samband sé á milli styrkleika Framsfl. og hagsmuna sveitanna?

Annars er óþarft að fjölyrða um kjördæmamálið. Því er lokið á þessu þingi. Það er fagnaðarefni, svo langt sem það nær. En aðalatriðið er, að sigur þess í kosningunum er fyrir fram tryggður. Það er vegna þess, að við, sem að málinu stöndum hér á Alþ., höfum sameinazt um það, þótt við að öðru leyti eigum litla samleið, eftir beinum og óvenju ótvíræðum fyrirmælum kjósenda okkar. Og það er þjóðin öll, sem ræður þessu mikla máli, en ekki eingöngu framsóknarmenn.

Að lokum spyr ég: Hefur nokkru sinni nokkur flokkur nokkurs staðar leikið þjóð sína jafnilla á jafnstuttum tíma, jafnt inn á við sem út á við, eins og Framsfl. hefur gert undanfarin 2½ ár með stjórnarforustu sinni? Allur þorri Íslendinga, þ. á m. margir framsóknarmenn, segir nei. Samt sem áður hefur þessum fámenna hópi forustumanna Framsfl. tekizt að leika flokk sinn enn verr.

Allt er þetta rétt, sem ég hef nefnt, — en er það kannske eitthvert gleðiefni? Sannarlega ekki allt. Vissulega er hörmulegt, hvernig er búið að leggja margt í rúst og hversu örðugt þeim hefur verið gert, sem við eiga að taka. En fram úr því ræðst eins og öllu öðru, ef hvorki vantar vit né vilja. Miklu þyngra áfall er vansæmdin út á við og vantraustið á þjóð okkar, sem af atferli vinstriliða leiðir. Þann blett tekur tíma að afmá. En um það dugir ekki að fást. Fram úr því ræðst líka, ef þjóðin þekkir sinn vitjunartíma og felur þeim völdin, sem kunna að gæta sóma hennar með festu án stirfni, einurð án hroka.

Við skulum ekki mikla fyrir okkur tjón okkar. Ýmislegt hefur unnizt. Þjóðin er nú reynslunni ríkari. Vinstri villan er dauð og verður ekki endurvakin, a. m. k. ekki á næstunni. Framsóknarguttinn hefur sett hæfilega niður, flestum til farsældar. Og hinu hróplega ranglæti kjördæmaskipunarinnar er nú loks verið að ryðja úr vegi, en það var undirrót mikillar spillingar.

Með lögum skal land byggja. Undir forustu sjálfstæðismanna munu Íslendingar nú hefja nýja og öfluga sókn, ekki aðeins á hendur erlendum kúgurum, heldur og alhliða sókn til betri og fullkomnari hagnýtingar á auðlindum landsins, Íslendingum öllum til velfarnaðar og blessunar. — Góða nótt.

Sigurður Ágústsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Nokkur undanfarin ár hafa farið fram samningar á vegum ríkisstj. annars vegar og fulltrúa sjómanna, útvegsmanna og vinnslustöðva hins vegar um verðlag á fiskafurðum til sjómanna og útflutningsbætur o. fl. til útvegsmanna og vinnslustöðva.

30. des. 1957 voru undirskrifaðir samningar milli þessara aðila, og töldu samningsaðilar, að þeir ættu að vera í gildi fyrir allt árið 1958, eins og venja hafði verið um sams konar samninga árin á undan. Reyndin varð þó önnur. Með löggjöfinni um útflutningssjóð, sem samþykkt var á Alþingi í maílok 1958, var samningnum frá 30. des. kollvarpað og ákveðin allt önnur og óheppilegri skipan á þessi mál, með þeim afleiðingum, að gjaldeyrisatvinnuvegir þjóðarinnar, landbúnaður og sjávarútvegur,

voru skattlagðir með það miklum þunga, að slíks dæmi hafa ekki þekkzt áður.

Með löggjöfinni var ákveðið að taka í útflutningssjóð 55% yfirfærslugjald á allar innfluttar nauðþurftir landbúnaðarins, svo sem tilbúinn áburð, fóðurbæti, jarðvinnslutæki o. fl., o. fl. Með þessu skattgjaldi hefur bændastéttinni verið gert svo erfitt með eðlilegan rekstur búa sinna, að tvísýnt er, á hvern hátt hún getur staðið undir því. Auk þess er hér um mikilvæga kjaraskerðingu að ræða, þar sem hækkunin á útflutningsbótum á afurðir landbúnaðarins, sem löggjöfin gerir ráð fyrir, hrekkur engan veginn til að standa straum af hinum gífurlegu álögum. Hafa þessar aðgerðir því óhjákvæmilega óheillavænleg eftirköst fyrir landbúnaðinn, og er enn ekki hægt að gera sér grein fyrir, hve alvarleg þau kunna að reynast.

Rétt er að hafa í huga, að hér er um atvinnuveg að ræða, sem öll þjóðin hefur brýna þörf fyrir að sé rekinn með eðlilegum hætti, og ber margt til. Íslendingum er það höfuðnauðsyn, að atvinnulíf þjóðarinnar sé sem fjölbættast, og á það einnig við um landbúnaðinn. Landbúnaðurinn veitir þéttbýlinu mikilvæga þjónustu við að sjá því fyrir kjöt- og mjólkurafurðum. Er þá ótalið hið mikla menningargildi landbúnaðarins í íslenzku þjóðlífi að fornu og nýju.

Ég lagði fsp. fyrir hv. fyrrv. fjmrh., Eystein Jónsson, er frv. um útflutningssjóð var til umr. í hv. Nd. í maí 1958, hvort bændastéttinni yrðu bættar á annan hátt en frv. gerði ráð fyrir þær óeðlilegu kvaðir, sem á hana væru lagðar, ef frv. yrði lögfest. Ráðh. leiddi hjá sér að svara fsp.

Fyrir aðgerðir þm. Sjálfstfl. hefur lagfæring fengizt á verðlagi innflutts áburðar á þessu ári. Samþykkt var í sambandi við afgreiðslu fjárl. að greiða niður innfluttan áburð, þannig að verðhækkun á honum verði ekki önnur eða meiri en orðið hefur á innlendum áburði. Að sjálfsögðu er þetta nokkur bót, en nær þó skammt, þegar yfirfærslugjöldin liggja á öðrum nauðþurftum bænda með jafnmiklum þunga og raun ber vitni.

Þegar gengið var frá löggjöfinni um útflutningssjóð í maílok 1958, mátti heita, að stjórnarliðið væri búið að missa trúna á bjargráðin, enda lýst yfir af hæstv. ríkisstj., að þetta væru aðeins ráðstafanir eða bjargráð fram á haustið og þá yrði löggjöfin að endurskoðast á ný. Það voru ekki aðeins hv. alþm. Sjálfstfl., sem mótmæltu lögfestingu frv. um útflutningssjóð og lýstu hinum óhollu áhrifum löggjafarinnar á eðlilegan rekstur atvinnuveganna, heldur voru það einnig hv. stuðningsmenn vinstri stjórnarinnar, sem vöruðu við lögfestingu þess. Það voru þeir hv. 3. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, hv. þm. Siglf., Áki Jakobsson, og hv. 4. þm. Reykv., Eggert Þorsteinsson, sem töluðu allir á móti frv. og greiddu atkv. gegn samþykkt þess.

Undirstaðan að hinni öru efnahagsþróun hér á landi á undanförnum áratugum er beint eða óbeint fengin fyrir verðmæti þess afla, sem hin óvenju dugmikla og harðgerða sjómannastétt okkar hefur sótt í greipar Ægis. Ekki er deilt á mikilhæfi annarra þjóðfélagsstétta, þótt þetta sé viðurkennt. Íslendingar þurfa að vera einhuga um þá nauðsyn að efla og stækka fiskiskipaflotann, svo að hann geti gegnt því mikilvæga hlutverki að sjá þjóðarbúinu fyrir síauknum gjaldeyristekjum, sem brýn þörf er fyrir, til þess að þjóðin megi halda í horfinu með menningarlega og efnahagslega þróun. Tel ég hyggilegt í þessum efnum, að gerðar séu ýtarlegar till. fyrir atbeina ríkisvaldsins og með aðstoð Fiskifélags Íslands og Landssambands íslenzkra útvegsmanna um aukningu fiskiskipaflotans, bæði hvað viðkemur smíði togara og fiskibáta.

Það verður að viðurkennast, að nokkuð hafa aðgerðir í þessum efnum verið fálmkenndar og ekki framkvæmdar með þeirri festu og hyggindum, sem æskilegt hefði verið, þegar um jafnþýðingarmiklar ráðstafanir hefur verið að ræða. Það er álit mitt, að við Íslendingar eigum að endurnýja flotann með vissri tölu togara og fiskibáta árlega, en ekki með mörgum tugum á einum eða tveimur árum, eins og stundum hefur átt sér stað. Þessi aðferð, sem ég bendi hér á, mun reynast farsælust fyrir þjóðarbúið, þegar til lengdar lætur.

Eins og það er áríðandi fyrir þjóðarheildina að beina hugum ungra manna að sjómannsstarfinu og gagnsemi þess fyrir afkomu þjóðarinnar, eru bætt skilyrði í landi fyrir sjávarútveginn og þá sérstaklega í sambandi við hafnarframkvæmdir mjög aðkallandi. Horfir til mikilla vandræða í mörgum verstöðvum hvað þetta snertir. Hafa alþm. Sjálfstfl. beitt áhrifum sínum á Alþingi til framdráttar þessum málefnum sjávarútvegsins.

Á síðasta þingi var samþykkt till. til þál. um framkvæmdaáætlun um hafnargerðir og endurskoðun hafnarlaga, sem við þrír þm. Sjálfstfl. fluttum. Þar segir, að Alþingi álykti að fela ríkisstj. að láta í samráði við vitamálastjóra gera 10 ára áætlun um nauðsynlegustu hafnarframkvæmdir í landinu og sé fyrst og fremst við það miðað, að framkvæmdirnar geti stuðlað að öruggri og aukinni útflutningsframleiðslu. Einnig verði endurskoðuð gildandi lagaákvæði um skiptingu kostnaðar við hafnargerðir milli ríkis og sveitarfélaga svo og ákvæði um landshafnir. Vitamálastjóri vinnur nú að þessum áætlunum, og munu þær bráðlega liggja fyrir hjá hæstv. ríkisstjórn.

Á þessu þingi höfum við nokkrir þm. Sjálfstfl. flutt till. til þál. um áskorun til hæstv. ríkisstj. um að beita sér fyrir því, að tekið verði allt að 60 millj. kr. lán utanlands eða innan til meiri háttar hafnarframkvæmda. Hæstv. ríkisstj. mun hafa í huga að láta nokkurn hluta þess láns, sem nú er fyrirhugað að taka erlendis, ganga til hafnarframkvæmda.

Þrír alþm. Sjálfstfl. fluttu á síðasta þingi og aftur á þessu þingi frv. til laga um breyt. á tekjuskattslöggjöfinni. Breyt. er í því fólgin, að skipverjar, sem lögskráðir eru á íslenzk fiskiskip, þar með talin sel- og hvalveiðiskip, skuli undanþegnir greiðslu á tekjuskatti. Þetta

hefur ekki náð fram enn sem komið er. Nokkra tilslökun hafa sjómenn fengið um greiðslu tekjuskatts, sem nemur aðeins litlum hluta þeirra skattfríðinda, sem frv. okkar þm. Sjálfstfl. kveður á um.

Innan skamms gengur þjóðin til kosninga til að velja sér fulltrúa til Alþingis fyrir næsta kjörtímabil. Hv. framsóknarmenn telja, að kosið verði aðeins um kjördæmamálið eða þær breyt. á kjördæmaskipuninni, sem hlotið hafa samþykki hins háa Alþingis. Að sjálfsögðu verður breyt. á kjördæmaskipuninni mikið rædd á fundum og meðal manna. En ekki kemst Framsfl. hjá því að standa þjóðinni reikningsskil á starfi vinstri stjórnarinnar, sem hann bar vissulega mesta ábyrgð á og veitti forustu. Þau reikningsskil tel ég að verði mál málanna í þeirri kosningahríð, sem nú er fram undan.

Mjög halda framsóknarmenn því á loft, að með kjördæmabreytingunni sé verið að skerða vald strjálbýlisins til áhrifa um stjórnarfar og efnahagsmál á Alþingi. Þessari sömu skoðun héldu framsóknarmenn fram, er kjördæmaskipuninni var breytt 1942 og teknar voru upp hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmunum. Öllum er það ljóst nú, einnig framsóknarmönnum, að sú breyting hefur fært tvímenningskjördæmunum eða a. m. k. þeim, sem hafa þm. frá tveimur stjórnmálaflokkum, meiri og örari framkvæmdir frá hendi hins opinbera en áður þekktust, á meðan tveir þm. frá sama stjórnmálaflokki áttu sæti á Alþ. fyrir kjördæmið.

Hrakspár Framsfl. við kosningarnar 1942 reyndust markleysa, og eins mun sýna sig, er stundir líða, að allur sá áróður, sem Framsfl. hefur nú í frammi gegn réttlátri breytingu á kjördæmaskipuninni, mun verða honum til falls. Öllum má vera ljóst, að það, sem Framsfl. berst fyrir nú, er af sama toga spunnið og í kosningunum 1942: að halda óréttri sínum til áhrifa á eðlilega og réttláta skipun Alþingis í skjóli úreltrar og ranglátrar kjördæmaskipunar.

Framsóknarmenn telja, að verið sé að minnka áhrifavald strjálbýlisins með stækkun kjördæmanna. Það munu tímarnir sanna, að þetta er röng ályktun. Réttlát kjördæmaskipun er hyrningarsteinn lýðræðisins. Og sú breyting á kjördæmaskipuninni, sem hefur verið samþykkt á hv. Alþingi, mun ábyggilega efla samhug og nauðsynlegt samstarf í strjálbýlinu, sem aldrei hefur verið meiri þörf á en nú. Sameinaðir stöndum vér, sundraðir föllum vér. Það er óbilandi trú mín, að þessi breyting á kjördæmaskipuninni muni leiða af sér nauðsynlegt samstarf þm. úr fleiri stjórnmálaflokkum í sama kjördæmi framfaramálum héraðanna til eflingar og frama. Einangrun sú, sem einmenningskjördæmin hafa í mörgum tilfellum átt við að stríða, og í kjölfar þeirrar einangrunar erfið aðstaða þm. að koma á framfæri nauðsynjamálum kjördæmisins líður nú undir lok með stækkun kjördæmanna. Þetta munu tímarnir eiga eftir að leiða í ljós að sé það sanna og rétta í kjördæmamálinu.

Þrátt fyrir erfiðleika og margs konar vandræði, sem vinstri stjórnin leiddi yfir þjóðina á þeim rúmum tveim árum, sem hún sat að völdum, er það óbilandi trú mín, að Íslendingar hafi meiri og betri möguleika en flestar aðrar þjóðir til að afla þjóðinni farsældar bæði á sviði menningar og efnahags. Gott og heilbrigt stjórnarfar er að sjálfsögðu skilyrði fyrir því, að þetta megi takast. Það er á valdi kjósendanna í sveit og við sjó að ákveða, hvort annað vandræðatímabil nýrrar vinstri stjórnar á að hefjast eða tímabil grósku í atvinnu- og efnahagsmálum þjóðarinnar undir stjórn Sjálfstæðisflokksins. — Lifið heil.

Utanr.- og fjmrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Þegar ríkisstjórn Hermanns Jónassonar var mynduð í júlímánuði 1956, gaf hún út yfirlýsingu um stefnu sína, sem byrjaði á þessari setningu: „Ríkisstj. mun taka upp samstarf við samtök verkalýðs og launþega, bænda, útgerðarmanna og annarra framleiðenda til þess að finna sem heppilegasta lausn á vandamálum atvinnuveganna."

Það er eftirtektarvert, að framkvæmd þessarar yfirlýsingar hófst á því, að felld voru sex vísitölustig af launum verkamanna og bænda sumarið 1956 og að sett voru lög um stöðvun verðlags og kaupgjalds. Þetta var fyrsta skref vinstri stjórnarinnar í efnahagsmálum. Verkamenn og bændur stóðu einhuga að þessari ráðstöfun, og fáum opinberum aðgerðum hefur verið tekið betur. Er vafalaust, að þessar fyrstu efnahagsráðstafanir vinstri stjórnarinnar voru stór ávinningur fyrir þær stéttir, sem þær voru gerðar í samráði við, og þjóðfélagið í heild. Innan ríkisstj. var alger einhugur um málið.

Á árinu 1957 varð verulegur aflabrestur auk nokkurra kauphækkana. Hvort tveggja þetta kippti grundvellinum undan aðgerðum vinstri stjórnarinnar í efnahagsmálunum frá 1956. Var ljóst þegar haustið 1957, að nýrra aðgerða var þörf, ef skipafloti landsmanna ætti að geta hafið veiðar með eðlilegum hætti í ársbyrjun 1958. Stjórnarflokkana greindi á um, hve víðtækra aðgerða væri þörf, og stóð í þófi um það í marga mánuði. Málið leystist þó loks í maímánuði 1958 með samþykkt laga um útflutningssjóð. Þessi lög ollu talsverðri hækkun á kaupgjaldi og verðlagi, sem þó var reiknað með í efnahagsráðstöfununum. Á móti þessu kom, að felld voru niður níu vísitölustig með lögum. Þetta var annað skref vinstri stjórnarinnar í efnahagsmálunum.

Sumarið 1958 urðu hér verulegar grunnkaupshækkanir. Í desembermánuði var svo komið, að verkamannakaup var orðið 21% hærra en það kaup, sem bætur útflutningssjóðslaganna til sjávarútvegsins höfðu verið miðaðar við, og annað kaup 17% hærra. Í desemberbyrjun hækkaði kauplagsvísitalan úr 185 í 202 stig. Augljóst var, að hverju hér stefndi. Engin von var til, að útgerð gæti hafizt á vetrarvertíð 1959, nema því aðeins að sjávarútvegurinn fengi bætta þá hækkun tilkostnaðar, sem af kauphækkuninni leiddi. Ef bætur til sjávarútvegsins áttu að aukast, varð hins vegar að

afla útflutningssjóði mikilla tekna til að standa straum af hinum nýju útgjöldum. Reiknað hefur verið út, að miðað við kaupgjaldsvísitöluna 185 hefði þurft að afla sjóðnum 160 millj. kr. nýrra tekna, en miðað við vísitöluna 202, eins og hún var 1. des. 1958, hefði þurft upp undir 400 millj. kr. Svo mikilla tekna var ekki hægt að afla nema með mikilli hækkun yfirfærslu- og innflutningsgjalda. Sú hækkun hefði leitt af sér nýja hækkun framfærslukostnaðar og kaupgjalds, sem krafizt hefði enn nýrrar hækkunar bóta til sjávarútvegsins, nýrrar hækkunar yfirfærslu- og innflutningsgjalda og þannig koll af kolli.

Í s. l. desembermánuði var áætlað, að slík þróun mundi leiða til þess, að vísitala framfærslukostnaðar næði a. m. k. 270 stigum þann 1. nóv. 1959, eða hækkaði um 5 stig að meðaltali á mánuði næstu mánuðina. Lengra treystust hagfræðingar ekki að reikna dæmið og höfðu auk þess þann varnagla á, að 270 stigin væru við það miðuð, að verð landbúnaðarafurða breyttist ekki fyrr en 1. sept. 1959. Geta menn farið nærri um, hvort bændur hefðu þolað óbreytt verðlag á afurðum sínum í eitt ár, á meðan vísitalan þaut upp um 5 stig á mánuði. Alþingi hefði án efa skorizt í leikinn, ef þróunin hefði orðið þessi, og rétt hlut bænda, sem aftur hefði leitt til þess, að vísitalan hefði verið komin langt fram úr 270 stigum 1. nóv. 1959. Eftir þann tíma blasti við vísitöluvöxtur með hingað til óþekktum hraða.

Engum getum þurfti að því að leiða, að hér var ný verðbólgualda að skella yfir þjóðina, stærri og ægilegri en við áður höfðum þekkt. Öll þjóðin hefði goldið mikið afhroð, ef ekkert hefði verið gert til að afstýra voðanum, en enginn þó meir en launamenn og verkafólk. Dýrtíðin hefði aukizt jafnt og þétt hvern mánuð, vísitöluuppbætur að vísu hækkað, en aðeins á þriggja mánaða fresti og þá miðað við næsta mánuð á undan og því ætíð verið á eftir öllum verðhækkunum. Alvarlegust var þó hættan á samdrætti atvinnulífsins.

Margir urðu til að benda á þessa hættu, en fáir jafnskilmerkilega og kröftuglega og fyrrv. hæstv. félmrh., Hannibal Valdimarsson, forseti Alþýðusambands Íslands. S. l. nóvembermánuð ritaði hann grein í Vinnuna, tímarit Alþýðusambands Íslands, þar sem hann m. a. kemst svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú hefur verið látið undan síga með það að hækka vöruálagningu bæði í heildsölu og smásölu. Grunnkaup hefur verið hækkað um 6—9½%, en það þýðir, að með vísitöluhækkuninni hefur kaup verkamanna þegar hækkað um 16.2% og hjá flestum öðrum stéttum um 12.5%. Fram undan eru svo miklar vísitöluhækkanir og verðhækkanir og víxlverkanir af þessu hvoru tveggja. Þetta þýðir, að verkamannakaup yrði fljótlega að óbreyttu vísitölukerfi rúmlega 20% hærra en það kaup, sem útflutningsbætur voru miðaðar við s. l. vor, en kaup annarra um 17% hærra. Nú blasir við, að útflutningsatvinnuvegirnir telja sig ekki geta risið undir svo stórlega auknum tilkostnaði án þess að stöðvast, nema þeim sé enn á ný séð fyrir aukinni aðstoð til að standast kostnaðinn, en sú fjáröflun mundi enn auka dýrtíðina og næsta haust valda mikilli hækkun landbúnaðarvara. Hækkað verð landbúnaðarvara leiddi svo af sér nýjar vísitöluhækkanir 1. des. haustið 1959, og enn yrði að afla fjár, mikils fjár, til þess að tryggja rekstur framleiðsluatvinnuveganna. Þannig gengi þetta svo koll af kolli. Nú er flestum ljóst orðið, að þetta er leiðin til glötunar. Þessa braut má ekki renna til enda. Hún liggur fram af hengiflugi."

Síðan heldur Hannibal Valdimarsson áfram orðrétt í sömu grein:

„Nú þarf að deila byrðunum á bök allra Íslendinga. Framleiðslan getur sjálf tekið á sig nokkurn hluta byrðarinnar. Ríkissjóður á að sýna nokkra viðleitni til sparnaðar, og auk þess getur hann vel staðið undir nokkurri niðurgreiðslu nauðsynjavara. Álagning í heildsölu og smásölu á að fara aftur í sömu prósentutölu og s. l. ár. Ríki, sveitarfélög og einstaklingar eiga að draga nokkuð úr fjárfestingu á næsta ári. Bændur eiga að lækka framleiðsluvörur sínar um nokkur vísitölustig. Með því eykst salan. Og því eiga verkamenn að svara með því að fella nokkur vísitölustig af kaupi sínu. Nýja vísitölu á að taka upp í stað þeirrar gömlu. Takmarkið með þessu öllu á að vera það, að kaupgjald og verðlag nemi staðar þar, sem það nú er, svo að atvinnulífið geti haldið áfram án nýrrar tekjuöflunar eftir þessa aðgerð og þjóðartekjurnar geti haldið áfram að vaxa, eins og þær gerðu á þessu ári. Þetta er raunar það eina, sem tryggt getur varanlegar kjarabætur."

Þannig lýkur hinni ágætu grein Hannibals Valdimarssonar. Þetta vildi hann láta verða þriðja skref vinstri stjórnarinnar í efnahagsmálum.

Alþýðusambandsþing kom saman nokkru eftir að greinin birtist. Því miður brast Hannibal Valdimarsson bæði kjark og vald til að fylgja stefnu sinni eftir þar.

17. dag nóvembermánaðar s. l. lagði Framsfl. fram till. sínar í ríkisstj. til lausnar vanda efnahagsmálanna. Aðalefni þeirra var, að launþegar skyldu gefa eftir bótalaust 15 vísitölustig af þeim 17 stigum, sem vitað var, að vísitalan átti að hækka um eftir nokkra daga. Hins vegar skyldi engin breyting verða á verðlagi landbúnaðarafurða, en hækka skyldi útflutningsbætur svo mikið sem nauðsynlegt væri, til þess að rekstrargrundvöllur útvegsins væri jafngóður og hann var 1958. Þá hækkun vísitölu, sem af þessu hlytist, skyldi greiða niður, og mátti búast við, að niðurgreiðslan samkv. till. Framsfl. yrði allt að 12 stigum.

Alþb. lagði einnig sínar till. fram. Voru þær í engu byggðar á þeim hugmyndum, sem Hannibal Valdimarsson hafði sett fram í fyrrnefndri grein í Vinnunni, enda mun hún ekki rituð í samráði við forustumenn Sósfl. Till. Alþb. miðuðu að því að halda vísitölunni í 185 stigum með niðurgreiðslum. Allt var á reiki um tekjuöflun og tekjuþarfir, og var bersýnilegt á öllu, að hér var stefnt í sama þófið og um ára-

mótin áður, þegar Alþb. hélt ríkisstj. og Alþ. uppi á endalausri þvælu um efnahagsmálin frá því í nóvember 1957 og þar til í maí 1958.

Alþfl. lagði einnig fram sínar till., og urðu þær síðar grundvöllur að stjórnarstefnu hans.

Ég ætla ekki að rekja þær umr., sem fram fóru innan fyrrv. ríkisstj. til lausnar efnahagsmálunum. Þær leiddu til þess, að Hermann Jónasson baðst lausnar fyrir ráðuneyti sitt í byrjun desember s. l., þar eð hann vildi ekki bera ábyrgð á því að fara með forustu í ríkisstj., sem gat ekki komið sér saman um úrræði til að bægja yfirvofandi holskeflu dýrtíðar frá dyrum þjóðarinnar. Upp úr því var núverandi stjórn mynduð.

Því var lýst yfir í upphafi, að stefna núv. ríkisstj. væri að stöðva verðbólguskriðuna, skapa sjávarútveginum starfsgrundvöll, þannig að vertíð gæti hafizt með eðlilegum hætti á eðlilegum tíma, afgreiða hallalaus fjárlög og koma á réttlátri kjördæmaskipan. Síðan skyldi þing rofið og gengið til kosninga í sumar.

Stjórnin hefur nú unnið að lausn þessara mála í fulla fimm mánuði, og er því nokkur reynsla fengin fyrir því, hvernig hún hefur staðið við fyrirheit sín.

Um tvær leiðir hafði verið að velja í efnahagsmálunum. Önnur var sú að freista að stöðva vísitöluna þar, sem hún var um s. l. áramót, og leggja nýja skatta á þjóðina til að mæta auknum útgjaldaþörfum ríkissjóðs og útflutningssjóðs. Hin leiðin var að reyna að snúa verðbólguhjólinu svo mikið til baka, að takast mætti að komast af án verulegra nýrra skatta, en í staðinn gæfu launþegar og aðrir þegnar þjóðfélagsins eftir einhvern hluta þeirrar hækkunar, sem orðið hafði í krónutölu á tekjum þeirra á árinu.

Athugun leiddi í ljós, að gersamlega var óframkvæmanlegt að fara fyrri leiðina. Ef nema hefði átt staðar við vísitöluna 202 stig, hefði það kallað á svo gífurlega bótaaukningu úr útflutningssjóði til sjávarútvegsins, að tekjuöflun í því skyni hefði velt af stað hreinni verðhækkunar- og verðbólguöldu.

Hér var því ekki um annað að ræða en að gera sér grein fyrir, hvaða fjármuni ríkisstj. gæti haft mest til umráða til stöðvunar verðbólgunnar og niðurfærslu án þess að leggja nýja skatta á almenning, og reikna síðan niðurgreiðslu- og vísitöludæmið samkvæmt því.

Ríkisstj. gerði sér í upphafi nokkra von um, að hægt mundi að ná endunum saman, ef vísitalan kæmist niður í 185 stig. Brátt kom þó í ljós, að slíkt var vonlaust. Kauplagsvísitala í 185 stigum hefði óhjákvæmilega þýtt svo háar bótagreiðslur til sjávarútvegsins, að ekki hefði verið hægt að komast hjá að leggja á nýja skatta, svo að næmi 80 millj. kr., vegna sjávarútvegsins, og var þá óséð fyrir öllum öðrum þörfum, þ. á m. þörfum ríkissjóðs sjálfs.

Ríkisstj. hvarf því að því ráði að færa kauplagsvísitöluna niður í 175 stig, svo sem kunnugt er, greiða niður 17 stig, en láta 10 falla án niðurgreiðslna. Þetta var þó því aðeins framkvæmanlegt, að útflutningssjóði væri aflað um 200 millj. kr. nýrra tekna til að mæta auknum niðurgreiðslum og auknum bótum til framleiðsluatvinnuveganna. Þetta taldi ríkisstjórnin sig geta án nýrra skatta á almenning.

Í lögum þeim, sem um þetta atriði voru sett, eru ákvæði um, að 10 stiga eftirgjöfin skuli ná til sjómanna, verkamanna, bænda, iðnaðarmanna, verzlunarmanna og gjalds fyrir hvers konar þjónustu, flutninga, ákvæðisvinnu o. s. frv., þannig að leitazt er við að deila byrðunum á bök allra Íslendinga, eins og Hannibal Valdimarsson lagði svo réttilega áherzlu á í grein sinni í Vinnunni í s. l. nóvember.

Á grundvelli þessara ráðstafana var svo endanlega gengið frá samningum við sjávarútvegsinn, og gátu róðrar hafizt á eðlilegum tíma. Í þessum samningum var við það miðað, að lagður yrði til grundvallar samningur frá s. l. ári, en útgerðarmönnum og vinnslustöðvum bætt sú nettóhækkun kostnaðar, sem sannanlega hefur orðið á árinu. Sjómenn fengu þó í sinn hlut öllu meiri hækkun á skiptaverði fisksins en orðið hafði hjá verkamönnum í landi.

Með þessum aðgerðum hefur ríkisstj. staðið við fyrirheit sitt um að stöðva vöxt verðbólgunnar og skapa framleiðsluatvinnuvegum þjóðarinnar starfsgrundvöll. Hefur þetta verið gert með þeim hætti, að þrátt fyrir eftirgjöf er kaupmáttur tímakaups verkamanna nú meira en 4% hærri en hann var fyrir einu ári.

Sjórnarandstaðan, og þá einkum framsóknarmenn, hefur haldið uppi harðri gagnrýni á ríkisstj. fyrir aðgerðir hennar í efnahagsmálum. Látast þeir mjög hneykslaðir á því, að verið sé að ausa fé í verðbólguhítina, sem þeir kalla svo. Gera framsóknarmenn sér það til dundurs að bera saman, hve mörgum útgjaldaliðа fjárlaganna framlagið til útflutningssjóðs jafngildi. Allar eru þessar aðfinnslur hinar ómaklegustu og komnar úr þeirri átt, sem sízt skyldi.

Í fyrsta lagi mættu framsóknarmenn minnast þess, hvernig ástandið var, er ríkisstj. tók við í s. l. desembermánuði. Hermann Jónasson baðst lausnar vegna þess, að ný verðbólgualda, sem hann gat ekki stöðvað, var skollin yfir þjóðina. Alþfl. skoraði á Framsfl. á s. l. hausti að leggja till. sínar um lausn efnahagsmálanna fyrir Alþingi, áður en forsrh. bæðist lausnar, og freista þess þannig að fá í þinginu meiri hluta fyrir lausn á málinu. Framsfl. vildi þetta ekki. Hann bara gafst upp og hafðist ekkert að.

Í öðru lagi voru till. þær, sem Framsfl. lagði fram í ríkisstj. í s. l. nóv. til lausnar á efnahagsmálunum, ekki með þeim hætti, að Framsóknarfl. geti leyft sér að gagnrýna aðra fyrir niðurgreiðslur. Í þessum till. lagði Framsfl. til, að efnahagsmálið væri leyst með eftirfarandi hætti:

1) Að því er varðar verka- og launafólk skyldi fella niður 15 vísitölustig án bóta og laun lækka samkv. því.

2) Að því er varðar bændur skyldi engin verðlækkun verða á framleiðslu landbúnaðarvara, og höfðu bændur þó um engin slík sérréttindi beðið sér til handa.

3) Að því er sjávarútveginn varðar, þá skyldi hann fá fullar bætur vegna hækkunar tilkostnaðar á árinu 1958. Afla skyldi nýrra tekna til

útflutningssjóðs til að mæta þessum bótum með nýjum sköttum á þjóðina, og var niðurskurður á fjárlögum ekki talinn framkvæmanlegur. Sú vísitöluhækkun, sem yrði vegna öflunar þessara nýju tekna, skyldi greidd niður, og var talið, að niðurgreiðslan þyrfti að nema 12 stigum.

Þessar voru till. Framsfl. til lausnar efnahagsmálunum. Munurinn á till. Framsfl. og framkvæmdum Alþfl. liggur ekki í því að annar hafi viljað verja fé til niðurgreiðslna, en hinn ekki. Báðir viðurkenndu, að slíkt var nauðsynlegt. Munurinn lá í hinu, að Framsfl. vildi fella 15 stig af vísitölunni, Alþfl. felldi 10 stig. Alþfl. vildi láta þessa lækkun ganga jafnt yfir alla, verkamenn, launafólk og bændur, Framsfl. vildi láta bændur halda öllu sínu, en verkamenn og launafólk bera lækkunina eina. Alþfl. vildi mæta útgjöldunum vegna efnahagsráðstafananna með niðurskurði á fjárlögum og án þess að leggja nýja skatta á almenning, Framsfl. vildi láta leggja nýja skatta á almenning og engan sparnað á fjárlögum.

Eitt af stefnuskráratriðum ríkisstj. var að afgreiða hallalaus fjárlög og sjá útflutningssjóði fyrir tekjum án nýrrar skattaálagningar. Þeirra 200 millj. kr., sem útflutningssjóðinn vantaði, vildi ríkisstj. afla þannig, að felld yrði niður greiðsluskylda útflutningssjóðs til ríkissjóðs, 20 millj. kr., að aukinn yrði innflutningur á bifreiðum, einkum gjaldeyrisfrjálsum, og aðflutningsgjöld þeirra hækkuð nokkuð. Því, sem þá vantaði á, um 152 millj. kr., skyldi mætt með framlagi úr ríkisssjóði. Með þessum hætti á afkoma útflutningssjóðs að vera svipuð og verið hefur, sízt lakari, en þar hefur jafnan skort nokkuð á, að endar næðu saman.

Fjárlagafrv. fyrir árið 1959 var samið af fyrrv. fjmrh. og lagt fyrir Alþingi í s. l. októbermánuði. Frv. áætlaði heildarútgjöld ríkissjóðs tæpar 899 millj. kr., heildartekjur fullar 900 millj. kr. og greiðsluafgang þannig 1 millj. og 700 þús. kr. Í meðförum Alþingis hækkuðu útgjaldaliðir frv. um sem næst 32 millj. kr. alls. Mestur hluti þessarar hækkunar var leiðrétting vegna launahækkana hjá ríkinu á árinu 1958 og hækkaðra bótagreiðslna hjá Tryggingastofnun ríkisins. Aðrar hækkanir voru aðallega aukið framlag til hafnargerða, skólabygginga, gufuborunar og samgangna. Auk þessa kom svo framlag til útflutningssjóðs, 152 millj., sem áður er um rætt. Útgjaldahlið fjárlagafrv. nam því, þegar upp var gert, samtals 1083 millj. kr., eða 183 millj. kr. hærri upphæð en tekjurnar samkv. frv. Fyrir tekjum þurfti því að sjá til að mæta þessum 183 millj. kr., til þess að fjárlögin yrðu hallalaus.

Leiðir þær, sem ríkisstj. hefur farið til þess að ná greiðslujöfnuði, eru sumpart fólgnar í lækkun útgjalda og sumpart hækkun tekna. Að því er tekjuhækkunina varðar, kemur hún fram í því, að nettó-greiðsluafgangur ríkissjóðs árin 1957 og 1958, 25 millj. kr., er færður ríkissjóði til tekna, eins og vera ber, en það hafði ekki verið gert í frv., — að tekjur af áfengi og tóbaki eru hækkaðar um 25 millj. kr. samkv. verðhækkun, sem þegar er komin til framkvæmda, — að aðflutningsgjöld af vélum og áhöldum til Sogsvirkjunarinnar, 30 millj. kr., eru áætlaðar ríkissjóði til tekna, þar eð tekizt hefur að tryggja greiðslu þeirra, — og loks er gert ráð fyrir því, að innflutningsgjöld, tekjuskattur o. fl. hækki sem nemur 50 millj. kr. frá því, sem áætlað var í frv. Samtals nemur tekjuhækkunin 133 millj. kr. Útgjaldaliðir frv. voru lækkaðir um 49 millj. kr., og fást þannig þær 183 millj., sem á vantaði.

Afgreiðsla fjárlaganna hefur sætt nokkurri gagnrýni hér á hv. Alþingi og þá einkum af hálfu framsóknarmanna. Hafa þeir rætt mikið um það, sem þeir kalla niðurskurð verklegra framkvæmda, talnafalsanir og ábyrgðarleysi. Allt þetta hjal þeirra hefur þó bersýnilega engin áhrif haft á þá sjálfa. Þeirra ábyrgðartilfinning hefur lýst sér í því að snúast gegn öllum sparnaðartillögum. Þeir vilja hvergi neitt spara. Hins vegar fylgja þeir öllum hækkunartill., þ. á m. till., sem þeir hafa greitt atkv. gegn í mörg ár. Sjálfir bera framsóknarmenn engar till. fram til lausnar þeim vanda, sem ríkisstj. tók við úr hendi fyrrv. ríkisstj. Það mál telur Framsfl. sér óviðkomandi með öllu.

Hinn stjórnarandstöðuflokkurinn, Alþb., hefur að þessu sinni tekið til muna ábyrgari afstöðu til afgreiðslu fjárlaga en Framsfl. Alþb. hefur sýnt lit á að styðja sparnaðartill. og gert tilraun til að gera grein fyrir því, hvernig það vildi láta afgreiða hallalaus fjárlög. Niðurstaða Framsfl. er hins vegar sú, að fjárlög verði afgreidd með a. m. k. 150 millj. kr. halla.

Við því hafði ekki verið búizt, að Framsfl. ætti eftir að slá öll fyrri met kommúnista í ábyrgðarleysi við afgreiðslu fjárlaga. Slíkt er enginn leikur. Engu að síður hefur Framsfl. nú tekizt það. Menn furðar á, í hvaða eyðimerkurför foringjar Framsfl. eru nú að leggja með lið sitt.

Vegna blaðaskrifa og áróðurs utan þings þykir mér rétt að fara nokkrum orðum um þau grundvallaratriði, sem gagnrýni hafa sætt í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna.

Að því er tekjuáætlunina varðar, verður ekki um það deilt, að hækka beri hana um 25 millj. kr. vegna aukinna tekna af sölu áfengis og tóbaks. Þessi tekjuaukning er staðreynd. Ekki verður heldur um það deilt, að hækka ber tekjuáætlun um 30 millj. kr. vegna aðflutningsgjalda af vélum og áhöldum til Sogsvirkjunarinnar. Vélar þessar eru ýmist komnar til landsins eða að koma. Fé er tryggt til þessara greiðslna. Með rökum verður því ekki heldur andmælt, að nettó-greiðsluafgangur áranna 1957 og 1958 eigi að koma ríkissjóði til tekna á árinu 1959. Á árinu 1957 var greiðsluhalli hjá ríkissjóði upp á 22 millj. kr., en á árinu 1958 hins vegar greiðsluhagnaður, er nam 48 millj. kr. Enginn neitar því, að greiðsluhagnaðurinn 1958 gangi fyrst til að greiða hallann frá 1957. Afganginn, 25 millj. kr., virðist jafneinsætt að yfirfæra á árið 1959 til tekna. Hér er um að ræða fjárhæð, sem ríkissjóður hefur tekið af landsfólkinu umfram þarfir, og vissulega á ríkissjóður að nota þá fjárhæð til almannaþarfa, áður en hann heimtar meiri fjárframlög af þjóðinni.

Framsfl. einn vill fara hér aðrar leiðir. Hann andmælir því að vísu ekki, að nota beri tekjuafganginn frá 1958 til að greiða hallann frá 1957, enda var hv. 1. þm. S-M., Eysteinn Jónsson, í fjármálaráðuneytinu, er til hallans var stofnað. Framsfl. andmælir því hins vegar eindregið, að þær 25 millj. kr., sem þarf ekki til að mæta hallanum 1957, færist yfir á árið 1959. Vill flokkurinn nota þetta fé til að lána ýmsum sjóðum. Aðspurður hefur Framsfl. hins vegar neitað að svara því, hvernig afla ætti ríkissjóði þeirra 25 millj. kr., sem vantaði, ef að þessari lánastarfsemi yrði horfið. Í ábyrgðarleysi sínu missir þessi flokkur málið, þegar hann er spurður um tekjuöflun, þó að hann sé vel málhress, þegar eyðsla er á ferðinni.

Þá er óræddur sá þáttur tekjuáætlunarinnar, sem fjallar um hækkun á áætluðum tekjum af tekjuskatti og aðflutningsgjöldum o. fl. smærri liðum, samtals um 54 millj. kr. Hefur því verið haldið fram, að áætlanir þessar væru óraunhæfar og stæðust ekki. Þetta er mikil fjarstæða. Allar áætlanirnar eru byggðar á nákvæmri athugun og útreikningum færustu sérfræðinga. Að því er tekjuskattsáætlunina varðar, hefur verið lögð til grundvallar áætlun, sem hagfræðideild Framkvæmdabanka Íslands hefur gert um hækkun tekna einstaklinga á árinu 1958, samanborið við árið 1957. Áætlaði hagfræðideildin þessa hækkun um 14%, og hefur verið gert ráð fyrir því, að tekjuskattur, greiddur af einstaklingum, hækki í sama hlutfalli og tekjur þeirra hafa aukizt. Að réttu lagi ætti hækkunin þó að verða talsvert meiri, vegna þess að skatturinn er stighækkandi. Ekki hefur verið gert ráð fyrir neinni hækkun á skattgreiðslum félaga frá því, sem var á árinu 1958.

Áætlun tekna af innflutningi er byggð á þeirri gjaldeyrisúthlutunaráætlun fyrir árið 1959, sem fulltrúar viðskmrn., innflutningsskrifstofunnar, Seðlabankans og gjaldeyrisbankanna hafa samið og bæði ríkisstj. og Seðlabankinn hafa staðfest. Að því er sjálfa greiðslujafnaðaráætlunina snertir, sem liggur til grundvallar innflutningsáætluninni, er það að segja, að hún verður að teljast varleg. Útflutningurinn er áætlaður 1050 millj. kr., en það er nærri meðaltali útflutningsframleiðslu áranna 1957 og 1958.

Af framansögðu er ljóst, að þær breytingar, sem gerðar hafa verið á tekjuliðum fjárlaganna frá fjárlagafrv., eru á fullum rökum reistar. Er þar ýmist um að ræða hækkanir vegna tekna, sem tryggðar eru að fullu, eða tekna samkv. áætlunum, sem þegar eru komnar í framkvæmd.

Kem ég þá að niðurfærslu útgjalda.

Við afgreiðslu fjárlaga voru útgjaldaliðir lækkaðir um tæpar 50 millj kr. Skal ég víkja nokkuð að þeim:

Fjárfestingarliðir í fjárlagafrv., samtals að upphæð um 170 millj. kr., voru lækkaðir um 5%. Byggist lækkun þessi á því, að er fjárlagafrv. var samið á s. l. ári, var miðað við vísitölu 183 stig og allar fjárveitingar reiknaðar samkvæmt því. Við ráðstafanir ríkisstj. í efnahagsmálum lækkaði vísitalan í 175 stig, og því eðlilegt, að fjárveitingar úr ríkissjóði lækkuðu til samræmis við það. Það verður og að teljast sanngjarnt, að við fjárveitingar úr ríkissjóði sé það haft í huga, að allir landsmenn hafa orðið að sætta sig við bótalausa niðurfærslu vísitölu um 10 stig, og því eðlilegt, að nokkuð svipað gildi um fjárveitingar úr ríkissjóði til fjárfestingar.

Því hefur verið haldið fram, að þessi lækkun fjárfestingarliða þýddi stórfelldan niðurskurð verklegra framkvæmda. Í þessu sambandi vil ég geta þess, að samtals nema fjárfestingarliðir þeir, sem 5% taka til, 171 millj. kr., áður en 5% eru tekin af. Eftir að 5% hafa verið tekin frá, nema þessir liðir í fjárlögum 162 millj. og 600 þús. kr. Á fjárl. ársins 1958 námu þessir sömu liðir samtals um 147 millj. kr., og eru þeir því fullum 15 millj. kr. hærri á fjárl. 1959 en þeir voru 1958. Þetta er allur niðurskurðurinn á verklegum framkvæmdum. Rétt er að geta þess, að fjárveitingar til nýrra akvega, brúargerða og hafnagerða eru ekki meðal þeirra liða, sem lækkaðir eru um 5%. Þrátt fyrir 5% niðurfærsluna hækkar framlag til vegaviðhalds frá 1958 úr 33 millj. kr. í tæpar 42 millj. og framlag til skólabygginga um fullar 3 milljónir.

Áætlað framlag til ábyrgðargreiðslna er lækkað úr 30 millj. kr. í 20 millj. Ábyrgðargreiðslur ríkissjóðs eru orðnar hið alvarlegasta vandamál. Samtals er talið, að ríkissjóður standi nú í ábyrgðum fyrir yfir 1000 millj. kr. Á síðari árum hefur það mjög farið í vöxt, að ábyrgðir væru látnar falla á ríkissjóð, og hafa þegar verið greiddar af almannafé í þessu sambandi um 100 millj. kr. umfram endurgreiðslur. Verulegur hluti af þessum greiðslum er sjálfsagt óhjákvæmilegur. En hitt er víst, að því fer fjarri, að hér hafi nægilega röggsamlega verið haldið á málefnum ríkissjóðs. Hefði bæði mátt komast hjá ýmsum greiðslum, sem inntar hafa verið af hendi, og betur hefði mátt ganga eftir endurgreiðslum en gert hefur verið. Á þessu verður að ráða bót, og er lækkun fjárveitingarinnar gerð með það fyrir augum.

Þá eru fjárveitingar nokkuð lækkaðar vegna niðurfærslu á rekstrarkostnaði stjórnarráðsins, tollgæzlu og Alþingis. Enn fremur eru felldar niður fjárveitingar til vissra framkvæmda, sem ekki er byrjað á eða verður byrjað á á þessu ári, t. d. byggingar stjórnarráðshúss, en þar eru til yfir 8 millj. kr. í byggingarsjóði. Ekki getur þetta talizt niðurskurður verklegra framkvæmda.

Sú niðurfærsla, sem mestri gagnrýni hefur sætt, er lækkun á fjárveitingu til raforkuframkvæmda um 10 millj. kr. Er því haldið fram, að draga eigi úr rafvæðingarframkvæmdum eða jafnvel stöðva þær alveg. Þetta er rangt. Fjárþörf rafvæðingarinnar á að leysa með erlendum lánum, sem verið er að semja um. Annars eru raforkuframkvæmdirnar svo alvarlegt mál, að ekki verður komizt hjá að ræða það nokkuð frekar.

Á árinu 1952 var ákveðið að ráðast í rafvæðingu alls landsins, er skyldi fullgerð á árunum 1954—1963. Gerð var áætlun um það

fyrir fram, hvernig framkvæmd verksins skyldi hagað á hverju ári. Kostnaður við þessar framkvæmdir var áætlaður í upphafi 250 millj. kr. alls, en vegna verðhækkana er nú talið, að hann muni nema um 590 millj. kr., ef verðlag helzt óbreytt, þar til verkinu er lokið. Reynt hefur verið að fylgja gerðum áætlunum sem mest, en það hefur þó ekki tekizt til fulls. Þannig varð t. d. á s. l. ári að fresta framkvæmdum og virkjunum, sem gera átti á því ári, fyrir um 12½ millj. kr. Þessar virkjanir, sem frestað var á s. l. ári, áttu að veita rafmagn á 18 býli í Vatnsdal, 18 býli í Skagafirði, 22 býli í Eyjafirði, 4 býli í Fnjóskadal, 18 býli á Héraði, 4 býli í Rangárvallasýslu, 30 býli í Árnessýslu og 8 býli í Borgarfirði, alls 122 býli.

Eitt af því fyrsta, sem raforkumálastjóri skýrði hæstv. forsrh. frá eftir myndun ríkisstj., var, að nú, þegar hálfnuð væri framkvæmd rafvæðingaráætlunarinnar, hefðu komið í ljós ýmsir hlutir, sem gera það nauðsynlegt, að áætlunin verði öll endurskoðuð. Það hefur komið í ljós af reynslunni, að ýmislegt, sem var talið eðlilegt og æskilegt að gera fyrir 5 árum, væri nú talið eðlilegt og æskilegt að gera öðruvísi en þá var hugsað. Sérstaklega var stjórn raforkumálanna inni á þessu vegna þess, að við blasti gífurlegur halli á rekstri rafmagnsveitna ríkisins, sem á þessu ári er áætlaður 15 millj. kr. Það hefur þess vegna lengi verið á döfinni hjá raforkumálastjóra og rafveitustjóra að freista þess að breyta raforkuáætluninni þannig, að takast mætti að draga úr stofnkostnaði og rekstrarkostnaði, þó þannig, að þjónustan við almenning í landinu minnkaði ekki frá því, sem ráðgert var í rafvæðingaráætluninni upphaflega. Niðurstaða athugunar raforkumálastjóra og rafveitustjóra varð sú að fresta nokkrum vatnsvirkjunum og línum á milli byggða, en taka upp í staðinn dísilstöðvar, sem væru miklu ódýrari í stofnkostnaði og sömuleiðis ódýrari í rekstrarkostnaði. Sumar af þessum dísilstöðvum gætu síðar orðið varastöðvar og toppstöðvar, þegar þörf fyrir rafmagn ykist. Kom í ljós, að kostnaðurinn við að koma rafmagninu á afskekkta bæi þyrfti í ýmsum tilfellum ekki að verða meira en 20—30 þús. kr. á bæ með dísilstöð, en mundi kosta 500 þús. kr. samkvæmt raforkuáætluninni. Taldi raforkumálastjóri, að lækka mætti kostnaðinn við framkvæmd raforkuáætlunarinnar í heild með þessu um 88 millj. kr. án þess að fækka nýjum notendum, en auka þó rafmagnsframleiðsluna um 4 þús. kw. eða um 66% frá því, sem gert hafði verið ráð fyrir. Rekstrarafkoma rafmagnsveitnanna mundi við þetta batna um 25 millj. kr. á árunum 1960—64, sem kæmi fram í lækkuðu rafmagnsverði um land allt. Sú eina breyting, sem þessar nýju ráðagerðir hafa í för með sér hvað tengingu nýrra notenda snertir, er, að um 110 sveitabýli, sem áður var ráðgert að tengdust við sumar af framangreindum veitum, raflýsast með dísilstöðvum í staðinn, en á móti fá jafnmörg býli annars staðar á landinu rafmagn frá samveitum. Stofnkostnaðurinn lækkar um 88 millj. kr. við þetta og rekstrarkostnaður um 25 millj. kr. Þjónustan við landsmenn minnkar ekki.

Af hálfu Framsfl. hefur þessum breytingum á raforkuáætluninni verið mótmælt og þess krafizt, að jafnmörgum millj. kr. verði eytt til raforkuframkvæmda sem hin upphaflega áætlun gerði ráð fyrir. Kemur berlega fram, að aðalatriðið hjá flokknum er, hversu miklu fé er hægt að eyða í raforkuframkvæmdirnar. Á hitt er ekki minnzt, hvað fyrir fé fæst, og ekki á það hlustað, að hægt er að veita sömu þjónustu fyrir miklu minna fé. Þetta er ósæmileg afstaða. Það er ekki aðalatriðið í þessu sambandi, hversu mörgum millj. tekst að eyða, heldur hversu mörgu fólki er hægt að veita upphaflega ráðgerða þjónustu fyrir sem minnsta peninga. Það er það, sem ríkisstjórnin stefnir að.

Ég get loks ekki lokið svo máli mínu, að ég víki ekki nokkrum orðum að því máli, sem nú er tvímælalaust efst í huga flestra Íslendinga, en það er innrás Breta í íslenzka fiskveiðilandhelgi. Tími minn leyfir ekki, að ég ræði málið í heild, og mun ég því takmarka mál mitt við það eitt, hvort fyrir hendi séu færar leiðir til að koma vitinu fyrir Breta, svo að þeir láti af ofbeldisaðgerðum sínum við Ísland, sem tvímælalaust skaða þá sjálfa, mannorð þeirra og vestræna samvinnu miklu meira en Íslendinga.

Í opinberum umræðum hefur verið að því vikið að kæra Breta fyrir Sameinuðu þjóðunum, fyrir Atlantshafsbandalaginu og kalla sendiherra okkar í London heim. Allar hafa þessar leiðir verið athugaðar og að verulegu leyti farnar. Minna vil ég á, að á þingi Sameinuðu þjóðanna á s. l. hausti ákærði ég Breta fyrir ofbeldisaðgerðir þeirra við Ísland og lagði áherzlu á, að þingið afgreiddi sjálft fiskveiðilögsögumálið. Á þetta var ekki fallizt. Og með ályktuninni um að halda sérstaka fiskveiðilögsögu-ráðstefnu í marz 1960, sem samþykkt var á allsherjarþinginu, vísuðu Sameinuðu þjóðirnar málinu frá allsherjarþinginu og til sérstakrar ráðstefnu.

Þeir, sem ræða um að slíta stjórnmálasambandi við Breta, viðurkenna, að slíkt stuðli ekki að lausn málsins. Aðgerðin er hugsuð til að vekja athygli á framkomu Breta og málinu í heild. Ég hygg, að undanfarnar vikur hafi þessum tilgangi verið náð, því að heimköllun sendiherrans í London hefur vakið nýja athygli á málinu.

Þá er það kæran til Atlantshafsbandalagsins. Sjálfstfl. mun hafa hreyft því fyrstur í s. l. ágústmánuði, að Íslendingar kærðu Breta fyrir ráðherrafundi bandalagsins. Það er eðlilegt, að Íslendingar ætlist til, að Atlantshafsbandalagið láti sig varða þetta mál, enda hef ég hagað mér samkvæmt því. Strax að aflokinni Genfarráðstefnunni í fyrra var haldinn utanríkisráðherrafundur Atlantshafsbandalagsins. Ég tók fiskveiðilögsögumálið þar upp, gerði ýtarlega grein fyrir málstað Íslendinga, rakti nauðsyn þeirra á verndun fiskimiðanna, sögu málsins, skýrði frá því, að Íslendingar væru staðráðnir í að færa fiskveiðilögsögu sína út í 12 mílur á næstu dögum, og krafðist stuðnings

og viðurkenningar bandalagsríkjanna. Málið var ýtarlega rætt á fundinum af svo til öllum ráðherrunum. Eftir þetta var málið rætt allt s. l. sumar og haust innan Atlantshafsbandalagsins undir forustu forstjóra þess, Paul Henri Spaaks. Þess utan hef ég rætt málið við alla utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsins, sem láta sig það einhverju skipta, og oft við flesta þeirra. Á þingi Sameinuðu þjóðanna s. l. haust hafði ég einkar gott tækifæri til að ræða málið við utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsins, því að þeir voru þar allir. Þetta tækifæri notaði ég rækilega. Afstaða utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsins er því kunn hér og fyrir fram vitað, hverjar undirtektir ný kæra af okkar hálfu mundi fá á fundum með þeim. Ég vil biðja menn að hafa í huga, að Atlantshafsbandalagið getur ekki skyldað bandalagsþjóðirnar til að gera neitt umfram það, sem þær sjálfar vilja. Getur bandalagið hvorki sagt Bretum né okkur fyrir verkum í þessu máli frekar en öðrum. Árangurinn af nýrri kæru okkar til Atlantshafsbandalagsins á hendur Bretum færi þess vegna eftir því, til hvers bandalagsþjóðirnar gætu fengið þá í þessum efnum.

Svar Breta liggur fyrir og hefur oft verið getið opinberlega af brezkum ráðherrum. Svarið er þetta: Sé rætt um frambúðarlausn á málinu, bjóða Bretar tvennt: Telji Íslendingar aðgerðir sínar í fiskveiðilögsögumálinu byggðar á alþjóðalögum, eru Bretar reiðubúnir til að leggja málið fyrir alþjóðadómstólinn í Haag og bjóðast til að hlíta honum. Telji Íslendingar hins vegar aðgerðir sínar byggðar á þörfum þjóðarinnar til verndar fiskimiðanna við Ísland, vilja Bretar semja um fiskveiðitakmörk, er séu okkur a. m. k. jafnmikils virði og 12 mílurnar, en þær vilja þeir undir engum kringumstæðum viðurkenna. Ef rætt er um bráðabirgðalausn á málinu, er gildi, þar til alþjóðaráðstefnunni lýkur snemma á næsta ári, þá vilja Bretar víkja burt af fyrri 6 mílunum, ef við látum þá í friði á síðari 6 mílunum. Þannig stendur málið. Á meðan beðið er eftir alþjóðaráðstefnunni, hörfa Bretar ekki með samkomulagi, án þess að tilslakanir komi á móti af Íslands hálfu. Til umræðna um það hef ég alls ekki viljað stofna og mun ekki gera.

Við höfum áður átt í fiskveiðideilu við Breta. Þegar fiskveiðitakmörkin voru færð út í 4 mílur árið 1952, fengum við af þeim nokkur kynni. Ólafur Thors fór þá með sjávarútvegsmálin og Bjarni Benediktsson með utanríkismálin. Í þeirra hlut kom að undirbúa málið hér heima og afla viðurkenningar á erlendum vettvangi.

Það hefði átt að vera auðvelt fyrir Breta að skilja og viðurkenna aðgerðir Íslendinga í fiskveiðimálinu 1952, vegna þess að sú útfærsla, sem þá var framkvæmd, var í einu og öllu byggð á niðurstöðu alþjóðadómstólsins í Haag í máli Norðmanna, og Íslendingar voru fúsir til að leggja aðgerðir sínar undir Haagdóminn.

Í hvítri bók, sem ríkisstj. Íslands gaf út árið 1954, kemur fram, að þegar ríkisstj. hafði lokið undirbúningi sínum undir útfærslu í 4 mílur, fór Ólafur Thors til London og lagði málið fyrir fulltrúa í brezka utanríkisráðuneytinu. Bretar þóttust hvorki skilja þarfir Íslendinga né málstað og svöruðu með því að leggja bann við löndunum íslenzkra togara í Bretlandi.

Deilan við Breta, sem hófst 1952 út af 4 mílna landhelginni, stóð í 4 ár. Það má því ekki koma Íslendingum á óvart, þótt deilunni um 12 mílna útfærslu ljúki ekki á nokkrum mánuðum. Reynslan frá fyrri deilunni sýnir okkur, að við verðum að búa okkur undir átök, sem geta staðið nokkurn tíma. Í þeim átökum verðum við að sýna fullkomna festu, gera allt, sem getur stutt málstað okkar, en grípa ekki til vanhugsaðra ráðstafana, sem geta spillt fyrir sigri okkar í deilunni.

Í fiskveiðideilunni 1952 sýndu Bretar Íslendingum hinn mesta fantaskap og hörku. Þeir hugðust svelta Íslendinga til undanhalds. Bretar höfðu af þessu mikla smán, og þeir áttu eftir að sjá eftir kúgunartilraunum sínum. Fögnuðu Bretar því, þegar þeir gátu losnað við sitt eigið löndunarbann. Nú beita Bretar okkur enn ofbeldi og kúgun. Sem fyrr hljóta þeir af þessu háðung, og endirinn verður áreiðanlega sá, að þeir eiga eftir að verða þeirri stund fegnastir, er þeir laumast burt með vígdreka sína og togara úr íslenzkri fiskveiðilandhelgi.

Íslendingar verða að gera sér grein fyrir því, að þeir hafa þegar sigrað í sjálfri fiskveiðideilunni og að Bretar eru að bíða ósigur í því taugastríði, sem vanstilltir brezkir togaraeigendur hafa stofnað til. Bretar verða hins vegar að gera sér ljóst, að fiskveiðideilan við Ísland er þeim töpuð, og því fyrr sem þeir átta sig á því, að taugastríðið við Ísland er þeim líka vonlaust, því betra fyrir þá sjálfa. — Góða nótt.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Ég vil byrja á því, að spyrja hæstv. fjmrh., hvernig hann ætlar að fara að, þegar hann er búinn að eyða tekjuafgangnum frá s. l. ári. Ætli hann eða eftirmaður hans þurfi þá ekki að fara að afla nýrra tekna?

Hæstv. ráðh. sagði, að í fjárlagafrv. hefði verið gert ráð fyrir vísitölunni 183 stig og þess vegna kæmi prósentlækkunin ekki til greina, þar sem nú væri vísitalan orðin 175 stig. En hér er því við að bæta, að grunnkaupið hefur hækkað, síðan fjárlagafrv. var samið, svo að kaupgjaldið í landinu er hærra nú en þá.

Hæstv. ráðherra sagði, að við framsóknarmenn hefðum ekki fylgt sparnaðartill. ríkisstjórnarliðsins. Hvernig áttum við að fylgja sparnaðartill., sem voru ekki bornar fram? Það komu engar sparnaðartill. fram frá stjórnarliðinu. Um ábyrgðarleysi mun ég ræða betur síðar.

Hv. 2. landsk. þm., Karl Guðjónsson, var að tala um greiðsluafganginn s. l. ár og sagði, að ástæðan til stjórnarslitanna í fyrra hefði verið sú, að ríkisafkoman hefði verið góð, en Framsfl. hefði ekki viljað viðurkenna það. Það var einhver talnaruglingur í kollinum á hv. þm., þótt hann ætlaði það frekar öðrum, þegar hann var að ræða hér um greiðsluafganginn áðan. Hann er, eins og fram hefur verið tekið, 26 millj. nettó. En það sýnir bezt málflutning þessara manna, að næstur á eftir þessum þm. kom

hv. þm. G-K., Ólafur Thors, og sagði: Það, sem er að, það er viðskilnaður fyrrv. ríkisstj. — Ekki bar nú þessu saman.

Annars var aðeins eitt merkilegt í ræðu hv. þm. G-K., og það var það, að hann sagði, að ríkisstj. hefði staðið við allt, sem hún hefði lofað Sjálfstfl., svo að þar með er það staðfest, að þeir bera í einu og öllu ábyrgð á efnahagsmálum og fjárlagaafgreiðslu ríkisstj.

Út af því, sem hv. þm. Snæf., Sigurður Ágústsson, var hér að tala um áðan, vil ég segja það, — hv. þm. var að ráðast á útflutningssjóðslögin: Er hann búinn að gleyma því, þessi hv. þm., að Sjálfstfl. sagði, þegar hann ætlaði að fara að mynda ríkisstj. s. l. haust, að það, sem þyrfti að gera, væri að koma kaupgjaldinu niður á þann grundvöll, sem útflutningslögin hefðu gert ráð fyrir, þá væri vel fyrir *efnahagsmálunum séð? En af hverju afnema* sjálfstæðismenn ekki yfirfærslugjald af rekstrarvörum landbúnaðarins, fyrst það er þeim svona mikið kappsmál? Þeir eiga ekki að vera með þetta gugt, eins og með niðurgreiðslu á áburðinum; þeir eiga að gera þetta dálítið myndarlega og afnema yfirfærslugjaldið. Og eftir hverju eru þeir þm. Snæf. og aðrir sjálfstæðismenn að bíða með að afnema tekjuskattinn á sjómönnum? Nú geta þeir ráðið þessu. Alþfl. vill afnema tekjuskatt að öllu leyti. Hvað er það, sem tefur þessa hv. þm.? Það væri gott fyrir hv. þm. Snæf. að athuga það.

Eins og kunnugt er, hafði Sjálfstfl. forustuna um kauphækkanir í tíð vinstri stjórnarinnar. Hann gekk þar jafnvel svo langt að bjóða þær fram, ef annað brást, eins og gert var í Iðju. Hins vegar hafði Sjálfstfl. aldrei hugsað sér það sem kjarabætur handa verkafólki, heldur sem tæki í sinni valdabaráttu. Það var því eðlilegt, að hann kvæði upp úr með það eftir fall vinstri stjórnarinnar, að nú skyldu þær innheimtar aftur, eins og hann gerði í till. frá 19. des. s. l.

Það kom sér vel fyrir Sjálfstfl. að geta fengið Alþfl. til að innheimta kauphækkunarreikninginn, svo sem gert var með lögunum um lækkun verðlags og launa, ekki síst þar sem innheimtulaunin áttu ekki að vera önnur en smágreiði eða að leyfa fjórum Alþfl.-mönnum að sitja í ráðherrastólum stutta stund. Síðan hefur þeim sjálfstæðismönnum að vísu orðið það ljóst, að verkefnið var ekki svo auðvelt sem þeir hugðu, því að þegar betur var að gáð, kom í ljós, að verðbólgan, sem Sjálfstfl. hafði dyggilega magnað í tíð vinstri stjórnarinnar, reyndist þeim félögum erfiðari en ráð var fyrir gert.

Samkvæmt samningum þeim, sem ríkisstj. gerði við útvegsmenn, hækkuðu útflutningsbætur um 82 millj. kr. Þó er enn ósamið við síldarútveginn. Ekki voru þar með allar þrautir leystar. Jafnhliða þessum samningum hóf ríkisstj. niðurgreiðslur á vöruverði á innlendum markaði. Þær kosta um 117 millj. kr. Þegar hér var komið, var fjárþörfin, sem ríkisstj. var búin að stofna til, orðin 199 millj. kr.

Niðurgreiðslur á vöruverði í stórum stíl eru varhugaverð leið. Hér hefur verið gengið of langt á þeirri braut. Niðurgreiðslur leyna verðbólgu, en eyða henni ekki. Það út af fyrir sig deyfir áhuga almennings fyrir baráttu gegn henni. Það er mikil hætta í því fólgin fyrir framleiðendur, þegar vörur eru seldar neytendum fyrir mun lægra verð en raunverulegt verð þeirra er. Út yfir tekur þó, þegar framleiðendur verða sjálfir að neyta framleiðslu sinnar fyrir hærra verð en aðrir neytendur, eins og nú á sér stað, þar sem dilkakjöt í heilum skrokkum kostar kr. 17.80 kg, en skráð framleiðsluverð er kr. 21.34, mjólkurlítrinn er seldur á kr. 2.95, en skráð framleiðsluverð er kr. 3.79. Þegar niðurgreiðslurnar eru orðnar mikill hluti af verði vörunnar, er hættan mikil fyrir framleiðendur, ef ekki er séð fyrir tekjum til að inna greiðslurnar af hendi. Ofan á þetta bætist, að ausa verður í niðurgreiðslu*hítina þrotlaust, án þess að nokkuð sjáist eftir.* Nú er svo komið, að yfir 250 millj. kr. er varið í þessu skyni, og hefur upphæðin nærri tvöfaldazt í tíð núverandi ríkisstj.

Sjúkrasamlagsgjöld eru greidd niður í 1.4 vísitölustig. Það kostar ríkissjóð 15.6 millj. að greiða þau niður í 10 mánuði. Það er álíka fjárhæð og varið er til nýrra þjóðvega, ef frá eru teknir millihéraðavegir. Þessi upphæð sparar einstaklingnum þó ekki nema 13 kr. á mánuði eða 130 kr. á þessu ári. Hvaða vit er í slíkri ráðstöfun?

Niðurgreiðslur á nýjum fiski hafa verið auknar um rúmlega 1 vísitölustig, það kostar 6.3 millj. Það er álíka fjárhæð og varið er til að byggja ríkisspítalana, fávitahæli og heilbrigðisstofnanir í Reykjavík samkvæmt fjárlögunum nú. Og niðurgreiðslur á kartöflum eru 17 millj. kr. eða 2.7 millj. kr. hærri upphæð en framlag til raforkumála á fjárlögunum.

Núverandi ríkisstj. hefur hækkað framlag til niðurgreiðslna um álíka háa fjárhæð og á fjárlögum er varið til byggingar nýrra þjóðvega, brúa, hafna, skóla og allra verklegra framkvæmda á 20. gr. fjárlaga, þar með talið atvinnuaukningarfé.

Það er ljóst af því, sem ég hef hér sagt, að ekki tekur langan tíma að þurrka út af fjárlögunum fé til framkvæmda, ef áfram verður haldið á þeirri braut, sem stjórnarliðar eru nú byrjaðir að fara: að henda framkvæmdafé í verðbólguginið, sem hefur svo ekki frekari áhrif á stöðvun dýrtíðar en deyfilyf á skæðan sjúkdóm.

En hefur ekki ríkisstj. og stuðningslið hennar lækkað vöruverð í landinu með þessum og öðrum ráðstöfunum? kann einhver að spyrja. Athugum það nokkru nánar.

Hinn 18. marz s. l. heyrðu vegfarendur á götum Reykjavíkur, að blaðsölumenn hrópuðu hástöfum: „Vísir með nýjustu fréttum. Ólafur Thors segir þjóðinni sannleikann.“ Þá hafa menn það, — þetta gat hann líka. En það kom ekki fram í ræðu hv. þm., Ólafs Thors, hér áðan, að hann segði þjóðinni sannleikann. Stórfrétt var þetta talin í blaði Sjálfstfl., Vísi, að formaðurinn hefði nú sagt þjóðinni satt. En *hvað sagði svo Ólafur Thors, þegar hann sagði* þjóðinni satt? Hann sagði þetta, með leyfi

hæstv. forseta: „Allar aðalverðlækkanirnar stafa af því, að ríkissjóður greiðir verðið niður. Þær niðurgreiðslur kosta um 100 millj. kr. Allt það fé á fólkið sjálft eftir að greiða ýmist með nýjum sköttum eða minnkandi framkvæmdum hins opinbera í þágu almennings.“ Þetta sagði hv. þm. Ólafur Thors um framkvæmdir hæstv. ríkisstj. og Sjálfstfl. í efnahagsmálum, þegar hann sagði þjóðinni satt. Svo leyfir hæstv. ríkisstjórn og stuðningslið hennar sér að smjatta á því, að verðbólgan hafi verið stöðvuð, þegar slíkum skottulækningum er beitt og ekki einu sinni séð fyrir tekjum til að standa straum af þeim aðgerðum, sem þeir sjálfir hafa ákveðið.

Afgreiðslu fjárlaga var að þessu sinni veitt sérstök athygli. Ástæðan til þess var sú, að nú um nærri áratug hefur Eysteinn Jónsson gegnt störfum fjmrh. og markað stefnu um fjármálastjórn ríkisins. Á þessu tímabili hafa skuldir ríkisins lækkað, en framlög til atvinnu-, félags-, heilbrigðis- og menningarmála stórkostlega aukizt, beinir skattar lækkað, greiðsluafgangi ríkissjóðs verið varið til uppbyggingar í landinu. Fyrirhyggja og framsýni hefur ríkt í meðferð ríkisfjár.

Þegar frv. til fjárlaga fyrir 1959 var til 1. umr. hér á hæstv. Alþingi, sagði núverandi hæstv. forsrh., þegar hann ræddi um hækkun fjárlaga: „Þessi þróun er uggvænleg og stefnir greinilega í fullkomið óefni.“ Fjárlög þau, sem ríkisstj. Emils Jónssonar og Sjálfstfl. afgreiddi nú fyrir nokkrum dögum, eru þó þau hæstu, sem nokkru sinni hafa verið afgreidd hér á hæstv. Alþ., nema meira en 1 milljarði, en framlög til verklegra framkvæmda eru þó lækkuð yfir 20 millj. Svona tókst nú til um þetta atriði, að í fullkomið óefni stefnir að dómi hæstv. forsrh. sjálfs.

Hvað er svo um fjárlagaafgreiðsluna að segja hjá þessu nýja forustuliði fjármálanna, Sjálfstfl. og Alþfl.? Tekjuáætlunin hefur verið hækkuð um 68 millj. kr., og t. d. er tekju- og eignarskattur hækkaður um 16 millj. frá því, sem hann reyndist s. l. ár. Verðtollur er hækkaður um 44 millj. frá reynslu s. l. árs, svo að dæmi séu nefnd. Á hverju byggist svo þessi hækkun á tekjuáætluninni? Hún byggist fyrst og fremst á óskhyggju, en í öðru lagi á því, að stjórnarliðið hefur gert nýja áætlun um greiðslujöfnuð og innflutning á árinu 1959, eins og hæstv. fjmrh. sagði frá hér áðan. Um þá áætlun segir svo í grg., er henni fylgir, með leyfi hæstv. forseta: „Stefna þessar áætlanir m. a. að því að tryggja nógu mikinn innflutning hágjaldavöru á árinu 1959.“ Menn taki eftir: að tryggja nógu mikinn innflutning hágjaldavöru á árinu 1959, — og til viðbótar síðar: „Enginn möguleiki hefur verið til þess, að tekjur mættu gjöldum, nema innflutningur hátollavara væri svo hár.“ Sjá hér allir, hvert stefnir, þegar innflutningur á brýnustu neyzluvörum og rekstrarvörum er minnkaður og þó sérstaklega á fjárfestingarvörum, úr honum er dregið yfir 20%. Hins vegar er hátollavöruinnflutningur aukinn um 30 millj. kr. Hér er hvort tveggja til að dreifa, að stefnt er í algera ófæru að ætla sér að byggja afkomu ríkissjóðs og atvinnuveganna á stórfelldum innflutningi hátollavara, einmitt þeim vörum, sem við getum helzt verið án. Á hitt er svo að benda, að verð á hátollavörum er orðið svo hátt, að takmörk eru fyrir því, hvað hægt er að selja af þeim.

Í innflutningsáætluninni er gert ráð fyrir meiri notkun erlends lánsfjár en nokkru sinni fyrr. Það væri hollt fyrir Sjálfstfl.-menn að lesa sín eigin skrif um lánsfjármálin í sambandi við þessa ákvörðun. Við Framsfl.-menn í fjvn. bentum á það í nál. okkar, að með öllu væri vonlaust, að tekjuáætlun fjárlaga gæti staðizt. Stjórnarliðið hefur ákveðið að hækka leyfisgjald af bifreiðum úr 160% í 300%. Álögur á bifreiðar eru þó orðnar svo háar, að óhugsandi er að halda lengra á þeirri braut, nema gera þá almennum borgara ókleift að eignast slíkt þarfatæki sem bifreiðin þó er, þar sem allt verðlag á bifreiðum í landinu hækkar við þessa ráðstöfun. Þá fer hér sem fyrr, að svo langt er gengið í áætlun tekna, að óhugsandi er, að það fái staðizt. Tvær atvinnustéttir verða sérstaklega hart úti við þessar ráðstafanir. Það eru atvinnubifreiðarstjórar, sem verða að bera nýjan skatt, eða verðlag á akstri hækkar og veldur öðrum verðhækkunum í landinu. Flugmenn og farmenn hafa samkv. sínum vinnusamningum rétt á frjálsum gjaldeyri og eiga að fá að nota hann eftir almennri reglu, en ekki eins og um væri að ræða hálfgert sektarfé, eins og hér er stefnt að.

Áfram varð stjórnarliðið að halda í leit sinni að fjármunum til að ausa í niðurgreiðsluhítina. Nú varð fyrir þeim greiðsluafgangur ríkissjóðs frá s. l. ári. Eins og ég hef þegar tekið fram, hefur greiðsluafgangur ríkissjóðs síðustu ár verið notaður til uppbyggingar í landinu. Við Framsfl.-menn lögðum til, að helmingnum af honum á s. l. ári yrði varið á sama hátt, þannig að byggingarsjóður ríkisins fengi 15 millj. kr., byggingarsjóður Búnaðarbankans 5 millj. og veðdeild Búnaðarbankans 5 millj. Allir þessir sjóðir höfðu mikla þörf fyrir þetta fjármagn og miklu meira þó. Hús standa hálfsmíðuð, og eigendur þeirra geta ekki rönd við reist vegna fjárskorts. Sjálfstfl. gerði miklar kröfur til aukins fjármagns til húsnæðisbygginga, meðan vinstri stj. sat. Þá var þó unnið að lausn þessa máls og byggingarsjóði ríkisins fengnir tekjustofnar. Nú fellir stjórnarliðið þessar till. okkar Framsfl.-manna. Framlagið, sem við fórum fram á í byggingarsjóð ríkisins, nægir þó ekki til þess að greiða niður 1.4 vísitölustig í sjúkrasamlagsgjöldum í 10 mánuði. Ég spyr ykkur, áheyrendur góðir: Hvort teljið þið hyggilegra að lána fé til að koma áfram íbúðabyggingum eða losna við að greiða 130 kr. í sjúkrasamlagsgjöld, eins og stjórnarliðið ætlar ykkur? Ég efast ekki um svar ykkar. En svar ykkar hefur ekki gildi, nema þið fordæmið slíka stefnu með atkvæði ykkar á kjördegi.

Fleira þurfti að koma til, þessi fyrningastabbi nægði þeim ekki. Óinnheimtir voru tollar á Sogsvirkjuninni, og gert er ráð fyrir að selja skuldabréf til að greiða þessa tolla. Þeir

nema 30 millj. kr., og þeim er líka ætlað að lenda í gin verðbólgunnar. Allt er þó enn óvíst um sölu bréfanna, en á tekjuáætlun eru þeir samt teknir.

Ég hef nú með nokkrum orðum lýst tekjuáætlun fjárlaganna. Þessu næst mun ég snúa mér að gjaldahliðinni. Þar verður auðvitað fyrst fyrir sparnaðurinn.

Við 1. umr. fjárlaga í haust sagði hv. 2. þm. Eyf., Magnús Jónsson, þetta m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Það er áreiðanlega hægt að spara á mörgum sviðum, en það þarf réttsýni og kjark til þess að gera slíkar ráðstafanir á viðunandi hátt. Án einbeittrar forustu fjmrh. á hverjum tíma er þess ekki að vænta, að andi sparnaðar og hagsýni ráði í ríkisrekstrinum.“ Það þarf engan að undra, þó að beðið væri eftir því með nokkurri óþreyju að sjá sparnaðartill. stjórnarliðsins. Það var gullið tækifæri fyrir þá að fletta nú ofan af sukkinu og óreiðunni. Þá skorti ekki kjark né réttsýni, hæstv. fjmrh. og hv. 2. þm. Eyf., til þess að spara á viðunandi hátt. Hver er svo árangurinn af þessu sparnaðarhjali þeirra?

Það á að lækka framlög til verklegra framkvæmda á fjárlögum um 23 millj., þ. á m. til raforkuframkvæmda um nærri 11 millj. Stjórnarliðið er víst að útrýma sukki og óhófseyðslu, þegar það lækkar framlög til þeirra. En hér er þó aðeins byrjunin, því að hugsunin er að lækka þessi framlög um 113 millj., eins og hæstv. ráðh. talaði um áðan. Ég hafði dálítið gaman af því, þegar hæstv. ráðh. var að tala um dísilstöðvarnar, hvað það væri miklu ódýrara að koma þeim upp á sveitaheimilum heldur en rafmagni frá orkuveri. Jú, það er miklu ódýrara, þegar ekki eru ætlaðir neinir fjármunir til þess, eins og hugsað er af hæstv. núverandi ríkisstjórn.

Atvinnuaukningarfé hefur orðið mikil lyftistöng í atvinnulífi ýmissa kauptúna og kaupstaða víðs vegar um landið. Ekki er atvinnumálum þessara staða það vel á veg komið þrátt fyrir þetta, að þess vegna væri hægt að draga að sér höndina. En fjárveitingin er lækkuð um 3.5 millj. án tillits til þess.

Framlag til Skipaútgerðar ríkisins er lækkað um 6 millj. kr., þó að forstjóri benti á það með rökum, að fjárveitingin væri hófleg, en allt kom fyrir ekki, — það þótti handhægt að grípa í þennan lið.

Til byggingar á jörðum ríkisins er lækkað um 500 þús., enda þótt fyrir lægi, að öll fjárveitingin á fjárlögum er lofuð, og vitað væri um knýjandi nauðsyn á meiri fjárveitingu. Styrkur til að kaupa jarðræktarvélar, 2 millj., er hreinlega strikaður út. Fyrir lá þó yfirlýsing um, að þörfin væri 3.2 millj.

Safnað hefur verið til byggingar á stjórnarráðshúsi síðan á 50 ára afmæli heimastjórnarinnar og geymt fé 7—8 millj. kr. Nú er þessi liður, 1 millj., þurrkaður út, þótt vitað sé, að það er stórsparnaður fyrir ríkissjóð að byggja yfir sig. Sömu og svipaða útreið fengu menntaskólarnir og sjómannaskólinn í Reykjavík. Ekki er nú rausnin mikil hjá stjórnarliðinu.

Á fjárlögunum 1957 var framlag til íþróttasjóðs hækkað um 400 þús. Þá var fjárþörf sjóðsins 8.4 millj. kr. Sjálfstæðismenn höfðu þá uppi hróp mikil um of litla fjárveitingu til sjóðsins, sem hún raunar var, og fluttu till. um 2 millj. kr. hækkun. En nú, þegar fjárþörf íþróttasjóðs er 13.1 millj. kr., standa þeir að því að lækka framlagið um 80 þús. og renna frá sinni eigin till. um nokkra leiðréttingu.

Vegaviðhaldið er lækkað um rúmlega 2 millj. kr. Þörfin hefur aukizt jafnt og þétt fyrir viðhald þjóðvega vegna vaxandi umferðar og lengingar á þeim. Sömu örlög fengu verkamannabústaðir og framlög til heilsuspillandi íbúða. Það þóttu þó einu sinni ekki góðir hlutir að draga úr fjárveitingu þangað. Þegar farið var að auka hana, þá var talið, að hún væri of lítil.

Í fyrra var lækkað framlag til iðnskólans í Reykjavík, af því að skólinn hafði ekki þurft að nota alla sína fjárveitingu. Þá var það kallað árás á Reykjavík. En nú átti að strika framlagið út. Það hefur vafalaust verið stuðningur við Reykjavík, því að sjálfstæðismenn ætluðu að gera það.

Öllum þeim fjárhæðum, sem ég hef hér nefnt, á að fleygja í niðurgreiðsluhítina, og það er aðeins smádropi til að byrja með.

En bezta dæmið til þess að sýna vinnubrögðin hjá stjórnarliðinu í afgreiðslu fjárlaga er till. um að lækka alþingiskostnaðinn um ½ millj., vegna þess að þinghaldið verði styttra, og hældi hæstv. fjmrh. sér af þessu hér áðan. Alþingi stendur hálfum mánuði skemur núna en í fyrra, en það hófst strax eftir áramótin í vetur, en kom ekki saman fyrr en í byrjun febrúar 1958. Nú á að verða aukaþing í sumar, og þar kemur til ferðakostnaður og fleira. Það er vægast sagt að gera gys að sjálfum sér að bera fram svo fráleita till. Kostnaðurinn við þinghaldið verður greiddur og enginn eyrir sparaður, þó að tölum hafi verið hagrætt. Þetta veit stjórnarliðið. En fjárlögunum þurfti að krækja saman að nafninu til.

Það vekur þó mesta athygli, að í till. stjórnarliðsins, sem kallaðar eru sparnaður, eru aðeins lækkanir á verklegum framkvæmdum og breytingar á áætluðum greiðslum frá veruleikanum. Sparnaður fyrirfinnst enginn, og allt tal þeirra um sukk og óreiðu reynist ómerkilegt skvaldur, sem þeir eru nú berir að. Það er furðulegt, að þeir, sem standa að því að afgreiða fjárlög á jafngersamlega ábyrgðarlausan hátt og hér hefur verið lýst, skuli leyfa sér að tala um ábyrgðarleysi annarra, eins og hæstv. fjmrh. gerði hér áðan, og sat þó sízt á honum.

Stjórnarliðar hafa reynt að gera tilraun til þess að tala um ábyrgðarleysi okkar Framsfl.manna, af því að flokkurinn fylgdi nokkrum till. til hækkunar á verklegum framkvæmdum, eftir að búið var að skera þær niður um 23 millj. kr. Þær till. munu nema samtals um 2 millj. kr., sem við greiddum atkvæði með við 3. umr. Þó skal það tekið fram, að við fulltrúar flokksins í fjvn. fylgdum ekki þessum till. til hækkunar í þeim málaflokkum, sem samkomulag var um í n. Okkur kom það mjög

á óvart, þegar styrkir til lamaðra og fatlaðra voru felldir niður þrátt fyrir samkomulag; það var sannarlega að ráðast á garðinn þar, sem hann er lægstur.

Þjóðinni er nú ljóst, að alger stefnubreyting er orðin í afgreiðslu fjárlaga. Í staðinn fyrir fyrirhyggju og ábyrgð er komin óreiða og ábyrgðarleysi, og hafin er hin nýja fjárfestingarstefna um niðurskurð á verklegum framkvæmdum. Þegar vinstri stjórnin tók við völdum, var það eitt af trompum Sjálfstfl., að hún mundi hvergi hafa tiltrú erlendis til lántöku, — öðruvísi væri því varið, ef þeir sjálfstæðismenn væru í stjórn. En þegar þessi spádómur reyndist rangur, voru lánin bara mútur og sníkjulán og fóru öll í eyðslu, og hv. þm. G-K. leyfði sér að smjatta á þessu hér áðan. En hvað skeður? Nú á að nota meira erlent lánsfé en nokkru sinni fyrr. Það er fengið eftir sömu leiðum og fyrr. En nú er hvorki talað um mútur né sníkjur, hvað þá hættuleg eyðslulán. Hvað hefur breytzt? Sjálfstfl. er við málið riðinn. Það er öll breytingin og annað ekki. Þá falla stóryrði niður. Hvað finnst þjóðinni um svona vinnubrögð? En það vekur athygli, að þegar slíku stórláni er skipt sem á að fara að taka, þá er fiskveiðasjóði ekki ætlaður einn einasti eyrir af því, þó að hann hafi mikla þörf fyrir fé til uppbyggingar í sjávarútvegi. Framsfl. lagði til, að 25 millj. af láninu gengju í fiskveiðasjóð. Það var fellt af stjórnarliðinu. Ekki skortir á myndarskapinn! Til ræktunarsjóðs er of lítið og til raforkuframkvæmda er fjármagnið eðlilegt til framkvæmda í ár, en ekki til tveggja ára, eins og stjórnarliðið ætlar.

Þegar hæstv. ríkisstj. tók til starfa, birti hún þjóðinni þann boðskap, að hún mundi leysa þau verkefni, er fyrir lægju í efnahags- og fjármálum, án þess að leggja á þjóðina nýjar álögur. Á þeim stutta tíma, sem ríkisstj. hefur setið, hefur almennt kaupgjald í landinu lækkað með lögum og niðurgreiðslum um 13.4%. Tekjur bænda hafa þó verið lækkaðar tiltölulega meira vegna tilhögunar á niðurgreiðslu. Nýjar álögur hafa verið á lagðar, sem gefa í tekjur 60 millj. kr. Eignir hafa verið uppétnar, sem eiga að nema 55 millj. kr. Verklegar framkvæmdir hafa verið lækkaðar um 23 millj. kr. 20 millj. kr. halli er viðurkenndur á útflutningssjóði. Ofan á þetta bætist stórkostlegur halli, sem mun verða bæði á fjárlögum og á ríkisrekstrinum og útflutningssjóði, svo sem ég hef hér lýst. Hér er aðeins hugsað um það eitt að fleyta sér áfram í nokkra mánuði. Eftir þann tíma flæðir dýrtíðarflóðið fram með enn meiri þunga en nokkru sinni fyrr, því að þá verður einnig að mæta því, sem vanreiknað er nú, og þeim óreiðuhala, sem nú er að skapast. Það þarf því meira en litla óskammfeilni til, þegar Alþýðublaðið leyfir sér þann 25. apríl að segja svo, með leyfi hæstv. forseta: „Dýrtíðarflóðið hefur verið stöðvað. Hættunni var afstýrt."

Þann 1. maí s. l. endursagði Morgunblaðið frásögn af fundi í Alþýðuflokksfélagi Reykjavíkur, sem hafði birzt í Alþýðublaðinu, þar sem rakin var ræða hæstv. menntmrh. Menntmrh. sagði samkv. frásögn blaðsins: „Drap hann á meginverkefnin þrjú, sem núverandi ríkisstj. tókst á hendur að leysa, efnahagsmálin, kjördæmamálið og fjárlögin. Kvað ráðh. þetta engin smáverkefni á 4—5 mánaða tímabili og alls ekki ofmælt, að engin ríkisstj. hefði leyst jafnmörg stórmál á jafnskömmum tíma. Sagði hann, að í dag væri ánægjulegt til þess að vita, að séð væri fyrir endann á þeim öllum." Morgunblaðið bætti við frá eigin brjósti: „Miklir menn erum vér Hrólfur minn." Í þessum orðum Morgunbl. felst mat Sjálfstfl. á því, hvernig til hefur tekizt með framkvæmd stjórnarliða í efnahagsmálum og fjármálum ríkissjóðs. Sjálfstfl. er háð um sín eigin verk ekki of gott. En það mun Sjálfstfl. fá að sanna, að þjóðin telur hann bera fulla ábyrgð á þessu tímabili. Án hans hefði ríkisstjórnin ekki orðið til. Allar hennar framkvæmdir eru ýmist undan hans rifjum runnar eða með hans góða samþykki gerðar, og þjóðin sér sannarlega ekki eftir því, þó að Sjálfstfl. reyni að glotta að sínu eigin lánleysi.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Þessu þingi er nú að ljúka eftir sjö mánaða setu. Sumar þær ákvarðanir, sem hér hafa verið teknar, munu reynast þjóðinni örlagaríkar. Sjaldan munu fjárlög hafa verið afgreidd með hæpnara móti en nú af þeim meiri hl., sem stjórnina styður og fjárlagaafgreiðslunni réð. Þjóðin mun seinna verða krafin greiðslu á þeim halla, sem fyrirsjáanlegur er. Það verður fróðlegt að sjá, þegar þar að kemur, hvort stjórnarliðið hefur karlmennsku til að viðurkenna, að það hafi ekki viljað vegna kosninganna, sem fram undan eru, ganga beint til verks. Að skjóta sér undan erfiðleikum í bili með brögðum eru e. t. v. góð hyggindi í hugum stjórnarliðsins, en það mun að minni hyggju reynast þjóðinni dýrt. Það er eðli slægðarinnar að skjóta á frest því, sem er óþægilegt, og það hygg ég að komi í ljós síðar, því miður, að stuðningsflokkar ríkisstj. hafi nú gert, og það mun almenningur í landinu finna, áður en þetta ár er liðið.

Þetta gæfuleysi sitt, sem sprottið er af ástríðunni til valda, munu stjórnarflokkarnir á sínum tíma heimta að þjóðin fyrirgefi og gleymi og taki síðan á sitt bak syndabyrði þeirra. En af því að þeir eru nú ekki alveg vissir um, að þjóðin sé fús til að taka byrðina á sínar herðar möglunarlaust, þá hefur þessum flokkum hugkvæmzt að reyna að rétta hlut sinn í augum þjóðarinnar með því að telja hluta hennar, sem í Reykjavík og nágrenni býr, trú um, að þar sé réttur manna til áhrifa á þjóðmálin mjög fótum troðinn vegna ranglátrar og úreltrar kjördæmaskipunar og þeir, sem úti um byggðir landsins búi, sitji yfir hlut þessa fólks. Þess vegna hafa þeir nú samþykkt og fengið til þess kommúnista í lið með sér, að gerð skuli á þessu ári gerbylting á stjórnlögum landsins, þannig að grundvöllur sá, sem eitt elzta þjóðþing hefur hvílt á, skuli nú burt tekinn og brauðfætur hlutfallskosninga settir undir þing-

stjórnarskipulag Íslendinga, íslenzka lýðveldisins, í staðinn.

Hin forna héraða- og kjördæmaskipun, sem Alþingi Íslendinga hefur hvílt á frá stofnun þess til þessa dags, skal afnumin og ólíkum byggðarlögum slengt saman í stór kjördæmi með hlutfallskosningu. Það er ekki nóg með, að hlaupið sér frá allri ábyrgð í efnahags- og fjármálum þjóðarinnar til þessa tiltækis, heldur er ekki horft í að gera þetta, þegar þjóðin stendur frammi fyrir þeirri stærstu þrekraun, sem hún hefur nú í fangi, þar sem er deilan við brezka ljónið um fiskveiðiréttindin í kringum landssteinana. Í þeirri raun, sem þessi barátta er og verður okkar dvergríki við risann, sem vill ræna okkur frumburðarrétti okkar til lífsskilyrða í þessu landi, þarf þjóðin á öllu þreki sínu að halda óskiptu og má ekki á meðan eyða orku sinni í deilur um innanlandsmál. Á meðan þessi barátta varir og áfram lengur, mun hollast að halda fornum arfi þeirra vitru manna, sem fyrstir urðu til að stofna þjóðþing og settu því þann grundvöll, sem lítt hefur bifazt og vel dugað þjóðinni og þá bezt, þegar mest hefur reynt á.

Í fáum löndum í Norðurálfu munu lífsskilyrði þjóða vera eins breytileg eftir landshlutum og hér á landi. Þess vegna mun ekki annars staðar meiri ástæða en hér vera til þess, að hin sérstæðu byggðarlög eigi á þjóðþingi sína einkafulltrúa með glöggri þekkingu á atvinnuháttum, náttúrugæðum og öðrum sérstæðum aðstæðum hvers byggðarlags.

Fulltrúinn er á þingi rödd byggðarlagsins, svipur þess og tengiliður við þjóðfélagið. Þannig hefur þetta verið, og þannig mundi þetta vera áfram, ef réttur héraðanna fengi enn að njóta sín. Hin fjölþætta andlega menning íslenzku þjóðarinnar hefur fengið hin mörgu tilbrigði sín vegna margbreytileika lands og veðráttu, og Alþingi hefur verið spegilmynd af landi og þjóð. Þessi sérkennilegi blær mun þurrkast út. Hin nýja skipan, sem Sjálfstfl., Alþfl. og kommúnistar ætla að koma á, mun ala upp frambjóðendur með flokksvélum, og hlutfallskosningakerfið mun velja úr frambjóðendahópnum í hverju kjördæmi, líkt og þegar dregin eru úr númer í happdrætti. Hvar munu þá vera bændurnir á þingi eða verkamennirnir? Hverjir verða þeir þá á þingi, sem stritað hafa hörðum höndum fyrir brauði sínu og átt hafa í baráttu við náttúruöflin og þekkja þannig af eigin raun lífsbaráttu fólksins víðs vegar úti um byggðir landsins við hin margbreytilegu skilyrði íslenzkrar veðráttu? Mikil er sú ábyrgð, sem fyrirsvarsmenn þeirrar flokkaþrenningar, sem að kjördæmabreytingunni stendur hér á Alþingi, taka sér á herðar. Og þung ætti sú svipa að vera, er þjóðin reiddi að þessari þrenningu í þeim kosningum, sem fram undan eru.

Á tæpum þremur áratugum hafa þessir flokkar nú í þriðja sinn heimtað breytingu á stjórnarskránni í þeim tilgangi að auka veldi sitt og með þeim yfirlýsingum, að Framsfl. skuli hrundið fyrir ætternisstapa. Í þessum átökum hafa Sjálfstfl. og Alþfl. verið sem fóstbræður, og ávallt hafa þeir fagnandi tekið kommúnista til sín undir jarðarmenið.

Áformum sínum 1933 og 1942 komu þeir fram og lofuðu því hátíðlega fyrir munn sinna helztu foringja, að aldrei skyldu kjördæmin, sem búin eru að standa frá stofnun Alþingis og hafa verið grundvöllur þess, afnumin. En spár þessara flokka um, að Framsfl. mundi líða undir lok, hafa ekki rætzt þeim til sárrar hryggðar. Þvert á móti hefur áhrifa Framsfl. gætt í vaxandi mæli í þjóðfélaginu og þjóðin notið leiðsagnar hans og forustu á mörgum sviðum þjóðmála og hann oft haft stjórn helztu ráðuneyta á hendi á þessu tímabili.

Nú er enn af hendi þessara flokka lagt til orrustu um kjördæmaskipunina. Enn er því haldið fram, að Framsfl. skuli ekki bera sitt barr að leikslokum. Nú eru rofin gömlu heitin, sem foringjar Sjálfstfl. gáfu 1933 og 1942 um, að kjördæmin skyldu alla tíð verða látin halda sér. Því er haldið fram, að heitin séu rofin og baráttan háð um afnám kjördæmanna til þess að afnema áhrif Framsfl., sem núverandi kjördæmaskipun veiti honum í stærra mæli en hann eigi skilið. Það er óhætt að fullyrða, að þessi barátta í vor og sumar verður ekki við Framsfl. einan. Hún verður við þann hluta þjóðarinnar, sem í hinum fornu kjördæmum býr, hvort sem fólkið þar hefur fylgt Framsfl. að málum eða ekki. Hér í Reykjavík og nágrenni eru þúsundir manna, sem fæðzt hafa og alizt upp úti um byggðir landsins. Æskustöðvarnar eru þessu fólki kærasti blettur landsins, og þetta fólk er flest þrungið heitri þrá til þess að mega verða ættarstöðvum að liði. Það mun koma í ljós í þeim kosningum, sem í hönd fara, að „römm er sú taug, er rekka dregur föðurtúna til". Menn munu slíta af sér flokksböndin og ganga í lið með Framsfl. til þess að verja þau vé, sem um aldir hafa staðið. Og fólkinu mun ganga fleira til en tryggðin ein við fornt skipulag.

Hugsandi menn og þjóðhollir eru í miklum meiri hluta með þjóðinni, og þeim mun verða ljóst við nána íhugun, að þeir flokkar, sem hér hafa tekið höndum saman í bili um þá breytingu á stjórnskipunarlögum landsins að afnema kjördæmin og stofna til hlutfallskosninga innan stórra reita, sem þeir hafa dregið með penna á Íslandskortið, þeir eru með því að þjóna sérstökum tilgangi, sem þó stefnir í gagnstæðar áttir. Annar aðilinn ætlar með þessu að láta hinn svokallaða kommúnisma ná skjótum tökum á þjóðfélaginu, og hygg ég, að þegar svo væri komið, mundi mörgum þykja fara að þrengjast fyrir dyrum. Hinn aðilinn ætlar sér með breytingunni að láta kjarna auðugra borgara í höfuðstaðnum og nágrenni hans ná yfirráðum í landinu, og mundu þá, ef svo færi, flestum frelsisunnandi mönnum þröng reynast sín þegnréttindi í slíku þjóðfélagi auðvaldsins. Þessar tvær stefnur ætla með samkomulagi sínu nú í kjördæmamálinu að hasla sér völl til hjaðningavíga um yfirráðin. Stór og mannmörg kjördæmi eru tilvalinn hólmgöngu-völlur þessara aðila.

Við framsóknarmenn teljum, að til þess að

þjóðinni verði forðað frá þeim örlögum, sé höfuðatriði fyrir þjóðina að halda rétti hinna fornu kjördæma. Þess vegna vill Framsfl. leiðrétta það misræmi, sem skapazt hefur vegna tilflutninga fólks í landinu, án þess að taka rétt byggðarlaga og brjóta fornt skipulag niður, og Framsfl. er þess fullviss, að slík lagfæring á þessu máli er bæjarfólkinu bezt að skapi.

Þessi hefur líka verið þróun málanna hér á landi, síðan Alþingi var endurreist, og þannig mun þróun þingræðis og lýðræðis verða farsælust. Þannig heldur hvert byggðarlag bezt ábyrgð sinni gagnvart þjóðfélaginu og hlut sínum gagnvart öðrum byggðum landsins, og þannig mun yfirgangsmönnum verða erfiðast að efla flokka til einræðis og yfirdrottnunar.

Framsfl. er lýðræðis- og þingræðisflokkur. Hann vill sefa ólgu og ofstopa og forða þjóðinni frá einræði og ofstjórn flokkavalds. Framsfl. telur söguna, landið og þjóðina eina heild og reynslu kynslóðanna þá líftaug, sem verði að tengja framtíð við fortíð í lífi og starfi. Þess vegna vill Framsfl. tengja þjóðina sem fastast við landið allt og hvern blett þess út af fyrir sig. Héruðin, kjördæmin, þingið og þjóðin á að vera samgróin heild á þeim forna grunni, sem lagður var á Þingvöllum við Öxará árið 930. Þeir, sem vilja kjósa, að þessi grundvöllur haldist, þeir kjósa frambjóðendur Framsóknarfl. í vor. — Góða nótt.

Alfreð Gíslason: Herra forseti. Hæstv. ríkisstj., sú er nú situr að völdum á Íslandi, á trúlega engan sinn líka í víðri veröld. Ég veit ekki betur en ráðherrarnir hæstv. telji sig vera jafnaðarmenn, og allir eru þeir í þeim flokki, sem minnstur er og veikastur hér á landi, enda forusta hans villuráfandi um langt skeið og nú að lotum komin.

Eins og vonlegt er getur þessi jafnaðarmannastjórn hvorki staðið né setið óstudd. Stuðninginn hefur hún og hann ekki af lakari endanum. Eru það hvorki meira né minna en pólitísk hagsmunasamtök atvinnurekenda, viðskiptajöfra og annarra stóreignamanna, sem liðveizluna láta í té. Voldugur flokkur einkaframtaksins hefur leitt máttvana flokk þjóðnýtingarinnar til öndvegis í þjóðfélaginu. Þetta er heimsundur. Þegar ókunnugum er greint frá því, verða þeir hvumsa við, en spyrja síðan: Hvers konar sjónleikur hefur hér verið settur á svið? Er þetta gaman eða alvara?

Það þætti furðufrétt, að Adenauer hinn þýzki hefði lagt stjórnartaumana í hendur jafnaðarmannaforingjanum Ollenhauer og styddi hann til stórræða af öllum mætti, en eitthvað á þann veg mun íslenzka undrið koma framandi mönnum fyrir sjónir.

Jafnaðarmannastjórn íhaldsins, Alþýðuflokksstjórn Sjálfstfl. eða hvað annað sem fyrirbærið er kallað, þá er það og verður hrærigrautur og mun að líkindum, áður en varir, reynast þjóðinni grátt gaman.

Þeim, sem kunnugir eru íslenzkum stjórnmálum, kom hins vegar ekki algerlega á óvart myndun skammdegisstjórnarinnar í vetur. Þeir vissu, að forustulið Alþfl. er löngu slitið úr tengslum við alþýðu landsins og hefur síðan borizt til og frá sem rótlaust þangið við fjöruborð. Þeir vissu einnig, að Sjálfstfl. er ekki þjóðmálaflokkur í venjulegum lýðræðislegum skilningi, heldur eins konar pólitískt verzlunarfyrirtæki fárra manna og mikilla fjármuna. Þess vegna hefur hann enga fastmótaða, jákvæða stefnu, og þess vegna getur hann leyft sér að bjóða í og kaupa þrotabú fyrrv. keppinauta.

Lýðræðislegur stjórnmálaflokkur gegnir jafnþjóðnýtu hlutverki, hvort sem hann er í stjórn eða utan stjórnar, en sérstaklega er þó stjórnarandstaðan góður prófsteinn á hæfni hans. Frá miðju ári 1956 til ársloka 1958 hafði Sjálfstfl. þá aðstöðu að vera stjórnarandstæðingur. Því hlutverki gerði hann mikil skil, og mun frammistaðan talin góð af húsbændum fyrirtækisins, þótt hið gagnstæða verði upp á teningnum, sé miðað við almannaheill. Lýðfrjáls þjóðmálaflokkur og pólitískt fyrirtæki eru sitt hvort og þjóna gerólíkum tilgangi.

Í tíð vinstri stjórnarinnar var Sjálfstfl. látinn vinna verk niðurrifs og eyðingar einvörðungu, og voru aðfarirnar líkastar manns, sem helgað hefur hefndinni líf sitt. Mun áreiðanlega vandfundin jafnóvirðuleg, óábyrg og neikvæð stjórnarandstaða sem Sjálfstfl. á þessu tímabili. Þeirrar andstöðu er ekki ófróðlegt að minnast nú, þegar flokkurinn hefur á ný náð stjórnartaumunum í sínar hendur. Almenningi er það áreiðanlega meira eða minna ljóst, að Sjálfstfl. notaði orku sína og fjármuni til þess að rífa niður það, sem vinstri stjórnin byggði upp, án alls tillits til, hvað það var eða hvað það kostaði þjóðina. Allt var rægt og reynt að eyðileggja. Sérstaklega forðaðist flokkurinn eins og heitan eld að leggja nokkuð jákvætt fram, þegar stærstu vandamálin bar á góma. Hann var sjálfum sér samkvæmur í stjórnarandstöðunni og reyndist frá því fyrsta til hins síðasta neikvæður niðurrifsflokkur. Þá afstöðu tók flokkurinn á umgetnu tímabili og neytti krafta sinna því meir til niðurrifs sem málin voru þjóðinni mikilsverðari.

Frá upphafi beitti vinstri stjórnin sér fyrir stöðvun verðbólgunnar og naut í því velvildar og trausts vinnandi stétta. Þá viðleitni gat Sjálfstfl. aldrei litið réttu auga. Leynt og ljóst — og í upphafi þó einkum leynt — barðist hann gegn stöðvun verðbólgunnar og hafði til þess öll spjót úti. Var sérstök áherzla lögð á þá baráttu, og bar tvennt til. Ekkert gat skaðað vinstri stjórnina meira en mistök á sviði efnahagsmálanna, og auk þess var stöðvun verðbólgunnar síður en svo kærkomin húsbændum Sjálfstfl., fésýslumönnunum, sem einir hafa á verðbólgunni grætt. Í þessu efni varð flokknum mikið ágengt, einkum er á leið. Snemma kom hann því til leiðar, að hálaunaðir flugstjórar kröfðust kauphækkunar og gerðu verkfall, og nokkru síðar báru yfirmenn á farskipum sínar launahækkunarkröfur fram til sigurs. Þetta taldi forustan góða byrjun og líklega til árangurs. Þætti leiðtogum íhaldsins dýrtíðarhjólið snúast of hægt, létu

þeir sig ekki muna um að bjóða kauphækkanir, og á þann hátt hlaut t. d. iðnverkafólk á sínum tíma verðskuldaða, en óvænta kjarabót. Atvinnurekendur vissu sem var, að launakjörin gætu þeir rýrt, strax og þeir næðu pólitísku völdunum á ný, enda er það nú komið á daginn.

Það kom mörgum spánskt fyrir, að Sjálfstfl. í tíð vinstri stjórnarinnar gerðist kaupkröfuflokkur. Nú skilst mönnum, að þetta var aðeins viðskiptabrella, sömu tegundar og kaupmenn nota, er þeir lækka vöruverð sitt í bili, á meðan þeir eru að hæna viðskiptavinina að. Sjálfstfl. er ekki út í bláinn flokkur heildsala. Á hinu furðaði engan, að flokkurinn fagnaði hástöfum í hvert sinn sem vöruverð hækkaði og að hann fjandskapaðist gegn verðlagseftirliti vinstri stjórnarinnar.

Það er nú orðið alkunna, að við lausn landhelgismálsins þvældust foringjar Sjálfstfl. fyrir, eins lengi og þeir gátu. Kom þar til greina hollusta þeirra við framandi stórveldi og þó ekki síður andúðin á vinstri stjórninni. Var þeim mikið í mun, að vinstri stjórninni tækist ekki að leysa það mál farsællega. Því höfðu þeir allt á hornum sér og hafa haft til þessa dags. Það var óttinn við almenningsálitið, sem beygði þessar sjálfstæðishetjur að lokum. En þær hafa ekki enn í dag getað sætt sig við þá staðreynd, að það var vinstri stjórnin, sem leysti þetta mikilsverða mál.

Í hvert sinn sem fyrrverandi stjórnarvöld leituðu fyrir sér um erlend lán til virkjana og annarra stórframkvæmda ruku íhaldsleiðtogarnir upp með fúki og fáryrðum og reyndu að gera hverja slíka viðleitni sem tortryggilegasta. Sjálfum hafði þeim í sinni stjórnartíð gengið heldur illa að fá lán erlendis, og mun það ekki hafa bætt skapsmunina. En þrátt fyrir þennan andróður tókst vinstri stjórninni að afla lánsfjár til viðreisnarstarfa sinna. Í hennar tíð var lokið við byggingu sementsverksmiðjunnar, hafin Sogsvirkjunin nýja, keypt ný fiskiskip og reistar fiskvinnslustöðvar auk margs annars. Stjórnarandstöðunni tókst ekki að spilla fyrir þeim lántökum, sem nauðsynlegar voru til þessara framkvæmda.

Bjargræðisvegir þjóðarinnar voru í niðurníðslu, þegar stjórnarskiptin urðu 1956. Höfðu fyrri stjórnarvöld sinnt hernaðarvinnu meira en innlendum bjargræðisvegum. Sennilega verður það talið eitt helzta afrek vinstri stjórnarinnar, er fram líða stundir, hve vel henni tókst á skömmum tíma að endurreisa framleiðsluatvinnuvegina. Atvinna varð nægileg, þar sem hún áður hafði verið stopul, og fólksflutningar til Suðurnesja stöðvuðust, enda var á þessu tímabili ekki leyfð gerð nýrra stórvirkja á vegum bandarískra hersins.

Skýringin á því, hve litlu stjórnarandstaðan fékk áorkað þessum málum til óþurftar, er sú samstaða, sem um þau var innan stjórnarflokkanna. En á slíka samstöðu skorti því miður oft, og var þá hægara um vik fyrir Sjálfstfl. að gera sína neikvæðu afstöðu gildandi.

Þannig reyndist stjórnarandstaða þessa flokksfyrirtækis í smáu sem stóru. Stórmerka löggjöf um húsnæðismálastofnun var reynt að gera sem tortryggilegasta og íhaldsöflum beitt til þess með talsverðum árangri að torvelda þá fjáröflun, sem lögin gerðu ráð fyrir til lánastarfseminnar. Allt var á eina bókina lært, og var ekki einu sinni hlíft við að gera skyldusparnað unglinga óvinsælan, hvað þá annað, ef verða mætti vinstri stjórninni til hneysu og tjóns.

Allt til þessa dags hafa málgögn Sjálfstfl. haldið á lofti skefjalausum blekkingum um þá stjórn alþýðustéttanna, er mynduð var sumarið 1956. Hefur þessi áróður haft áhrif í réttu hlutfalli við útbreiðslu þessara málgagna og því mest í Reykjavík, þar sem Morgunblaðið nær svo að segja inn á hvert heimili. En miklu beinu tjóni hefur þessi áróður valdið þjóðinni í heild, svo óábyrgur sem hann er. Hann gagnar að vísu litlum hópi fésýslumanna, en bitnar því meir á öllum öðrum, og mun það síðar koma í ljós. Ábyrgðarlaus skollaleikur Sjálfstfl. í dýrtíðarmálunum á eftir að reynast örlagaríkur, og þótt ekki væri öðru til að dreifa, mætti sá skollaleikur einn nægja flokknum til dómsáfellis í næstu kosningum.

Undirróður Sjálfstfl., rætinn og málefnasnauður, átti mikinn þátt í falli vinstri stjórnarinnar. En þar kom fleira til greina. Innan stjórnarflokkanna varð snemma vart óheilinda, sem smám saman sýktu út frá sér. Strax haustið 1956 sáu Alþfl. og Framsfl. ástæðu til að bregðast loforðum sínum um brottför hersins úr landinu. Fékk Alþb. ekki að gert, hvorki þá né síðar, enda tveir gegn einum, en stjórnarsamstarfinu urðu þau brigðmæli mikið áfall. Í efnahagsmálunum tvístigu báðir þessir flokkar, Framsókn og Alþfl., og hugðu framan af á gengislækkun sem úrræði. Gengislækkun fékk Alþb. þó afstýrt, en þessi tilhneiging hinna flokkanna varð til þess að veikja baráttuna við verðbólgu og dýrtíð.

Í stjórnarsamningnum var ákveðið, að stjórnarflokkarnir þrír skyldu beita sér fyrir endurskoðun stjórnarskrárinnar, og var vitað mál, að þar var fyrst og fremst átt við kjördæmaskipunina. Þetta mikilvæga atriði stjórnarsáttmálans var aldrei tekið alvarlega til meðferðar, og er mér ekki grunlaust um, að þar hafi Framsfl. verið mest um að kenna. Virtist mér helzt sem kjördæmabreyting væri bannorð í þeim flokki alla tíð vinstri stjórnarinnar. Hitt er víst, að aldrei stóð á Alþb. að standa við þetta ákvæði sem önnur í gerðum samningum.

Landhelgismálið olli um tíma vinstri stjórninni nokkrum erfiðleikum, og var ástæðan sú, að Alþfl. lagðist fast á sveif með Sjálfstfl. gegn lausn þess, vildi ekki frekar en íhaldið eiga á hættu að styggja Breta og Atlantshafsbandalagið. Það bjargaði málinu, að Alþb. og Framsókn sýndu engan bilbug, og þeir flokkar tveir máttu sín meir í stjórninni en Alþfl. einn. Því fór ekki um þetta mál eins og hersetumálið.

Fleiri agnúar urðu til þess að veikja vinstri stjórnina innan frá og flýta fyrir falli hennar, og má í því sambandi nefna þau óheillaöfl, sem frá öndverðu varð vart innan Alþfl. og studdu

íhaldsflokkinn dyggilega í niðurrifsstarfinu. En þrátt fyrir þessar veilur reyndist stjórnarsamstarfið giftusamlegt á ýmsan veg, og mörgum góðum málum fékk vinstri stjórnin þokað í rétta átt.

Í desemberbyrjun sagði stjórn alþýðunnar af sér. Það voru foringjar Framsfl., sem skáru á bönd samstarfsins, að því er virtist af mikilli hvatvísi. Sú grein var gerð fyrir stjórnarslitunum, að Alþb. hefði ekki viljað eiga hlut í því að lögbjóða þá miklu og bótalausu launalækkun, sem leiðtogar Framsóknar heimtuðu. Grunur lék þó á, að ástæðurnar væru fleiri, m. a. sú, að suma í Framsókn væri farið að langa í gömlu íhaldsflatsængina aftur. Hvað sem um það er, þá er víst, að það var Framsókn, sem sleit vinstra samstarfinu. Að vísu leit svo út sem hún vildi taka það upp aftur nokkrum vikum síðar, en þá var það um seinan. Þá vildi Alþfl. ekki vera með, enda mun hann þá hafa verið ráðinn í vist annars staðar, eins og síðar kom á daginn. Það var þannig Framsfl., sem rauf samstarf íhaldsandstæðinga, og það var Alþfl., sem kom í veg fyrir, að það yrði endurnýjað.

Hræðslubandalagið nafntogaða hrundi til grunna eftir stjórnarslitin í vetur. Þeir átta þingmenn þess, sem eignaðir voru Alþfl. og þó með vafasömum rétti, réðu sig þegar á annað skip og mynduðu ríkisstj. fyrir Sjálfstfl. Alþýðublaðið var látið hrósa þeim fyrir hugprýði og dirfsku, en öðrum fannst tiltækið bera meiri keim af vonleysi og uppgjöf.

Hvað sem því líður, þá kom liðsaukinn íhaldinu vel. Því var í mun að ná völdum, en óttaðist hins vegar að sýna eigin ásjónu rétt fyrir kosningar. Nú gat það brugðið yfir sig gæru Alþfl. og undir henni — raunar illa dulið — stjórnar það landinu í dag.

Hæstv. ríkisstj. Alþfl. hefur í smáu og stóru rekið erindi og gætt hagsmuna Sjálfstfl., sem hefur hana í hendi sér. Öll handaverk hennar sýna þetta, svo að ekki verður um villzt. Einskis hlutleysis er gætt, og hvergi örlar á stefnu jafnaðarmanna og verkalýðssinna. Verkin eru öll með sama markinu brennd, marki íhalds og afturhalds.

Hver eru þá þessi handaverk hæstv. ríkisstj.? Ég skal nefna örfá dæmi þeirra. Réttur verkalýðsins til frjálsra kjarasamninga hefur með lagasetningu verið traðkaður. Allt umsamið kaup í landinu var lækkað 1. febr. um 13.4% án samráðs við verkalýðshreyfinguna. Þeim milljónatugum, sem launþegar eru árlega sviptir með þessari lækkun, er þegjandi og hljóðalaust stungið í vasa vinnuveitenda. Verðbætur til útgerðarinnar eru samkv. slumpreikningi auknar um 100 millj. kr. á þessu ári, auk hagnaðarins, sem leiðir af lækkuðu kaupi. Almenningur borgar brúsann eftir kosningar. Vöruverð er greitt niður á árinu með 120 millj. kr. og skuldadögum slegið á frest til haustsins. Allar fram bornar till. um sparnað í ríkisrekstrinum eru kolfelldar. Sparnaðarviljinn birtist hins vegar í því að draga úr nauðsynlegu viðhaldi vega, lækka framlög til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis og öðrum ámóta aðgerðum. Í ríkisútvarpinu eru gerðar lymskulegar árásir á verkalýðssamtökin á sjálfum hátíðisdegi þeirra 1. maí. Tilraun er gerð til að eyðileggja orlofslögin, sem verið hafa stolt Alþfl., síðan þau voru sett.

Þessi dæmi sýna glögglega hug hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokka hennar til verkamanna og annarra launþega. Hér eru kröfur atvinnurekenda uppfylltar skilyrðislaust, áhugamál Sjálfstfl. einhliða borin fram til sigurs.

Sömu sögu er að segja af handapati hæstv. ríkisstjórnar í mikilsverðustu sjálfstæðismálum þjóðarinnar. Fyrir hernaði Breta í íslenzkri landhelgi er augum lokað. Hrottalegar aðfarir Breta voru nýlega ræddar hér á hinu háa Alþingi, og í því tilefni þótti hv. þm. G-K., Ólafi Thors, ástæða til að lýsa því yfir, að sjálfur hann og hæstv. utanrrh., Guðmundur Í. Guðmundsson, væru miklir Bretavinir. Máske er sú Bretavinátta sett ofar lífshagsmunum Íslendinga, og verður þá hinn átakanlegi dauðyflisháttur stjórnarvaldanna í þessu máli skiljanlegur. Aðgerðarleysið gagnvart ofbeldi Breta er vináttuvottur við þá stórþjóð. Í herstöðvamálinu er annarri erlendri þjóð sýnd auðsveipni með öðrum hætti, ekki með aðgerðaleysi, heldur virkri hlutdeild. Hermangið gamla er nú aftur hafið til vegs og virðingar. Er þegar samið um byggingu nýrrar bækistöðvar á Snæfellsnesi, og á hún að kosta 40 millj. kr. Er þannig myndarlega af stað farið rétt fyrir kosningar og þó hreinir smámunir hjá því, sem síðar verður.

Engum dylst, að á þessum viðkvæmu sjálfstæðismálum þjóðarinnar er haldið í samræmi við óskir íhaldsmanna. Ber hér allt að sama brunni, minnihlutastjórn Alþfl. framkvæmir stefnu Sjálfstfl. út í yztu æsar og hlýðir í öllu boði hans og banni, en hlýtur að launum klapp á öxlina og slatta af bitlingum, sem hægri kratar fá aldrei nóg af.

En hvers konar flokkur er það, sem leiðtogar Alþfl. hafa vistráðizt hjá? Verkalýðsráð Sjálfstfl. er að vísu til, og það gegnir því veglega hlutverki að skipuleggja og stjórna hagsmunabaráttu atvinnurekenda innan íslenzku verkalýðssamtakanna. Máske eru Alþýðuflokksleiðtogarnir hafðir á snærum þessa verkalýðsráðs sem sérstök herdeild. Það finnst mér sennilegast. Annars er Sjálfstfl. ekki neinn venjulegur íhaldsflokkur, og væri nær lagi að kalla hann hagsmunasamtök þeirra manna, sem kaupa vinnuafl og selja vöru í stórum stíl. Hann er braskfyrirtæki þessara manna, sem stofnuðu hann og hafa stjórnað gerðum hans til þessa dags. Hann er tækifærissinnaður með afbrigðum, og það kalla forsprakkar hans frjálslyndi. Reynt er að telja hrekklausu fólki trú um, að Sjálfstfl. sé flokkur allra stétta, og var sú fyrirmynd sótt til nazista. Flokkur allra stétta er hann sem betur fer ekki, því að ef svo væri, þá jafngilti það útþurrkun lýðræðis á Íslandi. Flokkur allra stétta er hvergi til nema í einræðislöndum.

Eitt af mörgu athyglisverðu við Sjálfstfl., þetta stóra fyrirtæki, er, að hann heldur ekki

flokksþing kjörinna fulltrúa, eins og landsmálaflokkarnir gera. Þess í stað efnir hann öðru hvoru til stórfelldrar leiksýningar, sem hann nefnir landsfund. Taka þátt í sýningunni, sem stendur í nokkra daga, 800—900 manns, og bera þeir allir stóreflisslaufu á brjóstinu. Er meginþorra sýnenda ekki ætlað annað hlutverk en þessi slaufuburður, enda tekur fundarhúsið ekki nema 200 manns. Þessari skopstælingu lýðræðislegs flokksþings lýkur með hátíðahaldi í þrem stærstu samkomuhúsunum, og síðan halda þátttakendur heim hressir í bragði. Einn hefur notað ókeypis ferð til að sýna sig og sjá aðra, annar til að heilsa upp á ættingja sína, þriðji til að fá sér nýjar tennur o. s. frv. Allir eru ánægðir, einnig fyrirtækið sjálft, sem með þessu hefur auglýst sig og hresst upp á fylgið. En lýðræði ríkir ekki í stjórn fyrirtækisins. Inn í þennan ágæta flokk atvinnurekenda hafa þreyttir leiðtogar Alþfl. verið bergnumdir, og líklega una þeir sér vel í álfaborginni. En hvað hugsa þeir jafnaðarmenn sér að gera, sem hingað til hafa veitt Alþfl. brautargengi? Ætla þeir að fylgja leiðtogunum inn í klettaborg íhaldsins? Því á ég bágt með að trúa. Það má ofbjóða öllu, einnig flokkstryggðinni.

Alþb. stendur nú eitt uppi á sviði stjórnmálanna sem málsvari verkamanna og annarra launþega, og það er orðið eina örugga vígið gegn íhaldi og afturhaldi í þessu landi. Í vinstri stjórninni beitti það sér með góðum árangri fyrir margvíslegum kjarabótum launþeganna, uppbyggingu atvinnulífsins og stækkun landhelginnar. Alþb. tókst að hindra gengisfellingu og draga úr hernaðarframkvæmdum Bandaríkjamanna hér. Það reyndi að knýja fram sparnað í rekstri ríkisins, endurbætur á stjórn þjóðarbúskaparins og brottför hersins úr landinu, en átti í þeim efnum við ofurefli að etja. Alþb. barðist gegn þeirri lífskjaraskerðingu almennings, sem lögleidd var í vetur, vel vitandi, að hún á ekkert skylt við stöðvun verðbólgunnar. Það hefur sífellt barizt gegn ríkri tilhneigingu íhaldsaflanna til undansláttar í landhelgisdeilunni við Breta, og það hefur harðlega mótmælt þeim ofsóknum, sem ríkisvaldið nú hefur hafið á hendur verkalýðssamtökunum. Loks varaði Alþb. við þeirri reginblekkingu, sem höfð er í frammi, að kauplækkanir, einhliða gerðar, megni að stöðva verðbólguna. Kaupgjaldið átti engan þátt í myndun verðbólgunnar, og því hefur lækkun þess engin áhrif. Hnitmiðuð heildarfjárfesting þjóðarinnar, skynsamlegur sparnaður í opinberum rekstri og aukning útflutningsverðmætanna er meðal þess, sem gera þarf til lausnar efnahagsvandanum, en launalækkunin er ekki annað en vatn á myllu gróðamanna landsins.

Andstæðingar Alþb. eru að vísu sterkir. En vopnabúnaður þeirra er furðu einhæfur. Eiginlega eiga þeir aðeins eitt vopn, og það er kommúnistagrýlan. Þessi vopnafátækt kemur til af því, að Alþb.-menn standa á traustum grundvelli þjóðlegra málefna og hvika ekki af þeim grundvelli. Þess vegna notast lítt önnur vopn gegn þeim en upphrópanir og ókvæðisorð. Í Alþb. eru vafalaust menn með ólíkar lífsskoðanir og viðhorf, en sameiginleg þeim er andstaðan gegn íhalds- og herleiðingaröflum þjóðfélagsins. Þeir hafa sameinazt í Alþb. um þau áhugamál, sem sameiginleg eru, en halda hinu utan við, sem á milli kann að bera. Þetta er sannleikurinn um Alþb. í því efni. En kommúnistagrýlan er einkar handhægt vopn, sem hver fáráðlingurinn á auðvelt með að veifa.

Herra forseti. Ég lýk nú máli mínu. Dökkar blikur hafa færzt á loft, síðan Sjálfstfl. tók við völdum í vetur. Vinnandi fólki boða þær versnandi lífskjör og þjóðinni allri ógæfu útlendra yfirráða. Við vonum, að þróttmikill gustur næstu alþingiskosninga tæti þessar blikur í sundur og geri að engu. Sannfæringin um, að Íslands óhamingju verði allt að vopni, heyrir til liðnum öldum armóðs og áþjánar.

Nú treystum við því, að þjóðin sé sinnar eigin gæfu smiður, og vitum jafnframt, að öll gæði eru torsótt. Baráttan er óhjákvæmileg, og hana mun Alþb. heyja. Sigursæl barátta Alþb. ein megnar að sundra þeim óveðursskýjum afturhaldsins, sem nú grúfa yfir þjóðinni.

Pétur Ottesen: Herra forseti. Góðir hlustendur. Ég vil á þeim fáu mínútum, sem ég hef til umráða í þessum umræðum, minnast á þrjú mál, sem hlotið hafa jákvæða afgreiðslu á þingi því, sem nú er að ljúka.

Það var vissulega ömurlegt um að litast á Alþingi fyrir áramótin, um þær mundir, sem fyrrv. ríkisstj. gafst upp og lagði hendur í skaut, er gera skyldi ráðstafanir til viðreisnar í fjármálaöngþveiti, er hér hafði þróazt í stjórnartíð hennar. Þrátt fyrir það þótt lagðir hefðu verið á þjóðina nýir árlegir skattar, 300 millj. kr. á árinu 1957 og 790 millj. kr. á árinu 1958, til þess að jafna metin í útflutningsframleiðslunni, þá skall yfir þjóðina á þessum árum það verðbólgu- og dýrtíðarflóð, að framleiðslan gat hvergi rönd við reist, og alger atvinnurekstrarstöðvun í landi voru var þá á næsta leiti. Í þessu máli tók Alþ. jákvæða afstöðu. Þessum þjóðarvoða hefur nú tekizt að afstýra með þeim ráðstöfunum, sem gerðar voru eftir áramótin til þess að stöðva vöxt dýrtíðarinnar, og jafnframt stigið fyrsta sporið til nokkurrar lækkunar á framleiðslukostnaðinum. Með þessu var stigið mjög mikilsvert og þýðingarmikið spor, og miklu máli skiptir, miðað við það, sem áður var, að þetta tókst að gera án þess að leggja á nýja skatta, þegar frá er dregin nokkur hækkun á innflutningstolli á sumum tegundum bifreiða. Jeppar og vörubifreiðar eru undanþegnar þessari hækkun.

Lækkun sú, sem gerð var á nokkrum liðum fjárl., tekur ekki tali, þegar þess er gætt, að hún var nauðsynlegur liður í þessum óhjákvæmilegu aðgerðum. Lækkun þessi tekur ekki heldur til fjár þess, sem veitt er í fjárl. til nýbyggingar vega, brúa eða hafnargerða. Þvert á móti voru sumar þessara upphæða hækkaðar frá því, sem áður var, einkum til hafnargerða, auk þess sem gerðar voru á þessu þingi

nýjar ráðstafanir til fjáröflunar, sem gera kleift, að hægt verður eftirleiðis að ráðast í margfalt stórtækari framkvæmdir hér í hafnarmálum en hingað til. Og loks var tryggt fjármagn til dreifingar rafmagns um sveitirnar og þar með, að bætt verði úr vanrækslu fyrrv. stjórnar á því sviði.

Með þeirri nýju stefnu, sem hér var mörkuð í efnahagsmálum, er vissulega stefnt í rétta átt. Nú er það þeirra, sem við taka að loknum kosningum á þessu ári, að slá skjaldborg um það, að þessar ráðstafanir fari ekki úr böndunum og áfram verði haldið til réttra átta. Á því veltur, að tryggð verði sú meginundirstaða þjóðlífs vors, að heilbrigður atvinnurekstur geti þróazt og þrifizt í landi voru.

Önnur mjög mikilsverð og jákvæð afstaða var tekin á Alþ. í sambandi við fiskveiðideilu þá, sem við heyjum nú við Breta. Vitað er, að síðan fiskveiðideila þessi hófst, hefur þjóð vor öll staðið einhuga og óskipt gegn þeim lögbrotum og ofbeldisárásum, sem Bretar hafa beitt oss í fiskveiðalandhelginni. Nú hefur Alþ. sett innsigli sitt á þennan einhug vorn með einróma samþykkt þáltill. um þetta efni. Þetta var oss nauðsynlegt vegna afstöðu vorrar út á við. Þetta er yfirlýsing íslenzku þjóðarinnar til umheimsins um það, að hún láti engan kúga sig til undanhalds frá settu marki um yfirráð fiskveiða við strendur landsins, og er það mark vissulega hærra reist en 12 mílna svæðið, þó að við það verði unað í bili. Þá er þetta skýlaus yfirlýsing til Atlantshafsbandalagsins, að Íslendingar hljóta að líta svo á, að höggvið sé á liftaug þess grundvallar, sem bandalagið hvílir á, ef það verður látið viðgangast, að stærsti aðili bandalagsins í Evrópu haldi uppi lögbrotum og árásum á lífsafkomu þess aðilans, sem minnstur er í þessum samtökum.

Þá hefur í þriðja lagi verið tekin jákvæð afstaða til breytinga á kjördæmaskipuninni. Hefur það legið í loftinu lengi, að þörf væri breytinga á henni, þótt ekki hafi orðið úr fyrr en nú.

Ég skal ekki fara út í að rekja einstök atriði þessa máls, það hefur nógsamlega verið gert af öðrum að undanförnu. Ég ætla aðeins að minnast á einn þátt þess. Það er sú hætta, sem sveitunum á að vera búin af því að stækka kjördæmin. Til brautargengis þessari kenningu framsóknarmanna hér á Alþ. er margt til tínt, eins og t. d. það, að verið sé að leggja kjördæmin niður, og svo langt ganga öfgarnar, að niðurlagningu kjördæmanna á að fylgja það, að sveitafólkið sé svipt kosningarréttinum.

Þá er annar háskinn, sem sveitunum á að vera búinn af þessum sökum. Öllu sambandi milli þingmanns og kjósanda á að vera slitið. Ekki nema það þó! — Eftir breytinguna getur kjósandinn snúið sér til eins eða fleiri af 5 eða 6 þm. kjördæmisins. Í flestum tilfellum getur hann þar leitað athvarfs flokksbróður síns. Samgöngur eru víðast nú orðnar þannig, að þm. er greiðari leið til persónulegra kynna af kjósendunum og kjósandanum af þm. þrátt fyrir stækkun kjördæmanna en var í kjördæmum, þegar ég t. d. að taka kom fyrst á þing, eins og samgöngum var þá háttað. Það er ef til vill ekki ástæða til þess að kippa sér upp við það, þótt slíkum fjarstæðum sem þessum sé slegið fram í eitt eða tvö skipti. En þegar menn sprengja spóann á þessu dag eftir dag og viku eftir viku, þá sætir það furðu.

Að sama brunni ber um aðrar tegundir í kenningum framsóknarmanna fyrir því, að gengið sé á rétt sveitanna með þessum breytingum. Það er svo fjarri sem mest má vera, að þessar kenningar þeirra eigi nokkra stoð í raunveruleikanum. Þvert á móti styrkir breytingin aðstöðu sveitanna og er þeim vörn og skjöldur gegn misbeitingu meirihlutavalds á Alþ. Skal ég nú leiða nokkur rök að þessu.

Kjördæmi með 5—6 þm. er ávallt þannig sett, að þar er þingmaður eða þingmenn í stjórnaraðstöðu. Kjördæminu eru tryggð ítök í ríkisstj. og meiri hl. Alþ. á hverjum tíma. Gott samstarf þm. kjördæmisins, í hvaða flokki sem þeir eru, um áhugamál þess þarf ekki að efa. Reynslan af samstarfi þm. í tvímenningskjördæmum sannar þetta. Kjördæmi, sem þannig er sett, er tryggt fyrir því, að því sé af pólitískum ástæðum óréttur gerr á Alþingi. Þessu getur verið ólíkt farið með einmenningskjördæmin, þar sem þm. þess er í stjórnarandstöðu. Þekki ég mörg dæmi þess úr minni þingsögu. Alveg sérstaklega bar mikið á þessu, eftir að Framsfl. og Alþfl. mynduðu stjórn eftir kosningarnar 1927. Vel man ég það, hve mér sveið þá sárt, að mitt kjördæmi var þá stundum látið gjalda afstöðu minnar á Alþ. Fleiri stjórnarandstæðingar áttu í þessu efni um sárt að binda. Þessi nýja skipan girðir fyrir, að slík rangsleitni endurtaki sig.

Hitt er þó enn veigameira atriði fyrir sveitirnar og raunar dreifbýlið í heild, að með stækkun kjördæmanna er stofnað til kynningar og samstarfs á stjórnmálasviðinu í miklu ríkari mæli en nú er milli fólksins, sem heima á við sjávarsíðuna, og þess, sem í sveitunum býr. Af slíku samstarfi leiðir náin kynni þess fólks, þekkingu þess hvers á annars kjörum og lífsviðhorfum, sem að sjálfsögðu mótast nokkuð af þeim atvinnuháttum, sem eru í verkahring hvers um sig. Slík kynni leiða og gjarnan til þess, að tengd séu manna í milli traust og varanleg vináttubönd. Þessi kynni eru traustur hornsteinn undir farsælli og heillavænlegri þróun félagsmálastarfsemi vorrar á öllum sviðum.

Ég get tekið hér sem dæmi Miðvesturlandskjördæmi, Borgarfjarðarsýslu með Akranesi, Mýrasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og Dalasýslu. Byggðirnar við norðanverðan Faxaflóa og sunnanverðan Breiðafjörð eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta, bæði til lands og sjávar. Þetta svæði er ein sameiginleg heild á sviði framleiðslu, verzlunar og samgangna. Hvað er eðlilegra en byggðarlög, sem þannig eru sett, hafi félagsskap um að kjósa fulltrúa á þing? Starf það, sem þegar er hafið í þessum byggðarlögum, stefnir í þessa átt. Þessar sýslur hafa gert með sér samning um sameiginlegan byggingarfulltrúa, t. d. að taka. Embættismenn þessara sýslna hafa stofnað félags-

skap með sér, sem vinnur merkilegt starf á sviði menningarmála. — Það er vitanlega í algerri andstöðu við þá samstarfshugsjón, sem hér hefur verið lýst, að framsóknarmenn bera fram á Alþ. tillögu um að lima mitt kjördæmi í sundur, aðskilja kaupstaðarfólkið á Akranesi og sveitafólkið í héraðinu, slíta þau tengsl, sem tengt hafa saman fólkið í þessum byggðarlögum. Mér væri að sjálfsögðu sárt um, ef þetta væri gert, sem unnið hef að því eftir beztu getu að styrkja þessi tengsl samfellt í 43 ár. Mér er annt um, að þetta samstarf haldist, og ég vil færa það út á víðara svið.

Framsóknarmenn hafa í umræðunum um kjördæmamálið hér á þingi riðið þeysireið með nær 20 ára gömul ummæli eftir mig og fleiri um kjördæmamálið, sem þeir telja í ósamræmi við skoðanir okkar nú. Hér í kvöld barði hv. þm. Str., Hermann Jónasson, fótastokkinn í þessari gandreið framsóknarmanna. Þess er auðvitað vandlega gætt að geta þess hvergi, að síðan hafa orðið breytingar, sem gera þennan skoðanamun eðlilegan og réttmætan. En hér ættu framsóknarmenn á Alþ. að líta í eigin barm. Hvernig er samræmið hjá þeim í skoðunum í þessu máli fyrr og nú?

1942 var sú breyting samþykkt á kjördæmaskipuninni, að kjósa skyldi þingmenn í tvímenningskjördæmum hlutfallskosningum. Þá kvað við sami söngurinn hjá framsóknarmönnum á Alþ. og nú, að þessi breyting væri tilræði við sveitafólkið, að það ætti með þessu að skerða rétt þess í kosningum, að þetta væri inngangur að því að svipta sveitirnar fjárframlögum og hvers konar opinberri aðstoð. En hver hefur reynslan orðið í þessu efni? Framsóknarmenn hafa orðið að éta þetta allt saman ofan í sig, og það gera þeir rækilega með því að leggja nú til, að hlutfallskosningum í tvímenningskjördæmum verði haldið og enn bætt við einu nýju tvímenningskjördæmi.

Og hvernig er samræmið milli tillagna þeirra, er samþ. voru í kjördæmamálinu á flokksþinginu í vetur sem leið, og þeirra till., sem þeir hafa nú borið fram á Alþingi nokkrum vikum seinna? Og enn: Hvernig er samræmið hjá framsóknarmönnum í afstöðu þeirra á þingi nú gagnvart því kosningafyrirkomulagi til búnaðarþings, sem þeir samþykktu fyrir 20 árum? Það er skýr mynd af samræminu, að Suðurlandskjördæmið í hinum nýsamþykktu kosningalögum er nákvæmlega það sama og kosið hefur verið í til búnaðarþings með hlutfallskosningum nú um 20 ára skeið. Hvað segja menn um þetta? Ferst þessum mönnum að brigzla öðrum um skoðanaskipti? Það er yfirskots- og uppgerðarástæða einber hjá framsóknarmönnum á Alþ., að andstaða þeirra gegn þeim þætti hinna nýju laga, sem ég hef rætt hér um, sé reist á þeim grundvelli, að hér sé verið að skerða rétt sveitanna.

Andstaða framsóknarmanna er af allt öðrum rótum runnin. Þetta er yfirskotsástæða ein, og hún er ekki málefnaleg. Andstaða þeirra er, þegar það mál er lesið niður í kjölinn, sú, að ekkert má hrófla við þeim þætti kjördæmaskipunarinnar, þar sem Framsfl., miðað við núverandi aðstæður, nýtur ríkari réttar en aðrir stjórnmálaflokkar. Öllu öðru í kosningal. og kjördæmaskipuninni má bylta og breyta eftir vild, enda hafa framsóknarmenn sjálfir borið fram tillögur þar að lútandi þvert ofan í fyrri samþykktir.

En hvernig í ósköpunum geta framsóknarmenn á Alþ. látið sér detta í hug, að þetta sé hægt? Þeim hlýtur að vera það ljóst, að þeir hafa aldrei barizt vonlausari baráttu en þeirri, að af þessum sökum verði hnekkt þeirri kjördæmaskipun, sem nú hefur verið samþ. á Alþ. Og það er í sannleika sagt varhugavert, ef ekki hættulegt fyrir Framsfl. — og raunar fyrir hvaða flokk sem væri — að ala í brjósti sér þá minnimáttarkennd, að flokkurinn geti ekki haldið velli í kosningum á jafnréttisgrundvelli við aðra flokka. Framsóknarmönnum á Alþ. hlýtur að vera það ljóst, að með þessari afstöðu er flokkurinn að einangra sig á stjórnmálasviðinu, og er það mjög athyglisvert fyrir það sveitafólk, sem bindur bagga sína með þeim flokki.

Með þeirri breytingu, sem nú er á orðin um búsetu fólksins í landinu, geta þeir, sem í sveitum búa, ekki tryggt áhrifavald sitt til hlítar á gang stjórnmálanna með öðru móti en því að hafa aðgang að samstarfi við fólkið, sem í þéttbýlinu á heima, og því nánari sem þessi tengsl eru, því betur er sveitafólkið á vegi statt til þess að koma vilja sínum fram.

Þeim, sem í sveitum búa, er það mikil nauðsyn að geta haft sem nánast samstarf við stjórnmálaflokk, sem gerir sér ljósa grein fyrir þýðingu og gildi landbúnaðarins í þjóðarbúskap vorum og hve þjóð vor á mikið undir því nú og í framtíðinni, að hann geti vaxið og dafnað, en jafnframt þarf flokkurinn að eiga rík ítök og sterkar stoðir í fólkinu, sem í þéttbýlinu býr. Þessi skilyrði uppfyllir Sjálfstfl. bezt allra flokka. Hann er stærsti stjórnmálaflokkurinn í landinu. Í honum eru menn úr öllum stéttum þjóðfélagsins. Hann er frjálslyndur, víðsýnn og raunsær umbótaflokkur. — Það verður ekki séð, að Framsfl. hafi upp á nein slík sambönd við þéttbýlisfólkið að bjóða. Vitað er, að sáralítið gætir áhrifa hans þar. Þá er hitt alþekkt, hvernig Framsfl. gengur samstarfið við aðra flokka. Væri þó synd að segja, að hann hefði ekki alla tilburði til þess að stofna til slíks samstarfs, hvenær sem færi gefst, enda mun hann hafa flestra lækjanna leitað í þeim efnum. Skást hefur þó gengið samstarfið við Sjálfstfl. Helzt hefur sá flokkur komið einhverju tauti við Framsfl. Samstarfi Framsfl. við aðra flokka en Sjálfstfl. hefur ávallt lokið með skelfingu, eins og síðustu stjórnarslit gerst sanna, og sízt af öllu þarf að gera því skóna, að slíkt samstarf Framsfl. við aðra flokka, þótt hafið yrði á ný, tækist betur, meðan flokkurinn velur sér þá foringja, sem nú sitja þar undir stýri.

Ég skal taka það fram, að það er fjarri því, að það sé af neinni minnimáttarkennd fyrir hönd landbúnaðarins, miðað við hlutverk það, sem hann gegnir í þjóðfélaginu, að ég hvet sveitafólkið svo mjög til samstarfs við aðrar

stéttir, heldur á þetta rót sína að rekja til þess, að ég tel það búmannshyggindi að loka ekki augunum fyrir þeirri staðreynd, að sveitafólkið er, eins og nú er komið, í minni hluta í landinu.

Það er sannfæring mín, að kjördæmaskipun sú, sem nú hefur verið samþykkt, leiði til góðs bæði í sveit og við sjó og að þessi réttarbót og það aukna samstarf, sem þar er efnt til, styrki og efli starfsemi vora á öllum sviðum þjóðlífsins.

Kjartan J. Jóhannsson: Herra forseti. Við heyrum alltaf öðru hvoru hjáróma raddir um það, að Íslendingar séu og hljóti að verða áfram tvær andstæðar fylkingar dreifbýlis og þéttbýlis. Þetta er hin versta villa. Við erum öll í sama bát og vegnar ekki vel, nema við sjáum um, að jöfnuður haldist á milli sjávar og sveitar, dreifbýlis og þéttbýlis. Þetta ætti raunar að vera öllum sæmilega viðsýnum mönnum augljóst, að bændum, sem helzt þurfa að selja allar afurðir sínar fólkinu við sjávarsíðuna, getur ekki farnazt vel, nema fólkið komist svo vel af, að það geti keypt þær með þolanlegu verði. Og við, sem höfum þekkt mjólkurhungur og skort á öðrum landbúnaðarvörum, skiljum það áreiðanlega, að nauðsynlegt er, að bændur geti aukið og bætt bú sín. Við fögnum því, er þeir geta þannig gert þau arðmeiri og um leið tryggt okkur gegn því að eiga slíkan skort yfir höfði okkar og barna okkar.

Mér er ánægja að geta sagt frá því hér, að innan Sjálfstfl. hefur þessi skoðun alla tíð verið ríkjandi. Það er vafalaust einmitt m. a. þess vegna, sem Sjálfstfl. á jafnt fylgi að fagna til sjávar og sveita, í dreifbýli og þéttbýli. Þeir, sem hafa kynnzt þessu farsæla samstarfi innan flokksins, sjá, að það er báðum til skilningsauka og þjóðinni allri til hags. Aðrir stjórnmálaflokkar hér á landi eiga meginhluta fylgis síns ýmist í dreifbýli eða þéttbýli og hafa því stundum af þröngu flokkssjónarmiði freistazt til að mismuna öðru á kostnað hins, en slíkt er stórskaðlegt og hefnir sín, eins og öll rangindi gera fyrr eða síðar.

Þegar alvarlega var farið að kreppa að mörgum byggðarlögum á Vestur-, Norður- og Austurlandi, aðallega vegna langvinns aflabrests og fjárhagsörðugleika, er af honum leiddi, þá var það fyrir baráttu sjálfstæðismanna á Alþingi og áhugamanna heiman úr héruðunum, að loks var byrjað að veita fé til atvinnuaukningar og jöfnunar. Og það voru sjálfstæðismenn, sem lögðu á það mesta áherzlu, að þessu fé yrði varið til að stuðla að því, að keypt væru atvinnutæki eða byggð upp varanleg frambúðaratvinna, eftir því sem vænlegast væri á hverjum stað, gagnstætt því, sem því miður hafði of oft verið um svokallað atvinnubótafé áður, sem stundum fór mest í að moka snjó eða berja grjót upp úr klaka.

Þótt aflabrestur væri aðalundirrót neyðarástandsins, átti afturkippurinn, sem kominn var í atvinnulífið, sér sums staðar enn dýpri rætur. Á Ísafirði mátti t. d. rekja hann allt til þess, að Ísfirðingar fengu ekki leyfi til þess á árunum 1934—38 að kaupa sér stærri og fullkomnari fiskiskip. Þeir margsóttu um það, en fengu ávallt neitun. Sú ríkisstj., sem þá sat að völdum, hafði ekki trú á að auka útgerðina eða þá a. m. k. ekki nema með smáfleytum. Fyrst bar stjórnin við gjaldeyrisskorti, en þótt það mál væri þá leyst þannig, að greiða mátti skipin með þeim gjaldeyri, sem þau væntanlega öfluðu á síldveiðum, fékkst samt ekki leyfi til þess að kaupa þau. Á þessum árum og raunar miklu lengur var það allt að því trúaratriði bæði hjá Framsfl. og Alþfl., að skipin ættu að vera lítil. Ég get þessa hér vegna þess grobbs, sem nýlega var í blaði framsóknarmanna, Tímanum, um þessa löngu liðnu stjórn, sem að okkar reynslu var hin versta, sem verið hefur, a. m. k. þangað til hæstv. fyrrv. ríkisstj. kom til. Hvor verri var, er erfitt að dæma um vegna mismunandi aðstæðna. En hjá okkur vestra var reynslan afleit af báðum.

M. a. af þessu, að útgerðarmenn fengu ekki að bæta skipakost sinn og auka á þessum árum, leiddi svo það, að hagur útgerðarinnar vænkaðist ekki eins mikið næstu árin og annars staðar á landinu. Í stríðslok voru því ekki til nýbyggingarsjóðir eða varasjóðir, sem um munaði, hvorki til að endurnýja skipastólinn né mæta aflabrestinum. Varð útgerðin því ekki samkeppnisfær. Auk þessa urðu svo Ísfirðingar út undan næstu árin þar á eftir um fjármagn til atvinnutækja og verksmiðja, e. t. v. af því, að fjárskortur var heima fyrir, svo að ekki var unnt að afla þar mótframlags á móti þeim lánum, er þar fengust. Ég tek hér dæmi af Ísafirði, af því að þar er ég kunnugastur þessum málum allan þennan tíma, sem um er að ræða, en ég veit, að ástandið, aflaleysið og vandræðin voru svipuð víðast á Vestfjörðum, Norður- og Austurlandi. Af þessu er auðskilið, að það var nauðsynlegt og eðlilegt, að ríkissjóður hlypi undir baggann og liðsinnti þeim byggðarlögum, sem út undan höfðu orðið, um ný atvinnutæki.

Það er líka mjög ánægjulegt, að nú er farið að koma í ljós, að þetta atvinnuaukningarfé hefur víða komið að mjög miklu gagni, sums staðar alveg ótrúlega miklu. Það er meira að segja alveg vafalaust, að beinn sparnaður hefur verið að því fyrir ríkissjóð að veita þetta fé, t. d. þar sem svo hagaði til, að til voru sæmilegar íbúðir, skólar og önnur opinber mannvirki fyrir fólkið, en vantaði aðeins hjálp til þess að eignast atvinnutæki til að geta bjargað sér. Fyrstu árin var fénu skipt milli þeirra, sem mest kallaði að að hjálpa að dómi tveggja embættismanna, ráðuneytisstjóra í stjórnarráðinu. En eftir að ráðh. í hæstv. fyrrv. ríkisstj. tóku úthlutunina í sínar hendur, lék grunur á, að ekki væri alltaf farið eftir þeim sjónarmiðum eða líkum á, að féð yrði að sem mestu gagni þeim byggðarlögum, sem það fengu, og um leið þjóðhagslega með því að stuðla að aukinni framleiðslu og betri nýtingu vinnuafls þjóðarinnar. Það styrkti gruninn, að ekki fengust upplýsingar um úthlutun fjárins, þótt eftir væri leitað. Við lögðum því til, nokkr-

ir þm. Sjálfstfl., að þessum málum væri komið í fastara horf, ákveðin framlög í 5 ár, 15 millj. á ári, en úthlutun fjárins og stjórn sjóðsins annaðist 5 manna n. kosin hlutfallskosningu af Alþingi. Við töldum það tryggja sem réttlátasta skiptingu og a. m. k. koma í veg fyrir allt laumuspil með fé. Um þetta hefur ekki fengizt samkomulag fyrr en nú, að samkomulag er orðið um það milli Sjálfstfl., Alþfl. og Alþb., að n. skuli kosin á þessu þingi. Hún var einmitt kosin á fundi í Sþ. í dag.

Í ár var fjárhæðin lækkuð á fjárlögum úr 13.5 millj. í 10 millj. kr. að till. hæstv. fjmrh. Hann taldi þetta fært, því að vænta mætti, að nokkur lán fengjust úr sjóði atvinnuleysistrygginga til þeirra framkvæmda, er hér um ræðir. Hvort það reynist svo, verður reynslan að sýna. En það sem af er þessu ári, hafa úr sjóðnum verið ákveðnar lánveitingar til hafnarbóta og fleiri hafnarframkvæmda víðs vegar um land, tæpar 8 millj. kr.

Ég hef rætt þetta svona ýtarlega til þess, að það kæmi skýrt fram, að þetta fé er ekki hugsað af okkur sem nein ölmusa, heldur aðeins leiðréttíng á misræmi, sem orðið var milli byggðarlaga. Þetta er fé, sem, sé því skynsamlega varið, á raunverulega að gefa þjóðarbúinu góðan arð. Þar, sem ég er nákunnugastur, þ. e. á Vestfjörðum, hefur að mestu tekizt vel um úthlutun fjárins, sem þangað hefur farið. Það hefur komið að góðu gagni, bætt atvinnuna, ekki aðeins í svip, heldur skapað grundvöll að betri og stöðugri vinnu en áður var. Árangurinn hefur ekki heldur látið á sér standa. Fjárhagur byggðanna er að rétta við og almenningur á góðri leið með að komast úr örbirgð til bjargálna. Þarna vantar enn bagalega atvinnutæki og endurbætur á þeim, sem fyrir eru. En samt er nú þegar komið svo, að þetta fólk framleiðir verulega meira en sinn hlut hlutfallslega af útflutningsverðmæti þjóðarinnar og gæti þó enn stóraukið framleiðsluna, ef fleiri tæki fengjust, án þess að fjölga fólki nema sem svarar eðlilegri fjölgun heima fyrir. Fyrir tveimur árum var frá litlu sjóplássi flutt út svo mikið magn sjávarafurða á hvern íbúa, að útflutningsverðmæti allrar þjóðarinnar hefði átt að vera um 4 milljarðar króna í stað tæplega eins það ár, ef aðrir landsmenn hefðu að þessu leyti staðið jafnfætis. Ég er ekki að miklast af þessu eða gefa í skyn, að önnur framleiðsla eigi ekki rétt á sér. En okkur er samt hollt að muna, að sjávarafurðir eru enn grundvöllur allrar annarrar framleiðslu og afkomu okkar allra.

Ég segi líka frá þessu af því, að sú leið, sem þarna hefur verið farin, er sú eina rétta leið, sem fær er til þess að bæta afkomuna, þ. e. með því að auka framleiðsluna, og það er rétt leið, þótt lánsfé þurfi til þess, ef þess er aðeins gætt að verja því til þeirra beztu framleiðslutækja, sem fáanleg eru á hverjum tíma. Það er eina leiðin, sem þarna var fær. Það var ekki hægt að bíða eftir, að fjármagn myndaðist heima fyrir. Það fór síþverrandi. Meðan verst gekk, fluttu þeir burtu, sem bezt voru stæðir og áttu því hægast með að flytjast.

Það er nú mjög kvartað um, að menn vilji ekki sækja sjóinn, og það er rétt, að oft er vöntun á sjómönnum. En þó er það svo hjá okkur, að enn eru til menn, sem vilja fara á sjó, en vantar skip, — menn, sem hafa viljað og vilja leggja aleigu sína í að kaupa þau, en ekki getað fengið þau enn. Við höfum vinnufúsar hendur, sem eru þess albúnar að vinna gull úr sjónum, ef við fáum aðeins að bæta við okkur þeim tækjum, sem enn vantar, svo að vel sé. Við ætlum ekki að vinna það með nýrri undraaðferð, heldur með gamla laginu, sem Vestfirðingar lengi hafa kunnað manna bezt.

Í vetur var hér mikil bölsýni, einkum á síðustu vikum hæstv. fyrrv. ríkisstj., sem sagði algert efnahagshrun yfirvofandi, ef hún fengi ekki sjálfdæmi eða einræðisvald. Alþýðusambandið vildi ekki hnífakaup óséð, og lái því hver sem vill. Eftir uppgjöf hennar lögðum við sjálfstæðismenn fram tillögur til að stöðva hrunið, sem stefna hennar var að leiða yfir þjóðina. Við fengum ekki stuðning allra flokka, en Alþfl. tók að sér að mynda stjórn með málefnalegum stuðningi okkar. Hinu bráða hruni var þannig afstýrt, fyrst og fremst vegna ábyrgrar málefnalegrar afstöðu sjálfstæðismanna. Vonandi fæst þannig tækifæri til að snúa efnahagsmálum okkar til betri vegar. Það hefur tekizt með öðrum þjóðum, og við getum það líka áreiðanlega, ef þjóðin vill.

Hv. framsóknarmönnum vil ég segja það, að það þýðir ekki fyrir þá að segja okkur Vestfirðingum, að nánari tenging byggðanna í stærri heildir muni skaða þær og vera til landauðnar. Reynslan hefur einmitt kennt okkur að þoka okkur saman. Þess vegna stofnuðum við fjórðungsþing Vestfirðinga, og þess vegna stofnuðum við samtök til þess að vinna að rafvæðingu Vestfjarða. Án þeirra samtaka hefði enn ekki verið gerð stórvirkjun á Vestfjörðum. Sama máli gegnir um samgöngumál og fleiri sameiginleg hagsmuna- og áhugamál. Í sumar verður unnið meira að vegagerð á Vestfjörðum en nokkru sinni fyrr, einmitt vegna samtaka og samstöðu byggðanna heima fyrir.

Í kosningunum í sumar verður kosið um meira jafnrétti milli kjördæma en verið hefur. En við megum ekki gleyma því, að það er líka kosið til þess að forða okkur frá hrunstefnu fyrrv. ríkisstj., til þess að fá styrka stjórn með raunverulegan meiri hluta þjóðarinnar að bakhjarli til þess að vinna að heilbrigðari þróun efnahagsmála en verið hefur.

Tíma þeim, sem við sjálfstæðismenn höfum til umráða í kvöld, er nú lokið. Við erum sannfærðir um, að við erum að berjast fyrir réttlæti milli kjördæma og farsælli þróun efnahagsmála en verið hefur í þeim átökum, sem fram undan eru. Við treystum þjóðinni og leggjum málin óhikað undir hennar dóm. Þökk þeim er hlýddu. — Góða nótt.

Pétur Pétursson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Það er sjálfsagt að viðurkenna það hreinskilnislega, að þær ráðstafanir, sem gerðar voru í vetur með l. um niðurfærslu verð-

lags og launa, leiddu af sér nokkra kjaraskerðingu fyrir alþýðu manna, a. m. k. í bili. En hitt er jafnsjálfsagt og sanngjarnt, að reynt sé að gera þjóðinni grein fyrir því, hvað hefði gerzt í efnahagsmálum hennar, ef stöðvunarleiðin hefði ekki verið farin. Ef það er hins vegar athugað, hvernig ástandið væri í dag og hvernig það mundi verða á næsta hausti, hefði hækkunarleiðinni verið fylgt áfram, held ég, að næsta lítið verði úr þeirri kjaraskerðingu, sem ýmsir tala nú mest um, samanborið við það, sem hefði dunið yfir. Gera má ráð fyrir, að örar vísitöluhækkanir kaupgjalds og verðlags hefðu haldið áfram árið 1959 með auknum hraða. Auðvitað mundi þessi öra vísitöluhækkun ekki stöðvast á árinu 1960 af sjálfu sér, heldur þvert á móti. Í stað þess að verðbólguaukning hafði verið að meðaltali um 10% síðan 1946, mundi hún nú sjálfsagt verða um 30% á ári eða enn meira. Það er því augljóst, að seint á s. l. ári hlaut að vera komið að tímamótum í íslenzku efnahagslífi. Það varð með einhverjum ráðum að stöðva vísitöluhækkanir kaupgjalds og verðlags. Þetta fann raunar allur almenningur og tók með skilningi þeim ráðstöfunum, sem gerðar voru eftir áramótin. En allar þessar ráðstafanir hafa miðað að því að stöðva þá óheillaþróun, sem við blasti.

Allir hugsandi menn hljóta að gera sér ljóst, hvað hefði skeð, ef þróunin hefði orðið sú, sem líkur bentu til að hún mundi verða. Allur sá aukni krónufjöldi, sem menn hefðu fengið í laun, hefði bókstaflega brunnið upp til agna á báli verðbólgunnar. Og ekki aðeins það, verðgildi peninganna hefði auðvitað enn rýrnað. Þeir, sem hafa safnað sér einhverju sparifé, hefðu bókstaflega horft á eftir því í verðbólgueldinn. Allir, sem hefðu átt þess kost, hefðu reynt að koma sparifé sínu í eitthvað fast. Þetta fé hefði þannig farið út úr bönkum og sparisjóðum og þessir aðilar átt í enn meiri erfiðleikum með að sinna hlutverki sínu að lána til framleiðslu og framkvæmda. Varla hefði reynzt auðvelt að semja við framleiðsluatvinnuvegina til langs tíma í einu. Útvegsmenn hefðu auðvitað séð, að vegna sífelldra verðhækkana og kaupbreytinga væri ekki hægt annað en hafa samninga meira og minna lausa. Þeir hefðu ekki samið miðað við verðlag og kaupgjald, sem var ríkjandi, þegar samningurinn var gerður, heldur miðað við væntanlegt verðlag og kaupgjald á samningstímabilinu, sem hefði orðið til að auka enn hraða verðbólgunnar. Þeir, sem stunda landbúnað, mundu tæpast hafa unað því, að verðlagsgrundvöllur væri aðeins endurskoðaður einu sinni á ári. Nýjar álögur hefði auðvitað orðið að leggja á, eftir því sem styrkþörf atvinnuveganna varð meiri. Allt eftirlit með verðlagi í landinu hefði orðið illframkvæmanlegt eða óframkvæmanlegt vegna þess, hve allar verðlagsbreytingar hefðu orðið örar. Gjaldþol þegnanna hefði svo smáminnkað, sem hefði engu síður komið niður á bæjar- og sveitarfélögum en ríkinu sjálfu. Þar hefði sjálfsagt komið, að erfiðleikar atvinnuveganna hefðu orðið svo miklir, að þeir hefðu farið að dragast saman. Þá fyrst hefði hættan orðið geigvænleg: atvinnuleysi á næstu grösum og ekki komizt fram hjá efnahagslegu hruni.

Þegar þessar staðreyndir eru athugaðar til samanburðar við þær ráðstafanir, sem gerðar voru, hlýtur hverjum manni að verða ljóst, að um litla kjaraskerðingu var að ræða um s. l. áramót, miðað við þá kjaraskerðingu, sem óhjákvæmileg hefði verið, hefði áfram verið haldið á sömu braut.

Það tekur auðvitað nokkurn tíma að stöðva verðbólguhjólið og enn lengri tíma að koma efnahagsmálunum í það horf, sem æskilegt má teljast. Núv. hæstv. ríkisstjórn hefur ekki miðað störf sín við það að leysa efnahagsvandamál þjóðarinnar til frambúðar. Hitt hefur henni tekizt að bjarga þjóðinni frá efnahagslegu hruni, sem búast mátti við að væri fram undan, með því að stöðva þá geigvænlegu verðbólgu, sem við blasti. Engri ríkisstj. eða þingmeirihluta tekst að leysa efnahagsvandamálið í landinu nema með samstarfi við vinnandi fólk og skilningi þess á vandamálinu. Allir, sem vinna gegn því, að slíkt megi takast, eru að vinna þjóðhættulegt starf.

Mér þótti stjórnarandstaðan í tíð fyrrv. ríkisstj. oft hafa allt of neikvæða afstöðu til ýmissa vandamála, sem höfðu bein áhrif á efnahagsafkomu þjóðarinnar. En mér virðist núv. stjórnarandstaða alls ekki taka jákvæðari afstöðu, nema síður sé. Það má kannske segja, að þessi afstaða sé mannleg, en stórmannleg getur hún ekki talizt.

Því hefur verið haldið fram í blöðum og raunar líka hér á hv. Alþ., að núv. hæstv. ríkisstj. og gjaldeyrisyfirvöld hafi gert einhverja meginbreytingu varðandi innflutning til landsins í þá átt, að nú skuli stórauka innflutning óþarfavarnings, en nauðsynjamuni vanta í stórum stíl. Hér er annaðhvort um að ræða meinlegan misskilning, sem þarf að leiðrétta, eða þá hitt, sem er raunar miklu líklegra, að af yfirlögðu ráði sé reynt að gera tortryggilega þá innflutningsáætlun, sem gerð hefur verið, og læða því inn í hugi manna, að þessum málum sé nú allt öðruvísi háttað en var s. l. ár. Innflutningsáætlunin hefur verið gerð af viðskmrn., gjaldeyrisbönkunum og innflutningsskrifstofunni. Áætlunin er miðuð við það, að heildarvöruinnflutningur til landsins geti orðið jafnmikill og hann var á s. l. ári, eða tæpar 1100 millj. kr. En undirstaðan undir þessum innflutningi er sú, að gert er ráð fyrir álíka miklum útflutningi og árið sem leið og auk þess sé notað nokkurt gjaldeyrislán. Má gera ráð fyrir, þar sem útflutningsáætlunin er mjög varleg, að gjaldeyrisafkoma geti eitthvað batnað á árinu, en á því var sannarlega ekki vanþörf. Fer það þó auðvitað eftir aflabrögðum og markaðsmöguleikum, hvort takast má að bæta gjaldeyrisstöðuna. Helzt þyrftum við að eignast ofur lítinn varasjóð til að mæta óviðráðanlegum erfiðleikum, svo sem aflabresti. Engin von er þó til, að það takist að mynda hann. En ef við gætum grynnkað eitthvað á þeim miklu lausaskuldum, sem hafa verið að keyra okkur í kaf, væri miklum áfanga náð.

Við skiptingu heildarupphæðarinnar milli flokka var við það miðað að fullnægja þörfum fyrir neyzluvörur og rekstrarvörur. Yfirleitt var miðað við gjaldeyrisúthlutunina 1958, en tillit var tekið til meiri háttar breytinga, hvort sem þær stöfuðu af breyttu verðlagi eða breyttri neyzlu. Áætlun um innflutning neyzluvara og rekstrarvara er því nokkurn veginn sú sama og reynslan varð 1958. Svokallaðar hátollavörur er gert ráð fyrir að flytja inn fyrir rúmlega 200 millj. kr. í ár, en voru fluttar inn í fyrra fyrir 179 millj. kr. Þegar l. um útflutningssjóð voru sett fyrir ári, var gert ráð fyrir, að þessi innflutningur yrði yfir 200 millj. kr. Allir vita, að til þess að útflutningssjóður fái áætlaðar tekjur, verður innflutningur hátollavara að vera svo mikill sem gert er ráð fyrir. Þeim ferst því sízt, sem stóðu að löggjöfinni um útflutningssjóð, m. a. hv. þm. Mýr., Halldóri E. Sigurðssyni, sem talaði hér áðan, að vera nú að tala um óþarfainnflutning, þegar þeir vita, að afkoma útflutningsatvinnuveganna er undir því komin, að útflutningssjóður hafi nægar tekjur til að standa við skuldbindingar sínar.

Af þessari sundurliðun og samanburði við s. l. ár ætti öllum að verða ljóst, að ekkert hefur verið gert — alls ekkert — í þá átt að minnka innflutning neyzluvara og nauðsynjavara. Það verður lítillega dregið úr innflutningi fjárfestingarvara, sem er í samræmi við þá stefnu hæstv. ríkisstj. að reyna nokkuð að draga úr eða fresta þeim fjárfestingarframkvæmdum, sem eru ekki beinlínis til aukningar útflutningsframleiðslunnar, og þannig stefna meira í jafnvægisátt. Að halda því fram, að hér hafi einhver meginbreyting átt sér stað frá því, sem verið hefur, er gert gegn betri vitund og í þeim eina tilgangi að koma inn þeirri hugsun hjá almenningi, að vöruþurrð kunni að vera yfirvofandi. Þetta er alrangt og lítilfjörlegt af stjórnmálamönnum að halda slíku fram.

Þegar umbótabandalag jafnaðarmanna og framsóknarmanna var myndað vorið 1956, töldu margir, að það afl væri að myndast í þjóðfélaginu, sem eitt væri nægjanlega sterkt til að berjast á móti íhaldi og kommúnisma. Þeir, sem þannig hugsuðu, hafa orðið fyrir vonbrigðum. Öllum hlaut að vera það ljóst, einnig framsóknarmönnum, að við jafnaðarmenn teldum það ekki æskilegt út af fyrir sig að fara í stjórn með kommúnistum. Þó var sú leið valin, m. a. vegna þess, að ýmsir gerðu sér vonir um, að Hannibal Valdimarsson og það fólk, sem honum fylgdi, mundi hafa nokkuð aðra skoðun á þjóðmálum en Moskvakommúnistar. En eftir að fyrrv. stjórn var mynduð, kom fljótt í ljós, að framsóknarmenn töldu sig þurfa að taka að sér eins konar sáttasemjarastarf innan þeirrar ríkisstj. Og afleiðingin af því starfi varð svo sú, að býsna oft tóku framsóknarmenn afstöðu með Alþb. Kom þetta hvað berlegast í ljós, þegar kom til kosninga til Alþýðusambandsþings, og yfirleitt í málefnum verkalýðssamtakanna. Það er ekki jafnaðarmönnum að kenna, að samvinna umbótaflokkanna gat ekki átt sér stað í þessum efnum, heldur hinu, að framsóknarmönnum þótti heppilegra að hafa samvinnu við kommúnista. Þessi afstaða samstarfsflokksins hlaut að verða illa séð hjá jafnaðarmönnum, og til þess bar enga nauðsyn hjá forustumönnum Framsfl. að taka slíka afstöðu, ef þeim var umhugað um að halda áfram samstarfi, sem tekizt hafði milli flokkanna. Hér við bætist svo það, að formaður Framsfl. baðst lausnar fyrir ríkisstj. sína í byrjun desember, án þess að um stjórnarslitin væri höfð sérstök samvinna við Alþfl., sem þó hefði mátt búast við, þar sem ekki var um stórvægilegan ágreining að ræða milli flokkanna um lausn efnahagsvandamálanna. Jafnaðarmenn hljóta að líta á framkomu forustumanna Framsfl. sem ákveðna bendingu um það, að þeir óski ekki eftir áframhaldandi samvinnu.

Alþfl. hefur staðið við alla gerða samninga gagnvart samstarfsflokkum sínum á kjörtímabilinu. Það er ekki honum að kenna, að stjórn Hermanns Jónassonar fór frá völdum. Auðvitað er samvinna flokkanna ágæt hér og þar í kaupstöðum og kauptúnum úti um land, þar sem um er að ræða málefni viðkomandi byggðarlaga og þar sem þarf að leysa aðkallandi framfaramál í andstöðu við afturhaldsöflin. En í þjóðmálum hefur Framsfl. þótt henta að fórna samvinnunni við jafnaðarmenn af einhverjum ástæðum, sem mér eru ekki kunnar.

Ég vil taka það fram, að ég tel, að fyrrv. ríkisstj. hafi komið mörgum góðum málum áfram og áleiðis, einkum þegar þess er gætt, hvernig aðkoma hennar var, þótt henni hafi mistekizt að leysa efnahagsmálin og stjórnarskrárbreytinguna. Sérstaklega er athyglisvert, hvernig tókst að auka og efla atvinnulífið víða úti um land. Alþfl. hefur alltaf talið, að fólk þyrfti að hafa sem jafnasta atvinnu- og afkomumöguleika, hvar sem það byggi á landinu. Hann hefur talið, að bezta aðferðin til að sporna við fólksstraumnum utan af landsbyggðinni og hingað til þéttbýlisins væri einmitt að auka atvinnutæki og atvinnu úti um hinar dreifðu byggðir landsins. Aukin framleiðsla er vissulega undirstaða bættrar efnahagsafkomu, og drjúg er útflutningsframleiðslan í mörgum hinna smærri plássa. Það er því eðlilegt, að núv. hæstv. ríkisstj. hafi mikinn áhuga á því að halda áfram að auka uppbyggingu atvinnulífisins úti um landið. Vil ég nefna sem dæmi, að nú er í fyrsta skipti gert verulegt átak til að koma áfram ýmsum hafnarframkvæmdum úti um land, þar sem ákveðið er að verja a. m. k. 28 millj. kr. til slíkra framkvæmda umfram þær 12 millj. kr., sem gert er ráð fyrir á fjárlögum. En allir vita, að góðar hafnir eru undirstaða blómlegrar útgerðar. Atvinnuöryggi verður að tryggja í hinum ýmsu byggðarlögum landsins. Þessi trygging fæst bezt með því að efla framleiðsluna. Fyrir því er Alþfl. reiðubúinn til að gera allt, sem honum er unnt, til þess að auka atvinnutæki og efla framleiðslu, hvar sem er á landinu.

Jafnaðarmenn líta á það sem kjarna allrar sinnar baráttu að láta málefnin ráða hverju

sinni og taka ábyrga afstöðu til mála. Ekki er ólíklegt, að stundum hefði Alþfl. getað haft í frammi meiri áróður og tekið ábyrgðarlausari afstöðu til einstakra mála. Má vera, að hann hefði getað aukið fylgi sitt eitthvað um stundarsakir með slíkum vinnubrögðum. En jafnaðarmenn munu aldrei fara inn á þá braut. Þeir líta á viðfangsefnin hverju sinni eins og þau raunverulega eru. Síðan vinna þeir að lausn þeirra eftir þeim leiðum, sem þeir telja hagkvæmastar fyrir þjóðfélagið í heild. Alþfl. hefur barizt fyrir mörgum sanngirnismálum, sem hafa snert beint og óbeint flesta Íslendinga. Hann telur, að árangurinn af baráttunni hafi orðið góður. Flokkurinn mun því halda áfram að nota sömu baráttuaðferðir og hann hefur gert til þessa. Árangurinn á að verða betri afkoma þjóðarinnar í heild og sem jafnastur hlutur allra landsmanna í þjóðarauði og þjóðartekjum. — Góða nótt.

Umr. frestað.

Á 49. fundi í Sþ., 12. maí, var fram haldið almennum stjórnmálaumr. (útvarpsumr.).

Forseti (JPálm): Þessar umræður í kvöld, sem eru framhald frá í gærkvöld, fara fram á þá leið, að hver flokkur hefur til umráða 55 mínútur, sem skiptast í þrjár umferðir. Það eru tvisvar 20 mín. og að síðustu 15 mín. Röð flokkanna í kvöld er á þá leið, að fyrst er Framsfl., þá Sjálfstfl., síðan Alþfl. og síðast Alþb. Ég vil mega vænta þess, að hv. þm. haldi sig sem mest við tilskilinn ræðutíma. — Þá hefst umræðan, og tekur fyrst til máls fulltrúi Framsfl., hv. þm. S-Þ., Karl Kristjánsson.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Háttvirtu áheyrendur fjær og nær. Fyrir kosningarnar 1956 gerðu Alþfl. og Framsfl. með sér bandalag, sem þeir kölluðu Umbótabandalag. Andstæðingum flokkanna leizt ekki á blikuna og kölluðu bandalagið Hræðslubandalag. Þetta bandalag var hugsað til frambúðar. Báðir flokkarnir gerðu ráð fyrir og sögðu, að líklega mundi þurfa fleiri kosningar, áður en bandalagið yrði það þriðja afl í íslenzkum stjórnmálum, er nyti sín sem skyldi og leysti þann vanda að koma upp vel samstæðum meiri hluta. Framsóknarmenn brugðust Alþfl.-mönnum hvergi í kosningahríðinni, og svo gott var bróðernið af þeirra hálfu, að þegar þm. Alþfl. hvarf af landi brott, stóð fulltrúi Framsfl. upp úr varamannssæti til þess að rýma fyrir Alþfl.-manni. Hitt var kunnugt, að sums staðar mistókst liðveizla Alþfl.

Umbótabandalagið vantaði eftir kosningarnar tvo menn til þess að hafa meiri hl. þings. Varð þá að ráði að mynda ríkisstj. með Alþb., enda virtust Moskvalínumennirnir þar þá í miklum minni hl.

Vinstri stjórnin var athafnasöm umbótastjórn. Landsfólkið fann þess glöggan vott og man það. En hún varð að hætta störfum í vetur eftir tvö og hálft ár vegna ágreinings um úrlausnir í efnahagsmálum. Fyrir þessum ágreiningi og orsökum hans gerði fyrrv. forsrh., Hermann Jónasson, glögga grein í ræðu sinni í gær.

Þótt vinstri stjórnin segði af sér, átti Umbótabandalaginu þar með ekki að vera lokið, eftir því sem í upphafi var til stofnað. Framsóknarmenn lögðu til, að þjóðstjórn yrði mynduð, töldu, að efnahagsmálin, stjórnarskrármálið og þó landhelgismálið sérstaklega gerði það eðlilegt, að allir flokkar tækju nú höndum saman, eins og sakir stóðu. Umbótabandalagið gat haldið áfram innan þjóðstjórnarinnar sem hið þriðja afl. En í stað þess að styðja þjóðstjórnarhugmyndina lét Alþfl. ginnast til þess að rjúfa Umbótabandalagið og mynda augnabliksstjórn minni hl., sem hafði ekki á að skipa nema rúmlega ⅙ af þm. og það mönnum, sem komizt höfðu á þing að verulegu leyti fyrir stuðning annars flokks, Framsfl., er nú skyldi unnið gegn, því að það var Sjálfstfl., sem Alþfl. gekk á hönd og seldi sál sína, um leið og hann myndaði hina veiku stjórn sína með hlutleysi og stuðningi Sjálfstfl. Aldrei fyrr mun það hafa gerzt í veröldinni, að flokkur, sem telur sig verkalýðsflokk, hafi gert slíkan samning við stóratvinnurekenda- og auðshyggjumannaflokk. Þetta var auðvitað álíka hyggilegt af Alþfl. og ef rjúpa semdi við fálka að gæta sín og eggja sinna.

Með þessum samningi við Sjálfstfl. var Umbótabandalagið svikið af forustumönnum Alþfl. á hastarlegan hátt. Í gærkvöld leyfði svo einn af þm. Alþfl. sér að segja, að Alþfl. hefði staðið við öll sín orð, og bætti meira að segja við, að Framsfl. hefði fórnað samvinnu við Alþfl. Slík málfærsla er hámark ósvifni. Hins vegar voru svikin alls ekki almenningi í Alþfl. að kenna. Í hans garð er ekki rétt að láta nein ásökunarorð falla og skal ekki heldur gert af mér.

Hvað gekk að þm. Alþfl.? Það væri rannsóknarefni fyrir sálfræðinga. Í desember rétt fyrir jólin komu þeir 8 samtals eins og jólasveinar af fjöllum með poka sína fulla af gjöfum, — nei, nei, ekki gjöfum, en loforðum um gjafir handa þjóðinni: lækkun verðbólgu, niðurgreiðslu verðlags án nýrra álagna, lækkun tilkostnaðar hjá ríki, stóraukið efnahagslegt öryggi o. s. frv. Hugdjarfar hetjur, heyrðist kallað, en það var bergmálið af því, sem þeir sögðu sjálfir í hátíðaboðskap sínum!

Stjórnarflokkarnir, Alþfl. og Sjálfstfl., settu eftir nýárið lög um niðurfærslu verðlags og fleira. Þau lög tryggja niðurfærslu kaupgjalds og verðlags aðalframleiðsluvara, en ná alls ekki til alls verðlags. Verðþenslan fer í gegnum net þeirra í mörgum efnum. Nú er nýafstaðin fjárlagaafgreiðsla stjórnarflokkanna. Hún er með eindæmum glannaleg og morar af undanbrögðum, eins og ræðumenn stjórnarandstöðunnar sýndu fram á í gærkvöld, án þess að stjórnarliðið gæti í nokkru hrakið.

Við afgreiðslu fjárl. komst það m. a. upp, að stjórnarflokkarnir hugsa sér, að svikin skuli tíu ára rafvæðingarframkvæmdin, hætt við héraðsveitur á sumum stöðum og mönnum bent á, að þeir geti í staðinn tekið upp dísilstöðvar. Snertir þetta bæði sveitir og kauptún lands-

byggðarinnar. Framsóknarmenn báru strax fram þáltill. um, að tíu ára áætluninni skuli haldið áfram. Till. var vísað til fjvn. í gær. Í dag klofnaði n. út af till. Stjórnarliðið í n. vill ekki, að hún verði samþykkt. Sýnir þetta glögglega, hvað fyrir stjórnarflokkunum vakir, það er að níðast á landsbyggðinni, þar sem hún yfirleitt stendur höllustum fæti vegna legu sinnar.

Allar sínar athafnir í fjárhagsmálunum miðar þessi ríkisstj. við fresti og undanbrögð, fresti til að komast fram yfir kosningarnar, sem hún stofnar til. Ríkisstj. á ekki lengur gleði jólasveinanna. Það er af henni jólasvipurinn. Ráðherrarnir fjórir rogast með sinn pokann hver. Pokarnir eru orðnir þungir og síðir. Innihaldið er orðið þyngra en loforðin voru um jólin. Fjárlög fimmtungi hærri en í fyrra, þau síga í. Útflutningssjóðsáætlunin er nökkvaþung. Niðurgreiðslurnar eins og blý. Pokarnir þenjast út og þyngjast dag frá degi. Fjórir Alþfl.-menn, fleiri eru ekki til, ganga einn á eftir hverjum ráðh. og reyna af fremsta megni að lyfta undir. Það er nærri því eins erfitt og að bera. Það er svo vont fyrir höfuðið að lúta. Þar á eftir ganga svo fylktu liði 19 Sjálfstfl.-menn. Þeir hotta á áttmenningana og eru glottleitir, stundum ýta þeir með fæti á eða undir poka. Við þá, sem meðfram veginum eru, segja sjálfstæðismennirnir: „Þetta er nú Alþfl., hann á það, sem í pokunum er.“

En síðustu dagana eru sjálfstæðismenn þó að verða dálítið alvarlegri og óstilltari. Þeir eru að verða smeykir um, að Alþfl. komist ekki með byrðarnar fram yfir síðari kosningarnar og það komi þá á þá sjálfa að bera pokana og um leið að taka opinberlega ábyrgð á innihaldinu. Slíkt var aldrei ætlunin að gera. Og svo er kjördæmamálið. Alltaf koma fram fleiri og fleiri, sem mótmæla því máli. Ljóst er, að næstu kosningar snúast fyrst og fremst um kjördæmamálið. Fjárhagsmálunum hefur að vísu verið stefnt út í kviksyndi. En þótt hörmulegt sé til þess að hugsa, að þar verði kafhlaup, er þó sú grundvallarbylting, sem felst í kjördæmabreyt., svo háskaleg, að fjármálin hverfa í skuggann í næstu kosningum. En eftir þær kosningar skulu fjármálin brenna réttum aðilum á baki.

Kjördæmabreytingin er fláráð upplausnartilraun. Með því að leggja núverandi kjördæmi niður og svipta félagsheildir þær, sem þau eru, sínum sérstöku fulltrúum á Alþingi, er verið að lama þessar félagsheildir. Það er verið að skera á afltaugar þeirra.

Það verður að muna, að nú orðið er Alþingi aðili, sem skiptir árlega í stórum stíl þjóðartekjunum beint og óbeint milli stétta og atvinnugreina og þar með milli landshluta. Þingmenn þurfa þess vegna að þekkja nákvæmlega hag og þarfir sinna umbjóðenda í hverri byggð, vera í nánu sambandi við þá og gæta réttar þeirra gagnvart ríkisvaldinu og stofnunum þess á stjórnarsetrinu. Vitanlega er slík umboðsmennska óhjákvæmilegust og víðtækust vegna þess fólks, sem ekki er búsett í nánd við stjórnarsetrið. Að ætla að svipta það fólk sínum sérstöku þingmönnum er tilræði við fólkið. Í stað hinna 27 kjördæma, sem nú eru utan Reykjavíkur og afnema skal, á að stofna sjö stór hlutfallskosningakjördæmi með 5—6 þm. Þessi stóru kjördæmi verða engar félagsheildir. Fólkinu þar er aðeins öllu skipað að velja milli sömu framboðslista og atkvæðum allra á því svæði steypt saman. Val til framboðs færist úr höndum heimamanna í hendur flokksstjórna, sem hafa auðvitað aðsetur í höfuðstaðnum og koma fram fyrir hönd flokkanna og ríkisvaldsins. Þm. verða því miklu meira en nokkru sinni áður háðir flokksstjórnarvaldi og ríkisvaldssjónarmiðum, en óháðari en nú umbjóðendum sínum. Og til þess er líka leikurinn gerður.

Flokkunum, sem að kjördæmabreytingunni standa, þykir landsbyggðin of sterk með núverandi kjördæmaskipun og eru henni gramir fyrir að vilja ekki ljá sér fylgi og lúta sér. Þeir bera fram þau falsrök, að Framsfl. hafi forréttindi vegna einmenningskjördæmanna, af því að hann hafi meira fylgi en þeir úti um landið, þó að þeir keppi þar um fylgi undir nákvæmlega sama skipulaginu og Framsfl. Framsfl. hefur engin forréttindi í þeirri keppni. Þeim þykir þess vegna ekki nóg að fjölga þm. í þéttbýlinu, eins og Framsfl. telur rétt að gert sé vegna fólksfjölgunarinnar þar, heldur vilja þeir líka gera þingmenn landsbyggðarinnar áhrifaminni en þeir eru nú fyrir umbjóðendur sína með því að rjúfa samband þeirra við núverandi kjördæmi og drepa með því umhyggju þeirra og ábyrgð á dreif. Hinir hlutfallskosnu 5—6 þingmenn í kjördæmi verða af ýmsum flokkum og fulltrúar stríðandi hópa í kjördæminu. Þeir hafa því alls ekki sprungulausa samstöðu út á við fyrir hið stóra kjördæmi. Þess gjalda svo málefnin, og þingmennirnir kenna hver öðrum. Þeir verða ábyrgðarlausari en í einmenningskjördæmum og einn skýtur sér bak við annan, rétt eins og ráðh. í samsteypustjórn.

Eitt af því, sem staðið hefur stjórnmálalífi okkar Íslendinga fyrir þrifum, er, að hér hafa verið eintómir minnihlutaflokkar. Nú á að stofna til kerfis, sem leiðir af sér enn fleiri flokka. Hlutfallskosningar í stórum kjördæmum um land allt eru gróðrarstíur smáflokkaþróunar.

Þegar hlutfallskosningafyrirkomulagið kom fyrst til sögunnar, — það var um síðustu aldamót, — héldu margir ágætir menn, að það væri heppilegt. Nú hefur reynsla þjóða sýnt, að það er lýðræðinu hættulegt. Það veikir lýðræðið að hafa skilyrði til að greinast í marga flokka. Lýðveldi hafa hrunið fyrir það. Engin þjóð hefur á allra síðustu árum tekið upp hlutfallskosningar. Reynslan varar þjóðirnar við því. Lítið til Frakklands og gaumgæfið, hvað þar hefur gerzt. Sjáið, hve Finnar berjast í bökkum með sína átta stjórnmálaflokka. Athugið, að Írar eru komnir á fremsta hlunn með að afnema hlutfallskosningar hjá sér.

Lýðræðið stendur föstustum fótum, þar sem einmenningskjördæmi eru aðalregla. Þeir einir hafa ástæðu til þess að vera með hlutfalls-

kosningum um land allt, sem vilja efla glundroðann, sem er þó ærinn fyrir á Íslandi.

Mér fannst í gærkvöld raunalegt að heyra heiðurskempuna, hv. þm. Borgf., sem nú er að hætta þingmennsku, strika yfir skjalfestar fyrri skoðanir sínar á kjördæmaskipuninni og taka ekkert tillit til síðustu tíma reynslu annarra þjóða, sem styður hans fyrri skoðanir. Heyra hann mæla með stóru kjördæmunum vegna þess, að nú væri stúdentafélag á Miðvesturlandi. Sameiginlegur byggingarfulltrúi þar. Rétt fyrir bændur, eins og þeirra högum væri komið, að hafa hægt um sig. Gott fyrir stóra svæðið að mega vænta þess, að líklega yrði þar alltaf einhver fulltrúi, er væri í náðinni hjá ríkisstj., hver sem hún yrði hverju sinni. Þetta voru svo lágkúruleg rök, að mér fundust þau alls ekki samboðin hinum merka manni, en að vísu samboðin málstaðnum og flokknum. Við bættist svo, að hann lagði áherzlu á, hvað tvímenningskjördæmi hefðu reynzt vel, þar sem sinn maður væri kjörinn af hvorum flokki. Dagamunur hygg ég að sé að því. Horft hef ég á slíka þingmenn greiða atkv. hvorn móti öðrum í þýðingarmestu málum. Þannig hefur minni hl. orðið jafnvígur meiri hl. kjördæmis þvert á móti aðalundirstöðureglum lýðræðisins. Undir slíkum kringumstæðum er sama sem slíkt kjördæmi sé þingmannslaust, þ. e. við slíkar atkvgr. Eitthvað er bogið við þetta. En með þau kjördæmi er komið sem komið er, og þau hafa það fram yfir hin stóru fyrirhuguðu kjördæmi, að þau eru félagsheildir eða hafa verið það til skamms tíma.

Þríflokkarnir, sem við köllum nú hér á Alþingi, Alþfl., Sjálfstfl. og Alþb., samþykktu á laugardaginn var með meirihlutavaldi sínu á Alþingi frv. sitt til kjördæmabreyt. Alþb. gerðist stjórnarstuðningsflokkur í þessu máli eftir mikla eftirgangsmuni frá stjórnarflokkunum. Ekki mun þó hafa staðið á kommúnistum þar, heldur munu hinir í þeim skrýtilega samsetta flokki hafa talið málefnið mjög vafasamt.

Stjórnarskráin hefur verið í endurskoðun, síðan lýðveldið var stofnað 1944. Allir viðurkenna, að það sé margt, sem breyta þurfi. Fulltrúar Sjálfstfl. töluðu á sínum tíma um 20 atriði, og aðrir nefna fleiri og önnur. Nú hafa þríflokkarnir tekið eitt þessara efnisatriða út úr og ætla með því að búa sér í haginn sem flokkar og umturna til þess grundvelli lýðræðisins, hvað sem öllu öðru líður, er breyta þarf í stjórnarskránni. Með því eru þeir að þjóna flokkshyggju sinni, hringla með stjórnarskrána, laga hana eftir flokkum sínum í stað þess að laga flokkana eftir henni. Þannig setja þeir flokkana ofar stjórnarskrá lýðveldisins.

Við framsóknarmenn bárum fram till. um, að mþn., sem er til síðan 1947 vegna stjórnarskrárendurskoðunarinnar, yrði falið að ljúka endurskoðuninni á þessu ári og reyna af ýtrasta megni að ná samstöðu allra flokkanna, svo sem til var ætlazt, er lýðveldið var endurreist, og málið falið n. allra flokkanna. Við lögðum til, að þá yrði sérstaklega athugað, hvort ekki væri rétt að fela sérstaklega kjörnu stjórnlagaþingi að setja stjórnarskrána og taka þannig málið úr sambandi við önnur deilumál líðandi stundar, ef bein samkomulagslausn þess næðist ekki í stjórnarskrárnefndinni. Þetta var stráfellt.

Við gerðum enn fremur til vara beinar brtt. við frv. þríflokkanna. Þær voru um eðlilega fjölgun þm. í þéttbýlinu á þeim grundvelli, sem frá öndverðu hefur verið byggt á. Þær till. voru einnig felldar alveg hiklaust. Hinar beinu brtt. okkar við stjórnarskrána, varatillögurnar, voru tilboð um samkomulag. Þær voru í samræmi við vilja síðasta flokksþings okkar: grundvöllur þeirra sjálfstæði héraða og aðalregla einmenningskjördæmi, og á milli bar ekkert nema þetta til samkomulags. Önnur atriði, sem á milli ber, létum við kyrr liggja. Við fórum þess að lokum einnig á leit við meiri hl. í stjskrn. í Ed., að þríflokkarnir féllust á, að lögin yrðu ekki látin taka gildi að meira eða minna leyti, nema kjósendur samþykktu það við almenna atkvgr. Eftir að hafa athugað þetta í sínum hópi lét formaður n. okkur vita, að á slíkan fyrirvara um almenna atkvgr. til gildistöku yrði ekki fallizt af þríflokkunum. Var þá í ljós leitt, að þeir treystu ekki málstað sínum svo vel, að þeir þyrðu að leggja hann til staðfestingar eða synjunar undir atkvæði landsmanna.

Hins vegar hafa þríflokkarnir gert sér vonir um að fá kjörna nægilega marga flokkshlýðna menn í næstu kosningum til þess að samþykkja þessa skyndibreytingu á kjördæmagrein stjórnarskrárinnar á sumarþinginu væntanlega. Þetta er það, sem þjóðin þarf að vera á verði gegn. Flokkarnir, sem þora ekki að leggja málið eitt sér undir hennar dóm til úrskurðar, mega ekki á óbeinan hátt komast með það fram hjá dómi hennar að takmarki sínu.

Næstu kosningar eiga að snúast um kjördæmamálið eitt. Aldrei í sögu Íslands hefur verið stofnað til örlagaríkari kosninga. Þær eru um það, hvort Íslendingar vilja halda áfram að byggja land sitt eða láta það fara í meiri og meiri auðn. Þríflokkarnir telja, að of mikið hafi verið gert á síðustu árum til að viðhalda jafnvægi í byggð landsins, en geta þó ekki sýnt fram á, að þéttbýlið hafi verið fyrir borð borið í þjóðfélagslegum athöfnum, nema síður sé. Þeir segja fólkinu í Reykjavík og þéttbýlinu við Faxaflóa, að það hafi of fáa fulltrúa á Alþ., en hafna þó till. um fjölgun þeirra á grundvelli sögulegrar þróunar. Þeir segja fólkinu úti um land, að fulltrúum þess verði yfirleitt ekki fækkað, en þeir aðeins gerðir sameiginlegir fyrir stór svæði. Á bak við liggur sú hugsun að taka fulltrúana úr því nána persónulega sambandi, sem þeir eru í við hverja sveit nú, og ná undir flokkana vali þeirra. Hér er ofurvald flokkshyggjunnar að svíkjast að þjóðinni. Hér er sú samstefna þríflokkahyggjunnar á ferð, sem er ósárt um, þótt hún í verki eyði núverandi byggð á stórum svæðum landsins og mæli þvert um hug sinn, meðan hún er að ná tökum til að gera þetta.

Framkoma stjórnarflokkanna í efnahagsmál-

unum í vetur gagnvart bændastéttinni sýnir, hvað í huganum býr. Rafvæðingarskerðingin, sem þeir hugsa sér, er hættumerki. Fullyrðingar, sem fallið hafa um, að fjárfestingin úti um land á undanförnum árum hafi verið vitleysa eða pólitísk fjárfesting, eru engar dulrúnir. Bátafiskinn, sem sjómenn veiða á heimamiðum víðs vegar með ströndum fram og fá greiddan sæmilegu verði, kalla þessir flokkshyggjumenn „Framsóknarýsu" og „Eysteinsstútung". Út úr þeim nafngiftum skín lítilsvirðingin á fólkinu, sem að þessum afla vinnur. Þeir líta á það sem eins konar bónbjargarlýð, og svo kemur þar fram kuldinn til þeirra, sem staðið hafa vörð um hagsmuni þessa fólks.

Nú fara frambjóðendur þessara flokka innan stundar út um land til framboðs og áróðurs fyrir flokka sína. Þeir munu varla segja þar: „Við erum komnir til að leggja kjördæmi þetta niður. Við höfum engan áhuga á því, að veidd sé „Framsóknarýsa" né verið sé að rafvæða þetta strjálbýli." Nei, nei. Þeir munu segja eins og Mbl.: Þéttbýlið réttir ykkur nú með kjördæmamálinu bróðurhönd sína. — Varið ykkur á þessari hönd þríflokkavaldhyggjunnar. Hún er loðin hönd og óhrein. Takið ekki í hana. Þetta er alls ekki bróðurhönd þéttbýlisfólksins, sem hugsar áreiðanlega yfirleitt hlýtt til landsbyggðarinnar og vill henni vel.

Allir muna frásögnina um það, þegar Ólafur Haraldsson Noregskonungur sendi Íslendingum kveðju guðs og sína og kvaðst vilja vera þeirra drottinn, ef þeir vildu vera hans þegnar, og hvorir skyldu vera annars vinir og fulltingismenn. Þar var ísmeygilegt vald að seilast eftir yfirráðum eins og nú. Til voru þá menn eins og núna, sem vildu, að tekið væri í höndina, jafnvel ekki ómerkari maður en Guðmundur ríki á Möðruvöllum flaskaði á því. En Einar Þveræingur reis gegn beiðni konungs og mótmælti kröftuglega, — „því að þann órétt gerum vér ekki oss einum, heldur allri ætt vorri, er þetta land byggir," sagði hann. Svo er enn, málið snertir komandi kynslóðir, ekki aðeins okkur.

Takið nú, góðir Íslendingar, upp afstöðu Einars Þveræings og eyðið þessu máli. Greiðið engum frambjóðanda atkv. við næstu kosningar, sem lofar ekki að fella þessi lög og stuðla þess í stað að heilbrigðri endurskoðun stjórnarskrárinnar í heild með eðlilegum hraða. Ég mæli þetta líka til fólksins í þéttbýlinu, vegna þess að auðvitað fara hagsmunir þess og landsbyggðarfólksins saman, ef rétt er á litið. Ég mæli þetta líka til fólksins í þéttbýlinu, vegna þess að ég veit, að það skilur þessi mál, ef það hugsar um þau. Það verður sífellt í fullu gildi, sem Einar skáld Benediktsson kvað um Reykjavík, að „af bóndans auð hún auðgast, verður stærri og auðgar hann, þau hafa sama mið". Það er þéttbýlisfólkinu hagur, að landsbyggðarfólkinu líði vel og byggð haldist þar við. Öll þjóðin á líka að vaka yfir því, að land hennar allt sé sem bezt setið og þannig, að það taki á móti fjölgun hennar og sívaxandi, staðbundin verðmæti hagnýtist frá kynslóð til kynslóðar, en séu ekki yfirgefin. Í Reykjavík og víðar í þéttbýlinu er margt fólk, sem flutzt hefur þangað úr sveitum, sjávarþorpum og smærri kaupstöðum landsins. Þetta fólk ann fyrri átthögum sínum af miklum heilindum. Það fer margt sí og æ hugförum „heim í gamla hópinn sinn, heim á fornar slóðir". Þetta fólk finnur eins og Væringinn, að „þess þroski er skuldaður bernskunnar byggð". Það hefur víða með sér átthagafélög, sem votta, hvað býr því í hug og hjarta. Nú er tækifæri fyrir þetta fólk að gera átthögum sínum ómetanlegan greiða á auðveldan hátt. Það er með því að kjósa að þessu sinni aðeins þá frambjóðendur, sem treysta má til þess að fella þá kjördæmabreytingu, sem fyrir liggur og felur það í sér að svipta hina fornu átthaga fólksins sínum sérstöku fulltrúum á Alþingi. Foringjavald þríflokkanna, sem haldið er af kaldhyggju flokkshagsmuna og drottnunargirni, er ekki vílar fyrir sér að gera í skyndi stjórnarskrá þjóðarinnar að hraklegu kaupskaparmáli, heyr í næstu kosningum stríð við þjóðrækni og átthagatryggð um undirstöðuatriði framtíðarhamingju íslenzkra byggða og Íslands alls. Það er ekki að þessu sinni vandi fyrir þá, sem hafa hjartað á réttum stað, að vita, hvorn málstaðinn á að styðja. — Góðar stundir.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. „Varðar mest til allra orða, undirstaðan sé réttleg fundin." Þessi fornu sannindi eiga ekki síður við nú en þegar Eysteinn munkur Ásgrímsson mælti þau fyrir meira en 600 árum, og gildi þeirra er jafnt í þjóðmálum sem öðrum viðfangsefnum mannlegs lífs. Vandræðin, sem nú er við að etja, eiga einkum rætur sínar að rekja til þess, að þau einsdæmi gerðust um sinn, að horfið var frá undirstöðu réttra stjórnarhátta, þeirri, að sá, sem valdið hefur hlotið, sé reiðubúinn til að beita því í samræmi við skyldu sína og bera sjálfur þann vanda og þá ábyrgð, sem upphefð hans fylgir.

Þegar Framsfl. var í sókn til hinna æðstu valda á landi hér skömmu fyrir 1927, hélt málsnjallasti talsmaður hans þá, Tryggvi Þórhallsson, eitt sinn mikla ræðu hér á Alþ., þar sem viðkvæðið var orðtakið: Einsdæmin eru verst. — Nú, þegar Framsfl. rúmum 30 árum síðar gafst upp og veltist úr völdum hinn 4. des. s. l., varð það með þeim hætti, að alger einsdæmi eru. Forsrh., Hermann Jónasson, kom þá á fund sameinaðs Alþingis og sagði í þessum ræðustól: „Ný verðbólgualda er skollin yfir." Og hann bætti við: „Í ríkisstj. er ekki samstaða um nein úrræði í þessum málum, sem að mínu áliti geti stöðvað hina háskalegu verðbólguþróun, sem verður óviðráðanleg, ef ekki næst samkomulag um þær raunhæfu ráðstafanir, sem lýst var yfir að gera þyrfti, þegar efnahagsfrv. ríkisstj. var lagt fyrir Alþingi á s. l. vori." Þetta sagði Hermann Jónasson 4. desember.

Vegna þess ósamkomulags og úrræðaleysis gafst ríkisstj. Hermanns Jónassonar hreinlega upp, flúði af hólmi án þess að gera nokkrar till. til Alþ. um lausn þess vanda, sem stjórnin

sjálf hafði efnt til og vitað um frá því í mai s. l. að óumflýjanlegur var. Eðlilegt er, að menn spyrji: Hvernig gátu þau ósköp að borið, að ríkisstj. skuli ekki leggja neinar tillögur fyrir sjálft Alþingi Íslendinga til varnar þjóðarhættu eða a. m. k. skýra þinginu frá, hvað í vændum væri, heldur láta sér það eitt nægja að koma til Alþ., eftir að voðinn er skollinn yfir, segjast þá engin úrræði hafa og hlaupa af hólmi?

Skiljanlegt er, að skoðanir reynist skiptar í ríkisstj. og hún klofni vegna ágreinings um mikilsverð mál. En þegar ágreiningur kom upp í stjórn Hermanns Jónassonar 1938 um lausn togaralaunadeilu, bar Hermann Jónasson sjálfur fram frv. um skipun gerðardóms til lausnar deilunni og tók því, þegar Haraldur Guðmundsson sagði sig úr ríkisstj., vegna þess að hann vildi ekki una þeirri meðferð. Á sama veg setti stjórn Hermanns Jónassonar gerðardómslögin í upphafi árs 1942 þrátt fyrir mótmæli Stefáns Jóh. Stefánssonar, sem þá var í stjórninni, þó að það ósamkomulag leiddi til afsagnar Stefáns. Hið sama var um nýsköpunarstjórn Ólafs Thors. Hún varð ósammála um gerð Keflavíkursamningsins haustið 1956. Ólafur Thors lagði þá samninginn fyrir Alþingi gegn mótmælum hinna kommúnísku meðráðherra sinna, og þegar Alþ. samþykkti samninginn, sögðu þeir af sér og stjórnin öll.

Guðmundur Í. Guðmundsson sagði frá því í gær, að Alþfl. hefði um mánaðamótin nóv.-des. s. l. viljað hafa sama hátt á og leggja málið fyrir Alþ. til ákvörðunar þar. Þetta er að sjálfsögðu hin rétta, þingræðislega aðferð. Ef stjórn verður ósammála, þá leggur forsrh. till. sínar um ágreiningsefni fyrir Alþ. og lætur meðráðh. sína um, hvort þeir una þeirri aðferð eða segja af sér þegar í stað eða eftir að Alþ. hefur tekið ákvörðun sína. Alþ. hefur ákvörðunarvaldið, en ríkisstj. ber skylda til að skýra því frá mestu vandamálum og leggja till. sínar um úrlausn þeirra fyrir það, svo að því gefist færi á að taka ákvarðanir sínar, áður en um seinan verður. Má þá oft svo fara, að málefnin leiði til myndunar annars meiri hl. en áður stóð að ríkisstj. Sá möguleiki léttir ekki af þeirri stjórn, sem hverju sinni situr, skyldunni til að leggja málin nógu tímanlega fyrir Alþ., hvað sem hennar eigin örlögum líður.

Hvernig stendur á því, að Hermann Jónasson, sem tvisvar áður hafði sýnt, að hann kunni á þessu rétt skil, hvort sem hann þá málefnalega hafði rétt fyrir sér eða ekki, skyldi nú fara allt öðruvísi að? Af hverju aðvaraði hann Alþ. ekki nú? Eða þó öllu heldur: Af hverju bar hann ekki fram sínar ákveðnu tillögur til lausnar þeim vanda, sem engum mátti vera ljósara en honum að yfirvofandi var?

Hermann Jónasson hefur svarað þessu sjálfur í ræðu, sem hann hélt á flokksþingi Framsóknar í marz s. l., þar sem hann tók svo til orða:

„Ýmsir hafa sagt: Þið framsóknarmenn áttuð að bera fram á Alþ. till., sem þið báruð fram í ríkisstj. 17. nóv. s. l. — Þetta var ekki hægt. Stjórnarsáttmálinn gerir ráð fyrir, að leysa beri efnahagsmálin í samráði við vinnustéttirnar. Verkalýðshreyfingin hafði neitað að fallast á till. ásamt tveimur af stjórnarflokkunum. Að bera till. fram á Alþingi hefði verið brigð á stjórnarsáttmálanum.“

Þetta sagði Hermann Jónasson á flokksþingi Framsóknar. Ef hér er satt frá sagt af Hermanni Jónassyni, er um slík einsdæmi að ræða, að engin verri eru til í íslenzkum stjórnmálum. Með þessari yfirlýsingu gefur fyrrv. forsrh. til kynna, að hann hafi með samningum utan Alþ. skuldbundið sig til að hverfa frá réttum lýðræðisreglum og setja aðra aðila hærra en Alþingi Íslendinga, sem á að vera rétt mynd af vilja þjóðarinnar sjálfrar og taka í hennar nafni ákvarðanir um úrlausn þjóðmála. Í afsökun Hermanns felst því ásökun gegn sjálfum honum um fullkomið glapræði og alvarlegt embættisbrot. Hitt er annað, að vafasamt er, hvort þessi skilningur Hermanns á stjórnarsáttmálanum fái staðizt. Nú er ekki tími til að ræða það, enda er það skilningur Hermanns sjálfs, sem að þessu sinni skiptir máli.

Í stjórnarsamningnum í júlí 1956 lofaði stjórn Hermanns Jónassonar þessu: „Mun ríkisstjórnin leggja sérstaka áherzlu á að leysa efnahagsvandamálin í náinni samvinnu við stéttasamtök vinnandi fólks.“

Svo stóð í þeim eftirminnilega samningi. Þá átti að taka upp nýja stjórnarhætti og víkja til hliðar nærri helmingi þjóðarinnar, enda voru ráð fulltrúa sjálfstæðismanna á Alþ. að engu höfð og þeim ekki gefnar hinar nauðsynlegustu upplýsingar um mál, fyrr en þær fengust fyrir milligöngu forseta Íslands, eftir að stjórn Hermanns Jónassonar var oltin úr völdum. En við myndun vinstri stjórnarinnar gleymdist að vísu, að tugþúsundirnar í Sjálfstfl. eru ekki síður vinnandi fólk en aðrir landsmenn. Hefði því vafalaust verið hollast þegar af þeirri ástæðu að virða rétt þeirra, reyna ekki að láta annarlega aðila fá úrslitavöld um málefni, sem skylda ríkisstj. og Alþ. er að fjalla um og ráða til lykta.

Það er svo eitt dæmi um rökþrot vinstristjórnarherranna nú, að þeir skuli kenna sjálfstæðismönnum um kauphækkanir og verðbólguþróun á þeirra eigin valdatíma. Þetta gerði jafnvel sjálfur Hermann Jónasson, — sá sami, sem hældist í ágústlok í fyrra yfir, að búið væri að víkja sjálfstæðismönnum til hliðar.

Sjálfstæðismenn hafa ætíð talið, að það væri í senn mesta mein verkalýðshreyfingarinnar og þjóðfélaginu stórhættulegt að færa á vettvang verkalýðshreyfingarinnar stjórnmálaátökin. Verkalýðshreyfingin á að vera fulltrúi allra sinna meðlima og jafnfær um að gæta hagsmuna þeirra, hverjir sem eru við völd á Alþ. og í ríkisstj., því að auðvitað verða allar ríkisstj. að hafa stöðugt samráð og samvinnu við ýmsa aðila, þ. á m. verkalýðshreyfinguna, eins og flestir alþm. ráðgast eftir föngum við stuðningsmenn sína og aðra, áður en þeir taka mikilvægar ákvarðanir. Slíkt samráð er sjálfsagt og þarf ekki sérstakra samninga við, enda var ætlunin 1956 öll önnur. Þá átti að draga valdið úr höndum hinna lögmætu aðila til annarra, sem ekkert umboð þjóðarinnar hafa í

þeim efnum. Ef svo átti að fara að, hlaut óhjákvæmilega þar af að leiða, að ríkisvaldið hæfi íhlutun um, hvernig kosningum í þessum samtökum væri háttað, svo að tryggt væri, að talsmenn þessara samtaka hefðu a. m. k. raunverulegt umboð þeirra, sem þeir segðu sig tala fyrir. Þá var einnig nauðsyn, að tryggð væri skapleg meðferð mála hjá þessum samtökum, svo að þeim gæfist í raun og veru færi á að kynna sér, hvað til úrlausnar væri, og íhuga málin, svo að gagni kæmi. Meðferð bjargráðanna í mai fyrir tæpu ári sýndi þörfina á því, að það væru raunverulegir umboðsmenn stéttanna, sem segðu sitt álit, en ekki umboðslaus klíka, sem enga eða fáa hefur á bak við sig. Þá lét ríkisstj. sér nægja svokölluð meðmæli fulltrúa ⅓ hluta verkalýðsins, en hafði að engu till. og mótmæli hinna, er töluðu fyrir ⅔ hluta.

Ekki tók betra við á Alþýðusambandsþinginu í vetur. Ríkisstj. þóttist ekki geta gert neinar till. um lausn vandamálanna, fyrr en þetta þing hefði saman komið, og Hermann Jónasson hefur hvað eftir annað fært að fyrri samstarfsmönnum sínum, vegna þess að samkomudagur þingsins hafi dregizt úr hófi. Þegar sjálft þingið kom saman, lagði ríkisstj. till. sínar alls ekki fyrir það. Síðar hefur þó sannazt, að þá hafði bæði Framsfl. og kommúnistar lagt fram á ríkisstjórnarfundi till. sínar, Framsfl. strax 17. nóv., og var þá þegar ljóst, í hverju ágreiningurinn var fólginn. Ekkert hefði verið sjálfsagðara, úr því að búið var að lofa Alþýðusambandinu, að við það skyldi höfð samvinna, og úr því að eftir þingi þess hafði verið beðið, en að leggja málin, eins og þau voru, fyrir sjálft Alþýðusambandsþing, sem kom ekki saman fyrr en 25. nóv., gera því grein fyrir vandanum og ágreiningsefnunum og láta það kveða upp úr um sínar óskir eða fyrirskipanir, ef ríkisstj. vildi skilja samþykktir þess svo. En á þennan veg var alls ekki farið að.

Forsrh. fór að vísu á fund Alþýðusambandsþings, en ekki til þess að segja frá því, hvernig málum í raun og veru var komið, og leggja fram till. sínar, heldur til að biðja um frest. Tilgangurinn var sá einn að komast fram hjá Alþýðusambandsþinginu, án þess að það fengi vitneskju um eðli vandans eða ágreininginn um lausn hans, heldur gæfi það öðrum umboð til að fara með málin af sinni hálfu. Þetta neitaði Alþýðusambandsþingið að gera. Afleiðing þess varð svo sú, að Hermann Jónasson gafst upp. Sjálft Alþýðusambandsþingið afgreiddi síðar á einni kvöldstund eða næturvöku till. í efnahagsmálum, án þess að nokkurt færi væri gefið á að ræða þau mál í heild eða fulltrúarnir fengju nokkur þau gögn, sem viðhlítandi væru, enda voru samþykktir þess slíkar, að þá, sem að þeim stóðu, greinir nú mjög á um, hvað í þeim hafi fólgizt, og gera sér raunar allir grein fyrir, að einungis var um óraunhæfar áróðurssamþykktir að ræða, gerðar í flokkspólitískum tilgangi af þeim, sem þarna slógu sér saman um myndun meiri hl.

Því fer þess vegna fjarri, að nokkur raunveruleg samvinna hafi verið höfð við verkalýðinn og samtök hans um lausn efnahagsmálanna af stjórn Hermanns Jónassonar. Loforðið um vaxandi áhrif stéttasamtaka vinnandi fólks á stjórn málefna ríkisins reyndist alger blekking. Framkoman gagnvart Alþýðusambandinu við setningu bjargráðanna og ekki síður á sjálfu Alþýðusambandsþinginu sannar, að þessi miklu samtök átti að nota sem skálkaskjól fyrir raunveruleg yfirráð annarra, en alls ekki færa þau sjálf til aukins vegs eða virðingar. Hér hefur því það tvennt að höndum borið, að Alþ. er óvirt og frá því tekin sú málsmeðferð, sem því ber, og aðilunum, sem í staðinn áttu að koma, sýnd svívirðing, með því að ljóst er, að efndir loforðsins um samvinnu við þá eru látalæti ein.

Það er lítil valdaklíka, sem vildi stjórna bæði á bak við Alþ. og stéttasamtök, sem ber ábyrgð á, að svo misfór með mál þjóðarinnar sem raun ber vitni. Gleggsta sönnun þess er sú, að bráðabirgðalausn efnahagsmálanna fékkst á tiltölulega skömmum tíma, eftir að leitað hafði verið til Alþ. sjálfs og það með venjulegri málsmeðferð í samráði milli flokka og annarra aðila íhugað málin, svo sem ætlazt er til. Með því tókst að forða frá þeim vanda, sem Hermann Jónasson 4. des. taldi stjórn sinni óviðráðanlegan, og lægja ölduna, sem hann sagði þá skollna yfir.

Það er svo mál fyrir sig, hvernig á því stendur, að jafnreyndur stjórnmálamaður og Hermann Jónasson skuli hafa leiðzt út í þá óhæfu, að hann í senn óvirðir Alþingi Íslendinga og svíkur stéttasamtök vinnandi fólks í landinu. Ein af skýringunum er sennilega sú, að núverandi valdamenn Framsóknar eru þreyttir menn. Þeim brennur ekki hinn sami eldmóður í brjósti og Tryggva Þórhallssyni, Jónasi Jónssyni og félögum þeirra, er þeir náðu hér völdum 1927. Framsóknarmenn hafa síðan lengst af verið í stjórn og þeir Hermann Jónasson og Eysteinn Jónsson lengur en nokkrir aðrir. Allan þennan tíma hafa þeir þótzt vera að berjast fyrir viðreisn sveitanna og gegn fólksflótta þaðan.

Árangurinn blasir við, sá, að nú er meiri hluti landsfólksins saman kominn í Reykjavík og hinu væntanlega Reykjaneskjördæmi. Geta framsóknarmenn vissulega ekki kennt hinni fyrirhuguðu kjördæmabreytingu um þá örlagaríku fólksflutninga. Fylgi þeirra eigin flokks hefur ekki farið betur. Í landskjörinu 1930 fékk Framsfl. hér um bil 31.5% kjósenda, 1931 nær 36% kjósenda. Við síðustu kosningar fékk flokkurinn ekki nema liðlega 15% kjósendanna. Að vísu átti hann þá raunverulega mun meira fylgi, en í stað opinnar, ærlegrar baráttu fyrir ákveðinni stefnu í þjóðmálunum brá Framsfl. þá á það ráð að svipta sjálfan sig raunverulega hér um bil fjórðungi fylgis síns í því skyni að geta vélað sér út fleiri þingfulltrúa en flokkurinn hefði fengið, ef allt hefði verið með felldu. Í þessu athæfi felst í senn fordæming á kosningakerfinu, sem þvílíkt athæfi gerir mögulegt, og þeim flokki, sem vélabrögðunum beitir. E. t. v. færa þeir sjálfum sér til afsökunar, að það sé ekki uppörvandi í stjórnmálabaráttu að horfa á fylgi flokks síns hrynja, svo sem framsóknarforingjarnir hafa

þurft að gera síðustu áratugi. En ekki bætir úr skák að beita slíkum aðferðum að rýra fylgi flokksins enn meir í því skyni að tryggja völd sjálfra sín.

Valdabrask er komið í stað stjórnmálabaráttu. Með skefjalausri misnotkun þess auðvalds, sem myndazt hefur í skjóli almannasamtaka og stjórnmálavalda, sem fengin eru í skjóli úreltrar kjördæmaskipunar, hafa þessir menn reynt að búa sér þann valdahring, sem yrði ekki rofinn. Þeir hafa sjálfir fundið, að Alþ. hefur sett ofan við það að vera hvergi nærri rétt mynd þjóðarviljans. Þess vegna átti að leita styrks hjá annarlegum samtökum og þau taka sér það verkefni, sem löggjafarþingi frjálsrar þjóðar einu er ætlandi. Eins og komið var, má segja, að frá þeirra sjónarmiði hafi verið rökrétt að gera þessa tilraun.

Það var að sjálfsögðu ekki mannvonzka, sem réð myndun ríkisstj. Hermanns Jónassonar 1956. Valdamenn Framsóknar voru orðnir fangar sinna eigin starfshátta og þeirrar skipulagningar, er þeir hugðu að nægja mundi til að tryggja þeim völdin. Með þeim anda, sem ríkti síðustu samstarfsár framsóknarmanna og Sjálfstæðisflokks, var sýnt, að það samstarf gat ekki haldizt, eitthvað nýtt varð að taka við. Framsfl. var þá meira eða minna sannfærður um, að með Sjálfstfl. væri ekki vinnandi, og hafði leynt og stundum ljóst samstarf við hörðustu stjórnarandstæðinga, eins og í verkfallinu mikla 1955, til að gera starf þáverandi ríkisstj. ómögulegt.

Í stað þess, að þeir þá gengu til samstarfs við sjálfstæðismenn með hangandi hendi og raunar sífelldum árásum, þá reyndu valdamenn Framsóknar í því samstarfi, er hófst með stjórnarmyndun Hermanns Jónassonar 1956, að leggja fram allt hið bezta, er þeir gátu. Þeir hafa sjálfir hælt sér af, að flokkur þeirra hafi einn verið heill og óskiptur í því samstarfi og blað flokksins stutt það einum rómi. Er það vissulega annað en áður var. En þjóðin hefur nú séð, hvað það er, sem Framsókn hefur bezt að bjóða. Raunasaga áranna frá 1956 til uppgjafarinnar 4. des. 1958 er um það órækt vitni. Rofin heit, brot á réttum stjórnarháttum, úrræðaleysi og uppgjöf að lokum eru vörðurnar, sem minna á, hvar sá vegur lá.

Nú eftir á tala framsóknarmenn mikið um það, að þörf hefði verið á, að þjóðstjórn tæki við af Hermanni Jónassyni. Óneitanlega þaut öðruvísi í skjá Hermanns, þegar hann á Hólmavík síðast í ágúst hældi sér af því sem fyrsta og mesta afreki stjórnar sinnar, að hún hefði vikið til hliðar nær helmingi íslenzku þjóðarinnar. Ekki minntust framsóknarmenn heldur á það einu orði í samtölum okkar Ólafs Thors við þá Hermann Jónasson og Eystein Jónsson í desember um hugsanlega stjórnarmyndun, að þjóðstjórn væri úrræði þeirra. Sú hugmynd kom ekki upp fyrr en sýnt var, að Framsókn hafði einangrað sjálfa sig og sett sig úr leik. Þá var ekki lengur verið að tala um mennina, sem átti að víkja til hliðar. Þá átti það að vera orðin höfuðskylda þeirra að hlaupa nú undir bagga Framsóknar.

Það er rétt, að enginn af þm. þjóðarinnar má skorast undan þeim skyldum, sem þjóðarnauðsyn hverju sinni leggur honum á herðar. En nú er ekki um það að efast, að þjóðarnauðsyn er fyrst og fremst sú, að kjósendur fái sjálfir að kveða upp sinn dóm, segja til um, hvernig þeir telja að til hafi tekizt og hvaða stefnu skuli fylgja í framtíðinni. Þær ráðstafanir, sem gerðar voru í vetur í efnahagsmálum, voru einungis til þess að lægja ölduna, sem risin var vegna aðgerðaleysis stjórnar Hermanns Jónassonar. Það tókst í bili, og með því vannst svigrúm til þess, að þjóðin sjálf fái að kveða á um meðferð eigin mála.

Jafnframt er óhjákvæmilegt að koma fram kjördæmabreytingu, sem allir gerðu sér ljóst eftir kosningarnar 1956 að var óumflýjanleg, Framsfl. ekki síður en aðrir a. m. k. í orði, þar sem hann þá lofaði samstarfsflokkum sínum að reyna að ná samkomulagi við þá um nýja skipan þessara mála á kjörtímabilinu. Það loforð var ekki efnt frekar en önnur. Um það mál hefur nú tekizt samkomulag milli yfirgnæfandi meiri hluta alþm. Þjóðin segir sinn vilja við kosningarnar, sem nú fara í hönd. Um úrslitin þá efast enginn, þó að sumir láti öðruvísi. Jafnvel Hermann Jónasson varð að játa í gær, að Framsókn hefði enga von um að fá sjálf meiri hl. við kosningarnar, sem nú fara í hönd. Vilji þjóðarinnar í þessu máli er ótvíræður og mun koma fram við kosningarnar í sumar, þegar tekin verður afstaða til þessa máls í samræmi við þær reglur, sem stjórnarskrá lýðveldisins Íslands setur um meðferð slíkra mála. Tyllitillögur Framsóknar nú og falsrök hennar munu engu breyta þar um, enda má öllum vera það ljóst, að Alþ. verður þá fyrst hafið til sinnar fornu virðingar og þeirra valda, sem því að réttu ber, þegar það er rétt mynd þjóðarviljans. Þá er fundin sú rétta undirstaða, sem gerir mögulega rétta stjórnarhætti og útrýmir valdabraskinu. Þá er fundin sú undirstaða, sem á verður reist framtíðarheill íslenzku þjóðarinnar. — Góða nótt.

Dómsmrh. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Þeim hv. landsk. þm. Alþb., Karli Guðjónssyni og Alfreð Gíslasyni, sem töluðu hér í gær og reyndu af veikum mætti að halda uppi gagnrýni á ríkisstj. og aðgerðir hennar í efnahagsmálum og fjármálum og aðgerðir þær, sem Alþ. hefur gert í vetur í þeim málum, vil ég einfaldlega segja þetta: Þeir ættu að taka sig til og lesa nóvembergrein flokksbróður síns, Hannibals Valdimarssonar, í Vinnunni, því að bersýnilegt er, að þeim hefur ekki nægt að heyra utanrrh. lesa hana hér í gær. Þessi grein kollvarpar allri þeirra gagnrýni. Hv. þm. Hannibal Valdimarsson var ekki heldur kominn í stjórnarandstöðu, þegar hann skrifaði hana.

Þessir hv. þm. og einnig ræðumenn Framsfl. töluðu fjálglega um það, að efnt hefði verið til útgjalda upp á 250 millj. kr. Þeir töluðu hins vegar ekki um það, hvers vegna þetta hefði verið gert, og helzt var á þeim að skilja, að þetta hefði verið af einskærri fúlmennsku.

Þeir vöruðust að geta þess, að þetta var gert til þess að forða fyrirsjáanlegu efnahagslegu hruni og til þess, að atvinnuvegirnir gætu starfað af fullum krafti á þessu ári. Eru þessir hv. þm. búnir að gleyma því, hvað gerðist 1956 og 1957? Var þá kannske ekki stofnað til stórfelldra útgjalda til þess, að atvinnuvegirnir gætu haldið áfram? Og ég spyr: Var það gert án þess, að almenningur væri skattlagður? En það hrökk því miður ekki til til þess að halda í horfinu 1958—59. Þetta vita þessir hv. þm. og einnig það, að sú leið, sem nú var farin, var sú léttbærasta leið, sem til var út úr ógöngunum.

Svo leyfa þessir menn sér að segja landsfólkinu það t. d., að sparnaður, sem gerður var á fjárlögum, sé fyrst og fremst fólginn í minnkuðu vegaviðhaldi, þegar viðhaldsfé vega nú er 8 millj. kr. hærra í fjárlögum en nokkru sinni fyrr hefur átt sér stað, eða minnka eigi flugvallarframkvæmdir, þegar aldrei hefur verið jafnhá upphæð í fjárlögum til flugvalla og einmitt nú, og annað, sem þeir sögðu, var í stíl við þetta. Þannig leyfa þessir menn sér að hagræða sannleikanum og bera á borð fyrir landsfólkið hreinan uppspuna í blekkingaskyni í málefnafátækt sinni.

Hv. landsk. þm., Alfreð Gíslason, sagði í gærkvöld, að Alþfl. hefði unnið gegn útfærslu landhelginnar, en verið kúgaður til fylgis við málið. Það er fáheyrð ósvífni af hv. þm. að halda þessu fram, og ég veit, að honum er sjálfum ljóst, að þetta er rakalaust með öllu. Hið sanna í málinu er, að þáverandi hæstv. ráðh., Lúðvík Jósefsson, var kúgaður til að draga í örfáar vikur að gefa út reglugerðina um útfærslu í 12 mílur, til þess að hæstv. utanrrh. gæfist nokkurt ráðrúm til að kynna málið á erlendum vettvangi og afla því stuðnings, sem líka tókst þannig, að útfærslan hefur verið viðurkennd í reynd af öðrum þjóðum en Bretum. Þetta vildu þeir Alþb.-menn koma í veg fyrir. Þeir vildu haga framkvæmd málsins þannig, að af því hlytist ófriður við sem flestar þjóðir.

Sami hv. þm. sagði digurbarkalega, að Alþb. hefði tekizt að koma í veg fyrir gengislækkun í tíð vinstri stjórnarinnar. Hefur hann alveg gleymt 55% yfirfærslugjaldinu, sem er hrein gengislækkun, þótt það sé kallað öðru nafni?

Þá brigzlaði þessi sami hv. þm. minnihlutastjórn Alþfl. um það, að hún framkvæmdi ekki stefnuskrá jafnaðarmanna. Mér er spurn: Er þessi hv. þm. að reyna að telja þjóðinni trú um, að hann sé svo mikill fáviti, að hann viti ekki, að Alþfl. hefur ekki þingfylgi til að framkvæma stefnu sína? Hins vegar get ég sagt þessum hv. þm. og allri þjóðinni það, að Alþfl. tók að sér þann vanda, þegar hann fékk til þess þingstuðning Sjálfstfl., að bjarga þjóðinni í bili, — ég segi í bili, — frá þeim geigvænlega háska, sem hún var komin í í efnahagsmálum, atvinnumálum og fjármálum í desember s. l., og enginn annar flokkur virtist hafa tök á. Þjóðin mun dæma um það í næstu kosningum, hvort hún metur meir þær raunhæfu aðgerðir, sem komið hafa í veg fyrir efnahagslegt öngþveiti og hrun, eða þær rangfærslur og blekkingar, sem þessir hv. þingmenn fóru með. Ég býst við, að fleirum en mér hafi orðið að brosa, þegar hv. þm. Alfreð Gíslason klykkti út með því að segja af smekkvísi sinni, að þeir kommúnistar stæðu á traustum grundvelli þjóðlegra verðmæta.

Annars var það ætlun mín að ræða hér kjördæmamálið nokkuð og mun ég nú víkja að því.

Undirstaða lýðræðisskipulagsins er réttur fólksins í landinu til þess að ráða því, hvernig löggjafarsamkomu þjóðarinnar er skipað. Forsenda þess, að svo geti orðið, er, að kosningarréttur sé rúmur og kjósendur hafi jafnan eða sem jafnastan rétt til að hafa áhrif á, hverjum sé falinn sá trúnaður að ráða málum á löggjafarþingi, og þá um leið, hverjir fari með stjórn landsins. Alþfl. hafði frá upphafi á stefnuskrá sinni, að kosningarréttur skyldi miðast við lágt aldursmark og hann skyldi með engum hætti miðast við efnahag manna. Hann átti á sínum tíma hlut að því, að aldursmarkið var fært í 21 ár, og einnig að því að afmá þann blett með öllu, að snauðir menn og hjálparþurfi af þeim sökum hefðu ekki atkvæðisrétt. Þetta var þó ekki nóg. Agnúarnir voru fleiri, sem af þurfti að sníða, en þeir voru fyrst og fremst fólgnir í ranglátri kjördæmaskipun.

Það var 1934, sem sú mikla réttarbót var gerð í þessum efnum, að tekin voru upp 11 þingsæti til jöfnunar milli flokka. Það var einnig þá, sem kosningarrétturinn var færður niður í 21 ár og þingmönnum í Reykjavík var fjölgað úr 4 í 6 og Hafnarfjörður gerður að sérstöku kjördæmi. Enn var gerð nokkur bragarbót í kjördæmaskipuninni 1942, en þá var tekin upp hlutfallskosning í 6 tvímenningskjördæmum, Siglufjörður gerður að sérstöku kjördæmi og fjölgað þingmönnum í Reykjavík úr 6 í 8. Úrslitum um það mál réð samvinna Alþfl. og Sjálfstfl., eins og einnig nú hefur átt sér stað, gegn heiftarlegri andstöðu Framsfl.

Landinu er nú skipt í 28 kjördæmi, þar af 21 einmenningskjördæmi, 6 tvímenningskjördæmi með hlutfallskosningum og eitt 8 manna kjördæmi, Reykjavík.

Það fyrsta, sem við blasir, er spurningin um það, hvaða rök séu fyrir því, að kjördæmakjörnir þingmenn skuli kosnir með mismunandi hætti. Hvers vegna eru þeir ekki allir kosnir meirihlutakosningu í einmenningskjördæmum eða allir með hlutfallskosningum, annaðhvort í einu lagi fyrir landið allt eða svo og svo margir í fáum, en stórum kjördæmum? Engin rök eru fyrir þessum mismunandi kosningaaðferðum. Í öðru lagi rekur maður sig á það, að fólksfjöldi innan kjördæmanna er svo mismunandi, að fáránlegt getur kallazt. Í fólksfæsta einmenningskjördæminu nú eru 447 kjósendur, en í því fólksflesta 7961. Hlutfallið er nálega 1:18. Í fólksfæsta tvímenningskjördæminu eru nú 1506 á kjörskrá, en í því fólksflesta 3861. Í Reykjavík eru nú um 42 þús. manns á kjörskrá eða 5260 á bak við hvern hinna 8 þingmanna. Eins og sjá má á þessum samanburði, er hér hinn ótrúlegasti munur á milli kjósendanna í landinu. Þessi munur hefur stöðugt færzt í aukana undanfarin ár vegna

fólksfjölgunar á sumum stöðum í landinu og fólksfækkunar á öðrum. Við þetta misrétti milli kjósendanna bætist svo það, að af því leiðir óhjákvæmilega misrétti milli stjórnmálaflokkanna.

Með stjórnarskrárbreytingunni 1933, sem gekk í gildi 1934, var viðurkennd sú meginregla, að þingflokkarnir ættu að hafa þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðamagn við kosningar, og þessi meginregla var enn staðfest með stjórnarskrárbreytingunni 1942. Með núverandi skipulagi fer því þó fjarri, að þessi eðlilega og sjálfsagða meginregla fái að njóta sín í framkvæmd, og með fólksfjölgun á sumum stöðum og fækkun á öðrum raskast öll hlutföll meir og meir. Það gat því engum komið á óvart, að við þetta yrði ekki unað lengur. Kjósendur sætta sig ekki við það til lengdar, að þeim sé mismunað í atkvæðisrétti eins stórkostlega og nú er raunin á, og þeir flokkar, sem afskiptir verða í þingmannatölu vegna hins úrelta og rangláta skipulags, sætta sig ekki heldur við sinn skarða hlut til lengdar.

Á flokksþingi Alþfl. um mánaðamótin nóv. og des. s. l. var mál þetta tekið til ýtarlegrar meðferðar og samþykkt ályktun um það, að kjördæmaskipun í fáum, en stórum kjördæmum, með uppbótarþingsætum til jöfnunar milli þingflokka, væri líklegasta leiðin til þess að tryggja mest réttlæti í þessum málum. Flokkurinn lýsti sig þá reiðubúinn að taka höndum saman við aðra flokka um lausn málsins á þessum grundvelli. Sjálfstfl. lýsti því yfir um svipað leyti, að einnig hann aðhylltist kjördæmaskipun með fáum, en stórum kjördæmum og hlutfallskosningum. Þegar minnihlutastjórn Alþfl. var mynduð fyrir næstliðin jól með stuðningi Sjálfstfl., sömdu þessir flokkar um það að beita sér fyrir því á yfirstandandi Alþingi, að kjördæmaskipuninni yrði breytt í þetta horf. Málið var síðan tekið upp á Alþingi, svo sem alþjóð er kunnugt. Það hefur verið rætt þar og í flokksblöðum meira en nokkurt annað mál um þessar mundir og hefur fyrir fáum dögum verið samþykkt á Alþingi með stuðningi þriggja flokka, en í andstöðu við Framsfl.

Hið nýja skipulag gerir ráð fyrir 5 fimm manna kjördæmum, 2 sex manna kjördæmum og 1 tólf manna kjördæmi, Reykjavík, auk 11 uppbótarsæta til jöfnunar, samtals 60 þingmenn.

Með þessu skipulagi vinnst það, að mönnum, er stórum minna mismunað eftir því, hvar þeir búa á landinu. Nú verður ekki lengur um það að ræða, að vissir kjósendur hafi allt að 18-faldan rétt á við aðra. Í öðru lagi fæst með þessu skipulagi miklu meiri jöfnuður milli flokka. Og í þriðja lagi, að eitt kosningakerfi gildir um allt land, hlutfallskosningakerfið.

Sjálfsagt er að viðurkenna, að fullkomið réttlæti verður seint tryggt. En með hinu nýja skipulagi má telja öruggt, að komizt verði miklu meir í námunda við réttlætið en með því stórgallaða kerfi, sem nú er.

Því er hins vegar ekki að leyna, að við Alþýðuflokksmenn teljum, að betur hefði verið hægt að leysa þetta mál í sumum atriðum en gert var. Við töldum, að í Reykjavík hefðu átt að vera 14 þingmenn í stað 12, í Reykjaneskjördæmi 6 þm. í stað 5, í Norðurlandskjördæmi eystra 7 þm. í stað 6. Þegar miðað er við kjósendafjölda í kjördæmunum, eru þessi kjördæmi, sem ég nefndi, afskipt eða verða afskipt í þingmannatölu, og kjósendur þar hafa því rýrari atkvæðisrétt en í öðrum kjördæmum. Því má að vísu halda fram, að þetta sé réttlætanlegt með höfuðborgina Reykjavík, sem nýtur þeirra forréttinda, að löggjafarþingið situr þar og æðsta stjórn landsins auk flestra opinberra stofnana. Því má ef til vill einnig halda fram um Reykjaneskjördæmi, að það njóti þeirra hlunninda að vera í næsta umhverfi við höfuðborgina. En þá er á það að líta, að þó að 14 þingmenn væru í Reykjavík og 6 í Reykjaneskjördæmi, væri það samt lægri þingmannatala — stórum lægri — en fólksfjöldi gæfi tilefni til. En hvað sem þessum höfuðborgarsjónarmiðum líður, geta þau engan veginn átt við Norðurlandskjördæmi eystra. Öll rök brestur fyrir því, að þeir, sem þar búa, eigi að sitja við skarðari hlut en aðrir, en það munu þeir óhjákvæmilega gera. Hér skiptir engu máli, þó að þar sé stór kaupstaður, Akureyri. Í öllum hinum kjördæmunum eru líka kaupstaðir, og kaupstaðafólk á vitanlega jafnan rétt og annað fólk. Einhverjum kynni að vaxa í augum að fjölga þingmönnum upp í 62—65 í stað 60. En ég held, að það sé alveg ástæðulaust.

Ef svo heldur fram sem nú horfir, verða Íslendingar orðnir 200 þús. eftir 10 ár og 300 þús. eftir 40 ár, og kosningakerfið mundi haldast því lengur óbreytt, sem það væri nær því, sem réttlátt væri og skynsamlegt.

Ég ætla, að meginþorri þm. Sjálfstfl. hafi einnig haft þessa skoðun um kjördæmi þau, sem ég áðan nefndi. Þeir vildu einnig hafa 7 þm. í stað 6 í Suðurlandskjördæmi, og á það gátum við Alþýðuflokksmenn fallizt. Um þessa hluti gat því orðið fullt samkomulag við Sjálfstfl.

En þá komum við að leiðinlegum og ófélegum kapítula, þar sem voru samningarnir við Alþb. um málið. Það kom sem sé í ljós, þegar til þeirra kasta kom, að þeir höfðu ekki meiri áhuga á réttlætismálinu en svo, að þeir kváðust mundu snúast gegn því með Framsfl., ef þingmannatalan færi fram úr 60, og ekki aðeins það, heldur heimtuðu þeir einnig, að þeim væri borgað fyrir að fylgja málinu. Og þar sem svo illa vildi til, að Alþfl. og Sjálfstfl. höfðu ekki nægilegt þingfylgi til að koma málinu fram, varð ekki hjá því komizt að hlusta á þá Alþb.-mennina og prútta við þá um verðið.

Í fyrsta lagi vildu þeir, að stjórnin segði af sér, þegar fjárlög hefðu verið samþykkt, og mynduð yrði ný stjórn, sem þeir ættu aðild að ásamt Sjálfstfl. og Alþfl. Enginn áhugi var á þessu, hvorki hjá Alþfl. né Sjálfstfl. Þegar þeir fengu þessu ekki ráðið, settu þeir fram nokkur atriði, er þeir vildu setja sem skilyrði fyrir stuðningi við kjördæmamálið. Þessi atriði skiptu sáralitlu máli, og var um flest þeirra

enginn ágreiningur, enda féllu þeir Alþb.-menn frá þeim skilyrðum, sem verulega þýðingu höfðu.

Hitt skipti miklu máli, að þeir voru ekki til viðtals um málið, nema á því yrðu gerðar þær skemmdir, sem ég hef áður lýst og m. a. fólu það í sér, að á bak við hvern þm. í Norðurlandskjördæmi eystra væri 1881 kjósandi, þar sem á bak við hvern þm. í öðrum kjördæmum utan Reykjavíkur og Reykjaness eru frá 1182 til 1520 kjósendur. Ef þm. hefðu verið 7 í Norðurlandskjördæmi eystra, hefðu samt verið 1612 kjósendur á bak við hvern þm. þar, eða talsvert fleiri en í öðrum dreifbýliskjördæmum.

Í þessu er svipaða sögu að segja um Reykjavík og Reykjaneskjördæmi. Kommúnistar eða Alþýðubandalagsmenn, sem þeir nú vilja kalla sig, höfðu þá aðstöðu að geta skammtað naumt réttlætið til handa því fólki, sem hér á hlut að máli, með þeirri yfirskinsástæðu, að þingmannafjöldi mætti með engu móti vera meiri en 60, en heimtuðu þó jafnframt, að öllum 11 uppbótarþingsætum yrði úthlutað, enda þótt ekki væri þörf fyrir þau öll til jöfnunar.

Ástæðan til þess, að gengið var að þessum kostum, var einfaldlega sú, að þrátt fyrir það misrétti, sem Alþb.-menn heimtuðu að yrði viðhaldið, þótti sú réttarbót, sem með breytingunni fæst, svo mikilsverð, að ekki var áhorfsmál að sætta sig við þetta heldur en að Alþb.-menn tækju höndum saman við framsóknarmenn og felldu frv.

Þeir framsóknarmenn hafa, sem kunnugt er, haldið uppi hatrammri andstöðu gegn kjördæmamálinu. Þeir hafa þó viðurkennt, að umbóta sé þörf á kjördæmaskipuninni. Á flokksþingi sínu í vetur kváðu þeir upp úr með það, að skipta bæri landinu í einmenningskjördæmi, nema Reykjavík, þar skyldi vera hlutfallskosning, uppbótarsætin skyldu afnumin. Drepið var á það, að til mála kæmi að fjölga þingmönnum í einhverjum kaupstöðum, og skyldi þar vera hlutfallskosning. Einmenningskjördæmaskipan skyldi vera aðalregla. Framsóknarmenn segja, að ekki eigi að taka tillit til flokkssjónarmiða, er kjördæmaskipun sé ákveðin. En nú er mér spurn: Ef þeir telja, að einmenningskjördæmaskipulag sé skynsamlegast og réttlátast, hvers vegna vilja þeir þá ekki hafa einmenningskjördæmi um land allt, hvers vegna vilja þeir ekki skipta Reykjavík í einmenningskjördæmi? Það skyldi þó ekki vera, að það væru flokkssjónarmið, sem ráða þeirri afstöðu?

Þá vilja þeir leggja niður uppbótarþingsætin, en í þeim till. felst það nánast, að Framsfl. og Sjálfstfl. fái tvo af hverjum þremur þingmönnum Alþfl. og Alþb., af því að ⅔ þingmanna þessara flokka eru uppbótarþingmenn. Þannig var það í sniðum, réttlætið þeirra framsóknarmanna og lýðræðisást á flokksþingi þeirra í vetur.

Hv. þm. Karl Kristjánsson sagði hér áðan, að lýðræðið stæði föstustum fótum í þeim löndum, þar sem einmenningskjördæmaskipun væri. Þetta er auðvitað rakalaust með öllu. Hvað segir hv. þm. um Norðurlöndin, Noreg, Svíþjóð og Danmörk, eða Holland, Belgíu og Sviss? Er eitthvað bogið við lýðræðið í þessum löndum? Nei, þetta eru einhver mestu lýðræðislönd heims. Hið sanna er, að einmenningskjördæmi eiga vel við hjá stórþjóðum. Hins vegar á hlutfallskosningareglan betur við í fólksfærri löndum.

Á Alþingi höfðu framsóknarmenn uppi tillögu um að fresta afgreiðslu kjördæmamálsins og láta helzt endurskoðun þess og stjórnarskrárinnar í heild fara fram á sérstöku stjórnlagaþingi. Til þess að stjórnarskrárbreyting geti átt sér stað með þeim hætti, þarf a. m. k. þrennar kosningar og eina þjóðaratkvæðagreiðslu til viðbótar: tvennar alþingiskosningar til þess að breyta stjórnarskránni í það horf, að heimilt sé að breyta henni á sérstöku stjórnlagaþingi, þriðju kosningarnar til stjórnlagaþings og þær fjórðu, sem væru þá þjóðaratkvæði um stjórnarskrárbreytinguna. Kjósendurnir þyrftu sem sé að ganga fjórum sinnum að kjörborðinu, áður en stjórnarskrárbreyting yrði gerð með þessum hætti. Þetta er fyrirhafnarsöm leið, og með henni væri þetta þýðingarmesta löggjafarmál þjóðarinnar tekið úr höndum löggjafarþingsins. Þessi till. var því vægast sagt mjög óaðgengileg.

Varatill. var sú að fjölga kjördæmakjörnum þm. í þéttbýli, þannig að kjördæmakjörnir yrðu 50 þingmenn, og auk þess væru 10 uppbótarþingsæti, 60 þingmenn alls. Með þessu hafa framsóknarmenn gengið inn á, að uppbótarmenn skuli ekki lagðir niður, aðeins fækkað um einn, og réttmætt sé að fjölga þingmönnum í þéttbýli.

Ágreiningurinn, sem eftir var, var hlutfallskosningakerfið í fáum stórum kjördæmum. Af hálfu framsóknarmanna er því haldið fram, að verið sé að fremja grófasta ranglæti gagnvart strjálbýlinu með hinu nýja kosningakerfi. Hvert er þetta ranglæti? Það er þannig, að dreifbýlisfólkið fær allt að því þrefaldan atkvæðisrétt á við kjósendur í Reykjavík og réttur minni hlutans er stórum betur tryggður en nú er. Það er vitanlega alveg út í hött og hrein firra, að þetta sé ranglæti gagnvart dreifbýlinu.

Þá tala og skrifa framsóknarmenn um málið stundum eins og afnema eigi sýslurnar. Slíkt er vitanlega hrein fjarstæða og hefur aldrei komið til mála í þessu sambandi. Ég veit ekki nema um einn stjórnmálaflokk, sem hefur sýnt einhvern áhuga á að afnema sýslurnar eða a. m. k. að rýra vald þeirra, og það er, þótt hlálegt sé, einmitt Framsfl. Það er ekki ýkja langt síðan ýmsir forustumenn framsóknarmanna á Austur- og Norðurlandi, og þar var í broddi fylkingar hv. þm. Karl Kristjánsson, börðust fyrir því með oddi og eggju, að landinu yrði skipt í fjórðunga eða fimmtunga, og skyldi þingum þessara fjórðunga eða fimmtunga fengið það vald, sem sýslunefndir hafa nú, og ef til vill meira. Kjördæmin áttu helzt að vera einmenningskjördæmi eða — ef ekki næðist um það samkomulag — þá fá stór kjördæmi. Það átti að „stofnsetja um landið stærri, sterkari og sjálfstæðari félagsheildir", eins og það var orðað í Gerpi, tímariti Austfirðinga,

og það átti að „losna við hið danskættaða stjórnarform, sem hefur drepið niður alla sjálfstæða byggðastjórn í landinu“, eins og segir orðrétt í sama riti. Það eru hv. framsóknarmenn, sem segja þetta, en ekki ég.

Nú þýtur öðruvísi í þeim skjá hjá þessum hv. framsóknarmönnum. Nú er þetta danskættaða stjórnarform, sem þeir svo nefndu fyrir nokkrum árum, orðið að helgri stofnun, sem hvergi má við hrófla. Nú eru þeir með sálsýkiskenndar upphrópanir í flokksblöðum sínum um það, að hin fyrirhugaða kjördæmabreyting feli í sér dauðadóm hins íslenzka lýðræðis, endalok íslenzkrar bændamenningar, samsæri gegn lýðræðinu og landsbyggðinni og guð má vita hvað fleira. Öllu meira öfugmæli er vart hægt að hugsa sér.

Moldviðrið, sem þeir þyrla upp, á að vera svo þétt, að það geti blindað kjósendur landsins og það geti komið í veg fyrir, að almenningur sjái, heyri eða skilji, hvað um er að ræða. Þeim verður áreiðanlega ekki kápan úr því klæði. Fólk lætur ekki blekkjast af slíkum upphrópunum.

Því er haldið fram af hálfu framsóknarmanna, að hin nýja kjördæmaskipun muni verða til þess að fjölga stjórnmálaflokkum í landinu úr hófi fram, og því er einnig haldið fram, að tilgangurinn með breytingunni sé að draga úr öllum opinberum framkvæmdum í dreifbýlinu í landinu. Þetta eru vitanlega staðlausir stafir. Hvoru tveggja þessu héldu þeir líka fram 1942, þegar kjördæmaskipuninni var þá breytt. Þeir spáðu því þá, að flokkunum mundi fjölga um helming og að breytingin yrði til niðurdreps fyrir dreifbýlið í landinu. Þetta reyndist vitanlega tómt slúður. Flokkunum hefur ekki fjölgað, og aldrei hafa verið meiri framfarir úti um land en einmitt síðan. Einnig nú mun þetta reynast innantómt orðagjálfur. Þeir héldu því líka fram 1942 eins og nú, að verið væri að syngja útfararsálm þingræðisins í landinu með kjördæmabreytingunni. Þetta er vitanlega jafnfáránleg fullyrðing nú og reynslan hefur rækilega sýnt að hún var þá.

Það var athyglisvert, sem hv. þm. Str., Hermann Jónasson, sagði hér í gærkvöld, að þó að búið væri nú að samþykkja á Alþingi kjördæmabreytingu, væri alls óvíst um, hver endalokin yrðu. Ef Framsfl. fengi aukinn styrk í næstu kosningum, þó að hann fengi ekki meiri hluta, þá mundu væntanlega einhverjir þeir, sem nú hefðu léð málinu fylgi, endurskoða afstöðu sína. Við hvað átti hv. þingmaður? Hverjir eru þeir, sem hann býst við að endurskoði afstöðu sína eftir kosningar? Það liggur raunar í augum uppi. Það eru þeir hv. þm. Hannibal og Finnbogi Valdimarssynir og Alfreð Gíslason. Það er alkunna, að þeir gengu með hangandi hendi með kjördæmamálinu, og það er nauðsynlegt, að þjóðin geri sér grein fyrir því, áður en gengið er til kosninga, hvers hún getur vænzt í kjördæmamálinu, ef Alþýðubandalagið og Framsóknarflokkurinn fá aukið brautargengi í kosningunum. Hv. þm. Str. hefur vafalaust vitað, hvað hann var að fara. En bráðum kemur röðin að kjósendum landsins, sem segja til um, hvort þeir vilja efla þessa flokka og stofna þar með réttlætis- og mannréttindamáli í hættu.

Að lokum vil ég segja þetta: Þó að auðvelt hefði verið að fá fullkomnara réttlæti í kjördæmamálinu, ef kommúnistar hefðu ekki staðið í vegi, er ég sannfærður um, að næst þegar stjórnarskránni kann að verða breytt, mun fást á þessu leiðrétting. En eitt er víst, að lausn kjördæmamálsins mun marka tímamót í stjórnmálasögunni. Hún táknar það, að Alþingi mun framvegis verða sannari mynd af þjóðarviljanum. Allir landsmenn eiga að vera jafnir fyrir lögum og rétti. Lausn kjördæmamálsins, eins og hún er ákveðin, er mikilvægt skref í þá átt, að svo geti orðið. — Góða nótt.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Mér heyrðist hv. 1. þm. Reykv. vera hér áðan að áfellast stjórn Hermanns Jónassonar fyrir að hafa haft samráð við verkalýðssamtökin í efnahagsmálum. Það átti að vera óvirðing við Alþingi og eitt stærsta stjórnmálahneyksli, sem hér hefur skeð, skildist manni.

Nú vil ég spyrja: Ætlar Bjarni Benediktsson og Sjálfstfl. að taka ákvarðanir í efnahagsmálum án nokkurs samráðs við verkalýðssamtökin? Ef þeir gerðu það, þá þori ég að fullyrða, að það yrði tilgangslaust. Allar slíkar ráðstafanir mundu falla um sjálfar sig, svo sterk eru verkalýðssamtökin orðin a. m. k.

Það er sannarlega einstæð og furðuleg ríkisstj., sem við höfum haft á Íslandi síðan á Þorláksmessu. Til skýringar á fyrirbærinu koma mér helzt í hug orð Gamla testamentisins, þessi: „Röddin er Jakobs, en hendurnar Esaú.“ — Þessi orð voru, sem kunnugt er, sögð í sambandi við fúlmannleg svik. Frumburðarréttinum skyldi náð með svikum.

Víkjum aftur að hæstv. ríkisstj. Röddin er Emils og Alþfl., en hendurnar og handarverkin eru sannarlega íhaldsins. Loðin loppa íhaldsins var vissulega að verki, þegar lækkað var nýumsamið fiskverð sjómanna, þegar ráðizt var á kaup verkafólks og það lækkað um 13.4%, þegar ráðizt er á orlofslöggjöfina og reynt að eyðileggja hana undir fölsku yfirskini sparnaðar, þegar útvarpið undir tvívaldaðri yfirstjórn Alþfl. beitti alþýðusamtökin fáheyrðu ranglæti 1. maí s. l., þegar lækkuð voru framlög til verkamannabústaða og til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, þegar fellt var niður framlag til lamaðra og fatlaðra, skorin eru niður framlög til verklegra framkvæmda og fjárveiting til atvinnu- og framleiðslubóta stórkostlega lækkuð, — og þannig mætti lengi telja. Þarna er alls staðar að verki loðin loppa íhaldsins.

Í öllu þessu þekkjum við hina loðnu hönd Esaú, þ. e. a. s. íhaldsins. En röddin er Jakobs, Alþfl. er látinn túlka þetta allt saman fyrir þjóðinni og sérstaklega fyrir alþýðu manna, og í því liggja ljótu svikin, eins og í biblíusögunni. Og þá er komið að frumburðarréttinum, þegar ráðizt er á helgasta rétt verkalýðsfélaganna,

samningsréttinn. Ég held, að varla sé unnt að túlka sannar eða betur, hvílíkt alvörumál eða stórmál hér er á ferðum fyrir verkalýðshreyfinguna, en með orðum hv. 8. landsk. þm., Björns Jónssonar, formanns Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar, sem hann hefur nýlega sagt. Þau eru á þessa leið:

„Þegar slíkt athæfi er í frammi haft af flokki, sem í öndverðu taldi það sína helgustu skyldu og stefnumál að berjast fyrir sjálfsákvörðunarrétti verkalýðshreyfingarinnar og frelsi hennar til ákvarðana um lífskjör alþýðunnar, þá hljóta menn að staldra við og spyrja: Hvert er þá orðið okkar starf öll þessi baráttuár, ef það er nú orðið helzta bjargræðið að kippa sjálfum grundvellinum undan verkalýðshreyfingunni með því að afnema samningsréttinn, réttinn, sem brautryðjendurnir unnu stétt okkar með svo miklu erfiði og fórnum? Er þá ekki sjálfsagt, að næsta skrefið geti orðið það að leggja verkalýðsfélögin hreinlega niður með lögum, því að hvers virði eru þau, ef launakjörin eiga að ákveðast af löggjafarvaldinu, hvenær sem því kann að þóknast?"

Þessi orð Björns Jónssonar sýna okkur alvöru málsins. Verkalýðsfélög án samningsréttar eru ekki mikils virði né mikils megnug. En í þessu ráni frumburðarréttarins var flokkur alþýðunnar samt að verki, knúinn áfram af stjórnanda sínum, íhaldinu. Það er hin hörmulega staðreynd. Röddin var Jakobs, en hendurnar eru Esaú.

Mjög hefur verið reynt að fá launastéttirnar til að sætta sig við kaupránið með því að telja þeim trú um, að þær væru að taka þátt í almennri þjóðarfórn á örlagastundu og þess vegna bæri þeim að sætta sig við það möglunarlaust. En nú er mikil blekking á ferðum. Hvað hefur gerzt með kauplækkuninni? Þetta og þetta eitt, að verkamaðurinn, sem t. d. vinnur í Cóca-cóla-verksmiðju Björns Ólafssonar, skilur eftir 700—800 kr. af áður umsömdu kaupi sínu í kassa hans. Séu þeir 50, verkamennirnir, sem þetta gera, er fúlgan, sem eftir verður í kassa Björns um hver mánaðamót, 35—40 þús. kr. eða 420—480 þús. kr. á einu ári. En hverju er þá þjóðfélagið bættara við þessa tilfærslu tekna úr vasa verkamannsins í vasa Björns? Því getur víst enginn svarað. Eða við skulum taka banka með 100 manna starfsliði. Laun hvers starfsmanns hafa a. m. k. lækkað um 900—1000 kr. á mánuði að meðaltali. Þarna hefur mánaðarlega verið fært úr vasa launafólksins yfir í kassa bankans 90—100 þús. kr. En á einu ári er þetta 1 millj. og 80 þús. kr. til 1 millj. og 200 þús. kr. Og þjóðfélagið, auðvitað er það engu bættara við þessa tilfærslu. Ekki hafa menn heyrt um vaxtalækkun. Hins vegar má búast við meiri útlánum eða aukinni fjárfestingu af hendi bankans, og það þýðir aukna verðbólgu.

Það er ekki hægt að hugsa sér meiri fjarstæðu en að halda því fram, að 4000 kr. mánaðarkaup verkamannsins sé undirrót verðbólgunnar á Íslandi og stofni þjóðfélagi okkar í hættu. Og nú hefur reynslan líka gefið sitt svar. Kaupið hefur verið lækkað, en verðbólguþróunin hefur aldrei verið örari. Þarna er greinilega ekkert samband á milli.

Grófari ósannindum hefur aldrei verið beitt en þegar Alþýðublaðið og Alþýðuflokksmenn eru að dásama íhaldsstjórn Alþýðuflokksins fyrir að hafa ráðið niðurlögum verðbólgu og dýrtíðar. Fjárlög eru afgreidd með raunverulegum halla. Útflutningssjóður verður með stórfelldum halla. Fjárútvegun vegna niðurgreiðslnanna er slegið á frest fram yfir tvennar kosningar. Allt eykur þetta hraða verðbólguhjólsins, en stöðvar það ekki. Svokölluð niðurfærsluleið Alþýðuflokksins er því ein hliðarkauplækkunarleið. Hún er því miður jafnframt verðbólguleið, og dýrtíðin vex hröðum skrefum. Enginn getur nefnt vörur, sem lækkað hafa í verði, nema niðurgreiddu vörurnar, og þá lækkun á fólkið sjálft eftir að borga að fullu. En menn vita hins vegar, að fasteignagjöld hafa verið hækkuð, að húsaleiga er á uppleið af þeim sökum, að benzín hefur hækkað, að rafmagn hefur hækkað, að tóbak og áfengi hefur hækkað í verði, að egg hafa verið hækkuð í verði stórlega og margar fleiri vörur.

Það er hvimleiður skolli, þegar skrá fer í baklás. En nú hefur verra óhapp skeð. Verkalýðsflokkur hefur hrokkið í baklás, og það er Alþfl., og þessi bilun hans kemur fram í því, að hann rekur nú í einu og öllu öfuga verkalýðsmálapólitík. Á sama tíma og margir tugir milljóna eru með þessari Alþýðuflokkspólitík teknir úr vösum verkafólks og annarra launþega og færðir yfir í fjárhirzlur atvinnurekenda, eru útgerðarmönnum auk þess réttar 80 millj. kr. og enn til viðbótar gefnir nokkrir milljónatugir í þurrafúalánum, án alls tillits til þess, hvort þeir eru örsnauðir eða með auðugustu mönnum þjóðarinnar, eins og sumir þeirra sannarlega eru. Það er þetta hróplega misrétti, þetta ranglæti, sem verkalýðurinn á verst með að þola.

Hæstv. fjmrh., Guðmundur Í. Guðmundsson, las í gærkvöld langan kafla úr grein minni, sem birtist í Vinnunni í nóvembermánuði í haust, og eitthvað var hæstv. dómsmrh. líka að vitna til hennar hér áðan. Guðmundur Í. Guðmundsson vildi, eins og hæstv. menntmrh. í vetur, láta líta svo út sem tillögur mínar væru grundvöllur núverandi stjórnarstefnu. Eftir þeim hefði verið farið í einu og öllu, skildist manni. Þetta er vægast sagt hin grófasta fölsun. Ég ræddi í nefndri grein um verðbólguþróunina, sem væri leið til glötunar. Hana sagði ég að yrði að stöðva, og er það í samræmi við margyfirlýsta stefnu verkalýðssamtakanna. En ekkert hefur verið gert til þess að stöðva verðbólguþróunina. Ég sagði, að byrðunum yrði nú að deila á allra bök. Það er nú eitthvað annað en svo hafi verið gert, eins og þegar hefur verið sýnt fram á. Ég sagði, að framleiðslan ætti og gæti tekið á sig nokkurn hluta byrðarinnar. Það hefur ekki verið gert, heldur voru margir milljónatugir færðir úr vösum launþega til atvinnurekenda og myndarlegir gjafapinklar lagðir þar ofan á. Ég taldi samdrátt nauðsynlegan í ríkisrekstr-

inum. Framkvæmdin varð þriðjungshækkun á útgjöldum fjárlaga. Ég taldi álagningarlækkun vera sjálfsagða. Hún hefur orðið heldur lítilvæg samanborið við kauplækkunina. Ég taldi, að sveitarfélög og einstaklingar ættu að draga dálitið úr fjárfestingu. Ekki veit ég til, að neinar ráðstafanir hafi verið gerðar til þess. Og að lokum taldi ég, að ef bændur lækkuðu framleiðsluvörur sínar í verði án niðurgreiðslna, þá bæri verkamönnum að svara því með niðurfellingu nokkurra vísitölustiga af kaupi sínu. Allt þetta er ég reiðubúinn til að standa við enn í dag.

Ég lauk grein minni í Vinnunni með þessum orðum: „Takmarkið með öllu þessu á að vera það, að kaupgjald og verðlag nemi staðar, þar sem það nú er," þ. e. 185 vísitölustig, „svo að atvinnulífið geti haldið áfram án nýrrar tekjuöflunar eftir þessa aðgerð og þjóðartekjurnar geti haldið áfram að vaxa, eins og þær gerðu á þessu ári," þ. e. 1958. „Og það er raunar það eina, sem tryggt getur varanlegar kjarabætur."

Eins og á þessum seinustu orðum sést, lagði ég aldrei til, að 10 vísitölustig væru auk þessa alls skorin niður bótalaust og þannig farið með vísitöluna niður í 175 stig, eins og Alþfl.-stjórnin hefur nú gert. Þar með er fölsunin á mínum till. fullkomnuð. Þessir herrar geta því hvorki sannað á mig skoðanaskipti með tilvitnunum í þessa grein né heldur haldið því fram, að eftir mínum till. hafi verið farið.

Við þetta vil ég svo einungis bæta því, að Alþýðusambandsþing bauð að styðja stöðvunaraðgerðir í efnahagsmálum miðað við 185 vísitölustig. En á það var ekki hlustað, heldur rokið í stjórnarslit, án þess að reyndar væru nokkrar samkomulagsleiðir um till. stjórnarflokkanna.

Það eitt er víst, að ástæðan til stjórnarslitanna var ekki neitun Alþýðusambandsþings á frestun 17 vísitölustiga um einn mánuð, ekki heldur smávægilegur vandi efnahagsmálanna, sem leysa þurfti. Ástæðan var sú, að framsóknarmenn gerðu sér nú fyrst ljóst, að Hræðslubandalagið var dautt, að Alþfl. var genginn úr framsóknarvistinni og búinn að gera varanlegan hjúskaparsáttmála við íhaldið. Þetta var ástæðan til stjórnarslitanna. Að þessu uppgötvuðu var það mat framsóknarmanna, að nú væri gott að standa upp af stjórnarstólunum. Rekstur atvinnuveganna stæði með miklum blóma, atvinnuleysi ekki til, fólksflóttinn til Suðvesturlandsins stöðvaður, mikið dregið úr hernámsvinnu, gjaldeyristekjur vegna aukinnar útflutningsframleiðslu 200 millj. kr. hærri en árið áður, fjárhagur ríkissjóðs með miklum blóma o. s. frv., og svo væri gott að knýja Sjálfstfl. til þess fyrir kosningar að sýna úrræði sín í efnahagsmálunum.

Það er sannfæring mín, að þetta var ástæðan til stjórnarslitanna í haust. Hvernig Alþfl. og Framsfl. vilja svo deila með sér sökinni að bregðast þannig málstað vinstri sinnaðra manna í landinu, er algerlega þeirra mál. En aldrei verður það af þeim skafið, að þeir og engir aðrir eru sekir fyrir stjórnarslitin. Gegn þessum flokkum ber vinstri sinnuðu fólki að snúa reiði sinni og hegna þeim út af stjórnarrofinu. Hitt er rétt, að síðan, þegar Sjálfstfl. hafði gefizt upp á stjórnarmyndun, reyndist Framsókn fús til að taka upp þráðinn á ný. En þá var Alþfl. fyrir löngu orðinn drepinn í þann íhaldsdróma, sem honum var langt um megn að slíta.

Langstærsta málið, sem vinstri stjórninni auðnaðist að leysa, var landhelgismálið. Lausn þess máls er og verður tímamótaviðburður í þjóðarsögunni. Mun aldrei verða um það deilt, að það var Alþb., sem forustuna hafði um lausn málsins, né heldur um hitt, að Lúðvík Jósefsson átti allra Íslendinga mestan þátt í að knýja málið fram. Þess er skylt að geta, að á Framsfl. var aldrei neinn bilbugur í landhelgismálinu, hvorki út á við né inn á við. Hið sama verður því miður ekki sagt um hina flokkana, Alþfl. og Sjálfstfl.

Eins og kunnugt er, lá við sjálft, að stjórnarsamstarfið rofnaði út af lausn landhelgismálsins s. l. vor. Hvað þá gerðist raunverulega, hefur þjóðin aldrei fengið að vita. En það var þetta: Sjálfstfl. og Alþfl. bundu það þá órofa samningum sín á milli að koma í veg fyrir gildistöku 12 mílna fiskveiðilandhelginnar. Það, sem því olli, var einkum tillitið til vina beggja í Atlantshafsbandalaginu. En á yfirborðinu skyldi látið heita, að deilt hefði verið og málið sprungið á ágreiningi um grunnlínupunkta og veiðirétt íslenzkra togara innan línunnar. En þegar Alþb. lýsti því yfir, að það gengi að öllum skilyrðum Alþfl. í málinu, að því einu tilskildu, að fiskveiðilandhelgin yrði ákveðin 12 sjómílur frá grunnlínum, þá guggnaði Alþfl. á seinustu stundu á því að sprengja ríkisstj. Hann fann, að það var óframbærilegt, þjóðin mundi dæma þann stjórnmálaflokk til dauða, sem yrði ber að svikum í landhelgismálinu. Íhaldið vissi að kvöldi ekki annað en málið væri klappað og klárt, stjórnin væri fallin og órofa samstarf Alþfl. og Sjálfstfl. væri þegar hafið. En þegar þetta brást, urðu sjálfstæðismenn ofsareiðir við og brugðu Guðmundi Í. Guðmundssyni um svik, — hann hefði látið Lúðvík Jósefsson kúga sig, sögðu þeir. Síðan hélt Sjálfstfl. áfram að hafa kápuna á báðum öxlum í málinu, eins og þjóðin veit, þar til hann rétt fyrir 1. sept. í haust sneri við blaðinu af hræðslu við einróma og óbugandi þjóðarvilja.

Það var þegar þessir atburðir gerðust bak við tjöldin, sem Hræðslubandalagið dó drottni sínum, þó að framsóknarmenn gerðu sér það ekki ljóst fyrr en á haustnóttum.

Á sama hátt hefur það nú tekið margar vikur að fá Sjálfstfl. og Alþfl. til að sameinast um ályktun á Alþ. um landhelgismálið. En nú fóru kosningar í hönd, og nú hefur Alþ. loks einróma lýst yfir skýrum þjóðarvilja um 12 mílna fiskveiðilandhelgi og friðun alls landgrunnsins sem takmark. Þetta er mikill sigur í landhelgismálinu. En þó tel ég öruggast að leggja ekki örlög þessa máls í hendur þeirra manna, sem alltaf eru að tala um að skjóta málinu til andstæðinga Íslands í Atlantshafsbandalaginu og ítreka jafnframt alltaf yfirlýs-

ingar sínar um órofa vináttu sína við Breta. Ég finn mig aldrei öruggan fyrir því, að slíkt gæti ekki leitt til einhvers konar Færeyingasamninga, t. d. eftir seinni kosningar. Það er því bezt, að þjóðin haldi vöku sinni í landhelgismálinu, þar til fullur sigur er unninn.

Hér hefur margt verið rætt um kjördæmamálið. Um það skal ég vera fáorður, en þetta vil ég þó taka fram: Framkoma framsóknarmanna í málinu hefur verið fádæma klaufaleg og ekki að fullu drengileg. Í tvö og hálft ár átti hún þess kost að fá málið leyst með Alþb. og Alþfl. Um það var samið í stjórnarsáttmálanum hjá vinstri stjórninni, að málið skyldi leyst á starfstíma stjórnarinnar. En þetta var svikið, aðeins kallaður saman einn fundur til málamynda fjórum dögum áður en forsrh. kaus að beiðast lausnar. Einasta afsökun Framsóknar kann að vera sú, að hún hafi ekki vitað, að Alþfl. hafði gengið af Hræðslubandalaginu dauðu þá þegar í júnímánuði um vorið. En svo leið allur veturinn. Engar till. í réttlætisátt komu frá Framsókn, þar til flokksþingið birti sína alkunnu ályktun um málið. Og hvílíkt réttlæti, sem þá birtist! Einmenningskjördæmi og engin uppbótarsæti til jöfnunar. Það þýddi að mestu útþurrkun allra annarra flokka en íhaldsins og Framsóknar. Alþb. hefði samkv. þessu fengið 2 þm. þrátt fyrir 16 þús. kjósendur. Þá var ekki lengur eftir neinu að bíða. Þá var teningunum kastað, og þá fyrst komu till. Framsóknar: Jafnmikil fjölgun þm. í þéttbýlinu, Reykjavík með 12, þingmannatalan alls 60, en ófrávíkjanlegt skilyrði að kjósa í sem smæstum heildum, og það er nú það einasta, sem á milli ber. Þess vegna hittir Framsókn sjálfa sig fyrir og þarf um það við engan að sakast nema sjálfa sig, — ranglætinu var með engu móti unað lengur, og vissulega fær Framsfl. fullkomið jafnrétti við aðra flokka eftir hinni nýju skipan. Hefur hún þannig undan engu að kvarta, en með hinni nýju kjördæmaskipun á að fást meiri jöfnuður milli flokka en áður var.

Það eru einkum íhaldsmenn, sem halda því fram, að Alþb. hafi brugðizt umbjóðendum sínum í herstöðvamálinu. Þetta er fjarri öllum sanni. Hið rétta er, að bæði Alþfl. og Framsfl. sviku samþykkt sína frá 28. marz. Þar með var vonlaust um að koma málinu fram í samstarfi við þá. En hví þá ekki að fara úr stjórninni í mótmælaskyni? segir einhver. Með því var engu og engum þjónað nema íhaldinu. Og svo var það sammæli allra forráðamanna Alþb., að frá landhelgismálinu mætti undir engum kringumstæðum hlaupa. Það var málið, sem enginn vildi fórna fyrir nokkuð annað, ef nokkur kostur yrði að koma því í höfn.

Góðir hlustendur. Alþb. mótmælir hinni ófugu verkalýðsmálapólitík Alþfl. Alþb. dregur Sjálfstfl. fyrst og fremst til ábyrgðar fyrir þeirri pólitík, sem nú er rekin. Það eru hans úrræði, og það er hans stefna, sem birtist í þessari pólitík. Alþb. telur, að allar launastéttir landsins hafi orðið fyrir óréttmætri árás undir því falska yfirskini, að verið væri að stöðva verðbólgu og dýrtíð og þess vegna yrðu allir að taka á sig fórnir. Alþb. neitar því, að 4000 kr. mánaðarkaup verkamanna sé undirrót verðbólgunnar og því hafi verið nauðsynlegt að ráðast á launakjör þeirra. Alþb. minnir menn á, að Sjálfstfl. boðar áframhaldandi aðgerðir í efnahagsmálum, þetta sé aðeins fyrsta skrefið. Gengislækkunin er hans úrræði, en það er haft uppi í erminni þangað til eftir kosningar. Alþb. telur aukna framleiðslu vera einu varanlegu úrlausnina í efnahagsmálum. Ég heiti því á allan landslýð að fylkja sér fast um framleiðslustefnu Alþb. — Góða nótt.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Hv. fulltrúar stjórnarflokkanna, Alþfl. og Sjálfstfl., virtust vera mjög ánægðir með afrek þessa þings eftir því að dæma, hvernig þeir töluðu hér í gærkvöld. Mun ég hér á eftir víkja að ýmsum þeim málum, sem þeir minntust á, án þess þó að rekja einstakar ræður þeirra.

Þegar hæstv. forseti Sþ. tók við því starfi 15. jan. s. l., þá lét hann þá ósk í ljós við þingið, að vandamálum þjóðarinnar yrði framvegis ráðið til lykta í þingsölunum, í Alþingi sjálfu, en ekki utan þings. Honum hefur ekki orðið að ósk sinni, því að aldrei hafa stærri ákvarðanir verið teknar utan þingsalanna heldur en nú. Sem kunnugt er, hefur hæstv. ríkisstj. varið stórfé til að greiða niður vöruverð og talið sig með því vera að stöðva dýrtíðina. Auk þess hefur ríkisstj. samið um auknar útflutningsbætur, sem nema tugum millj. kr., án þess að bera þetta undir Alþingi, og hefur þó Alþingi setið á rökstólum, svo að það hefðu verið hæg heimatökin.

Það má að vísu vera, að hæstv. ríkisstj. hafi borið þessar aðgerðir undir stuðningsflokka sína, Alþfl. og Sjálfstfl. En undir Alþingi sem slíkt hefur hún ekki borið neitt í þessu efni, nema telja skyldi frv. um breytingu á útflutningssjóðslögunum, sem hefur lengst af legið í salti í hv. Nd. og er ekki orðið að lögum enn. Það má því heita, að því er snertir stærstu fjármál þjóðarinnar, að hér hafi verið einræðisstjórn, síðan hæstv. núverandi ríkisstj. tók við völdum, og þó telja þeir menn, sem að þessu standa, sig vera hina mestu lýðræðissinna. Þessum aðferðum verður að mótmæla.

Ég er nú búinn að sitja nokkuð lengi á Alþingi, því að þetta er 43. þingið, sem ég sit á, en ég fullyrði, að ég hef aldrei séð annað eins ábyrgðarleysi við afgreiðslu fjárlaga og fjármála yfirleitt og nú á þessu Alþingi. Tekjuliðir fjárlaganna eru hækkaðir, flestir án þess að hægt sé að gera ráð fyrir, að þeir standist. Lækkaðar hafa verið áætlanir um lögboðin gjöld, án þess að nokkrar líkur séu til, að sú lækkun verði raunveruleg. Þannig er fenginn svokallaður jöfnuður tekna og gjalda. Get ég ekki betur séð en fjárlögin séu hreint og beint fölsuð. Hæstv. ríkisstj. ætlar að lækka dýrtíðina án þess að leggja ný gjöld á þjóðina. En dettur nokkrum óvitlausum manni í hug, að ekki komi að skuldadögunum? Allt þetta ráðslag er raunverulega víxill, sem hæstv. ríkisstj. tekur, en framtíðin er í ábyrgð fyrir og verð-

ur að greiða. Skattarnir hljóta því að koma með tvöföldum þunga, vegna þess að þá þarf bæði að sinna þörfum líðandi stundar og greiða vixilinn.

Raunverulegur sparnaður er sáralítill í fjárlögunum, þó helzt á þeim ýmsu verklegu framkvæmdum, sem fólkinu á landsbyggðinni er til stórbaga að dregið sé úr. Í þessu sambandi minni ég á raforkuframkvæmdirnar. Ég sé ekki betur en það eigi beinlínis að svíkja fólkið um þær raforkuframkvæmdir, sem lofað var 1953. Svikin eru í fyrsta lagi fólgin í því, að skornar hafa verið niður á fjárlögum yfir 10 millj. kr. til raforkuframkvæmda. Í öðru lagi hefur verið svikizt um að ganga eftir 14 millj. kr. láni frá íslenzkum bönkum til þessara framkvæmda, sem koma átti á þessu ári til þeirra samkvæmt samningi, sem stjórn Steingríms Steinþórssonar gerði við bankana og má segja að væri grundvöllur undir áætluninni. Í þriðja lagi virðist 10 ára áætlunin um rafvæðingu dreifbýlisins hreinlega vera numin úr gildi. Hætt er við byggingu vatnsaflsstöðva og hætt við að tengja héruðin saman með háspennulínum, en tjasla á þess í stað upp dísilstöðvum til bráðabirgða, en með þessu er grundvöllurinn undir dreifingu rafmagns í framtíðinni um sveitir og til sjávarþorpa með háspennulínum hruninn. Þetta verður til kostnaðarauka, nema ætlunin sé hreinlega sú að búa við dísilstöðvar til frambúðar, en það telja sérfræðingar um rafmagnsmál ekki hægt að treysta á til frambúðar. Ætlunin virðist blátt áfram vera sú, að 1963, þegar 10 ára áætluninni átti að vera lokið, verði eftir að framkvæma af henni fyrir meira en 100 millj. kr. með óbreyttu verðlagi. Þær framkvæmdir, sem þá verða eftir, koma svo kannske eftir þann tíma eða þá aldrei.

En svo ósvífinn er málflutningur þeirra, sem að þessu standa, eins og t. d. í ræðu hæstv. fjmrh. í gærkvöld, að þeir gefa jafnvel í skyn, að með þessu sé verið að koma í veg fyrir, að 500 þús. kr. hafi átt að verja til að koma rafmagni á einstök sveitabýli eftir áætluninni. Slíkt hefur aldrei staðið til samkvæmt henni.

Flestir þeir, sem hafa ekki enn fengið rafmagn úti um landið, hafa gert sér von um að fá það á næstu árum og í síðasta lagi árið 1963. Nú bregðast þessar vonir, hver veit, hvað lengi, kannske fyrir fullt og allt.

Eins og flestir muna, var ástandið þannig fyrir nokkrum árum, að fólk flykktist mjög utan af landsbyggðinni, bæði úr sveitum og sjávarplássum, hingað til Reykjavíkur og til Suðurnesja. Nú hefur þessi straumur stöðvazt í bili og mikið vegna aðgerða fyrrv. ríkisstj.

Hv. stjórnarflokkar stefna nú, að því er virðist, vitandi vits að því, að þeir fólksflutningar hefjist á ný. Það er kominn sá tími, að fólk unir ekki annars staðar en þar, sem það hefur svipaða lífsafkomu og lífsþægindi og það veit að aðrir hafa. Eitt það veigamesta, sem varð til að draga úr fólksstraumnum úr kaupstöðum úti um land og sjávarplássum, var atvinnuaukningarféð. Fyrir það hafa verið fengin ný atvinnutæki, byggðar hafnir, frystihús og margt fleira. Veit ég t. d., að atvinnuaukningarféð kom í svo góðar þarfir í sjávarplássum í minu kjördæmi, að án þess hefði sennilega skapazt hreint neyðarástand þar og fólksflótti. Nú á stórlega að skerða þetta framlag, en af því mun án efa leiða minnkandi framkvæmdir á þessum stöðum. Þetta er kveðja hv. stjórnarflokka til fólksins í kaupstöðum og öðrum sjávarplássum úti um land.

Þegar búið er að skerða atvinnuaukningarféð, hætta við raforkuframkvæmdir, draga úr vegaviðhaldinu, svo að sumir þjóðvegir verða sennilega ófærir, ef framfylgja á ákvæðum fjárlaga, — þegar allt þetta verður gert, gæti ég haldið, að þá færi að losna um ýmsa úti á landsbyggðinni og fólkið þar liti á höfuðborgina og næsta nágrenni hennar sem hið fyrirheitna land. En mundi Reykjavík hafa hag af því, að fólkið færi að flykkjast hingað aftur í stríðum straumum og keppa um atvinnu og húsnæði? Ég held ekki. Ég held, að það sé allra hagur, Reykvíkinga líka, að jafnvægi haldist í byggð landsins. En núverandi stjórnarstefna virðist ganga í þveröfuga átt við það.

Ég kem þá að því, sem mestu máli skiptir um þessar mundir, en það er kjördæmamálið. Stefna Framsfl. var skýrt mörkuð í kjördæmamálinu á þingi flokksins í vetur. Flokkurinn vill byggja á héraðaskiptingunni og einmenningskjördæmum sem aðalreglu, en hlutfallskosningum í stærstu kaupstöðum sem undantekningu vegna þess, hvað erfitt er að finna þar eðlileg takmörk fyrir skiptingu í mörg kjördæmi, enda hver kaupstaður félagsheild fyrir sig. Þessari skipan fylgja engin uppbótarsæti.

Hinir flokkarnir allir hafa tekið afstöðu gegn þessari stefnu og halda því fram jafnvel, að þeir hafi orðið að grípa til gerbyltingar á kjördæmaskipuninni, vegna þess að Framsfl. hafi ekki viljað hlusta á neitt nema þessa stefnu sína í kjördæmamálinu. Framsfl. var þessi afstaða hinna flokkanna vel ljós, og flokknum var vel ljóst, að honum bar að gera allt, sem í hans valdi stóð, til þess að hafa áhrif á, hvað gert yrði í kjördæmamálinu, og reyna að afstýra því versta, en það versta var að flokksins dómi afnám héraðskjördæmanna. Fyrir þessu var ráð gert á flokksþingi framsóknarmanna og í miðstjórn hans og þingflokki. Flokkurinn ákvað að gera allt, sem í hans valdi stæði, til að koma á miðlun í málinu á Alþingi. Till. flokksins til breytinga á stjórnarskrárfrv. hafa því allar verið við þetta miðaðar og byggðar á því, að hægt er að jafna kosningarréttinn með því að fjölga kjördæmaþm. í þéttbýlinu, en héraðskjördæmin standi. Ef á þetta yrði fallizt til miðlunar, þá yrði að sætta sig við uppbótarsæti áfram og hlutfallskjör í tvímenningskjördæmum til þess að koma í veg fyrir, að kjördæmin yrðu lögð niður.

Stefna Framsfl. í kjördæmamálinu, miðlunartilraunir hans og starfsaðferðir til þess að koma í veg fyrir árásina á kjördæmin, allt er þetta miklu ljósara og skýrara og nýtur meiri vinsælda meðal almennings en andstæðingunum

þykir gott, og þar af stafar allt það moldviðri, sem þeir reyna að þyrla upp um málið.

Kjarni þessa mikla máls er sá, að þríflokkarnir vilja ekki á annað hlusta en að leggja niður núverandi kjördæmi, enda þótt á því sé engin þörf til þess að jafna kosningarréttinn meira en nú er í þéttbýli og strjálbýli. Það er hægt að gera eftir miðlunarleið Framsfl. Sá réttur manna og héraða að kjósa sérstaka fulltrúa fyrir hvert byggðarlag á Alþingi hefur frá upphafi hins nýja Alþingis beinlínis verið grundvöllurinn að þeim miklu, almennu framförum, sem orðið hafa víðs vegar um landið. Kunnugleiki þm., náið samband við kjósendur, bein ábyrgð þeirra hvers um sig á málefnum héraðsins hefur orðið grundvöllur að þeirri sókn í framfaramálum héraðanna hvers um sig og fleiri saman, sem þm. hafa haldið uppi á Alþingi. En þau öfl, sem fyrir kjördæmabreytingunni standa nú, kalla þetta aðhald, sem kjördæmin veita þm. til þess að vinna að málum héraðanna, pólitíska spillingu. Svo langt er gengið, að talað er um, að kjördæmin séu sett upp á þjóðina af dönskum konungi. Það var forustumaður Íslendinga, einn fyrsti í frelsisbaráttu þjóðarinnar, sem fyrstur stakk upp á svipaðri kjördæmaskipun og haldizt hefur. Það var Baldvin Einarsson.

Tveir hv. þm. Sjálfstfl., þeir hv. þm. Borgf. og hv. 2. þm. Skagf., hafa haldið því fram hér á Alþingi í útvarpsumr., annar í umr. um stjórnarskrána sjálfa, hinn í gærkvöld í þessum eldhúsdagsumr., að það væri miklu betra fyrir kjósendur, að kjördæmunum væri steypt saman í stærri heildir, þá gæti hver kjósandi snúið sér til flokksbróður síns á Alþingi o. s. frv. Ég hef aldrei orðið þess var, að kjósendur í mínu kjördæmi hafi ekki getað snúið sér til mín, hvar í flokki sem þeir hafa staðið, og sama veit ég að er um báða þessa hv. þm. og raunar flesta þm. Ég held t. d., að hv. þm. Borgf., Pétur Ottesen, sé alveg talandi tákn um það, hvers virði þingmaður einmenningskjördæmis getur verið héraði sínu. Borgarfjarðarsýsla og Akraneskaupstaður bera ljóst vitni um það, og framfarir þar afsanna alveg þau ummæli þessa þm., að héraðið hafi nokkurn tíma verið látið gjalda pólitískrar afstöðu hans. Ég er alveg viss um, að þessi þm. hefði komið minna til leiðar, ef hann hefði verið einn af fimm þm. hins stóra svæðis frá Hvalfjarðarbotni og í Gilsfjarðarbotn, sem nú á að verða kjördæmi. Það hefði dreift áhuga hans og kröftum.

Ég hef oft hugsað um það undanfarnar vikur, hvað því gæti valdið, að hæstv. ríkisstj., sem skipuð er góðum og gegnum mönnum, sem ég hef persónulega mætur á, skuli láta sér verri menn hafa sig til þess að koma fjármálum þjóðarinnar í slíkt öngþveiti sem fyrirsjáanlegt er þegar á þessu ári eða a. m. k. á næsta ári og það vegna þessa máls, sem ég hef rætt um stund. Ég held, að svarið við þessu geti ekki verið nema eitt. Hæstv. ríkisstj. leggur út á þessa glæfrabraut vegna tilfinningar, sem margir hafa fyrr og síðar þjáðst af, tilfinningar, sem hrundið hefur af stað styrjöldum á milli þjóða og verið orsök margra óhæfu- og jafnvel glæpaverka, og þessi tilfinning er óttinn. Flokkur ríkisstj., Alþfl., er hreint og beint hræddur við dauða sinn og hyggur, að kjördæmabreytingin geti tryggt honum lífið. Þessi flokkur var þó fyrir tiltölulega fáum árum töluvert öflugur bæði á Alþingi og utan þings. Þannig hafði hann t. d. eitt sinn tíu þingmenn. Nú er hann hræddur um, að hann komi engum manni á þing hjálparlaust nema með breyttri kjördæmaskipun og hlutfallskosningum. En það er ekki kjördæmaskipuninni að kenna, að flokkurinn er nú í hættu sem þingflokkur. Það sýnir fyrri saga flokksins. Hann var t. d. töluvert öflugur flokkur, áður en uppbótarþingmennirnir komu til sögunnar. Orsökin er sú, að flokkurinn hefur tapað fylgi meðal þjóðarinnar, og haldi sú þróun áfram, gagnar honum ekkert nein kjördæmabreyting nema e. t. v. í bili. Sjálfstfl. aftur á móti hyggst auka völd sín með kjördæmabreyt. og hnekkja Framsfl.

Hvort tveggja þetta er þó næsta óvíst að takist. Stjórnarskráin kveður svo á, að þegar stjórnarskrárbreyt. er samþykkt á Alþ., skuli þingið rofið og kosningar fara fram, og öðlast stjórnarskrárbreytingin ekki gildi, nema næsta þing eftir kosningar samþykki breytinguna aftur. Þetta ákvæði er sett til tryggingar kjósendum, til þess að þjóðin geti tekið í taumana, ef hún er óánægð með breytinguna, og sent þá meiri hl. á þing, sem vill fella slíka breyt. Ráðgert er að hafa aukaþing í sumar. Ekki er ætlazt til, að það þing geri annað en að endursamþykkja stjórnarskrárbreytinguna og setja kosningalög í samræmi við hana. Í haust á svo venjulegt þing að koma saman að loknum nýjum kosningum. Kosningar í vor snúast því og eiga að snúast eingöngu um kjördæmamálið, því að aukaþingið, sem kosið er til, fjallar ekki um annað. Þeir, sem vilja afnema núverandi kjördæmi, sem mundi leiða til áframhaldandi glæfrastefnu núverandi stjórnarflokka í fjármálum, kjósa að sjálfsögðu Sjálfstfl. eða Alþfl. Hinir, sem vilja halda við núverandi kjördæmum, sem eru undirstaða þess, að jafnvægi haldist í byggðum landsins og að stjórn og þing sinni þörfum þess fólks, sem býr á landsbyggðinni, í sveitum landsins og kaupstöðum þar og öðrum sjávarplássum, þeir kjósa að sjálfsögðu þann eina stjórnmálaflokk, sem berst á móti þessum ófögnuði, þeir kjósa Framsfl. við kosningarnar í vor. Hvert atkv., sem Framsfl. verður greitt í vor, kemur að gagni sem mótmæli gegn afnámi kjördæmanna. Ykkur verður að vísu sagt, kjósendur góðir, að það þýði ekki að kjósa Framsfl. vegna kjördæmamálsins, það mál sé þegar útkljáð og flokkurinn geti ekki fengið meiri hl. né stöðvunarvald á aukaþinginu. En jafnvel þó að svo færi, mun það sýna sig, að ef Framsfl. fær stóraukið fylgi í kosningunum í vor, bæði að kjósendafjölda og þingmannatölu, þá mun koma hik á hina flokkana. Þeir kæra sig nefnilega ekkert um að hrinda frá sér fjölda kjósenda úti um land. Þá kynni svo að fara, að hætt yrði við að keyra þetta mál í gegn á aukaþinginu, en í stað þess yrði setzt að samningaborðinu og sanngjörn lausn fundin í kjör-

dæmamálinu án þess að leggja núverandi kjördæmi niður, svipað og gert var eftir kosningarnar 1931. Veitið því Framsfl. öruggt fylgi í kosningunum í vor, kjósendur góðir.

Sigurður Ó. Ólafsson: Herra forseti. Háttvirtu áheyrendur. Framsóknarmenn fjölyrtu mjög um það fyrir kosningarnar 1956, að ef Hræðslubandalagið fengi meiri hluta á Alþingi, þá væri mögulegt að útiloka Sjálfstfl. frá öllum áhrifum á stjórn landsins. Með því væri allur vandi leystur. Efnahagsvandamálin yrðu þá leyst, ekki með uppbótum og niðurgreiðslum eins og hingað til, heldur eftir nýjum leiðum með varanlegum aðgerðum. Þetta var m. ö. o. aðaluppistaðan í áróðri Framsóknar fyrir kosningarnar, og þeir voru búnir að segja þetta svo oft, að helzt leit út fyrir, að þeir væru sjálfir farnir að trúa sínum eigin ósannindum. Og það munu hafa verið ófáir kjósendur, sem í fullri alvöru lögðu trúnað á fagurgala og blekkingatal Hræðslubandalagsins. Því var trúað af mörgum, að vinstri flokkarnir væru einir færir um að leysa vanda efnahagsmálanna, sem reyndar var sagður miklu meiri en hann var, og einnig þau önnur vandamál, sem fyrir lágu. Og í þessari trú köstuðu margir atkv. sínu á Hræðslubandalagið, sem annars hefðu ekki gert það.

En nú er öllum ljóst, hverjar efndir urðu á öllum loforðum þessara manna. Vinstri stjórnin var mynduð með þátttöku kommúnista í júlí 1956. Strax hófst stjórnin handa með því að fá erlenda sérfræðinga til að gera upp þjóðarbúið. Álit þeirra og till. fengust aldrei birtar þrátt fyrir ítrekaðar óskir og kröfur sjálfstæðismanna þar um. Gizkað var á, að álit og till. sérfræðinganna hefðu ekki farið saman við það, sem vinstri flokkarnir og sérstaklega Framsókn höfðu haldið fram um ástand efnahagsmálanna, og hafi verið um tillögur um varanleg úrræði að ræða, þá hafi þær ekki farið saman við vilja vinstri stjórnarinnar í þeim málum. Vandi efnahagsmálanna var því ekki leystur á árinu 1956 eftir nýjum leiðum. En í lok þess árs kom hin svokallaða jólagjöf til þjóðarinnar frá ríkisstj., 300 millj. kr. nýir skattar. Það voru úrræðin á því ári. Árið 1957 leið, án þess að hin nýju úrræði kæmu fram. Allt rak á reiðanum þar til á miðju ári 1958, að bjargráðin birtust, bjargráðin, sem í einu vetfangi lögðu 790 millj. kr. nýja skatta á þjóðina á ári.

Þetta voru efndir hinna miklu loforða vinstri stjórnarinnar. Þannig var farið að því að leysa vanda efnahagsmálanna, sem lofað hafði verið að gera, án þess að þjóðin fyndi til eða um neina verulega kjaraskerðingu yrði að ræða. Með bjargráðunum var gengið fellt, þó að það héti öðru nafni. Lagðir voru á stórkostlegir nýir tollar og skattar, sem komu hart niður á einstaklingum og öllum atvinnurekstri til lands og sjávar. Sjávarútvegurinn fékk 55% álag á allar erlendar rekstrarvörur sínar. Landbúnaður fékk einnig sínar gjafir. Má t. d. benda á, að dráttarvélar, sem bændur áttu þá í pöntun og höfðu greitt að fullu fyrir fram fyrir mörgum mánuðum, hækkuðu nú allt í einu um 10—20 þús. kr. vegna þessara ráðstafana vinstri stjórnarinnar. Allir varahlutir til véla, olíur og benzín, fóðurbætir og tilbúinn áburður — allt stórhækkaði í verði. Þó kom hækkunin á tilbúna áburðinum ekki fram á árinu 1958, vegna þess að bændur voru þá búnir að kaupa hann, áður en bjargráðalögin komu til framkvæmda. En á þann áburð, sem notaður er á þessu ári, kemur hækkunin fram, en sú hækkun er nú fyrir forgöngu sjálfstæðismanna á Alþingi greidd niður að miklu leyti.

En þrátt fyrir allar þessar gífurlegu skattahækkanir og gengisfellingu, sem bjargráðin höfðu í för með sér, var hér aðeins um að ræða bráðabirgðaúrræði. Vinstri stjórnin tilkynnti strax, að nýjar aðgerðir yrðu að koma með haustinu.

Öllum er nú kunnugt um, hvernig fór. Bjargráðin höfðu, sem fyrir fram var reyndar vitað, stóraukna verðbólgu í för með sér. Nóvembervísitalan varð 202 stig, hækkun í einu um 17 stig. Vitað var, að þessi þróun héldi áfram, því að fyrir lágu upplýsingar um, að vísitalan mundi verða 270 stig í nóvember 1959 eða enn hærri. Um ástandið í heild sagði efnahagsmálaráðunautur vinstri stjórnarinnar í október:

„En hitt verður þá jafnframt að hafa í huga, að það, sem nú skiptir mestu, er stöðvun verðbólguþróunarinnar. Takist sú stöðvun nú, eru möguleikar á því að ráðast að öðrum þáttum efnahagsvandamálanna síðar meir. Takist hún ekki, verður ekki við aðra erfiðleika ráðið, hvorki nú sé síðar."

En vinstri stjórnin reyndist ekki þeim vanda vaxin að fara að þessum ráðum. Hún var sjálfri sér sundurþykk, ósammála og ráðalaus og hrökklaðist frá völdum í byrjun desember. Þannig endaði vinstra ævintýrið með algerri uppgjöf vinstri flokkanna við að leysa þau vandamál, sem við var að etja.

Hermann Jónasson sagði í ræðu sinni á Alþ., þegar hann baðst lausnar fyrir sig og ráðuneyti sitt, að skollin væri á dýrtíðaralda og það væri ekki á valdi stjórnarinnar að leysa vanda efnahagsmálanna. Okkur sjálfstæðismönnum kom þetta ekki á óvart. Við höfðum ávallt vitað og sagt, að vandi efnahagsmálanna yrði ekki leystur með neinum töframeðulum. Þau töframeðul eru ekki til. Á því sviði gildir aðeins hið sígilda lögmál að eyða ekki meiru en aflað er.

En fátt er svo með öllu illt, að ekki boði nokkuð gott. Verður þetta sagt um vinstri stjórnina og starfsferil hennar? Þrátt fyrir allt hygg ég, að svo geti verið. Þeir, sem trúnað hafa lagt á fullyrðingar vinstri flokkanna um, að þeir einir væru færir um að stjórna landinu og fyrsta boðorðið væri að útiloka Sjálfstfl. frá öllum áhrifum, flokk, sem hefur rúmlega 42% atkvæða allra landsmanna á bak við sig, ættu að vera reynslunni ríkari. Það getur verið dýrt að láta blekkjast af óvönduðum áróðri. En stundum getur það orðið nauðsynleg reynsla. Þá reynslu hefur íslenzka þjóðin nú fengið af vinstri stjórninni, og ég hygg, að hún láti sér þá reynslu að kenningu verða.

Framsóknarmenn gera nú tilraun til að leiða huga þjóðarinnar frá sinni eigin uppgjöf í efnahagsmálunum. Þeir kæra sig ekki mikið um að tala um vinstri stjórnina, fall hennar og viðskilnað. Nú hafa þeir fengið annað að tala um, þar sem er kjördæmamálið. Um það mál eru nú hafðar í frammi slíkar blekkingar, að slíkt er áður óþekkt.

Frv. það um kjördæmabreytingu, sem nú hefur náð samþykki á Alþ., felur tvennt í sér: í fyrsta lagi að leiðrétta að nokkru það misræmi, sem nú er orðið á kosningarrétti manna eftir því, hvar þeir eru búsettir á landinu, og er það gert með því að fjölga þingmönnum þar, sem fjölmenni er mest, og í öðru lagi að sameina núverandi kjördæmi, að frátalinni Reykjavík, í stærri heildir og mynda með því kjördæmi með 5—6 þm., sem kosnir skulu hlutfallskosningu.

Framsóknarmenn berjast nú með miklu offorsi á móti stækkun kjördæmanna. Að öðru leyti ber ekki mikið á milli. Þeir vilja hafa 60 þm., þar af 12 kjörna í Reykjavík. Þeir vilja fjölga þm., þar sem fólksfjölgunin hefur orðið mest, og gera því till. um að taka upp ný einmenningskjördæmi í Kjósarsýslu, Keflavík, Kópavogi, Akranesi og gera Akureyri að tvímenningskjördæmi með hlutfallskosningu. Þeir vilja hafa hlutfallskosningar í öllum tvímenningskjördæmum. Og þeir vilja hafa 10 uppbótarþingmenn. En þeir vilja ekki, að kjördæmin séu stækkuð, og umhverfast gersamlega, þegar þeir fara að tala um þá hlið málsins.

Hv. 1. þm. Árn., Ágúst Þorvaldsson, talaði hér í þessum umr. í gærkvöld. Hann ræddi nær eingöngu um kjördæmamálið og á sama hátt og allir framsóknarmenn gera nú. Aðalkjarni máls hans var þessi: Hin fornu kjördæmi verða lögð niður. Grundvellinum er kippt undan héruðunum. Samband kjósenda og þingmanna rofnar. Raddir byggðarlaganna heyrast ekki framar á Alþingi. Hægt hefði verið að lagfæra misræmi á kosningarrétti fólksins án þess að ræna strjálbýlið rétti sínum. — Þetta þýðir umbúðalaust, að fólkið sé svipt kosningarrétti og kjördæmin lögð niður, enginn þm. strjálbýlisins framar til.

En af hverju stafar þessi ofsi framsóknarmanna í þessu máli, — ofsi, sem leiðir menn út í svo öfgafullan og fjarstæðukenndan málflutning sem hér á sér stað, og við hvaða rök hefur þessi málflutningur að styðjast? Vegna þess að ég vitna hér sérstaklega í ræðu hv. 1. þm. Árn., Ágústs Þorvaldssonar, sem hann hélt hér í gær, leyfi ég mér að minnast á Suðurlandskjördæmið, eins og það á að verða samkvæmt fyrirhugaðri breytingu, því að þar erum við báðir kunnugastir. Kjördæmið mun ná yfir hinar þrjár sýslur Suðurlandsundirlendisins ásamt Vestmannaeyjakaupstað. Hvernig er nú félagsskap og atvinnu manna háttað á þessu svæði? Benda má á Búnaðarsamband Suðurlands. Það nær nákvæmlega yfir þetta sama svæði að Vestmannaeyjum meðtöldum. Þessi félagsskapur sunnlenzkra bænda kýs 5 fulltrúa á búnaðarþing með hlutfallskosningu. Ég hef ekki heyrt þess getið, að framsóknarmenn hafi haft neina tilburði í frammi um að kljúfa þetta sambandssvæði og gera það t. d. að fimm einmenningskjördæmum. E. t. v. hafa þeir það samt bak við eyrað. En ég get ekki stillt mig um að minna á ummæli fyrrv. landbrh., Hermanns Jónassonar, sem hann viðhafði við opnun hinnar stóru og myndarlegu landbúnaðarsýningar, sem haldin var á vegum Búnaðarsambandsins á s. l. hausti. Hann sagði eitthvað á þá leið, að slíkt stórvirki, sem þessi sýning væri, væri ekki hægt að halda, nema að henni stæðu öflug félagssamtök, eins og hér ætti sér stað. Aðeins vegna þess, að þetta stóra samband væri ein heild, væri þessi sýning framkvæmanleg. Getur hv. 1. þm. Árn. tekið undir þessi ummæli formanns Framsfl.?

Við skulum þá einnig víkja að atvinnuháttum á þessu svæði. Mjólkurbú Flóamanna er eign bænda í þeim þremur sýslum, sem mynda eiga Suðurlandskjördæmi. Sláturfélag Suðurlands hefur starfsemi sína á öllu þessu svæði. Eru líkindi til þess, að þessi samvinna bændanna á Suðurlandi spillist, þó að sýslurnar verði gerðar að einu kjördæmi? Mundu ekki allir 6 þm. kjördæmisins styðja að því á Alþ., að vegakerfið t. d. á öllu svæðinu væri aukið og brýr byggðar? Skyldi verða nokkuð erfiðara að styðja áframhaldandi hafnargerð í Þorlákshöfn eftir breytinguna eða byggingu sjúkrahúss Suðurlands? Nei, vissulega ekki. Þvert á móti mundi öll aðstaða þessa kjördæmis styrkjast við að sameinast í eina heild. Kjósendur ættu kost á að tala við 6 þm. sína í stað eins eða tveggja nú og aðstaða þm. mundi styrkjast við það að verða fleiri í stærra kjördæmi.

Þó að ég hafi hér aðallega minnzt á Suðurlandskjördæmi, þá á vitanlega hið sama við um hin önnur kjördæmi landsins. Og ég vil nú spyrja: Er það sama og að leggja kjördæmin niður að sameina þau og stækka? Er með því verið að svipta fólkið úti um land kosningarrétti? Er með þessu verið að tortíma efnahagslegum og andlegum verðmætum héraða landsins? Það þarf vissulega kokhreysti til að halda slíku fram, og ekki á færi annarra en forhertustu framsóknarmanna að gera slíkt, — manna, sem finna, að þeir berjast vonlausri baráttu á móti réttlætismáli, sem yfirgnæfandi meiri hl. þjóðarinnar krefst að nái fram að ganga.

Nei, það ætti öllum að vera ljóst, að fyrirhuguð breyting á kjördæmaskipuninni: að sameina núverandi kjördæmi í stærri heildir með 5—6 þm. — verður til bóta, hvort heldur miðað er við hina einstöku kjósendur eða kjördæmið í heild. 5—6 þm. hafa ólíkt sterkari aðstöðu á Alþ. að koma fram hagsmunamálum kjördæmisins en 1 eða 2 áður. Þeir verða nú t. d. oft úr þremur flokkum og hafa því möguleika á að tala máli kjördæmisins hver í sínum flokki. Um þetta ættu ekki að vera skiptar skoðanir. En framsóknarmenn eru á öðru máli. Þeir vinna nú eftir annarlegum sjónarmiðum í þessu máli sem mörgum öðrum.

Og að lokum þetta: Við breytingu á kjördæmaskipuninni gat sú hætta vofað yfir, að þéttbýlið heimtaði sinn rétt á kostnað strjálbýlisins. Þessari hugsanlegu hættu hefur verið

afstýrt. Kjördæmamálið er leyst á þann hátt, að strjálbýlið heldur sinni þingmannatölu að fullu, sínum fulla rétti, sem það áður hafði, og sem fulltrúi sveitakjördæmis fagna ég þeim úrslitum. — Góða nótt.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Eitt af því, sem mjög virðist hafa raskað ró og jafnvægi hv. framsóknarmanna á Alþ. undanfarna daga, er endurskoðun sú, sem raforkumálastjóri og starfsmenn hans hafa gert á hinni svonefndu tíu ára áætlun um rafvæðingu landsins. Hefur aðalmálgagn Framsfl., Tíminn, haft stór orð um þessi efni, tekið fram sitt svartasta letur og rætt um stórfelld svik í raforkumálunum, afnám eða dráp tíu ára áætlunarinnar, útstrikun bankaframlaga í þessu skyni o. fl. Allar þessar upphrópanir blaðsins, sem eru raunar aðeins bergmál af hávaða framsóknarmanna í þingsölunum, eru meira og minna staðlausir stafir. Sama gildir um orðbragð hv. þm. S-Þ. í kvöld, þegar hann ræddi um, að níðast ætti á landsbyggðinni í þessu máli. Í sama dúr talaði og hv. 1. þm. Eyf. Ekki verður hjá því komizt að taka þetta til athugunar í örstuttu máli.

Ríkisstj. sú, sem mynduð var eftir kosningar 1953 undir forsæti Ólafs Thors, formanns Sjálfstfl., ákvað að hefjast handa um skjóta rafvæðingu landsins alls. Var þessi ákvörðun staðfest með lögum vorið 1954. Samkv. þeim var raforkumálastjóra og raforkuráði falið að gera á því ári áætlun um raforkuframkvæmdir á árunum 1954—63. Þetta er tvímælalaust einhver allra merkasta og mikilvægasta ákvörðun, sem nokkur ríkisstj. hefur gert í þágu hinna dreifðu byggðarlaga, en jafnframt eitt mesta risaátak, að ég hygg, sem nokkur þjóð hefur færzt í fang í þessum efnum, miðað við allar aðstæður.

Framkvæmdir gengu mjög vel fyrstu árin, og var þá unnið mun meira en ráðgert hafði verið. En seinna fór að þyngjast fyrir fæti. Í fjárlagafrv. ársins 1959, eins og það var lagt fram af hæstv. fyrrv. fjmrh., var gert ráð fyrir því, að ríkissjóður legði fram 10 millj. kr. á þessu ári til nýrra raforkuframkvæmda. Við 3. umr. frv. skýrði frsm. fjvn. frá því, að ákveðið hefði verið að taka þetta ákvæði út úr frv., þar sem tryggja ætti fé til þessara framkvæmda á annan hátt. Væri fyrirhugað að verja 45 millj. kr. af væntanlegu láni frá Bandaríkjunum í þessu skyni. Ætti þá að vera fulltryggt, að unnt væri að halda rafvæðingunni áfram með jöfnum hraða, ljúka tíu ára áætluninni á tilskildum tíma og leggja dreifiveitur út um sveitir á þessu ári eigi minni en ráð hafði verið fyrir gert. Jafnframt var skýrt frá því, að raforkumálastjórnin hefði talið óhjákvæmilegt að endurskoða tíu ára áætlunina á grundvelli fenginnar reynslu, enda væri tímabilið nú hálfnað.

Grundvallarástæðan fyrir þessari endurskoðun er hinar stórkostlegu verðbreytingar, sem orðið hafa í landinu á þessu tímabili. Þegar áætlunin var gerð árið 1954, hafði verðlag verið sæmilega stöðugt um alllangt skeið. En árið 1955 varð á því mikil röskun, svo sem alkunnugt er. Nú er svo komið, að allt bendir til þess, að framkvæmd rafvæðingaráætlunarinnar muni kosta á sjöunda hundrað millj. kr., en átti að kosta 250 millj. Þessi gífurlega hækkun raskar gersamlega þeim rekstrargrundvelli, sem tíu ára áætlunin byggðist á. Árlegur rekstrarhalli á rafmagnsveitum ríkisins er nú orðinn 15 millj. kr., enda hefur stofnkostnaður hækkað frá vorinu 1955 til þessa dags um 80%. Á sama tíma hefur rafmagnsverð aðeins hækkað um 30%.

Í öðru lagi var engin von til þess, að stjórn raforkumálanna gæti með vissu spáð því árið 1954, hver þróunin yrði á hinum ýmsu stöðum úti á landsbyggðinni á komandi áratug, né sagt nákvæmlega til um orkuþörfina. Hefur slíkt jafnan reynzt örðugt. Þannig var eina röksemdin fyrir því að staðsetja sementsverksmiðjuna á Akranesi sú, að þar væri næg afgangsorka fyrir hendi frá Andakíl. Þegar til átti að taka, var þessi orka fullnýtt til annarra hluta og sementsverksmiðjan varð að fá rafmagn frá stærri orkuveitu, Soginu. Svo fer jafnan, þar sem þróunin er ör og athafnalíf í blóma.

Umrædd endurskoðun leiddi á hinn bóginn í ljós, að lækka mætti heildarstofnkostnaðinn við tíu ára áætlunina um 88 millj. kr. og jafnframt bæta heildarrekstrarafkomu áranna 1960—64 um 25 millj. kr. án þess að fækka nýjum notendum og án þess að rýra þjónustuna við eldri og nýja notendur. Þessi niðurstaða fæst með því að haga framkvæmdum nokkuð á annan veg en upphaflega var fyrirhugað, fresta lagningu nokkurra tengilína milli héraða, en stækka í þess stað dísilstöðvar umfram það, sem áður var áætlað, og veita orkunni út frá þeim. Hin endurskoðaða áætlun, sem víðast hvar táknar aðeins breytta röðun framkvæmda, leiðir til þess, að á árinu 1962 verður komið á jafnvægi og rafmagnsveitur ríkisins reknar hallalaust. Þess ber enn fremur að geta, að með umræddri skipulagsbreytingu fæst meiri orka, sem nemur 4000 kw., heldur en orðið hefði samkv. hinni eldri áætlun. Sú eina breyting, sem þetta hefur í för með sér, hvað nýja notendur snertir, er, að um 110 sveitabýli, sem áður var ráðgert að tengdust við sumar af veitum þeim, sem frestað verður, raflýsast með dísilstöðvum í staðinn, en á móti fá jafnmörg býli annars staðar á landinu rafmagn frá samveitum. Á það má og benda, að samkv. tíu ára áætluninni var jafnan gert ráð fyrir því, að rafmagnsþörf um það bil 2600 sveitabýla yrði að leysa með einkavatnsaflsstöðvum eða dísilstöðvum, þar sem byggð er strjálust og lengst milli bæja.

Í grg. raforkumálastjórnarinnar er einnig bent á það, að hið breytta fyrirkomulag þýði á engan hátt fráhvarf frá notkun vatnsafls, þótt fyrst um sinn sé stuðzt nokkru meira við dísilafl en frumáætlunin gerði ráð fyrir. Nær allt dísilaflið verður nefnilega ýmist strax eða fljótlega notað sem toppafl með vatnsafli og bætir þannig mjög nýtingu vatnsaflsstöðvanna. Auk þess verða dísilstöðvarnar varastöðvar við línubilanir og aðrar truflanir, sem þýðir bætta

þjónustu við notendur. Þess er áreiðanlega full þörf að hafa nægilega margar varastöðvar í góðu lagi. Rafmagnsveitur ríkisins munu og láta sömu gjaldskrá gilda, hvort sem þær selja rafmagn frá vatnsafls- eða dísilstöð.

Það skal greinilega fram tekið, að hin endurskoðaða rafvæðingaráætlun er ekki gerð eftir neinum stjórnarfyrirmælum, heldur samkv. ótvíræðri embættislegri skyldu raforkumálastjórnarinnar, sem sá, að rekstri rafmagnsveitnanna væri stefnt í fullkomið óefni, ef ekkert yrði að gert. Hefði ella orðið að hækka rafmagnsverð stórlega eða verja árlega mikilli fúlgu af almannafé til að jafna rekstrarhallann, sem ég áðan nefndi að orðinn væri um 15 millj. kr. á ári.

Framsóknarmenn ættu að líta í eigin barm og rifja upp gerðir sínar, meðan vinstri stjórnin var enn ofar moldu. Þegar hún hrökklaðist frá völdum í skammdeginu skömmu fyrir síðustu áramót, höfðu enn ekki verið lagðar 17 héraðsveitur, sem samkv. tíu ára áætluninni og ákvörðunum raforkuráðs átti að leggja á árunum 1957 og 1958. M. a. gaf fyrrv. forsrh., Hermann Jónasson, bein fyrirmæli um að fresta lagningu 11 héraðsveitna, sem röðin var komin að á s. l. ári og raforkuráð hafði gert till. um. Samkv. þessu eina valdboði var horfið frá að leggja rafmagn á 124 sveitabýli. Heitir þetta ekki á máli Tímans stórfelld svik í raforkumálunum?

Sem dæmi um tengilínu, sem frestað er að leggja að sinni, er lína frá Rjúkandavirkjun á Snæfellsnesi til Stykkishólms. Virkjun þessi, sem vera mun tæp 1000 kw., er nú fullnýtt, þannig að ekki er um neina afgangsorku að ræða, sem leiða mætti til Stykkishólms. Þetta er aðeins eitt dæmi um mikla og vaxandi orkuþörf. Lína milli þessara staða mundi kosta um 5 millj. Sjá allir, hversu mikil hagsýni væri að leggja svo dýra línu, meðan hún hefur ekkert rafmagn að flytja. Hins vegar má fastlega gera ráð fyrir því, að veita þessi verði lögð, þegar búið er að leggja línu að sunnan til Snæfellsness frá samveitu Andakíls og Sogs, en sú lína var ekki talin með í hinni upphaflegu áætlun.

Eitt af því, sem dagblaðið Tíminn hefur svartletrað í þessum rafæsingaskrifum sínum, er, að felldur verði úr gildi samningurinn við íslenzka banka um lán til raforkuframkvæmda. Þetta er ekki hálfur sannleikur. Hið rétta er, að þetta mál er á viðræðustigi við bankana.

Tímablað eitt talar um niðurskurð raforkufjár á þessu ári um 30—40 millj. kr. Hvað er hið sanna í því máli? Fyrirhugað var að verja 73 millj. kr. til rafvæðingar á þessu ári, en unnið verður fyrir 49 millj., og er þá ekki meðtalin ný veita, sem lögð verður í sumar út á Reykjanes. Þessu fé er að venju skipt í þrennt: aflstöðvar og aðallínur, sveitaveitur og innanbæjarkerfi. Ætla mætti, að sveitaveitur væru framsóknarmönnum hugstæðastar. Til þeirra átti að verja 15 millj. kr. í ár, en það verða 17—18 millj. samkv. hinni endurskoðuðu áætlun. Það er ósköp eðlilegt, að framsóknarmönnum þyki þetta furðuleg tíðindi og harla nýstárlegar fréttir og séu ekki ýkja hrifnir af. Það, sem skiptir meginmáli, er, að enda þótt fjárfestingarupphæðin sé lægri, þá verður lagt til fleiri nýrra notenda í ár og aflstöðvar auknar meira en hin upprunalega áætlun gerði ráð fyrir. Og það er einmitt í þessu, sem kostur hinnar endurskoðuðu áætlunar liggur, að meira fæst fyrir minna fé.

En hvað vildu framsóknarmenn gera? Tvær þáltill. hafa litið dagsins ljós frá þeirra hendi, er snerta þessi mál. Hin fyrri gerði ráð fyrir því, að einungis 30 millj. kr. af áðurnefndu láni rynnu til rafvæðingar. Eins og áður er sagt, var endanlega ákveðið í fjárlögum, að 45 millj. kr. skyldi varið til þessara verkefna. Hin síðari till. 5 framsóknarmanna slær því föstu, að framkvæma beri tíu ára áætlunina í upphaflegri mynd, hvað sem það kostar og hvað sem allir kunnáttumenn og sérfræðingar í þessum málum segja eða ráðleggja. Þeirra mark og mið virðist vera umfram allt að eyða tilteknum fjölda milljóna án þess að athuga, hvað fæst í aðra hönd eða hversu margir landsmenn fá notið þessara eftirsóttu lífsþæginda.

Fyrir um það bil þrem áratugum töldu framsóknarmenn á Alþingi það ganga glæpi næst að láta sér detta í hug að veita raforkunni út um byggðir landsins og leggja í stórvirkjanir. Þeirra viðsýnustu menn þá töldu þó koma til mála að virkja þúsundir bæjarlækja úti um land, eins og þeir komust að orði. Sú saga er alkunn, enda varðveitt í Alþingistíðindum og vitund alþjóðar. Enn í dag markast afstaða þeirra til þessara mála af skilningsleysi og skammsýni. En því mega þeir treysta, að þetta baráttumál Sjálfstfl., sem er jafngamalt honum sjálfum, þessi hugsjón verður að veruleika, en að sjálfsögðu framkvæmd af hagsýni að beztu og færustu manna yfirsýn. Það mun áreiðanlega verða allri þjóðinni fyrir beztu. — Lifið heil.

Eggert Þorsteinsson: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Af þeim eldhúsdagsumræðum, sem nú þegar hafa farið fram, er enn einu sinni augljóst, sem landsmenn hafa þrásinnis áður heyrt við slík tækifæri, að það, sem vel hefur tekizt, vilja allir eigna sér, en því, sem miður er talið, er að þessu sinni ekki hent á milli sín. Nei, fulltrúar stóru og ábyrgðarmiklu flokkanna eru nú sammála um, að allt, sem miður hefur farið, sé Alþýðuflokknum að kenna.

Hvað veldur samstöðu þessara aðila nú, sem aldrei annars geta komið sér saman um neitt? A. m. k. varð þessarar samstöðu ekki vart, þegar þjóðin á s. l. hausti vó salt á gjábarmi verðbólgu og dýrtíðar, sem í rann elfa atvinnuleysis og stöðvunar atvinnuveganna. Þá fengu þessir hugumstóru foringjar stóru flokkanna pólitískt aðsvif á gjábarminum, og aðalforingi þjóðmálanna þá, hæstv. fyrrv. forsrh., Hermann Jónasson, hljóp í örvæntingu sinni inn á Alþýðusambandsþing til þess að fá afsökun fyrir því að losna við vandann.

Svo þegar nú hefur tekizt að þoka frá þessu ógnargljúfri, þá koma þessir sömu herrar og segja: Það átti ekki að gera þetta og hitt svona. Ef við hefðum mátt ráða, þá hefðum

við gert þetta á annan veg. En þessi annar vegur hefur bara ekki séð dagsins ljós hér á Alþingi. Þeir kunnu ekki önnur ráð.

Jón sterki taldi sér aldrei aflfátt, þótt ekki væri hann glímumaður, og hann þóttist aldrei hafa verið í vanda staddur, eftir að vandinn hafði verið leystur af öðrum.

Í þessari ásökunarhríð andstæðinganna að Alþfl. verður mönnum að minnast fyrri ummæla þessara sömu herra um dauða flokkinn og spyrja þá sem svo, hvernig flokkur í slíku ástandi hefði getað áunnið sér þessa skothríð úr þeirra fylgsnum.

Ekki verður samræmið meira, þegar nú er litið í málgögn þessara sömu aðila. Þar er aftur endurtekinn hinn 20 ára gamli söngur þeirra um, að Alþfl. fái engan mann kjörinn í næstu kosningum, en að ástæðunni, sem til þess margraddaða söngs liggur, og þeim mörgu söngtextum, sem sungnir eru undir þessu sama lagi, skal ég víkja síðar.

Þegar að loknum síðustu alþingiskosningum tók Alþfl. þátt í þeirri tilraun, sem gerð var um myndun vinstri stjórnar. Ástæðan til þessarar þátttöku Alþfl. var fyrst og fremst sú, að þeirri skoðun hafði á stjórnarárum Sjálfstfl. og Framsfl. vaxið fylgi, að gera þyrfti tilraun með slíkt stjórnarsamstarf. Um það, hvernig sú tilraun tókst, hafa þeir, sem kunnugastir eru, þegar fjallað og þess vegna óþarft að rekja þá sögu hér aftur. Framsfl. var í síðustu kosningum samstarfsflokkur Alþfl., en er það ekki nú, og er nú af foringjum fyrrgreinds flokks reynt að gera Alþýðuflokksmenn tortryggilega og auka á úlfúð og sundurlyndi milli hinna almennu kjósenda flokkanna, eins og hv. þm. S-Þ., Karl Kristjánsson, gerði tilraun með hér áður. Þetta er gert í trausti þess, að slíkt moldviðri megi nokkuð skyggja á hinar raunverulegu ástæður, er til þess liggja, að þetta samstarf rofnaði.

Það er rétt að víkja að þessu nokkrum orðum.

Auk þeirra ástæðna, sem þegar hefur verið frá greint um sjálft stjórnarsamstarfið, þá tel ég, að dekur nokkurra foringja Framsfl. við kommúnista í verkalýðshreyfingunni og opinber og beinn stuðningur við þá í einstökum veigamiklum verkalýðsfélögum hafi verið eitt þeirra stærstu áfalla, er þetta samstarf hlaut. Áður en til þessa samstarfs var stofnað, var vitað um náið og gott samstarf einstakra foringja Framsóknar og kommúnista. En því mun ekki almennt hafa verið trúað, að þessi vináttа þeirra leiddi til þess, að foringjar Framsfl. fengjust til þess að vega að Alþýðuflokksmönnum í verkalýðshreyfingunni, sem þeim var þó vel ljóst að hefur verið og er undirstaða flokksins og tilveru hans í þau 43 ár, sem hann hefur starfað í íslenzkum stjórnmálum. Hvernig sem þessi stefna hefur verið ákvörðuð innan Framsfl., þá er það þó víst, að aðalmálgagn flokksins, Tíminn, hvatti fylgismenn flokksins til þess óhæfuverks að styðja kommúnista og veldi þeirra í verkalýðssamtökunum, jafnt í einstökum félögum sem í heildarsamtökunum, gegn Alþýðuflokksmönnum.

Framsóknarmenn, sem víða höfðu allt frá árinu 1948 barizt vel og drengilega við hlið annarra andstæðinga kommúnista, voru nú allt í einu skyldaðir til þess að verða samherjar þeirra. Svo dýru verði var vináttan milli þessara fáu foringja keypt, og um Alþfl. varðaði þá að sjálfsögðu ekkert. Ég vil nú varpa fram þeirri spurningu til framsóknarmanna úti um land, hvort þessi ráðstöfun hafi verið gerð með þeirra samþykki. Af ágætri fyrri reynslu leyfi ég mér að efast um, að svo hafi verið.

Áður hefur verið gerð grein fyrir sams konar viðskiptum þessara sömu foringja í öðrum málum, meðan á þessu stjórnarsamstarfi stóð. Allt þetta sannar, að sameiginlega var gerð ítrekuð tilraun af þessum aðilum til þess að eyða áhrifum Alþfl., en neyða hann í þess stað inn á fyrir fram gert samkomulag kommúnista og þeirra í forustu framsóknarmanna, er þessari stefnu réðu.

Hefðu framsóknarmenn t. d. setið aðgerðalausir í þessari aðstöðu, ef Alþfl. hefði beitt sér fyrir allra flokka samstöðu til þess að eyða áhrifum framsóknarmanna innan samvinnuhreyfingarinnar? Nei, ég veit, að þeir hefðu ekki þolað slík vinnubrögð af samstarfsflokki. Ekki verður þessi afstaða heldur talin skynsamleg með tilliti til þess að ná samkomulagi um önnur mál innan sjálfs stjórnarliðsins.

Rétt er að viðurkenna það, að Framsfl. átti sem forustuflokkur í fyrrv. hæstv. ríkisstj. nokkuð erfitt að því er varðar afstöðuna til þessara mála. Það afsakar þó ekki þá afstöðu, sem forustumenn hans hér tóku. Hyggilegra hefði jafnvel verið fyrir þá að láta þessa baráttu samstarfsflokkanna afskiptalausa. En þar mátti undirlægjuháttur nokkurra foringja flokksins við kommúnista sín meira. Kommúnistar höfðu gert háværar kröfur um þennan stuðning og höfðu í hótunum, ef ekki yrði látið að vilja þeirra, og þessir fáu foringjar Framsfl. létu undan.

Ég segi, að þessi afstaða flokksforingja Framsfl. hafi ekki verið skynsamleg með tilliti til samkomulags um önnur mál í stjórnarsamstarfinu. Reynslan af þessari stefnu liggur nú einnig fyrir. Af þessu sífellda dekri urðu kommúnistar eins og þrjózkufullir unglingar, sem neita að gera nema það, sem þeim gott eitt þykir, hvað sem staðreyndirnar annars segja.

Hörð og óvægin deila stóð um margra mánaða skeið milli hæstv. fyrrv. fjmrh. og hæstv. fyrrv. viðskmrh. um það, hvað raunverulega þyrfti af fé til þess að leysa vanda efnahagsmálanna, og Alþingi sat auðum höndum þangað til í júníbyrjun s. l. ár. Þessi deila ráðherranna mun einnig verða, þegar yfir söguna er litið, einn af veigameiri þáttum þess, að upp úr samstarfinu slitnaði.

Í veðreiðakeppni kemur það stundum fyrir, að ekki er veðjað á réttan hest. Þessu samstarfi lauk svo með því, að nú saka framsóknarmenn kommúnista um að hafa klofið stjórn-

ina og öfugt. Klögumálin í þeim herbúðum ganga alveg á víxl.

Hvar sem Alþýðuflokksmenn hafa látið til sín heyra um lausn efnahagsmála, hafa þeir skýrt og skorinort lýst því yfir, að þeir teldu, að baráttan gegn vaxandi verðbólgu og dýrtíð ætti að sitja í fyrirrúmi við afgreiðslu slíkra mála. Þessa skoðun okkar höfum við rökstutt með þeim augljósu staðreyndum, að hin óhugnanlega verðbólguþróun og sífellt aukin dýrtíð kæmi verst niður á þeim, sem minnst hafa launin og mest öryggisleysið. En undanlátssemin við þennan þjóðarvoða á undanförnum árum hefur sífellt fært alþýðustéttum landsins auknar hættur þessara meinsemda og beina kjararýrnun.

Þegar minnihlutastjórn Alþfl. hófst handa um lausn þessara mála við valdatöku sína í desemberlok s. l., þá var ljóst, að lengur mátti ekki ganga fram hjá þeim staðreyndum, er við blöstu um hinn öra vöxt framfærsluvísitölunnar. Rannsókn þessara mála leiddi í ljós, að ef ekkert hefði verið að gert til þess að stöðva þessa óheillaþróun og koma til móts við útflutningsatvinnuvegina, þannig að flotinn færi af stað, sem óvefengjanlega er undirstaða alls annars í þjóðarbúskapnum, þá hefði framfærsluvísitalan verið komin upp í 270 stig 1. nóv. í haust og kaupgreiðsluvísitalan upp í 253 stig, eða hækkað um 25% samkvæmt þágildandi vísitölugrundvelli. Hér er óþarft að eyða tíma til þess að draga upp mynd af því ástandi, sem ríkt hefði í landinu, ef sú þróun hefði verið látin eiga sér stað.

Þannig blöstu staðreyndirnar við, þegar núv. ríkisstj. tók við völdum. Strax þegar færustu sérfræðingar höfðu gert bráðabirgðaathugun þessara mála, eða nánar tiltekið um áramótin, skýrði hæstv. forsrh., Emil Jónsson, þjóðinni skýrt og glögglega frá, hvernig málum væri komið. Eftir þessari ræðu forsrh. var tekið um land allt og sérstaklega rómað, hve hreinskilnislega og áróðurslaust þar var skýrt frá hlutunum, gagnstætt því, sem áður hafði tíðkazt.

Þær efnahagsráðstafanir, sem síðan voru gerðar, voru í aðalatriðum við það miðaðar að velja í hverju atriði þann kostinn, sem skástur var af engum góðum, sem völ var á, og við það miðað, að full atvinna héldist með sem minnst skertum lífskjörum. Það væri alrangt að halda því fram, að í þessum ráðstöfunum hafi ekki falizt kjararýrnun í bili. En ég leyfi mér að fullyrða, að sú kjararýrnun, sem leitt hefði af aðgerðaleysi eða beinni kjósendahræðslu, eins og óneitanlega bólaði á hjá þeim, sem frá vandanum hlupu, hefði verið óbætanlegt tjón fyrir íslenzka alþýðu. Það var ekki heldur á slíku ábyrgðarleysi stætt fyrir þá, sem enn vilja láta telja sig í hópi ábyrgra stjórnmálamanna.

Íslenzk alþýða hefur oft lýst því yfir, að hún vill leggja fram skerf sinn í baráttunni við dýrtíð og verðbólgu, og hún hefur vissulega gert það. Þess vegna hefur hún viljað eira þessum ráðstöfunum þrátt fyrir háværan og neikvæðan andróður úr hópi kommúnista, sem fyrir fram voru ákveðnir í að vera á móti hverjum þeim ráðstöfunum, sem þeirra eigin ráðherrar eiga ekki aðild að. Nú hét vísitölueftirgjöf launafólksins kauprán á máli kommúnista. En þegar þeir sjálfir stóðu að hliðstæðum ráðstöfunum í ágúst 1956, þá hétu þær ráðstafanir á þeirra máli allt að því kauphækkun. Ósjálfrátt kom mönnum í hug, þegar nafnaskipti Þjóðviljans á setuliðsvinnunni breyttust allt í einu úr landráðavinnu í landvarnarvinnu, þegar Bandaríkin höfðu gert eins konar samherjasamning við félaga Stalin á styrjaldarárunum. Þetta heitir nú að kunna að hafa fataskipti.

Hvað sem foringjar kommúnista segja um þessi mál nú, þá vita þeir ofur vel, að verkalýðshreyfingin vill vera ábyrgur aðili í þjóðfélaginu og meiri hluti hennar fyrirlítur þeirra hávaða og ævintýramennsku, sem er til þess eins fallin að rýra álit og virðingu samtakanna utan þeirra og innan. Það er því hraustlega spýtt, þegar hv. 1. landsk., Alfreð Gíslason, telur sig hafa efni á því, eins og í umræðunum hér í gær, að hrópa frýjunarorð til Alþýðuflokksfólks úr rammgirtu svartholi kommúnista eftir að hafa brugðizt því trausti, sem þetta fólk setti á hann.

Kjördæmamálið, eitt mesta hagsmunamál vinnandi fólks um land allt, sem upp hefur komið undanfarin ár, hefur nú loks verið afgreitt á Alþingi fyrir samstöðu og stuðning þriggja stjórnmálaflokka, þ. e. allra nema Framsfl., sem var málinu andvígur. Ég leyfi mér að telja þetta mál meðal þeirra stærstu áfanga, sem barátta verkalýðssamtakanna og Alþfl. hefur náð allt frá stofnun þeirra samtaka, en síðan hefur lausn þessara mála ávallt verið þar á dagskrá.

Það, sem mest hefur á skort, til þess að samtakamáttur verkalýðssamtakanna fengi að njóta sín á öðrum sviðum en þeim félagslegu, er, hve kraftarnir hafa verið dreifðir um landið. Með gildistöku hinnar nýju kjördæmaskipunar gefast ný tækifæri til þess að endurskipuleggja alþýðusamtökin með hliðsjón af hinum breyttu aðstæðum, en þessi endurskipulagning, sem miðar til meiri og stærri heilda, er alþýðusamtökunum nú mest nauðsyn sjálfum vegna mjög breyttra aðstæðna og atvinnuhátta í landinu. Hendur, sem hafa ekki náð saman, munu við þessa breyttu staðhætti geta hönd í hönd stórum bætt aðstöðu alþýðusamtakanna.

Við Alþýðuflokksmenn töldum, eins og tekið hefur verið fram hér í umræðunum áður, að hlutur þriggja kjördæma væri þó ekki að fullu réttur. Þessi kjördæmi voru Reykjavík, Norðausturland og Suðvesturlandskjördæmi. Það fékkst hins vegar ekki fram. En málið er samkomulagsmál þriggja flokka og svo mikil bót frá ríkjandi ástandi, að við töldum þrátt fyrir þessa annmarka ekki rétt að láta það valda friðslitum um málið, enda er sú meginstefna, sem hér er tekin, áratuga baráttumál Alþýðuflokksins.

Framsóknarmenn, sem eru einu andstæðingar málsins, hafa mjög skorað á menn að hrista

af sér öll flokksbönd. En á sama tíma má heyra um allt land hringla í Framsóknarhandjárnunum alþekktu.

Alþýðuflokksfólk og stuðningsmenn Alþýðuflokksins um land allt! Í þeirri kosningahríð, sem nú fer í hönd, mun, eins og ég sagði áðan, söngurinn um, að nú skuli Alþfl. drepinn, vera sunginn af andstæðingum okkar. Við höfum á undanförnum tveim áratugum heyrt þennan söng, og okkur þarf af þeim ástæðum ekki að bregða. En þess skulum við gæta, að nú mun þessi þríraddaði söngur kyrjaður hærra en nokkru sinni fyrr, af því að andstæðingunum er sérstök þörf á að fela eigin málefnanekt og uppgjöf við lausn vandamálanna. Er þó skylt að viðurkenna það, sem rétt er um lausn þeirra mála, sem afgreidd hafa verið í tíð þessarar ríkisstj., að til annarra flokka hefur orðið að leita um fylgi við einstök mál eða málaflokka. Sá stuðningur hefur ýmist verið beinn eða óbeinn. Flokkar og einstakir þingmenn hafa greitt atkvæði með málum stjórnarinnar eða setið hjá. Afgreiðsla málanna hefur því ekki getað orðið nákvæmlega eftir vilja Alþfl., þó að þau hafi verið framkvæmd undir hans forustu. Það er þessi jákvæða og ábyrga forusta Alþfl., sem truflar nú mest skapsmuni andstæðinganna og framkallar öll þeirra gífuryrði í hans garð. Þá horfa höfuðandstæðingar kjördæmamálsins, framsóknarmenn og þeir úr liði kommúnista, sem tregastir voru til fylgis við málið, vonaraugum til þeirra möguleika að endurnýja fyrri vináttu með því að stöðva kjördæmamálið eftir næstu kosningar. Þennan draum sinn hyggjast þeir helzt gera að veruleika með því að ryðja Alþfl. af þingi. Af þessu er ljóst, þrátt fyrir afgreiðslu kjördæmamálsins nú og ótta fyrrnefnds liðs við næstu kosningar, að endanlegt samþykki málsins að næstu kosningum loknum er undir því komið, að allir Alþýðuflokksmenn og velunnarar jafnaðarstefnunnar, hvar sem er á landinu, þjappi sér saman í eina órofa heild um málefni flokksins og hefjist nú þegar starfsamra handa.

Það hefur oft áður verið að okkur sótt, og undirróðursmönnum hefur á stundum tekizt að komast inn í okkar raðir. Slíkir menn eru nú ekki finnanlegir í okkar hópi. Þeir, sem þar voru, hafa sjálfir afklætt sig og villa nú engum sýn. Málefnin verða hér eftir sem hingað til leiðarljós Alþfl., eins í þeirri baráttu, sem í hönd fer. Það leiðarljós dofnar ekki, meðan skýr hugsun almennings og raunsætt mat fólksins á staðreyndum fær að njóta sín. En til þess að svo megi verða, má enginn skerast úr leik. Það er of seint að hafa talið sig geta gert betur daginn eftir kosningar. Fram til baráttu fyrir auknu lýðræði og frelsi og til fulltingis þeim, sem á erfiðleikastundum þora að standa að lausn vandamálanna! Það verður bezt gert með eflingu Alþýðuflokksins. — Góða nótt.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Hæstv. dómsmrh., Friðjón Skarphéðinsson, vék hér að kjördæmamálinu í ræðu sinni. Hann sagði, að Alþb. hefði neitað að styðja kjördæmabreytinguna, ef þingmenn yrðu fleiri en 60. Hér er um staðlausa fullyrðingu að ræða. Um það var ekki að ræða, að hægt væri að ná samkomulagi um fjölgun þingmanna í einstökum kjördæmum. Sú eina till., sem lá fyrir Alþb. í þessum efnum, var um að fjölga þingmönnum a. m. k. upp í 65. Það var kunnugt í samningunum um kjördæmamálið, að till. bárust um fjölgun þingmanna í ýmsum einstökum kjördæmum, og það var auðvitað Alþfl. einn allra flokka, sem gat samþykkt það fyrir sitt leyti að hafa þingmenn hvarvetna sem allra flesta í þeirri veiku von, að hrynjandi flokkur gæti með þeim hætti komið manni á þing.

Hæstv. dómsmrh. sagði hér, að Alþb. hefði krafizt greiðslu fyrir stuðning sinn við kjördæmamálið. Þetta er nokkuð furðuleg yfirlýsing, á sama tíma og þess er gætt, að verndari Alþfl. nú, Sjálfstfl., lýsir því yfir, að hann hafi beinlínis samið við Alþfl. um það, að hann skuli fylgja kjördæmamálinu með því skilyrði, að Sjálfstfl. sjái um, að Alþfl. fái að tolla í stjórnarstólunum á meðan. Þegar Alþb. setti fram þá réttlátu kröfu, að mynduð yrði hlutlaus utanþingsstjórn, á meðan verið væri að framkvæma kjördæmamálið, þá svaraði Alþfl. því hiklaust neitandi, slíkt kæmi ekki til mála, þá léti hann heldur sjálft réttlætismálið daga uppi en hann tæki ráðherra sína upp úr stólunum. Hvaða flokkur ætli hafi krafizt greiðslu fyrir stuðning sinn við kjördæmamálið annar en Alþfl.? — Vill fá borgað fyrir að fylgja málinu, sagði hæstv. ráðherra. Og þetta er ráðherra Alþfl. Er þarna ekki höggvið nokkuð nærri Alþfl.?

Og svo reyndi hæstv. dómsmrh. að koma hér fram með sérstakar getsakir í garð Alþb. um það, að svo kynni að vera, að valt væri á Alþb. að treysta um framgang kjördæmamálsins. Og svo er vitnað til þess, að ef tryggja ætti framgang kjördæmamálsins, þá væri vissast að efla Alþfl. Þá átti að efla þann flokk, sem hóf kjörtímabilið síðasta með því að svíkja gildandi kosningalög, að brjóta raunverulega eðli kjördæmaskipunarinnar í landinu og svindla þannig inn á þing nokkrum aukaþingmönnum. Nú í lokin þykist þessi flokkur vera réttlátastur allra flokka og líklegastur til þess að sjá um, að komið verði í veg fyrir svona svik síðar. Nei, hið sanna er það, að Alþfl. er ekki hægt að treysta í þessu máli fremur en öðrum. Þar hefur hann snúizt úr einu í annað allan tímann, eins og ég skal nú víkja örlítið að í sambandi m. a. við það, sem hv. síðasti ræðumaður vék hér að, hv. 4. þm. Reykv., Eggert Þorsteinsson.

Hann ræddi hér nokkuð um samstarf Alþfl. við sjálfstæðismenn í verkalýðsfélögunum og kvartaði sáran undan því, hvernig Framsfl. hefði brugðizt Alþfl. í þeim efnum. Nei, sannleikur málsins var sá, að þó að Alþfl. hafi samið á sínum tíma um það við Framsfl., að Framsfl. ætti að veita honum lið til þingsetu, þá sveik Alþfl. strax á eftir Framsfl. með beinum samningum við íhaldið í verkalýðshreyfingunni. En það var ekki einasti snarsnúningur Alþfl. Alþfl. hafði á Alþýðusambandsþingi lýst því hátíðlega yfir og þá alveg sérstaklega

hv. 4. þm. Reykv., Eggert Þorsteinsson, að vitanlega kæmi ekki til mála að samþykkja neina kauplækkun á umsömdu kaupi. En svo gekk þessi hv. þm. beint af þingi Alþýðusambandsins niður á flokksþing Alþfl. sama dag eða daginn eftir og samþykkti þar að standa að kauplækkun.

Þessi hv. þm. og flokksbræður hans höfðu staðið að því að heimta kauphækkun í stéttarfélögum sínum. Þeir höfðu staðið að því að segja upp kaupgjaldssamningum, fara jafnvel í verkföll, skora í Alþýðublaðinu á önnur stéttarfélög að segja upp kjarasamningum sínum, en svo kemur þessi hv. þm. hér og flokksbræður hans og segja: Alþfl. er ábyrgur flokkur, sem miðar afstöðu sína til mála eftir því, hvernig málefnin liggja fyrir. — Þessi ábyrgi flokkur, sem stóð fyrir því að segja upp kjarasamningum, heimta kauphækkun, hann telur það nú fulla ábyrgð á framhaldi þess máls að samþykkja á eftir beina kauplækkun á Alþingi. Þannig hefur Alþfl. snúizt úr einu í annað. Hann þjónar ýmist Framsfl. eða íhaldinu, og hann boðar ýmist kauphækkun eða kauplækkun. Hann flytur á Alþingi frv. um orlof verkamanna, en hann flytur líka á Alþingi rétt á eftir frv. um það að eyðileggja þessi sömu lög.

Það getur enginn kjósandi, sem vill tryggja það með atkvæði sínu, að kjördæmabreytingin nái fram að ganga, kastað atkvæði sínu á slíkan óvissuflokk eins og Alþfl. Að kasta atkvæði sínu á hann er eins og að kasta atkvæði sínu í glæfraspilshjól, þar sem enginn veit, hvað upp kemur, því að það veit enginn um afstöðu Alþfl. Þó að hann lofi einu í dag, þá getur niðurstaðan hjá honum orðið önnur á morgun.

Almennar alþingiskosningar eru nú ákveðnar 28. júní í sumar. Þá verða liðin þrjú ár frá síðustu alþingiskosningum. Á þessu tímabili var mynduð vinstri stjórn, sem fór með völd tæplega 2½ ár, og á þessu tímabili var einnig mynduð stjórn Sjálfstfl. með ráðherrum Alþfl., sú stjórn, sem nú fer með völd í landinu. Það er skylda kjósenda að glöggva sig sem allra bezt á því, hvað verið hefur að gerast á þessu tímabili, hver hefur raunverulega verið afstaða manna og flokka til þeirra málefna, sem legið hafa fyrir til úrlausnar. Dómur kjósenda á svo að ráða úrslitum í næstu kosningum.

Víkjum fyrst að valdatímabili vinstri stjórnarinnar. Þá var Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu. Dómar hans um vinstri stjórnina eru þungir. Hann hefur einbeitt sínum mikla blaðakosti og allri sinni áróðurstækni að því að sakfella stjórnina og bera henni á brýn hin verstu ódæði. Vinstri stjórnin sveik allt, segja sjálfstæðismenn. Vinstri stjórnin var ein óþarfasta stjórn, sem setið hefur að völdum í landinu, bæta þeir við. Dómar þeirra sjálfstæðismanna eru stórorðir. En þeir eru ekki rökstuddir. Þeir eru fyrirferðarmiklir í Morgunblaðinu, en ósköp eru þeir innihaldslitlir. Því verður aldrei neitað með réttu, að vinstri stjórnin vann stórvirki í ýmsum málum. Þar ber hæst stækkun landhelginnar, uppbyggingu atvinnulífsins úti um land og stóraukna framleiðslu. Hitt er rétt, að vinstri stjórnin stóð ekki við öll sín fyrirheit, og ber að sakfella þá fyrir það, sem bera ábyrgð á því, að svo fór.

Víkjum nokkru nánar að störfum vinstri stjórnarinnar. Það er fyrst og fremst þrennt, sem stjórnin stóð ekki við af því, sem hún hafði lofað að framkvæma. Hið fyrsta og stærsta var það, að ameríski herinn var ekki látinn fara úr landinu. Vissulega var hér um svik að ræða. En það liggur svo ljóst fyrir sem verða má, hverjir hér hafa brugðizt. Tveir stjórnarflokkarnir, Alþfl. og Framsfl., brugðust hér loforðum sínum. Þeir létu undan áróðri íhaldsins og ágangi erlendra yfirgangsmanna. Sú málamyndaafsökun þessara flokka, að árás Breta og Frakka á Súez og óeirðirnar í Ungverjalandi í nóvember 1956 hafi valdið sinnaskiptum þeirra, er fánýt. Þessir atburðir voru löngu liðnir hjá á árinu 1957 og 1958, en samt neituðu þeir að standa við fyrirheit sín í þessum efnum. Alþb. krafðist þess allan tímann, að staðið yrði við loforðið um brottför hersins. Það margítrekaði kröfur sínar með bréfum til samstarfsflokkanna, með skriflegri kröfu ráðh. flokksins til annarra ráðh. og með upptöku málsins með venjulegum hætti í ríkisstj. Málið liggur því ljóst fyrir þjóðinni, hverjir það voru, sem sviku í þessu sjálfstæðis- og öryggismáli þjóðarinnar.

Annað stórmál, sem vinstri stjórnin stóð ekki við, var að kaupa til landsins 15 stóra togara. Hér gegndi sama máli og um brottför hersins. Alþfl. og Framsfl. neituðu að standa við loforð sín. Lán til skipakaupanna mátti ekki taka þar, sem hægt var að fá lánið, en þess í stað staðið fast á því, að lán yrði aðeins tekið hjá vestrænum þjóðum, sem allar neituðu svo um nauðsynlegt lánsfé. Fyrir ríkisstj. lá hagstætt lánstilboð, en af pólitískum fordómum mátti ekki taka það lán. Alþb. sá um, að allur nauðsynlegur undirbúningur að togarakaupunum færi fram. Færustu sérfræðingar voru fengnir til ráðuneytis um stærð og gerð skipanna, og tryggð var aðstaða í beztu skipabyggingarstöð til smíðanna. En allt kom fyrir ekki, því að Framsfl. og Alþfl. stöðvuðu nauðsynlega lántöku. Hér var auðvitað um bein svik þessara flokka að ræða, — svik, sem þeir eiga að dæmast fyrir í komandi kosningum.

Þriðja stórmálið, sem vinstri stjórnin gat ekki komið sér saman um að leysa, var dýrtíðarvandamálið eða efnahagsmálin svonefndu. Það er rétt, að um þau mál ríkti jafnan mikill ágreiningur á milli þeirra flokka, sem að stjórninni stóðu. Framsfl. vildi allan tímann nota hin gamalkunnu íhaldsráð til lausnar í efnahagsmálunum. Hann vildi gengislækkun og þar með kauplækkun. Við þessa kröfu sína streittist hann allan tímann. Alþfl. studdi gengislækkunarkröfu Framsóknar í ríkisstj., þó að hann léti öðruvísi opinberlega. Alþb. lagði höfuðáherzlu á það frá upphafi, að ráðstafanir ríkisstj. í efnahagsmálunum miðuðust við það að auka framleiðslu, að spara í rekstri ríkisins og vernda kaupmátt launa. Sparnaður í rekstri ríkisins var eins og bannorð hjá Framsfl., og aðalforingjar hans virtust blátt áfram trúa á nauðsyn kauplækkunar, bæði

verkamanna og bænda. Ágreiningur í efnahagsmálunum var því vissulega mikill, og verður e. t. v. vikið nánar að honum síðar í þessum umræðum,

Hér hefur þá verið drepið á þau þrjú mál, sem vinstri stjórnin lofaði að beita sér fyrir, en hún gat ekki leyst eða stóð ekki við. Öll liggja mál þessi ljóslega fyrir, og auðvitað ber kjósendum að dæma þá, sem sannanlega eru brotlegir. En hvað þá um önnur mál, sem vinstri stjórnin vann að? Vegna tímaskorts mun ég aðeins ræða hér tvö hin stærri. Hið fyrra er landhelgisstækkunin og hið síðara uppbygging atvinnulífsins og aukning framleiðslunnar.

Stækkun fiskveiðilandhelginnar úr 4 í 12 sjómílur er mesta hagsmunamál Íslendinga, sem hrundið hefur verið fram á þessu kjörtímabili. Það er undirbygging að efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar og skapar trú og von um batnandi lífskjör. Íslendingar höfðu barizt fyrir framgangi þessa máls á erlendum vettvangi í tíu ár. Þeir höfðu sótt ráðstefnu eftir ráðstefnu og reynt að sannfæra aðrar þjóðir um þá lífsnauðsyn, sem landsmönnum væri á því að vernda fiskimiðin í kringum landið gegn ofveiði útlendinga. En málið sóttist seint, vegna þess að við stórar og sterkar andstöðuþjóðir var að eiga. Bretar og aðrar Vestur-Evrópuþjóðir notuðu sér sterka aðstöðu sína á viðskipta- og stjórnmálasviði til þess að halda niðri réttmætri og nauðsynlegri sókn Íslendinga í málinu. Vinstri stjórnin hafði lofað stækkun landhelginnar. Það tók hana samt tvö ár að ná samkomulagi um framkvæmdir í málinu, og minnstu munaði, eins og allir vita, að stjórnin spryngi vegna erlendrar pressu, sem enn lagðist á þá sveif að vilja knýja Íslendinga til þess að fresta málinu og taka upp um það samninga við þá, sem jafnan höfðu reynzt okkur verstir. Allir Íslendingar voru sammála um nauðsyn þess og réttmæti að stækka fiskveiðilandhelgina. En það voru annarleg sjónarmið, sem á tímabili rugluðu vissa stjórnmálamenn í framkvæmd málsins. Andstæðingar okkar erlendis í málinu héldu því fram, að stækkun fiskveiðilandhelginnar við Ísland gæti hrundið um koll allri vestrænni samvinnu, og í krafti þess var okkur ýmist hótað eða boðin viss gyllliboð, ef við aðeins létum af málstað þjóðarinnar.

Vestræn samvinna var það dulmagnaða orð, sem lengi hafði dugað til að halda aftur af foringjum stjórnmálaflokkanna á Íslandi, bæði í þessu máli og öðrum. Það var í nafni vestrænnar samvinnu, sem þess var óskað, að Íslendingar létu lífshagsmunamál sitt, stækkun landhelginnar, í hendur Atlantshafsbandalaginu og þar með auðvitað Bretum sjálfum. Það var líka vegna vestrænnar samvinnu, sem heilir stjórnmálaflokkar sviku gefin loforð um að láta herinn víkja úr landinu. Og togarana 15 gátum við ekki keypt af þeirri einföldu ástæðu, að vestræn samvinna vildi það ekki. Og nú átti landhelgismálið líka að bíða vegna vestrænnar samvinnu. Vissir stjórnmálaforingjar Íslendinga rugluðust svo af áhrifum þessa dulmagnaða orðs, að þeir höfðu jafnvel á tímabili ákveðið að slíta stjórnarsamstarfinu, ef landhelgin yrði stækkuð, eins og samningar voru þó gerðir um. Og svo kemur hæstv. dómsmrh. hér fyrr í þessum umr. og hæðist þannig að flokksbróður sínum, þeim sem mest ruglaðist í landhelgismálinu, þegar vestrænir vinir hans ýttu svolitið á hann, að hann heldur því fram, að þessi flokksbróðir hans hafi kúgað mig til framkvæmda í málinu. Hvílík háðung að haga orðum sínum þannig, þegar flokksbróðir hans á í hlut með jafnveikan málstað og hann á í þessu máli! Og aðrir stjórnmálaleiðtogar, t. d. Sjálfstfl., birtu þann boðskap opinberlega á örlagaríkustu augnablikum ákvörðunarinnar um stækkun landhelginnar, að þeir vildu, að málinu yrði frestað, auðvitað að beiðni vestrænnar samvinnu, og svo málið tekið til samninga innan NATO. En gæfa Íslands varð hér yfirsterkari. Fólk úr öllum flokkum frá ólíkum stöðum á landinu tók af skarið og studdi þá, sem stóðu fast á rétti Íslands, og þar með var stækkun landhelginnar framkvæmd.

Vinstri stjórnin vann fullan sigur í landhelgismálinu. Hin aukna friðun á 12 mílna beltinu er orðin staðreynd. Nart Breta á smáblettum í landhelginni breytir þar engu um. Þeir stunda engar venjulegar veiðar innan 12 mílna svæðisins, því að slíkt er ekki hægt að gera á einhverjum afmörkuðum herskipabásum. Framferði Breta hefur ekki áhrif á fiskfriðunarmál okkar. En framferði Breta er móðgun við sjálfstæði Íslands. Það er brot á íslenzkum lögum, og það er freklegt brot á samningi Íslands við Atlantshafsbandalagið.

Yfirgangur Breta hitar mörgum Íslendingi, eins og vonlegt er. En þó er það öllum landsmönnum sárast að sjá þau vettlingatök og heyra þann vesældartón, sem er í framkomu forustumanna íslenzka ríkisins þessa dagana í deilunni við Breta. Það vita nefnilega allir Íslendingar, að við getum rekið Breta lafhrædda heim með herskip sín af Íslandsmiðum, ef við aðeins tilkynnum þeim með jafnmikilli festu og einbeitni og við tilkynntum þeim á sínum tíma um útfærsluna í 12 mílur, að við munum fara úr Atlantshafsbandalaginu og það geti hypjað sig með herstöðina sína, ef Bretar láta ekki tafarlaust af lögbrotum og yfirtroðslum í íslenzkri landhelgi. En þegar kemur að hinu dulræna orði, vestrænni samvinnu, þá er eins og allt hringsnúist fyrir vissum stjórnmálamönnum, þá fallast þeim hendur, og af því geta Bretar haldið áfram sínum óþokkaleik í íslenzku landhelginni, þeim leik, sem þeir leika nú.

Ég vík þá að öðru stórmáli vinstri stjórnarinnar, en það er atvinnuuppbyggingin og aukin framleiðsla. Í þeim efnum vann stjórnin stórmikið verk og gerbreytti um stefnu frá því, sem var í stjórnartíð íhalds og Framsóknar árin á undan. Við skulum athuga hér nokkur dæmi.

Í tíð vinstri stjórnarinnar átti sér aldrei stað nein framleiðslustöðvun. Samningar við framleiðsluna voru alltaf gerðir fyrir hverja vertíð. En í stjórnartíð íhaldsins rak hver framleiðslu-

stöðvunin aðra. Svo langt gekk óstjórnin í þessum efnum hjá íhaldinu, að jafnvel á hávetrarvertíðinni lá allur bátafloti landsmanna vegna deilna við ríkisvaldið. Á þessum árum tapaði þjóðin tugum milljóna í framleiðslustöðvunum. Í tíð vinstri stjórnarinnar jókst þátttaka báta í útgerð til mikilla muna frá því, sem áður var. Þannig var 20% meiri þátttaka báta í vetrarútgerð 1957 en árið áður, og þó var þátttakan enn meiri árið 1958. Þessi aukna þátttaka 1957 stafaði af því, að kjör framleiðslunnar voru bætt og samið um þau í tíma. Árið 1958 *var heildarársaflinn meiri en nokkru sinni* áður að magni og verðmæti. Gjaldeyrisverðmæti framleiðslunnar hækkaði um 200 millj. kr. í erlendum gjaldeyri.

Í stjórnartíð íhalds og Framsóknar 1950—56 stórminnkaði bátafloti landsmanna, þegar tillit er tekið til eðlilegra fyrninga. Árið 1951 nam brúttóaukning bátaflotans aðeins 300 smálestum, en hefði þurft að nema a. m. k. 1500 smálestum til þess að mæta fyrningu ársins. Árið 1952 minnkaði bátaflotinn brúttó um 466 lestir, og vantaði auk þess auðvitað fyrir allri fyrningu. Árið 1953 minnkaði flotinn enn brúttó um 174 lestir og rýrnaði því um 1600—1700 lestir það ár, ef litið er á fyrningu. Árið 1954 jókst brúttólestatalan um 456 lestir eða enn langt undir fyrningu. Árið 1955 nam brúttóaukningin 1133 lestum og náði enn ekki lágmarksfyrningu. Og árið 1956 nam brúttóaukningin 1434 lestum og því tæplega árlegri fyrningu. Þannig rýrnaði fiskibátaflotinn í stjórnartíð íhalds og Framsóknar. Þetta var á þeim tíma, sem þessir flokkar töluðu fagurlega um jafnvægisbúskap og sögðu þá, að aðeins þyrfti að lækka kaupið eilítið og þá væri allt í lagi.

Í tíð vinstri stjórnarinnar var þessari óheillaþróun gersamlega snúið við. Á tveggja og hálfs árs starfstíma hennar gerði hún ráðstafanir til þess að kaupa og veitti leyfi til innflutnings á nýjum fiskibátum, sem námu um 8115 rúmlestum. Í tíð vinstri stjórnarinnar voru launakjör sjómanna stórlega bætt, mun kauphækkun bátasjómanna nema um 30%. Í tíð íhaldsstjórnarinnar sópuðust sjómenn í land af fiskiflotanum vegna síversnandi kjara borið saman við aðra. Og hvernig var háttað hag útgerðarinnar í landinu í valdatíð Sjálfstfl.? Togaraútgerðin var á vonarvöl, þegar vinstri stjórnin tók við, og bátaútgerðin var rekin með stórtapi. Útgerðin átti þó inni bátagjaldeyrisbætur, sem námu á annað hundrað millj., en í tíð vinstri stjórnarinnar var þessu snúið við. S. l. ár var togaraútgerðin almennt rekin með hagnaði, og forustumenn útgerðarinnar í landinu urðu að lýsa því yfir, að í meðalárferði yrði að telja rekstrargrundvöll útgerðarinnar orðinn sæmilegan.

Þannig var um gerbreytta stefnu að ræða í framleiðslumálum þjóðarinnar. Uppbyggingu atvinnulífsins úti á landi miðaði vel áfram, og framleiðsla þar jókst til mikilla muna. Árin 1957 og 1958 eru mestu og beztu atvinnuár í sögu þjóðarinnar. Þessi ár urðu hæstu meðaltekjurnar í framleiðslubæjum landsins í stað hernáms- og verzlunarplássanna áður. Í þessum efnum var stefnt í rétta átt af vinstri ríkisstj. Það var dregið úr hernaðarvinnu, en ýtt undir framleiðsluatvinnuvegina.

Sjálfstfl. hamrar í sífellu á því, að vinstri stjórnin hafi svikið allt. En ég spyr: Voru það svik við þjóðina að stækka landhelgina? Voru það svik við þjóðina að stórauka framleiðsluna? Voru það svik við atvinnulaust fólk úti á landi að útvega því framleiðslutæki? Voru það svik að greiða upp vanskilaskuldir íhaldsins við framleiðsluna? Voru það svik að endurnýja *fiskibátaflotann? Voru það svik* við þjóðina að skapa betra atvinnuástand í landinu en áður hafði þekkzt? Nei, ég er hræddur um, að Sjálfstfl. fái fátt alþýðufólk í landinu til þess að sakfella vinstri stjórnina í þessum efnum.

Við Alþb.-menn skorumst ekki undan dómi kjósenda í sambandi við störf okkar í vinstri stjórninni, og við ætlumst til þess, að þjóðin kveði upp sinn dóm, jafnt yfir þeim, sem í þeirri stjórn voru, og eins yfir hinum, sem þá voru í stjórnarandstöðu. En ég mun í síðari tíma mínum víkja nokkuð að starfi þeirra í stjórnarandstöðunni.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Út af því, sem síðasti ræðumaður sagði, vil ég aðeins taka tvennt fram.

Forsrh. skýrði varnarmálið og er ástæðulaust fyrir mig að skýra það. En ég vil segja það eitt út af ummælum hv. 2. þm. S-M., að ég tel, að fáum Íslendingum muni í léttara rúmi liggja en honum, hvort varnarliðið er hér í landinu eða ekki. Hann segir, að Alþfl. og Framsfl. hafi neitað að standa við loforð sín um togarakaupin. Lúðvík Jósefsson gerði aldrei í ríkisstj. till. um að halda öðruvísi á togarakaupamálinu en gert var, eins og ræður hans hér á Alþ. sýna glöggt. Á hinn bóginn dróst tekníkskur undirbúningur togarakaupanna í hans höndum svo, að málinu var ekki lokið, þegar stjórnin fór frá.

Hv. þm. Hannibal Valdimarsson sagði, að framsóknarmenn hefðu átt kost á að leysa kjördæmamálið með vinstristjórnarflokkunum. Sannleikurinn í því máli er sá, að kommúnistar stöðvuðu, að starfað væri að málinu, af því að þeir vildu ekki leysa málið nema eins og íhaldið nú er að reyna að leysa það með Alþfl., sbr. ummæli Einars Olgeirssonar um kjördæmin hér á Alþ. bæði fyrr og síðar.

Hæstv. dómsmrh., Friðjón Skarphéðinsson, vil ég aðeins spyrja: Hefur hann kynnt sér, hver reynslan er af hlutfallskosningum í Finnlandi og í Hollandi, t. d. varðandi stjórnarmyndanir?

Varðandi það, sem hv. þm. Sigurður Ó. Ólafsson sagði um 55% gjaldið, sem hafi verið lagt á rekstrarvörur landbúnaðar og sjávarútvegs, sérstaklega landbúnaðar, þá býst ég við, að menn hafi gert ráð fyrir því, að hann svaraði þeirri spurningu frá hv. þm. Halldóri E. Sigurðssyni, hvernig á því stendur, að Sjálfstfl. hefur ekki afnumið þetta gjald nú í vetur. Nú

hafa þeir haft valdið til þess. En þá kemur í ljós, að þetta eru ekkert nema óheilindi og rógur.

Friðjón Þórðarson, hv. þm., reyndi að afsaka svik Sjálfstfl. í raforkumálunum og gaf í skyn, að embættismenn á raforkumálaskrifstofunni réðu raforkuframkvæmdum. Er þetta nú ekki of lágt lagzt, þó að menn séu hræddir? Allt, sem Bernharð Stefánsson sagði um raforkumálasvikin, eru staðreyndir úr hinni nýju áætlun. Embættismenn raforkumálanna hafa heldur ekkert dulbúið fyrir þeim, sem ákvarðanir taka, hvað hér er á seyði.

Um þetta sögðu þeir í álitsgerð til atvmrn. í vetur, en þá voru þeir að ráðgera niðurskurð á áætluninni, í meginatriðum sams konar og stjórnarliðið ætlar nú að framkvæma, — um það segja þeir:

„Eins og sést á fskj., eru margar veitur skornar alveg niður í bili, en í stað þeirra koma minni verk, sem sum hver út af fyrir sig eru mjög hæpin, en þó sett fram til þess, að eitthvað komi í staðinn fyrir það, sem skorið er niður."

Þetta er vitnisburður embættismannanna. Um raforkuna og sveitabæina er það að segja, að samkv. tíu ára áætluninni áttu 1337 sveitabæir að vera búnir að fá rafmagn frá samveitum í árslok 1958. Þá var búið að tengja 1320 býli, en langt komið að leggja raflínur á nokkur býli til viðbótar, þannig að það var alveg staðið við þennan þátt áætlunarinnar, en meira en staðið við ýmsa aðra þætti, þangað til nú, að á að svíkja í málinu.

Það eru engar ýkjur, að margt hefur skýrzt undanfarið og það meira en lítið. Í ljós hefur komið, svo að ekki verður um villzt, að kommúnistar undir forustu Einars Olgeirssonar ráða öllu í Alþb. Þeir neituðu að fallast á nokkra tæka lausn í efnahagsmálum og rufu vinstri stjórnina. Þeir kröfðust niðurskurðar á verklegum framkvæmdum og uppbyggingunni úti um land í fyrrverandi ríkisstj. og heimtuðu háan fjárfestingarskatt þar að auki. Um þetta sagði Einar Olgeirsson í þingræðu: „Framsfl. var búinn að svara alveg skýrt og skorinort. Hann var ekki reiðubúinn til þess að skera niður 40 millj. á fjárl., og þess vegna m. a. sprakk vinstri stjórnin." Kommúnistarnir í Alþb. slitu þessu stjórnarsamstarfi til stórtjóns fyrir verkalýðinn. Alþb. er raunverulega úr sögunni. Það er ekki til neins að vera að tala um Alþb., á meðan kommúnistar undir forustu Einars Olgeirssonar ráða öllu. Það er brosleg fjarstæða, að vinstra samstarfinu hafi orðið að slíta, af því að 25 millj. kr. nettó-greiðsluafgangur varð í fyrra.

Viðhorf sjálfstæðismanna hefur skýrzt, þótt það sé forustu flokksins að sjálfsögðu nauðugt, því að þar er hugsað um það eitt að fljóta á því að hafa allt eins óljóst og verða má. En rás viðburðanna hefur flett ofan af þessum flokki. Í efnahagsmálum hafa þeir það eitt úrræði séð að heimta af fólki aftur kauphækkanir, sem þeir börðust harðast fyrir í sumar sem leið. Framkoma þeirra í landhelgismálinu sumarið 1958 mun seint eða aldrei gleymast, og tjónið, sem hún gerði, verður aldrei fullmetið. Sparnaðartillögur gátu þeir að sjálfsögðu engar gert fremur en Alþfl.-menn, og undrast það enginn, sem veit, að einmitt þessir flokkar hafa staðið ötullegast að hækkun ríkisútgjalda og staðið eins og veggur gegn hvers konar viðleitni til að draga úr kostnaði við ríkisreksturinn. Sukkið, sem þeir voru að tala um, reyndist vera verklegar framkvæmdir víðs vegar um land og framlag til margra hinna mestu þjóðnytjamála.

Reisnin í sjávarútvegsmálunum er sú m. a., að fyrir dyrum stendur ein hin stærsta lántaka erlendis, sem gerð hefur verið. En Sjálfstfl. og Alþfl. felldu á Alþingi, að nokkuð af því fé gengi til fiskveiðisjóðs, eins og fyrrv. ríkisstj. hafði fyrirhugað. Báru þeir sér í munn, að fiskveiðisjóður hefði nægilegt fjármagn, enda þótt allir viti, að hann er þrotinn að fé til þess að sjá um þau verkefni, sem honum er ætlað að styðja, en það er aukning skipastólsins og uppbygging fiskiðnaðarins ásamt lánum til verbúða og fleiri slíkra framkvæmda í sjávarútveginum. Hafnarlántökuna, sem fyrrv. ríkisstj. hafði undirbúið, treystu þeir sér hins vegar ekki til að stöðva, en frumkvæði í því hafa þeir ekkert átt. Í landbúnaðinum er byrjuð að endurtaka sig sagan frá 1944—46 og bændum ætlað að búa við misrétti í verðlagsmálum og tekjuskerðingu þar að auki með óhæfilegu fyrirkomulagi á niðurgreiðslum.

Forusta Alþfl. er orðin ber að því að hafa setið á svikráðum við Umbótabandalagið. Það fylgi, sem þeir hlutu í síðustu kosningum til þess að koma þeirri meginstefnu í framkvæmd í samvinnu við Framsfl., þ. e. a. s. stefnu Umbótabandalagsins, hafa þeir misnotað til þess að koma á fót samsæri í samvinnu við forustumenn Sjálfstfl. og kommúnista, en höfuðverkefni þess er að leggja niður héraðakjördæmin og taka upp alveg nýja stefnu í fjárfestingarmálum, sem er miðuð við að draga stórkostlega úr framlögum til uppbyggingar víðs vegar um landið.

Framsfl. áleit, að heppilegast væri að halda áfram því samstarfi, sem vinstri stjórnin byggðist á, og gerði það, sem í hans valdi stóð, til þess að halda þeim samtökum saman. En þegar öllum leiðum til úrlausnar í efnahagsmálum landsins var gersamlega lokað af stjórnarandstöðunni í Alþfl. og kommúnistum í Alþb. í samvinnu við Sjálfstæðisflokksmennina utan stjórnarinnar, þá hlaut sú stjórn að hætta störfum. Það gat aldrei komið til mála, að Framsfl. færi inn á þá braut að vinna það til valdanna að stefna framleiðslu- og efnahagsmálum landsins í botnlaust fen. Slíkt hefði verið í algeru ósamræmi við alla sögu og störf Framsfl. frá öndverðu og sízt í þjónustu vinstra samstarfs í framtíðinni. Fyrrv. stjórn hlaut því að hætta störfum, og Framsfl. sagði þjóðinni nákvæmlega satt um það, hvernig efnahagsmálin stóðu. Það var mjög vel hægt að leysa þau, eins og sýnt hefur verið fram á bæði áður og einnig í þessum umr., en nýrra ráðstafana var ekki hægt að vera án.

Framsfl. gerði till. um úrlausn í efnahags-

málunum nú í vetur og lagði þessar till. fram í núverandi ríkisstj. og gerði þær þjóðinni kunnar. Við þær till. er flokkurinn reiðubúinn að standa, hvar og hvenær sem er. Þær voru byggðar á því að stöðva verðlag og kaupgjald miðað við vísitölu 185. Þetta var viðráðanlegt og hefði orðið í alla staði farsælla en annað, sem til greina gat komið að samþykkja að svo vöxnu máli. Með þessum till. sínum í efnahagsmálunum hefur Framsfl. gert alveg hreint fyrir sínum dyrum í þeim efnum. En það er ekki hans verk, Framsfl., að útfæra þá leið, ef leið skyldi kalla, í efnahagsmálum, sem núverandi stjórnarflokkar hafa verið að vinna að undanfarna mánuði.

Í stjórnarandstöðu hefur Framsfl. nú sem fyrr við svipaðar aðstæður komið fram á ábyrgan hátt. Hann hefur gert sínar till. um úrlausn efnahagsmálanna, eins og ég var að greina frá. Hann hagaði þannig afstöðu sinni á Alþ., að stjórnarflokkarnir fengju samþykkt það brottfall nokkurra vísitölustiga, sem þeir beittu sér fyrir og gat verið spor í rétta átt, ef að öðru leyti hefði verið heiðarlega haldið á málum. Við fjárlagaafgreiðsluna kom flokkurinn þannig fram, að hann flutti eða studdi minni hækkunartill. en dæmi munu til um nokkra stjórnarandstöðu áður. En Framsfl. hefur hins vegar barizt undanfarið og mun berjast harðri baráttu gegn þeim aðförum í málefnum þjóðarinnar, sem stjórnarflokkarnir efna til.

Þegar fyrrv. stjórn hafði látið af völdum, gerði Framsfl. þá till., að mynduð yrði þjóðstjórn í landinu til þess að reyna samtök um hyggilegar ráðstafanir í efnahagsmálum, til þess að vinna að endurskoðun stjórnarskrár og þ. á m. kjördæmaskipunar og til þess síðast, en ekki sízt, að sýna í verki fullkomna einingu í þeirri baráttu, sem þjóðin á í nú við brezka ofbeldismenn og er ein hin alvarlegustu átök, sem Íslendingar hafa orðið að taka þátt í. Þessari till. framsóknarmanna um ábyrgð og þjóðhollt samstarf að vandamálunum var í engu sinnt, en í þess stað efnt til þeirra vinnubragða, sem allir mega nú sjá. Í efnahagsmálunum er stefnt í botnlaust fen og ekki um annað hugsað en að reyna að finna einhver brögð til þess að leyna því í nokkra mánuði, hverjar afleiðingarnar verða. En menn geta svo rétt ímyndað sér, hvað í vændum er, þegar þess er gætt, að greiðsluafgangur frá fyrrv. ríkisstj. verður ekki notaður nema einu sinni. Ekki verða heldur tvisvar notaðir tollar af Sogsvirkjuninni, og ekki verður hægt nema einu sinni að látast ekki sjá hallann á útflutningssjóði. Ekki verður aftur notuð sú aðferð að falsa útgjaldaáætlun fjárlaga eða skera niður innflutning helztu nauðsynja- og rekstrarvöru til þess að flytja inn lúxusvörur að fleyta sér á í nokkra mánuði. Þetta er ekki hægt að endurtaka. Tekur alveg steininn úr, þegar þeir, sem þannig ganga frá málum, bera sér í munn, að með því séu þeir að stöðva verðbólguna.

Í landhelgisdeilunni rekur allt fullkomlega á reiðanum, og er sannast að segja, að hún ein hefði verið nægilegt tilefni þjóðstjórnar. En vegna þess, hvernig á er haldið nú, virðast menn mega vera að öllu öðru en því að einbeita sér í þeim átökum. Hefði þó ekki af því veitt, að í það hefðu allir lagt sína aðalvinnu, sem kjörnir hafa verið með einhverjum hætti til forustu um málefni þjóðarinnar. Aðfarir þeirra, sem hér að standa, eru á hinn bóginn slíkar, að á örlagatímum er íslenzka þjóðin nú forustulaus þjóð, og í augum annarra hlýtur hún að líta út eins og rekald, þar sem menn berjast um borð. Það er þung ábyrgð þeirra manna, sem stofna til þessara og þvílíkra vinnubragða, og það mætti vera göfugur tilgangur, sem megnaði að helga svona meðul.

En til hvers eru allar þessar aðfarir? Þetta er allt gert til þess eins að leggja nú niður öll kjördæmi landsins utan Reykjavíkur og koma á alveg nýrri stjórnarskipan, þar sem grunnurinn er rifinn undan þeirri þjóðfélagsbyggingu, sem Íslendingar hafa komið sér upp með margra alda lífi og starfi í landinu. En öll þessi bygging er frá öndverðu og til þessa dags reist á héraðaskipun og héraðajafnvægi. Er því í þokkabót enn yfir lýst, að einungis sé um áfanga að ræða, og talað með slíkri fyrirlitningu um sjálfa héraðaskipunina og sýsluskipunina í landinu, að engum dylst, hvert framhaldið á að verða. Verði þessi kjördæmabreyting samþykkt af þjóðinni, mun þingmennska ekki verða til framvegis á þann hátt, sem nú er. Í stað þess koma þingmenn hins nýja skipulags, sem engin skilyrði hafa til þess að verða byggðarlögum sínum annað en svipir hjá sjón.

Einn af formælendum þessara fyrirætlana hefur sagt, að fram undan muni vera tímamót í íslenzkum stjórnmálum. Það væri sannarlega full ástæða til þess, að allt það, sem gerzt hefur á þessum vetri, orsakaði alger tímamót í íslenzkum þjóðmálum, en bara nokkuð á aðra lund en þessi forráðamaður mun hafa átt við. Aldrei hefur það komið greinilegar í ljós en einmitt nú í sambandi við alla þessa atburði, að fjöldinn allur af því fólki, sem fram að þessu hefur lið þeim flokkum stuðning, sem að þessari áætlun standa, á með þeim enga samleið og hefur áreiðanlega enga samúð með þeirri baráttu, sem nú er háð af hendi forustuaflanna í þessum flokkum gegn héraðakjördæmunum og gegn alhliða uppbyggingu atvinnulífsins víðs vegar um landið. Aldrei hefur það komið greinilegar fram en einmitt síðustu mánuðina, að Framsfl. er eini flokkurinn í landinu, sem raunverulega berst fyrir alhliða uppbyggingu atvinnulífsins í landinu, og Framsfl. er eini flokkurinn, sem hefur það markmið að byggja þjóðfélagið áfram á sögulegum grunni og þjóðlegri rót. En verði þær fyrirætlanir, sem forusta þríflokkanna hefur nú á prjónum, samþykktar í þeim kosningum, sem háðar verða í vor, þá verður ekki aftur snúið. Kosningarnar í vor verða því einar hinar örlagaríkustu, sem háðar hafa verið á Íslandi.

Það er áberandi, hvað Sjálfstfl. teflir nú fram kjördæmakjörnum þingmönnum sínum. Það er skiljanlegt, að þeir, sem nú hafa látið hafa sig til að greiða atkv. með því að leggja niður kjör-

dæmi sín án samráðs við kjósendur, telji sig þurfa að afsaka sig. Og það er svo sem auðséð, að þeir eiga að reyna að nota persónuleg sambönd og traust til þess að fá menn til að afsala sér réttinum til að kjósa sérstaka fulltrúa fyrir héruð sín á Alþing. Þessir menn koma hér í útvarpið og segja kjósendum sínum, að nú hafi þeir allt í einu komið auga á, hvílíkt heillaráð það sé að leggja niður þessi kjördæmi. Ætli þessir hv. þm. hafi verið kosnir á þing núna síðast til þess að samþykkja þetta? Og ef þeir höfðu þetta í huga, því sögðu þeir ekki frá því eða útskýrðu þetta fyrir mönnum og báru það undir menn þá, — því þögðu þeir þunnu hljóði og létu sitja við svardaga Ólafs Thors og annarra leiðtoga Sjálfstfl. um, að flokkurinn skyldi aldrei samþykkja að leggja niður héraðakjördæmin? Eða er það nýtilkomið, að þeim hafi verið sagt að halda þessu fram?

Það heyrist bezt á því, sem þessir hv. þm. segja, hvernig þeim er innanbrjósts. Ekki er annað hægt að heyra en gersamlega hafi um þá skipt. Málstað framsóknarmanna að halda héraðakjördæmunum kallar Pétur Ottesen fjarstæðu. Hvenær varð það fjarstæða? Hvenær varð það að fjarstæðu, að Borgfirðingar hafi rétt til þess að kjósa sér eigin þingmann? Ólafur Thors segir þann málstað óverjandi með öllu að halda héraðakjördæmunum. Hvað er hægt upp úr því að leggja, sem þeir menn segja, sem svo gersamlega umturnast og ráðast gegn sjálfum sér, þegar minnst varir? Hvað af þessum vífilengjum og tyllirökum um það gagn, sem mönnum á nú allt í einu að vera að því að leggja héraðakjördæmin niður, um aukinn styrk í því að steypa saman við stórar heildir, dreifa byggðinni og kjósa heilan sundurleitan hóp þm. í stað eins eða tveggja, — hvað af þessu er ekki hægt á sama hátt að nota til stuðnings því að gera landið í reynd að einu kjördæmi og kjósa alla þingmenn í einu lagi? Ég skora á menn að hlusta vel á vífilengjur þessara manna. Þá munu menn fljótt gera sér grein fyrir því, hvað raunverulega er verið að fara.

Í stjórnarskránni er ákvæði um, að engin stjórnarskrárbreyting nái fram að ganga, nema kosið sé um hana í almennum alþingiskosningum. Þetta á að tryggja, að engin breyting á stjórnarskránni verði gerð nema sú, sem þjóðin vill kjósa sér eftir þeim reglum um alþingiskosningar, sem í gildi eru. Nú er ætlunin að umturna alveg þeim grundvelli, sem stjórnskipun okkar hefur verið á byggð, svipta héruðin sérstökum fulltrúum á Alþingi. Þetta yrði ein hin örlagaríkasta breyt. fyrir íslenzku þjóðina. En þeir, sem fyrir þessu standa, óttast og það ekki að ástæðulausu, að lítið mark sé tekið á vífilengjum þeirra og tyllirökum í kjördæmamálinu, t. d. eins og því, að þeir Borgfirðingar, sem hafa ekki kosið Pétur Ottesen á þing undanfarandi áratugi, hafi verið þingmannslausir. Forráðamenn málsins trúa ekki betur á málstaðinn en svo, að upp úr því leggja þeir mest, að ekki verði kosið um stjórnarskrármálið í vor, og þeir fara beinlínis þónarveg að mönnum að hafa ákvæði stjórnarskrárinnar um þetta að engu. Um þetta sagði hv. þm. A-Húnv. við 1. umr. málsins t. d.: „Málið verður raunverulega afgert á þessu þingi. Kosningarnar í vor verða eins og áður um flokka, stefnur og menn.“ Forustumenn þessa tiltækis trúa sem sé ekki betur á málstað sinn og málfærslu en að þeir telja lífsnauðsyn að koma í veg fyrir frjálsa skoðanamyndun um kjördæmamálið, sem komi fram í úrslitum kosninganna. Þær tilraunir, sem nú eru gerðar til þess að beita flokkslegum áróðri og persónulegum áhrifum í því skyni, að menn kjósi ekki um stjórnarskrárbreyt. og hafi öryggisákvæði stjórnarskrárinnar að engu, eru beinar tilraunir til skoðanakúgunar og fullkomlega ósæmilegar. Það er móðgun við menn að leyfa sér að halda því fram, að málið sé afgert á Alþingi og stjórnarskrárkosningarnar í vor séu markleysa. Það er líka móðgun við menn, þegar gert er ráð fyrir því sem sjálfsögðum hlut, að menn hafi enga sjálfstæða skoðun um mál eins og sjálf undirstöðuatriði stjórnskipunarinnar, en hengi sig umyrðalaust aftan í stjórnmálaleiðtoga, jafnvel þótt mætir menn kunni að vera.

Þær vífilengjur og tyllirök, sem beitt er í þessu máli, munu engum manni duga til að sannfæra sig um, að það sé heillaráð, að héraðakjördæmin séu lögð niður. Þetta er forgöngumönnunum alveg ljóst. Skynsömum mönnum mun aldrei verða talin trú um slíkt, hverjir sem vitna. Úrslit kosninganna í vor velta því algerlega á því, hvort frjáls skoðanamyndun fær að njóta sín í þeim eða ekki. Njóti hún sín, verður kjördæmabreyt. felld í kosningunum. Hér er svo mikið í húfi, að engu má inn í hina örlagaríku ákvörðun blanda. Megi þjóðinni auðnast að halda þannig á þessu máli. — Góða nótt.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Góðir hlustendur. Af tilefni tveggja síðustu ræðna, þeirra hv. 1. og 2. þm. S-M., og ánægju þeirra með vinstri stjórnina sálugu mætti spyrja: Hvernig stóð á því, að vinstri stjórnin gafst upp og fór frá, fyrst allt var í svona góðu lagi, eins og Eysteinn Jónsson og Lúðvík Jósefsson voru að segja þjóðinni hér rétt í þessu? Var fjárhagur ríkisins of góður? Stóð útflutningsframleiðslan of vel að vígi? Var verðbólgan á of hröðu undanhaldi? Nei, ástæðurnar fyrir uppgjöf vinstri stjórnarinnar voru ekki þessar, heldur þvert á móti þær, að ríkisbúskapurinn var kominn í þrot, að framleiðslan var að stöðvast, að ný verðbólgualda var skollin yfir. Allt eru þetta staðreyndir, sem alþjóð þekkir. Gort þessara tveggja hv. fyrrv. ráðh. vinstri stjórnarinnar er því beinlínis hlægilegt.

Hv. 1. þm. S-M. kvartaði einnig yfir því, að fiskveiðisjóði væri ekki ætlað neitt af væntanlegu erlendu láni, sem verið er að taka, en áformað hefur verið að verja 45 millj. kr. af því til raforkuframkvæmda, 28 millj. kr. til hafnargerða og 25 millj. kr. til ræktunarsjóðs Búnaðarbankans. Vildi hv. 1. þm. S-M. draga úr þessum framlögum til fyrrgreindra fram-

kvæmda? Það er rétt, að hann svari því. Eftir er að ráðstafa rúmlega 50 millj. kr. af fyrrgreindu láni, og væntanlega verður hægt að veita fiskveiðisjóði einhverja úrlausn af því, áður en lýkur.

Hv. 2. þm. S-M., Lúðvík Jósefsson, sagði, að vestræn samvinna hefði ekki viljað, að Íslendingar keyptu 15 togara, sem vinstri stjórnin hafði lofað, þess vegna hefði ekki orðið úr kaupunum. En þessi sami hv. þm. lýsti því þó yfir hér á Alþ. haustið 1957, að hann væri búinn að senda menn til útlanda til þess að semja um smíði togaranna. Hann fullyrti þá, að málið væri að komast í höfn. En togararnir eru ekki enn þá komnir í höfn. Svona mikið var að marka yfirlýsingar þessa hv. þm., meðan hann var í ráðherrastól.

Hv. 1. þm. Eyf. sagði hér í ræðu sinni í kvöld, að fólksflutningarnir til Reykjavíkur utan af landi hefðu stöðvazt í tíð vinstri stjórnarinnar. Sannleikurinn er sá, að aðstreymi til Reykjavíkur var sízt minna á þessum árum en áður. Undanfarinn áratug hefur fólksfjölgun í Reykjavík verið 1400—1900 manns á ári. Á árinu 1957, fyrsta heila starfsári vinstri stjórnarinnar, er fólksfjölgunin í hámarki, 1900 manns. Árið 1958 er fólksfjölgunin í Reykjavík yfir 2000 manns. Tölvísi Framsfl. hefur því enn sagt til sín.

Hv. þm. S-Þ., Karl Kristjánsson, og hv. 1. þm. S-M., Eysteinn Jónsson, endurtóku margtuggnar staðhæfingar framsóknarmanna hér áðan um það, að leggja eigi niður öll gömlu kjördæmin nema Reykjavík. Minna mátti nú ekki gagn gera!

En þessi staðhæfing á sér enga stoð í raunveruleikanum. Ekki eitt einasta kjördæmi verður lagt niður. Enda þótt fulltrúum Austurlands verði fækkað um einn, verður hlutur fámennasta kjördæmisins þar, Seyðisfjarðar, síður en svo fyrir borð borinn. Íbúar þess byggðarlags eiga samkv. hinni nýju kjördæmaskipun rétt á að taka þátt í kjöri fimm þingmanna. Vitanlega gæta þessir fimm þm. Austfirðinga ekki verr hagsmuna Seyðfirðinga en einn þm. gerði áður. Eða er það ætlun Eysteins Jónssonar að hafa Seyðfirðinga algerlega út undan, ef hann yrði kjörinn þingmaður hins nýja Austfjarðakjördæmis? Í öðrum landshlutum er þingmönnum strjálbýlisins hvergi fækkað, en sums staðar fjölgað, eins og t. d. á Vesturlandi og Norðausturlandi, þar sem veruleg fólksfjölgun hefur orðið.

Þá lét og hv. 1. þm. Eyf., Bernharð Stefánsson, liggja að því hér áðan, að hlutfallskosningar mundu hafa í för með sér stórkostlega fólksflutninga úr strjálbýlinu til þéttbýlisins. En hefur fólkinu því miður ekki stöðugt verið að fækka í íslenzkum sveitum á undanförnum áratugum þrátt fyrir okkar litlu kjördæmi, þrátt fyrir þá kjördæmaskipun, sem Framsfl. heldur dauðahaldi í? Það sést greinilega, þegar litið er í hagtíðindin. Árið 1930 vinna 39 þús. manns að landbúnaðarstörfum, árið 1940 37 þús. manns, árið 1950 rúmlega 28 þús., og árið 1960 er gert ráð fyrir, að aðeins 20 þús. manns muni vinna að landbúnaðarstörfum. Það er vissulega ástæða til að harma þessa þróun, en hún hefur gerzt þrátt fyrir það, að sveitirnar bjuggu við þá kjördæmaskipun, sem Framsfl. telur eina samræmast hagsmunum strjálbýlisins. Aðeins stóraukin tækni hefur gert íslenzkum landbúnaði mögulegt að gegna sínu mikilvæga hlutverki þrátt fyrir mannfæðina í sveitunum.

Margt bendir til þess, að með stækkun kjördæmanna verði aðstaða strjálbýlisins betri til alhliða uppbyggingar. Með því fæst aukin yfirsýn yfir aðstöðu landshlutanna og samvinna héraðanna sjálfra og fulltrúa þeirra á Alþ. og heima fyrir verður nánari og síður háð pólitískri togstreitu, eins og hv. þm. Borgf., Pétur Ottesen, benti á í hinni merku ræðu sinni hér í gærkvöld. En þetta skilja hinir þröngsýnu og afturhaldssömu leiðtogar Framsfl. ekki, jafnvel ekki hv. þm. S-Þ., sem skýrði þjóðinni frá því hér áðan, að hann hefði þó „hjartað á réttum stað"!

Þegar Framsfl. hafði forustu um myndun vinstri stjórnarinnar og tók kommúnista í stjórn, var það meginröksemd hans fyrir þeirri ráðabreytni, að það væri óhjákvæmilegt, vegna þess að þeir réðu verkalýðssamtökunum og stefnu þeirra, en án náinnar samvinnu við verkalýðssamtökin væri ekki hægt að leysa vanda efnahagsmálanna. Sjálfstfl. væri hins vegar gersamlega fylgislaus innan verkalýðshreyfingarinnar og samvinna við hann um efnahagsmálin ekki aðeins gagnslaus, heldur beinlínis skaðleg. Þetta sögðu framsóknarmenn, áður en þeir mynduðu vinstri stjórnina. En í útvarpsumræðunum í gærkvöld og oft áður var það meginhaldreipi þessara sömu manna, að Sjálfstfl. hefði haft forustu um það innan verkalýðshreyfingarinnar að brjóta niður efnahagsmálaráðstafanir vinstri stjórnarinnar. Flokkurinn, sem fyrir tæpum þremur árum var að áliti framsóknarmanna gersamlega fylgislaus og áhrifalaus í verkalýðshreyfingunni, var nú allt í einu orðinn þar alls ráðandi og þess megnugur að brjóta niður þær ráðstafanir, sem bæði Alþfl. og kommúnistar stóðu að með framsóknarmönnum.

Ég vænti, að allur landslýður sjái, hversu mótsagnakenndur þessi málflutningur framsóknarmanna er, enda er það mála sannast, að í honum er engin heil brú. Sú staðreynd, að verkalýðssamtökin snerust gegn vinstri stjórninni og ráðstöfunum hennar, rakti rætur sínar fyrst og fremst til almennrar andúðar og vantrúar fólks í öllum stjórnmálaflokkum á stefnu hennar og aðgerðum. Stjórnin hafði lofað því að stöðva verðbólguna og kapphlaupið milli kaupgjalds og verðlags, sem kommúnistar höfðu skapað árið 1955, með „nýjum leiðum" og „varanlegum úrræðum". En niðurstaðan varð sú, að hún gerði ekkert nema leggja nýja skatta og tolla á allan almenning í landinu. Hún byrjaði að vísu á því haustið 1956 að binda kaupgjald og skerða vísitölu um 6 stig. En næsta skref hennar var stórkostlegar skattaálögur strax fyrir jólin 1956. En það er athyglisvert, að þá fannst kommúnistum ekkert athugavert við það að lækka kaupgjald.

Þá var það allt í lagi með að skerða kaupgjald verkamanna og launþega almennt, ef það gat tryggt tveimur kommúnistum áframhaldandi sæti í ráðherrastól. Þetta hefði hv. 7. þm. Reykv., Hannibal Valdimarsson, átt að muna hér áðan, er hann deildi hart á síðustu ráðstafanir í efnahagsmálum og niðurfærslu kaupgjalds og verðlags.

Meðan kommúnistar sátu í ráðherrastólum, var það líka sjálfsagt að hafa her í landi, og taumlaust brask með olíu og fleira á Keflavíkurflugvelli var þá engin goðgá, hvað þá heldur „hermang". Hv. 1. landsk. þm., Alfreð Gíslason, hældi vinstri stjórninni mjög fyrir afrek hennar í upphafi ræðu sinnar í gær. En í síðari hluta hennar lagði hann áherzlu á, að þar hefði einn svikið þetta og annar hitt. Mynd hans af vinstra samstarfinu var því heldur ógæfusamleg útlits. Framsóknarmönnum má svo benda á það, að það var Samband ísl. samvinnufélaga, sem reið á vaðið um almenna kauphækkun til starfsfólks síns fyrir áramótin 1956, meðan kaupbindingarlögin voru enn þá í gildi, og það er ekki lengra síðan en s. l. haust, að hv. 1. þm. S-M., Eysteinn Jónsson, sendi deildarstjóra ráðuneytis síns á fund í bæjarstjórn Reykjavíkur til þess að krefjast 12% kauphækkunar til handa Dagsbrúnarmönnum, þegar vitað var, að verkamennirnir sjálfir ætluðu sér að semja um 9—10% kauphækkun, eins og einnig varð lokaniðurstaðan að þeir gerðu. Enn má á það benda í sambandi við kauphækkanir til flugmanna og yfirmanna á kaupskipaflotanum, að það var vinstri stjórnin sjálf, sem leysti þær kaupdeilur, sumpart með beinum kauphækkunum, sumpart með stórauknum gjaldeyrisfríðindum, sem höfðu í för með sér 30—40% kauphækkun að því er snertir flugmennina. Kauphækkun farmanna var síðan velt yfir á almenning með hækkuðum farmgjöldum, sem síðan komu fram í vöruverðinu.

Loks má á það benda, að með sjálfum bjargráðum vinstri stjórnarinnar vorið 1958 ákvað vinstri stjórnin 5% kauphækkun og hóf um leið sjálf það lokakapphlaup milli kaupgjalds og verðlags, sem hleypti af stað stórfelldri, nýrri verðbólguskriðu, sem síðan varð stjórninni að aldurtila.

Með þessu er í örfáum orðum svarað þeim rakalausu fullyrðingum, sem hv. þm. Str. og aðrir framsóknarmenn héldu fram í umr. í gærkvöld um, að Sjálfstfl. hafi á valdatíma vinstri stjórnarinnar haft forustu um stórfellt kapphlaup milli kaupgjalds og verðlags. Þessar fullyrðingar afsannast líka enn þá greinilegar með því, að um leið og vinstri stjórnin er oltin frá völdum, er það Sjálfstfl., sem á drýgstan þáttinn í því að afstýra þeim voða, sem verðbólguflóð vinstri stjórnarinnar hafði leitt yfir þjóðina, með því að beita sér fyrir nokkurri niðurfærslu kaupgjalds og verðlags, sem almenningur hefur tekið af skilningi og ábyrgðartilfinningu. En nú telja framsóknarmenn og kommúnistar slíkar ráðstafanir sviviðilegar árásir á launþega og bændur. Menninirnir, sem ekkert gerðu annað en að leggja á skatta og skerða kjör alls almennings í landinu í 2½ ár og hleyptu verðbólgunni eins og óargadýri lausbeizlaðri á fólkið, veigra sér nú ekki við að koma fram fyrir það og rógbera Sjálfstfl. fyrir að hafa gert raunhæfa ráðstöfun til að forða því, að vísitalan kæmist á þessu ári upp yfir 270 stig og að allt atvinnulíf þjóðarinnar stöðvaðist. Halda framsóknarmenn og kommúnistar virkilega, að íslenzkur almenningur sé svo heimskur, að hann sjái ekki í gegnum þennan loddaraleik?

Önnur meginásökun framsóknarmanna í þessum umr. var sú, að núverandi valdhafar hefðu beitt sér fyrir stórfelldum niðurskurði á verklegum framkvæmdum og þá fyrst og fremst þeim, sem væru í þágu sveitanna. En staðreyndir fjárl. svara þessari staðhæfingu bezt. Framlög til vega- og brúagerða hafa ekki verið lækkuð um einn eyri. Þvert á móti hefur framlagið til millibyggðavega af benzínfé hækkað um 2 millj. kr., og aukin áherzla verður á það lögð að koma þeim landshlutum í akvegasamband, sem enn þá eru án sambands við meginakvegakerfi landsins. Það er og skoðun okkar sjálfstæðismanna, að samgöngurnar séu lífæð framleiðslunnar, ekki aðeins í sveitunum, heldur og í sjávarbyggðum landsins. Þess vegna munum við leggja á það höfuðáherzlu að bæta samgöngur við alla landshluta á landi, sjó og í lofti. Og að því höfum við unnið af kappi og forsjá, þegar við höfum haft aðstöðu til þess, það veit fólkið úti um allt land. Í þessu sambandi má svo minna á það, að á síðasta valdaári vinstri stjórnarinnar lá fjöldi stórvirkra vegagerðavéla ónothæfur, vegna þess að ekki fengust fluttir inn varahlutir í þær. Bitnaði þessi ræfildómur vinstri stjórnarinnar einnig mjög á ræktun og framkvæmdum bænda.

Það er táknrænt um rökþrot framsóknarmanna í útvarpsumræðunum í gærkvöld, að ein helzta hneykslunarhella þeirra í fjárlagaafgreiðslunni var niðurfelling 1 millj. kr. framlags til byggingar nýs stjórnarráðshúss. Hvað finnst nú fólki í sveitum landsins um þá baráttu Framsfl. fyrir strjálbýlið, sem birtist í þessu? Þegar fjármálaóreiða Eysteins Jónssonar er að sliga þjóðarbúið og með harmkvælum er hægt að halda uppi nauðsynlegum verklegum framkvæmdum í þágu framleiðslunnar, þá er það glæpur að áliti framsóknarmanna að fella niður 1 millj. kr. framlag til nýs stjórnarráðshúss, sem ekki er byrjað á, en á þó 6 millj. kr. geymdar í sjóði! Þetta er ekki ónýt barátta fyrir hagsmuni strjálbýlisins — eða hitt þó heldur.

Í sambandi við niðurskurðartal framsóknarmanna má svo enn benda á það, að framlög til hafnargerða og lendingarbóta eru hækkuð og auk þess aflað verulegs lánsfjár til þess að vinna í stærri stíl að því að fullgera nokkrar hafnir en unnt hefur verið undanfarin ár. Til raforkuframkvæmdanna hefur einnig verið tryggt fjármagn, þannig að hvergi verður dregið úr raforkuframkvæmdum eða úr þeirri þjónustu, sem áformað er að veita almenningi með rafvæðingaráætluninni, sem sjálfstæðismenn

beittu sér fyrir að gerð var, síðast er þeir höfðu stjórnarforustu, undir forustu formanns síns, Ólafs Thors.

Sannleikurinn er sá, að hrópyrði framsóknarmanna um niðurskurð verklegra framkvæmda sýna, hversu þessi flokkur hefur nú glatað ráði og rænu eftir hið stórfellda skipbrot vinstri stjórnarinnar.

Hv. þm. Str. þuldi ófagra lýsingu á Sjálfstfl. í ræðu sinni hér í gærkvöld, en allir Íslendingar vita, að þessi sami hv. þm. átti það úrræði eitt, eftir að vinstri stjórnin var hrokkin upp af klakknum, eftir að verkalýðssamtökin höfðu neitað honum að framlengja valdaferil hans um einn einasta mánuð, að koma á hnjánum grátklökkur til Sjálfstfl. og biðja hann að koma með sér í ríkisstj. til þess að bjarga því, sem bjargað yrði. Sjálfstfl. var ekki vondur flokkur, ef hann vildi framlengja valdaferil Hermanns Jónassonar. En hann vildi það ekki, hann vildi gefa þjóðinni kost á að gera upp við skrumstjórnina.

Það er vissulega kaldhæðni örlaganna, að allir þeir stjórnmálaflokkar, sem á sínum tíma mynduðu vinstri stjórnina og lýstu sjálfstæðismönnum sem „óvinum alþýðunnar og þjóðfélagsins", skuli, síðan stjórn þeirra gafst upp, hafa átt þá ósk heitasta að komast í ríkisstj. með Sjálfstfl. og njóta stuðnings hans og ráða til þess að leysa þau vandkvæði, er þeir sjálfir hafa átt mestan þátt í að skapa. Mun sú staðreynd vissulega verða íslenzkum kjósendum áhrifameiri leiðbeining en máttvana óhróður kommúnista og framsóknarmanna um Sjálfstfl. í þessum umr.

Sá af þm. Framsfl., sem talaði af hvað minnstri rökvísi hér í gærkvöld, spurði að því, hvers vegna sjálfstæðismenn beittu sér nú ekki fyrir breytingum á hinum og þessum lögum. Svarið við þeirri fyrirspurn getur verið stutt. Sjálfstfl. er í minni hl. á Alþ. Hann hefur aðeins samið um örfá tiltekin atriði við Alþfl., og kommúnistar og framsóknarmenn eru í meiri hluta í efri deild. Þess vegna er ekki mögulegt að koma fram margvíslegum, nauðsynlegum lagabreytingum, sem sjálfstæðismenn hafa áhuga á.

Því Alþingi, sem nú er að ljúka, má skipta í þrjú tímabil. Hið fyrsta stóð frá upphafi þingsins til 4. des., meðan vinstri stjórnin var að veslast upp og átta sig á því, að hún átti engin sameiginleg úrræði til lausnar vandamálanna. Annað tímabilið markaðist af undirbúningi hinna nýju valdhafa og bráðabirgðaráðstöfunum til að tryggja rekstur útflutningsframleiðslunnar og standa við loforð sín um nýja og réttlátari kjördæmaskipun. Á þriðja tímabilinu og hinu síðasta hafa málin svo fengið lokaafgreiðslu, eins og lýst hefur verið í þessum umr. Við sjálfstæðismenn höldum því ekki fram, að allur vandi hafi þegar verið leystur. Þvert á móti segjum við þjóðinni þann sannleika, að aðeins hafi verið stigin fyrstu skrefin með bráðabirgðaráðstöfunum til þess að halda atvinnutækjum þjóðarinnar í gangi og firra því yfirvofandi hruni, sem leitt hafði af verðbólgustefnu vinstri stjórnarinnar.

„Snjórinn er að bráðna, þokan að hverfa. Fyrir oss er land, sem vill grænka." Mér koma þessi orð rithöfundarins og hugsjónamannsins Kaj Munks í hug í þann mund, sem við erum að ganga af þessu viðburðarika þingi. Þoku vinstri stjórnarinnar hefur létt af Alþingi. Þjóðin sér nú aftur handa sinna skil, gerir sér ljóst, hvar hún er á vegi stödd, hvernig þau loforð hafa verið efnd, sem henni voru gefin fyrir tæpum þremur árum, þegar hún gekk að kjörborðinu. Þessi 3 ár hafa verið einn lærdómsríkasti tími í íslenzkri stjórnmálasögu. Nú vita allir Íslendingar, hvað vinstri stjórn er og hver áhrif stefna hennar hefur á lífskjör þeirra. Hvert einasta heimili á Íslandi, í sveit og við sjó, hefur orðið þeirra vart. Aldrei hefur nokkur ríkisstj. í þessu landi reynzt jafnúrræðalaus, sundurþykk og lánlaus og þessi stjórn, sem þó hafði lofað því hátíðlegar en nokkur önnur að leysa öll vandkvæði og miða allt sitt starf við hagsmuni alþýðu manna. En einmitt það fólk, sem mestu var lofað, varð harðast úti í gjörningaþoku vinstri stjórnarinnar. Fátækasta fólkið hefur tapað mestu í því verðbólguflóði, sem síðasta stjórn Hermanns Jónassonar hellti yfir íslenzkt efnahagslíf og bjargræðisvegi. Það er gamla fólkið, sem lifir á lágum ellistyrk, sparsamt fólk, sem lagt hafði upp nokkrar krónur til efri áranna, bændur og aðrir framleiðendur, sem þurftu að kaupa vélar og tæki, unga fólkið í sveitum og sjávarbyggðum, er var að stofna til búskapar og heimilishalds, sem sárast er leikið af eyðileggjandi áhrifum hinnar stjórnlausu dýrtíðar, sem vinstra ævintýrið leiddi yfir almenning.

En „fyrir oss er land, sem vill grænka". Íslenzka þjóðin lætur ekki við það eitt sitja að gera sér ljóst, hvernig vinstri stjórnin lék hana og hversu hrapallega hún brást vonum þess fólks, sem trúði því í einlægni, að slík stjórn mundi verða því skjól og skjöldur. Allur almenningur hugsar lengra. Fólkið dregur sínar ályktanir af reynslunni, ekki síst ef hún er beisk og hefur valdið því tjóni og vonbrigðum. Og þegar að því er komið að draga ályktanir af ferli og falli vinstri stjórnarinnar, kemur þetta fyrst og fremst upp í huga hvers manns með heilbrigðri dómgreind:

Vinstri stjórnin og flokkar hennar hafa fengið sitt tækifæri. Þeir féllu á prófinu eftir 2½ árs valdaferil. Nú verðum við að ráða á bátinn að nýju. Við verðum að fá nýjum mönnum forustuna, freista nýrra úrræða til þess að komast út úr verðbólguöngþveitinu, létta af þjóðinni hlutdrægu og spilltu haftakerfi ásamt sligandi skattabyrði og marka nýja, raunhæfa viðreisnar- og uppbyggingarstefnu. Við skulum fela Sjálfstfl. þetta mikilvæga starf, stærsta flokki þjóðarinnar, sem á sterkar rætur í öllum stéttum og starfshópum þjóðfélags okkar og hefur sýnt það, að hann þorir að segja okkur satt um eðli vandamálanna, og hefur á liðnum tíma haft forgöngu um flestar þýðingarmestu umbæturnar á kjörum og allri aðstöðu landsmanna.

Þessi hugsun hefur áreiðanlega verið ríkust í huga mikils fjölda Íslendinga, einnig margra

þeirra, er á sínum tíma treystu vinstri stjórninni, þegar hún sagði af sér. Sjálfstfl. lofar því ekki að fullnægja allra óskum í einu. En hann mun taka á vandamálunum af festu og ábyrgðartilfinningu með alþjóðarhag fyrir augum.

Eitt fyrsta verkefni, sem Sjálfstfl. mun snúa sér að því að leysa, er landhelgismálið, sem nú er á háskalegra stigi en menn gera sér almennt ljóst. Í því verki verður að beita nýjum, raunhæfum og ábyrgum vinnubrögðum, stóraukinni kynningu á málstað okkar og rétti þjóðarinnar til fiskimiðanna umhverfis landið. Við munum kalla á allan heiminn, alla réttlætisunnandi menn, til stuðnings við minnsta lýðveldi veraldar í baráttu þess gegn nýlendustefnu og hernaðaraðgerðum Breta, sem hvenær sem er geta leitt til mannvíga og stórslysa. Gegn slíku atferli duga ekki nótusendingar, sem enginn tekur mark á. Það er alþjóðlegt hneyksli, að einu mesta herveldi heimsins skuli haldast uppi mánuð eftir mánuð að beita vopnlausa smáþjóð jafnsvívirðilegum ofbeldisaðgerðum og Bretar hafa undanfarið beitt íslenzku þjóðina, sem jafnframt er bandalagsþjóð þeirra. Þetta verður að segjast hreint út, og þess verður að krefjast, að varnarsamtök frjálsra þjóða taki í taumana, áður en það er orðið of seint, áður en stórslys hafa af orðið, sem haft gætu ófyrirsjáanlegar afleiðingar. En til þess að þau geti það, verðum við að hafa manndóm til þess að kæra Breta fyrir þeim og nota aðstöðu okkar til þess að kynna hinn íslenzka málstað, en á það brestur mjög til þessa.

Annað þýðingarmesta verkefnið verður að gera raunhæfar ráðstafanir til þess að stöðva verðbólguna og koma efnahagslífi þjóðarinnar á heilbrigðan grundvöll. Við sjálfstæðismenn lofum því ekki að gera þetta með neinum töfrabrögðum, heldur með vandlega undirbúnum samræmdum aðgerðum, sem geta tekið nokkurn tíma og kosta sjálfsafneitun og stundarfórnir. Við segjum þjóðinni sannleikann um ástandið, eins og það er, og treystum því, að hún vilji hlusta á hann, þó að hann sé sagður umbúðalaus. Við viljum ekki falla í sömu gryfju og vinstri stjórnin að reyna að telja fólkinu trú um, að við eigum varanleg úrræði, sem hægt sé að beita, án þess að nokkur finni til þeirra nema hinir örfáu efnamenn þjóðfélagsins. Raunhæfasta úrræðið verður að stuðla að aukinni framleiðslu, stóraukinni þátttöku í útflutningsframleiðslunni og þar með vaxandi gjaldeyristekjum. Á þeim grundvelli einum er mögulegt að afnema hið spillta haftakerfi og margs konar hlutdrægni og misrétti. En til þess að hallarekstri gamalla og nýrra framleiðslutækja verði með tímanum útrýmt, verður þjóðin að miða lífskjör sín og eyðslu, fjárfestingu og framkvæmdir við arðinn af starfi sínu á hverjum tíma, á sama hátt og hygginn heimilisfaðir miðar útgjöld fjölskyldu sinnar við tekjur sínar. Það er þess vegna ekki nóg, eins og kommúnistar vilja vera láta, að kaupa ný framleiðslutæki til lands og sjávar. Við verðum að tryggja rekstur þeirra, því að því aðeins geta þau aukið arðinn af starfi þjóðarinnar og myndað traustan afkomugrundvöll. Við munum stuðla að því eftir fremsta megni að sætta vinnu og fjármagn, koma á samstarfi milli verkalýðs og vinnuveitenda um uppbyggingu atvinnutækjanna og heilbrigðan rekstur þeirra, um leið og við vinnum að því að gera hlutdeild fólksins í sveitum og við sjó í þeim arði, sem það skapar, eins mikla og greiðslugeta þeirra leyfir.

Sjálfstfl. mun leggja áherzlu á það að skapa sem mest jafnræði milli fólksins í strjálbýli og þéttbýli, þannig að enginn þurfi að flýja frá þjóðnýtum framleiðslustörfum úti um land vegna þess, að hlutur hans sé verri en höfuðborgarbúa eða annarra íbúa þéttbýlisins. Það jafnvægi í byggð landsins, sem við berjumst fyrir, er, að góðir möguleikar til þróttmikilla framleiðslustarfa séu hagnýttir og að þeim hlúð, hvar sem er á Íslandi, hvort sem er í sveit eða sjávarbyggð.

Við sjálfstæðismenn munum nota hina nýju kjördæmaskipun til þess að laða krafta fólksins í öllum landshlutum til samvinnu um nauðsynlegar umbætur, hvort heldur er á sviði atvinnumála, samgöngu- og raforkumála eða félags- og menningarmála. Við viljum, að fólkið í hinum nýju kjördæmum til sjávar og sveita rétti hvert öðru bróður- og systurhönd í baráttu þess að sameiginlegu marki, velferð þess sjálfs, uppbyggingu og framförum.

Engu er líkara en framsóknarmenn hyggist snúast gegn hagsmunamálum strjálbýlisins, ef þeir verða kjörnir í stærri kjördæmum en þeir hafa áður verið fulltrúar fyrir. Við sjálfstæðismenn lýsum því hins vegar yfir, að við munum eftir sem áður vinna af alefli fyrir okkar gömlu kjördæmi og kjósendur, um leið og við teljum okkur skylt að gæta hagsmuna okkar nýju kjósenda í hinum stækkuðu kjördæmum.

Við munum beita okkur fyrir hagnýtingu auðlinda landsins, áframhaldandi virkjun vatnsafls og jarðhita og nota hina nýju orku til uppbyggingar nýrra atvinnugreina og eflingar þeirra, sem fyrir eru. Meiri ræktun landsins, aukinn fiskiðnaður og stækkandi fiskiskipafloti, fjölbreyttari iðnaður og bætt hafnar- og lendingarskilyrði er að okkar hyggju hyrningarsteinar þeirrar framleiðsluaukningar, sem verður að fylgja í kjölfar óhjákvæmilegra ráðstafana til sköpunar jafnvægis í efnahagsmálum. Okkur duga engar pappírsráðstafanir til þess að skapa slíkt jafnvægi. Ef við viljum tryggja hin góðu lífskjör og halda áfram að bæta þau, dugir ekkert annað en að auka arðinn af starfi okkar, stækka kökuna, sem við verðum að skipta á milli landsins barna. Við sköpum aldrei frið í þjóðfélagi okkar, sættir milli vinnu og fjármagns, með því einu að smækka skammtinn til hvers einstaks starfshóps eða vinnustéttar. Það er leiðin til illdeilna og átaka. Þess vegna ríður okkur lífið á að sameina kraftana í baráttunni fyrir nýjum mörkuðum, fyrir meiri framleiðslu, fjölbreyttari framleiðslu og verðmeiri framleiðslu.

Sjálfstfl. býður þjóðinni forustu sína í því mikla uppbyggingar- og viðreisnarstarfi, sem

fram undan er. Hann lofar því ekki að gera allt það, sem gera þarf, í einu. Því getur enginn ábyrgur stjórnmálaflokkur lofað. Við heitum því hins vegar, sem Íslendingar verða að krefjast af öllum stjórnmálaflokkum sínum, að segja þjóðinni satt um getu hennar á hverjum tíma og miða framkvæmdirnar við hana.

Herra forseti. Góðir hlustendur. „Snjórinn er að bráðna, þokan að hverfa. Fyrir oss er land, sem vill grænka.“ Þoku vinstri stjórnarinnar, sem brást allra vonum, er á hana treystu, er létt af Alþingi. Látum hana aldrei framar sveipast um okkar ungu og framsæknu þjóð. Ísland vill grænka með nýju vori, heilbrigðu efnahagslífi og stjórnarfari, og almenningur í öllum stjórnmálaflokkum vill leggja hönd á plóginn með gróandanum. Íslendingar skiptast ekki í illviljaða menn og góðviljaða. Við erum aðeins fólk með mismunandi skoðanir og viðhorf til lífsins, gæða þess og möguleika. Við sjálfstæðismenn treystum því, að sú heilbrigða dómgreind þessa fólks, sem alltaf hefur sameinað það á hinum stóru stundum sjálfstæðisbaráttu þess, muni einnig nú á mikilli örlagastundu þoka því saman í órofafylkingu og sókn fyrir efnahagslegri viðreisn, fyrir blómlegum þjóðarhag og fyrir fjárhagslegu og menningarlegu sjálfstæði. — Góða nótt og gleðilegt sumar.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Í dag hitti ég kunnan borgara á götu. Hann hefur aldrei haft nein afskipti af stjórnmálum og mun ekki hafa sérstakan áhuga á þeim efnum, en hann fór að fyrra bragði að tala um útvarpsumræðurnar í gærkvöld. Mér fannst aðalatriði þess, sem hann sagði, mjög athyglisvert. Hann sagði: Mér finnst allt of margir íslenzkir stjórnmálaleiðtogar vanmeta dómgreind íslenzku þjóðarinnar, auk þess sem þeir misbjóða smekk hennar ýmist með stóryrðum eða stráksskap í málflutningi sínum. Þegar þess verður vart, að skoðanir og afstaða stjórnmálamanna taka algerum stakkaskiptum eftir því, hvort þeir eru í stjórnaraðstöðu eða stjórnarandstöðu, þá hlýtur að vakna hjá manni sú hugsun, að það sé ekki heill þjóðarinnar, sem borin er fyrir brjósti, heldur ímyndaðir flokkshagsmunir. Það er þess vegna ánægjulegt, sagði hann að síðustu, þegar stjórnmálamenn hika ekki við að beita sér fyrir því og taka á sig ábyrgð af því, sem gera þarf, og ég held, að allir finni í rauninni með sjálfum sér, að það, sem nú hefur verið gert, þurfti að gera.

Svo mörg voru þau orð. — Margt af því, sem sagt var í gærkvöld og sagt hefur verið í kvöld um núv. ríkisstj. og gerðir hennar, hefur í rauninni verið þannig, að það ber ekki vott um djúpa virðingu fyrir dómgreind þjóðarinnar.

Það, sem málsvarar Alþb. og Framsfl. hafa fyrst og fremst deilt á ríkisstj. fyrir, er, að hún skuli hafa verið mynduð með stuðningi Sjálfstfl. Það er talið mikilsverðara að undirstrika þetta en að ræða hitt, til hvers stjórnin var mynduð og hvað hún hefur gert.

Það eru nú liðin rétt 20 ár, síðan formaður Framsfl., Hermann Jónasson, settist fyrst í stjórn með sjálfstæðismönnum og var þá meira að segja í forsæti, og það eru ekki nema sex ár, síðan hann sat í stjórn með Ólafi Thors, Bjarna Benediktssyni og Birni Ólafssyni. Hinn aðalleiðtogi Framsfl., Eysteinn Jónsson, hefur þó verið í enn nánari tengslum við Sjálfstfl., því að hann hefur setið í ríkisstj. með sjálfstæðismönnum lengst af s. l. tvo áratugi. Er það ekki að misbjóða dómgreind almennings, þegar ræðumenn Framsfl. fordæma það, meira að segja með vandlætingarheim í rödinni, eins og henti Karl Kristjánsson áðan, að Alþfl. skuli leyfa sér að mynda ríkisstj. og þiggja til þess stuðning Sjálfstfl., rétt eins og málefnin, sem vinna á að, séu aukaatriði?

Eins og vænta mátti, hafa ræðumenn Alþb. þó tekið miklu dýpra í árinni um þetta atriði: fyrst Sjálfstfl. styður ríkisstj., virðist ekki frekari vitna þurfa við um hana. Halda þessir menn, að íslenzka þjóðin sé búin að gleyma því, að það er ekki ýkjalangt síðan Sósfl. sat í ríkisstj. undir forsæti Ólafs Thors? Það eru ekki nema nokkrir mánuðir, síðan fulltrúar Alþb. sátu á fundum með fulltrúum Sjálfstfl. til viðræðu um stjórnarmyndun. Það eru meira að segja ekki nema nokkrar vikur, síðan Alþb. orðaði það sem skilyrði fyrir stuðningi sínum við kjördæmabreytinguna, að núv. ríkisstj. viki, en við tæki annaðhvort samstjórn Alþfl., Sjálfstfl. og Alþb. eða embættismannastjórn. Er það ekki að misbjóða dómgreind almennings, þegar slíkir menn telja það höfuðsynd hjá Alþfl. að mynda ríkisstj. með stuðningi Sjálfstfl.?

Fyrrv. sjútvmrh., Lúðvík Jósefsson, ræddi landhelgismálið í ræðu sinni áðan á þann veg, að allir flokkar aðrir en flokkur hans hefðu verið reiðubúnir til að svíkja í því máli. Þannig á ekki að ræða mikilvægustu og viðkvæmustu þjóðmál. Sízt ætti Lúðvík Jósefsson að leyfa sér slíkt, því að enginn vafi er á því, að aðstaða Íslendinga í þessu máli væri nú fjarri því að vera jafngóð og hún er, ef utanríkisráðherra hefði ekki haldið jafnvel á málinu gagnvart öðrum þjóðum og raun ber vitni og komið í veg fyrir víxlspor, sem stigin hefðu verið, ef flokkur Lúðvíks Jósefssonar hefði fengið að ráða.

Þá furðaði mig í sannleika sagt mjög á ræðu hv. þm. S-Þ., Karls Kristjánssonar, áðan, á ósmekklegu tali hins hagmælta manns og óyfirveguðum stóryrðum hans. Hann fór mörgum orðum um, að Alþfl. hafi svikið Umbótabandalagið, og lét eins og sumir þingmenn hans væru ekki frjálsir gerða sinna, af því að framsóknarmenn hefðu staðið að kosningu þeirra.

Umbótabandalagið var kosningabandalag. Það náði ekki tilgangi sínum. Má því með nokkrum rétti segja, að því hafi í raun og veru lokið þegar eftir kosningarnar, en endanlega lauk því auðvitað, þegar Hermann Jónasson baðst lausnar fyrir stjórn sína í desember án þess að hafa áður samráð um það við Alþfl. og eftir að hafa virt að vettugi þá tillögu hans að leggja deilumálin í ríkisstj. fyrir Alþingi.

Á síðasta kjörtímabili áttu 6 Alþýðuflokksmenn sæti á Alþingi. Þeim fjölgaði um tvo í

síðustu kosningum, án efa m. a. vegna kosningasamvinnunnar við Framsfl. En jafnvíst er hitt, að 4 þm. Framsfl. eiga kjörfylgi Alþýðuflokksmanna þingsæti sín að þakka, þeir Björgvin Jónsson, Eiríkur Þorsteinsson, Halldór E. Sigurðsson og Sigurvin Einarsson. Sú rödd hefur aldrei heyrzt úr röðum Alþfl., að þessir menn séu ekki fullgildir þingmenn Framsfl. fyrir þessa sök. Framsfl. er því sannarlega lítill sómi að hinum ofríkisfulla hugsunarhætti, sem fram kom í málflutningi Karls Kristjánssonar.

Þegar núv. ríkisstj. var mynduð, biðu þrjú stór verkefni úrlausnar Alþingis. Í fyrsta lagi varð að tryggja rekstur útflutningsatvinnuveganna, en eins og ástandið var orðið eftir 1. des., vofði stöðvun þeirra yfir. Í öðru lagi þurfti að afgreiða fjárlög. Og í þriðja lagi var nauðsynlegt að gera gagngerar breytingar á kjördæmaskipun landsins.

Alþfl. og Sjálfstfl. höfðu afgreiðslu aðeins eins þessara mála í hendi sinni, þ. e. fjárlaganna. Til afgreiðslu hinna varð að fá stuðning eða hlutleysi annars hvors hinna flokkanna. Efnahagsmálin voru afgreidd með hlutleysi Framsfl., en í andstöðu við Alþb. Kjördæmamálið var hins vegar afgreitt með samvinnu við Alþb., en í andstöðu við Framsfl. Síðan núv. ríkisstj. var mynduð, hafa allir flokkar þingsins því unnið saman beint eða óbeint að lausn hinna stærstu mála, sem við hefur verið að etja. Alþfl. og Sjálfstfl. hafa staðið að lausn þeirra allra, Alþb. ásamt þeim að lausn eins og Framsfl. óbeint að lausn annars. Með hliðsjón af þessu hljóta stóryrði Alþýðubandalagsmanna og framsóknarmanna í garð núv. ríkisstj. að skoðast í nokkuð sérstöku ljósi. Hér er skýringin á tómahljóðinu, sem í þeim er.

Ræðumenn Alþb. hafa farið hörðum orðum um ráðstafanir þær, sem gerðar hafa verið í efnahagsmálum. Ég er samt sannfærður um, að ekki er til sá hugsandi Íslendingur, sem gerir sér ekki fyllilega ljóst, að það ástand, sem skapazt hafði 1. des., er kaupgjaldsvísitalan hækkaði í 202 stig, gat ekki staðizt til frambúðar. Gera varð annað tveggja, að láta kaupgjaldið haldast, en leggja á um 400 millj. kr. nýja skatta og láta síðan verðbólguhjólið halda áfram að snúast, eða færa kaupgjaldið og verðlagið niður í þeim mæli, sem nauðsynlegt var, til þess að hægt væri að koma í veg fyrir halla hjá útflutningsatvinnuvegunum og ríkissjóði án þess að leggja á nýja, almenna skatta.

Alþfl., Sjálfstfl. og Framsfl. voru í raun og veru sammála um að fara síðari leiðina. Ástæðan til þess, að Framsfl. hefur hætt að mæla með henni, er eingöngu sú, að hann er nú utan ríkisstj. Og því fer fjarri, að Alþb. sé hún jafnleið sem það lætur. Í samningaviðræðunum um endurreisn fyrrv. ríkisstj. kom það skýrt fram af hálfu fulltrúa Alþb., að þeir voru alls ekki andvígir því í sjálfu sér, að launþegar gæfu eftir bótalaust nokkur vísitölustig, og voru allt að 6 stig nefnd í því sambandi, þótt slíkt sé nú talið glæpur gagnvart verkalýðshreyfingunni, einungis af því að Alþb. er nú ekki lengur aðili að ríkisstj. og á ekki í samningum um aðild sína að stjórn.

Mig langar enn fremur til þess að vekja athygli á einu atriði í sambandi við þá stefnu í efnahagsmálunum, sem tekin var, en mér virðist menn ekki hafa gefið nógu mikinn gaum. Þegar menn ræða áhrif ráðstafananna, bera menn gjarnan saman þá lækkun, sem orðið hefur á kaupi þeirra, og lækkunina, sem orðið hefur á verðlagi síðan um áramót. Með þessu er alls ekki nema hálfsögð sagan. Kauphækkunin, sem varð á síðari helmingi s. l. árs, var nefnilega nær engin áhrif farin að hafa á verðlagið um áramótin. Niðurfærsla verðlagsins og launanna var því ekki nema annar þáttur þessara ráðstafana. Hinn þátturinn var að koma í veg fyrir þá hækkun, sem að öðrum kosti hefði hlotið að verða á öllum nauðsynjum almennings, en sá þátturinn gleymist of oft, þegar um þetta er rætt.

Þegar menn eru að bera saman verðlækkunina og kauplækkunina, er rangt að láta við það sitja að minnast þess, að t. d. kjötkílóið, sem kostaði kr. 29.80 fyrir síðustu áramót, kostar nú 21 kr. Sagan er ekki fullsögð, fyrr en þess er getið, að það hefði í haust verið komið upp í kr. 40.30, eða verið orðið nærri helmingi dýrara en það er nú, ef ekki hefði verið tekin upp sú stefna, sem ofan á varð. Og mjólkurlítrinn, sem kostaði kr. 4.10 fyrir áramót, en nú kostar kr. 2.95, hefði fljótlega hækkað upp í kr. 5.60.

Það, sem bera á saman við niðurfærslu kaupsins, er ekki aðeins verðlækkunin, sem orðið hefur, heldur einnig verðhækkunin, sem mönnum var forðað frá, og þá auðvitað allar hinar óbeinu og stórskaðlegu afleiðingar jafngífurlegrar verðbólgu og yfir vofði. Aldrei verður of oft á það minnt, að heildartekjur alls vinnandi fólks verða nú í ár ekki minni, heldur meiri en í fyrra, og þá auðvitað um leið meðallaunin á mánuði og viku.

Ég skal að síðustu drepa á það örfáum orðum, sem ég tel brýnustu verkefni íslenzkra þjóðmála að kjördæmabreytingunni samþykktri.

Í fyrsta lagi þarf að fara fram gagnger endurskoðun á uppbótar- og innflutningsgjaldakerfinu og stefna að afnámi þess að mestu leyti. Hins vegar er heilbrigt að halda niðurgreiðslum á helztu innlendum landbúnaðarafurðum, sérstaklega mjólk, því að það er liður í réttlátri stefnu í félagsmálum, að jafnmikilvæg og holl neyzluvara og mjólk sé sem ódýrust, auk þess sem það er heilbrigðasti stuðningurinn við landbúnaðinn að stuðla að því, að eftirspurnin eftir afurðum hans sé sem mest.

Í öðru lagi á að vinna að því, að samtök launþega og atvinnurekenda taki upp heildarsamninga til lengri tíma en nú á sér stað um kaup og kjör, þannig að óheilbrigð togstreita og skæruhernaður á vinnumarkaðinum hverfi úr sögunni og vinnufriður verði tryggari.

Í þriðja lagi ber brýna nauðsyn til þess að taka upp samningu heildaráætlana til nokkurra ára í senn um helztu framkvæmdir í

landinu til þess að koma í veg fyrir hvort tveggja jöfnum höndum, atvinnuleysi og skaðlegan skort á vinnuafli, og stuðla þannig að stöðugu verðlagi.

Í fjórða lagi er orðið bráðnauðsynlegt að endurskoða skatta- og útsvarskerfið og helzt af öllu að afnema skatta og útsvör á tekjur í núgildandi formi og það mikla ranglæti, sem af því hlýzt.

Í fimmta og síðasta lagi þarf að vinda bráðan bug að því að koma á fót lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn, sameina hina mörgu lífeyrissjóði, sem fyrir eru, og láta hinn nýja lífeyrissjóð ná til allra stétta og hagnýta síðan þá fjármagnsmyndun, sem þar á sér stað, til eflingar framleiðslunni í landinu.

Í þessum fimm atriðum felst raunhæf stefna, sem ég er viss um að fær hljómgrunn hjá hugsandi mönnum.

Alþfl. gengur bjartsýnn til þeirrar baráttu, sem fram undan er. Ekki aðeins Alþýðuflokksmönnum, heldur mörgum fleiri finnst Alþfl. hafa verið og vera að gera rétt, hann hafi komið vel fram og heiðarlega á vandasömum tímamótum í íslenzkum stjórnmálum. Á því er nú áreiðanlega vaxandi skilningur meðal þjóðarinnar, að Alþfl. hafi mikilsverðu hlutverki að gegna. Hann er eini íslenzki stjórnmálaflokkurinn, sem sameinar það að berjast fyrir víðsýnni og öfgalausri umbótastefnu í innanlandsmálum og aðhyllast stefnu lýðræðis og frelsis í alþjóðamálum.

Það er mjög mikilvægt, að menn geri sér grein fyrir því, að þau lífskjör, sem íslenzka þjóðin hefur náð, og það öryggi í atvinnu- og félagsmálum, sem hún býr við, er byggt á stefnu í þjóðfélagsmálum, sem í öllum aðalatriðum er sprottin af hugmyndum lýðræðisjafnaðarmanna. Að þessu leyti svipar ástandinu hér til aðstæðna á hinum Norðurlöndunum. Enda þótt ég sé þeirrar skoðunar, að breyta þurfi efnahagskerfi okkar í ýmsum mikilvægum atriðum, má ekki hverfa frá þessum grundvelli. Ríkisvaldið verður að halda áfram að hafa forustu um eflingu atvinnulífsins, og það verður að standa á verði um hagsmuni þeirra þjóðfélagsstétta, sem minnst mega sín.

Grundvallarstefna Sjálfstfl. er andstæð þessum sjónarmiðum, þótt hann hafi lagað sig verulega eftir þeim á síðari árum. Fyrirmyndarþjóðfélag hans virðist vera miklu líkara Þýzkalandi þeirra Adenauers og Erhards en Norðurlöndunum, eins og þjóðfélagið þar hefur mótazt undir forustu lýðræðisjafnaðarmanna.

Enginn vafi er þó á því, að okkur Íslendingum er og verður farsælast að halda áfram að byggja upp frjálst og réttlátt þjóðfélag í líkingu við það, sem gerist á Norðurlöndum, þar sem ríkisvaldið hefur forustu í atvinnumálum án þess þó að hefta með óeðlilegum hætti heilbrigða framtakssemi og tryggir almenningi atvinnuöryggi og félagslegt réttlæti. Við því er eðlilega ekki að búast, að Sjálfstfl. beiti sér fyrir þessu, og hið sama á við um bæði Framsfl. og Alþb. Framsfl. hefur ætíð, þegar til kastanna hefur komið, reynzt of einsýnn formælandi þröngra stéttarhagsmuna bænda, og Alþb. er að sjálfsögðu víðs fjarri því að geta tekið slíkt hlutverk að sér, þar eð því er stjórnað af kommúnistum, sem aðhyllast gerólík grundvallarsjónarmið. Alþfl. hefur þess vegna því mikilvæga hlutverki að gegna í íslenzkum stjórnmálum að vera merkisberi þeirrar lýðræðislegu umbótastefnu, sem móta verður þróun íslenzkra þjóðfélagsmála á næstu áratugum. Alþfl. er staðráðinn í því að fylgja þeirri stefnu án tillits til stundarhagsmuna og láta áróðurshróp andstæðinganna eins og vind um eyru þjóta. Hann er staðráðinn í því að segja það eitt, sem hann álítur satt, og gera það eitt, sem hann álítur rétt. Hann trúir því, að með því móti vinni hann þjóð sinni mest gagn. — Góða nótt.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það voru tvö atriði í ræðu hæstv. menntmrh., sem mér þykir ástæða til þess að víkja að.

Hæstv. ráðh. sagði, að Alþb. hefði lagt það til nú fyrir skömmu, að mynduð yrði samstjórn Alþb., Sjálfstfl. og Alþfl. Þetta er með öllu rangt hjá hæstv. ráðh. Slíkar tillögur hefur Alþb. aldrei flutt. Sú eina till., sem Alþb. flutti í þessum efnum, var, að sett yrði á fót hlutlaus utanþingsstjórn, sem sæti að völdum fram yfir kosningar, á meðan verið væri að koma kjördæmamálinu fram.

Þá sagði hæstv. ráðh., að það hefði komið glögglega fram í viðræðum um áramótin við fulltrúa Alþb., að það hafi ekki verið óvinsamlegt því að gefa eftir bótalaust af kaupi verkamanna, sem samsvaraði nokkrum vísitölustigum, og þá oft verið talað um 6 stig. Þetta er líka með öllu rangt. Ekkert slíkt hefur komið fram frá fulltrúum Alþb., aldrei nokkurn tíma. Það var allan tímann mjög glögglega undirstrikað af fulltrúum Alþb., að það kæmi ekki til mála að gefa eftir af umsömdu kaupi eða umsaminni vísitölu, nema bætur kæmu þar á móti.

Hv. þm. N-Ísf. og hv. 4. þm. Reykv., Eggert Þorsteinsson, minntust í sambandi við vísitölueftirgjöfina á það, sem gert var haustið 1956, þegar verkalýðshreyfingin féll frá 6 vísitölustigum, og þeir vildu jafna því saman við það, sem nú hafi verið gert með lögbindingu um það, að útstrikuð skyldu 10 vísitölustig. Hér er vitanlega algerlega ólíku saman að jafna. Þegar verkalýðshreyfingin samþykkti að falla frá 6 vísitölustigum haustið 1956, var það með þeim skilyrðum, að tiltekin önnur hækkun, sem á átti að skella í sama mánuði, yrði ekki látin koma fram, og sú verðhækkun nam þessum 6 vísitölustigum, svo að þar var verið að skipta á sléttu. En það, sem nú var verið að gera, var að strika út bótalaust 10 vísitölustig og framkvæma beina kauplækkun.

Hv. 1. þm. S-M., Eysteinn Jónsson, minntist hér á togarakaupin. Hann sagði, að svo hefði dregizt undirbúningur að togarakaupunum af minni hálfu í fyrrv. ríkisstj., að ekki hafi unnizt tími til þess að kaupa skipin. Við ýmsu gat maður nú búizt úr þessari átt, en furðulegt er það, að þessi hv. þm. skuli leyfa sér að segja

þetta, vitandi það, að skýrsla hefur verið gefin um það hér á Alþingi fyrir löngu, að það var strax vorið 1957, sem öllum undirbúningi í málinu var lokið og útboð var sent í sambandi við smíði skipanna til 16 skipasmíðastöðva, og öll tilboð voru komin inn haustið 1957. Síðan var samninganefnd send út og ræddi við skipasmíðastöðvar, og það lá allt tilbúið annað en það, að ekki hafði verið útvegað lánsfé til kaupanna. Og hver átti að útvega lánið? Samkvæmt heimild Alþingis fjármálaráðherra landsins, sjálfur Eysteinn Jónsson. En við Alþýðubandalagsmenn gerðum meira í þessum efnum, því að við beittum okkur fyrir því að sanna það fyrir ríkisstj., að hægt væri að fá lán með góðum kjörum til kaupanna, en eins og ég skýrði áður frá í þessum umræðum, voru það pólitískir fordómar, sem réðu því, að ekki mátti taka lánin nema hjá einhverjum vestrænum vinum, sem svo vildu ekki veita neitt lán.

Í kosningunum í sumar verða störf vinstri stjórnarinnar að sjálfsögðu dæmd af hv. kjósendum.

Ég gat einnig um það í fyrri ræðu minni í kvöld, að á síðasta kjörtímabili hefur önnur stjórn verið mynduð í þessu landi. Annað stjórnarsamstarf hefur hér hafizt. Það er stjórn Sjálfstfl., mynduð af Alþfl. Þó að það stjórnarsamstarf hafi ekki staðið lengi, hefur þegar sagt til sín, hvert það stefnir. Í þessari stjórn hefur Sjálfstfl. þegar lækkað umsamið kaup með lögum. Hann hefur reynt að eyðileggja orlofslög verkamanna. Hann hefur skorið niður verklegar framkvæmdir, en fellt allar till. um sparnað í rekstri ríkisins. Hann hefur boðað nýja stefnu í lánveitingum til sjávarútvegsins, þannig að aftur á að sækja í sama horfið með rýrnun fiskiskipaflotans. Þegar tekið er nú erlent lán, sem nemur 150 millj. kr., þá skal ekkert af því ganga til lánastofnana sjávarútvegsins, og það er blákalt tilkynnt, að sjávarútvegurinn þurfi ekki á meira lánsfé að halda, a. m. k. ekki fyrr en árið 1962.

Sjálfstfl. óttast sína eigin stefnu, þó að hv. þm. N-Ísf. segi, að Sjálfstfl. vilji nú segja þjóðinni satt. Það er vegna þess, að Sjálfstfl. þorir ekki að segja þjóðinni satt, sem hann felur sig nú á bak við Alþfl. Stefna Sjálfstfl. má þó vera öllum landsmönnum ljós. Hann stefnir á stórkostlega gengislækkun og kjaraskerðingu. Foringjar Sjálfstfl. vita þetta vel. Þeir vita, að engin verðbólgualda hefur verið stöðvuð af núv. ríkisstj. Ólafur Thors var svo hreinskilinn að játa þetta í landsfundarræðu sinni fyrir nokkru. Þá sagði hann: Allar aðalverðlækkanirnar eru vegna niðurgreiðslna, sem nema rúmum 100 millj. kr. Allar þessar verðlækkanir verður fólkið sjálft að borga síðar með hækkuðum sköttum eða minnkandi framkvæmdum, sagði Ólafur Thors. Sem sagt, þessar rúmlega 100 millj. kr. skulu hv. kjósendur verða að borga síðar, og þetta „síðar" þýðir: eftir kosningar. Það á að vera öllu þægilegra að bíða með það að leggja á hina óvinsælu skatta fram yfir kosningar.

En hvað gerist svo, þegar álögurnar koma í haust? Jú, þá er ætlunin að binda kaupið með einhverjum hætti.

Sjálfstfl. verður dæmdur fyrir meira en feluleik sinn í sambandi við núv. ríkisstj. Hann verður líka dreginn til dóms fyrir skemmdarstarfsemi sína í stjórnarandstöðunni og fyrir þjóðhættulega stefnu sína í stærstu málum þjóðarinnar. Sjálfstfl. hefur rekið stórhættulega hentistefnu, sem kjósendur hans hljóta að refsa honum fyrir. Í stjórnarandstöðunni boðaði hann sparnað í ríkisrekstrinum. Þegar hann myndaði stjórn, drap hann allar till. um slíkt. Í stjórnarandstöðunni boðaði hann kauphækkun og gekkst fyrir verkföllum. Nú, þegar hann hefur tekið við stjórn, lækkar hann kaup með lögum. Í stjórnarandstöðu flutti hann frv. um skattfrelsi sjómanna. En nú, þegar flokkurinn ræður afgreiðslu mála á Alþingi, má slíkt frv. liggja óafgreitt í þingnefnd. Áður heimtaði Sjálfstfl. meira fé til húsnæðismála. Nú drepur hann till. á Alþ. um það að verja fé til húsnæðismála. Áður dæsti hann yfir hrikalegum lántökum vinstri stjórnarinnar. En nú bætir hann við nýjum lántökum. Áður boðaði hann afnám uppbótargreiðslna og niðurborgana. En nú hækkar hann bara hvort tveggja. Þannig rassskellir Sjálfstfl. sjálfan sig. Og ofan á þetta allt hælist svo flokkurinn af því, að hann sé hreinn hernámsflokkur, sem hafi ekki látið sér koma til hugar að láta herinn fara úr landinu.

Fyrir þessa og þvílíka stefnu verða kjósendur að refsa Sjálfstfl. í komandi kosningum.

Framsfl. hefur valið sér ömurlegt hlutskipti í stjórnmálum landsins, eins og nú standa sakir. Hann rauf vinstri stjórnina og kallaði íhaldsstjórnina yfir landið með kauplækkunarþvermóðsku sinni. Það er kaldhæðni örlaganna, að Framsfl. skuli láta þá menn ráða ferð sinni, sem trúa því, að mánaðarkaup verkamanna, sem nemi 4000 kr. fyrir 8 stunda vinnu, sé of hátt, sé undirrót efnahagsvandamála þjóðarinnar. Kauplækkunarkrafa flokksins hefur nú leitt hann í einangrun og sprengt hans eigið Hræðslubandalag. Svo ætlar flokkurinn að gera það að sínu eina kosningamáli að streitast gegn óhjákvæmilegri leiðréttingu á kjördæmaskipun landsins. Framsfl. hefur boðað sem stefnu sína í því máli fráleitt miðaldafyrirkomulag. Hann vill skipta öllu landinu upp í einmenningskjördæmi og fella niður öll jöfnunarsæti. Hvert mannsbarn sér, að slíkt mundi leiða af sér hið frekasta óréttlæti.

Í kjördæmamálinu er tvennt, sem verður ekki komizt hjá að leiðrétta. Hið fyrra er, að fjölga verður nokkuð þingmönnum þéttbýlisins vegna gífurlegra fólksflutninga, sem orðið hafa. Þetta atriði hefur Framsókn orðið að viðurkenna, og því hefur hún sjálf flutt till. í þessa átt. En svo er hitt atriðið, sem líka verður að leiðrétta, en það er hinn stórkostlegi misréttur, sem nú á sér stað á milli þingflokka. Nú hefur Framsfl. t. d. 17 þm. út á 13 þús. atkv., en Alþb. hefur 8 þm. út á 16 þús. atkv. Svona misrétti verður ekki þolað, enda brýtur það í bága við allt lýðræði. En þetta neitar Framsókn að leiðrétta.

Misstór einmenningskjördæmi hljóta alltaf

að leiða af sér þetta misrétti. Af því er hlutfallskosning í stærri kjördæmum óumflýjanleg.

Góðir hlustendur. Þessum umræðum er nú að verða lokið. Kosningabaráttan er raunverulega hafin. Enginn vafi er á því, að kosningarnar í sumar og haust geta orðið örlagaríkar fyrir þjóðina. Í þeim kosningum verður úr því skorið, hverjir eiga að móta stefnuna í atvinnu- og efnahagsmálum þjóðarinnar á næsta kjörtímabili og hverjir eiga að bera ábyrgð á stærstu og viðkvæmustu lífshagsmunamálum þjóðarinnar í viðskiptunum við aðrar þjóðir.

Alþb. leggur stefnu sína og störf fyrir þjóðina. Það berst áfram eitt allra íslenzkra flokka af fullum heilindum fyrir því að losa landið sem fyrst undan hinu erlenda hernámi. Alþb. skorar á alla landsmenn að íhuga vel þá hættu, sem þjóðinni stafar af hernáminu, að gera sér fulla grein fyrir þeirri hættu, sem öryggi, efnahag og sjálfstæði landsins er búin af áframhaldandi dvöl herliðsins í landinu. Allt tal um jafnvægi í byggð landsins er fjarstæða, á meðan hermang Keflavíkurflugvallar er hér í fullum gangi. Aukin framleiðslustefna er ekki samrýmanleg hernáminu, og efnahagslegt sjálfstæði verður ekki um að ræða, fyrr en herinn er farinn og herstöðin hætt að vera til.

Stefna Alþb. í efnahagsmálum byggist á aukinni framleiðslu, fleiri og betri framleiðslutækjum, fleiri mönnum að framleiðslustörfum, en gegn öllum kenningum um það, að umsamdar lágmarkstekjur verkamanna séu of háar og valdi vanda í efnahagslífi þjóðarinnar.

Alþb. vill samstarf vinnustéttanna og bendir á, að vandi atvinnu- og efnahagsmálanna verður aldrei farsællega leystur nema í samráði og samstarfi við vinnustéttirnar. Alþb. er eini raunverulegi verkalýðsflokkurinn í landinu. Alþfl. er enginn verkalýðsflokkur. Hann er aðeins af náð íhaldsins í stjórn nokkurra verkalýðsfélaga.

Alþb. eitt stendur vörð um hagsmuni hins vinnandi fólks. Alþb. leggur hiklaust undir dóm kjósenda stefnu sína og störf í vinstri stjórninni og í hagsmunabaráttunni. Það leggur undir dóm kjósenda störf sín í landhelgismálinu. Enginn kjósandi getur svo gengið að kjörborðinu í sumar, að hann geri sér ekki ljósa grein fyrir alvöru þess máls. Þó að landhelgin sé stækkuð, eru Bretar og aðrar Atlantshafsbandalagsþjóðir ekki búnar að gefa upp alla von um, að fá megi Íslendinga inn á eitthvert undanhald að kosningum loknum. Á næsta ári verður ný alþjóðaráðstefna um landhelgismálin. Hverjir ráða þá fyrir um stefnu og framkomu Íslands? Úrslit kosninganna skera úr um það. Saga landhelgismálsins er til varnar Íslendingum í þessum efnum. Eða hver trúir því, að búið væri að stækka landhelgina, ef Alþb. hefði ekki notið við?

Næstu kosningar ráða úrslitum um stefnuna í hagsmunamálum þjóðarinnar og í sjálfstæðismálum hennar. Alþb. skorar því á alla alþýðu að vera minnuga þess, sem gerzt hefur, og duga vel í komandi kosningum. Það var sigur Alþb., sem kom í veg fyrir gengislækkun á síðasta kjörtímabili, og það var sigur þess, sem hratt landhelgismálinu fram. Nýr kosningasigur Alþb. er nauðsynlegur til þess að tryggja hagsmuni alþýðunnar og kröftuga baráttu gegn hernum og undansláttarlausa stefnu í landhelgismálinu. — Góða nótt.

II. Fríverzlunarmálið.

Á 11. fundi í Sþ., 26. nóv., var tekin á dagskrá:

Skýrsla iðnaðarmálaráðherra um fríverzlunarmálið.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hinn 18. febr. s. l. flutti ég hinu háa Alþingi skýrslu um þær umræður, sem nú um alllangt skeið hafa átt sér stað innan Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu um stofnun fríverzlunarsvæðis þeirra 17 landa, sem að Efnahagssamvinnustofnuninni standa. Enn fremur gerði ég nokkra grein fyrir samningi þeim, sem 6 Evrópuríki, Frakkland, Þýzkaland, Ítalía, Holland, Belgía og Lúxembúrg, höfðu gert með sér í Rómaborg 25. marz 1957 um stofnun sameiginlegs markaðar eða tollabandalags sín á milli, en þessi samningsgerð og hugsanlegar afleiðingar hennar fyrir viðskipti milli aðildarríkja Efnahagssamvinnustofnunarinnar varð meginundirrót þess, að hugmyndin um fríverzlunarsvæði kom fram. Í skýrslunni leitaðist ég einnig við að gera grein fyrir þeirri þýðingu, sem stofnun tollabandalags sexveldanna, sem nú er raunar farið að nefna efnahagssamsteypu Evrópu, hefði fyrir utanríkisviðskipti Íslendinga, og þeim rökum, sem mæltu með því og móti, að Íslendingar gerðust aðilar að fríverzlunarsvæðinu, ef af stofnun þess yrði, — því hagræði, sem aðild að fríverzlunarsvæðinu gæti fært Íslendingum, og þeim erfiðleikum, sem hún hefði í för með sér, þeim skilyrðum, sem aðild Íslendinga hlyti að vera háð, og þeirri sérstöðu, sem nauðsyn væri að viðurkennd yrði.

Ég tel rétt að láta nú Alþingi í té greinargerð um hið helzta, sem í þessu máli hefur gerzt á því hálfu öðru missiri, sem liðið er, síðan ég flutti þessa skýrslu, og gera nokkra grein fyrir því, hvert er viðhorf þessara mála nú.

Það er, sem kunnugt er, megintilgangur með stofnun efnahagssamsteypu sexveldanna, að smám saman skuli allir tollar og öll innflutningshöft þeirra á milli afnumin, en tekinn upp sameiginlegur tollur í öllum löndunum gagnvart ríkjum utan efnahagssamsteypunnar, sem næst meðaltali núgildandi tolla, og skal tolltekjum síðan skipt milli landanna í ákveðnum hlutföllum. Á þetta að gerast á næstu 12—15 árum, og á framkvæmd þessara ákvæða að hefjast 1. janúar n. k.

Þegar samningur þessi var gerður í marz 1957, vakti það eðlilega nokkurn ugg hjá hin-

um öðrum 11 aðildarríkjum Efnahagssamvinnustofnunarinnar. Það var augljóst, að samkeppnisaðstaða framleiðenda innan efnahagssamsteypunnar mundi batna stórlega, miðað við aðstöðu framleiðenda utan hennar, en samkeppnisaðstaða framleiðenda í hinum 11 löndunum versna að sama skapi. Framleiðendur innan efnahagssamsteypunnar nytu góðs af tollalækkunum við sölu til annarra landa efnahagssamsteypunnar, en keppinautar þeirra utan efnahagssamsteypunnar yrðu áfram að yfirstíga tollmúra og jafnvel verða að sætta sig við hækkaða tolla á sumum sviðum. Svipuðu máli gegndi um innflutningshömlur.

Það var því mjög eðlilegt, að tekið væri að ræða um ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir slíkt misrétti í viðskiptum milli aðildarríkja Efnahagssamvinnustofnunarinnar. Áttu Bretar mestan þátt í að móta þá tillögu, sem verið hefur grundvöllur þeirra umræðna, er síðan hafa farið fram um þetta efni, en hún var sú, að öll aðildarríki Efnahagssamvinnustofnunarinnar skyldu mynda með sér svonefnt fríverzlunarsvæði, sem nú er raunar farið að nefna Efnahagsbandalag, þannig að öll 17 aðildarríki Efnahagssamvinnustofnunarinnar skyldu smám saman afnema tolla og innflutningshöft í viðskiptum sín á milli, en hins vegar ekki taka upp sameiginlega tolla gagnvart öðrum ríkjum, eins og ríki efnahagssamsteypu sexveldanna ætla að gera, heldur skyldi hvert hinna 11 ríkja áfram geta haft þá tolla gagnvart ríkjum utan fríverzlunarsvæðisins eða Efnahagsbandalagsins, sem því sýndist, þótt tollar og viðskiptahömlur milli hinna 17 ríkja innbyrðis skyldu afnumdar.

Með þessu móti mundu öll 17 ríki Efnahagssamvinnustofnunarinnar, sem hafa um 285 millj. íbúa, smám saman verða eitt markaðssvæði, án þess að til þess væri ætlazt, að efnahagstengsli milli landanna væru mjög náin, og án þess að frelsi hinna 11 ríkja til þess að framfylgja sjálfstæðri viðskiptastefnu gagnvart ríkjum utan fríverzlunarsvæðisins væri skert. En það er einmitt þetta, sem ýmsir, einkum innan efnahagssamsteypu sexveldanna, hafa talið torvelt. Þeir hafa sagt, að sameiginlegur markaður geri það nauðsynlegt, að um mjög náin efnahagstengsl milli landanna sé að ræða, og að tollar út á við þurfi að vera sameiginlegir, svo sem Rómarsamningurinn um efnahagssamsteypu sexveldanna gerir ráð fyrir. Þar verður um sameiginlegan markað landa með um 160 millj. íbúa að ræða.

Í febrúar 1957 var fundur haldinn í ráðherranefnd Efnahagssamvinnustofnunarinnar, og var þar ákveðið samkv. tillögu Breta, að reynt skyldi að koma á fót slíku fríverzlunarsvæði. Ég hafði ekki getað sótt þennan fund. Þegar mér barst vitneskja um niðurstöðu hans, skipaði ég nefnd sérfræðinga hér til þess að vera ríkisstjórninni og mér til ráðuneytis um þessi mál, og áttu sæti í henni ráðuneytisstjórarnir Þórhallur Ásgeirsson og Sigtryggur Klemenzson og hagfræðingarnir dr. Jóhannes Nordal og dr. Benjamín Eiríksson. Nú hefur Jónas H. Haralz ráðuneytisstjóri tekið sæti Þórhalls Ásgeirssonar í nefndinni. Þeir dr. Jóhannes og Þórhallur kynntu sér málið nokkuð í París um sumarið.

Í okt. 1957 var síðan boðað til ráðherrafundar í Efnahagssamvinnustofnuninni um fríverzlunarmálið, og sótti ég þann fund ásamt dr. Jóhannesi Nordal. Auk okkar sátu fundinn þeir Hans G. Andersen, sem er ambassador Íslands hjá Efnahagssamvinnustofnuninni, og Níels P. Sigurðsson sendiráðsritari, sem einnig fjallar um þessi mál í París. Á þessum fundi var ákveðið að stofna sérstaka nefnd ráðherra aðildarríkjanna, sem eingöngu skyldi helga sig þessu máli, og var brezki ráðherrann Maudling kjörinn formaður nefndarinnar.

Í nóv. 1957 hélt þessi nefnd tvo fundi. Sótti dr. Jóhannes Nordal annan þeirra, en fulltrúi Íslands hjá Efnahagssamvinnustofnuninni í París sótti þá að sjálfsögðu báða.

Í jan. 1958 var síðan enn boðað til fundar, þar sem viðskiptin með landbúnaðarvörur, að fiski meðtöldum, voru á dagskrá. Þann fund sóttum við dr. Jóhannes héðan að heiman, ásamt fastafulltrúanum í París. Á þeim fundi var ákveðið samkv. sameiginlegri ósk okkar íslenzku og norsku fulltrúanna að greina umræður og ákvarðanir um sjávarafurðir frá umræðum og ákvörðunum um landbúnaðarafurðir og jafnframt fallizt á, að formaður ráðherranefndarinnar skipaði sérfræðinganefnd til þess að athuga nánar vandamál varðandi verzlun með sjávarafurðir, áður en þau mál yrðu rædd sérstaklega í ráðherranefndinni. Var Íslendingum og Norðmönnum heitið fulltrúum í þessari nefnd. Formi hennar var breytt á fundi í lok marz, og voru henni þá sett ákveðin fyrirmæli um starfssvið.

Þar eð augljóst er, að viðskipti með landbúnaðarvörur verða áfram háð margvíslegum hömlum, jafnvel þótt af stofnun fríverzlunarsvæðis verði, var þessi ákvörðun janúar-fundarins um að greina vandamálin varðandi fiskverzlunina frá landbúnaðarvandamálunum mjög mikilvæg.

Í febrúar var síðan enn fundur, tveir í marz og einn í júlí. Á þessum fjórum fundum hefur dr. Jóhannes Nordal mætt ásamt fastafulltrúanum í París. Fundir voru ekki haldnir frá byrjun apríl þar til seint í júlí, þar sem fulltrúum efnahagssamsteypu sexveldanna hafði ekki tekizt að marka skýra stefnu gagnvart fríverzlunarhugmyndinni, og var almennt talið, að þá tregðu bæri fyrst og fremst að rekja til afstöðu Frakka og ástandsins í Frakklandi.

Franskur iðnaður hefur notið mikillar tollverndar. Það var því ekki létt verk fyrir frönsku stjórnina á sínum tíma að fá samþykki franska þingsins fyrir aðild að efnahagssamsteypunni og þar með afnámi tolla gagnvart fimm öðrum ríkjum. Þetta tókst þó, enda tóku hin ríkin fimm að ýmsu leyti tillit til sérstakra hagsmuna Frakka. Beittu Þjóðverjar sér mjög fyrir því, að af samningsgerðinni um efnahagssamsteypuna yrði, án efa ekki hvað sízt vegna þess, að þýzka stjórnin hafði áhuga á þessu bandalagi af stjórnmálaástæðum, þ. e. a. s. til þess að treysta almennt samstarf Þýzka-

lands, Frakklands og Ítalíu. Þjóðverjar, sem eiga mikinn gjaldeyrisforða, hétu því að leggja fram fé til framkvæmdabanka, er lána skyldi til nýrra framkvæmda innan Efnahagsbandalagsins, þ. á m. í Afríkulöndum Frakka.

Þótt stofnun efnahagssamsteypunnar þýddi, að iðnaður hinna fimm landanna gæti fengið bætta aðstöðu til þess að keppa við franskan iðnað í Frakklandi, fékk franski iðnaðurinn líka bætta samkeppnisaðstöðu í hinum löndunum. Ákvæði um viðskipti með landbúnaðarvörur eru þannig, að franskur landbúnaður virðist engu sérstöku þurfa að kvíða, og almennt er aðstaða Frakka innan efnahagssamsteypunnar stjórnmálalega sterk.

Á hinn bóginn munu Frakkar óttast mjög, að aðstaða þeirra verði ekki eins öflug í stærra og lausara bandalagi allra 17 ríkja Efnahagssamvinnustofnunarinnar. Franskur iðnaður er mjög andvígur því, að tollar verði einnig lækkaðir gagnvart hinum 11 ríkjunum og þó fyrst og fremst gagnvart Bretlandi og Norðurlöndum, þar eð hann mun þá sæta stóraukinni samkeppni innan efnahagssamsteypunnar, án þess að tilsvarandi markaðir opnist fyrir hann í hinum 11 löndunum. Þá hafa Frakkar lagt mikla áherzlu á, að vegna hinna sameiginlegu tolla efnahagssamsteypunnar út á við viti þeir, að hverju þeir ganga að þessu leyti með aðild að efnahagssamsteypunni, en vegna þess, að fríverzlunarhugmyndin gerir ráð fyrir ólíkum tollum hinna 11 ríkjanna gagnvart löndum utan fríverzlunarsvæðisins, þá sé erfitt að vita með vissu, hver samkeppnisaðstaðan raunverulega verði, og megi jafnvel búast við óheilbrigðri samkeppni frá löndum utan fríverzlunarsvæðisins um hendur þeirra landa, sem hafa lægri tolla en efnahagssamsteypan.

Hið ótrygga stjórnmálaástand í Frakklandi á þessu ári hefur og án efa átt mjög ríkan þátt í því, að franska stjórnin hefur átt erfitt með að marka skýra stefnu. Á hinn bóginn má ekki gleyma því, að Frakkar hafa líka hagsmuna að gæta í því, að samstarfið við hin 11 ríkin í Efnahagssamvinnustofnuninni rofni ekki. Ef ekkert samkomulag næst milli efnahagssamsteypu sexveldanna og hinna 11 ríkjanna, má búast við því, að Greiðslubandalag Evrópu verði lagt niður, en það yrði þungt áfall fyrir Frakka, því að þeir eru þar stærsti skuldunauturinn.

Á júlífundinum jukust þó nokkuð vonir manna um, að samkomulag gæti tekizt. Þar lögðu sexveldin fram álitsgerð um eitt aðaldeiluefnið, þ. e. a. s. meðferð landbúnaðarafurða á fyrirhuguðu fríverzlunarsvæði. Lögðu sexveldin til, að tryggð yrðu svipuð milliríkjaviðskipti með landbúnaðarafurðir næstu 4—5 árin og undanfarin ár, en tíminn yrði jafnframt notaður til þess að marka heildarstefnu fríverzlunarsvæðisins í landbúnaðarmálum.

Í október s. l. — s. l. mánuði — var síðan boðað til tveggja funda um málið, og var tilætlunin að gera þar úrslitatilraun til samkomulags um stofnun einhvers konar fríverzlunarsvæðis. Var það almennt talið síðasta tækifærið til samkomulags, ef takast ætti að koma í veg fyrir, að framkvæmd Rómarsamningsins í ársbyrjun 1959 hefði í för með sér misrétti í viðskiptum milli aðildarríkja Efnahagssamvinnustofnunarinnar.

Svo sem kunnugt er af fréttum, tókst ekki að ná slíku samkomulagi, hvorki endanlegu samkomulagi um stofnun fríverzlunarsvæðis né heldur samkomulagi um bráðabirgðaráðstafanir, sem komið gætu í veg fyrir misrétti 1. jan. n. k. Á fundum þessum bar hins vegar tvennt á góma, sem þýðingu hefur fyrir hugsanlega aðild Íslendinga að Efnahagsbandalaginu. N. sú, sem fjallað hefur um málið með tilliti til þeirra fjögurra landa, sem samkomulag hefur verið um að þyrftu að hafa nokkra sérstöðu innan bandalagsins, þ. e. Grikklands, Írlands, Íslands og Tyrklands, hafði orðið sammála um að mæla með því, að tími sá, sem þessum löndum yrði ætlaður til afnáms tolla og innflutningstakmarkana, yrði ekki 12—15 ár, eins og almennt er gert ráð fyrir, heldur helmingi lengri. Féllst ráðherranefndin á þetta. Þá hafði n. einnig mælt með stofnun framkvæmdasjóðs til þess að auðvelda þessum löndum aðlögun að breyttum aðstæðum vegna aðildar að Efnahagsbandalaginu. Fékk sú till. góðar undirtektir í ráðherranefndinni.

Varðandi aðalmál fundarins er það að segja, að ekki slitnaði upp úr umræðunum, og var ákveðið, að Maudling-nefndin skyldi halda fundi eftir þörfum fram til næstu áramóta, ef leiðir opnuðust til samkomulags. Gert var ráð fyrir, að beinar viðræður færu fram milli þeirra ríkisstjórna, sem fyrst og fremst væru á öndverðum meiði, þ. e. ríkisstjórna Bretlands og Frakklands.

Nú gerðist það fyrir rúmri viku, að ákveðið var að fresta öllum frekari fundum í Maudling-nefndinni og öllum fundum í öðrum n., sem um fríverzlunarmálið fjalla, vegna afstöðu þeirrar, sem franska stjórnin hafði tekið og kom fram í yfirlýsingu Soustelles, upplýsingamálaráðherra Frakka. Yfirlýsing Soustelles fól það í sér, að Frakkar mundu ekki fallast á annað en að öll aðildarríkin að fríverzlunarsvæðinu hefðu sameiginlega tolla út á við og samræmdu stefnu sína í efnahagsmálum, eins og ráðgert er innan sexveldanna. Slík skilyrði hafa þau 11 ríki, sem eru ekki þátttakendur í sexveldasamsteypunni, frá öndverðu talið óaðgengileg.

Þessir atburðir þýða þó ekki, að allar umræður um fríverzlunarmálið hafi fallið niður. Gert er ráð fyrir, að de Gaulle og dr. Adenauer muni ræða málið á fundi, sem einmitt mun hefjast í dag, og allmiklar viðræður munu einnig hafa farið fram eftir diplomatískum leiðum. Sem stendur er megináherzla lögð á það af hálfu þeirra ríkja, sem standa utan sexveldabandalagsins, að tollar gagnvart þeim verði ekki hækkaðir né innflutningshöft aukin, þegar sexveldasamningurinn gengur í gildi um næstu áramót.

Það er augljóst mál, að náist ekkert samkomulag, mun Vestur-Evrópa klofna í tvær viðskiptaheildir, sem takast mundu á í viðskiptamálum á ýmsum sviðum. Einkum og sér

í lagi Bretland, Sviss, Austurríki og skandinavisku löndin þrjú munu ekki geta setið aðgerðalaus, ef sexveldin lækka verulega tolla sína hvert gagnvart öðru og afnema viðskiptahömlur innbyrðis, en halda viðskiptahömlum og tollum út á við.

Ef þessi lönd Efnahagssamvinnustofnunarinnar grípa til gagnráðstafana gegn efnahagssamsteypulöndunum sex, má búast við því, að sú þjóð, sem harðast yrði fyrir barðinu á þeim, yrði Vestur-Þjóðverjar, þ. e. þýzki iðnaðurinn, sem selur mikið til þessara landa. M. a. af þessari ástæðu eru án efa tengdar nokkrar vonir við, að þýzk stjórnarvöld leggi sig öll fram um að stuðla að einhverju samkomulagi, þótt ekki væri nema til algerra bráðabirgða að sinni. Það, sem menn munu helzt gera sér vonir um að samkomulag geti náðst um, er, að sexveldin fallist á, að tollalækkanir þeirra og afnám á viðskiptahömlum nái einnig til hinna 11 ríkjanna og að engar tollahækkanir verði framkvæmdar gagnvart þeim né heldur nokkrar nýjar viðskiptatakmarkanir, en hins vegar geri hin 11 ríkin ráðstafanir til þess, að hvorki iðnaður né landbúnaður efnahagssamsteypulandanna verði fyrir óeðlilegri samkeppni, hvorki frá hinum 11 ríkjunum né heldur og alveg sérstaklega ekki frá ríkjum utan Efnahagssamvinnustofnunarinnar.

Þess er rétt að geta í þessu sambandi, að sexveldin hafa nú nýlega ákveðið, að fyrst um sinn skuli engar breyt. verða á tollum þeirra og innflutningshöftum, að því er snertir landbúnaðar- og fiskafurðir. Mun því t. d. ekki verða hækkun á tollum á fiski í Ítalíu um næstu áramót, jafnvel þótt almennt samkomulag milli sexveldanna og annarra aðildarríkja Efnahagssamvinnustofnunarinnar takist ekki. Hins vegar gæti hækkun á tollum og breyting á innflutningshöftum komið til framkvæmda, að því er landbúnaðar- og sjávarafurðir snertir, um áramótin 1959 og 1960.

Þótt ekkert samkomulag sé enn orðið um grundvallaratriði fríverzlunarmálsins, þ. e. hvort gera eigi tilraun til að koma á tolla- og haftalausri verzlun með helztu vörur milli aðildarríkja Efnahagssamvinnustofnunarinnar án þess að tengja þau mjög sterkum efnahags- og stjórnmálaböndum, hefur geysimikið undirbúningsstarf verið unnið í sambandi við væntanlegan milliríkjasamning um stofnun slíks fríverzlunarsvæðis eða efnahagsbandalags, ef samkomulag næðist um sjálf grundvallaratriðin. Allar viðræður um einstaka þætti slíks samnings hafa að sjálfsögðu farið þannig fram, að ekkert ríki hefur skuldbundið sig til aðildar að samningnum í heild, þótt það hafi látið í ljós óskir um, hvernig einstakir þættir hans ættu að vera frá þess sjónarmiði, og um það hafi náðst samkomulag. Jafnvel þótt fulltrúar ríkis hefðu samþykkt hvert einstakt atriði, sem um hefði verið rætt út af fyrir sig, þegar það bar á góma, væri það jafnfrjálst að því eftir sem áður að samþykkja eða hafna aðild að samningnum í heild. Með hliðsjón af þessu hafa farið fram mjög ýtarlegar umræður um öll atriði, sem vera þyrftu í slíkum fríverzlunarsamningi. Skal ég nú gera grein fyrir helztu atriðunum, sem máli skipta og rædd hafa verið.

Rómarsamningurinn gerir ráð fyrir því, að tollalækkanir og afnám hafta á viðskiptum fari fram á 12—15 ára tímabili og skuli skiptast í þrjá áfanga, sem verði svipaðir að lengd. Samkomulag hefur verið um það, að sami háttur skuli hafður í Efnahagsbandalaginu. Flest löndin hafa lagt áherzlu á, að tollar verði lækkaðir samtímis samkvæmt báðum samningunum. Í nýjustu tillögum sínum gera sexveldin þó einnig ráð fyrir þeim möguleika, að framkvæmd fríverzlunarsamningsins verði nokkru hægari en Rómarsamningsins, þó verði Efnahagsbandalagið fullstofnað ekki síðar en þrem árum á eftir efnahagssamsteypunni. Að því er snertir tollalækkanirnar sjálfar hefur verið gert ráð fyrir, að fylgt verði sömu reglum og Rómarsamningurinn gerir ráð fyrir, en þær eru í stuttu máli sem hér segir:

1) Engar tollahækkanir fari fram eftir gildistöku samningsins á milli þátttökuríkja.

2) Allir tollar lækki um 10% við gildistöku samningsins.

3) Þær tollalækkanir, sem framkvæmdar eru eftir þetta, skulu ákveðnar þannig, að heildartolltekjur lækki hverju sinni um 10%, miðað við innflutning ársins 1956. Þó skulu tollar á hverri vörutegund aldrei lækka um minna en 5%, en um a. m. k. 10% á vörum, sem þá hafa enn hærri grunntoll en 30%.

4) Tollalækkanir skv. þessum reglum skulu á fyrsta áfanga fara fram 18 mánuðum og 30 mánuðum eftir fyrstu lækkunina. Alls verði því tollalækkun á fyrsta áfanga 30%.

5) Á öðrum áfanga skulu tollalækkanir fara fram á sama hátt, 12, 18 og 30 mánuðum eftir upphaf áfangans. Tollalækkanir verða því samtals einnig 30% á öðrum áfanga.

6) Engar reglur hafa verið settar um það, hvernig tollalækkanir skuli fara fram á síðasta áfanga, en við lok hans verða þær allar að vera komnar til framkvæmda.

Rómarsamningurinn gerir ráð fyrir því, að framkvæmdastjórn efnahagssamsteypunnar ákveði reglur fyrir síðasta áfangann, en á honum eiga tollar alls að lækka um síðustu 40%. Aðildarríkin skulu reyna að tryggja, að tollalækkanir á fyrsta áfanga nemi a. m. k. 25% á hverja vörutegund og hafi náð a. m. k. 50% á hverja vörutegund í lok annars áfanga.

Eins og ég gat um áðan, hefur náðst samkomulag um það í ráðherranefndinni, að þessar reglur taki ekki til fjögurra landa, þ. e. a. s. Grikklands, Írlands, Íslands og Tyrklands, heldur megi þau nota helmingi lengri tíma til þessara tollalækkana. Í Rómarsamningnum er ákveðið, að grunntollar þeir, sem lagðir skuli til grundvallar, skuli vera tollarnir 1. jan. 1957. Nokkrar þjóðir hafa farið fram á að hafa aðra grunntolla, t. d. vegna þess, að þær eru að endurskoða tollskrá sína. Af Íslands hálfu hefur verið bent á, að Íslendingar kunni að þurfa að fara fram á breyt. á grunntollum með tilliti til þess, að skoða megi þann hluta hinna sérstöku aðflutningsgjalda samkv. l. um út-

flutningssjóð, er rann í ríkissjóð, sem tolla. Engin till. hefur þó enn verið lögð fram um þetta af Íslands hálfu.

Ákvæði Rómarsamningsins um tollalækkanir ná til allra tolla. Hins vegar er aðildarríkjunum heimilt að leggja á innlenda skatta í staðinn fyrir fjáröflunartolla, enda séu þeir þá innheimtir jafnt af innfluttum vörum sem vörum framleiddum í landinu sjálfu. Í umr. hafa flest lönd utan efnahagssamsteypu sexveldanna haldið því fram, að tollalækkanir ættu aðeins að ná til verndartolla, en aðildarríkjunum að vera heimilt að halda fjáröflunartollum í óbreyttu formi, enda leggi þeir þá samsvarandi gjöld á innlenda framleiðslu, svo að samkeppnisaðstaða haldist jöfn. Líklegast verður að telja, að aðildarríkjunum yrði leyft að halda fjáröflunartollum óbreyttum. Verði breyt. á þessu, má telja víst, að hún verði fólgin í því, að allir tollar verði afnumdir, en innheimta megi innlendan söluskatt af erlendum vörum, um leið og þær eru fluttar inn. Mundi þá í raun og veru ekki vera um annað að ræða en að skipt yrði um nafn á núverandi tollum.

Gert er ráð fyrir, að í fríverzlunarsamningnum gildi svipaðar reglur um afnám innflutningshafta og eru í Rómarsamningnum. Helztu ákvæði hans um þetta efni eru sem hér segir:

1) Innflutningshöft verði afnumin að fullu í lok 12—15 ára tímabilsins.

2) Höft verði ekki aukin eftir gildistöku samningsins og sé þá miðað við þær reglur um frjáls viðskipti, sem Efnahagssamvinnustofnunin setti í janúar 1955.

3) Allir kvótar verði gerðir almennir, þ. e. einn kvóti látinn ná til allra þátttökuríkja.

4) Á fyrsta áfanga verði kvótar auknir um 20% á ári.

5) Stefnt verði að því, að á tíunda ári 12—15 ára tímabilsins verði allir samanlagðir kvótar orðnir a. m. k. 20% af innlendu framleiðslunni.

Ýmis atriði eru enn þá óútkljáð á þessu sviði, þ. á m. sá fyrirvari, sem gerður hefur verið af hálfu Íslands og fleiri ríkja um nauðsyn undanþágu í þessum efnum, og mun ég síðar víkja að því.

Í Rómarsamningnum eru ákvæði um afnám útflutningshafta í lok fyrsta áfanga, og má gera ráð fyrir, að sams konar ákvæði yrðu í fríverzlunarsamningnum. Þá hefur verið rætt um ýmsar tímabundnar undanþágur frá þessu ákvæði, er sérstaklega stendur á. Einnig hefur verið gert ráð fyrir algerum undanþágum varðandi útflutningshöft, sem sett hafa verið af siðferðisástæðum, öryggisástæðum, til verndar lífi manna, dýra og jurta, til verndar gegn útflutningi listaverka og þjóðardýrgripa og til verndar á viðskiptalegum eignum.

Þar eð lönd Efnahagsbandalagsins eða fríverzlunarsvæðisins munu hafa misháa tolla út á við, þótt lönd efnahagssamsteypunnar hafi sameiginlega tolla út á við, kemur að sjálfsögðu ekki til mála, að þær gagnkvæmu tollalækkanir nái til annarra vörutegunda en þeirra, sem framleiddar eru á sjálfu fríverzlunarsvæðinu, ella væri hægt að flytja vörur frá löndum utan svæðisins um hendur þeirra landa, sem hafa lága tolla, til hinna, sem hafa hærri tolla, og eru allir sammála um, að forðast beri slíkt misræmi í viðskiptum.

Það hefur verið eitt meginvandamál umræðnanna um fríverzlunina að ná samkomulagi um viðunandi skilgreiningu á því, hvaða vörur skuli taldar framleiddar á svæðinu og hverjar ekki. Athugaðir hafa verið möguleikar á því að leysa úr þessum vanda með því t. d. að telja þær vörur framleiddar á fríverzlunarsvæðinu, sem í eru eru ekki hráefni framleidd utan svæðisins nema að ákveðnum hundraðshluta. Augljóst er, að þetta er allt annað en auðvelt, og hafa farið fram um þetta miklar umræður. Má segja, að sá ágreiningur, sem er um fríverzlunarmálið, einkum milli Frakka annars vegar og landanna utan sexveldanna hins vegar, stafi af mismunandi skoðunum á þessu atriði. En eins og ég gat um áðan, halda Frakkar því fram, að nauðsynlegt sé að samræma tolla út á við að meira eða minna leyti, ef forðast eigi misræmi í samkeppnisaðstöðu milli aðildarríkjanna m. a. af þessum ástæðum.

Hvernig úr þessu mikla vandamáli verður leyst, skiptir Íslendinga ekki miklu máli, þar eð allar útflutningsvörur Íslendinga munu skilyrðislaust vera taldar framleiddar á svæðinu og lítil líkindi eru til, að komið verði á fót á næstunni útflutningsiðnaði hér á landi, sem noti svo mikið af hráefnum keyptum utan svæðisins, að hætta verði á, að framleiðsluvörur hans njóti ekki tollfríðindanna. Hitt er svo annað mál, að Íslendingar hljóta að beita sér gegn öllum tilraunum til þess að samræma tolla efnahagsbandalagslandanna út á við, og eiga þeir í því máli samleið með flestum ríkjum utan sexveldasvæðisins.

Frá upphafi hefur það verið meginforsenda viðræðnanna um fríverzlunarsvæðið, að löndin utan efnahagssamsteypunnar héldu frelsi sínu til þess að ákveða tolla sína út á við. Ef Frakkar gera það að skilyrði fyrir samþykki sínu um fríverzlunarhugmyndina og halda fast við það, að þessu verði breytt, munu samningar eflaust stranda og ekkert verða úr stofnun fríverzlunarsvæðisins.

Sum ríki hafa lagt mikla áherzlu á, að frjáls flutningur vinnuafls milli landa væri nauðsynlegt skilyrði fyrir þátttöku af þeirra hálfu, og á þetta fyrst og fremst við um Ítali og Grikki. Önnur ríki hafa bent á, að slík regla verði ekki aðgengileg fyrir þau. Er málið til athugunar, og er líklegast, að það verði leyst með sérákvæðum, en ekki með almennri reglu um frjálsa fólksflutninga milli landa.

Rómarsamningurinn gerir ráð fyrir því, að á 12—15 ára aðlögunartímabilinu verði smám saman afnumdar allar hömlur innan svæðisins á því að stofnsetja fyrirtæki og reka atvinnu. Má búast við, að í fríverzlunarsamningnum verði einnig ákvæði um slíkt frelsi á tilteknum sviðum. Er tilgangurinn sá, að innlendir og erlendir aðilar fái jafna samkeppnisaðstöðu að þessu leyti. Þó hefur verið gert ráð fyrir sérstökum undanþágum með þetta til þess að koma í veg fyrir í fyrsta lagi, að erlendir að-

ilar eignist auðlindir, sem eru hlutaðeigandi þjóð lífsnauðsynlegar, í öðru lagi, að erlendir aðilar geti náð einokun í ákveðnum greinum atvinnulífsins, og í þriðja lagi til að koma í veg fyrir félagslegt jafnvægisleysi. Ráð er fyrir því gert, að í samningnum verði ákvæði, er komi á frelsi til þess að reka fyrirtæki, er annist hvers konar fjárhagslega þjónustu, svo sem tryggingarstarfsemi og bankastarfsemi og yfirfærslur í því sambandi. Einnig mun verða í samningnum ákvæði um frjálsa fjármagnsflutninga milli aðildarríkjanna, að svo miklu leyti sem þeir eru nauðsynlegir til þess, að Efnahagsbandalagið nái tilgangi sínum. Í þessu mun fyrst og fremst felast frelsi til þess að festa fjármagn í fyrirtækjum eða verðbréfum annarra aðildarríkja og einnig réttur til þess að fá slíkt fé ásamt arði af því yfirfært til heimalandsins á ný. Ég mun síðar ræða það nánar, hvernig líklegt er að þessi atriði fríverzlunarsamningsins muni snerta Íslendinga.

Mikilvægur þáttur umræðnanna hefur fjallað um ákvæði, er hafa þann tilgang að koma í veg fyrir einokunaraðstöðu og aðrar takmarkanir og samkeppni innan fríverzlunarsvæðisins. Er gert ráð fyrir, að í samningnum verði ákvæði, sem í fyrsta lagi banni aðgerðir, er miði að því að koma í veg fyrir eðlilega samkeppni, í öðru lagi tryggi eftirlit með starfsemi einokunarfyrirtækja, hvort sem þau eru í opinberri eign eða ekki, í þriðja lagi komi í veg fyrir „dumping" og í fjórða lagi tryggi það, að afskipti af styrkjum af hálfu ríkisvaldsins hafi ekki í för með sér misræmi í samkeppnisaðstöðu milli ríkja. Í Rómarsamningnum eru ákvæði um samræmingu á félagsmálastefnu aðildarríkjanna, þar sem sexveldin líta svo á, að mismunandi lengd vinnuviku og mishá félagsleg útgjöld, sem framleiðslan verður að greiða, skapi misræmi í samkeppnisaðstöðu. Um þetta atriði hefur ekki náðst samkomulag í fríverzlunarumræðunum, en lagt hefur verið til, að þau ríki, sem teldu sig verða fyrir tjóni af þessum orsökum, geti skotið máli sínu til úrskurðar.

Efnahagssamvinnustofnunin hefur frá stofnun sinni fyrir 10 árum reynt að vinna að því, að aðildarríkin samræmi stefnu sína í efnahagsmálum í því skyni að koma í veg fyrir hagsveiflur og aðrar truflanir í efnahagsmálum. Ef af stofnun fríverzlunarsvæðisins verður, er augljóst, að enn þá meiri nauðsyn er á slíkri samræmingu á efnahagsmálastefnunni. Jafnvel þótt það tækist í mun ríkara mæli en það hefur tekizt innan Efnahagsstofnunarinnar, er þó ekki líklegt, að hjá því yrði komizt, að oft sköpuðust tímabundnir gjaldeyrisörðugleikar hjá einstökum aðildarríkjum að fríverzlunarsvæðinu. Það er því nauðsynlegt, að til sé sem fullkomnast greiðslujöfnunarkerfi og helzt skilyrði til þess, að einstök lönd geti fengið tímabundna fjárhagslega fyrirgreiðslu. Þetta mál hefur verið til athugunar hjá stjórn Greiðslubandalags Evrópu. Í álitsgerð hennar er rætt um tvo möguleika, annars vegar að halda Greiðslubandalaginu áfram í því formi, sem það hefur nú, og breyta því smám saman, eftir því sem þörf gerist, og hins vegar að koma á fót nýjum Evrópusjóði, er veiti þeim ríkjum lán til skamms tíma, er lenda í greiðsluvandræðum, en beiti sér jafnframt fyrir því, að þessar þjóðir geri sjálfar ráðstafanir til að sigrast á erfiðleikum.

Frá upphafi hefur verið gert ráð fyrir því, að í fríverzlunarsamningnum verði ákvæði, er geri aðildarríkjum kleift að fá undanþágu í lengri og skemmri tíma frá ákvæðum samningsins, einkum varðandi tollalækkanir og afnám hafta. Samkomulag er um, að slíkar undanþágur verði hægt að fá annars vegar vegna greiðsluhalla og gjaldeyriserfiðleika og hins vegar vegna erfiðleika einstakra framleiðslugreina. Einnig hafa sexveldin og fleiri ríki lagt á það áherzlu, að hægt yrði að fá undanþágu eða grípa til gagnráðstafana, ef um er að ræða „dumping" á heimamarkaði þeirra eða ef önnur ríki reka á einhvern hátt óeðlilega viðskiptastefnu, er skaði hagsmuni þeirra. Gert hefur verið ráð fyrir því, að aðildarríki skuli hafa samráð við stjórn Efnahagsbandalagsins eða fríverzlunarsvæðisins, áður en gripið er til slíkra undanþáguaðgerða, en allmikill skoðanamunur er enn þá um það, að hversu miklu leyti aðildarríki skuli hafa rétt til þess að grípa til slíkra ráðstafana innbyrðis. Leggja sexveldin og þó einkum Frakkar mikla áherzlu á, að einhliða aðgerðir verði leyfilegar.

Í umræðunum hefur yfirleitt verið samkomulag um það, að stjórn Efnahagsbandalagsins skuli vera innan vébanda Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu. Gert hefur verið ráð fyrir því, að yfirstjórnin yrði í höndum ráðherranefndar aðildarríkjanna, en auk þessi yrði sérstök framkvæmdastjórn embættismanna. Rætt hefur verið um, hvort æskilegt sé að hafa einnig ráðgjafarþing, skipað fulltrúum löggjafarþinga aðildarríkjanna, og hvort nauðsynlegt sé að setja upp dómstól til þess að úrskurða ágreiningsmál, en ákvæði um slíkar stofnanir eru í Rómarsamningnum. Engin ákvörðun hefur þó verið tekin um þessi efni.

Helzta ágreiningsefnið á þessu sviði er, á hvern hátt skuli greiða atkvæði innan Efnahagsbandalagsins. Í Efnahagssamvinnustofnuninni skulu allar ákvarðanir teknar samhljóða, og hafa flestir verið á þeirri skoðun, að sama regla skuli gilda um allar meiri háttar ákvarðanir innan Efnahagsbandalagsins, sérstaklega þær, er varða breytingar á starfsreglum. Hins vegar er það skoðun flestra ríkja utan sexveldanna, að vafasamt sé, hvort Efnahagsbandalagið yrði starfhæft, ef einróma samþykki þyrfti um öll atriði, t. d. varðandi undanþágur og önnur samsvarandi framkvæmdaratriði. Hefur sú till. komið fram af hálfu Breta, að um slík mál nægi ⅔ hlutar atkvæða til samþykkis.

Í upphaflegu till. um fríverzlunarsvæði í Evrópu var ráð fyrir því gert, að viðskiptareglur fríverzlunarsvæðisins tækju ekki til landbúnaðarafurða. Til þess lágu tvær ástæður. Önnur var sú, að í Rómarsamningnum eru sérreglur um viðskipti með landbúnaðarvörur. Hin var sú, að Bretar vildu ekki, að fríverzlunin tæki til landbúnaðarafurða. Samkvæmt skilgrein-

ingu Rómarsamningsins teljast sjávarafurðir til flokks landbúnaðarafurða, og þýddi því sú tillaga, að reglur fríverzlunarsvæðisins skyldu ekki taka til landbúnaðarafurða, einnig, að þær skyldu ekki taka til sjávarafurða.

Till. um, að fríverzlunarreglurnar næðu ekki til landbúnaðarafurða, mættu þegar í upphafi mjög harðri mótspyrnu frá þeim þjóðum, sem flytja út landbúnaðarafurðir í stórum stíl. Töldu þær vera um mikið misrétti að ræða innan fríverzlunarsvæðisins, ef svo mikilvægar útflutningsafurðir þeirra yrðu undanskildar reglunum um fríverzlun. Hafa farið fram miklar umræður um þetta mál, og er orðið samkomulag um, að nauðsynlegt sé að tryggja hag þeirra þjóða, sem eiga afkomu sína að verulegu leyti undir útflutningi landbúnaðarafurða, en hins vegar telja flest aðildarríkin óumflýjanlegt, að hægt verði í framtíðinni að halda uppi verulegri vernd á sviði landbúnaðar.

Bretar lögðu fram tillögu um þessi mál í byrjun þessa árs. Var þar gert ráð fyrir, að reynt yrði að samræma stefnu aðildarríkjanna í landbúnaðarmálum í því skyni að auka frjáls viðskipti á þessu sviði. Jafnframt yrði smám saman dregið úr höftum og leitazt við að koma í veg fyrir óhagstæð áhrif framleiðslustyrkja í öðrum aðildarríkjum. Varðandi tolla gerðu Bretar engar tillögur, en ef til þess kæmi, að samþykkt yrði afnám tolla, kváðust þeir mundu þurfa undanþágu frá því ákvæði vegna samninga sinna um tollaívilnanir innan Brezka samveldisins.

Till. Breta fullnægðu ekki kröfum þeirra þjóða, er flytja út landbúnaðarafurðir, og miðaði ekkert í samkomulagsátt, m. a. vegna þess, að sexveldin komu sér ekki saman um sameiginlega afstöðu til þessa máls. Í lok júlímánaðar s. l. sendu þau loks frá sér till., sem eru nú til umræðu, og nefndi ég það áðan.

Meginatriði till. sexveldanna er, að á fyrsta áfanga verði gerðar ráðstafanir, m. a. með tollaívilnunum og rýmkun hafta, til þess að tryggja þeim þjóðum, sem flytja út landbúnaðarafurðir, þá markaði, sem þær hafa haft að undanförnu. Jafnframt verði tíminn notaður til þess að komast að samkomulagi um sameiginlega stefnu í landbúnaðarmálum fyrir upphaf annars áfanga, þ. á m. um afnám tolla og hafta. Í þessu felst í raun og veru frestun á ákvörðun um framtíðarskipulag á þessu sviði, en jafnframt trygging til handa ríkjunum utan efnahagssamsteypu sexveldanna þess efnis, að Rómarsamningurinn verði á fyrsta áfanga ekki framkvæmdur þannig, að önnur aðildarríki verði svipt útflutningsmöguleikum sínum. Horfur eru á, að takist að ná samkomulagi, er grundvallist á þessum till. sexveldanna. Helztu vandamálin, sem enn þarf að finna lausn á, eru annars vegar, í hverju tryggingar sexveldanna á fyrsta áfanga verði fólgnar, og hins vegar, hvaða lausn er hugsanleg á þeim vanda, er leiðir af tollaívilnunum Brezka samveldisins.

Fram að þessu hef ég rætt um hin almennu atriði fríverzlunarmálsins. Nú skal ég hins vegar ræða þau atriði, er varða Ísland sérstaklega, og þær hliðar málsins, þar sem Ísland að ýmsu leyti hefur sérstöðu.

Er þá fyrst og fremst um að ræða þær reglur, sem rætt hefur verið um að giltu um verzlun með fisk og fiskafurðir. Íslendingar og Norðmenn hafa frá upphafi fríverzlunarumræðnanna haldið fram, að algerlega óeðlilegt væri, að landbúnaðarafurðir og fiskur séu taldar til sama flokks, svo sem gert er í Rómarsamningnum. Hefur því verið haldið fram af hálfu þessara þjóða, að þær röksemdir, sem færa mætti fram gegn frjálsri verzlun með landbúnaðarafurðir, ættu alls ekki við um sjávarafurðir. Snemma í umræðunum lögðu Norðmenn til, að fríverzlunarreglurnar skyldu ná til svonefnds iðnaðarfisks, þ. e. mjöls, lýsis, niðursuðuvöru og freðfisks, hins vegar skyldu sérákvæði gilda um aðrar sjávarafurðir. Af hálfu Íslands hefur hins vegar verið haldið fram frá upphafi, að eðlilegt væri, að fríverzlunarreglurnar tækju yfirleitt til allra fiskafurða, þótt ekki væri óeðlilegt, að einhverjar takmarkanir yrðu á löndunum á nýjum fiski. Tillaga Norðmanna tók hvorki til saltfisks né skreiðar, sem hvort tveggja eru mikilvægar útflutningsafurðir Íslendinga til aðildarríkjanna. Hugmynd Norðmanna gæti í framkvæmd orðið óhagstæð Íslendingum, ef hún yrði til þess, að hagsmunum útflytjenda þessara afurða yrði að einhverju leyti fórnað fyrir hagsmuni útflytjenda iðnaðarfisks. Aðalhagsmunir Norðmanna í þessum efnum eru á sviði lýsis, mjöls og niðursuðuvarnings. Frá þeirra sjónarmiði er frjáls verzlun með þessar afurðir miklu mikilvægari en frjáls verzlun með freðfisk. Þau sjónarmið Íslendinga og Norðmanna, að sömu reglur megi með engu móti gilda um viðskipti með sjávarafurðir og landbúnaðarafurðir, hafa mætt skilningi hjá mörgum þjóðum, án þess að þær hafi fallizt á þær í einstökum atriðum.

Eins og ég gat um áðan, samþykkti ráðherranefndin á s. l. vori að koma á fót sérstakri nefnd til þess að fjalla um stöðu sjávarafurða innan fríverzlunarsvæðisins og kanna leiðir til þess að koma á eins frjálsum viðskiptum og unnt væri með þessar afurðir, eins og segir í ályktuninni. Fékkst þannig viðurkenning á því mikilvæga atriði, að sömu reglur hljóti ekki að gilda um landbúnaðarafurðir og sjávarafurðir. Þess verður þó að geta, að vegna þess að fiskafurðir og landbúnaðarafurðir koma undir sömu ákvæði Rómarsamningsins, má búast við, að sexveldunum veitist erfitt að fallast á reglur um sjávarafurðir, er séu ekki að einhverju leyti hliðstæðar reglunum um landbúnaðarafurðir.

Er till. sexveldanna komu fram í sumar, var rætt um það við Norðmenn, hvort ekki væri æskilegt, að Norðmenn og Íslendingar kæmu sér saman um sameiginlegar till. eða greinargerð um reglur þær, sem gilda skyldu um verzlun með sjávarafurðir í væntanlegum fríverzlunarsamningi, með hliðsjón af tillögu sexveldanna. Í byrjun október s. l. komu tveir

þeirra sérfræðinga, sem mest hafa fjallað um þessa hlið fríverzlunarmálsins fyrir norsku ríkisstj., hingað til Reykjavíkur og héldu fund um þetta mál með íslenzkum sérfræðingum, en æskilegt var talið, að Íslendingar og Norðmenn hefðu rætt þetta mál fyrir fundi þá í ráðherranefndinni, sem haldnir voru í október s. l., ef málið kynni að bera sérstaklega á góma þar, en það varð þó ekki. Eftir Parísarfundina fór dr. Jóhannes Nordal til Oslóar til áframhaldandi viðræðna við norska sérfræðinga um málið, og hefur það síðan verið rætt hér við íslenzka sérfræðinga. Bendir allt til, að samstaða geti orðið með Íslendingum og Norðmönnum í umræðunum um, hvaða reglur eigi að gilda um viðskipti með sjávarafurðir í væntanlegum fríverzlunarsamningi. Verða einnig kannaðir möguleikar á því, að Danir og Svíar gerist aðilar að þessu samstarfi, en að því mundi verða verulegur styrkur.

Það, sem um hefur verið rætt milli Norðmanna og Íslendinga, er í aðalatriðum það, að gert verði sérstakt samkomulag um meðferð fisks og fiskafurða innan fríverzlunarsvæðisins, og yrði það hliðstætt landbúnaðarsamningnum, en þó mun frjálsara. Þetta samkomulag fæli það í sér, að á fyrsta áfanga fríverzlunartímabilsins giltu sérstakar reglur um verzlun með fisk og fiskafurðir. Þessar reglur fælu ekki í sér jafnmikið viðskiptafrelsi og þær reglur, sem giltu um iðnaðarvörur, en tækju þó fullt tillit til þarfa fiskútflutningslandanna á því að halda mörkuðum sínum og auka þá, og verði samkeppnisaðstaða þeirra í engu rýrð. Fyrsti áfanginn yrði síðan notaður til þess að vinna að því að koma á samræmdri stefnu í fisksölumálum hjá aðildarríkjunum, enda skuldbindi samningurinn þau til þess að afnema alla tolla og höft á öðrum og þriðja áfanga innan vébanda hinnar samræmdu stefnu. Ef tækist að komast að viðunandi samkomulagi, mundu sérákvæðin ná til sömu fiskafurða og nefndar eru í landbúnaðarkafla sexveldasamningsins. Mundu Norðmenn þá falla frá till. sinni um, að fríverzlunin skuli eingöngu taka til iðnaðarfisks, en sérreglur gilda um aðrar sjávarafurðir.

Það er ljóst, að Ísland hefur sérstöðu meðal efnahagssamvinnulandanna, ekki aðeins að því leyti, hve útflutningur fiskafurða er því þýðingarmikill, heldur einnig að því leyti, hve iðnþróunin hér á landi er skammt á veg komin, samanborið við flest hin aðildarríkin. Að þessu leyti svipar aðstöðu Íslands til aðstöðu þriggja annarra landa, er tekið hafa þátt í efnahagssamvinnu Evrópu, þ. e. Grikklands, Írlands og Tyrklands.

Þegar í upphafi umr. um fríverzlunarmálið tilkynntu þessi þrjú lönd ásamt Íslandi, að þau teldu sig þurfa að hafa nokkra sérstöðu innan fríverzlunarsvæðisins, ef um aðild ætti að vera að ræða. Þessi lönd lögðu á það áherzlu, að fríverzlun mundi hafa í för með sér miklar breytingar í atvinnumálum þeirra. Ef þær breytingar ættu að verða, án þess að af hlytust alvarlegar truflanir eða vandræði, yrðu þau að fá undanþágu til þess að geta verndað ákveðnar atvinnugreinar fyrir erlendri samkeppni og bætta möguleika til þess að afla fjármagns erlendis til þess að koma á fót nýjum útflutningsatvinnugreinum. Sérstök n. innan Efnahagssamvinnustofnunarinnar hefur fjallað um þau vandamál, sem hljótast af sérstöðu þessara fjögurra ríkja. Hefur hún unnið allmikið starf.

Ég gat þess áðan, að n. hefði orðið sammála um að mæla með því við ráðherranefndina, að þessi fjögur lönd fengju helmingi lengri tíma til þess að lækka tolla sína og afnema höft sín en önnur ríki, og ráðherranefndin hefði fallizt á þessa till. Aðlögunartíminn fyrir þessi fjögur ríki gæti þá orðið allt að 30 ár. Fyrstu 10 árin mundu þau þurfa að lækka tolla um 5% að meðaltali í lok fyrsta árs og önnur 5% í lok sjötta árs. Eftir lok fyrsta 10 ára tímabilsins mundu þau lækka tolla um jafna hundraðstölu árlega, unz hinum tvöfalda aðlögunartíma væri lokið. Löndin mundu hafa rétt til þess á þessu tímabili að leggja á nýja verndartolla með vissum skilyrðum. En verði þróunin í þessum löndum hagstæð, er gert ráð fyrir, að stjórn Efnahagsbandalagsins geti ráðlagt þeim að lækka tolla sína örar en hér er gert ráð fyrir.

Í þessari n. hefur einnig verið rætt mikið um fjárhagslegar aðgerðir til þess að örva efnahagsþróunina í þessum löndum. Hefur málið verið athugað af sérfræðingum og þeir lagt til, að stofnaður yrði sérstakur framkvæmdasjóður, er veiti lán til þessara ríkja og aðstoði þau við útvegun fjármagns með ábyrgðum, þátttöku í lánum o.s.frv. Endanleg ákvörðun um skipulag og starfssvið slíks sjóðs hefur ekki verið tekin. Þó er óhætt að segja, að nauðsyn þessara landa á því að fá erlent fjármagn í allstórum stíl hafi verið viðurkennd af flestum aðildarríkjunum. Hins vegar er nokkur ágreiningur um, hvernig þessum málum skuli fyrir komið, t. d. hvort setja skuli á fót sérstaka stofnun til þess að annast þau eða hvort með þau skuli farið af sérstakri n. innan stjórnarkerfis Efnahagsbandalagsins. Löndin fjögur, sem hér eiga hlut að máli, hafa öll lagt áherzlu á, að komið yrði á fót sérstakri stofnun, er hafi vald og skilyrði til þess að afla fjár á fjármagnsmörkuðum heimsins. Ekki hafa enn verið nefndar ákveðnar fjárhæðir sem stofnfé slíks framkvæmdasjóðs, en óhjákvæmilegt er, að hér yrði um allsterka stofnun að ræða, og hlyti fjármagn hennar að verða a. m. k. 1000—2000 millj. dollarar. Geta hennar til útlána mundi hins vegar fara mjög eftir því, hversu frjálsar hendur hún hefði um útvegun fjármagns með sölu verðbréfa.

Þá hefur Ísland enn sérstöðu í því efni, hve viðskipti þess eru mikilvæg við lönd, sem reka viðskipti á jafnvirðisgrundvelli, einkum við lönd í Austur-Evrópu. Til þess að vernda þessi viðskipti gætu Íslendingar lækkað tolla á vörum þeirra jafnmikið og tollar eru lækkaðir innan fríverzlunarsvæðisins. Þetta mundi Íslendingum frjálst og til þess þyrfti engar undanþágur. Hins vegar gæti svo farið, að slíkar tollalækkanir væru ekki nægilegar til þess að

halda uppi innflutningi frá jafnkeypislöndum, heldur þyrfti einnig að beita innflutningshöftum í þessu skyni. Hefur verið tekið fram af Íslands hálfu, að nauðsynlegt geti orðið að fá undanþágu til þess að halda innflutningshöftum á þeim vörum, sem að mestu eru fluttar inn frá jafnkeypislöndum.

Þá hefur einnig verið tekið fram, að Ísland kunni að verða að fara fram á undanþágur frá ákvæðum varðandi rétt erlendra fyrirtækja til starfsemi í landinu og frelsi þeirra til að yfirfæra fjármagn og arð af fjármagni. Hverjar þær undanþágur þyrftu að vera, er þó ekki hægt að segja til um, fyrr en ljóst er, hver ákvæði samningsins í þessu efni verða.

Á það er og rétt að benda í þessu sambandi, að eins og nú standa sakir, eru litlar eða engar líkur til þess, að erlend fyrirtæki mundu vilja setja upp atvinnurekstur á Íslandi, þótt til þess væri fullt frelsi, vegna þess, hve skattar og sér í lagi útsvör eru há á atvinnufyrirtækjum. Á meðan þannig háttar, er atvinnurekstur erlendra fyrirtækja hér ekki hugsanlegur, nema þá stóriðja, er sérstakir samningar væru gerðir um, og mundi þátttaka í fríverzlunarsvæðinu engu um það breyta.

Svo sem ég gat um áðan, eru umr. um fríverzlunarmálið nú á úrslitastigi. Skal engu um það spáð hér, hvernig þeim kunni að lykta. Það vil ég þó segja, að fari þær algerlega út um þúfur og komi Rómarsamningurinn til framkvæmda 1. jan. n. k., getur ekki hjá því farið, að nokkur hinna 11 ríkjanna í Efnahagssamvinnustofnuninni geri með sér önnur samtök til þess að treysta aðstöðu sína gagnvart sexveldunum. Í Evrópu hefðu þá myndazt tvær voldugar viðskiptaheildir. Íslendingum yrði þá eflaust mikill vandi á höndum. Það eru áreiðanlega hagsmunir Íslendinga, að Vestur-Evrópa klofni ekki með þessum hætti í tvennt í viðskiptalegu tilliti. Íslendingar ættu mikilvæga markaði í löndum innan beggja heildanna og keyptu verulegan hluta innflutnings síns frá þeim báðum.

Sem heild eru efnahagssamvinnulöndin stærsti viðskiptaaðili Íslendinga, og það er þeim tvímælalaust hagkvæmast, að þau séu sem heilsteyptast markaðssvæði. Ef til stofnunar tveggja viðskiptasvæða kæmi og Íslendingar stæðu utan þeirra beggja, yrðu áhrif þess fyrir íslenzk utanríkisviðskipti svipuð því, að Ísland stæði utan við fríverzlunarsvæðið allt. Ef fríverzlunarsvæðið verður stofnað og tæki til sjávarafurða og Íslendingar stæðu utan svæðisins, hefði það í för með sér mikla erfiðleika fyrir íslenzka útflutningsframleiðslu, eins og sjá má af því, að keppinautar okkar við sölu afurða, sem nema 40—50% af heildarútflutningi okkar, mundu fá betri aðstöðu en við í samkeppninni á fríverzlunarsvæðinu.

Hið sama yrði upp á teningnum, þótt viðskiptasvæðin yrðu tvö, ef Ísland stæði utan þeirra beggja. En ef þau verða tvö, gæti svo farið, að ekki væri hægt að njóta hagnaðar af því að vera aðili að öðru nema fórna hagsmunum varðandi viðskipti við hitt. Fyrst á annað borð er um að ræða viðleitni í þá átt að koma á stóru markaðssvæði í Vestur-Evrópu, eru það tvímælalaust hagsmunir Íslendinga, að það markaðssvæði verði sem stærst, því að þá verður hagræði þeirra af því að gerast aðili að því mest, ef önnur atriði gera það ekki andstætt hagsmunum Íslendinga að taka þátt í slíku samstarfi.

Í umræðunum um fríverzlunarmálið hefur hingað til ekkert komið fram, sem bendir til þess, að ekki yrði svo mikið tillit tekið til sérstöðu og sérhagsmuna Íslendinga, að það gæti talizt andstætt hagsmunum þeirra í nokkru mikilsverðu atriði að gerast aðili að fríverzlunarsamningi, eins og rætt hefur verið um að hann yrði og ég hef lýst. Á hinn bóginn er rétt, að ekki er enn fengin nein vissa fyrir því, að reglurnar um viðskipti með sjávarafurðir yrðu svo frjálslegar, að það væri mikilvægt hagsmunamál fyrir Íslendinga að gerast aðili að slíku fríverzlunarsvæði. En það tel ég liggja alveg ljóst fyrir, að verði reglurnar um fiskverzlunina frjálslegar, þá verður hér um að ræða markað, þar sem búa nær 300 millj. manna, svo stóran markað, að það er lífshagsmunamál fyrir Íslendinga að eiga frjálsan aðgang að honum, ekki aðeins til þess að geta selt þar útflutningsvörur okkar, — við gætum e. t. v. fengið markað fyrir þær annars staðar, — heldur til þess að afla okkur gjaldeyris til kaupa á vörum, sem við erum orðnir vanir að nota og megum ekki missa, ef lífskjör eiga að geta haldið áfram að batna í þessu landi og við eigum að geta lifað hér sams konar menningarlífi og við höfum lifað og viljum geta lifað áfram. Af þessum sökum hljóta Íslendingar að fylgjast af mikilli athygli með því, sem gerist nú alveg á næstunni í fríverzlunarmálinu.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Þegar hæstv. menntmrh. flutti skýrslu um þessi mál í vetur, í febrúar, tók ég nokkurn þátt í þeim umræðum, sem þá fóru fram um málið, og mér finnst þess vegna rétt, að ég láti nú skoðanir mínar í ljós um málið á því stigi, sem það er nú. Ég skal reyna, eftir því sem ég get, að forðast að endurtaka mikið af því, sem ég þá sagði.

Ég vil enn vara við því, að við Íslendingar á nokkurn hátt ánetjumst því fríverzlunarsvæði, sem rætt er um að mynda, og það jafnt þó að nú sé ljóst, að allþungt horfir um myndun þess svæðis og — eins og hæstv. ráðh. kom inn á — öllu meiri líkindi til, að það fyrirhugaða svæði komi til með að klofna í tvær viðskiptaheildir og jafnvel að verða allskarpt verzlunarstríð á milli þeirra heilda, sem getur haft sínar pólitísku og hernaðarlegu afleiðingar í Vestur- og Norður-Evrópu.

Það verður út af fyrir sig ekki of mikið undirstrikað, hvaða þróun það er, sem er að gerast, og það er ákaflega nauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga að gera okkur meira en beint formlega grein fyrir þeirri þróun, sem þarna er að eiga sér stað. Ég held, að það sé nauðsynlegt fyrir okkur, að við gerum okkur alveg ljóst, að það, sem gerzt hefur og stofnar nú í

hættu þeim fríverzlunarhugmyndum, sem nú er búið í mörg ár að vera að vinna að að semja um, er sá samruni, sem er að eiga sér stað á milli þýzka og franska auðvaldsins undir forustu þess fyrrnefnda. Þeir voldugu þýzku auðhringar, sem sigraðir voru í síðasta stríði og hafa nú risið upp aftur með mikilli þátttöku amerísks fjármagns, sem sett hefur verið í þá, eru nú tvímælalaust voldugustu auðhringarnir á meginlandi Evrópu og jafnvel í allri Evrópu og hafa nú látið þann draum rætast, sem þýzku auðhringarnir langalengi höfðu, að ná slíkum tökum á þeim auðlindum, sem franska og þýzka auðvaldið hefur deilt um nú í meira en öld, að raunverulega er það þýzka og franska auðvaldið, sem er að renna þarna saman og byrjaði með stál- og kolahringnum. Og það, sem nú hefur aukið á áhuga — svo að vægt orð sé notað — hjá þýzka auðvaldinu í þessum efnum, eru þær miklu auðlindir, sem Frakkar eiga í Afríku, bæði olían og góðmálmarnir. Þarna má greinilega sjá, hvernig þetta auðvald á meginlandi Evrópu er að skapa gífurlegar samsteypur, sem vilja reyna að hagnýta þær nýlendur, sem Frakkar hafa sölsað undir sig og þeir heyja nú blóðuga baráttu í til þess að reyna að hindra þær þjóðir, sem þar búa, í því að fá frelsi og fá að njóta þeirra auðlinda sjálfar.

Við skulum þess vegna gera okkur ljóst, að þetta þýzk-franska auðvald, sem þarna er að renna saman og ná tökunum á þessu svæði, er að mynda með þeirri samsteypu, sem nú fer fram og byrjar 1. jan., þann efnahagslega grundvöll að samruna ríkja. Þegar ríki mynda tollabandalag sín í milli, afnema alla tolla sín á milli og hafa sameiginlega tolla út á við, þá er það fyrsta skref í því, sem við köllum ríkjasamsteypu, þ. e. að sameina þann efnahagslega grundvöll þessara ríkja. Það er alveg sama og það, sem þýzku smáríkin gerðu á 19. öld og endaði með samruna allra þýzkra landa í eitt ríki 1871.

Við skulum þess vegna gera okkur ljóst, að það, sem þarna er að rísa upp, er gífurleg efnahagsleg samsteypa undir forustu eins sterkasta auðvaldsins á meginlandi Evrópu, þess auðvalds, sem nú sýnir meiri og meiri tilhneigingar bæði í Þýzkalandi og Frakklandi til að þurrka burt ákveðin lýðréttindi og þingræðisform. Við skulum jafnhliða gera okkur ljóst, að þessi samsteypa byggir alveg sérstaklega á að geta hagnýtt sér ódýrara vinnuafl, svo sem er til staðar bæði í Vestur-Þýzkalandi, Frakklandi og ekki síst á Ítalíu, — ódýrara vinnuafl en öll önnur ríki, sem í núverandi efnahagssamvinnu Evrópu eru, hafa aðstöðu til að nota sér. Og ekki aðeins það, þessi samsteypa byggir líka á því, að sá verkalýður, sem þeir þurfa að kaupa vinnuaflið af, búi við lélegri félagsleg kjör en sérstaklega t. d. verkalýður Norðurlanda, enda hef ég, ekki hvað sízt í þeim umr., sem fram hafa farið um þessi mál á 2 síðustu þingum Norðurlandaráðs og milli fulltrúanna á fundunum þar, orðið alveg sérstaklega var við þann ótta, sem er hjá öllum þeim á Norðurlöndum, sem bera lífskjör og félagsleg réttindi vinnandi stéttanna þar fyrir brjósti, að samkeppnin frá þessum voldugu auðsamsteypum, sem búa í sínum löndum við lægri vinnulaun og lélegri lífskjör og félagsleg réttindi, verði til þess að eyðileggja árangurinn af þeirri baráttu, sem fram hefur farið á Norðurlöndum.

Ég held, að þegar við ræðum um okkar afstöðu viðvíkjandi þessum málum, bæði sexveldasamsteypunni og fríverzlunarsvæðinu, þá þurfum við að gera okkur sérstaklega vel ljóst, hvað hið raunverulega innihald er í því, sem þarna er að gerast.

Þá er rétt fyrir okkur í öðru lagi að athuga, hverjir eru okkar hagsmunir í sambandi við hugsanlegt fríverzlunarsvæði, og hvaða breyting það er, sem mundi raunverulega verða, ef þetta fríverzlunarsvæði kæmist á og samkomulag næðist milli Englands, Norðurlanda og nokkurra annarra ríkja í Evrópu annars vegar og sexveldasamsteypunnar hins vegar.

Það er vitanlegt, eins og hæstv. ráðh. skýrði alveg réttilega, að það eru fyrst og fremst þeir andstæðu hagsmunir þýzk-franska auðvaldsins annars vegar, og þó sérstaklega þess franska, og hins vegar enska heimsveldisins, sem þarna rekast á, og það eru átökin á milli þessara aðila, sem nú eru að sundra þessu fyrirhugaða fríverzlunarsvæði að öllum líkindum í tvær viðskiptaheildir, ef þannig fer, og skapa verzlunarstríð á milli þeirra.

Í þessu sambandi er rétt fyrir okkur að athuga, ekki aðeins hvað Ísland snertir, sem ég kem að síðar, heldur líka hvað Norðurlönd snertir almennt, hvort það er þeirra hagsbót að vera þátttakendur í slíku fríverzlunarsvæði. Ég veit, að á Norðurlöndum eru ráðandi menn allmikið fylgjandi því, þótt ýmsir hafi þar nokkurn beyg af. Þeir, sem eru mest fylgjandi því, eru þeir sterkustu og voldugustu, eins og ekki síst sænsku fésýslufyrirtækin, sem eru vel skipulögð og hafa yfir miklu fjármagni að ráða. Aðrir aftur á móti eru smeykari í þessum efnum, þannig að þeir halda, að það sé ekki um annað að ræða en vera þarna með, Danir vegna sinna landbúnaðarafurða, Norðmenn vegna sinna miklu efnahagslegu sambanda við öll þessi lönd, bæði viðvíkjandi flotanum og öðru, fiskinum og slíku. Þannig er það sumpart það, að sænskt fjármagn er óhrætt við að keppa í slíku fríverzlunarsvæði eins og þarna yrði myndað og danskir og norskir útflytjendur sjá voðann fram undan hvað markaði snertir, svo framarlega sem þeir væru utan við, ef svona samsteypa yrði mynduð, þótt hins vegar verði greinilega vart við óttann hjá þeim, sem sérstaklega bera kjör verkamanna í þessum löndum fyrir brjósti, um, hver afleiðingin mundi verða af því að taka þátt í slíkri samsteypu, ef menn yrðu kannske svo að segja neyddir til þess, finnst þeim.

Mín skoðun er, hvað Norðurlöndin snertir, að það séu ekki fyrst og fremst þeirra hagsmunir að gerast þátttakendur í þessu fríverzlunarsvæði. Mín skoðun er sú, að Norðurlönd ættu fyrst og fremst að reyna að mynda sjálf eina efnahagslega heild, koma á náinni efnahagslegri samvinnu sín á milli og sem höfuð-

atriði í þeirri efnahagslegu samvinnu eigi að vera að reyna að skipuleggja sameiginlega þá heimsverzlun, sem öll Norðurlöndin fimm hafa með höndum út um alla veröld. Norðurlöndin fimm eru það stór aðili í heimsverzluninni, ekki aðeins hvað snertir Vestur-Evrópu, þótt þau séu mjög stór þar, — ég skal geta þess t. d., að Svíþjóð er stærri viðskiptavinur Vestur-Þýzkalands en Frakkland er, — heldur eru Norðurlönd svo stór viðskiptavinur til Ameríkulandanna, til hinna fornu nýlendna jafnt í Afríku sem Asíu, og þau eru það sérhæfð á ýmsum sviðum, að ef þau skipuleggja með efnahagslegri samvinnu sinn útflutning í veröldinni, þá held ég, að Norðurlönd þyrftu ekki að kvíða neinni kreppu eða neinu atvinnuleysi. Ef samstarf væri í staðinn fyrir harðvítuga samkeppni t. d. á milli trjáframleiðenda og þar með pappírs- og trjákvoðuframleiðendanna í löndum eins og Finnlandi, Svíþjóð og Noregi og samsvarandi á ýmsum öðrum sviðum, þá mundu Norðurlönd vera það sterk í þessum efnum, að þau þyrftu að mínu áliti engu að kvíða. Og ég held, að slík sameiginleg skipulagning með góðviljuðu samstarfi ríkisstjórnanna á Norðurlöndum og hinna voldugu fésýslufyrirtækja og vel skipulögðu, sem þar eru til, gæti algerlega tryggt Norðurlöndum slíkan sess í því efnahagslega samstarfi hinna ýmsu ólíku aðila í heiminum, að Norðurlönd gætu verið örugg um að halda þeim lífskjörum, sem þau hafa skapað sér, og þeirri sérstöðu, sem þau hafa í efnahagslegum og pólitískum efnum.

Ég hef þess vegna alltaf verið hræddur við það, hve mjög t. d. hugmyndinni um tollabandalag Norðurlanda hefur verið hnýtt aftan í tollabandalag eða einhvers konar fríverzlunarsvæði Evrópu, og álitið alltaf, að sem númer eitt ætti að koma efnahagsleg samvinna Norðurlanda, sameiginleg skipulagning þeirra á þeirra þátttöku í heimsverzluninni, — og fyrst sem númer tvö ættum við þá að athuga um þeirra hugsanlega tollabandalag án þess að gera það háð Vestur-Evrópubandalaginu, því að það er á ýmsan hátt rétt, að sameiginlegt tollabandalag Norðurlanda er ekki eins mikið hagsmunamál hvers þeirra um sig innbyrðis og sameiginlegt starf þeirra og sameiginleg skipulagning þeirra á þeirra heimsverzlun út á við mundi vera.

Þess vegna, án þess að ég ætli að fara að vekja nokkuð máls á því hér, vil aðeins skjóta því hér inn í, að okkur bæri, ekki síst ef svo fer nú sem hugsanlegt er, að allir samningar um fríverzlunarsvæði fari út um þúfur og í stað þess komi verzlunarstríð, þá held ég, að það, sem okkur beri fyrst og fremst að athuga þarna um, það sé: Með hvers konar skipulagningu og efnahagslegri samvinnu getum við varðveitt þau lífskjör, sem Norðurlönd hafa fram yfir flestallar aðrar þjóðir heims, og hvernig getum við tryggt samstarf Norðurlanda um slíkt?

Ég veit, að fyrir t. d. verkalýðshreyfingu Norðurlanda er það óhugnanleg tilhugsun að eiga að standa í því að verða að keppa við stóra, volduga, vel skipulagða hringa, ekki hvað síst þýzku auðhringana með þeirra aðstöðu, þegar þeir ekki aðeins fara að hafa það þýzka vinnuafl, sem nú er frekar lágt launað, heldur þar að auki ítalskt og franskt. Þá er ég hræddur um, að Norðurlönd mundu með þátttöku í slíku fríverzlunarsvæði fara að missa margt af því, sem þau hafa verið að reyna að byggja upp hjá sér og vernda í lífskjörum sinna þegna á undanförnum árum, enda heyrir maður það, þegar þeir, sem fylgjandi eru hægri flokkunum á Norðurlöndum, eru að tala um þetta innbyrðis og þeir eru að tala um, að t. d. sósíaldemókratísku flokkarnir á Norðurlöndum séu uggandi um þetta, þá skjóta þeir því beinlínis fram: Ja, þeir eru eitthvað hræddir um, að tryggingarnar og annað slíkt kunni að fokka, þegar fram í sækir með þetta. Og það er engum efa bundið, að það er það, sem vakir fyrir þeim sterku kapítalistasamsteypum, sem þarna hafa fyrst og fremst hagsmuna að gæta.

Hverjir eru svo hagsmunir Íslands í þessum efnum? Er það hagur okkar Íslendinga að taka þátt í slíku fríverzlunarsvæði, ef það yrði myndað? Er það hagur okkar jafnvel smátt og smátt, jafnvel þó að það tæki tvisvar sinnum 12—15 ár, að fá tolla- og haftalaus viðskipti við hin Vestur-Evrópuríkin? Er sú hugmynd yfirleitt rétt, að við eigum að láta innlima okkur, þó að það taki svo og svo langan tíma, í efnahagslegt samstarfssvæði, þar sem við gætum ekki lengur með tollum, höftum eða jafnvel þjóðnýttri utanríkisverzlun eða hverju sem væri ráðið sjálfir yfir þróun efnahagsmálanna í okkar landi? Og er það rétt, að það yrðu svo miklir efnahagslegir erfiðleikar fyrir okkur af því að standa utan við slíkt svæði, að við réðum ekki við það?

Ég vil þá fyrst viðvíkjandi því, hvað sé okkar hagur, taka það fram, eins og ég reyndi að gera grein fyrir í vetur, í febrúar, og skal reyna að fara stutt í nú, að ég óttast um Ísland og öll þau lífskjör og allt það efnahagslega sjálfstæði, sem við höfum byggt upp, ef við, þótt það væri á 24—30 árum, smátt og smátt innlimuðumst í svona fríverzlunarbandalag. Ég held, að þá mundi þýða lækkun á allri okkar lífsafkomu, mundi skapa hér öryggisleysi, atvinnuleysi, gera okkur að leiksopp í höndunum á þeim voldugu fjárhagslegu öflum, þeim risavöxnu auðhringasamsteypum, sem mundu verða ráðandi á slíku svæði, þegar fram í sækti. Ég álít þess vegna, að innlimun Íslands, hve langan tíma sem það kynni að taka, í slíkan óheftan kapítalistískan markað Vestur-Evrópu mundi eyðileggja allt, sem reynt hefur verið að byggja upp á Íslandi á síðustu áratugum.

Við skulum muna það, að við höfum verið að reyna að tryggja hér fulla atvinnu, skapa öryggi fyrir alla íbúa okkar lands um fulla atvinnu og höfum komizt hvað lengst í því einmitt eins og nú standa sakir. Slíku er ekki hægt að viðhalda, eftir að fríverzlunarsvæði er skapað, og verður ekki við haldið. Atvinnuleysi er jafnóhjákvæmilegur fylgifiskur slíks svæðis og það kapítalistíska skipulag, sem á því ríkir.

Við sjáum það á þeim löndum, sem eru að

mynda þessi svæði núna. Þau reyna að vísu, eins og öll kapítalistísk ríki í heiminum, að koma í veg fyrir gífurlegt atvinnuleysi, þótt þeim takist það misjafnlega. En þau viðhalda því, sem einu sinni var kallað hér „mátulegt atvinnuleysi", atvinnuleysi, sem nægir til þess að geta hrætt verkalýðssamtökin frá kaupgjaldsbaráttu og geta alltaf svo að segja haldið þeim undir svipunni.

Við höfum verið að reyna að byggja upp þjóðfélag með fullri atvinnu, og til þess höfum við þurft meiri eða minni skipulagningu á öllum okkar efnahagsmálum og á einn eða annan hátt, hve klaufalega sem það tækist til eða hve ófullkomlega sem það væri gert, meiri eða minni skipulagningu og heildarstjórn á allri okkar verzlun, öllum okkar viðskiptum og meira eða minna öllu okkar atvinnulífi. Við framkvæmum þetta oft á neikvæðan hátt og slæman að mínu áliti, framkvæmum það með neikvæðu eftirliti í staðinn fyrir skapandi stjórn, eftirliti með leyfum ríkisbankanna og ríkisnefndar á verzluninni. En við reynum á þennan hátt að viðhalda fullri atvinnu í landinu, því öryggi, sem íslenzka þjóðin leggur hvað mest upp úr í sínu efnahagslífi. Öllu þessu mundum við fórna, svo framarlega sem við gerðumst smátt og smátt, þó að það yrði á löngum tíma, þátttakendur í svona samstarfi.

Hugmyndin, sem liggur til grundvallar öllu þessu fríverzlunarsvæði og öllum þessum stóru samsteypum, er hugmyndin um, að í svokallaðri frjálsri verzlun fái fullkomnari skipulagning, sérhæfing framleiðslu og annað slíkt bezt að njóta sín hvað snertir ódýra framleiðslu.

Raunverulega þýðir þetta, að á slíku stóru svæði, eins og hér er nú talað um, jafnvel að það komist upp í 285 millj. íbúa, þar fær aðstaða voldugra, vel skipulagðra auðhringa, sem ráða yfir miklum og góðum verksmiðjum, drottna yfir bönkum, sem standa í sambandi við þeirra framleiðslu, — þar fær slík stórframleiðsla bezt að njóta sín. Það er raunverulega krafa auðhringanna á meginlandi Evrópu að skapa sér þennan vettvang. Það er samsvarandi vettvangur og t. d. Bandaríkin hafa skapað sér og gert hefur þeirra auðhringa volduga, af því að þeirra vettvangur hefur verið nógu stór, þannig að rekstur í stórum stíl hefur fengið að njóta bezt yfirburða sinna og mölva niður allt, sem heitir iðnaður þeirra smáu og veiku.

Krafan um frjálsa verzlun og fríverzlun Evrópu og hugmyndin um það, það er krafa þeirra stóru auðhringa í Evrópu til þess að fá að nota öll þessi lönd sem markaði fyrir sig hafta- og skefjalaust, ekki aðeins hvað snertir markaði fyrir vörurnar, sem þeir framleiða, heldur líka markaði fyrir vinnuaflið í löndunum. Þó að ekki verði hægt að flytja ótakmarkað kannske ítalska verkamenn yfir til Danmerkur eða Svíþjóðar, þá mundi vera hægt að flytja þær verksmiðjur, sem auðvaldinu finnst praktískara að reka með ódýrara vinnuafli suður á Ítalíu heldur en með dýrara vinnuafli t. d. norður í Danmörku, — flytja þær þangað, byggja þær þar. Auðvaldinu væri með þessu móti gefinn laus taumurinn til þess að geta hagað þessum málum eins og væri praktískast fyrir það, án tillits til útkomunnar fyrir vinnandi stéttirnar í þessum löndum.

Ég álít, að það sé nauðsynlegt að verja Ísland gegn öllum slíkum yfirráðum, öllum slíkum áhrifum þessara stóru og voldugu auðhringa, með hverju sem við viljum kalla það, hvort við viljum kalla það tolla, höft eða það, sem ég mundi helzt vilja kalla: með skipulagðri utanríkisverzlun, þjóðnýttri utanríkisverzlun Íslands, þar sem við getum byggt múr í kringum okkar land og tryggt innan þess múrs fulla atvinnu og góð lífskjör, en þurfum ekki að verða fyrir þeim holskeflum, sem koma til með að ríða yfir okkur frá þessum frjálsu verzlunarsvæðum.

Ég álít, að það væri algerlega óeðlilegt fyrir Ísland að fallast á nokkrar skuldbindingar viðvíkjandi breytingu á tollum og það jafnvel þó að við fengjum það með þessu langvarandi fyrirkomulagi, sem hæstv. menntmrh. lýsti, að þau fjögur ríki, sem þarna standa sérstaklega að vígi, gera kröfu til.

Af hverju er eðlilegt, að við heimtum tollakerfi fyrir Ísland og þessi lönd geri það líka? Af því að við erum að byrja með iðnað. Við stöndum á sama stigi og Frakkland stóð í byrjun 19. aldar hvað þetta snertir og eins og Þýzkaland stóð um miðja 19. öld. England fær það fram yfir að vera fyrst af öllum ríkjum Evrópu til þess að skapa sér stóriðju. Og hvað gera þau ríki, sem rísa upp næst og ætla að fara að reyna að skapa sér einhverja stóriðju líka? Þau girða sig auðvitað af með tollamúrum. Um hvað standa Napóleons-styrjaldirnar? Um það, að Napóleon og franska auðvaldið geti girt Evrópu af og bannað Bretlandi að selja þar. Og hvað gerist, þegar þýzka borgarastéttin fer að reyna að koma sér upp iðnaði? Ekki aðeins í praksís með tollabandalagi á móti Englandi, heldur líka á sviði hagfræðinnar koma hennar hagfræðingar fram með kenningarnar um nauðsyn tollanna. Og þetta er eðlilegt. Þetta hljóta að vera eðlileg viðbrögð hverrar ungrar þjóðar á efnahagssviðinu: að varðveita sína eigin aðstöðu, sína eigin hagsmuni með því að girða sig af gagnvart þeim stóru og gömlu, sem eru nógu voldugir og sterkir til þess að geta mölvað niður nýgræðinginn. Þess vegna er eðlilegt fyrir okkur, sem erum rétt að byrja að hugsa um að skapa iðnað í okkar landi, íslenzkan iðnað, að við girðum okkur af á slíkan hátt.

Ég er þess vegna á alveg andstæðri skoðun við hæstv. menntmrh., sem telur, að það séu tvímælalaust hagsmunir Íslands að vera þarna með, sé lífshagsmunamál fyrir okkur, m. a. til þess að afla okkur þess gjaldeyris, sem við þurfum til þess að kaupa þær vörur, sem við erum orðnir vanir við.

Erum við nú svona háðir þessum viðskiptum við Vestur-Evrópu? Okkar viðskipti austur á bóginn til sósíalistísku ríkjanna eru líklega 35% af okkar viðskiptum. Okkar viðskipti til Bandaríkjanna eru líklega milli 10 og 20% af

okkar viðskiptum. Okkar viðskipti til Suður-Ameríku, Afríku og annarra slíkra landa eru vafalaust yfir 10% af okkar viðskiptum. Meiri hlutinn af öllum okkar viðskiptum er við lönd, sem liggja utan þess hugsanlega fríverzlunarsvæðis Vestur-Evrópu.

Og hvernig er nú um sjálft fríverzlunarsvæði Vestur-Evrópu og þær vörur, sem við seljum þangað? Til Bretlands og til Norðurlanda, til Frakklands og til Vestur-Þýzkalands og jafnvel til Ítalíu, sem er þó það eina, eins og hæstv. ráðh. gat réttilega, sem er þarna erfitt fyrir okkur, — hvaða vörur eru það, sem við seljum fyrst og fremst til Bretlands og Vestur-Þýzkalands og Norðurlanda? Það eru þær vörur, sem við getum selt hvar í heiminum sem er. Það eru okkar hörðu gjaldeyrisvörur, sem eru meira eða minna eftirsóttar og við *gætum fengið frjálsan gjaldeyri fyrir á* ýmsum öðrum verzlunarsvæðum heimsins.

Ég held þess vegna, að við þurfum ekki að óttast þetta fríverzlunarsvæði hvað snertir söluna á þessum vörum. Við getum selt þær annars staðar. Það er aðeins salan til einnar þeirra, sem yrði okkur e. t. v. erfiðleikum bundin, og það er til Ítalíu, sá saltfiskur, sem þangað fer.

Eins og sakir standa núna hins vegar, mundum við ekki verða í neinum erfiðleikum út af því. Jafnvel þó að okkar saltfisksframleiðsla minnkaði að einhverju leyti, sem væri þó gott að geta bætt sér upp annars staðar, þá mundum við geta með aukinni freðfisksframleiðslu komið í veg fyrir slæmar efnahagslegar afleiðingar af slíku fyrir okkur.

Ég held þess vegna, að hvað snertir söluna og markaðinn þyrftum við engu að kvíða.

Þá komum við að hinu: Vestur-Evrópuvörunum með þeim sérstöku gæðum, sem þær hafa yfirleitt til að bera og við erum orðnir sérstaklega vanir við. Yrðum við í vandræðum, ef við gætum ekki haft nægan gjaldeyri til þess að kaupa þær?

Nú býst ég ekki við, að það hafi farið fram sérstaklega mikil rannsókn á, hvernig aðstaðan er hjá okkur um kaupin á þessum vörum. Mér er nær að halda, að það séu eins mikið ameríska vörur og vesturevrópskar, sem við erum orðnir vanir við hvað slíkt snertir í landinu. A. m. k. á meðan við getum bætt okkur upp Vestur-Evrópuvörurnar með amerísku vörunum, þurfum við engu að kvíða í þeim efnum, og a. m. k. í ár hefur það verið svo, að við höfum ekki getað framleitt eins mikinn fisk og við höfum getað selt til Ameríku.

Ég held þess vegna, að við þyrftum ekki að óttast það, að okkar lífskjör, okkar lífsvenjur þyrftu að breytast hér á Íslandi vegna myndunar þessa fríverzlunarsvæðis, þó að við værum utan við það. Ég held, að við mundum alltaf geta keypt þær vörur, jafnvel þótt við yrðum að missa þær frá þessum löndum, jafngóðar annars staðar.

En við erum ekki aðeins upp á þessi lönd komin hvað það snertir að fá þessar vörur frá þeim. Þessi lönd eru líka upp á okkur komin með að geta selt þessar vörur. Hvernig stendur þetta jafnvel með fyrstu tilraunina, sem gerð er til þess að skapa nú eitthvað öruggara skipulag í Vestur-Evrópu með svona samsteypum, — hvernig stendur það í dag með kola- og stálsamsteypu Vestur-Evrópu? Horfir sérstaklega efnilega með það fyrir þá? Hrúgast ekki upp ógrynni birgða, ekki sízt af kolum, ógrynni óseljanlegra birgða, sem vekja ugg hjá sjálfri kola- og stálsamsteypunni í Vestur-Evrópu? Og raunar er það svo í Englandi líka.

Ég er hræddur um, að þessi lönd Vestur-Evrópu eigi eftir að reka sig á það, hvort sem þau mynda eina eða tvær heildir, að það eru þau af öllum löndum heimsins, sem eiga erfiðast með að vera markaður fyrir sjálf sig. Þetta eru elztu iðnaðarþjóðir veraldarinnar, sem eru vanar því að verzla við alla veröldina, að eiga markaði í öllum löndum heims, geta selt sína vöru til allra landa. Ég held, að *þessi eina samsteypa Vestur-Evrópu* eða tvær samsteypur Vestur-Evrópu, hvort heldur það verður, séu sá hluti veraldarinnar, sem á erfiðast með að vera sjálfum sér nógur og þarf bókstaflega að biðja allar aðrar þjóðir heims um að verzla við sig.

Ég held, að það sé ekki sem markaðsbandalag og markaðsöryggi, sem fríverzlunarsvæðið er hugsað, heldur sem þægileg framleiðslusamsteypa voldugra auðhringa til þess að geta steypt saman þeim mörgu verksmiðjum, sem til eru á þessum svæðum. Þess vegna held ég, að við Íslendingar og ýmsar aðrar þjóðir, sem stæðu utan þessara tröllauknu viðskiptaheilda, stæðum engan veginn illa að vígi til samninga við þessi lönd, og satt að segja: mér heyrðist allt, sem hæstv. menntmrh. sagði í lok sinnar ræðu, benda raunverulega til þess, að sú hlyti líka að verða niðurstaðan. Hæstv. ráðh. segir: Við verðum að fá undanþágu á þessu sviði, við verðum að fá undanþágu á hinu sviðinu, við verðum að fá séraðstöðu á þessu sviði, og við verðum að fá séraðstöðu á hinu sviðinu. — Og það er hárrétt hjá honum, alveg hárrétt. Það er ekki til neins fyrir okkur að tala um þessar samsteypur öðruvísi en að við fáum svo og svo mikil sérréttindi.

En það er kannske ekki verulegur eðlismunur á því að standa utan við þessi svæði og segja: Ég vil gera við ykkur samninga um verzlun, — eða hitt, eins og hæstv. ráðh. var að hugsa sér, að við ættum að standa þarna inni í með svo mörgum fyrirvörum, undanþágum, sérstöðu og slíku, að við raunverulega tilheyrðum ekki því, skirðum kannske tollana um í söluskatt og annað þess háttar. Samt held ég, að það eina örugga í þessu væri að standa utan við, með því að þótt það væri ekki nema að forminu til með hundrað fyrirvörum, að við værum þarna með í, þá væri meiri hætta, að við mundum ánetjast því. En við mundum hins vegar geta fengið sams konar verzlunarsamninga við svona heild, þó að við stæðum utan við, enda mundu það verða allmörg ríki, sem mundu semja á þeim grundvelli.

Ég held þess vegna og er enn þeirrar sömu skoðunar og ég var í vetur, að það sé bezt fyrir okkur Íslendinga að skipuleggja okkar eigin viðskipti með heildarstjórn á okkar þjóðar-

búskap og heildarstjórn á okkar viðskiptum, verzla jafnt við alla aðila í veröldinni, hvaða svæði sem eru, austur, vestur eða suður, og reyna að ná sem beztum viðskiptasamningum við öll þessi svæði, hvar svo sem þau kunna að vera, til þess að tryggja það að geta hér í okkar landi byggt upp þannig þjóðfélag, að við getum alltaf ábyrgzt okkar þjóð fulla atvinnu og það öryggi, sem því fylgir að þurfa hvorki að óttast kreppu né atvinnuleysi. Þetta vildi ég óska að menn hefðu í huga og ekki sízt hæstv. ríkisstj., þegar e. t. v. kemur nú til kasta um að taka ákvarðanir í þessum efnum. Hins vegar mun það vera öllum þingheimi ljóst eftir ræðu hæstv. menntmrh., að líkindi benda til þess, að sjálft fríverzlunarsvæðið verði ekki myndað, og jafnvel líklegra sé, að tvær viðskiptaheildir komi þar til með að rísa upp.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Það er ekki ágreiningur um það, að fríverzlunarmálið, ef af stofnun fríverzlunarsvæðis Evrópu verður, hlýtur mjög að snerta hagsmuni okkar Íslendinga, hvort sem við komum til með að taka þátt í því eða ekki. Meðal annars af þeirri ástæðu mun varla ágreiningur um það, að rétt sé, að Íslendingar fylgist með því, sem í málinu gerist, og kynni sér sérstaklega, hvaða kjör okkur yrðu boðin, ef til aðildar af okkar hálfu kæmi að slíkum samtökum.

En ég verð að segja það, að ég sakna þess mjög, bæði í sambandi við þær skýrslur, sem gefnar hafa verið um þetta mál af hálfu hæstv. ríkisstj., og raunar flest annað, sem um þetta mál hefur verið rætt, að því hafa lítil skil verið gerð, hvaða breyt. okkur væri nauðsynlegt að gera á okkar hagkerfi, ef þátttaka af okkar hálfu ætti að koma til greina. En einmitt þá hlið málsins verður að telja ekki síður mikilvæga frá okkar sjónarmiði.

Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því, sem fram kom í ræðu hæstv. iðnmrh., þar sem hann drap á það, til hvers væri ætlazt af okkur og raunar öðrum þátttökuríkjum, ef af slíkri þátttöku yrði. Hann drap á það, að afnema þyrfti innflutningshöft. Það þyrfti að lækka tolla. Talað væri um það, að þau Evrópulönd, sem aðilar yrðu að þessu samstarfi, mundu efna til náinnar samvinnu á sviði efnahagsmála sín á milli með það fyrir augum að fyrirbyggja hagsveiflur, eins og hann orðaði það, o. s. frv.

Nú mun það út af fyrir sig láta vel í eyrum flestra, að æskilegt sé að afnema innflutningshöft, æskilegt sé að lækka tolla, og þótt á meira alþýðlegt mál hygg ég, að menn muni yfirleitt vera sammála um það, að æskilegt sé að gera ráðstafanir til þess að útrýma hagsveiflum, en með því er í fyrsta lagi átt við ráðstafanir til þess að fyrirbyggja atvinnuleysi o. s. frv. En sá hængur er þó á þessu, að þó að flestir séu sammála um það, að æskilegt sé, að þessar ráðstafanir séu gerðar hér á landi, þá fer ekki hjá því, að við verðum að gera mjög róttækar breyt. á okkar hagkerfi og þá fyrst og fremst á fyrirkomulagi okkar gjaldeyrismála.

Í þessu sambandi er kannske alveg sérstakt tilefni til þess, einmitt vegna þess, að hv. 3. þm. Reykv. (EOl) gerði það að umtalsefni í sinni ræðu, að ræða nokkuð þátttöku Íslands í væntanlegu samstarfi Norðurlanda um þessi mál. Hv. 3. þm. Reykv. virtist vera því hlynntur, og það kom mér að sumu leyti á óvart, að Ísland gæfi þessu samstarfi Norðurlandanna meiri gaum en gert hefði verið. Ég fagna þessari afstöðu út af fyrir sig, því að þótt ég væri honum um ýmislegt ósammála í hans ræðu, sem ég hirði ekki að rekja nánar, þá er ég honum fyllilega sammála um það, að Íslendingar hefðu átt að gefa þeim viðræðum, sem farið hafa fram á milli Norðurlandanna innbyrðis um þetta mál, meiri gaum en gert hefur verið.

Nú er þetta mál orðið nokkuð gamalt. Það mun hafa verið mjög skömmu eftir stríðið, sem farið var að hreyfa því af alvöru, og var þá skipuð n. sérfróðra manna af hálfu Norðurlandanna til þess að fjalla um þetta mál. Fyrstu árin, sem þetta mál var á döfinni, tók Ísland í því nokkurn þátt. Það tilnefndi a. m. k., svo að mér sé kunnugt, einn fulltrúa af sinni hálfu til þess að taka þátt í slíkum fundum. Það var Birgir Kjaran hagfræðingur, sem er hinn hæfasti maður á þessu sviði. En það mun ekki hafa verið nema tiltölulega skamman tíma, sem Íslendingar tóku reglulegan þátt í þessum viðræðum. Og hver ætli hafi verið ástæðan til þess, að virkri þátttöku Íslands í undirbúningi tollabandalags Norðurlanda var í rauninni hætt? Ég býst við, að þessar ástæður hafi aðallega verið tvær:

Önnur var sú, að hugsað var sem svo, að það væri ekki eftir svo miklu að slægjast á Norðurlöndum hvað snerti markað fyrir okkar útflutningsvörur o. s. frv., að ástæða væri til þess að taka á okkur þau óþægindi, sem það hlyti að hafa í för með sér að gera þær breyt. á okkar hagkerfi, sem nauðsynlegar væru til þátttöku í þessari efnahagssamvinnu Norðurlanda. Ég tel að vísu, að þessi ástæða sé í meginatriðum á misskilningi byggð. Það mun að vísu rétt, að að óbreyttu ástandi í gjaldeyrismálum o. s. frv. eru sennilega takmarkaðir möguleikar á því að auka markað fyrir okkar útflutningsafurðir á Norðurlöndum. En þessi mál mundu koma til að horfa að mínu áliti allt öðruvísi við, ef tekizt hefði að skapa það jafnvægi í efnahagsmálum Íslendinga, að við gætum orðið aðilar að þessu samstarfi. Hinn hái framleiðslukostnaður, sem nú er á Íslandi og hefur verið, gerir það auðvitað að verkum, að erfitt er að selja þessar afurðir á Norðurlöndum, en ef gjaldeyrismál Íslendinga væru í jafnvægi við það, sem er annars staðar á Norðurlöndum, mundi þetta breytast, og fyrir utan þá möguleika, sem þá kynnu að verða á því að auka markaði fyrir okkar sjávarafurðir á Norðurlöndunum, þá hef ég trú á því, að miðað við slíkar kringumstæður gæti komið til greina að flytja út iðnaðarvörur til Norðurlandanna. Þó að segja megi e. t. v., að ýmislegt af þeim iðnaði, sem risið hefur upp hér á landi undanfarna áratugi, sé ekki líklegt til þess að vera samkeppnisfært, ef innflutningur til

landsins væri frjáls, má ekki loka augunum fyrir því, að hér hefur risið upp margs konar iðnaður, t. d. má sérstaklega nefna handiðnað í því sambandi, sem er að ýmsu leyti sérstæður og ekki ósennilegt, að miðað við jafnvægisástand í efnahagsmálum mætti skapa markað fyrir slíka vöru, m. a. á Norðurlöndunum. Ég nefni þetta sem dæmi.

En það var önnur ástæða, sem er meira raunhæf og var höfuðástæðan til þess, að svo virðist sem stjórnmálamenn hér yfirleitt hafi verið sammála um það, að slík þátttaka okkar í norrænu tollabandalagi kæmi ekki til greina, — því að ég hef yfirleitt ekki orðið var við, að ákveðnar raddir hafi komið fram um, að við hefðum átt að sinna þessu meira en gert var, — og ástæðan, sem hér er um að ræða, var sú, að menn töldu, að það mundi ekki vera hægt að gera þær breyt. á okkar hagkerfi, gjaldeyrisverzlun o. s. frv., sem óhjákvæmilegt skilyrði hlyti að vera fyrir þátttöku okkar í hinni norrænu samvinnu á þessu sviði. En auðvitað verða viðhorfin alveg þau sömu og ekki síður, ef um það ætti að vera að ræða, að við gerðumst aðilar að fríverzlunarsvæði Evrópu.

Ég ætla ekki að ræða það hér, hverjar þær ráðstafanir eru, sem gera yrði, ef þátttaka okkar í slíku samstarfi ætti að vera annað en nafnið tómt. Ég gerði því máli einmitt nokkur skil í sambandi við skýrslu þá, sem hæstv. iðnmrh. flutti um þetta sama efni 18. febr. í fyrra. Þá drap ég nokkuð á það, í hverju þessar ráðstafanir þyrftu að vera fólgnar. Ég lýsti ekki skoðun minni á því, hverjar af þeim leiðum, sem þar kæmu til greina, bæri að fara, og því síður leitaðist ég við að leggja dóm á það, hvort slíkar ráðstafanir mundu vera framkvæmanlegar af stjórnmálalegum eða öðrum orsökum. En ég tók það fram þá og vil einmitt sérstaklega taka það fram hér, að ég álít, að allar umræður um þetta mál séu í rauninni meira eða minna óraunhæfar, ef þessi hlið málsins er ekki rædd sérstaklega, hvaða breyt. við þurfum að gera á okkar hagkerfi, til þess að um virka þátttöku af okkar hálfu í þessu samstarfi geti orðið að ræða, og hvaða möguleikar séu á því að framkvæma þessar ráðstafanir.

Ég sé að öðru leyti ekki ástæðu til þess að ræða þetta mál frekar að sinni. Að vísu kom það fram í ræðu hæstv. ráðh., að hann gerði ráð fyrir því, að ef til aðildar okkar að þessu samstarfi kæmi, þá mundi fást lengdur sá frestur til aðlögunar, sem þátttökuríkjunum annars er ætlaður. Sjálfsagt er þetta nauðsynlegt. En þó að við fáum þannig lengri frest, verðum við eftir sem áður að horfast í augu við það, að þessar ráðstafanir verður að gera. Og mér finnst rétt, að það komi fram, að jafnvel þó að ekki yrði nú af því, að fríverzlunarsvæði Evrópu yrði stofnað, þá verður þó að telja líklegt, að einhvers konar samvinna á sviði efnahagsmála takist meðal Vestur-Evrópuþjóða. Og ætlum við Íslendingar að vera virkir aðilar að slíku samstarfi, verður ekki komizt hjá því að gera þessar sömu ráðstafanir, þó að þær þurfi kannske ekki að vera í eins stórum stíl.

Ég ætla þá aðeins að ljúka máli mínu með því, sem ég ætlaði að byrja ræðu mína á, en gerði ekki, af því að hæstv. iðnmrh. var ekki viðstaddur, að þakka honum fyrir að mínu áliti greinargóðar upplýsingar um það, hvernig þetta mál stendur nú, þó að ég hins vegar telji, að þetta mál þurfi að ræðast frá fleiri hliðum en þeim, sem fram komu í skýrslu hæstv. ráðherra.

III. Fyrirspurnir um stjórnarráðstafanir.

Á 4. fundi í Nd., 16. okt., utan dagskrár, mælti

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég vildi hér aðeins utan dagskrár mega vekja athygli á sérstöku máli, og það er í sambandi við skattheimtu ríkisins. Eins og kunnugt er, hefur skattheimtu eða innheimtu ríkisskattanna verið hagað þannig, að eftir skattalögunum var gjalddagi þeirra á manntalsþingum áður fyrr, en hins vegar heimild í lögunum til þess að setja önnur ákvæði um skattheimtuna. Um nokkuð langt árabil hefur það tíðkazt svo, a. m. k. hér í Reykjavík, um innheimtu útsvara, að notuð hefur verið heimild útsvarslaga til þess að innheimta útsvörin á fleiri gjalddögum og þá þannig, að fyrst í stað er beitt svokallaðri fyrirframinnheimtu, fyrri hluta ársins er mönnum áætlað að borga í fjórum áföngum frá því í marzmánuði mánaðarlega sem svarar helmingi af útsvari s. l. árs. Síðan er útsvarið, eftir að álagningin liggur fyrir, innheimt, og hefur það verið innheimt á 4 gjalddögum, í ágúst, september, október og nóvember, og notuð heimild, sem er í lögunum, til þess að a. m. k. launafólk, sem greiðir af launum sínum, megi ljúka skattgreiðslunni í tveimur áföngum í viðbót, í janúar og febrúar. Þannig hefur myndazt sú venja um innheimtu útsvaranna, að þau eru innheimt á gjalddögum í 10 skipti, og falla þá úr mánuðirnir desember, jólamánuðurinn, og júlímánuður, sem hins vegar er sá mánuður, sem meginhluti af föstu launafólki a. m. k. er í sumarfríum. Það verður að teljast mjög hentugt að innheimta skattana á þennan hátt í fleiri áföngum, bæði útsvar og einnig skatta ríkisins.

Með reglugerð í fyrra, sem fjmrn. setti eða hæstv. fjmrh., var tekinn upp sá háttur að innheimta ríkisskattana á mörgum gjalddögum. Sú reglugerð er ekki sett fyrr en í júlímánuði, og þá er gert ráð fyrir að innheimta skatta þess gjaldárs í sex áföngum, þ. e. a. s. frá 1. ágúst til 1. nóvember og svo aftur í janúar og febrúar, svipað og verið hefur um útsvör þess gjaldárs.

En aðalreglan í reglugerðinni, sem heitir:

Reglugerð um fyrirframgreiðslu skatta, nr. 103 1. júlí 1957, er sú, að skattarnir innheimtast í fjórum áföngum, 1. marz, apríl, maí og júní, og þá er miðað við áætlaðan helming af sköttum ársins á undan, og síðan eru eftirstöðvarnar innheimtar í fjórum áföngum frá því í ágústmánuði, 1. ágúst, september, október og nóvember. Sem sagt er tollstjóranum í Reykjavík heimilt að innheimta á þennan hátt, og þessi heimild hefur verið notuð.

Nú vík ég að þessu vegna þess, eins og ég sagði áðan, að þótt ég telji mjög eðlilegt og til mikilla bóta að innheimta skattana, bæði ríkisskatta og útsvör, í fleiri áföngum, þá finnst mér að vissu leyti óeðlilegt að herða einmitt svo mjög á skattheimtunni nú að innheimta ríkisskattana í átta áföngum á ári, tvisvar sinnum á fjórum mánuðum með millibili, sem verður um mitt árið, og þeim mun fremur sem aðstæður eru nú þannig, að launafólk mun eiga erfiðara en oft endranær að bregðast við þessum aukna hraða, sem er á skattheimtunni, vegna mikilla verðhækkana, sem átt hafa sér stað og launafólk fær nú ekki uppi bornar fyrr en með hækkaðri vísitölu í desembermánuði. Það má að vísu segja, að það sé nokkuð langt komið í þessari skattheimtu nú þegar, en ég held, að niðurstaðan muni verða sú, að hjá ýmsum þeim atvinnurekendum, sem taka skatta af launum, hafi tæplega að öllu leyti þessu verið framfylgt, og vildi ég þess vegna mega víkja því til hæstv. fjmrh., því að mér sýnist, að málið muni vera í höndum hans og þyrfti reglugerðarbreytingu, hvort ekki væri eðlilegt, eins og aðstæður allar eru, að heimila, að skattgreiðslunni ljúki ekki 1. nóv., eins og gert hefur verið ráð fyrir, heldur úr þessu nú í þremur áföngum, 1. nóv. og svo 2. jan. og 1. febr. Með því móti mundi falla í sama farveg innheimta á ríkissköttunum og innheimta á útsvörunum, þar sem notuð er heimildin til þess að innheimta á fleiri gjalddögum, og yrðu í framtíðinni með þessu móti skattar og útsvör innheimt á 10 gjalddögum mánaðarlega, en úr féllu desembermánuður, sem er mjög eðlilegt, og einnig júlímánuður, sem virðist vera líka að sínu leyti eðlilegt.

Ég vildi leyfa mér að hreyfa þessu nú. Það er lítill tími til stefnu, en ég þykist mega vænta þess, að hæstv. fjmrh. muni vilja taka þetta mál til vinsamlegrar athugunar og e. t. v. gera þá breytingu á þessu, sem ég nú sting upp á og tel að væri nokkuð til bóta.

Fjmrh. (Eysteinn Jónsson): Ég skal hugleiða það, sem hv. þingmaður segir um þetta, en ég vildi á þessu stigi benda á, eins og raunar kom fram hjá honum, að eftir gömlu reglunni átti að greiða skattana á manntalsþingi, en greiðslunum er dreift miklu meira samkv. þessari reglu, sem upp hefur verið tekin. Ég held, að það sé ekki nokkur vafi á því, að eins og þetta fyrirkomulag er nú, þá er það miklu hagstæðara fyrir skattgreiðendur en það var, enda heyrðist mér hann ekki draga það í efa.

Hitt er svo annað mál, að gjalddaginn var sem sagt á manntalsþingi, og var þá gert ráð fyrir því, að það ætti að vera búið að greiða skattana fyrir áramót, en það þarf vitanlega athugunar við, hvort hugsanlegt er að leggja út í nokkra breytingu, sem raskar því.

Á 10. fundi í Sþ., 19. nóv., utan dagskrár, mælti

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Það er vegna þess, að í málgagni stærsta stjórnarflokksins er í morgun í aðalgrein skýrt svo frá sem ég skal nú greina, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og Þjóðviljinn skýrði frá s. l. sunnudag, hafa sendiherrar NATO-ríkjanna hér á landi haft sig mjög í frammi undanfarna daga og lagt fast að íslenzkum stjórnmálamönnum að fallast á tillögu Ólafs Thors um ráðherrafund Atlantshafsbandalagsins. Meðal þeirra var brezki sendiherrann Mr. Gilchrist. Hafa sendiherrarnir að sjálfsögðu fyrirmæli stjórna sinna um að beita sér í málinu."

Og síðar í greininni segir:

„Væri vissulega ástæða fyrir stjórnarvöldin til að rannsaka nákvæmlega, hvernig því máli er háttað." Og er þar vikið að því sama, sem ég las hér upp.

Nú vildi ég skýra frá því, svo að enginn efi væri á því, að við sjálfstæðismenn höfum ekki orðið varir við þennan áhuga hinna erlendu sendimanna, enda er það ekki nema að vonum, að við verðum ekki hans varir, því að erlendir sendimenn hafa að eðlilegum hætti fyrst og fremst samband við ríkisstj. En samkvæmt þeim upplýsingum, sem stjórnarblaðið hér skýrir frá, hafa sendiherrarnir veitt stjórninni, að því er ætla verður, slíkan aðgang í þessu máli, að með ólíkindum er. Annars mundi ekki frá þessu skýrt í blaðinu, allra sízt með þeim hætti, sem gert er.

Það hefur ekkert annað blað að vísu en Þjóðviljinn birt þessar fregnir. Þess vegna er það sennilegast, að það sé hæstv. sjútvmrh. og hæstv. félmrh., sem sendiherrarnir hafa leitað. til, og vildi ég því biðja hæstv. sjútvmrh. um að skýra þingheimi og þar með þjóðinni frá því, sem í þessu hefur gerzt, og ef ekki hefur verið leitað til hans, þá hvaða fregnir hann hafi af umleitunum þessara manna til sinna samstarfsmanna. Nú sé ég að vísu ekki aðra úr ríkisstj. en hæstv. fjmrh. E. t. v. hafa þeir leitað til hans, og mundi þá ekki á honum standa að skýra okkur frá því. Hér er um einfaldar spurningar að ræða, og efast ég ekki um, að hæstv. ráðh. er ánægja að því að láta hið rétta koma fram. Ef þeir hins vegar hafa ekki orðið fyrir þeirri ásókn, sem Þjóðviljinn hér skýrir frá, þá tek ég fyllilega undir það, að ástæða er til, að þetta mál verði rannsakað, eins og Þjóðviljinn stingur upp á, og vil ég skora á ríkisstj. að láta ekki dragast deginum lengur að hefja þá rannsókn.

Á 114. fundi í Nd., 22. apríl, utan dagskrár, mælti

Pétur Ottesen: Herra forseti. Mig langaði til að bera hér fram fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. um það, hvort hann hefði veitt því athygli, að í frétt í Morgunblaðinu í morgun um sumarfagnað stúdenta í ákveðnu veitingahúsi hér í bæ er komizt svo að orði m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Meðal skemmtiatriða verður nýstárlegt uppboð, sem Sigurður Benediktsson stjórnar. Verða þar boðnar upp nokkrar flöskur af fyrsta flokks áfengi, sem ýmsir þjóðkunnir menn hafa áritað eða myndskreytt.“ Og meðal þessara manna eru taldir hér upp Jóhannes Kjarval, Sigurður Nordal, Tómas Guðmundsson og Jón Pálmason, sem mundi kannske vera forseti sameinaðs Alþingis, ef ég skil það rétt.

Nú vildi ég spyrja hæstv. dómsmrh. að því, hvort hann hefði veitt þessu athygli og hvort hann teldi það geta samrýmzt áfengislöggjöf vorri, að haldið sé opinbert uppboð á áfengi. Vænti ég þess, að hæstv. dómsmrh. gefi við þessu svör.

Dómsmrh. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Félög þau, sem stofnað hafa til þessa uppboðs, sem fyrirspyrjandi gerði að umtalsefni og getið er í einu dagblaðanna í dag, hafa vafalaust gert það að óathuguðu máli.

Leyfi ráðuneytisins er að sjálfsögðu ekki fyrir hendi um þetta, enda mun vera talið, að uppboð sem þetta brjóti í bága við gildandi áfengislög. Ráðuneytið hefur veitt þessu athygli, þessari fréttagrein, og hefur þegar gert ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir, að uppboðið fari fram.

Þetta uppboð, sem ýmsum mun annars þykja tiltölulega meinleysislegt, mun því ekki fara fram.

Á 46. fundi í Sþ., 9. maí, utan dagskrár, mælti

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég sá í gær, að hæstv. utanrrh. var kominn hér í þinghúsið, og hafði gert mér vonir um, að hann yrði hér í dag, en heyri nú, að hann muni ekki koma til þings í dag af heilsufarsástæðum. Ef lengra hefði verið eftir af þingtíma, hefði ég, þar sem ég ætlaði að beina máli mínu til hæstv. utanrrh., heldur kosið að fresta að flytja þetta mál mitt, sem ég tel vera nokkuð alvarlegt mál, þangað til hann væri viðstaddur, en held, að það sé eins gott, að honum berist þá mitt mál, svo að hann geti gefið svar við því, t. d. á næsta fundi, þegar hann gæti verið hér að þingstörfum, enda er nú hæstv. forsrh. viðstaddur og aðrir ráðherrar, svo að ég vænti þess, að þeir af góðvild beri honum það, að ég hafi beint máli mínu til hans.

Þetta mál, sem ég ætlaði að vekja athygli hæstv. utanrrh. á, er um það, að setuliðið á Keflavíkurflugvelli hefur nú upp á síðkastið traðkað mjög á rétti íslenzkra verkalýðssamtaka, að því er snertir það atriði að hafa trúnaðarmenn á vinnustöðum, og flæmt hvern á fætur öðrum þessara trúnaðarmanna þaðan í burtu. Þetta kom fyrir sem einstök tilfelli fyrr á tíð, en nú upp á síðkastið virðist vera komið skipulag á þetta hjá þeim, þannig að þeir leggi nú stund á að hrekja hvern trúnaðarmann verkalýðssamtakanna á brott. Það hefur verið reynt að fá réttingu þessara mála gegnum varnarmáladeild utanrrn., en það hefur ekki borið árangur, og nú er komið svo, að Alþýðusambandið treystist ekki til að tilnefna trúnaðarmenn, þar sem nokkurn veginn má telja víst, að viðkomandi trúnaðarmanni yrði þá fljótlega sagt upp starfinu.

Seinustu dæmin um þessa árás setuliðsins á Keflavíkurflugvelli á trúnaðarmenn verkalýðssamtakanna, skipaða samkv. ákvæðum vinnulöggjafarinnar, eru þessi:

Seint í júnímánuði s. l. barst Alþýðusambandinu bréf, dags. 19. júní 1958, undirritað af 22 starfsstúlkum hjá Iceland Central Exchange á Keflavíkurflugvelli. Í bréfinu var þess óskað, að Ivonna Berglund verði lögum samkvæmt kjörin trúnaðarmaður á vinnustaðnum. Þessu bréfi var svarað munnlega á þá leið, að óskað væri eftir ábendingu um annan trúnaðarmann til viðbótar, þar sem vinnuveitandinn ætti rétt á því að velja á milli tveggja. Í framhaldi af þessu barst svo Alþýðusambandinu annað bréf frá starfsstúlkunum, dags. 21. júlí, þar sem greint er frá kjöri þeirra Ivonnu Berglund og Ragnhildar Ericsen og borin fram ósk um það, að Alþýðusambandið sjái um, að önnur hvor þeirra fái löglega útnefningu sem trúnaðarmaður. Að svo komnu máli ritaði Alþýðusambandið bréf til varnarmálanefndar, dags. 28. júlí, þar sem óskað var eftir, að önnur hvor þessara stúlkna væri tilnefnd sem trúnaðarmaður. Bréf þetta mun hafa verið lagt fram á fundi varnarmálanefndar 29. júlí. Tveim dögum síðar, hinn 31. júlí, var þeim Ivonnu Berglund og Ragnhildi Ericsen báðum sagt upp störfum bréflega með þriggja mánaða fyrirvara. Þær höfðu verið starfsmanneskjur þarna árum saman, og tveimur dögum eftir, að tilnefning þeirra sem trúnaðarmanna hafði verið rædd hjá varnarmálanefnd, er þeim báðum sagt upp og engum öðrum stúlkum. Það er því alveg augljóst mál, að þeim er sagt upp vegna þess, að þær áttu að taka að sér að vera trúnaðarmanneskjur fyrir starfssystur sínar á þessari vinnustöð. Ýtarlegar tilraunir hafa verið gerðar til þess að fá leiðréttingu á þessu, en stúlkurnar hafa ekki náð rétti sínum.

Seinna dæmið, sem er ekki síður alvarlegt og augljóst, er í aðalatriðum á þessa leið: Hinn 21. okt. s. l. barst Jóni Magnússyni, sem starfað hefur nokkur undanfarin ár sem strætisvagnstjóri hjá setuliðinu á Keflavíkurflugvelli og jafnframt gegnt þar störfum sem trúnaðarmaður Alþýðusambands Íslands fyrir ökumenn strætisvagnanna á vellinum, uppsagnarbréf, þar sem honum er sagt upp starfi frá og með kvöldi sama dags. Vegna skyldu sinnar sem trúnaðar-

maður kom það oft í hlut Jóns Magnússonar að bera fram umkvartanir við yfirmenn setuliðsins vegna lélegs ástands strætisvagnanna og ófullnægjandi aðbúnaðar vagnstjóranna. Eitt sinn var um að ræða kæru út af því, að kolsýringur væri í vögnunum, og er það atriði stutt sterkum rökum, m. a. vottorði héraðslæknisins í Keflavík, sem skoðar einn vagnstjórann og telur hann hafa orðið fyrir kolsýringseitrun, en hann hafði þá, rétt áður en hann fór til læknisins, ekið í 3 klst. slíkum strætisvagni. Fleiri voru dæmin, að strætisvagnstjórarnir töldu lífi og heilsu stofnað í hættu með því að aka þessum vögnum í því ástandi, sem þeir voru. Bifreiðaeftirlitsmenn íslenzkir og lögreglumenn skoðuðu vagnana og komust að þeirri niðurstöðu, að kolsýrings gætti í þessum vögnum og hefði verið gerð sérstök aðgerð til þess að bæta úr öðrum ágalla, sem á vögnunum var, en hefði opnað kolsýringnum leið upp í vagnana. Í annað sinn varð Jón Magnússon, þessi umræddi trúnaðarmaður, að taka strætisvagn úr notkun vegna þess, hversu laus hann var í stýri, og taldi Jón, að vagninn væri hættulegur í umferðinni, ef ekki væri við hann gert. Þetta tilvik er einnig mjög vel rökstutt, m. a. af vottorðum. En þetta og ýmislegt fleira var síðan gert þessum trúnaðarmanni að sök og honum sagt upp starfi fyrirvaralaust, og var ætlunin, að kaupgreiðsla hans félli niður samdægurs. Mál þetta hefur verið rannsakað vandlega af varnarmálanefnd, og er mér kunnugt um, að íslenzki hluti n. er þeirrar skoðunar, að Jón Magnússon hafi verið hrakinn frá starfi eingöngu vegna skyldustarfa sinna sem trúnaðarmaður. En leiðréttingu mála sinna hefur hann enga fengið þrátt fyrir það, þó að Alþýðusambandið, lögfræðingur þess, hafi gert allt, sem unnt var, til þess að rétta hans mál, og ég þori að segja einnig hinn íslenzki hluti varnarmálanefndar, sem telur manninn sýknan af þeim sökum, sem á hann hafa verið bornar.

Brottför Jóns Magnússonar úr starfi ásamt uppsögn þeirra Ivonnu Berglund og Ragnhildar Ericsen, sem sagt var upp starfi hjá Iceland Central Exchange, eftir að þær höfðu verið formlega tilnefndar af Alþýðusambandinu til trúnaðarmannakjörs, hefur orsakað slíka hræðslu hjá íslenzku starfsfólki varnarliðsins við að taka að sér að vera trúnaðarmenn á vinnustað, að fólk á vellinum er ófáanlegt til að gegna trúnaðarmannsstörfum. Hið íslenzka starfsfólk þarna er því án trúnaðarmanna, og hefur þó sýnt sig, sérstaklega að því er snerti vagnstjórana, að það var fyllilega þörf á, að íslenzkur trúnaðarmaður gætti hagsmuna hins starfandi fólks þarna. Það gat jafnvel verið um lífshættulega aðbúð að ræða. Af hendi Alþýðusambandsins standa málin líka þannig, að það vill ekki stofna starfsfólki á vellinum í þá hættu, að því sé þegar í stað sagt upp starfi, þegar það hafi verið tilnefnt sem trúnaðarmenn, og hefur Alþýðusambandið því ákveðið að tilnefna ekki trúnaðarmenn að svo komnu, fyrr en rétting hafi fengizt á þessum málum.

Viðvíkjandi máli Jóns Magnússonar skal ég aðeins að lokum geta þess, að vottorð mjög eindregið honum í vil hefur borizt frá 22 strætisvagnstjórum á Keflavíkurflugvelli, þar sem þeir lýsa yfir, að trúnaðarmaður þeirra á vinnustað, Jón Magnússon, hafi innt trúnaðarstarf sitt af hendi af samvizkusemi og háttvísi, „enda annarra sök, hvernig sambúðin var á þessum vinnustað“, segja þeir. „Ástandi vagnanna var í mörgu mjög ábótavant, og margir þeirra voru langtímum ökeyrsluhæfir, þó að okkur hafi verið skipað að aka þeim. Við teljum því, að Jóni Magnússyni hafi verið sagt upp af þeirri ástæðu einni, að hann krafðist þess, að bifreiðarnar væru lagfærðar, þegar þær voru óökufærar og beinlínis hættulegar í akstri í mörgum tilfellum.“ Sama er niðurstaðan hjá íslenzka hluta varnarmálanefndar, að honum hafi verið sagt upp starfi eingöngu vegna þess, að hann gætti skyldu sinnar sem trúnaðarmaður.

Hæstv. utanrrh. mun vera að öllu leyti kunnugt um þessi mál. En ég taldi samt rétt bæði að gera þingheimi kunnugt um þessi mál og eins að ítreka það við hæstv. ráðh., að nú er það krafa Alþýðusambandsins, að áðurnefndir trúnaðarmenn verði tafarlaust teknir til sinna starfa aftur. Og ég heiti á hæstv. utanrrh. að taka málið upp við ambassador Bandaríkjanna hér og krefjast þess, að þessu máli verði kippt í lag. Nú er málið komið í þann farveg, að Alþýðusamband Íslands hefur leitað allra ráða til þess að vernda þessa trúnaðarmenn samkv. íslenzkum lögum og ekki fundið neinar leiðir til þess, — ástandið er orðið svo alvarlegt, þegar hið starfandi fólk er þarna trúnaðarmannslaust, að nú verður ekki komizt hjá að leita samstarfs við verkalýðsfélögin í Reykjavík um stöðvun aðflutninga á nauðsynjavörum til vallarins, ef þessu verður ekki kippt í lag. Ég tel þetta mál svo alvarlegt, að það sé full ástæða til, að hæstv. ráðh., sem málið helzt heyrir undir, viti um það, hvað til stendur og í hvaða óefni málið er að komast, áður en í sjálft óefnið er komið.

Ég vona, að þessi skýrsla mín um þetta mál berist hæstv. ráðh., og ég vænti svars hans um það á næsta fundi, þegar hann getur hér verið, hvort hann sjái sér ekki fært að taka málið upp við ambassador Bandaríkjanna, svo að komizt verði hjá því, að verkalýðsfélögin beiti stöðvunaraðgerðum gegn vöruflutningum til Keflavíkurflugvallar.

Forsrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Mér er alls ókunnugt um þetta mál og alveg sérstaklega um þau tvö sérstöku atriði, sem hv. 7. þm. Reykv. ræddi hér sérstaklega. Hins vegar mun ég að sjálfsögðu flytja utanrrh. þessi ummæli hans og það, sem þeim fylgdi, þannig að hann geti fengið tækifæri til að svara þeim, þegar hann kemur hingað aftur. En ég get ekki látið hjá líða að vekja athygli á því, að annað þessara atriða, sem hv. þm. nefndi, gerðist 29. júlí 1958 og hið síðara gerðist 21. okt. 1958, hvort tveggja í tíð hæstv. fyrrv. ríkisstj., og hefði e. t. v. verið ástæða til fyrir hana að athuga um málið þá þegar.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af niðurlagsorðum hæstv. forsrh. Við töldum alveg sjálfsagðan hlut í Alþýðusambandinu fyrstu vikurnar og mánuðina, eftir að málið hafði verið kært til sambandsins, að fram færi rannsókn á öllum málavöxtum. Það var gert. Síðan hófust bréfaskipti milli lögfræðings Alþýðusambandsins og varnarmálanefndar, og varnarmálanefnd hafði síðan, þegar hún kom málinu ekki fram, samband við hæstv. utanrrh. þáv., þann sama og nú. Hann taldi, að málið þyrfti að komast í harðari hnút en það væri þá komið, til þess að hann gæti gripið til róttækra ráðstafana til þess að rétta þetta mál. En nú tel ég málið vera komið í það óefni, að einmitt utanrrh. þurfi að horfast í augu við það, að annaðhvort verði gerðar af verkalýðsfélögunum ráðstafanir til stöðvunar á aðflutningi til vallarins eða — sem ég teldi æskilegra — að málinu yrði kippt í lag, t. d. af ambassador Bandaríkjanna hér á landi, sem stundum hefur gripið inn í mál, þegar yfirmenn vallarins hafa synjað um íslenzkan rétt að lögum. Málið hefur verið sem sé á döfinni nú til skamms tíma, og aðaluppgjörið í varnarmálanefnd hefur farið fram nú fyrir skemmstu og okkur fyrir fáum dögum borizt vitneskja um niðurstöðuna, sem er synjun af hendi amerískra hluta n., en full afstaða tekin með Jóni Magnússyni og áðurnefndum stúlkum af hinum íslenzka hluta varnarmálanefndar.

IV. Landhelgismál.

Á 7. fundi í Sþ., 5. nóv., utan dagskrár, mælti

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Svo sem kunnugt er, fór hæstv. utanrrh. á fund Sameinuðu þjóðanna, er þær voru kallaðar saman í september, til þess þar að vinna að landhelgismáli Íslendinga. Hann er nú kominn hingað til lands fyrir alllöngu og hefur á þeim degi, sem helgaður er minningu Sameinuðu þjóðanna eða haldinn þeim til heiðurs, m. a. í ýtarlegu erindi, er hann flutti, vikið að landhelgismálinu og skýrt þar frá því, að ekki væru horfur á, að tillaga Íslands um, að málið yrði afgreitt á sjálfu allsherjarþinginu, mundi hljóta stuðning. Hið sama kom fram í erindi, sem hæstv. utanrrh. hélt í flokksfélagi sínu í gærkvöld, að því er Alþýðublaðið segir frá í dag.

Það er skoðun margra þingmanna, a. m. k. sjálfstæðismanna, að vel færi á því og raunar meira en það, — að sjálfsagt sé, að þetta mál og meðferð þess sé rætt innan þingsins. Það voru horfur á því, fyrst eftir að hæstv. utanrrh. kom úr ferð sinni, að hann mundi gefa skýrslu um málið á fundi utanrmn. En síðan reyndist svo, að ekki hefur þótt kleift að setja þá n. á laggirnar, eins og lög standa til, og þeim fundi, sem þar var boðaður, til þess að ráðh. gæfi sína skýrslu, hefur nú verið frestað a. m. k. um rúmar tvær vikur, og að því er ég bezt veit, er enn óráðið, hvenær sá fundur verði haldinn.

Ég vildi því fara þess á leit fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins, að hæstv. utanrrh. gæfi þá skýrslu, sem hann hafði fyrirhugað, annaðhvort á fundi í Sþ. í almannaáheyrn eða ef hentara þykir, að skýrslugjöfin verði fyrir luktum dyrum, en hvort heldur yrði ákveðið með þeim hætti, að þm. gæfist kostur á að ræða málið og bera fram fsp. og hreyfa aths. út af meðferð þess, ef atvik þykja standa til. Eins og sakir standa, mundum við ekkert hafa við það að athuga, að fundurinn yrði haldinn fyrir luktum dyrum, ef hæstv. ríkisstj. og utanrrh. kjósa það heldur. En við teljum, að það megi ekki dragast, að til slíks samráðs hæstv. utanrrh. við þingheim sé stofnað.

Á 20. fundi í Nd., 13. nóv., utan dagskrár, mælti

Ólafur Thors: Herra forseti. Ég hef leyft mér að kveðja mér hljóðs utan dagskrár í tilefni af atburðum, sem gerðust í gær í sambandi við fiskveiðar Breta innan íslenzkrar landhelgi. Í blöðunum í dag er sagt frá þessum atburðum eftir tilkynningu frá landhelgisgæzlunni á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Laust fyrir hádegi í dag kom varðskipið Þór að brezka togaranum Hackness FD-120, þar sem hann var staddur 2.5 sjómílur frá landi skammt suður af Látrabjargi.

Togarinn var með ólöglegan umbúnað veiðarfæra, og gaf varðskipið honum þegar stöðvunarmerki. Togarinn sinnti ekki stöðvunarmerkjum Þórs og hélt til hafs. Skaut varðskipið þá nokkrum lausum skotum að hinum brezka togara. Þar sem sýnt þótti, að togarinn ætlaði ekki að stanza, skaut varðskipið einu föstu skoti að honum, og kom skotið í sjóinn rétt fyrir framan stefni hans. Stöðvaði togarinn þá þegar ferðina.

Brezka freigátan Russell var þarna í nágrenninu. Tilkynnti skipherrann á Þór skipherra Russells um málavexti, en hann bað skipherrann á Þór að fresta frekari aðgerðum. Kvað hann togarann hafa verið utan 4 sjómílna markanna og bannaði Þór öll afskipti af honum.

Skipherranum á Russell var boðið, að Þór færi með togarann í var upp undir land og væri þá hægt að ræða málið. Skipherrann á Russell neitaði því, og fóru nú nokkrar orðsendingar milli skipherranna. Tilkynnti Eiríkur Kristófersson skipherra á Þór skipherranum á Russell að lokum, að hann teldi sig hafa fullan rétt til þess að setja menn yfir í togarann og færa hann til hafnar. Svaraði skipherrann á Russell því með eftirfarandi orðsendingu:

„Ef þið skjótið á togarann, þá sökkvum við ykkur."

Kom skipherrunum saman um, að Russell fengi að tilkynna yfirboðurum sínum í London

um málavöxtu, og lofaði hann jafnframt að sleppa togaranum við Þór, ef hann fengi jákvætt svar.

Laust fyrir kl. 20 barst svo skeyti frá Lundúnum til herskipsins Russells með fyrirmælum um meðferð málsins. Segir þar, að fjallað verði um mál togarans eftir venjulegum diplómatískum leiðum. Skipið eigi að sigla tafarlaust til Lundúna, og beri Russell að sjá um, að íslenzk varðskip hefti ekki för þess."

Ef þessi skýrsla er rétt, og ég hef enga ástæðu til að vefengja, að svo sé, þá er hér um ákaflega alvarleg tíðindi að ræða.

Við, sem hér erum staddir, efumst ekkert um það, að Eiríkur Kristófersson skipherra á Þór segi satt frá um, að sökudólgurinn, sem hér um ræðir, hafi verið staðinn að broti 2½ sjómílu frá landi.

Og það raskar ekki trú okkar á sannleiksgildi þeirra ummæla, að skipherrann á Russell telur, að skipið hafi verið fyrir utan svokallaða 4 mílna línu. Ég segi: Sé hér satt og rétt frá sagt, sem við drögum ekki í efa, þá er það staðreynd, að brezkt skip er staðið að broti á landhelgislögunum, ekki eingöngu innan hinnar nýju 12 mílna línu og ekki eingöngu innan 4 mílna línunnar, sem Bretar hafa þó í raun og veru viðurkennt í verki, heldur einnig innan 3 mílna línunnar, sem Bretar sjálfir lengst af vildu halda fast í. Brotið er framið 2½ sjómílu frá landi.

Þegar svo íslenzka lögreglan á hafinu ætlar að gera skyldu sína gagnvart sökudólg, sem staðinn er þannig og þarna að broti, þá fær hún tilkynningu um það frá brezka vopnavaldinu úti fyrir ströndum Íslands, að ef hún hafist að, verði hið íslenzka varðskip skotið niður.

Við skulum taka umbúðirnar af þessu alveg. Og þá er sannleikurinn þessi:

Við Íslendingar erum í bandalagi, við erum í fóstbræðralagi við margar aðrar þjóðir. Ein hin voldugasta þeirra í Evrópu, Bretinn, segir við okkur:

Ef við fáum ekki að brjóta lög ykkar, þau lög, sem þið eigið líf ykkar undir að í heiðri séu haldin, þá hikum við ekki við að drepa ykkur. Við hótum ekki með neinu öðru en að skjóta niður skipin, þótt það kosti að drepa skipverja, fleiri eða færri.

Það er þetta, sem skipherrann á Russell tilkynnir okkur.

Og þó er þetta ekki það alvarlegasta. Það voveiflegasta er, að þegar sjómaðurinn hikaði, tóku þeir, sem honum eru valdameiri, af skarið. Á örlagastundinni runnu tvær grímur á skipherrann á Russell. Hann skaut ekki, heldur spurði hann sjálfan sig: Getur það hugsazt, að ég eigi að gera þetta? Er það ekki líklegt, að ég hafi ofmælt mig? Er ekki varlegra, að ég beri mig saman við yfirmenn mína, brezku stjórnina? Og íslenzki skipherrann segir: Jú, ger þú það, ger þú það. Hann gerði það og svarið kom. Takið eftir því, að skipherrann tilkynnir brezku ríkisstjórninni alla málavexti og spyr, hvað hann eigi að gera. Svarið kemur og segir, að fjallað verði um mál togarans eftir venjulegum diplómatískum leiðum. Skipið eigi að sigla tafarlaust til Lundúna og beri Russell að sjá um, að íslenzk varðskip hefti ekki för þess.

Þegar skipherrann er búinn að tilkynna brezku stjórninni, að hann hafi hótað að skjóta niður íslenzka varðskipið og jafnvel drepa mennina, sem á því eru, og spyr brezku stjórnina, hvað hann eigi að gera, þá segir brezka stjórnin: Þú átt umfram allt — og kosti hvað sem kosta vill — að hindra það, að brezka skipið verði tekið. Þetta eru fyrirmælin.

Skipið á að fara til London, og þar verður fjallað um mál togarans „eftir venjulegum diplómatískum leiðum". Getur einhver úr hæstv. ríkisstj. sagt mér, hverjar þessar venjulegu diplómatísku leiðir séu? Eru til nokkrar diplómatískar leiðir í þessum efnum? Segjum, að brezkur sjómaður brytist inn hérna í Reykjavíkurapótek og íslenzk lögregla kæmi á vettvang, stæði hann að verki fyrir þjófnað og innbrot og ætlaði að handtaka hann. Brezkt herskip væri hér í höfninni. Hugsum okkur, að hermenn kæmu í land og segðu: Hér eru byssurnar — fallbyssurnar eru rétt við — hérna eru skammbyssurnar. Sleppið manninum undireins. Við verðum að fara með hann til London, og þar verður „eftir venjulegum diplómatískum leiðum" dæmt, hvort hann hafi brotið íslenzk lög.

Ég þekki ekki þessar aðferðir. Ég þekki þær einar leiðir, að ef maðurinn er staðinn að broti og lögreglan tekur hann, þá sé farið með hann eftir venjulegum lagareglum og maðurinn dæmdur eftir íslenzkum lögum, hvort heldur hann er brezkur eða íslenzkur. Eru það kannske dr. Kristinn og Selwyn Lloyd, sem eiga að ákveða þessar „diplómatísku leiðir", sem á að dæma skipið eftir?

Ég veit ekki, hvort menn gera sér jafnljóst og ég fyrir mitt leyti geri, út í hvaða hroðalegt óefni er komið, hversu langt hér er gengið og hversu botnlausa fyrirlitningu fyrir öllu velsæmi þetta athæfi Breta sýnir.

Segjum, að skipið hefði verið fyrir utan 4 mílna línuna, þá má kannske um þetta deila frá þeirra sjónarmiði. En hver getur deilt um það, þegar skipið er innan 3 mílna línunnar, að við höfum, einnig að dómi Breta, skýlausan rétt til að taka það? Og hver getur deilt um það, að þegar stóri bróðir segir: Ef þú ætlar að taka skipið, þá ætla ég að skjóta þig í kaf, — hver getur þá deilt um það, að það sé villimennska?

Ég skal nú reyna að láta ekki þessi hroðalegu tíðindi draga neitt úr því, að okkur takist að fara skynsamlega að ráði okkar í þessum efnum. En ég segi: Sé þessi skýrsla sönn, og ég hef enga ástæðu til að vefengja, að hún sé sönn, þá vil ég leyfa mér af þessu tilefni í nafni Sjálfstæðisflokksins að óska þess, að ríkisstjórn Íslands beri tafarlaust fram kröfu um, að þegar í stað verði kallaður saman fundur æðstu manna NATO-ríkjanna, svo sem ráð er fyrir gert í sáttmála Atlantshafsbandalagsins, þegar svipað stendur á og þótt minna tilefni væri, til þess að Bretar verði þar hindr-

aðir í hernaðaraðgerðum hér við land nú þegar og þannig verði girt fyrir, að næstöflugasti fóstbróðirinn í bandalagi NATO-þjóðanna drepi þegna minnsta bróðurins og hins eina þeirra, sem er vopnlaus.

Krafa okkar er sú, að girt verði fyrir þessa hroðalegu hættu án þess, að það þurfi að leiða lík íslenzkra sjómanna sem vitni um ofbeldisaðgerðir Breta gagnvart Íslendingum.

Ég leyfi mér að óska eftir umsögn hæstv. utanrrh. um þetta mál og hvað stjórnin hefur í hyggju að gera í tilefni af því.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Hv. þm. G-K. hefur gert að umræðuefni þá atburði, sem gerðust í gær í landhelgismálunum. Það, sem hann sagði um það mál og mælti eðlilega fyrst og fremst til brezku íhaldsstjórnarinnar, álít ég að sé hvergi ofsagt. Þessir atburðir eru svo alvarlegir, að ég álít, að þau orð, sem hann lét um þau falla, séu ekki ofsögð að neinu leyti, þó að þetta sé að vísu framhald af því, sem við höfum átt að venjast, og stigið skrefi lengra en áður hefur verið stigið.

Bráðabirgðaskýrsla um þennan atburð barst í gærkvöld seint til mín.

Ég kallaði þann mann, sem hefur forustu um framkvæmd þessara mála með höndum í fjarveru Péturs Sigurðssonar framkvæmdastjóra landhelgisgæzlunnar, á minn fund í morgun til þess að fá kannaðar þær skýrslur, sem fyrir lágu, og ég get staðfest það, að eftir þeim skýrslum, sem ég hef fengið ýtarlegastar, er rétt sagt frá þessu máli opinberlega og á réttum frásögnum byggt í ummælum hv. þm. G-K.

Ég sendi að sjálfsögðu afrit af þessum skýrslum til utanrrn. þegar í morgun, og verður haldinn fundur í ríkisstj. í dag um málið, eftir að nú hafa verið sannprófaðar þær skýrslur, eftir því sem við bezt getum, sem fyrir liggja í málinu. Ég get þess vegna ekki á þessu stigi svarað því, hvað kann að verða gert í málinu. Það er auðvitað alveg rétt, sem hv. þm. sagði, að það er fjarstæða að tala um, að það verði gert út um mál hins seka skipstjóra að venjulegum diplómatiskum leiðum. Þær venjulegu leiðir til þess að afgera mál sökudólga eru íslenzkir dómstólar, sem eiga um þau að fjalla. Þessi ummæli eru þess vegna, að því er ég bezt fæ séð, þó að það sé ekki mitt að skýra það, sem brezka ríkisstj. segir, en eftir því sem maður bezt fær séð, er þetta ekkert annað en venjulegur, lítilmótlegur fyrirsláttur til þess að segja eitthvað undir þeim kringumstæðum, þegar erfitt er að segja nokkuð.

Það er þess vegna ekki öðru að svara í þessu máli nú heldur en því, sem ég hef þegar svarað. Hvort viðbrögðin verða þau, sem hv. þm. hefur stungið upp á, eða önnur, get ég ekki sagt, fyrr en málið hefur verið rætt í ríkisstj. Það kemur vitanlega ýmislegt fleira til greina. En það er ágætt, að þessu máli hefur verið hreyft og að hv. þm. hefur látið í ljós skoðanir sínar á málinu. Það gleður mig, að það sýnir, að um þetta mál og þessa framkomu eru ekki skoðanir skiptar, að ég álít, hér á Alþingi.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur í rauninni þegar sagt allt í þessu máli, sem segja þarf.

Ég fékk fyrst að vita um þessa atburði síðari hluta dags í gær, en þá lá ekki fyrir skýrsla skipherrans á hinu íslenzka varðskipi. Afrit af þeirri skýrslu barst mér fyrst rétt fyrir hádegið í dag, og ég hef því aðeins haft tækifæri til að líta yfir hana lauslega, en ekki haft aðstöðu til að athuga málið nánar. Kemur fram í skýrslunni, að frásögnin, eins og dagblöðin hafa hana eftir skipverjum af íslenzka varðskipinu, virðist vera rétt.

Ekki þarf að taka fram, hversu alvarlegir þessir atburðir eru, til hvers þeir geta leitt og við hverju við megum búast í framtíðinni, ef svo fer sem okkur hefur verið ógnað með á þessari stundu. Þetta er að sjálfsögðu ástand, sem Ísland getur ekki unað við. Verðum við að grípa til allra þeirra ráða, sem við vitum bezt eftir nána athugun, til þess að koma í veg fyrir, að atburðir eins og þessir endurtaki sig og að það ástand haldist lengur, sem verið hefur hér við ströndina síðan 1. sept. Hvaða leiðir verður heppilegast að fara, skal ég ekki segja um á þessu augnabliki. Málið er ekki nógu vel athugað til þess. En eins og hæstv. forsrh. sagði áðan, mun verða haldinn fundur í ríkisstj. um málið síðar í dag, og ég vildi mega bæta því við, að það er ósk mín, að hægt verði að hafa samráð og samstarf við utanrmn. í heild um málið og að ekki þurfi að koma til þess, sem tvisvar hefur komið fyrir á þessu þingi, að orðið hefur að fresta fundum utanrmn. af vissum ástæðum.

Ég tel fyrir mitt leyti, að eftir að ríkisstj. hefur rætt málið og athugað, þá sé æskilegast, að fundur verði haldinn í utanrmn. og málið tekið þar einnig fyrir til meðferðar með það fyrir augum að fá samstarf um meðferð málsins á sem breiðustum grundvelli.

Ólafur Thors: Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. forsrh. fyrir ummæli hans út af því, er ég áður sagði um málið. Ég viðurkenni fyllilega, að það er ekki hægt að ámæla honum né hæstv. ríkisstj. fyrir að vera ekki reiðubúin endilega á þessari stundu til að kveða upp úr um málið. Ég verð að játa það, að ég vissi ekki sjálfur um þetta, fyrr en ég sá það í blöðunum í morgun. Það gleður mig, að bæði hjá honum og hæstv. utanrrh. kom fram fullur skilningur á þessum alvarlegu tíðindum og á því, að nú er full þörf skjótra viðbragða.

Ég vona, að á fundi hæstv. ríkisstj. í dag verði málið rætt, eins og hæstv. forsrh. sagði frá. Ég býð einlægt samstarf við Sjálfstfl. um málið. Það er fyllilega tímabært, og ekkert hefur sannað okkur það betur en einmitt þessir atburðir, að nauðsyn býður, að við slíðrum vopnin og tökum höndum saman í þessu máli, þó að annað beri á milli og hljóti að bera á milli.

Ég hygg ekki, að það sé rétt eða hyggilegt hjá hæstv. utanrrh. að vilja endilega beina málinu á þessu stigi til utanrmn. Það er kunnugt, að á milli sjálfstæðismanna og annarra í

n. — eða hv. stjórnarliðs — hefur ríkt ágreiningur um það, hvort n. eigi að starfa, fyrr en búið er að skipa hana löglega eða breyta lögum. En það er vel hægt að vinna að málinu, þótt það sé ekki formlega gert í utanrmn., með þeim mönnum, sem stjórnin kveður sér til aðstoðar úr sínu liði. Og ég endurtek, að við sjálfstæðismenn erum reiðubúnir til þess að leggja okkar lið fram til allra ráðlegginga, bollalegginga og ákvarðana út af þessu máli, og mælist ég til, að samstarf um það geti verið algerlega miðað við það eitt, sem sómi Íslendinga og nauðsyn býður.

Utanrrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Ég met mikils og þakka það samstarf, sem hv. þm. G-K. hefur boðið fram. Hins vegar harma ég, að tiltölulega þýðingarlítill ágreiningur um kosningu undirnefndar í utanrmn. skuli verða til þess, að Sjálfstfl. sjái sér ekki fært að hafa eðlilegt samstarf við stjórnarflokkana í utanrmn. um málið. Ég vil í því sambandi benda á, að komið er fram á þingi frv. um að afnema undirnefndina. Stjórnarflokkarnir standa allir að því frv., og Sjálfstfl. hefur lýst því yfir, að hann muni ekki greiða atkv. gegn því. Það er þess vegna vitað, að þetta frv. verður samþykkt á næstu dögum, og það verður varla seinna en í næstu viku, ef allt gengur með eðlilegum hætti, að undirnefndin verður afnumin með lögum.

Það er þess vegna vægast sagt mjög leitt til þess að vita, að hv. þm. G-K. skuli ekki vilja hafa eðlilegt samstarf við stjórnarflokkana innan utanrmn. út af þessum tiltölulega þýðingarlitla ágreiningi, sem sannast sagna er orðinn heldur broslegur, þegar vitað er, að þessi undirnefnd verður afnumin eftir fáa daga.

Ég vildi mælast til þess, að þessi hv. þm. fyrir hönd síns flokks taki þessa afstöðu sína til endurskoðunar. Hver sem niðurstaðan verður hjá honum í þeim efnum, þá tel ég sjálfsagt, að allir stjórnmálaflokkarnir hafi samstarf og samráð um það, hvernig við vandanum verður brugðizt í málinu.

Ólafur Thors: Herra forseti. Út af þessum ummælum hæstv. utanrrh. segi ég: Í guðs almáttugs bænum, reynum ekki að vera að flækja þetta mál með neinum aukaatriðum. Ég skal kenna honum ráðið til að ná í alla þessa spekinga, sem virðast vera þeir einu spekingar, sem stjórnin getur sætt sig við, þ. e. a. s. utanríkismálanefndarmennina. Hann getur kvatt þá menn sér til ráðuneytis, sem eru í stjórnarliðinu, hvort sem þeir eru kallaðir utanríkismálanefndarmenn eða bara menn. Og ég skal sjá um, að sá maður Sjálfstfl., sem er hér á landi og er meðlimur í utanrmn., mæti þar líka. Ég get því miður ekki í bili tryggt, að hinn meðlimur Sjálfstfl. í þessari n. mæti, því að hann er í opinberum erindum erlendis.

Ef við viljum miða jafnbeint á markið og Bretinn ætlaði að miða á okkar skip og menn, þá deilum ekki um smámunina, köllum saman mennina, sem þið viljið tala við. Ég skal sjá um, að mér jafngildur maður a. m. k. komi með mér á þann fund af hendi Sjálfstæðisflokksins, og þá held ég, að við náum þeim tilgangi, sem fyrir okkur vakir, að reyna að miða allir á eitt og hitta.

Á 62. fundi í Nd., 26. jan., utan dagskrár, mælti

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að bera hér fram fsp., sem ég ætlaði að beina til hæstv. dómsmrh., í sambandi við störf landhelgisgæzlunnar. Ég sé nú, að hæstv. ráðh. er ekki mættur, en hins vegar er mættur hér í d. hæstv. forsrh., svo að ég vildi leyfa mér að mega beina fsp. minni þá til hans í staðinn.

Fsp. mín er í tilefni af því, að frá því hefur verið skýrt nýlega í útvarpi og blöðum, að skipherrann á varðskipinu Þór hafi gert samning við flotaforingjann Anderson á einu af brezku herskipunum, sem hér eru við land, um sérstakar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir skemmdir brezkra togara á veiðarfærum íslenzkra báta. Mér þótti fregn þessi, eins og hún er birt í blöðum, harla athyglisverð, og ég vildi gjarnan fá hér nokkru nánari upplýsingar um, hvað hér hefur raunverulega verið að gerast. Í tilefni af því vildi ég sérstaklega beina þeirri fsp. til hæstv. dómsmrh., sem ég sé að nú er kominn í d., hvort hann vildi ekki kynna hér fyrir þingheimi, hvaða samkomulag raunverulega hefur átt sér stað milli íslenzku landhelgisgæzlunnar og fulltrúa hinna erlendu skipa, sem hér eru að brjóta íslenzk landhelgislög. Í fréttinni er skýrt frá því, — ég styðst hér við frásögn í Mbl., — þar er sagt um það, sem þarna hafi gerzt, á þessa leið:

„Tók Eiríkur það fram, eftir að hann var kominn um borð í hið brezka herskip til viðræðu við flotaforingja þar, að eingöngu hefði verið rætt um ráðstafanir til að vernda veiðarfæri vertíðarbátanna án hliðsjónar af því, hvort þau liggja í sjó innan eða utan 12 mílna landhelginnar."

Samkv. fréttinni er nánar sagt, að skipherrann á íslenzka varðskipinu hafi tekið að sér að koma því til íslenzku bátanna, að þeir forðist að leggja veiðarfæri sín í sjó í veg fyrir togara, þar sem þeir eru að veiðum fyrir.

Nú vildi ég í tilefni af þessu spyrja: Er það rétt, sem þessi frétt virðist bera með sér, að samið hafi verið við hinn brezka flotaforingja um það, hvernig íslenzkir bátar skyldu leggja veiðarfæri sín í sjó innan 12 mílna landhelgi Íslands? Getur það átt sér stað, að íslenzka landhelgisgæzlan standi í samningum við brezka flotaforingjann um það, hvernig bátar okkar hafi leyfi til þess að leggja veiðarfæri sín í sjó innan okkar lögákveðnu landhelgistakmarka? Slíkt væri vítanlega, ef satt væri, mjög fráleitt og væri þar horfið inn á þá braut að fara að semja við yfirgangsmennina af okkur þann rétt, sem við teljum að við eigum alveg ótvírætt.

Þá vildi ég einnig spyrjast fyrir um það í tilefni af þessu, hvort bátum okkar hafi verið

settar einhverjar reglur um það, hvernig eða hvar þeir megi leggja veiðarfæri sín í sjó utan 12 mílna svæðisins, því að það er vitanlega ekkert samningamál við Breta, hvar við Íslendingar megum leggja okkar veiðarfæri í sjó, einnig fyrir utan 12 mílna mörkin.

Eins og kunnugt er, þá eru til gildandi reglur, sem Bretar eru aðilar að með okkur og fjöldamörgum öðrum þjóðum, að togurum og öðrum slíkum skipum beri skylda til þess að virða rétt þeirra aðila, sem lagt hafa veiðarfæri í sjó þar fyrir, sem þeir koma að, og það er með öllu óheimilt fyrir togskip að fara með veiðarfæri sín yfir þau veiðarfæri, sem liggja í sjó, svo framarlega sem veiðarfærin eru eðlilega merkt, þannig að kleift sé fyrir togskipið að forðast þau.

Það, sem okkur ber að gera í þessum efnum, er vitanlega aðeins að halda því fast að okkar veiðiskipum, að þau setji glögg merki á veiðarfæri sín, það liggi alveg ljóst fyrir, hvar veiðarfærin eru í sjó, og Bretar verði síðan að halda sér að fullu og öllu við þá samþykkt, sem þeir eru aðilar að, að virða rétt þeirra, sem á undan eru komnir á miðin og eiga þar veiðarfæri fyrir liggjandi í sjó. Síðan hljótum við vitanlega að halda því fram, að það séu ný lögbrot af hálfu Breta, ef þeir ætla að toga á óleyfilegan hátt, brjótandi þessa samþykkt líka, yfir þau veiðarfæri, sem löglega liggja í sjó.

Í tilefni af þessu vil ég ítreka þá ósk mína að fá upplýsingar nánar um þessa frétt, en vara að öðru leyti við því, að á nokkurn hátt sé farið inn á þá braut, að íslenzk stjórnvöld fari að semja við yfirmenn herskipanna, sem hafa ráðizt gegn okkur með ofbeldi og brjóta okkar lög, varðandi veiðar íslenzkra skipa hér við land, því að slíkt gæti verið hættulegt fyrir okkar landhelgismál.

Ég ítreka svo ósk mína til hæstv. dómsmrh. um það að upplýsa hér fyrir þingheimi nokkru nánar, hvað þarna hefur raunverulega verið að gerast.

Dómsmrh. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Hv. 2. þm. S-M. spyrst fyrir um það, hvort samið hafi verið um, hvar íslenzkir bátar megi leggja veiðarfæri sín innan 12 mílna fiskveiðilandhelgi, og hvort slíkir samningar hafi verið gerðir milli foringja íslenzka varðskipsins Þórs og brezks flotaforingja.

Það er rétt, að viðræður fóru fram milli þessara aðila nú fyrir nokkru. En ég staðhæfi, að samningar um það, hvernig íslenzkir bátar megi leggja veiðarfæri sín innan 12 mílna fiskveiðilandhelgi, hafa ekki átt sér stað, enda hefði það að sjálfsögðu verið fjarstæða og markleysa, og foringi varðskipsins hefur engar heimildir til að gera slíka samninga.

Í öðru lagi er spurt, hvort settar hafi verið reglur um það, hvar íslenzkir bátar megi leggja veiðarfæri í sjó utan 12 mílna fiskveiðilandhelginnar. Það hefur ekki heldur verið gert og ekkert um þetta samið við hinn brezka flotaforingja.

Það er vitað mál, að það hefur því miður æði oft viljað við brenna, að erlend veiðiskip hafa farið með veiðarfæri sín yfir veiðarfæri íslenzkra báta hér í kringum land og skemmt þau eða eyðilagt. Viðtal það, sem átti sér stað milli Eiríks Kristóferssonar og flotaforingjans brezka, var einungis um það að reyna að bægja frá þeirri hættu, sem stöðugt vofir yfir um slíkar skemmdir á veiðarfærum bátanna okkar. Viðtal þeirra snerist eingöngu um þetta. Þar var ekki verið að ræða um veiðarfærin innan 12 mílna landhelginnar, heldur fyrir utan, eða e. t. v. væri réttara að orða þetta þannig, að landhelgislínu bar ekki á góma í því efni, enda stóð það ekki til. Niðurstaðan af þessum viðræðum varð sú, eftir því sem mér hefur verið tjáð, að brezki flotaforinginn hét því að áminna brezku veiðiskipin um að fara með varúð í grennd við bátana og gæta þess að skemma ekki veiðarfæri þeirra, enda er þá til þess ætlazt, að veiðarfæri íslenzku bátanna séu sómasamlega merkt, þannig að auðveldara sé að vekja á þeim athygli.

Þetta er allt og sumt, sem ég get upplýst í þessu máli, og eftir því sem ég bezt veit, er þetta allt og sumt, sem fór fram milli þessara aðila í þessu viðtali nú fyrir fáum dögum.

Lúðvík Jósefsson: Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir það, sem hann hefur hér upplýst um þetta mál. Mér þykir ljóst af því, sem hann hefur hér sagt, að þær fréttir, sem hafa verið birtar í útvarpi og blöðum, séu staðlausar með öllu og í rauninni alveg gripnar úr lausu lofti. Ber þá vitanlega að mótmæla þeim.

Í þessum fréttum greindi útvarpið frá því og stendur í blöðunum, að eftir að þeir hefðu gert með sér samkomulag, skipherra íslenzka skipsins og hinn erlendi flotaforingi, þá birti hinn erlendi flotaforingi það brezka flotanum. Í tilkynningunni frá honum var ýtarlega greint frá samkomulaginu, sem þeir gerðu sín á milli, er sagt. En ef samkomulagið er ekki varðandi það, hvernig íslenzk skip leggja sín veiðarfæri innan 12 mílna landhelginnar og ekki heldur utan 12 mílna landhelginnar, þá er mér alveg hulið, hvaða ýtarlegt samkomulag hefur verið gert. Það er svo mál út af fyrir sig, að það eru ákaflega óviðkunnanleg vinnubrögð, að íslenzki varðskipsstjórinn fari um borð í eitt af þessum herskipum til þess að ræða þar við flotaforingja um þessi mál.

Eins og ég benti á, er vitanlega frá okkar hálfu ekkert annað í þessum málum að gera en það, að við eigum að brýna fyrir okkar mönnum, að þeir haldi alþjóðalög og reglur í þessum efnum, þeir merki sín veiðarfæri á eðlilegan hátt, og síðan verðum við vitanlega að ganga eftir því, að þeir, sem standa að þessum samþykktum, haldi þær, og kæra þá ella. Það er alveg rétt, að það hefur vitanlega oft komið fyrir, að bæði erlendir togarar og innlendir hafa lent í veiðarfærum íslenzkra báta. Og það er alveg sama, hvernig veiðarfærin verða merkt, það verður ekki hægt að koma algerlega í veg fyrir þetta, því að þar sem er um að ræða veiði skipa í náttmyrkri, getur verið mjög erfitt að ætla að fyrirbyggja,

að togskip kunni að lenda í veiðarfærum báta. Slíkt hefur æði oft hent, og milli Íslendinga innbyrðis er það svo, að komi það fyrir, að togari lendi í veiðarfærum báta, þá er hann bótaskyldur og mjög algengt, að bátar fái fullar bætur fyrir veiðarfæratjónið, og sama er vitanlega að segja um erlenda togara.

Samkvæmt því, sem hæstv. dómsmrh. hefur hér sagt, liggur fyrir, að það hefur ekkert samkomulag verið gert um það, hvernig íslenzkir bátar leggja sín veiðarfæri, hvorki innan né utan landhelginnar, og vil ég í tilefni af því og þessum fréttum óska eftir því, að frá ríkisstj. hálfu sé þessum fréttum mótmælt sem staðlausum, því að það er sýnilegt, að þá eru þessar fréttir rangar.

Á 24. fundi í Sþ., 4. febr., utan dagskrár, mælti

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ríkisstj. og þá fyrst og fremst til hæstv. dómsmrh., hvað ríkisstjórnin hafi hugsað sér að gera út af því, sem gerzt hefur nú nýlega út af Loðmundarfirði, að brezk herskip hafa með hótunum um beitingu vopnavalds hindrað íslenzkt varðskip í því að framfylgja íslenzkum lögum innan íslenzkrar landhelgi og það meira að segja innan gömlu landhelginnar. Þetta er í annað skiptið, sem það kemur fyrir, síðan í nóv. í haust, að brezk herskip hóta með því að skjóta á okkar varðskip og það meira að segja innan gömlu landhelginnar.

Ég býst við, að allir hv. þm. séu mér sammála um, að það er óþolandi fyrir íslenzku þjóðina að láta svona hluti gerast án þess að grípa til einhverra aðgerða, sem sýni, að alvara sé á bak við hjá henni. Ég álít þess vegna, að það væri nauðsynlegt, ef hæstv. ríkisstjórn hefur ekki þegar myndað sér ákveðna skoðun í þessu efni, sem hún gæti kunngert þingheimi, að haft yrði samráð við þingflokkana í utanrmn. eða á annan hátt til þess að ráðgast um þær ráðstafanir, sem gera bæri. Mín skoðun er sú, að það ætti að byrja með því að kalla sendiherra Íslands í London heim nú þegar til þess að láta Breta og brezku ríkisstjórnina vita, að við látum ekki bjóða okkur svona framferði. Þeir hafa nú meira að segja látið okkur bíða í tvo sólarhringa, meðan brezka ríkisstjórnin virðist vera að þinga um það, hvort hún ætli sér að gera nokkuð út af því, þótt hennar herskip hafi ráðizt á okkur, — og við erum bara látnir bíða, ekkert tilkynnt. Ég held, að við verðum að hafa alla gát á, að við ekki með aðgerðaleysi gagnvart svona atburðum bökum tjón okkar málefni, sem við stöndum saman um. Ég vildi þess vegna eindregið óska þess, að hæstv. dómsmrh. gæti tjáð okkur nú, hvað ætlun hæstv. ríkisstj. væri að gera út af þessari árás á íslenzka landhelgi.

Dómsmrh. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. spyrst fyrir um það, hvað íslenzka ríkisstj. hyggist gera út af atviki því, sem gerðist nú á dögunum fyrir Austurlandi, þegar brezk herskip hindruðu íslenzkt varðskip við gæzlustörf, og skipin öll þrjú, þ. e. a. s. brezki togarinn, sem þarna var um að ræða, ásamt brezku herskipi og íslenzku varðskipi, bíða enn átekta á þeim slóðum.

Ég get ekki svarað þessu á aðra lund en þá, að að svo komnu sýnist ekki um að ræða annað í bili en að bíða átekta. Það er gert ráð fyrir, að úr þessu verði skorið alveg á næstunni, — er e. t. v. búið á þessari stundu, ég veit það ekki; það var ekki búið um hádegisbil. Úr því verður skorið á næstunni, hversu með þetta mál fer, hvort herskipið sleppir togaranum við varðskipið ellegar það hindrar, að íslenzk lög nái yfir hann að ganga. Að svo komnu hafa ekki verið teknar ákvarðanir um aðgerðir í þessu máli, heldur bíða átekta og sjá, hvernig þessum þætti málsins lyktar, sem hlýtur að verða innan mjög skamms tíma og væntanlega í dag.

Eysteinn Jónsson: Ég vil fyrir mitt leyti leggja hina mestu áherzlu á, að hæstv. ríkisstj. taki upp fundarhöld með utanrmn. um það, hvað gera skuli út af þessu atviki og í þessu vandamáli yfirleitt. Ég legg hina mestu áherzlu á, að haft verði samráð við alla flokkana í þinginu í gegnum utanrmn. um það, hvaða ráðstafanir skuli gera, og er það í framhaldi af þeirri stefnu, sem minn flokkur, Framsfl., hefur um þetta mál haft frá öndverðu, að reyna að stilla kraftana sem bezt saman um þær aðgerðir, sem ofan á verða. Ég vil því leggja áherzlu á, að það verði tekin upp fundarhöld með utanrmn. um málið.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég vil mjög taka undir það, að haft verði samráð við utanrmn. og þar með alla flokka um þetta mál. Því miður hafa áður fyrr orðið á því verulegir misbrestir, og skal ég ekki rekja þá sögu nú, en ástæðulaust er að gleyma því. En nú er að gæta þess, að slíkir misbrestir verði ekki í framtíðinni.

Ég vil einnig minna á, að í haust, þegar þessu ekki ósvipað atvik kom fyrir, e. t. v. að sumu leyti alvarlegra, en þannig, að þetta minnir mjög á það, þá lögðum við sjálfstæðismenn til, að á því máli yrði höfð ákveðin meðferð, sem því miður tókst ekki samkomulag um. Ég tel mjög líklegt, að ef þá hefði verið farið að okkar ráðum, hefði ekki komið til þessa atviks nú. Það tjáir ekki að sakast um það, en því meiri ástæða er til að íhuga nú allir í sameiningu, hvað gera þurfi og hvað gera skuli til þess að forða vandræðum í framtíðinni, og tek ég því mjög undir þá áskorun, að allra flokka samráð verði haft um málið, og þá er eðlilegast, að það sé gert í utanríkismálanefnd.

Utanr.- og fjmrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Út af ummælum, sem hér hafa fallið í sambandi við utanrmn., vil ég segja nokkur orð.

Á s. l. hausti, þegar mjög svipað atvik kom fyrir eins og það, sem nú hefur gerzt, var haft náið samstarf við utanrmn. um, hvernig með málið skyldi fara. Að sjálfsögðu verður einnig nú haft samstarf við utanrmn., eftir því sem málsatvik gefa tilefni til. Ástæðan til þess, að ég hef ekki enn þá óskað eftir því, að nefndin verði kölluð saman, er sú, að von er nýrra upplýsinga í málinu á hverri stundu, upplýsinga, sem verulegu máli skipta fyrir meðferð þess. Þessar upplýsingar hafa verið lengur á leiðinni en búizt var við, og verður þeirra naumast beðið lengur en til morguns.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni yfir þeim undirtektum og þeim samhug, sem fram kemur hjá þeim fulltrúum flokkanna, sem talað hafa um þetta mál. En ég vil jafnframt leggja áherzlu á, að það sé ekki bara beðið átekta, þangað til brezka ríkisstj. þóknast að gera eitthvað. Hún þarf fyllilega að fá að vita af því, að það sé ekki hún, sem ræður, hvað gerist í íslenzkri landhelgi. Og ef það verður verulegur dráttur á því enn, sem þegar er orðinn lengri en hæstv. ríkisstj. hafði búizt við, þá held ég það verði alveg óhjákvæmilegt, að utanrmn. fjalli um það, hvort við eigum ekki að kalla sendiherrann í London heim. Það þarf á einhvern hátt að sýna brezku ríkisstjórninni, að það er ekki hægt að vega svona tvisvar í sama knérunn.

Á 34. fundi í Sþ., 1. apríl, utan dagskrár, mælti

Eysteinn Jónsson: Síðan við vorum hér síðast saman, hafa gerzt nýir atburðir í landhelgisdeilunni, sem mér þykir ástæða til að minnast á örfáum orðum. Samkv. opinberum tilkynningum, sem gefnar hafa verið út um það mál, hefur brezkur togari verið staðinn að landhelgisbroti innan 4 mílna landhelginnar gömlu, en brezkt herskip komið í veg fyrir, að hann gæti orðið tekinn og farið með hann til íslenzkrar hafnar og hann fengið þar dóm, og brezka herskipið síðan veitt honum vernd til þess að komast að því er kalla má heim til Bretlands.

Ég vil leyfa mér að spyrjast fyrir um þetta mál hjá hæstv. ríkisstj. og fara fram á, að hún gefi hæstv. Alþingi skýrslu um þessa atburði, sem gerzt hafa, og þá sérstaklega, hvort eitthvað hafi gerzt í málinu, síðan síðasta opinber tilkynning var gefin út um málið. Með þessu hafa Bretar framið hér enn eitt ofbeldisverk í sambandi við þessa landhelgisdeilu, og mun ég ekki fara fleiri orðum um það að þessu sinni, en leggja áherzlu á það til viðbótar hinu, að við getum fengið nú sem fyllstar upplýsingar um það, sem gerzt hefur, og hæstv. ríkisstj. hafi samráð við utanrmn. um það, hvað hyggilegt sé að aðhafast út af þessum atburði. Vil ég fyrir mitt leyti leggja mikla áherzlu á, að þannig verði á málinu haldið til þess að reyna að fá sem bezta samstöðu um það, sem menn telja hyggilegt að aðhafast út af þessum atburði.

Utanr.- og fjmrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. S-M. hefur gert hér að umræðuefni það nýja ofbeldisverk, sem unnið var af hálfu Breta s. l. miðvikudag, þegar erlent herskip hindraði varðskipið Þór í að taka brezkan togara, sem var að ólöglegum veiðum innan íslenzkrar fiskveiðilögsögu. Óskaði þessi hv. þm. eftir því, að ríkisstj. gæfi hér skýrslu um það, hvað gerzt hefði í málinu.

Út af þessu vil ég taka það fram, að strax og utanrrn. barst skýrsla um það, sem gerzt hafði s. l. miðvikudag, þá var undireins gengið í það að mótmæla þessum atburði við sendiherra Breta hér og sú krafa borin fram, að hinn brezki togari sneri strax til íslenzkrar hafnar, svo að hægt væri að koma yfir hann réttum íslenzkum lögum. Samdægurs var gefin út til almennings skýrsla um málið. Landhelgisgæzlan birti ýtarlega frásögn af þeim atburðum, sem gerzt höfðu þarna á hafinu s. l. miðvikudag, og utanrrn. gaf jafnframt út skýrslu um það, sem það hafði aðhafzt í málinu, þannig að öllum almenningi var samdægurs gefin um það opinber skýrsla, sem gerzt hafði.

Síðan þetta gerðist hefur ekkert gerzt í málinu annað en það, að beðið er eftir svari frá Bretastjórn við þeirri orðsendingu, sem afhent var s. l. miðvikudag. Það gefur að sjálfsögðu auga leið, að hér hafa Bretar gerzt enn á ný sekir um mjög alvarlegt brot á sjálfstæði landsins, þar sem réttri löggæzlu er með ofbeldi varnað að framkvæma íslenzk lög innan þeirra marka, sem ekki ætti að vera neinn ágreiningur um að teljast til íslenzks yfirráðasvæðis. Mótmælum þeim, sem við höfum þegar afhent Bretum, verður að sjálfsögðu að fylgja eftir með þeirri festu, sem frekast eru tök á.

Ég hefði kosið að geta haft samráð við utanrmn. þegar s. l. miðvikudag, er þessir atburðir gerðust. En þannig stóð á, eins og mönnum er kunnugt, að þá var helgidagur, þingmenn voru farnir heim í páskaleyfi, og mér virtist, að ekki mætti dragast stundinni lengur að koma fram mótmælum og kröfum okkar við brezku stjórnina og það alveg sérstaklega vegna þess, að íslenzkt varðskip var þá enn að veita hinum brezka togara eftirför. Ég vildi, að kröfur okkar kæmu fram svo snemma, að þær gætu náð til Bretastjórnar, á meðan sú eftirför ætti sér stað.

Það hefur að sjálfsögðu tafið svar frá brezku stjórninni við þessari kröfu okkar, að páskahelgin hefur staðið þar yfir og þess vegna verið erfitt um svar. En nú er hún liðin, og verður gengið eftir því, að svar við okkar kröfu komi viðstöðulaust til baka. Ég mun að sjálfsögðu hafa fullt samráð um þetta við utanrmn. og hafa samráð við hana um það, hvaða aðgerðir hægt verður að hafa uppi í málinu, ef þeirri kröfu, sem þegar hefur verið borin fram, verður ekki mætt með því, að látið verði að okkar skýlausa rétti í málinu.

Ég vil undirstrika það, að strax sama dag-

inn og þessir atburðir gerðust, var þjóðinni gefin skýrsla um málið í heild og það ekki látið dragast hið allra minnsta.

Eysteinn Jónsson: Hæstv. ráðh. hefur upplýst, að síðan opinber skýrsla var um málið gefin, hefur ekkert nýtt gerzt. Enn fremur hefur hæstv. ráðh. tekið það skýrt fram, að ríkisstj. muni hafa samráð við utanrmn. um, hvað gert verður í málinu. Að þessum upplýsingum fengnum hef ég ekki frekar um málið að segja í bili.

Á 38. fundi í Sþ., 15. apríl, utan dagskrár, mælti

Ólafur Thors: Herra forseti. Dagblöðin í dag segja enn á ný frá leiðum atburðum í sambandi við lögbrot Breta hér á landi. Ég hef hér með mér blað ríkisstj., sem — með leyfi hæstv. forseta — skýrir þannig frá þeim atburðum, sem ég ætla aðeins að minnast á:

„Herskip hindraði töku togarans, sem var 3.5 mílur frá landi. — Í gærkvöld kom varðskipið Óðinn að brezka togaranum Swanella frá Hull að ólöglegum veiðum um 3.3 sjómílur undan Snæfellsnesi. Varðskipið setti út dufl hjá togaranum, sem var á leið út, og reyndist hann vera 3.5 sjómílur frá landi. Stóð þarna í þófi um stund, þar sem varðskipið skaut nokkrum aðvörunarskotum að togaranum. Stöðvaði hann loks för sína, en aðrir brezkir togarar reyndu að hindra Óðin í að komast að Swanella. Að lokum kom herskipið Scarborough á vettvang og hélt að duflinu. Mældu herskipsmenn legu duflsins og töldu samkv. mælingum sínum, að það væri rúmlega hálfri sjómílu utar en mælingar Óðins sýndu. Meinaði herskipið Óðni að halda áfram töku togarans og skipaði honum að halda áfram veiðum. Þar sem veður var erfitt, hvasst og skyggni misjafnt, var varðskipið Ægir sent Óðni til aðstoðar, og bar mælingum Ægis saman við mælingar Óðins á duflinu. Stóð í þessu þófi þarna í gærkvöld, er blaðið fór í prentun, en málið átti að afhendast utanríkisráðuneytinu í morgun til meðferðar."

Samkv. þessari skýrslu blaðs ríkisstj. liggur það fyrir, að tvö af íslenzku varðskipunum telja sökudólginn hafa verið aðeins 3½ mílu frá landi og þar af leiðandi innan þeirrar gömlu 4 mílna línu, sem Bretar a. m. k. í verki höfðu sætt sig við. Þetta er, ef ég man rétt, í þriðja sinn, sem slíkur atburður kemur fyrir. Ég hygg, að það hafi verið 13. nóv., sem annar enn höstuglegri atburður var á döfinni, því að þá var sökudólgurinn aðeins 2½ mílu frá landi. Ég leyfði mér þá að kveðja mér hljóðs utan dagskrár til að ræða það mál. Ég mun hafa verið allbituryrtur, en ekki að mínu viti umfram það, sem efni stóðu til. Ég hef engan áhuga fyrir að endurtaka þau ummæli, sem ég þá hafði um slíkt atferli, en vísa til þess, sem ég sagði.

Ég vil nú leyfa mér í tilefni af þessum atburði að spyrja, hvað það er, sem hæstv. utanrrh. hefur aðhafzt í málinu. Og ég vil, af því að ég ætla ekki að fjölyrða um þetta, taka það alveg skýrt fram, að ég tel alls ekki nægilegt að halda áfram nótusendingum, þar sem verið er að mótmæla þessu, vitandi það, að Bretar virða okkur ekki svars. Mér finnst það vera farið að minna á það, þegar þeir eru að brjótast út af Litla-Hrauni og settir inn aftur og fara svo, þegar þeim sýnist, og hlæja að okkur. Ég veit ekki nema það sé farið að brosa að því í London, að hæstv. utanrrh., virðulegur maður og alkunnur Bretavinur eins og ég, sendir mótmæli, en er aldrei virtur raunverulegs svars, þannig að það sé neitt tekið tillit til hans orða. Það getur ekki gengið þannig til langframa.

Ég vil þess vegna leyfa mér að fara fram á, að utanrrh. — helzt nú þegar — kalli saman utanrmn., svo að við getum rætt þetta mál, og ég tel, að nótusendingar nægi ekki. Það þarf meiri aðgerðir.

Ég leyfi mér að minna á, að Sjálfstfl. hefur hvað eftir annað borið fram óskir um vissar og ákveðnar aðgerðir og þá fyrst og fremst það, að ríkisstj. Íslands krefjist þess, að kallaður sé saman fundur æðstu manna NATO og Bretar þar kærðir. Það getur vel verið, að Bretar beri enn þá meiri virðingu fyrir öðrum utanríkisráðherrum og öðrum ríkisstjórnum og annarri stjórnarandstöðu en fyrir ríkisstj. á Íslandi og stjórnarandstöðunni á Íslandi, og það er óreynt mál, hvað upp úr því kann að hafast. En það verður ekki tekið mjög hátíðlega til langframa, að utanrrh. láti nægja að senda þessar nótur og komi svo og tilkynni Alþingi, eins og vant er: „Ég er ekki virtur svars."

Ég minni enn á þær aðgerðir eða þær tillögur, sem Sjálfstfl. æ ofan í æ hefur borið fram, um leið og ég lýsi því yfir, að komi fram aðrar tillögur, sem við teljum að séu líklegar til árangurs, þá erum við auðvitað til viðtals um þær.

Ég leyfi mér að lokum að endurtaka ósk mína til hæstv. utanrrh. um það, að hann kveðji saman fund utanrmn. tafarlaust, þar sem við getum rætt um þetta mál og þar sem við sjálfstæðismenn munum bera fram óskir um, að gerðar séu gagngerðari ráðstafanir en þær, sem hafa sýnt sig að gera ekkert gagn.

Utanr.- og fjmrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða hér efnislega það, sem hv. þm. G-K. hafði um þetta mál að segja; það verður að bíða síns tíma. En vegna fsp. hans þykir mér rétt að taka fram, að mér barst skýrsla landhelgisgæzlunnar um þetta mál þó nokkru fyrir hádegið í dag. Sú skýrsla hefur verið til athugunar í utanrrn. Ég sneri mér, þegar eftir að ég hafði litið yfir skýrsluna, til form. utanrmn. með erindi um það, að fundur yrði kallaður saman í n., og form. utanrmn. er nú að athuga í samráði við mig um hentugan tíma til að halda þennan fund í nefndinni.

Á þessu stigi málsins sé ég ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það er ekki að ástæðulausu, að minnzt er á þetta mál hér á hv. Alþ. nú. Við erum búnir að horfa á það æði lengi, að Bretar hafa að engu þau lög og reglur, sem gilda eiga hér á Íslandi. Þeir hafa tekið upp þann sið að ætla sjálfir að halda uppi lögreglustörfum hér við Ísland, senda hingað vopnuð herskip, sem eiga sjálf að vaða inn í íslenzka landhelgi og kanna, hvort þau telji, að þeirra þjóða skip hafi brotið lög eða reglur hér eða ekki. Hér er auðvitað um alveg einstæða lítilsvirðingu á sjálfstæðri þjóð að ræða, svo að fá dæmi munu vera um slíkt. Þetta erum við nú samt sem áður búin að horfa á og þola nú um langan tíma æ ofan í æ.

Það hafa verið uppi háværar raddir, bæði hér á Alþ. og með þjóðinni almennt, um það, að Íslendingum væri það ekki sæmandi að standa aðgerðalausir, eins og þeir hafa gert, gagnvart slíkum yfirtroðslum.

Ég vil taka það fram, að ég tel — eins og hér kom í rauninni fram hjá hv. þm. G-K. — næsta hlægilegt að halda áfram að senda til Breta slíkar mótmælaorðsendingar, eins og gert hefur verið til þessa. Það er ómögulegt annað en allir útlendingar eða a. m. k. allir Bretar brosi að okkur aumkunarbrosi fyrir slíkar athafnir, á sama tíma sem allir landsmenn vitanlega fyllast réttlátri gremju yfir því, hvernig á málunum er haldið. Ég tel fyrir mitt leyti, að það sé orðinn allt of langur tími, sem liðið hefur í þessum efnum, án þess að við gripum til þeirra ráða, sem tekið mundi verða eftir. Ég tel líka, að þetta mál sé þess eðlis, eins og nú er komið, að það eigi að vera málefni Alþ. Það á ekki að fara neinar bakdyraleiðir með það og skjóta því án frekari athugunar til nefndar, sem um alllangan tíma er búin að þvæla þessum málum fyrir sér.

Ég vil benda á það, að á dagskrá þessa fundar er einmitt till. um það, að í sambandi við þessar yfirtroðslur Breta taki Alþingi sjálft af skarið og láti til sín heyra í málinu. Það er vitanlega hið eina viðeigandi svar, sem nú á að gefa í tilefni af þessum endurteknu árásum þeirra, þ. e. að Alþingi samþykki hér fyrir sitt leyti áskorun á ríkisstj. um að kalla nú þegar sendiherra okkar heim frá Bretlandi og vísa brezka sendiherranum úr landi. Við skulum sjá, um leið og fréttin bærist út um þetta, hvort Bretar héldu áfram slíkum yfirtroðslum eins og þeir hafa gert í íslenzkri fiskveiðilandhelgi að undanförnu. Ég efast ekkert um, að slíkt mundi vekja heimsathygli og þeir mundu skelfast við það. Þeir vitanlega halda áfram að troða hér yfir okkur, á meðan þeir finna, að við erum ekki menn til þess að láta til okkar heyra á neinn hátt. Ég býst við því, að þá þætti tilefni til þess hjá háum herrum að kalla saman fund í NATO og ræða þar um það alvarlega ástand, sem væri að skapast á Íslandi vegna aðgerða Breta og vegna mótaðgerða Íslendinga. Ég býst við því, að þá þyrfti að kalla þar saman fund og ræða, hvað gera skyldi.

Það er alveg öruggt mál, að engin þjóð í heiminum, sem eins hefði staðið á fyrir og okkur Íslendingum í þessu tilfelli, hefði tekið í mál að láta sendiherra sinn sitja í því ríki áfram, sem slíkar ofbeldisaðgerðir hefði í frammi gagnvart hinum aðilanum. Ekkert land í heiminum hefði gert þetta. Allir hefðu brugðizt þannig við — og höfum við ótal dæmi um slíkt — að kippa heim sendiherra í mótmælaskyni. Við getum vitanlega tekið upp okkar stjórnmálasamband við Breta aftur, þegar þeir vilja umgangast okkur eins og sjálfstæða þjóð. En á meðan þeir virða okkar sjálfstæði ekki að neinu og troða yfir okkar löglega rétt hér, eigum við líka að svara fyrir okkur á þann hátt, sem tekið verður eftir.

Ég vil því í tilefni af þessu benda á það, að hið eina eðlilega svar, sem við getum gefið á þessu stigi málsins, er einmitt að samþ. þá till., sem hér er á dagskrá, um að kippa okkar sendiherra heim frá London og vísa þeim brezka héðan úr landi.

Eysteinn Jónsson: Fyrir nokkrum dögum skeði atburður, sem virðist hliðstæður þeim, sem nú hefur átt sér stað, að taka brezks togara innan 4 mílna landhelginnar var hindruð af brezkum herskipum og farið með togarann í herskipavernd til Bretlands. Ég gerði þá fsp. um málavexti í því sambandi og hvað stjórnin hefði aðhafzt eða hugsað sér að aðhafast. Hæstv. utanrrh. sagði, að þá hefðu verið send mótmæli, og þá var atburðurinn nýskeður, þannig að hann hafði ekki fengið svar. Síðan hefur ekki verið gefin nein skýrsla um þetta mál, og ég vil leyfa mér af þessu tilefni að spyrjast fyrir um, hvort það hafi alls engu verið svarað þeim mótmælum eða þeirri kröfu, sem þá var gerð um, að togarinn yrði afhentur til Íslands. Um þetta mál hefur hæstv. utanrrh. ekki gefið skýrslu, síðan þessi fsp. kom fram af minni hendi þá. Enn fremur skilst mér, að það muni ekki hafa verið haldnir fundir í utanrmn. um, hvað væri rétt að gera út af því atviki.

Nú bætist þetta atvik við, sem hér hefur verið frá greint, og vil ég strika undir það, að svo mikil nauðsyn sem var á því að taka þá upp fundarhöld í utanrmn. um það, hvað ætti að aðhafast, þá er þó hálfu brýnni nauðsyn að gera það nú, þegar þetta atvik hefur við bætzt.

Við höfum ekki haft þann hátt á í Framsfl. að gera till. um það á Alþingi fram að þessu, hvað gera skuli í tilfellum eins og þessum, þótt þau hafi komið nokkur fyrir, og það er vegna þess, að við höfum talið þá aðferð bezta fyrir þjóðina, að að þessu máli væri unnið þannig, að það ætti sér stað samráð á milli þingflokkanna, áður en till. væri yfir höfuð varpað fram, um hvaða aðferðir skuli við hafa, það fari fram samráð á milli flokkanna um það, hvað heppilegast sé að gera, til þess að reyna að koma því þannig fyrir, að sem minnst komi fram af till., sem eru ekki teknar til greina, en um það, sem kemur fram, sé samkomulag og því fylgt eftir af öllum. Þannig mundu mestir möguleikar til þess, að það hefði veruleg áhrif út á við. Og enn leggjum við áherzlu á þessa starfsaðferð og á það, að einmitt í utanrmn. mætist þingflokkarnir til þess að

ráðgast um, hvað rétt sé að gera og hvað þeir geti staðið saman um, sem gæti haft áhrif til þess að losa um þann hnút, sem orðinn er í þessum viðskiptum við Breta út af þeirra margendurtekna ofbeldi í okkar garð. Ég vil því mjög taka undir það, að þessi fundarhöld verði tekin upp í utanrmn., og spyrjast fyrir um, hvort sú þögn, sem hefur verið um hitt málið, sem ég gerði fyrirspurn um um daginn, þýði, að ekkert hafi gerzt í því síðan.

Utanr.- og fjmrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Eins og ég skýrði frá á fundi hér fyrir nokkru á hæstv. Alþ. í sambandi við fyrirspurn frá hv. 1. þm. S-M., var ekki tími til að hafa samráð við utanrmn., áður en gera þurfti ráðstafanir í sambandi við ólöglegar veiðar brezks togara fyrir sunnan land á miðvikudaginn fyrir páska. Ég varð þess vegna að gera ráðstafanir þá þegar án þess að geta rætt málið við utanrmn. og bar fram við Bretastjórn mótmæli okkar og kröfur.

Síðan þetta gerðist er alllangur tími liðinn, og formlegt svar hefur ekki borizt við þeirri orðsendingu og engir þeir hlutir gerzt í sambandi við okkur, sem hægt er að fara með hér.

Að því er varðar þann atburð, sem gerðist í gær, þegar annar brezkur togari var staðinn að ólöglegum veiðum út af Snæfellsnesi, þá er það eins og ég áður sagði: Ég fékk skýrsluna um það í hendur nú skömmu fyrir hádegi, og þegar eftir að ég hafði lesið skýrsluna, sneri ég mér til formanns utanrmn. með ósk um, að við ræddum málið í utanrmn. og bærum þar saman ráð okkar um, hvað heppilegast yrði að gera. Ég held, að eins og þetta mál allt horfir við og eins og margsinnis hefur komið fram hér á Alþingi í sambandi við atburði eins og þessa, þá sé nauðsynlegt, að flokkarnir beri saman ráð sín innan utanrmn. og reyni að finna þau ráð, sem þeir eru sammála um að haldbezt séu og traustust, til þess að við megum halda okkar rétti og ná okkar kröfum og málstað fram.

Ég vænti þess, að fundurinn í utanrmn. verði haldinn nú mjög fljótlega. En eins og ég þegar hef skýrt frá, er formaður n. í samráði við mig að athuga um, hvaða bezta tíma er hægt að hafa til þess með hliðsjón af öðrum störfum, sem hér þarf að vinna að.

V. Dagskrá ríkisútvarpsins 1. maí.

Á 38. fundi í Sþ., 15. apríl, utan dagskrár, mælti

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Út af því stórmáli, sem hér var rætt áðan utan dagskrár, vil ég taka undir það, að okkur gagni lítið að senda nótu á nótu ofan og mótmæli. Ég held, að Alþingi verði að fjalla um málið og gera ályktun um landhelgismálið, og ég er nú að komast á þá skoðun, að það sé lítt viðunandi fyrir íslenzka þjóð að vera í bandalagi með árásarþjóð, sem er ekki í neinum smáatriðum að ýfast við okkur, heldur traðkar hvað eftir annað á sjálfstæði þjóðarinnar og virðir það einskis.

En það var ekki um þetta mál, sem ég ætlaði að ræða utan dagskrár, það var um annað. Það var um hlutleysi ríkisútvarpsins, og orðum mínum í sambandi við það ætlaði ég að beina til hæstv. menntmrh., sem er æðsti yfirmaður ríkisútvarpsins. Að vísu lít ég nú orðið svo á, að hugtakið „hlutleysi ríkisútvarpsins" sé orðið að háðglósu í vitund almennings.

Það var svo árum saman, var orðið að fastri venju, að Alþýðusamband Íslands fékk að ráða dagskrá ríkisútvarpsins, ekki aðeins kvölddagskrá þess á alþjóðahátíðisdegi verkalýðsins, 1. maí, heldur einnig síðdegisdagskrá útvarpsins og þ. á m. barnatímanum 1. maí. Þetta gekk svo árum saman, og held ég, að flestum beri saman um, að þessar dagskrár voru með myndarbrag og ollu engum styr, svo að ég viti til. Samt sem áður varð það svo, að þessi réttur var tekinn af Alþýðusambandinu og það látið deila aðstöðu með tveimur öðrum aðilum í kvölddagskrá ríkisútvarpsins 1. maí, þ. e. a. s., þangað var sendur fulltrúi frá ríkisstj., fulltrúi frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og þriðja fulltrúa frá Alþýðusambandi Íslands gefinn kostur á að taka þátt í kvölddagskrá með flutningi ávarps. Þannig var búið að bola Alþýðusambandinu út úr dagskrá 1. maí á þann hátt, að það tók þátt í þessari dagskrá að einum þriðja hluta.

Í fyrra þótti rétt að reyna að fá leiðréttingu á þessu, því að þá hafði fulltrúi frá verkalýðsflokki, Alþýðuflokknum, orðið formaður útvarpsráðs og því talið mjög líklegt, að alþýðusamtökunum yrði nú ekki synjað um að ráða dagskrá útvarpsins 1. maí. Um þetta var útvarpsráði skrifað bréf, en því var synjað. Rökstuðningur fyrir synjuninni var það, að útvarpsráð væri nú að hætta að leyfa nokkrum félagssamtökum að ráða sjálf dagskrá einu sinni á ári á hátíðisdögum sínum, það væri orðið svo margt af þessu og útvarpsráð væri að taka fyrir þetta, og þá skildist manni, að það ætlaði ekki að ráðast á garðinn þar, sem hann væri lægstur, það ætlaði að byrja á Alþýðusambandinu með þessa bragarbót — þessa neitun. Nú hefði ekkert verið við þessu að segja, ef það hefði verið sannleikur. En þetta var lygi, hrein lygi, eins og kom í ljós. Öll félagssamtök, sem um þetta hafa beðið, svo að vitað er, hafa á s. l. ári flutt dagskrá í útvarpið, ráðið henni sjálf og engin breyting þar á orðið. Og það er það ljóta við það: neitunin í fyrra var rökstudd með ósannindum. Það var fyrirsláttur með öllu, að þarna væri verið að breyta um venjur.

Þessi afgreiðsla útvarpsráðs í fyrra mæltist mjög illa fyrir, synjun á beiðni Alþýðusambandsins um að ráða kvölddagskrá 1. maí. Mótmæli bárust frá fjölda verkalýðsfélaga út af þessu, og menn í öllum flokkum utan samtakanna voru einnig hneykslaðir á þessu og töldu, að verkalýðssamtökin ættu rétt á því að njóta

sama réttar í útvarpinu og önnur félagssamtök. Þetta mál var svo rætt á Alþýðusambandsþinginu í haust, og tóku ýmsir til máls um þetta og létu allir í ljós vanþóknun sína á því, að ríkisútvarpið skyldi neita í fyrra Alþýðusambandinu um að ráða kvölddagskrá á hátíðisdegi verkalýðsins 1. maí.

Um þessa afstöðu útvarpsráðs var gerð einróma samþykkt á þingi Alþýðusambandsins í haust, og sú samþykkt var, með leyfi hæstv. forseta, svo hljóðandi:

„26. þing Alþýðusambands Íslands, haldið í Reykjavík dagana 25.—29. nóv. 1958, mótmælir harðlega þeirri ákvörðun útvarpsráðs að meina fjölmennustu stéttasamtökum landsins, Alþýðusambandi Íslands, að flytja útvarpsdagskrá sína í ríkisútvarpið 1. maí s. l., á hátíðis- og baráttudegi verkalýðsins. Jafnframt samþykkir þingið eindregna áskorun til yfirstjórnar útvarpsins um, að stjórn Alþýðusambandsins verði framvegis falið að undirbúa og skipuleggja hátíðadagskrá útvarpsins 1. maí."

Þetta var ályktun Alþýðusambandsþingsins.

Nú hefur það gerzt síðan í fyrra, að samstarf hafði hafizt milli verkalýðsflokkanna í landinu, Alþfl. og Alþb., um stjórn Alþýðusambandsins næstu 2 ár, og skipa Alþýðuflokksmenn og Alþýðubandalagsmenn að jöfnu trúnaðarsæti í miðstjórn sambandsins. Var það sammæli allra í miðstjórn Alþýðusambandsins að fara þess enn á ný, einmitt í krafti þeirrar ályktunar, sem Alþýðusambandsþing hafði gert, á leit við útvarpsráð, að nú fengi Alþýðusambandið að ráða dagskrá 1. maí í þetta sinn. Framkvæmdastjóri Alþýðusambandsins, Alþýðuflokksmaðurinn Óskar Hallgrímsson, ritaði því útvarpinu bréf um þetta þann 23. marz s. l. og fór fram á þetta í nafni sambandsins. Það bréf er í allri sinni hæversku á þessa leið, með leyfi forseta:

„Samkvæmt einróma samþykkt 26. þings Alþýðusambands Íslands, sem fram fór í Reykjavík dagana 25.—29. nóv. 1958, leyfum vér oss hér með að fara þess á leit við háttvirt útvarpsráð, að Alþýðusambandi Íslands verði gefinn kostur á tíma í kvölddagskrá útvarpsins 1. maí n. k. til flutnings á efni, er snertir sögu verkalýðshreyfingarinnar og 1. maí hátíðarhaldanna. Geti útvarpsráð efnislega fallizt á að verða við þessum tilmælum, munum vér að sjálfsögðu senda yður nánari tillögur um efni og aðra tilhögun dagskrárinnar. Leyfum vér oss að vænta heiðraðs svars yðar við fyrsta tækifæri.

Virðingarfyllst,
Óskar Hallgrímsson.

Til útvarpsráðs, Reykjavík."

Þarna var beðið um það að fá að flytja þætti úr sögu verkalýðshreyfingarinnar, það er bannefni í ríkisútvarpinu, og um 1. maí hátíðarhöldin og boðið, að dagskráin skyldi send útvarpsráði, svo að það gæti gengið úr skugga um, hvernig hún væri, og lagt blessun sína yfir hana, hafnað henni eða strikað út úr henni.

Nokkrum dögum seinna fékk Alþýðusambandið svo hljóðandi bréf frá ríkisútvarpinu, með leyfi forseta:

„Bréf yðar, dags. 23. marz s. l., lá fyrir fundi útvarpsráðs í gær til fullnaðarafgreiðslu, og var tilmælum yðar hafnað. Samþykkti útvarpsráð, að kvölddagskrá 1. maí skyldi vera með sama sniði og verið hefur undanfarin ár:

1) Að ávörp flytji félmrh., forseti Alþýðusambands Íslands og formaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

2) Að útvarpið sjái sjálft um efni kvöldsins að öðru leyti.

Þetta er yður hér með tilkynnt.

Virðingarfyllst,
Andrés Björnsson.

Til Alþýðusambands Íslands."

Erindi Alþýðusambandsins var synjað. Þeir ætla að ráða því sjálfir, hvernig hagað er hátíðadagskrá 1. maí í nafni alþýðusamtakanna, og hefur enginn beðið þá um.

Það, sem furðu vekur, er einkum það, að á þessum sama fundi, sem erindi Alþýðusambandsins var synjað, var samþykkt að veita Landssambandi hestamanna heimild til þess að hafa kvölddagskrá í útvarpinu. Nokkrum dögum áður hafði útvarpið heimilað samtökum um vestræna samvinnu að flytja kvölddagskrá í útvarpinu um 10 ára afmæli Atlantshafsbandalagsins. Það var hægt að leyfa. Og hestamönnum var hægt að leyfa að hafa dagskrá. Búnaðarsamtökin hafa líka átt mjög greiðan aðgang að útvarpinu og haft þar dagskrá oftar en einu sinni og fasta útvarpsþætti, og fagna ég því og tel fyllstu ástæðu til. En þá hefðu líka verkalýðssamtökin átt að eiga rétt á svipaðri aðstöðu.

Ég held, að það sé óhjákvæmilegt að vita þetta, því að þetta er hlutdrægni, en ekki hlutleysi. Þetta er að mínu áliti óþolandi móðgun við alþýðusamtökin í landinu og því verra, að formaður útvarpsráðs, Alþýðuflokksmaðurinn, skuli eiga þar höfuðsök á, eins og nú verður skýrt frá.

Það er vitað, að atkvæðagreiðsla um erindi Alþýðusambandsins fór á þann veg, að sjálfstæðismennirnir Sigurður Bjarnason og Þorvaldur Garðar Kristjánsson greiddu að sjálfsögðu atkv. á móti því, að verkalýðssamtökin fengju að halda hátíðlegan 1. maí m. a. með því að ráða dagskrá í útvarpinu. Ég undrast það ekkert. Hins vegar greiddu atkvæði með því Björn Th. Björnsson listfræðingur og Þórarinn Þórarinsson ritstjóri Tímans. Þar stóðu jöfn atkvæði, 2:2. Hver gat skakkað leikinn? Hver gat ráðið úrslitum? Það gat Alþýðuflokksmaðurinn, formaður útvarpsráðs, Benedikt Gröndal, en gerði það ekki, sat hér niðri í þinghúsi og hringdi upp á fund í útvarpinu, að þeir yrðu að afgreiða málið að sér fjarverandi. Hans atkvæði vantar. Rödd formanns útvarpsráðs, Alþýðuflokksmannsins Benedikts Gröndals, vantar við afgreiðslu þessa máls.

Enn þá hefur aðeins minni hluti útvarpsráðs tjáð sig andvígan þessu máli. Það vantar að vita um það, hvort Benedikt Gröndal er með þeim minni hluta og skapar þannig meiri hluta um að neita Alþýðusambandinu um þennan rétt. Ég álít því, að honum beri að kalla saman fund aftur í útvarpsráði og láta þar koma í ljós, hvort hans atkvæði fellur jákvætt með

erindi Alþýðusambandsins eða neikvætt með atkvæðum Sigurðar Bjarnasonar og Þorvalds Garðars Kristjánssonar.

Fyrir tveim dögum eða svo hringdi svo skrifstofustjóri útvarpsráðs eða útvarpsins á skrifstofu Alþýðusambandsins til mín og lét sig hafa það, þ. e. a. s. hann á enga persónulega sök á því, að biðja forseta Alþýðusambandsins að taka nú þátt í því að fylla upp í eitthvert gat í dagskrá ríkisútvarpsins 1. maí, eftir að ríkisútvarpið hafði smánað Alþýðusambandið með því að synja því um sama rétt og önnur félagssamtök njóta. Ákaflega smekklegt! Ég þakkaði auðvitað fyrir gott boð, bar mína neitun undir meðstjórnendur mína, bæði Alþýðuflokksmenn og Alþýðubandalagsmenn í miðstjórn Alþýðusambandsins, og voru allir á einu máli um, að það kæmi ekki til mála, að Alþýðusambandið færi að rimpa í nein göt á þeirri dagskrá, sem ríkisútvarpið óbeðið ætlar að flytja 1. maí. Ég hygg, að það mundu vera fá félagssamtök í landinu, sem létu bjóða sér það, að ríkisútvarpið setti saman hátíðadagskrá fyrir þau, nema þau væru þá alveg getulaus til þess að gera það sjálf. En þetta á að bjóða Alþýðusambandi Íslands.

Ég held, að það væri sæmst fyrir ríkisútvarpið að taka orðin „Alþýðusamband Íslands" inn á bannorðaskrá sína með dansi og gera samþykkt um það í útvarpsráði: Alþýðusamband Íslands má ekki nefna í útvarpinu, a. m. k. ekki 1. maí. — Það væri eitthvert vit í því hjá þeim. Við Alþýðusambandið eru þeir hræddir á einhvern hátt, og sjálfsagt er það samvizkubitið frá launaárásinni í vetur, sem að einhverju leyti á sinn þátt í því, að ekki mátti hleypa Alþýðusambandinu í útvarpið í þetta sinn. Það samvizkubit skil ég ósköp vel. En það átti ekki að koma fram á svona lubbalegan hátt eins og nú er orðin raunin á.

Nú vil ég spyrja hæstv. menntmrh., því að hann er önnur silkihúfa uppi yfir formanni útvarpsráðs og getur ráðið í þessu máli, — ég spyr hann: Er það með vitund og vilja hæstv. menntmrh. (GÞG), æðsta yfirmanns ríkisútvarpsins, að Alþýðusambandi Íslands er nú í annað sinn synjað um rétt til þess að ráða dagskrá í ríkisútvarpinu 1. maí? Ef það er með hans vitund og vilja, þá veit maður það, að þá hefur Alþýðuflokksmaðurinn Benedikt Gröndal, formaður útvarpsráðs, lagzt þar gegn verkalýðssamtökunum og yfirmaður hans, hæstv. menntmrh., þá gert það líka. En ef hæstv. menntmrh. er þessu framferði andvígur, þá segi ég: Getur hann ekki og vill hann ekki grípa þarna í taumana? Það er enn þá nálega hálfur mánuður til stefnu, hægt enn þá að koma saman útvarpsdagskrá. Vill hann grípa þarna í taumana og knýja það í gegn, beita sínu ráðherravaldi til þess, að verkalýðssamtökin í landinu njóti sama réttar og önnur félagssamtök í þessu landi? Eða vill hann skipa sér í raðir andstæðinga verkalýðssamtakanna, að því er þetta mál snertir?

Það er þessi fsp., sem ég vil gjarnan fá svarað af sjálfum hæstv. menntmrh., og þess vegna gerði ég ráðstafanir til, að hann yrði hér viðstaddur. Ég vænti mér einskis frekar af útvarpsráði sjálfu, þó að enn þá standi það svo, að það er minni hluti útvarpsráðs, sem stendur að neituninni. Formaður útvarpsráðs hefur ekki enn þá talað. Hann hefur smokrað sér hjá því að greiða atkvæði, en gat þar ráðið úrslitum, og það er allri þjóðinni augljóst.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hv. 7. þm. Reykv. (HV) beindi til mín tveim fsp. Hann spurði, hvort það væri með vitund og vilja mínum, að Alþýðusambandi Íslands hefði verið neitað um dagskrá 1. maí, og hann spurði enn fremur, hvort ég vildi beita ráðherravaldi mínu til þess að skerast í leikinn í þessu máli.

Í lögum um útvarpsrekstur ríkisins frá 1934, nr. 68, segir svo í 5. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Útvarpsráðið tekur ákvarðanir um það, hversu dagskrá skuli hagað í höfuðefnum, og leggur fullnaðarsamþykki á dagskrá, áður en hún kemur til framkvæmda. Það setur reglur um fréttaflutning útvarpsins og aðrar þær reglur, er þurfa þykir til gæzlu þess, að við útvarpið ríki skoðanafrelsi og fyllsta óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í almennum málum, atvinnustofnunum, félögum og einstökum mönnum. Kennslumálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um störf útvarpsráðs svo og um þóknun fyrir störfin."

Þessar lagareglur gilda því um verksvið og starf útvarpsráðs.

Það hefur ekki borizt frá útvarpinu, frá neinum minni hluta í útvarpsráði, nein kvörtun til menntmrn. yfir því, að meiri hluti þar hafi beitt minni hluta nokkru ofríki, og ekki heldur frá neinum minni hluta í útvarpsráði nein kvörtun til ráðuneytisins yfir því, að nokkur ákvörðun meiri hluta útvarpsráðs brjóti í bága við þær starfsreglur, sem útvarpsráði eru settar með þessari lagagrein. Menntmrn. hefur því ekki haft neina ástæðu til nokkurra afskipta af þessu máli. Auk þess tel ég rétt, að fara eigi mjög varlega í það af hálfu ríkisstj. eða rn. að hafa afskipti af jafnsjálfstæðum stofnunum og ríkisútvarpið er. Þess sjálfstæði er mikils virði í lýðfrjálsu þjóðfélagi og varhugavert mjög fyrir hin æðstu stjórnvöld að grípa inn í starfsemi þeirra. Það gæti skapað hættuleg fordæmi. Jafnvel er betra, að deilur verði um einstakar ákvarðanir slíkra stofnana, heldur en skapa fordæmi fyrir afskiptum af hálfu hinna æðstu stjórnvalda af slíkum stofnunum, sem ríkisútvarpið er.

Hitt er svo annað mál, að sjálfsagt mundi vera að taka til athugunar í menntmrn. hverja þá umkvörtun, sem bærist frá þeim minni hluta í útvarpsráði eða öðrum aðilum í ríkisútvarpinu, sem teldu sig órétti beitta eða teldu, að ályktanir meiri hluta útvarpsráðs gengju að einhverju leyti á snið við þær lagareglur, sem útvarpinu ber að hlýða. Ekkert slíkt tilefni til

afskipta af þessu máli hefur menntmrn. gefizt, og þar af leiðandi hefur það engin afskipti af því haft.

Í tilefni af ræðu hv. þm. að öðru leyti er þess að geta, að formaður útvarpsráðs á sæti hér á hinu háa Alþingi, og þykist ég vita, að hann muni sjálfur svara þeim ádeilum á hann, sem komu fram í ræðu hv. þm.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Hv. 7. þm. Reykv. (HV) og forseti Alþýðusambandsins flutti hér alllanga ræðu. Í þeirri ræðu skorti ekki á ásakanir, svívirðingar og aðra slíka hluti. En það var mjög mikill skortur á því, að hv. þm. í fyrsta lagi segði rétt og ýtarlega frá því, sem gerzt hefur, því að frásögn hans af þessu máli var með þeim endemum, að hann velur nokkur atriði úr, sem honum þóknast, til þess að geta svívirt Alþfl. og Alþýðuflokksmenn, — það er tilgangurinn, — en sleppir öðru, sem honum líkar ekki.

Þegar ég kom fyrst í útvarpsráð, hafði það tíðkazt um nokkurt árabil, að útvarpið biði þeim þremur aðilum, sem hann skýrði frá, forseta Alþýðusambandsins, forseta Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og félmrh., að tala að kvöldi 1. maí, en síðan hafði útvarpið sjálft séð um dagskrá kvöldsins að öðru leyti. Um þetta urðu deilur í fyrra, fyrsta skipti sem ég var þarna í sambandi við þetta, og Alþýðusambandið óskaði þá aftur eftir því að fá að sjá um dagskrá kvöldsins. Þá fór eins og hann talaði um, og blandaðist ýmislegt í það, sem ég mun ekki ræða hér, nema tilefni gefist til.

Út af þeirri fullyrðingu hv. þm., að það hafi verið lygi hjá útvarpinu, að það væri að reyna að draga úr kvölddagskrám félaga, þá vil ég benda honum á það, að útvarpið er búið að reyna árum saman að draga heldur úr því, að einstök samtök sjái um heil kvöld dagskrárinnar. Þessi viðleitni hefur enn ekki borið mikinn árangur, en það hefur verið reynt að byrja fyrst og fremst á þeim félagssamtökum, sem eru mjög umdeild og hætta er á að brjóti hlutleysi útvarpsins. Vegna þess að hann segir, að öll önnur félagssamtök hafi fengið slíka dagskrá og hér hafi verið rökstutt með ósannindum, vil ég benda honum á önnur samtök, sem eins stendur á um og fengu ekki sína dagskrá s. l. ár í fyrsta skipti í sögu útvarpsins, og það eru verzlunarmannasamtökin, sem vön eru að sjá um frídag verzlunarmanna. Ég vil segja honum það, að þessi samtök misnotuðu í hittiðfyrra svo kvölddagskrá sína, aðallega á hans kostnað, því að hann var þá félagsmálaráðherra með verðlagsmál, og einmitt af þessum sökum beitti ég mér fyrir því, að þessi samtök fengju ekki að sjá um verzlunarmannafrídaginn framar, og þau fengu það ekki s. l. ár. Þar er meðferð alveg nákvæmlega hliðstæð því, sem Alþýðusambandið fékk.

Nú kemur að 1. maí í ár, og þá gerist það, sem hann greinir frá, að skrifstofustjóri eða framkvæmdastjóri Alþýðusambandsins skrifar útvarpinu og óskar eftir því, að Alþýðusambandið fái að sjá um kvöldið. Nú vil ég benda hv. þingmönnum á það, sem kom greinilega í ljós í ræðu 7. þm. Reykv., að Alþýðusambandið vill bola samtökum opinberra starfsmanna út úr þessu kvöldi. Það vill fyrirbyggja, að haldið verði áfram þeirri venju, að félagsmálaráðherra fái að tala þetta kvöld. Hlutleysið, sem Hannibal Valdimarsson, hv. 7. þm. Reykv., er að berjast fyrir, er á þann hátt, að það á að útiloka þessi fjölmennu samtök, opinbera starfsmenn, og Alþýðusambandið á að fá að vera þarna eitt. Ég er mótfallinn því að hrekja samtök opinberra starfsmanna frá þessu kvöldi.

Þegar bréf Alþýðusambandsins kom til umræðu í útvarpsráði, samdi ég till. og lagði fram um það, hvernig afgreiða skyldi þetta erindi, og till. mín var svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Dagskrá 1. maí verði svo:

1. Útvarpið bjóði félagsmálaráðherra, forseta Alþýðusambandsins og forseta BSRB að flytja ávarp.

2. Alþýðusambandi Íslands verði boðið að sjá um 60 mínútna hátíðadagskrá, er háð verði samþykki útvarpsráðs eftir venjulegum reglum."

Þessa till. flutti ég í útvarpsráði. Hún miðar að því að varðveita það hlutleysi, sem búið er að koma á með hefð, með því að lofa fleiri en Alþýðusambandinu einu að tala, lofa opinberum starfsmönnum líka að tala. Þessari venju vildi ég halda, og ég vildi ekki láta kommúnistana í Alþýðusambandinu og aðra, sem þeirra erinda ganga, komast upp með það að hrekja opinbera starfsmenn burt af þessu kvöldi. En þegar þessu atriði væri að minni hyggju fullnægt með þessum þremur venjulegu ávörpum, þá taldi ég eðlilegt, að Alþýðusambandið mætti sjá um, eins og það óskaði eftir, dagskrá að öðru leyti, þar sem fram kæmi, eins og þeir óska í bréfi sínu, efni úr sögu verkalýðshreyfingarinnar.

Þessi mál voru rædd á þremur fundum útvarpsráðs. Ég vildi afgreiða þau á fyrsta fundinum. Hinir fulltrúarnir voru ekki tilbúnir, óskuðu eftir fresti. Ég vildi afgreiða málið á öðrum fundinum. Hinir fulltrúarnir í útvarpsráði óskuðu eftir fresti. Það var þá þegar komið fram á öðrum fundi, að þrír útvarpsráðsmenn voru andstæðir efninu í minni tillögu, að Alþýðusambandið fengi að sjá um 60 mín. dagskrá á eftir þessum erindum. Vegna þess að atkvæðagreiðslan var ein eftir og fyrir lá afstaða manna, þá taldi ég, að útvarpsráð ætti að afgreiða þetta erindi, þó að ég gæti ekki mætt á þessum þriðja fundi. Það sýnir, hvernig þessi hv. þm. fer með sannleika málsins, að hann nefnir ekki þessa tillögu, sem ég flutti um afgreiðslu á erindi Alþýðusambandsins, rétt eins og hún væri ekki til.

Nú kom fram brtt. frá Sigurði Bjarnasyni útvarpsráðsfulltrúa, sem var þannig, að seinni liðurinn í minni till., að Alþýðusambandið fengi að sjá um 60 mínútna hátíðadagskrá, skyldi breytast þannig, að útvarpið sjálft sæi um dagskrána að öðru leyti. Af þessu er augljóst, að atkvæðagreiðslan, sem sker úr um það, hvort Alþýðusambandið fær það, sem það biður um, er atkvgr. um þessa tillögu. Þegar kom

að þeirri atkvgr., var brtt. Sigurðar, sem gerbreytti efnislega seinni liðnum í minni tillögu, samþykkt með þrem atkv. gegn einu, eins og augljóst var af fyrri fundum að afstaða manna var. Sjálfstæðismennirnir tveir og framsóknarmaðurinn greiddu atkvæði á móti þessu, Björn Th. Björnsson greiddi atkvæði með því, og mitt atkvæði skipti þarna ekki máli. Þetta var allt vitað fyrir fram, og þessu varð ekki breytt, enda reyndist það vera nákvæmlega eins og komið hafði fram á fundunum þar á undan.

Ég sé því ekki betur en sú afstaða, sem ég hef tekið í útvarpsráði, byggist á því tvennu: í fyrsta lagi að tryggja hlutleysið, sem útvarpinu er lögboðið, með því að tryggja opinberum starfsmönnum, þeim stóru samtökum, rétt til að koma þarna líka fram og sýna svo Alþýðusambandinu þann sóma, sem það á skilið sökum stærðar og stöðu, að það fengi að öðru leyti að sjá um dagskrá kvöldsins. En það voru fulltrúar Sjálfstfl. tveir og fulltrúi Framsfl., sem breyttu þessari tillögu minni svo, að þetta varð ekki, og ég skil ekki, hvernig á að skilja það, að hv. 7. þm. Reykv. skuli beina öllum sínum svívirðingum gegn mér í sambandi við þetta mál, þegar þetta liggur svo augljóslega fyrir. Það er bara hið venjulega pólitíska þvarg. Hann langar til þess að ráðast á Alþýðuflokksmenn og skaða þá, og hann má svo sannarlega gera það mín vegna, ef hann hefur eitthvert gagn af því. Það er verið að tala hér um hlutleysi útvarpsins, en krafan, sem maðurinn, sem vill þetta hlutleysi 1. maí, leggur fram, er sú að bola burt stórum og öflugum samtökum vinnandi manna í landinu. Þetta er hlutleysið, sem verið er að heimta.

Í sambandi við það, hvernig dagskrá þennan dag kann að verða hverju sinni, þá var það svo í fyrra, að útvarpsráði var kunnugt um, að Alþýðusambandið hafði ætlað að biðja Sverri Kristjánsson sagnfræðing um að flytja erindi eða eitthvert efni um sögu 1. maí, og hann hafði búið sig eitthvað undir það. Útvarpið spurði Sverri, hvort hann vildi flytja þetta efni í dagskrá útvarpsins sjálfs þetta kvöld. Nei, það mátti ekki. Það er ekki efnið, sem þessir menn hafa áhuga á, heldur hið pólitíska brölt í kringum það.

Það er viðurkennt mál, að langar dagskrár í kvöldútvarpi, sem ýmis samtök sjá um, jafnvel hestamannasamtök, eru hlutir, sem þurfa að breytast með öðru í útvarpsdagskránni, og auk þess hefur smám saman verið unnið að því í fyrsta lagi að stytta slíkar dagskrár og í öðru lagi að reyna að láta útvarpið sjálft yfirtaka mikið af þessu. Þetta gengur hægt. Það var byrjað fyrir nokkrum árum á 1. maí og var búið að vera án verulegrar deilu um nokkurt skeið þangað til í fyrra, og í fyrra var nákvæmlega sama gert með verzlunarmannafrídaginn, einmitt vegna þess, að þeir menn, sem um hann sáu fyrir verzlunarmannasamtökin og heildsalasamtökin, höfðu brotið hlutleysi útvarpsins með árásum á þennan sama 7. þm. Reykv. Og þakkirnar fyrir að reyna dálítið að rétta við þessa hluti eru eins og við erum búnir að heyra hér að þessu sinni.

Ég harma það, að þessi hv. þm. skuli ekki geta farið nokkurn veginn rétt með það, sem gerðist í útvarpsráði. Og ég vil endurtaka það, að það má sjá í fundargerðum útvarpsráðs, þar sem till., sem fram komu í málinu, eru bókaðar og þar sem afgreiðsla á þessum tillögum er bókuð, að það er ekki mín sök, ef í fyrsta lagi hlutleysi útvarpsins þetta kvöld er ekki varðveitt og í öðru lagi Alþýðusambandinu þar að auki gefinn kostur á því að sjá um hátíðadagskrá, sem það væri mjög vel sæmt af.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Ég vil aðeins, þó að ég ætli mér ekki að flytja hér langt mál, vekja athygli hæstv. forseta á því, að úrskurður hans um það, að þeir, sem á eftir tala, skuli ekki fá að tala nema 5 mínútur, styðst ekki við nein ákvæði þingskapa, og ég tel mér ekki skylt að fylgja honum nákvæmlega. Ég mun ræða málið í eins stuttu máli og mér er unnt, en tel ekki ástæðu til þess að láta brjóta þingsköp á mér í þessu efni.

Mér virðist, að stórt mál, sem umræður voru hafnar um í upphafi þessa fundar, nefnilega landhelgismálið, hafi verið dregið á lægra stig en því ber með því, að hv. 7. þm. Reykv. (HV) byrjar að pexa hér um það, hvort hann eigi að fá að sjá um sjálfstæða dagskrá í útvarpi á tilteknum degi eða hvort ríkisútvarpið sjálft megi fylgja margra ára venju í þessu efni.

Ég segi, að mér finnst stórt mál hafa verið dregið niður á lægra stig en því ber með þessu pexi hv. 7. þm. Reykv. En þar sem hann hefur farið með mjög villandi upplýsingar um það mál, sem hann hóf hér umr. um, og ég er nokkuð við það riðinn, þá sé ég mér ekki fært annað en gefa nokkrar upplýsingar í málinu.

Það er rétt, sem hv. 5. landsk. þm. (BG) upplýsti, að mörg undanfarin ár hefur sá háttur verið á hafður, að hátíðisdags verkalýðsins hefur verið minnzt á þann hátt í ríkisútvarpinu, að útvarpið hefur boðið forseta Alþýðusambands Íslands, forseta Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og félmrh. að flytja ávörp í tilefni dagsins. Í öðru lagi hefur útvarpið einnig í því skyni að minnast hátíðisdags verkalýðsins flutt sjálft dagskrá, vanalega í kringum klukkutíma, þar sem sögu verkalýðshreyfingarinnar hefur verið minnzt og dagsins á annan þann veg, sem bezt hefur þótt fara, og oft verið haft samráð við samtök verkalýðsins um þessa dagskrá og um það ríkt, að því er mér er bezt kunnugt, hið bezta samkomulag. Kvartanir hafa ekki borizt um það frá hlustendum, að hátíðisdegi verkalýðsins væru ekki gerð góð skil með þessum hætti. Þvert á móti hefur útvarpinu þótt takast vel, náttúrlega misjafnlega vel, eins og gerist með slíkar dagskrár, en yfirleitt hefur dagsins þótt vel og virðulega minnzt og nokkur dagamunur gerður um ýmislegt skemmtiefni, sem einnig hefur verið tengt sérstaklega hátíðahöldum hátíðisdags verkalýðsins.

Þetta skipulag var komið í nokkuð fast form á s. l. ári. Þá kom upp ósamkomulag um það, hvernig dagsins skyldi minnzt. Stjórn Alþýðusambands Íslands, sem þá var skipuð einlitum flokksmönnum hv. 7. þm. Reykv., vildi ekki una við það fyrirkomulag, sem gilt hafði á undanförnum árum um þetta, krafðist þess, að sér yrði selt sjálfdæmi um allt tilhald í útvarpinu á þessum degi. Útvarpið vildi ekki verða við þessari kröfu, og má hver sem er lá útvarpsráði, að það vildi ekki setja þessi hátíðahöld í útvarpinu í hendurnar á jafnhlutlausum manni og hv. 7. þm. Reykv., sem talaði mikið um það áðan, hversu gersamlega hlutlaus stofnun ríkisútvarpinu bæri að vera.

Niðurstaðan varð því sú, að hátíðahöldin á s. l. ári féllu niður. Hv. 5. landsk. þm. tæpti aðeins á því hér áðan, hver var raunveruleg ástæða þess, að Alþýðusambandið stöðvaði þessi hátíðahöld á s. l. ári, en sagði þó ekki greinilega frá því. En ég tel, að það sé rétt, að ástæðan komi fram, vegna þess að það vita einnig margir fleiri um það og margir hv. þm. líka. Raunverulega ástæðan var sú, að það ríkti ágreiningur meira að segja innan hinnar einlitu stjórnar Alþýðusambands Íslands og það meira að segja milli forseta Alþýðusambandsins og varaforseta Alþýðusambandsins. Meginástæðan var sú, að forseti Alþýðusambandsins, Hannibal Valdimarsson, og varaforseti Alþýðusambandsins, Eðvarð Sigurðsson, gátu ekki komið sér saman um, hvað ætti að segja á hátíðisdegi verkalýðsins í fyrra. Þeir voru gersamlega ósammála um afstöðuna til efnahagsmálanna, sem þá var í burðarliðnum, og þeir treystu sér hreinlega ekki til þess að koma fram fyrir þjóðina í útvarpi 1. maí og tala annar í vestur og hinn í austur.

Þetta er raunverulega ástæðan fyrir því, að hv. 7. þm. Reykv. lét koma til þess ósamkomulags við útvarpsráð, sem varð til þess í fyrra, að hátíðahöldin féllu niður, og sá háttur, sem á hafði verið hafður undanfarin ár, var látinn niður falla, að útvarpið annaðist sjálft um sérstaka hátíðadagskrá, en forsetar þeirra samtaka, sem ég nefndi áðan, ásamt félmrh. héldu ræðu.

Ég tel rétt, að þetta komi fram hér, þannig að það skýri nokkuð, hvernig á því stóð í fyrra, að til þessa ósamkomulags kom. (**Forseti:** Ég vil benda hv. ræðumanni á, að ræðutíminn er búinn.) Ég endurtek það, sem ég sagði við hæstv. forseta áðan, að ég tel, að hans úrskurður hafi ekki stoð í þingsköpum, og ég beiðist þess, að ég fái tækifæri til þess að halda áfram ræðu minni enn um skeið. (**Forseti:** Eins og allir hv. þingmenn geta séð, hef ég enga tilhneigingu til að brjóta þingsköp, hvorki á þessum vini mínum né neinum öðrum. En í umræðum utan dagskrár eru engin fyrirmæli um rétt þingmanna, og forseti hefur það alveg á valdi sínu, hvað hann leyfir þm. að tala lengi.)

Ég mun stytta mál mitt, herra forseti, og ekki þreyta þolinmæði hæstv. forseta um of. En ég vænti þess, að hann synji mér ekki um það að halda áfram enn um skeið og rekja nokkuð frekar atriði þessa máls.

Ég hef gert grein fyrir aðdraganda þess ósamkomulags, sem nú ríkir í útvarpsráði um það, hvernig háttað skuli hátíðahöldum 1. maí.

Ég vil þá í stuttu máli segja, að það er gersamlega ósatt, sem hv. 7. þm. Reykv. segir, að synjað hafi verið um það af útvarpsráði, að hátíðisdags verkalýðsins 1. maí yrði minnzt í útvarpinu. Þvert á móti, það hefur í fyrsta lagi verið samþ. að bjóða forseta Alþýðusambands Íslands að flytja ræðu í kvölddagskrá útvarpsins ásamt félmrh. og formanni Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Í öðru lagi hefur verið samþ. samkv. brtt. frá mér, sem einnig var samþ. af fulltrúa Framsfl. í ráðinu og hinum fulltrúa Sjálfstfl., að útvarpið verji til viðbótar þessum ávörpum, sem ég fyrr nefndi, einni klukkustund til dagskrárefnis í tilefni 1. maí.

Þetta er sannleikurinn í málinu, að útvarpsráð hefur samþ. að opna útvarpið samkv. venju fyrir ávörpum forseta launþegasamtakanna og félmrh. og í öðru lagi boðið upp á klukkutíma dagskrá.

Eg skal ekki fjölyrða um þetta, vegna þess að ræðutími minn er þrotinn. En ég vil segja það, að það situr illa á hv. forseta Alþýðusambandsins, hv. 7. þm. Reykv., að tala um hlutleysisbrot af hálfu útvarpsins í sambandi við Alþýðusambandið undir forustu hans. Ég man ekki betur en það hafi verið Alþýðusamband Íslands undir forustu hans, sem gerðist aðili að stofnun stjórnmálaflokks, og enn fremur má á það benda, að áður en útvarpið tók þann hátt upp, sem nú hefur verið hafður á um skeið í þessum efnum, var hlutleysi þess oft harkalega brotið af hálfu þeirra manna, sem stjórnuðu því.

Ég þyrfti raunar að svara mörgum fleiri atriðum í ræðu hv. 7. þm. Reykv., en skal ekki þreyta frekar þolinmæði hæstv. forseta. En ég vil segja það í tilefni af því, sem 5. landsk. þm. sagði, að hinir fulltrúar útvarpsráðs, þ. e. a. s. aðrir en hann og fulltrúi kommúnista í útvarpsráði, hefðu óskað eftir fresti á afgreiðslu á bréfi Alþýðusambandsins, að við fulltrúar Sjálfstfl. og ég hygg einnig fulltrúi Framsfl. töldum, að áður en útvarpsráð tæki endanlega ákvörðun í málinu, bæri að ræða við framkvæmdastjórn Alþýðusambandsins og stjórn þess um það, hvort ekki gæti tekizt samkomulag um málið, um fyrirkomulag hátíðahaldanna. Þetta var ekki gert eða a. m. k. fékk útvarpsráð engar upplýsingar um það, að nokkuð hefði komið upp úr því. Það má vera, að eitthvað hafi verið þreifað fyrir sér um það, en niðurstaðan varð sem sagt engin.

Ég skal svo ljúka máli mínu með því að segja, að því fer víðs fjarri, að við fulltrúar Sjálfstfl. í útvarpsráði viljum setja fót fyrir það, að haldið sé á verðugan hátt upp á hátíðisdag verkalýðsins 1. maí. Við teljum þvert á móti, að þessum stóru og áhrifamiklu samtökum beri réttur til þess eins og mörgum öðrum að fá að halda upp á hátíðisdag sinn

í útvarpinu. En við viljum tryggja það, að þessara hátíðahalda sé þannig minnzt, að ekki séu þverbrotnar þær reglur, sem útvarpið hefur sett sér um hlutleysi, og tryggja það, að hátíðahald dagsins veki ekki stórkostlega óánægju einnig meðal mjög mikils hluta þess fólks, sem innan verkalýðshreyfingarinnar starfar.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir að hafa komið og þvegið hendur sínar frammi fyrir þingheimi. Það er algengt, að svo sé gert, og hans afsökun er sú, að hann sé ekki skyldugur til að skipta sér af þessu. Hitt mundi þó vera nær sanni, að hann mun hafa vitað af því, að útvarpsráð hafði þetta mál til meðferðar á þremur fundum, og þá hefði skoðun hans getað komið til greina sem valdamanns, ef hann hefði verið á bandi alþýðusamtakanna.

Hv. 5. landsk. þm. (BG) var mikið niðri fyrir, talaði um, að ég hefði flutt á sig ásakanir og svívirðingar og fyrir mér hefði eingöngu vakað að svívirða Alþfl.-menn. Það er fjarri lagi. Það er einungis sú staðreynd, sem liggur til grundvallar, að það er Alþfl.-maður, sem er formaður útvarpsráðs, og þess vegna kemst ég ekki hjá því að beina því að honum, að hann gat ráðið úrslitum um afgreiðslu á erindi Alþýðusambandsins, en gerði það ekki. Þetta eru engar svívirðingar, og það er ekki gert til þess að hengja neinn saklausan. Þarna er sökudólgurinn, og hann verður að taka því, hann er Benedikt Gröndal, Alþýðuflokksmaður, formaður útvarpsráðs.

Deilan spratt í fyrra, sagði hann. Ég upplýsti, að það hefði verið venja áður, að Alþýðusambandið hefði fengið að ráða dagskrá 1. maí, ekki aðeins kvölddagskrá, heldur einnig síðdegisdagskrá. En svo komst sú venja á, að Alþýðusambandið var látið deila dagskránni með tveimur öðrum aðilum. Við það vildi það ekki fúslega sætta sig, taldi von um leiðréttingu á þessu, þegar Benedikt Gröndal var orðinn formaður útvarpsráðs, og bar þá fram sitt mál um það og fékk synjun, endurnýjar þetta nú, þegar Alþýðusambandsþing hafði vítt fyrri afstöðu útvarpsráðs, skoraði á útvarpsráð að heimila alþýðusamtökunum að hafa dagskrá þennan dag, og Alþýðuflokksmaðurinn Óskar Hallgrímsson bar þetta mál fram í mjög hæversklegu bréfi, sem bauð upp á það, að ef við fengjum játandi svar, þá skyldu drög að dagskránni send útvarpsráði, svo að útvarpsráð gæti lagt blessun sína yfir málið.

Hér kemur svo formaður útvarpsráðs og segir: Samtökum verzlunarmanna var heimilað í fyrra að hafa dagskrá, og þau brutu hlutleysi útvarpsins gagnvart mér. — Ég hef aldrei orðið þess var, ekki hef ég kvartað undan því. Ég tel, að það væri alveg sams konar vanvirða og svívirða af útvarpsráði að synja verzlunarmannasamtökunum í landinu um að hafa dagskrá einu sinni á ári, þegar það getur leyft hverjum öðrum félagssamtökum sem er að hafa slíka dagskrá.

Þá var formaður útvarpsráðs gramur yfir því, að ég hefði ekki nefnt till., sem hann hefði kastað inn í þetta mál. Mér er sagt, að sú till. hafi aldrei komið til atkvæða. Formaður útvarpsráðs hefur áreiðanlega gert sér grein fyrir því, í hvaða röð þessar till. kæmu til atkvæða.

Ég skýrði frá meginniðurstöðu málsins. Hún var sú, að erindi Alþýðusambands Íslands var borið undir atkvæði. Það var fellt með 2 atkv. gegn 2. Formaður útvarpsráðs var fjarverandi, en gat og hefði helzt átt að vera nærverandi og hefði getað lagt atkvæði sitt á vogarskálina með Alþýðusambandinu, ef hann hefði verið maðurinn til, en það var hann ekki. Þetta er meginatriði málsins.

Hann vék að Sverri Kristjánssyni sagnfræðingi og sagði, að hann hefði átt að flytja þætti um sögu verkalýðshreyfingarinnar. Þetta er rétt. Hann vildi ekki gera það, eftir að Alþýðusambandið hafði verið smánað með synjun. Svo segir formaður útvarpsráðs, að menn vilji ekki taka þátt í þessu, nema þeir fái að taka þátt í pólitísku brölti. Þeir vilja ekki taka þátt í því með því að vera að hjálpa útvarpsráði til að smána verkalýðssamtökin. Það verða menn að skilja.

Eina játningu gerði hv. formaður útvarpsráðs. Það var, að þeir hafa verið að reyna að draga úr því, að einstök félög og félagasamtök fengju að hafa dagskrá, en það hefði ósköp lítið gengið með það. En þetta var rökstuðningurinn fyrir synjuninni í fyrra, og var ekkert annað en fyrirsláttur.

Ég lýsi það svo alger ósannindi og líklega vísvitandi ósannindi hjá vini mínum, Sigurði Bjarnasyni, hv. þm. N-Ísf., að í fyrra hafi ríkt ágreiningur milli mín og Eðvarðs Sigurðssonar um það, hvað ætti að túlka í 1. maí dagskránni. Það er alger tilbúningur hans. Ef það er ekki hans eigin tilbúningur, þá hefur hann fengið það frá einhverri Gróu á Leiti.

Þá sagði hv. þm. N-Ísf. í sinni ræðu, sem hann fékk ekki að hafa eins langa og hann vildi, að hann væri allur af vilja gerður, að verkalýðssamtökin fengju að hafa virðulega dagskrá 1. maí. Ég tek þetta svo, að það hafi verið alveg í misgripum, að hann rétti upp höndina á móti erindi Alþýðusambands Íslands, og vænti ég þá, að það standi ekki á honum að gera það á annan veg næst, þegar hann á kost á því. — Svo þakka ég forseta fyrir.

VI. Lausnarbeiðni ráðuneytisins.

Á 14. fundi í Sþ., 4. des., var tekin á dagskrá:

Tilkynning frá ríkisstjórninni.

Forsrh. (Hermann Jónasson): Herra forseti. Ég hef á ríkisráðsfundi í dag beðizt lausnar fyrir mig og ráðuneyti mitt. Forseti Íslands hefur beðið ráðuneytið að gegna störfum fyrst um sinn, og hafa ráðherrar að venju orðið við þeirri beiðni.

Fyrir lá, að hinn 1. des. átti að taka gildi ný kaupgreiðsluvísitala, sem fól í sér 17 stiga hækkun. Til þess að koma í veg fyrir nýja verðbólguöldu, sem af þessu hlaut að rísa, óskaði ég þess við samráðherra mína, að ríkisstj. beitti sér fyrir setningu laga um frestun á framkvæmd hinnar nýju vísitölu til loka mánaðarins, enda yrðu hin fyrrgreindu 17 vísitölustig þá greidd eftir á fyrir desember, nema samkomulag yrði um annað.

Leitað var umsagnar Alþýðusambandsþings um lagasetningu þessa samkvæmt skilyrði, sem sett var fram um það í ríkisstj. Alþýðusambandsþing neitaði fyrir sitt leyti beiðni minni um frestun. Boðaði ég þá ráðherrafund að morgni laugardags 29. nóv., en þar náðist ekki samkomulag um stuðning við frv. Af þessu leiddi, að hin nýja kaupgreiðsluvísitala kom til framkvæmda um mánaðamótin, og ný verðbólgualda er þar með skollin yfir.

Við þessu er svo því að bæta, að í ríkisstj. er ekki samstaða um nein úrræði í þessum málum, sem að mínu áliti geti stöðvað hina háskalegu verðbólguþróun, sem verður óviðráðanleg, ef ekki næst samkomulag um þær raunhæfu ráðstafanir, sem lýst var yfir að gera þyrfti, þegar efnahagsfrumvarp ríkisstj. var lagt fyrir Alþingi á s. l. vori.

VII. Stjórnarskipti.

Á 47. fundi í Nd., 29. des., utan dagskrár, mælti

Eysteinn Jónsson: Það hefur verið venja undanfarið, þegar stjórnir hafa verið myndaðar og Alþingi hefur setið, að það hefur verið tilkynnt Alþingi formlega á fundi í sameinuðu þingi, og hafa þá a. m. k. oftast nær komið fram yfirlýsingar af hálfu þeirra flokka, sem ekki hafa átt þátt að stjórnarmynduninni. Nú sé ég á því, hvernig til er hagað, að ætlunin er að hafa á þessu annan hátt. Ég tel, að þessari venju hefði átt að halda. En þar sem það hefur ekki verið gert, vil ég koma hér á framfæri nokkrum orðum af hálfu Framsóknarflokksins út af stjórnarmynduninni, með leyfi hæstv. forseta.

Af hálfu framsóknarmanna hefur ekki verið farið dult með það, að þeir hefðu viljað halda áfram stjórnarsamstarfi því, sem til var efnt eftir kosningarnar 1956. Þess reyndist þó enginn kostur vegna ágreinings um efnahagsmálin.

Forseti sameinaðs Alþingis, núverandi hæstv. forsrh., átti viðræður við okkur þm. Str., eftir að honum hafði verið falið að gera tilraun til stjórnarmyndunar. Við fluttum honum þá skoðun þingflokks framsóknarmanna, að eðlilegast væri, eins og þá var komið, að gera tilraun til að koma á þjóðstjórnarsamtökum allra flokka, fyrst ókleift hefði reynzt, að fyrrv. ríkisstj. héldi áfram að starfa. Væri það okkar skoðun, að slíka tilraun bæri að gera til þess að ganga úr skugga um, hvort ekki væri mögulegt með því að eyða tortryggni þeirri og yfirboðum, sem mjög ættu sök á því, að eigi hefðu náðst nægilega sterk samtök um efnahagsmálin. Enn fremur væri slík stjórnarmyndun augljóst tákn þjóðareiningar gegn ofbeldi Breta í landhelgismálinu. Þá yrði einnig leitað samkomulags um kjördæmamálið, en átökum um það mál frestað, ef til þeirra þyrfti að koma, þangað til í lok kjörtímabilsins.

Eigi var þessi leið reynd, en eftir því gengið, hvort Framsfl. vildi ljá flokksstjórn Alþfl. stuðning.

Með tilliti til bandalags þess og nána samstarfs, sem verið hefur á milli flokkanna, taldi Framsfl. rétt að ljá máls á því að styðja stjórn, sem form. Alþfl. myndaði, en þó því aðeins, að samstaða næðist um efnahagsmálin og þingstyrkur yrði til þess að leysa þau á viðunandi hátt og að leitað yrði samkomulags um kjördæmamálið og afgreiðslu þess frestað til loka kjörtímabilsins.

Framsfl. telur, að nú hafi verið tækifæri til þess að gera þýðingarmiklar ráðstafanir í efnahagsmálum og byggja á þeim grunni, sem lagður var með löggjöfinni um þau í vor. Jafnframt hefur flokkurinn verið þess fullviss, að yrði þjóðinni þess í stað nú kastað út í deilur um stjórnskipun landsins og tvennar kosningar, mundi hljótast af því ófyrirsjáanlegt tjón.

Þessum sjónarmiðum og samstarfstilboðum Framsfl. hefur í engu verið sinnt, en þess í stað nú mynduð ríkisstj., sem samkvæmt þegar gerðum yfirlýsingum ætlar að haga störfum sínum þveröfugt við það, sem Framsfl. telur hyggilegt.

Ríkisstj. hefur ekki meiri hluta á Alþingi til þess að koma fram annarri löggjöf en fjárlögum. Kjördæmamálið er sett á oddinn og kosningar ákveðnar í vor, hvað sem öðru líður. Ríkisstj. er sem sé ekki mynduð fyrst og fremst til þess að leysa vandamál framleiðslu- og efnahagslífs, heldur til þess að efna til stórfelldra átaka um stjórnarskipunina og tvennra kosninga. Ríkisstjórnarsamtök þau, sem nú hafa orðið, geta því að okkar dómi tæpast nokkurn vanda leyst, en skapað mörg ný vandamál. Flestum mönnum munu hulin þau rök, sem knýja til þessara tiltekta.

Það er svo kafli út af fyrir sig, að þegar litið er til þess, hvernig síðustu kosningar fóru fram, hljóta þessar ráðstafanir, stjórnarmyndunin og yfirlýsingin um það, hvað stjórnin hefur í huga, að koma mönnum vægast sagt undarlega fyrir sjónir. Skal ekki meira um það rætt að sinni.

Það leiðir af þeim orðum, sem ég hef sagt, að Framsfl. er andvígur þessari ríkisstj., hvorki styður hana né veitir henni hlutleysi. Ef stjórnin á hinn bóginn ber fram einhver mál, sem Framsfl. telur að verða megi að gagni fyrir þjóðina, mun hann að sjálfsögðu veita þeim lið.

Forsrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þegar samstarf þeirra flokka, sem að fyrrver-

andi ríkisstj. stóðu, rofnaði um mánaðamótin nóv. og des., þá var það, að ég ætla, fyrst og fremst vegna mismunandi afstöðu þessara flokka til efnahagsmálanna. Ég hygg þó, að sá ágreiningur, sem þar kom fram, hafi ekki fyrst og fremst verið milli Framsfl. og Alþfl., heldur fyrst og fremst milli Framsfl. og fulltrúa Alþb. í ríkisstjórn. Ég tel þess vegna, að út af fyrir sig hefði vel verið hægt að hugsa sér samstarf með Framsfl. um lausn þessara mála.

Þegar Sjálfstæðisfl. tók að sér að reyna að mynda stjórn eftir ósk forseta Íslands, komst hann fljótlega að þeirri niðurstöðu, að hann teldi sér það ekki fært, bæði vegna ágreinings um efnahagsmál við einn af þingflokkunum og vegna ágreinings um kjördæmamálið við annan.

Hinn 18. des. s. l. fól forseti Íslands mér að reyna að mynda þingræðisstjórn. Ég leitaði til allra flokka um þetta og komst að þeirri niðurstöðu, að ágreiningurinn um lausn efnahagsmálanna væri því til fyrirstöðu, að tekizt gæti það samstarf, sem verið hafði á milli Alþb., Alþfl. og Framsfl. Ég taldi hins vegar, að form. Sjálfstfl. hefði komizt að þeirri niðurstöðu við sínar tilraunir, að meirihlutastjórn yrði ekki sett upp af hans hálfu á þann veg, sem hann hugsaði sér. Möguleikarnir, sem eftir voru að mínu áliti, voru þess vegna fyrst og fremst tveir: að minnihlutastjórn yrði sett á laggirnar eða utanþingsstjórn yrði komið á. Þjóðstjórnarsamstarf allra flokka var útilokað að mínu viti vegna þess, að Sjálfstfl. gerði það að skilyrði fyrir öllu stjórnarsamstarfi, að kosningar yrðu hafðar í vor og freistað að leysa kjördæmamálið áður, en Framsfl. gerði það að skilyrði fyrir sinni þátttöku, að bæði lausn kjördæmamálsins og kosningum yrði frestað til ársins 1960 eða í 1½ ár.

Það má sjálfsagt um það deila, hvort hyggilega hafi verið farið að, eins og gert var. En þó tel ég, ef það er rétt hjá mér, að ekki hafi verið nema um þessa tvo kosti að ræða, annars vegar minnihlutastjórn einhvers flokks og hins vegar utanþingsstjórn, þá séu þó frekar líkur til þess, að minnihlutastjórn, sem hefur að baki sér meiri hluta Alþingis, geti þokað málum áfram í rétta átt heldur en utanþingsstjórn, sem enga slíka tryggingu hefur.

Ég þarf svo ekki raunar að þessu frekar orðum að eyða. Mér er það alveg ljóst, að þessi stjórn er eingöngu bráðabirgðastjórn til þess fyrst og fremst að freista að leysa vanda efnahagsmálanna núna um áramótin og í öðru lagi til þess að freista að leysa kjördæmamálið, því að mér virðist svo, og það kom raunar mjög greinilega fram í þeim umr., sem fóru fram fyrir þessa stjórnarmyndun, að kjördæmamálið stendur eins og fleinn í holdi stærstu þingflokkanna og raunar hinna tveggja líka. Við þurfum allir að fá lausn á þessu máli, einhverja þá lausn, sem geti kallazt varanleg lausn, a. m. k. um nokkurt árabil, svo að þetta mál verði ekki því til fyrirstöðu, að eðlilegt samstarf geti tekizt um lausn annarra bráðaðkallandi vandamála.

Eysteinn Jónsson: Ég skal ekki efna til langra umræðna um þetta, því að meiningin var að koma á framfæri þeirri grg., sem ég hef þegar flutt. En út af því, sem hæstv. forsrh. segir, vil ég aðeins taka fram eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er mér ekki kunnugt um, að hann hafi nokkurn tíma gert tilraun til að koma á fót því allra flokka samstarfi, sem við stungum upp á, og mun það ekki hafa verið reynt. Ef það hefði verið reynt, eins og við stungum upp á, þá hefði komið í ljós, hverjir það voru, sem slíkt strandaði á, hverjir það voru t. d., sem lögðu svo mikla áherzlu á að kasta þjóðinni út í deilur um kjördæmamálið, að þeir vildu ekki ljá máls á slíku. En ég veit, að það var ekki reynt.

Varðandi þessa stjórn, sem nú hefur komizt á laggirnar, að hún sé líkleg til þess að koma einhverju fram, vil ég aðeins segja, að það er varla hægt að hugsa sér óhægari aðstöðu en nú er orðin við þetta fyrirkomulag, þar sem nú eru fram undan kosningar. Það má svo sem nærri geta, hverju þessi stjórn, jafnvel þótt hún hafi stuðning Sjálfstfl., muni geta áorkað í efnahagsmálunum með kosningar alveg fram undan og það tvennar kosningar, ef hún kemur fram vilja sínum. Eins og ég sagði áðan, er venjulegum mönnum algerlega hulið, hvernig þeir menn hugsa, sem töldu kjördæmamálinu liggja svo mikið á, að það þyrfti að kasta þjóðinni út í deilur um það nú í stað þess að reyna í eitt ár að ná samkomulagi um málið. Það er vandséð, af hverju menn gátu misst með því að hafa slíkan hátt á, en hins vegar augljóst, hvað menn geta kallað yfir sig með því að þjóta nú í þetta á þann hátt, sem gert er. — Aðeins þetta sé ég ástæðu til að taka fram núna.

Forsrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Um þessi tvö atriði, sem hv. 1. þm. S-M. ræddi hér, skal ég aðeins segja þetta:

Hv. þm. sagði, að ekki hefði verið reynt að mynda allra flokka stjórn. Út af fyrir sig má kannske segja, að það hafi ekki verið gert formlega. En fyrir lágu í þessum samtölum alveg ákveðin ummæli frá talsmönnum Sjálfstfl., hv. þm. G-K. og hv. 1. þm. Reykv., um, að þeirra samstarf um nokkra stjórn væri bundið því skilyrði, að kjördæmamálið yrði afgreitt nú í vor og kosningar færu fram í vor. Og af hálfu fulltrúa Framsfl., þeirra hv. þm. Str. og hv. 1. þm. S-M., lá fyrir jafnákveðið, að þeir gætu ekki hugsað sér neitt stjórnarsamstarf, nema því aðeins að afgreiðslu kjördæmamálsins og kosningum yrði frestað til ársins 1960. Þegar af þessari ástæðu virtist mér alveg ljóst, að um þjóðstjórn eða samstjórn allra flokka gæti ekki verið að ræða, þar sem þessi tvö sjónarmið voru alls ósamrýmanleg.

Um afgreiðslu vandasamra mála með kosningar yfirvofandi skal ég ekki fjölyrða mikið. Hv. þm. vildi telja líklegt, að afgreiðsla þessara mála undir slíkum kringumstæðum mundi bera nokkurn keim af þeim kosningum, sem yfirvofandi væru. En ég vil í lengstu lög ekki trúa því, að menn vilji ekki, eða svo að ég segi

það hreint út: þori ekki að taka ábyrga og eðlilega afstöðu til máls, þó að kosningar séu fram undan.

VIII. Sjötugsafmæli Bernharðs Stefánssonar.

Á 47. fundi í Ed., 8. jan., utan dagskrár, mælti

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Eins og kunnugt er, á hæstv. forseti þessarar deildar sjötugsafmæli í dag. Ég ætla, að ég mæli það fyrir munn allra hv. dm., þegar ég vil hér fram bera árnaðaróskir til hæstv. forseta, herra Bernharðs Stefánssonar, hv. 1. þm. Eyf., bera honum árnaðaróskir og þakkir okkar, sem höfum setið með honum lengi í þessari hv. deild. Það vill nú svo til, að ég er jafngamall honum hvað þingvist snertir. Við munum hafa verið kosnir á þing sama haustið og höfum þess vegna oft átt hér setu saman. Er mér því ljúft að votta það, að hæstv. forseti þessarar d. hefur jafnan komið fram með þeim virðuleik og þeirri festu, sem sæmir manni í hans stöðu, og jafnframt sýnt deildarmönnum hverju sinni fulla sanngirni, að því er mér hefur virzt. Ég skal ekki hafa þessi orð lengri, en ég vil árna hæstv. forseta d. allra heilla og hans góðu frú og fjölskyldu á þessum degi og — jafnframt og við þökkum fyrir samverustundir með honum í þessari hv. deild undanfarnar — biðja honum alls góðs á komandi árum. Ég vil biðja hv. deildarmenn að gjalda samþykki sitt með því að rísa úr sætum forseta til heiðurs. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (BSt): Ég þakka hv. þm. Vestm. hjartanlega fyrir þau hlýju orð, sem hann mælti til mín. Þó að eitthvað af því kunni að hafa verið oflof, þá veit ég, að hann hefur meint það allt á þessari stundu. — Sömuleiðis þakka ég hv. þdm. fyrir að hafa tekið undir hans orð.

IX. Aldarminning fyrrverandi þingmanna.

Á 46. fundi í Ed., 6. jan., mælti

forseti (BSt): Í dag eru liðin rétt hundrað ár frá fæðingu Skúla Thoroddsens alþm. — og þingskörungs er óhætt að segja. Þegar hann féll frá, mun hans hafa verið minnzt á Alþ., svo sem siður er um látna alþingismenn. En mér finnst samt ástæða til þess að minna á þennan afmælisdag, þar sem Skúli Thoroddsen var ein af höfuðkempum íslenzkra stjórnmálamanna og stjórnmála á sinni tíð. Ég ætla ekki að halda hér neina ræðu, en mér þykir vel við eiga og sting upp á því, að hv. þdm. í tilefni af þessum afmælisdegi votti þessum látna þjóðskörungi virðingu sína með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Á 51. fundi í Nd., s. d., mælti

forseti (EOl): Háttvirtir þingdeildarmenn. Í dag er liðin ein öld, síðan Skúli Thoroddsen fæddist, hinn 6. jan. 1859, að Haga á Barðaströnd. Hann átti sæti hér á Alþingi Íslendinga í aldarfjórðung, frá 1890 til dauðadags 1916. Skúli Thoroddsen vann föðurlandi voru alla ævi sína allt, hvað hann mátti. Hann var alþýðu Íslands hinn æðrulausi og framsýni brautryðjandi í umbóta- og réttindamálum. Hann var þjóð vorri einn bezti foringi og fullhugi, sem hún hefur eignazt í frelsisbaráttu sinni. Skúli Thoroddsen bar gæfu til þess á örlagastund að vinna íslenzkum málstað það einstæðisverk, er ekki mun fyrnast. Þjóð vor mun ætíð minnast hans sem eins af sínum beztu sonum. Ég vil biðja hv. þdm. að heiðra minningu þessa ágæta alþingismanns og aldarafmæli hans með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Á 50. fundi í Ed., 16. jan., mælti

forseti (BSt): Í dag eru hundrað ár liðin frá fæðingu Jóns Magnússonar fyrrum forsætisráðherra. Ég ætla ekki í tilefni af þessu hundrað ára afmæli að fara að rekja æviatriði þessa merka manns, því að allir hafa aðgang að þeim á ýmsum stöðum. Ég vil aðeins minna á tvennt: Í fyrsta lagi það, að Jón Magnússon var fyrsti forsætisráðherra Íslands, eftir að ráðuneyti var hér stofnað með fleiri en einum ráðherra. Og í öðru lagi á það, að hann var forsætisráðherra 1918, þegar viðurkennt var fullveldi Íslands, og mun hann í þeirri stöðu hafa átt mjög mikinn þátt í þeim málalokum. Mér finnst, að í tilefni af þessu hundrað ára afmæli þessa merkismanns sé ástæða til þess, og vil leggja það til, að hv. þdm. heiðri minningu hans með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Á 57. fundi í Nd., s. d., mælti

forseti (EOl): Háttvirtir þingdeildarmenn. Í dag er liðin ein öld, síðan Jón Magnússon forsætisráðherra fæddist, 16. jan. 1859, í Múla í Aðalreykjadal.

Jón Magnússon átti um aldarfjórðung sæti hér á Alþingi og varð tvívegis forsætisráðherra lands vors, að síðustu til dauðadags 1926. Undir forustu þeirrar ríkisstjórnar, er hann veitti forsæti, hlaut land vort fullveldi sitt, og hann varð fyrstur forsætisráðherra fullvalda Íslands. Þjóð vor minnist sérstaklega með þakklæti hans giftudrjúga þáttar í þeim samningum við stjórnarvöld Danmerkur, er leiddu til fullveld-

is og hlutleysisyfirlýsingar Íslendinga 1. des. 1918.

Ég vil biðja hv. þdm. að minnast þessa merka forustumanns í stjórnmálum Íslands með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

X. Slysfarir á sjó — minning.

Á 26. fundi í Sþ., 18. febr., mælti

forseti (JPálm): Í dag komum við alþingismenn saman af óvenjulega hörmulegu tilefni, því að nú er talið víst eftir viðtæka leit úr lofti og á sjó í 8 daga, að botnvörpuskipið Júlí frá Hafnarfirði hafi farizt með allri áhöfn á Nýfundnalandsmiðum í ofviðrinu þann 8. þ. m. Hafa þar horfið í hafsins djúp 30 hraustir menn úr liði okkar sjómannastéttar.

Togarinn Júlí var talinn eitt á meðal ágætustu skipa í þeim flokki okkar fiskiskipaflota, sem ber nafnið nýsköpunartogarar. Hann var fullgerður á árinu 1947 og var 657 brúttósmálestir að stærð, útbúinn fullkomnustu öryggistækjum.

Íslenzka þjóðin vill hafa frið við aðra menn. Hún er friðsöm þjóð. Þó á hún í árlegu stríði vegna sinna örðugu atvinnuvega. Það stríð er háð við hamfarir náttúrunnar á sjó og landi: ofsastorma, stórhríðar, þokur og dimmviðri, hafís, vatnsföll og annan háska. Í þeirri baráttu hafa margir Íslendingar látið lífið fyrr og síðar í hættulegum ferðalögum í okkar illviðrasama landi og á síðari árum ekki sízt í viðskiptunum við okkar þýðingarmestu samgöngutæki á landi, sjó og í lofti og einnig okkar nýjustu vinnuvélar.

En í fremstu víglínu okkar lands stendur sjómannastéttin, sem sækir bjargræði þjóðarinnar í djúp hafsins, við strendur landsins og á fjarlægum fiskimiðum. Hún getur á öllum tímum árs búizt við örðugu stríði við ólgandi hafrót, enda þótt okkar veiðiskip hafi á síðari árum orðið miklu stærri og fullkomnari að öllum öryggisútbúnaði en áður hefur þekkzt.

Það er líka svo, að nálega árlega eru stærstu skörðin höggvin í það víglið Íslendinga, sem á sjónum heyr baráttuna.

Undanfarna daga hef ég og fleiri hugsað aftur í tímann til þess atburðar, er gerðist 8. febr. 1925, þegar einhver ægilegasta stórhríð, sem komið hefur á þessari öld, skall á fyrri hluta dags yfir allt Norður- og Vesturland. Í þeim ósköpum fórust 2 fullkomnustu togarar, sem þjóðin átti þá, vestur á Halamiðum. Fórust með þeim 68 manns. Víðs vegar á landinu varð þá manntjón og miklir fjárskaðar. Ég nefni þetta nú vegna þeirra einkennilegu örlaga, að sama mánaðardaginn, þann 8. febr., 34 árum síðar varð það hörmulega manntjón, sem veldur okkur sorg í dag.

Síðasta skeytið, sem frá Júlí barst, heyrðist að kvöldi 8. þ. m., og allt bendir til, að það sama kvöld hafi skipið farizt. Þá var ofviðrið mest og mörg önnur íslenzku skipin komust í mikinn háska og voru sum tæpt komin.

Alltaf síðan hefur skipsins verið leitað af skipum og flugvélum og það með mikilli fórnfýsi og dugnaði. Ástvinir skipsmanna og þjóðin öll hefur eigi viljað gefa upp síðasta vonarneistann, þar til allt um þraut. En nú virðist öll von úti um það, að nokkur hafi bjargazt. Leit flugvélanna og skipanna hefur náð yfir 70 þúsund fersjómílna svæði.

Á skipinu var 30 manna skipshöfn, flestir ungir menn og hraustir. Hinn yngsti þeirra var 16 ára, en sá elzti 48 ára, flestir 20—30 ára. Af þessum mönnum voru 19 frá Reykjavík, 5 frá Hafnarfirði og 6 frá öðrum stöðum á landinu. 12 heimilisfeður voru í þessum hóp, sem láta eftir sig konu og börn. 39 börn samtals innan 15 ára aldurs eru föðurlaus eftir þetta sorglega slys. Margir áttu foreldra á lífi, og er sumt af því fólki einmana eftir.

Þann hörmulega atburð, sem hér hefur orðið, harmar þjóðin öll. Missir 30 hraustra manna er mikið áfall.

Við, sem hér erum saman komin, kveðjum hinar föllnu hetjur í nafni þjóðarinnar með virðingu og þakklæti fyrir mikið og gott ævistarf. Minningarnar um þá og þann atburð, að þeir féllu á vígvellinum, eru merkilegar. Í slíku stórslysi felst mikil aðvörun fyrir þá, sem eftir lifa, um alla þá fyrirhyggju, sem framvegis er unnt að viðhafa.

Við þökkum öllum þeim mörgu innlendu og erlendu mönnum, sem af fórnfýsi, hugrekki og atorku tóku þátt í hinni víðtæku leit, sem að skipinu var gerð.

Við sendum útgerðarstjórn og e. gendum skipsins í Hafnarfjarðarbæ einlæga samúðarkveðju.

En fyrst og fremst, einkum og sérstaklega viljum við í okkar veikleika votta syrgjandi ástvinum hinna látnu manna einlæga samúð og dýpstu hluttekningu í þeirra sáru sorg. Foreldrar og börn, eiginkonur, unnustur, systkini, frændur og annað venzlafólk á þar hlut að máli.

Við viljum biðja guð vors lands, drottin allsherjar, sem við tilbiðjum og trúum á, að senda öllu hinu syrgjandi fólki sinn styrk og veita því sína vernd, svo að það geti tekið hinum þungu örlögum, sem að höndum hefur borið, með sálarró og hugrekki, og að öllu þessu harmandi fólki verði fært að hugga sig við minningarnar um hinar horfnu hetjur og vonirnar um að fá síðar að hitta þessa sína ástvini á landi lifenda.

Ég bið háttvirta alþingismenn að taka undir orð mín með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Á 72. fundi í Ed., 19. febr., mælti

forseti (BSt): Vegna þeirra hörmulegu tíðinda, sem kunn urðu í gærkvöld, að vitaskipið Hermóður hefur farizt með allri áhöfn, 12 manns, verður fundi ekki fram haldið nú, og

dagskrármálin því tekin af dagskrá. Fundur er ákveðinn í sameinuðu þingi nú á eftir stuttum deildarfundum, og verður þá minnzt þessa sorgaratburðar og þeirra sjómanna, sem látið hafa lífið.

Á 79. fundi í Nd., s. d., mælti

forseti (EOl): Háttvirtir deildarmenn. Sökum þess stórslyss, sem nú hefur aftur borið að höndum þjóðar vorrar, er vitaskipið Hermóður fórst, verður fundur felldur niður í neðri deild í dag og fundur haldinn í sameinuðu þingi þegar að loknum þessum fundi.

Á 27. fundi í Sþ., s. d., mælti

forseti (JPálm): Háttvirtu alþingismenn.

Helfregnir berast nú dag eftir dag,
dauðans er mikilvirk hönd,
úthafið syngur sitt útfararlag,
öldurnar grenja við strönd.
Íslenzka þjóðin er harminum háð,
hrópar í neyðinni á guðlega náð.

Það munu vera einsdæmi í sögu Alþingis, að stórkostleg sjóslys verði svo hvert á fætur öðru, að nauðsyn beri til að kalla saman sorgarfund í Alþingi dag eftir dag. Þetta ber oss að höndum nú.

Í gær komum við öll hér saman til að lýsa okkar hryggð og samúð í tilefni af því, að 30 sjómenn fórust með togaranum Júlí frá Hafnarfirði. En áður en við gengum til svefns í gærkvöld, var þjóðinni allri sagt frá öðru hörmulegu sjóslysi, því, að vitaskipið Hermóður hafi farizt með allri áhöfn við Reykjanes aðfaranótt gærdagsins, 18. þ. m. Í tilefni af þessum sorgarfréttum komum við hér saman í dag. Ber það nú að höndum okkar fámennu þjóðar, að skammt er stórra högga milli, þar sem í þessu slysi fórust 12 hraustir sjómenn á bezta aldri.

Vitaskipið Hermóður var byggt í Svíþjóð fyrir vitamálastjórnina árið 1947. Það var 200 smálestir að stærð og viðurkennt sem gott sjóskip. Það hefur annazt flutninga fyrir vitana kringum landið, en að öðru leyti stundað landhelgisgæzlu og eftirlit með fiskibátum, þegar hætta var á ferðum, einkum við Vestmannaeyjar. Má því segja, að þetta skip hafi beint og óbeint verið dýrmætt björgunarskip til aðstoðar öðrum meðfram ströndum Íslands. Að missa það frá sinni þýðingarmiklu starfsemi er því mikið áfall fyrir fjölda þeirra manna, sem sjóinn stunda meðfram okkar hættulegu strönd. En missir skipsins hverfur þó í skuggann fyrir þeim hryggilegu örlögum að missa 12 vaska sjómenn í djúp hafsins í viðbót við allt, sem á undan er gengið. 5 ekkjur, 17 börn innan 15 ára aldurs, foreldrar, uppkomin börn, systkini, frændur og annað venzlafólk horfir harmþrungið á eftir þessum ástvinum sínum, sem svo snögglega og óvænt eru burt kallaðir.

Við, sem hér erum saman komin, kveðjum þessar horfnu sjóhetjur í nafni þjóðar vorrar með þakklæti og virðingu fyrir unnin afrek á liðnum árum. Ástvinum þeirra öllum og frændfólki vottum við einlæga samúð og hluttekningu í sorginni. Ég lýsi hér þeirri afdráttarlausu tilfinningu okkar allra. En þó að hún sé flutt af einlægum og hryggum hug, þá vitum við öll, að við stöndum máttvana og varnarlaus gagnvart því harmþrungna fólki, sem hugsar til þeirra ástvina, sem í djúpið eru sokknir, ef eigi væri til önnur þýðingarmeiri huggun en okkar samúð, — sú huggun, sem felst í grundvallaratriðum okkar háleitu trúarbragða. Þess vegna treystum við því, að hið sorgbitna fólk fái að njóta þeirra fornu og nýju fyrirheita, að drottinn leggur líkn með þraut. Og á þessari sorgarstund tengjum við geisla vonarinnar við það, að þeim fjölmenna hópi Íslendinga, kvenna, karla og barna, sem um þessar mundir harmar sína látnu vini, verði sú huggunin bezt, sem felst í þýðingarmestu orðum meistarans sjálfs, sem þannig hljóða: „Ég lifi, og þér munuð lifa.“ Í því trausti, að sú verði huggunin áhrifamest, sendum við öllu hinu harmandi fólki beztu kveðjur og góðar óskir.

Ég bið háttvirta alþingismenn að taka undir mín orð með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

XI. Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa.

Á 12. fundi í Nd., 30. okt., mælti

forseti (HÁ): Forseta Nd. hefur borizt svo hljóðandi bréf frá hv. 2. þm. Reykv.:

„Sökum þess að ég er á förum til útlanda, óska ég þess, að varamaður minn, Ásgeir Sigurðsson, taki sæti á Alþingi, meðan ég er fjarverandi.

Björn Ólafsson.“

Kjörbréf hv. varaþingmanns, Ásgeirs Sigurðssonar, hefur áður verið rannsakað og samþykkt, og tekur hann nú sæti hv. 2. þm. Reykv.

Á 20. fundi í Sþ., 12. jan., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (JPálm): Tekið er fyrir eina málið, sem er á dagskránni, rannsókn kjörbréfs.

Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf frá hæstv. forseta Nd.:

„Neðri deild, 9. jan. 1959.

Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M., hefur í dag sent mér svo hljóðandi bréf:

„Þar sem ég verð fjarverandi næstu tvær vikur vegna sérstakra anna heima fyrir, leyfi ég mér, með skírskotun til 3. mgr. 144. gr. l. nr. 80 1942, um kosningar til Alþingis, að óska eftir því, að varamaður, Tómas Árnason deildarstjóri, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tikynnt með ósk um, að þér látið fara fram í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Einar Olgeirsson.

Til forseta sameinaðs þings."

Hér liggur fyrir kjörbréf þessa varamanns, og þarf hv. kjörbréfanefnd að taka það til athugunar. Vil ég gefa fundarhlé í fimm mínútur, á meðan nefndin lítur á kjörbréfið. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Nefndin hefur tekið til athugunar kjörbréf fyrir Tómas Árnason deildarstjóra, sem er svo hljóðandi:

„Undirrituð yfirkjörstjórn í Norður-Múlakjördæmi gerir kunnugt, að ár 1956, mánudaginn 25. júní, kom yfirkjörstjórnin, eftir að boðað hafði verið til fundarins á löglegan hátt, saman á Vopnafirði til að telja atkvæði greidd við alþingiskosningar í kjördæminu á kjördegi 24. júní.

Kosningu hafði hlotið sem varamaður Tómas Árnason deildarstjóri, Kópavogi, með 432½ atkv., og er hann því rétt kjörinn 1. þingvaramaður fyrir Norður-Múlakjördæmi lögmæltan tíma.

Yfirkjörstjórn Norður-Múlakjördæmis.

Jakob Einarsson. Sigurður Gunnarsson.

Friðrik Sigurjónsson."

Við höfum athugað þetta kjörbréf, og n. varð sammála um að leggja til, að kosningin væri tekin gild og kjörbréfið samþykkt, þannig að Tómas Árnason deildarstjóri taki hér sæti sem varamaður í Norður-Múlakjördæmi.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 39 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Sþ., 20. febr., var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (JPálm): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf frá hæstv. forseta Nd.:

„Neðri deild, 20. febr. 1959.

Mér hefur borizt svo hljóðandi símskeyti frá Sveinbirni Högnasyni, 2. þm. Rang.:

„Óska eftir, að varamaður taki sæti mitt á þingi vegna veikindaforfalla."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Einar Olgeirsson,
forseti neðri deildar."

Samkvæmt þessu verð ég að fara fram á við hv. kjörbréfanefnd, að hún taki þetta kjörbréf til athugunar í snatri, og verður fundi frestað á meðan í 10 mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Nefndin hefur athugað kjörgögn varðandi varaþingmann Björn Fr. Björnsson úr Rangárvallasýslu. Fyrir liggur ekki kjörbréf, en svo hljóðandi símskeyti frá formanni yfirkjörstjórnar Rangárvallasýslu, Páli Björgvinssyni, hefur verið lagt fram:

„Mánudaginn 25. júnímánaðar árið 1956 kom yfirkjörstjórn Rangárvallasýslu saman til að telja atkvæði að afstöðnum alþingiskosningum 24. sama mán., og urðu úrslit þau, að Framsfl. fékk kosinn einn varamann, Björn Friðgeir Björnsson sýslumann, Hvolsvelli, og er hann því rétt kjörinn varaþingmaður Rangárvallasýslukjördæmis lögmæltan tíma."

Nefndin varð sammála um að leggja til við Alþingi, að kosningin yrði tekin gild og símskeytið yrði samþykkt sem kjörbréf fyrir Björn Fr. Björnsson sýslumann til þess að vera varaþingmaður 2. þm. Rangárvallasýslu.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 45 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., 23. febr., mælti

forseti (EOl): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf frá hv. 10. landsk. þm.:

„Með því að ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og verð fjarverandi næstu 2—3 vikur, leyfi ég mér, með skírskotun til 144. gr. laga um kosningar til Alþingis, að óska þess, að varamaður, dr. Gunnlaugur Þórðarson, taki sæti á Alþingi, á meðan ég verð fjarverandi.

Pétur Pétursson.

Til forseta neðri deildar."

Kjörbréf þessa hv. varaþingmanns hefur verið athugað áður, og tekur hann hér sæti, og býð ég hann velkominn.

Á 35. fundi í Sþ., 2. apríl, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (JPálm): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf frá hæstv. forseta Nd.:

„Reykjavík, 1. apríl 1959.

Gunnar Jóhannsson, 6. landsk. þm., hefur í dag skrifað mér svo hljóðandi bréf:

„Þar sem ég verð fjarverandi næstu tvær vikur vegna sérstakra anna heima fyrir, leyfi ég mér, með skírskotun til 3. mgr. 144. gr. l. nr. 80 1942, um kosningar til Alþingis, að óska eftir því, að varamaður, Jónas Árnason rithöfundur, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns."

Hér liggur fyrir kjörbréfið og vil ég fresta fundi nokkrar mínútur og biðja hv. kjörbréfanefnd að taka bréfið til athugunar. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjör-

bréf Jónasar Árnasonar kennara í Neskaupstað, sem er svo hljóðandi:

„Landskjörstjórnin gerir kunnugt, að ár 1956, mánudaginn 9. júlí, kom landskjörstjórnin, eftir að boðað hafði verið til fundarins á löglegan hátt, saman í alþingishúsinu til að úthluta uppbótarþingsætum til jöfnunar milli þingflokka eftir alþingiskosningar 24. júní 1956.

Kosningu hafði hlotið sem 1. varalandskjörinn þingmaður Jónas Árnason kennari í Neskaupstað, en hann hlaut 1. varauppbótarþingsæti Alþýðubandalagsins.

Landskjörstjórnin, 9. júlí 1956.
Jón Ásbjörnsson, Sigtryggur Klemenzson,
Einar B. Guðmundsson, Vilhjálmur Jónsson,
Vilmundur Jónsson."

Nefndin er sammála um að mæla með því að taka kosninguna gilda og að kjörbréfið verði samþykkt.

ATKVGR.
Till. kjörbréfanefndar samþ. með 30 shlj. atkv.

XII. Kosningar.

1. Forseti sameinaðs Alþingis.

Á 18. fundi í Sþ., 5. jan., var tekin til meðferðar
kosning forseta sameinaðs Alþingis.

Kosningu hlaut
Jón Pálmason, þm. A-Húnv.,
með 27 atkv. — Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf., fékk 14 atkv., Hannibal Valdimarsson, 7. þm. Reykv., 8 atkv., en 2 seðlar voru auðir.

Forseti (JPálm): Ég vil leyfa mér að þakka hv. alþm. fyrir vinsamlegt traust og vonast eftir góðri samvinnu, eins og lengi var. Jafnframt vil ég óska hv. alþm., hæstv. ríkisstj. og öllu starfsfólki Alþ. gleði og farsældar á þessu nýja ári. Ég vil enn fremur láta í ljós þá ósk og von, að þetta nýbyrjaða ár verði hamingjuár fyrir okkar stofnun, virðulegustu stofnun þjóðarinnar, Alþingi, þannig að það fái tækifæri til þess á þessu ári að starfa með eðlilegri hætti en oft hefur verið síðustu árin og þannig, að vandamál þjóðarinnar verði afgr. innan veggja þessarar stofnunar, en ekki einhvers staðar annars staðar. (**StgrSt:** Þetta er ekki rétt sagt, ég mótmæli þessu. Það er ósmekklegt af forseta að segja þetta. Ég segi það eins og það er og geng út.) — Það liggur engin dagskrá fyrir þessum fundi um frekari störf. Næsti fundur verður boðaður með dagskrá. Fundinum er slitið.

2. Fyrri varaforseti Ed.

Á 43. og 46. fundi í Ed., 29. des. og 6. jan., var tekin á dagskrá
kosning fyrri varaforseta deildarinnar.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Ed., 8. jan., var kosningin tekin til meðferðar.

Forseti (BSt): Eins og kunnugt er, hefur fyrri varaforseti deildarinnar, sem kosinn var í þingbyrjun, nú fyrir nokkru verið skipaður ráðherra, og ber því samkvæmt venju að kjósa fyrri varaforseta í hans stað.

Kosningu hlaut
Páll Zóphóníasson, 1. þm. N-M.,
með 9 atkv. — Eggert Þorsteinsson, 4. þm. Reykv., fékk 8 atkv.

3. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninga.

Á 16., 19. og 26. fundi í Sþ., 17. des., 7. jan. og 18. febr., var tekin á dagskrá
kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna 1958, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkvæmt 43. gr. stjórnarskrárinnar.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Sþ., 20. febr., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Jón Pálmason alþm. (A),
Jörundur Brynjólfsson fyrrv. alþm. (B),
Björn Jóhannesson fyrrv. bæjarfulltrúi (A).

4. Stjórn síldarverksmiðja ríkisins.

Á 16., 19. og 26. fundi í Sþ., 17. des., 7. jan. og 18. febr., var tekin á dagskrá
kosning 5 manna í stjórn síldarverksmiðja ríkisins og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, frá 1. jan. 1959 að telja til 31. des. 1961, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. nr. 1 5. jan. 1938 og 1. nr. 43 19. maí s. á.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Sþ., 20. febr., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Sveinn Benediktsson, Sigurður Ágústsson, Jóhann Möller; á B-lista voru Eysteinn Jónsson, Jón Kjartansson; á C-lista var Þóroddur Guðmundsson. — A-listi hlaut 26 atkv., B-listi 17 atkv., C-listi 9 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru:
Sveinn Benediktsson framkvæmdastjóri,
Eysteinn Jónsson fyrrv. ráðherra,
Sigurður Ágústsson alþm.,
Þóroddur Guðmundsson fyrrv. alþm.,
Jóhann Möller verkamaður.

Við kosningu varamanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Júlíus Havsteen fyrrv. sýslumaður (A),
Jón Kjartansson forstjóri (B),
Eyþór Hallsson skipstjóri (A),
Tryggvi Helgason bæjarfulltrúi (C),
Ólafur Guðmundsson verkamaður (A).

5. Síldarútvegsnefnd.

Á 16., 19. og 26. fundi í Sþ., 17. des., 7. jan. og 18. febr., var tekin á dagskrá

kosning þriggja manna í síldarútvegsnefnd og jafnmargra varamanna, allra til þriggja ára, frá 1. jan. 1959 að telja til 31. des. 1961, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. l. nr. 74 29. des. 1934.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Sþ., 20. febr., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Jón L. Þórðarson framkvæmdastjóri (A),
Björn Kristjánsson fyrrv. alþm. (B),
Erlendur Þorsteinsson framkvæmdastj. (A).

Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar með þremur nöfnum samtals. Samkvæmt því hlutu kosningu án atkvgr.:

Guðfinnur Einarsson útgerðarmaður (A),
Jakob Frímannsson framkvæmdastjóri (B),
Birgir Finnsson forstjóri (A).

6. Nýbýlastjórn.

Á 16., 19. og 26. fundi í Sþ., 17. des., 7. jan. og 18. febr., var tekin á dagskrá

kosning nýbýlastjórnar, 5 manna og jafnmargra varamanna, allra til fjögurra ára, frá 1. jan. 1959 að telja til 31. des. 1962, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkvæmt 2. gr. l. nr. 48 28. maí 1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Sþ., 20. febr., var kosningin tekin til meðferðar.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Jón Pálmason, Jón Sigurðsson, Benedikt Gröndal; á B-lista Steingrímur Steinþórsson, Haukur Jörundsson; á C-lista var Ásmundur Sigurðsson. — A-listi hlaut 26 atkv., B-listi 17 atkv., C-listi 9 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru:

Jón Pálmason alþm.,
Steingrímur Steinþórsson alþm.,
Jón Sigurðsson alþm.,
Ásmundur Sigurðsson fyrrv. alþm.,
Benedikt Gröndal alþm.

Við kosningu varamanna komu fram þrír listar. Á A-lista voru Ingólfur Jónsson, Þorsteinn Þorsteinsson, Pétur Pétursson; á B-lista Haukur Jörundsson, Björn Bjarnason; á C-lista var Tryggvi Pétursson. — A-listi hlaut 26 atkv., B-listi 17 atkv., C-listi 9 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru:

Ingólfur Jónsson alþm.,
Haukur Jörundsson kennari,
Þorsteinn Þorsteinsson fyrrv. sýslumaður,
Tryggvi Pétursson bankafulltrúi,
Pétur Pétursson alþm.

7. Stjórn áburðarverksmiðju.

Á 26. fundi í Sþ., 18. febr., var tekin á dagskrá

kosning þriggja manna í stjórn Áburðarverksmiðjunnar h/f, til fjögurra ára, frá 6. febr. 1959 að telja til jafnlengdar 1963, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 3. málsgr. 13. gr. l. nr. 40 23. maí 1949.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Sþ., 20. febr., var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu þrír listar. Á A-lista voru Pétur Gunnarsson, Kjartan Ólafsson; á B-lista var Vilhjálmur Þór; á C-lista Pétur Pétursson alþm. — A-listi hlaut 27 atkv., B-listi 17 atkv., C-listi 8 atkv. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru:

Pétur Gunnarsson tilraunastjóri,
Vilhjálmur Þór bankastjóri,
Kjartan Ólafsson fyrrv. bæjarfulltrúi.

8. Endurskoðendur Landsbankans.

Á 26. og 45. fundi í Sþ., 18. febr. og 5. maí, var tekin á dagskrá

kosning tveggja endurskoðenda Landsbanka Íslands til tveggja ára frá 29. maí 1959 til jafnlengdar 1961, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkvæmt 23. gr. laga nr. 63 21. júní 1957, um Landsbanka Íslands.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Sþ., 11. maí, var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar með einu nafni á hvorum. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Jón Kjartansson alþm. (B),
Guðbrandur Magnússon fyrrv. forstjóri (A).

9. Endurskoðendur Útvegsbankans.

Á 26. og 45. fundi í Sþ., 18. febr. og 5. maí, var tekin á dagskrá

kosning tveggja endurskoðenda Útvegsbanka Íslands til tveggja ára frá 29. maí 1959 til jafnlengdar 1961, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 23. gr. l. nr. 34 29. maí 1957, um Útvegsbanka Íslands.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 47. fundi í Sþ., 11. maí, var kosningin tekin til meðferðar.

Fram komu tveir listar. Á A-lista var Karl Kristjánsson; á B-lista voru Björn Steffensen, Friðfinnur Ólafsson forstjóri. — A-listi hlaut 20 atkv., B-listi 27 atkv., en 4 seðlar voru auðir. Samkvæmt þessum úrslitum lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:

Björn Steffensen endurskoðandi,
Karl Kristjánsson alþm.

10. Milliþinganefnd til að endurskoða ábúðarlög.

Á 45. fundi í Sþ., 5. maí, var tekin á dagskrá

kosning þriggja manna í milliþinganefnd til að endurskoða ábúðarlög og lög um ættaróðal og erfðaábúð, samkv. ályktun sameinaðs Alþingis 4. febr. 1959.

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 47. fundi í Sþ., 11. maí, var kosningin tekin til meðferðar.
Fram kom einn listi, sem á voru nöfn þriggja manna. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Jón Sigurðsson alþm.,
Ágúst Þorvaldsson alþm.,
Pálmi Einarsson landnámsstjóri.

11. Nefnd til að athuga starfsskilyrði aldraðs fólks.

Á 45. fundi í Sþ., 5. maí, var tekin á dagskrá
kosning 5 manna í nefnd til að athuga, á hvern hátt unnt sé að búa öldruðu fólki skilyrði til að nota starfsorku sína, samkv. ályktun sameinaðs Alþingis 4. marz 1959.

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 47. fundi í Sþ., 11. maí, var kosningin tekin til meðferðar.
Fram komu þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosningu hlytu án atkvgr.:
Ragnhildur Helgadóttir alþm. (A),
Sigríður Thorlacius húsfrú (B),
Kjartan J. Jóhannsson alþm. (A),
Ólafur Ólafsson læknir (A),
Alfreð Gíslason alþm. (C).

12. Úthlutunarnefnd skáldastyrkja og listamanna.

Á 45. fundi í Sþ., 5. maí, var tekin á dagskrá
kosning fjögurra manna nefndar samkv. 14. gr. B. XII í fjárlögum fyrir árið 1959 til þess að skipta fjárveitingu til skálda, rithöfunda og listamanna.

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 47. fundi í Sþ., 11. maí, var kosningin tekin til meðferðar.
Fram komu þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:
Þorsteinn Þorsteinsson fyrrv. sýslumaður (A),
Jónas Kristjánsson skjalavörður (B),
Helgi Sæmundsson ritstjóri (A),
Sigurður Guðmundsson ritstjóri (C).

13. Úthlutunarnefnd atvinnuaukningarfjár.

Á 45. fundi í Sþ., 5. maí, var tekin á dagskrá
kosning 5 manna nefndar til að skipta fjárveitingu til atvinnu- og framleiðsluaukningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 20. gr. Út XXIV í fjárlögum fyrir árið 1959.

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 47. fundi í Sþ., 11. maí, var kosningin tekin til meðferðar.
Fram komu þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:
Sigurður Bjarnason alþm. (A),
Sigtryggur Klemenzson ráðuneytisstjóri (B),
Magnús Jónsson alþm. (A),
Emil Jónsson forsrh. (A),
Karl Guðjónsson alþm. (C).

14. Milliþinganefnd í öryrkjamálum.

Á sama fundi var tekin til meðferðar
kosning fimm manna í milliþinganefnd til þess að rannsaka og gera heildartillögur um lausn á atvinnumálum og félagslegum vandamálum öryrkja í landinu, samkv. ályktun sameinaðs Alþingis 9. maí 1959.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:
Oddur Ólafsson læknir (A),
Eysteinn Jónsson fyrrv. ráðherra (B),
Svavar Pálsson endurskoðandi (A),
Pétur Pétursson alþm. (A),
Sigursveinn D. Kristinsson söngstjóri (C).

15. Fulltrúar í Norðurlandaráð.
a. Kosning í Ed.

Á 48. fundi í Ed., 13. jan., var tekin á dagskrá
kosning tveggja fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. þingsályktun samþykktri á Alþingi 29. jan. 1953, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Forseti (BSt): Ég setti þetta mál á dagskrá til þess a. m. k. að minna á það, því að samkv. reglunum um Norðurlandaráð, sem gilda sérstaklega fyrir Ísland, ber að kjósa fulltrúa í ráðið á hverju reglulegu Alþingi.
Nú hefur sá boðskapur að vísu komið frá hæstv. forsrh., að kosningar til Alþingis muni fara fram í vor, hvað sem afgreiðslu mála á Alþingi líði. Má því búast við, að á þessu þingi geti orðið kosnir menn, sem verða ekki kjörgengir, þegar næsta Norðurlandaráð kemur saman, sem á að vera í október. En ég sé ekki annað en kosning verði samt sem áður að fara fram á þessu þingi. Samt sem áður býst ég við, að hv. þd. sé ekki við því búin að ganga til kosninganna nú, en menn vita þá, að þetta stendur til einhvern tíma síðar, áður en þingi lýkur. Er því kosningunni frestað og málið tekið út af dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá.
Á 121. fundi í Ed., 13. maí, var kosningin tekin til meðferðar.
Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar, og var eitt nafn á hvorum. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Sigurður Bjarnason alþm. (B),
Bernharð Stefánsson alþm. (A).
Við kosningu varamanna komu einnig fram tveir listar með einu nafni á hvorum. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Friðjón Þórðarson (B),
Páll Zóphóníasson (A).

b. Kosning í Nd.

Á 127. fundi í Nd., s. d., var tekin til meðferðar

kosning þriggja fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. þingsályktun, samþykktri á Alþingi 29. jan. 1953, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Bjarni Benediktsson fyrrv. ráðherra (B),
Emil Jónsson forsrh. (A),
Einar Olgeirsson alþm. (C).

Við kosningu varamanna komu einnig fram þrír listar, sem á voru samtals þrjú nöfn. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:

Magnús Jónsson alþm. (B),
Gylfi Þ. Gíslason menntmrh. (A),
Hannibal Valdimarsson alþm. (C).

16. Varamaður í stjórn síldarverksmiðja ríkisins.

Á 50. fundi í Sþ., 13. maí, var tekin til meðferðar

kosning eins varamanns í stjórn síldarverksmiðja ríkisins til ársloka 1961 í stað Ólafs Guðmundssonar, sem er nýlátinn.

Samkv. þeirri einu tillögu, sem fram kom, lýsti forseti yfir, að kjörinn væri án atkvgr.:

Sveinn Þorsteinsson skipstjóri.

XIII. Starfsmenn þingsins.

Þessir menn voru ráðnir til starfa á þinginu af forsetum öllum í sameiningu:

Skrifstofan og prófarkalestur:
Nína Ísberg (til 31. jan.), Sigríður Bjarklind (frá 1. febr.), Sigríður Jónsdóttir, Jónas Kristjánsson, Halla Briem, Ásgeir B. Friðjónsson.

Skjalavarsla og afgreiðsla:
Kjartan Bergmann.

Lestrarsalsgæsla:
Halldóra B. Björnsson, Ingunn Jónsdóttir.

Vélræn upptaka á þingræðum:
Starfsmenn frá Radio- og raftækjastofunni, Óðinsgötu 2.

Ræðuritun:
Umsjón með og eftirlit: Ólafur A. Siggeirsson.

Fastavinna um þingtímann: Ólafur Tryggvason, Jóhannes H. Jónsson, Jón Ólafsson.

Tímavinna: Guðrún Thorarensen, Sigfríður Bjarnar, Stefanía Einarsdóttir, Kirsten Thorberg, Sandra Forberg, Auður Kristinsdóttir, Halldóra Gunnarsdóttir.

Dyra- og pallagæsla:
Jakob Jónsson (yfirvörður), Ólafur Þorvaldsson, Magnús Guðmundsson, Jón Hjartarson, Albert Guðmannsson, Þorlákur Haldorsen, Einar Eymann, Eiður Sigurjónsson, Guðjón Sigurjónsson, Úlfur Hjörvar (til 23. nóv.).

Þingsveinsstörf:
Baldur Heiðdals, Gunnar Ingvarsson, Gunnar Sigurðsson (til 21. jan.), Kolbeinn Baldursson, Úlf Gústafsson (til 10. jan.), Ásgrímur Hilmisson (frá 13. jan. til 30. apríl), Eiður B. Hilmisson (frá 24. jan.), Ragnar Geirdal (frá 2. febr.).

Símavarsla:
Ingibjörg Pétursdóttir, Rannveig Haraldsdóttir, Ásmundur Guðmundsson.

Fatagæsla:
Vigdís Torfadóttir, Kristín Ingileifsdóttir, Ástríður Guðmundsdóttir.

Þingfréttamaður í útvarpi:
Helgi Hjörvar.

XIV. Þinghlé — árnaðaróskir.

Á 41. fundi í Ed., 19. des., mælti

forseti (BSt): Þá er dagskrá þessa fundar lokið. Um næsta fund get ég ekkert sagt eða boðað, en ég tel alveg víst, að eftir sé að halda fund hér í deildinni fyrir jól. Mér virðist, að a. m. k. eitt mál, sem hefur ekki enn komið fram í þinginu, þurfi að afgreiðast sem lög eftir venju, þar sem engar líkur eru til, að fjárlög verði afgreidd fyrir áramótin. Þó að mér virðist því, að tími væri nú kominn til að taka jólafrí, mun ég fresta því að óska hv. þm. deildarinnar gleðilegra jóla að sinni, því að ég tel víst, að við sjáumst hér fyrir jólin.

Á 42. fundi í Ed., 22. des., mælti

forseti (BSt): Ég er ekki viss um, hvort fleiri fundir verða haldnir í deildinni fyrir jólahelgina. En það er sýnt, að ef svo verður ekki, þá muni verða fundir á milli jóla og nýárs. En þar sem ég er ekki viss um, nema þetta verði seinasti fundur d. fyrir jól, vil ég ekki bíða lengur með að óska öllum hv. dm. gleðilegra jóla. En ég sé ekki til neins að óska mönnum góðrar heimkomu.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég vil ætla, að ég mæli það fyrir munn allra hv. dm.,

er ég þakka hæstv. forseta fyrir góðar jólaóskir, og vil í nafni okkar dm. bera fram við hæstv. forseta og hans fjölskyldu sömu góðu óskir hvað jólin snertir.

Ég vona, að hv. dm. vilji gefa þessum orðum mínum samþykki með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (BSt): Ég þakka hv. þm. Vestm. góðar óskir til mín og hv. þdm. undirtektirnar, endurtek óskir mínar til þeirra og segi fundi slitið.

Á 46. fundi í Nd., s. d., utan dagskrár, mælti

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Það var vegna yfirlýsingar hæstv. forseta um það, að ef ekkert sérstakt breyttist, yrði þetta síðasti fundur fyrir hátíðisdagana. Nú vitum við allir, hvernig á stendur í þinginu, að svo miklu leyti sem nokkur veit það. Verið er að reyna að mynda ríkisstjórn og ekki víst, hvernig eða hvenær því lýkur.

Hins vegar er einnig vitað, að nokkrir þm. eru ýmist þegar farnir eða munu fara heim til sín næstu daga til að halda jól á heimilum sínum. Innan Sjálfstfl. hefur orðið samkomulag um það, að þeir þm., sem færu, gæfu félögum sínum fullt umboð til að semja um þau mál, sem nauðsynleg eru, í þeirra fjarveru. Þeir geta að sjálfsögðu ekki greitt atkv. á þingfundi, það þarf ekki að taka fram, en að svo miklu leyti sem um samninga um mál á milli þingflokkanna er að ræða, er þess vegna þingflokkurinn fyllilega starfhæfur, jafnvel þótt þessir þm. fari burt.

Einmitt vegna þess, að vitað er, að nokkrir þm. a. m. k. úr Sjálfstfl. — og ég hef örugga vissu einnig úr öðrum flokkum — munu hverfa burt, kann að vera óþægilegt að þurfa að hafa þingfundi milli jóla og nýárs. Þess vegna vil ég skjóta því til forseta, — ég veit, að hann ræður því ekki, en hann athugi það í sambandi við aðra fyrirmenn þingsins og ráðamenn hér, hvort ekki mundi skynsamlegt að afgreiða nú þegar í dag það mál, sem ég tel víst að engum ágreiningi geti valdið að afgreiða þurfi, en það er heimild til fjárgreiðslna úr ríkissjóði.

Hversu vel sem stjórnarmyndun kann að ganga og hversu vel sem henni kann að takast, þá vita þó allir, að fjárlög verða ekki héðan af afgr. fyrir desemberlok. Og eins er vitað, að engum þm. getur komið til hugar að neita um heimild til nauðsynlegra fjárgreiðslna, hver sem stjórnin verður.

Þess vegna sýnist mér einsætt, að það séu skynsamleg vinnubrögð að afgreiða þetta frv. nú í dag, á meðan þm. eru ekki farnir fleiri en enn er, og síðan hafi forsetar það auðvitað í hendi sér í samráði við núv. hæstv. ríkisstj. eða aðra, hvort sem það verður ein eða tvær, sem koma í hennar stað á þeim dögum, sem fram undan eru, að kveðja þingið saman til formlegs fundar, strax og nauðsyn krefur. En ég vildi í allri vinsemd og án þess að gagnrýna nokkuð þá starfshætti, sem við eru hafðir, benda á og bera fram tilmæli um það, að fjárgreiðslufrv. yrði afgreitt út úr þinginu í dag, og vil lýsa því yfir, að þótt við sjálfstæðismenn séum í eindreginni andstöðu við núv. hæstv. ríkisstj., þá skulum við afgreiða það umræðulaust hér í Nd., þannig að engin töf verði af okkar hálfu.

Forseti (EOl): Það er því miður ekki á valdi þessarar d. að taka þetta mál fyrir. Ég hafði grennslazt eftir við hæstv. forseta Ed., hvort þetta mál mundi ekki geta komið til okkar í dag. En það lítur ekki út fyrir, að það verði. Yrði breyt. þar á, hafði ég þennan vara við því að slíta fundi nú, að e. t. v. yrði þá kallaður saman fundur á morgun. En á mínu valdi er ekki að ráða við þetta, því miður. (**Gripið fram í:** En forseti vildi kannske tala um þetta við stéttarbróður sinn í Ed.?) Já, ég er búinn að því, og það stendur svona. En breytist nokkuð í dag, þá skal ekki standa á mér að kalla saman fund í kvöld eða þá annars á morgun til þess að láta mál fá afgreiðslu hér. Annars mega þm. búast við því, ef slík afgreiðsla verður ekki, að fundur verði kallaður saman þann þriðja í jólum, laugardag, 27. Þá verður að þessu sinni ekki neitt jólaleyfi, sem þm. fá, heldur aðeins þessir hátíðisdagar og að öllum líkindum fundur að nýju á laugardag eða máske mánudag í næstu viku.

Ég vil leyfa mér að óska öllum hv. þdm. gleðilegra jóla og alls góðs þessa hátíðisdaga. Þeim, sem heim fara þennan stutta tíma, vil ég óska góðrar heimferðar og góðrar hingaðkomu aftur. Starfsfólki þingsins vil ég óska gleðilegra jóladaga, og um leið vil ég þakka öllum hv. þdm. fyrir gott samstarf fram að þessari hátíð og góða samvinnu við mig.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd dm. þakka hæstv. forseta fyrir hans hlýju óskir í garð okkar þm. og annarra samstarfsmanna okkar við þessa stofnun. Ég vil af hálfu þm. þakka hæstv. forseta fyrir ánægjulegt samstarf, það sem af er á þessu þingi, skörulega, réttláta og snurðulausa fundarstjórn, og ég vil óska honum og fjölskyldu hans allra heilla og biðja þeim blessunar.

Ég bið þm. um að staðfesta þessi orð mín með því að standa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (EOl): Ég vil þakka hv. 1. þm. Reykv. fyrir hlý orð og góðar óskir í minn garð og öllum hv. þdm. fyrir að taka undir þær. Ég endurtek svo óskir mínar um gleðileg jól til hv. þm. Næsti fundur verður boðaður með dagskrá. Fundi er slitið.

Á 45. fundi í Ed., 29. des., mælti

forseti (BSt): Næsti fundur d. verður boðaður með dagskrá. Ég veit ekki til, að það

verði á morgun og þá sennilega ekki fyrr en eftir áramót. Ég þakka öllum hv. þdm. fyrir samveruna á þessu ári og óska þeim gleðilegs og góðs komandi árs, og er fundi slitið.

Á 50. fundi í Nd., s. d., mælti

forseti (EOl): Ég vil leyfa mér, þar sem þetta er síðasti fundur fyrir nýár, að óska öllum hv. þdm. gleðilegs nýárs og þakka þeim fyrir samstarfið á gamla árinu og óska þess, að við megum allir sjást heilir aftur, þegar við komum saman á hinu nýja ári.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég veit, að ég tala í nafni þd., þegar ég þakka hæstv. forseta árnaðaróskir hans, og vil ég í nafni okkar allra bæði þakka honum og óska honum hins sama, bið dm. um að staðfesta þau orð með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (EOl): Ég þakka hv. 1. þm. Reykv. fyrir árnaðaróskir í minn garð og hv. þdm. fyrir að taka undir þær, endurtek óskir mínar til hv. þm. og segi fundi slitið.

Á 18. fundi í Sþ., 5. jan., mælti

forseti (GJóh): Ég vil leyfa mér í fundarbyrjun að óska hv. alþm. gleðilegs nýárs og þakka þeim fyrir samvinnuna á umliðnu ári.

Á 46. fundi í Ed., 6. jan., mælti

forseti (BSt): Ég vil, um leið og við hefjum störf hér í d. á þessu ári, óska öllum hv. þm. d. gleðilegs árs og farsældar á nýbyrjuðu ári og þakka samveruna á árinu sem leið.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég ætla fyrir hönd okkar hv. deildarmanna að þakka hæstv. forseta fyrir góðar óskir um nýja árið og óska honum fyrir hönd okkar allra hins sama, heilsu og velgengni á hinu nýbyrjaða ári. Ég bið hv. dm. að standa upp því til samþykkis. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (BSt): Ég þakka hv. þm. Vestm. fyrir góðar óskir og hv. þdm. fyrir undirtektirnar undir þær óskir.

Á 92. fundi í Ed., 20. marz, mælti

forseti (BSt): Næsta fund get ég ekki boðað nú af þeirri ástæðu, að ég veit ekki um neitt mál, sem hægt er að taka fyrir. (**Gripið fram í:** Eitt mál.) Já, það bíður, af því að það er í frekari athugun. (**Gripið fram í:** Er gert ráð fyrir, að fundur verði eftir helgina?) Þar af leiðandi sé ég ekki, að það sé hægt að boða fund á mánudag út af neinu. (**Gripið fram í:** Það er nál. frá allshn. komið út.) Ekki er það hér. Því hefur ekki verið útbýtt. Þar af leiðandi má svo fara, að það verði ekki fundur í d. fyrr en eftir páska. Og ef svo fer, vil ég óska þeim, sem kynnu að fara úr bænum heim til sín, góðrar ferðar og öllum gleðilegrar páskahátíðar.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég ætla mig mega mæla fyrir hönd allra hv. dm., þegar ég þakka hæstv. forseta fyrir góðar páskaóskir og fyrir góðar óskir til þeirra manna, sem eiga langan veg að sækja til að ná heimilum sínum, og vil fyrir hönd hv. dm. færa hæstv. forseta okkar beztu óskir fyrir hann og hans fjölskyldu hvað páskahátíðina snertir og vona, að við hittumst heilir að páskum liðnum hér undir stjórn hæstv. forseta.

Forseti (BSt): Ég þakka hv. þm. Vestm. fyrir góðar óskir og segi svo fundi slitið. Næsti fundur verður boðaður með dagskrá. Fundi er slitið.

Á 99. fundi í Nd., s. d., mælti

forseti (EOl): Þar sem þetta verður að öllu forfallalausu síðasti fundur þessarar hv. þd. fyrir páskafrí, vil ég leyfa mér að óska öllum hv. þm. góðrar hátíðar og gleðilegrar og óska þeim, sem brott fara heim til sín, góðrar ferðar og góðrar hingaðkomu aftur. Ég vil leyfa mér að þakka öllum hv. þdm. fyrir ágætt samstarf og mikið umburðarlyndi við mig þennan tíma, og vonast til þess, að að loknum hátíðunum megum við sjást hér allir heilir á ný. Starfsfólki þingsins vil ég sömuleiðis óska gleðilegrar hátíðar.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Hvort sem þetta verður síðasti fundur d. fyrir páska eða ekki, þá veit ég, að ég mæli í nafni allra dm., þegar ég þakka hæstv. forseta hans árnaðaróskir í okkar garð. Ég vil þakka honum ágæta stjórn þessarar d. nú í vetur og óska honum og hans fjölskyldu allra heilla og gleðilegrar hátíðar — bið dm. um að standa upp því til staðfestu. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (EOl): Ég leyfi mér að þakka hv. 1. þm. Reykv. góðar óskir og hlý orð í minn garð og hv. þdm. fyrir að taka undir þær. Ég endurtek svo óskir mínar til hv. dm. og segi fundi slitið.

Á 34. fundi í Sþ., 1. apríl, mælti

forseti (JPálm): Þá er fundur settur í sameinuðu Alþingi. Ég vil leyfa mér að bjóða hv. alþm. velkomna til alþingisstarfa og vona, að þeir, sem enn eru ekki komnir, fái góða ferð hingað til þings.

Á 114. fundi í Nd., 22. apríl, mælti

forseti (EOl): Ég vil leyfa mér, af því að nú er síðasti vetrardagur, að óska öllum hv. þdm. gleðilegs sumars og þakka þeim fyrir samstarfið í vetur. Sömuleiðis óska ég starfsfólki þingsins gleðilegs sumars og þakka því fyrir samstarfið í vetur.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd dm. þakka forseta fyrir árnaðaróskir til okkar þm. og starfsfólks. Ég vil þakka honum af okkar hálfu fyrir ágæta fundarstjórn í vetur, óska þess, að honum og hans fjölskyldu megi vel farnast á sumri komandi. Ég vil biðja dm. að staðfesta þessar óskir með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (EOl): Ég vil þakka hv. 1. þm. Reykv. fyrir árnaðaróskir og hlý orð í minn garð og hv. þdm. fyrir að taka undir þær. Ég endurtek svo óskir mínar um gleðilegt sumar.

XV. Starfslok deilda.

a. Í efri deild.

Á 120. fundi í Ed., 12. maí, mælti

forseti (BSt): Ég geri fastlega ráð fyrir því, þótt einhver atvik geti orðið til þess, að svo verði ekki, að þetta verði síðasti fundur hv. d. á þessu þingi. Ég bið hv. d. um umboð til þess að undirskrifa síðustu fundargerðir deildarfundanna og skoða það samþykkt, ef enginn mælir því í gegn.

Nú þegar við erum að skilja hér í hv. d., finn ég ástæðu til þess að þakka yður öllum, hv. þdm., fyrir samveruna í vetur og ágæta samvinnu við mig sem forseta deildarinnar. Þótt allir eigi það þakklæti frá mér, þá vil ég þó sérstaklega þakka starfsmönnum d., sem hafa aðstoðað mig, þegar á hefur þurft að halda, hv. varaforsetum, sem hafa hlaupið í skarðið fyrir mig, stjórnað hér þingfundum, bæði snemma í vetur, þegar ég var fáeina daga erlendis til að sitja þar á fundi Norðurlandaráðs, og nú síðar í veikindaforföllum mínum, og skrifurum deildarinnar, sem nú eins og jafnan áður, síðan þessir hv. þm. komu í skrifarasæti, hafa rækt sitt starf með alveg sérstakri samvizkusemi. Það hefur varla komið fyrir, að þá hafi vantað í sæti sín, og alls ekki nema gild forföll hafi verið til þess.

Nú hefur Alþingi, eins og kunnugt er, samþykkt stjórnarskrárfrumvarp, og Alþingi hefur verið rofið frá og með 28. júní. Það er því óvíst, hverjir af okkur, sem hér erum, eigum eftir að hittast hér á Alþingi eða í hv. d. framar. Ég vil því ekki einasta þakka hv. þdm. fyrir samveruna í vetur, heldur vil ég þakka yður öllum fyrir ágæt kynni, sem ég hef haft af öllum þm. hér í d. frá upphafi. Gildir þetta jafnt um aldursforseta þingsins, sem kom á þing jafnt mér, og við höfum setið hér saman í öll þessi ár, — þau eru bráðum orðin 36, — og þó að við höfum aldrei verið í sama flokki, þá man ég ekki til þess, að okkur hafi nokkurn tíma greint neitt á persónulega, þó að við að sjálfsögðu höfum oft verið sinn á hvoru máli og komið fyrir, að við höfum deilt málefnalega. Ég vil þakka honum alla samveru, ekki sízt þar sem hann hefur nú lýst því yfir, að hann komi ekki aftur hér á Alþingi, a. m. k. ekki eftir næstu kosningar, svo og öllum öðrum þdm., og gildir það þá einnig um þá, sem hafa ekki átt hér sæti nema það kjörtímabil, sem nú er að renna á enda.

Ég óska þeim hv. þm., sem heima eiga utan Reykjavíkur, góðrar heimferðar og heimkomu og yður öllum góðrar og gæfusamrar framtíðar.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. Ég efast nú um, að þetta þyrfti endilega að vera síðasti fundur þessarar hv. d., af því að mig uggir, að einhver mál verði afgr. í hv. Nd., sem muni þurfa að koma til þessarar d. aftur, og ég hefði því fyrir mitt leyti gjarnan óskað þess, að ekki væri lokað fyrir störf í þessari hv. deild.

En að því er snertir orð hæstv. forseta og hans hlýju orð til mín og annarra hv. dm., þá vildi ég gjarnan mega segja það fyrir mína hönd fyrst og fremst, að ég þakka hæstv. forseta alla þá kynningu, sem ég hef af honum haft í þau mörgu ár, sem við höfum starfað hér á Alþingi, og vil gjarnan votta það, að virðing mín fyrir hæstv. forseta og vinátta mín í hans garð hefur farið vaxandi með hverju ári, sem okkur hefur verið unnt að starfa hér saman á Alþingi.

Ég þykist vita, að ég muni mega mæla fyrir hönd allra annarra hv. dm., er ég þakka hæstv. forseta fyrir hans góðu kveðjur til okkar í þessari hv. d. í þetta sinn og hans velfarnaðaróskir til allra hv. dm., sem ég efast ekki um að hver og einn af okkur þm. í þessari hv. d. muni vilja endurgjalda hæstv. forseta, eftir því sem unnt er.

Ég vil mega mæla í nafni allra hv. dm., þegar ég óska hæstv. forseta og hans heimili alls góðs á ókomnum tíma, og vil vona, að þessi hv. d. megi njóta hans forustu eitthvað enn þá um ókomin ár.

Ég vil leyfa mér að biðja hv. dm. að staðfesta orð mín og kveðjur til hæstv. forseta og hans heimilis með því að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (BSt): Ég þakka hv. þm. Vestm. hlý orð og góðar óskir í minn garð og hv. þdm. fyrir að hafa tekið undir þau.

Ég mælti þessi orð áðan sökum þess, að ég vissi ekki til og veit ekki til, að það þurfi að halda fund hér í hv. d. oftar á þessu þingi. En fari svo, þá er ekkert við því að segja, þá mun ég að sjálfsögðu boða fund í d., ef það telst nauðsynlegt. Segi ég svo fundi slitið.

Á 121. fundi í Ed., 13. maí, áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (BSt): Í gær gerði ég ráð fyrir, að það yrði síðasti fundur deildarinnar, sökum þess að ég vissi ekki um nein mál, sem hægt væri að taka á dagskrá deildarinnar. Ég vissi að sjálfsögðu um fyrra dagskrármálið, sem nú er á dagskrá, en ég hef minnt á það fyrr og því ekki verið sinnt, og bjóst hálfpartinn við, að það yrði ekkert um það á þessu þingi. En kosning í Norðurlandaráð er þó skylda hvers reglulegs Alþingis.

Á 122. fundi í Ed., s. d., að lokinni dagskrá, mælti

forseti (BSt): Það er mál á ferðinni í hv. Nd., sem hugsanlegt er að komi hingað, en þá ekki nema til einnar umr. Það kann því að vera, að það verði boðaður nýr fundur í deildinni. En ef ekki verður af því, þá endurtek ég þær þakkir og óskir til hv. þdm., sem ég bar fram í gær, og bið þá um umboð einnig til að undirskrifa þær fundargerðir, sem hafa ekki verið undirskrifaðar enn.

Á 123. fundi í Ed., s. d., mælti

forseti (BSt): Nú verður þetta áreiðanlega síðasti fundur deildarinnar á þessu þingi. Ég endurtek það, sem ég sagði í gær, hef ekki við það að bæta, og segi fundi slitið.

b. Í neðri deild:

Á 128. fundi í Nd., s. d., mælti

forseti (EOl): Þessi fundur verður að öllu forfallalausu síðasti fundurinn í hv. Nd. á þessu þingi og á þessu kjörtímabili. Ég vil leyfa mér að þakka öllum hv. þdm. innilega ágætt samstarf við mig allan þennan tíma og þakka þeim fyrir það umburðarlyndi og hjálpsemi, sem þeir hafa sýnt mér í mínu starfi. Ég vil sérstaklega þakka þeim samstarfið á þessu tímabili með tilliti til þess, að nú þegar er vitað, að nokkrir af okkar hv. þdm. munu ekki gefa kost á sér á ný, þannig að hverjir okkar sem koma til með að verða á komandi þingum, munum við ekki hitta þá í þessum sölum aftur. Meðal þeirra eru þm., sem setið hafa áratugi í þessari d., og meðal þeirra einn, sem setið hefur allra þingmanna lengst á Alþingi. Ég vil alveg sérstaklega, — og ég veit, að ég mæli fyrir munn allra hv. þdm., — þakka þessum þingmönnum langt og gott samstarf og óska þeim, sem nú hverfa og hafa ákveðið sjálfir að hverfa á brott úr þingsölunum, alls persónulegs velfarnaðar. Ég vil þakka varaforsetum og skrifurum ágætt samstarf á þessu þingi og alla þeirra hjálp á þessu kjörtímabili. Öllum hv. þm. óska ég svo góðrar heimferðar og alls persónulegs velfarnaðar. Starfsfólki þingsins þakka ég ágætt samstarf og flyt því beztu óskir um velfarnað.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég vil í nafni dm., — og veit ég, að ég mæli þar fyrir munn allra, — þakka hæstv. forseta fyrir mjög ánægjulegt samstarf á þessu þingi, sem nú er að ljúka, og prýðilega og réttláta fundarstjórn í smáu sem stóru. Ég vil biðja þm. að standa upp til þess að staðfesta þakkir okkar allra honum til handa og óska honum velfarnaðar og hans fjölskyldu. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (EOl): Ég þakka hv. 1. þm. Reykv. hlý orð og góðar óskir í minn garð og öllum hv. þdm. fyrir að taka undir þær. Ég endurtek svo óskir mínar til hv. þm. og segi fundi slitið.

XVI. Þingrof.

Á 47. fundi í Sþ., 11. maí, var tekin á dagskrá

Tilkynning frá forsætisráðherra.

Forsrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Forseti Íslands hefur í dag gefið út svo hljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Þar eð Alþingi, 78. löggjafarþing, hefur samþykkt frv. til stjórnskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands 17. júní 1944, ber samkvæmt 79. gr. stjórnarskrárinnar að rjúfa Alþingi og stofna til almennra kosninga.

Samkvæmt þessu er Alþingi hér með rofið frá og með 28. júní 1959. Jafnframt ákveð ég, að almennar kosningar til Alþingis skuli fara fram þann dag, sunnudaginn 28. júní 1959.

Alþingi, er nú situr, mun verða slitið, er það hefur lokið störfum.

Gjört í Reykjavík, 11. maí 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

Emil Jónsson.

Forsetabréf um þingrof og almennar kosningar til Alþingis 28. júní 1959."

XVII. Þinglausnir.

Á 52. fundi í Sþ., 14. maí, las forseti svofellt yfirlit um störf þingsins:

Þingið hefur staðið frá 10. okt. 1958 til 14. maí 1959, alls 217 daga.

Þingfundir hafa verið haldnir:

Í neðri deild	128
- efri deild	123
- sameinuðu þingi	52
Alls	303 þingfundir

Þingmál og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp.

1. Stjórnarfrumvörp:
   a. Lögð fyrir neðri deild ... 19
   b. — — efri deild 26
   c. — — sameinað þing 2
   ——— 47
2. Þingmannafrumvörp:
   a. Borin fram í neðri deild . 45
   b. — — - efri deild .. 23
   ——— 68
   ——— 115

Í flokki þingmannafrumvarpa eru talin 22 frv., sem nefndir fluttu, þar af 17 að beiðni einstakra ráðherra.

Úrslit lagafrumvarpa urðu þessi:
a. Afgreidd sem lög:
   Stjórnarfrumvörp 25
   Þingmannafrumvörp .. 24
   ——— alls 49 lög
b. Frv. til stjórnskipunarlaga samþykkt:
   Þingmannafrumvarp 1
c. Felld:
   Þingmannafrumvörp 2
d. Afgr. með rökst. dagskrá:
   Þingmannafrumvörp 4
e. Vísað til ríkisstjórnarinnar:
   Stjórnarfrumvarpi 1
   Þingmannafrumvörpum .. 2
   ——— 3
f. Ekki útrædd:
   Stjórnarfrumvörp 21
   Þingmannafrumvörp 35
   ——— 56
   ——— 115

II. Þingsályktunartillögur:

Bornar fram í sameinuðu þingi ... 49
Þar af:
a. Ályktanir Alþingis 24
b. Vísað til ríkisstjórnarinnar 1
c. Ekki útræddar 24
   ——— 49

III. Fyrirspurnir:

Allar bornar fram í sameinuðu þingi, 11, en sumar eru fleiri saman á þingskjali, svo að málatala þeirra er ekki nema 7
Allar voru fyrirspurnir þessar ræddar.

Mál til meðferðar í þinginu alls . 171
Tala prentaðra þingskjala 549

Síðan mælti

forseti (JPálm): Það Alþingi, sem nú er að ljúka störfum, hefur orðið meðal lengri þinga. Liggja til þess orsakir, sem þjóðinni eru kunnar. Það hefur starfað á óvenjulegu tímabili. Það var stjórnarskiptaþing og þing nýrra, vandasamra úrræða, sem alltaf valda deilum. Það hefur orðið þing stjórnlagabreytinga og þingrofs, sem ævinlega kosta langan tíma og harðar deilur.

Um það, hvort starfsemi þessa þings verður til gæfu eða ekki fyrir okkar þjóð, er ekki mitt að dæma. Þar sker framtíðin og reynslan úr.

En að leiðarlokum þessa Alþingis vil ég láta í ljós þá ósk og von, að starfsemi og afgreiðslur þessa þings verði til gagns og hamingju fyrir okkar þjóð.

Ég þakka hv. alþm. góða og vinsamlega samvinnu við mig sem forseta. Þar hefur málefnislegur ágreiningur ekki verið til hindrunar.

Ég þakka varaforsetum og skrifurum mikilsverða aðstoð. Skrifstofustjóra Alþingis og öllu starfsfólki þakka ég góða starfsemi og ánægjulega samvinnu.

Við alþm. stöndum nú á vegamótum. Við erum eins og það lið, sem til þess er dæmt að leggja út í orustu. Hverjir þaðan koma heilir og hverjir hverfa, er álika óvíst eins og það, hvernig veðrið verður á morgun eða hinn daginn.

Nú þegar er þó vitað, að nokkrir af eldri og reyndari alþm. ætla að draga sig í hlé og halla sér að friðsamlegri og kyrrlátari störfum. Ég vil alveg sérstaklega þakka þessum mönnum langa og góða samvinnu og heilladrjúga starfsemi, og ég óska þeim allrar hamingju á komandi tíð.

Um okkur hina, sem í óvissuna leggjum, er sú bót í máli, að orustan er annars eðlis en vopnaviðskipti fyrri alda. Hún varðar ekki líf og dauða í bókstaflegum, líkamlegum skilningi, heldur hitt, hverjir eiga afturkvæmt í fylkingu alþm. og hverjir ekki, og hvort sem við hittumst fleiri eða færri sem alþm. að loknum kosningum, þá vil ég nú óska öllum hv. alþm. og þeirra fjölskyldum góðrar heilsu og persónulegrar hamingju. Hinar sömu óskir flyt ég öllu starfsfólki Alþingis.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Nú þegar þessu þingi er að ljúka, vil ég þakka hæstv. forseta sameinaðs þings skörulega og réttláta stjórn á fundum sameinaðs Alþingis þrátt fyrir þann mikla málefnaágreining, sem hér hefur verið nú á þessu þingi.

Fyrir hönd okkar alþm. óska ég hæstv. forseta og fjölskyldu hans allra heilla og færi honum og hans fólki hlýjar framtíðaróskir frá okkur öllum. Ég bið hv. þm. að taka undir þessi orð með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (JPálm): Ég vil þakka hv. 1. þm. S-M., Eysteini Jónssyni, fyrir góðar óskir í minn garð og míns fólks og öllum hv. alþm. fyrir að hafa tekið undir þær.

Forseti Íslands (Ásgeir Ásgeirsson): Hv. alþingismenn. Ég hef í dag gefið út bréf, sem svo hljóðar:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Alþingi, 78. löggjafarþing, mun ljúka störfum í dag, fimmtudaginn 14. maí 1959.

Mun ég því slíta Alþingi í dag.

Gjört í Reykjavík, 14. maí 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

Emil Jónsson.

Forsetabréf um þinglausnir.“

Samkvæmt þessu bréfi, sem ég hef nú lesið, lýsi ég yfir því, að þessu þingi, sem nú hefur lokið störfum, er slitið.

Ég óska þingmönnum velfarnaðar, þjóðinni allra heilla og bið þingmenn að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum.

Þingheimur stóð upp, og **forsætisráðherra, Emil Jónsson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi.“ Tók þingheimur undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.